Hæstaréttardómar 1958

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar galli á bls. 487 á prenteintaki.
Minniháttar gallar á bls. 544 og 619 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1958

Efnisskrá til bráðabirgða

Bls.

Áfengislagabrot 248, 434, 452
Barnsfaðernismál 55, 577
Bifreiðamál:
1. Opinber mál 2, 80, 96, 240, 248, 372, 452, 461, 469, 643, 698
2. Skaðabótamál 49, 70, 87, 112, 202, 214, 324, 350, 537, 664, 711, 777
Brottnám girðingar 683
Ellilífeyrir barnakennara 796
Endurgreiðsla 381
Farmflutningur 244
Fiskveiðibrot 44, 441, 447, 513, 554, 721, 730
Fjárnám 147
Forræði barna 651, 831
Frávísun 157, 294, 402, 560
Frestun 617
Innsetningargerð 618
Kostnaður af yfirmatsgerð 609
Kærumál:
Aðild 91
Dómhæfi kröfu 568
Dómkvaðning 277
Dómseta 466
Frávísun 12, 19, 29, 157, 343, 417, 452, 525, 565, 596, 598, 679, 681
Frestun 1, 413
Lögmæti ákæru 535
Málskostnaður 339, 425, 575, 584, 588, 598, 629, 709
Málsmeðferð 696
Matsmál 195, 198
Meðalganga 561
Niðurfelling saksóknar 534

Bls.
Réttarfarssekt ... 602, 606
Skylda læknis til blóðtöku ... 789
Staðfesting vitnisburðar ... 592
Stefnufrestur ... 587
Vitnaskylda ... 359
Landamerkjamál ... 420
Landskipti ... 389
Leigusamningur ... 826
Líkamsárás ... 186, 363
Lóðarsamningur ... 346
Lögbann ... 141
Lögtak ... 294
Manndráp ... 284, 316
Meiðyrði ... 791
Ómerking ... 544, 746
Rangur framburður ... 96, 461, 721
Skaðabœtur 22, 63, 70, 87, 112, 118, 134, 148, 182, 202, 205, 214, 220, 230, 244, 279, 324, 350, 377, 407, 477, 493, 521, 537, 625, 664, 687, 711,777,791,808, 826
Skattamál ... 258, 266, 268, 296, 753
Skiptamál ... 486
Skírlífisbrot ... 452
Skjalafals ... 96
Skuldamál ... 403, 407, 429, 552, 609, 737, 772
Stóreignaskattur ... 529, 753
Umferðarréttur ... 205
Útsvar ... 306, 741, 744
Vátryggingasamningur ... 634
Vinnusamningar ... 22, 31, 130, 160, 165, 279
Víxilmál ... 386, 803
Þjófnaður ... 7

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

XXIX. BINDI
1958

REYKJAVÍK
FÉLAGSPRENTSMIÐJAN H/F
MCMLVIII

Reglulegir dómarar Hæstaréttar 1958:

Jónatan Hallvarðsson. Forseti dómsins frá 1. janúar til 31. ágúst.
Árni Tryggvason. Forseti dómsins frá 1. september til 31. desember.
Gizur Bergsteinson.
Jón Ásbjörnsson.
Þórður Eyjólfsson.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Hótel Skjaldbreið h/f gegn Ingólfi Ingólfssyni. Kærumáli frestað sjálfkrafa.	8/1	1
2.	Ákæruvaldið gegn Jóhanni Eyvindssyni. Bifreiðalagabrot.	10/1	2
3.	Ákæruvaldið gegn Gylfa Þór Eiðssyni og Karli Eron Sigurðssyni. Þjófnaður.	10/1	7
4.	Ákæruvaldið gegn Y. Frávísun máls frá héraðsdómi. Kærumál.	10/1	12
5.	Brandur Brynjólfsson gegn Sæmundi Þórðarsyni. Frávísun frá dómi. Kærumál.	13/1	19
6.	Bæjarútgerð Reykjavíkur gegn Sigurd Hentze. Skaðabætur vegna riftunar á vinnusamningi.	15/1	22
7.	Ragnar Blöndal h/f gegn Brandi Brynjólfssyni. Hrundið frávísunarkröfu. Kærumál.	15/1	29
8.	Árni Guðmundsson gegn Guðmundi Guðnasyni. Mál til heimtu verðlagsuppbótar samkvæmt kjarasamningi. Sératkvæði.	20/1	31
9.	Ákæruvaldið gegn Maurice Brackx. Fiskveiðibrot.	22/1	44
10.	Einar Jónsson gegn Guðrúnu Kristjánsdóttur. Slysabætur.	22/1	49
11.	Hreppsnefnd Skagahrepps f. h. hreppsins gegn Kristni Bergmann Lárussyni. Barnsfaðernismál.	24/1	55
12.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Lárusi G. Guðmundssyni og gagnsök. Skaðabótamál.	31/1	63
13.	Tyrfingur Tyrfingsson gegn Hallgrími Péturssyni og gagnsök. Skaðabótamál.	31/1	70
14.	Ákæruvaldið gegn Jóhanni Ágúst Jóhannessyni. Bifreiðarslyssmál.	3/2	80
15.	Agnar Tómasson gegn Pétri Jónssyni. Skaðabótamál.	3/2	87
16.	Páll Þorgeirsson og dánarbú Sverris Sigurðssonar gegn Halldóri Guðmundssyni og Halldór Guðmundsson gegn Páli Þorgeirssyni, Gísla Hannessyni og dánarbúi Sverris Sigurðssonar. Aðild í dómsmáli. Kærumál.	3/2	91

	Dómur	Bls.
17. Árnason, Pálsson & Co. h/f gegn Brandi Brynjólfssyni. Útivistardómur.	3/2	96
18. Ákæruvaldið gegn Ingólfi Arnari Jónssyni. Bifreiðalagabrot. Tilraun til hlutdeildar í röngum framburði fyrir dómi. Skjalafals.	10/2	96
19. Tómas Ólafsson gegn Útibúi Útvegsbanka Íslands á Akureyri. Skaðabótamál.	12/2	112
20. H/f Eimskipafélag Íslands gegn Jakobi Guðmundssyni. Skaðabótamál. Sératkvæði.	14/2	118
21. Ingólfur Stefánsson gegn Trausta Ó. Lárussyni. Vinnulaunamál.	14/2	130
22. Jón Guðmundsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Skaðabótamál.	17/2	134
23. Dánarbú Þorbergs Steinssonar gegn Eiríki Þorsteinssyni. Útivistardómur.	17/2	141
24 Kristinn Kristinsson og Guðmundur Guðmundsson gegn Jóni Jónssyni og gagnsök. Mál til staðfestingar lögbanni.	21/2	141
25. Brandur Brynjólfsson gegn Árnason, Pálsson & Co. h/f. Fjárnámsgerð staðfest.	25/2	147
26. Skipaútgerð ríkisins gegn Jóni B. Guðlaugssyni og gagnsök. Skaðabótamál.	25/2	148
27. Þórkell Björgvinsson gegn Trésmiðjunni h/f. Frávísun. Kærumál.	26/2	157
28. Ársæll Sveinsson gegn Baldri Ólafssyni. Mál til heimtu á aflahlut sjómanns.	26/2	160
29. Póst- og símamálastjórnin gegn Jónasi Tr. Gunnarssyni. Ágreiningur um launakjör opinbers starfsmanns.	28/2	165
30. Ársæll Sveinsson gegn Sigurjóni Ingvarssyni. Útivistardómur.	28/2	171
31. Ársæll Sveinsson gegn Adolf Andersen. Útivistardómur.	28/2	171
32. Ársæll Sveinsson gegn Ágústi Gíslasyni. Útivistardómur.	28/2	171
33. Ársæll Sveinsson gegn Ágústi Ólafssyni. Útivistardómur.	28/2	172
34. Ársæll Sveinsson gegn Ásgrími Kristjánssyni. Útivistardómur.	28/2	172
35. Ársæll Sveinsson gegn Ásgrími Sigurðssyni. Útivistardómur.	28/2	173
36. Ársæll Sveinsson gegn Braga Ólafssyni. Útivistardómur.	28/2	173
37. Ársæll Sveinsson gegn Gesti Þorkelssyni. Útivistar-		

	Dómur	Bls.
dómur	28/2	173
38. Ársæll Sveinsson gegn Guðjóni Kristinssyni. Útivistardómur	28/2	174
39. Ársæll Sveinsson gegn Gunnari Hvanndal. Útivistardómur	28/2	174
40. Ársæll Sveinsson gegn Jóni Magnússyni. Útivistardómur	28/2	175
41. Ársæll Sveinsson gegn Jóni Óskarssyni. Útivistardómur	28/2	175
42. Ársæll Sveinsson gegn Jóni Sturlusyni. Útivistardómur	28/2	175
43. Ársæll Sveinsson gegn Karli S. Ólafssyni. Útivistardómur	28/2	176
44. Ársæll Sveinsson gegn Kjartani Gíslasyni. Útivistardómur	28/2	176
45. Ársæll Sveinsson gegn Kristni Magnússyni. Útivistardómur	28/2	177
46. Ársæll Sveinsson gegn Kristjáni Sæmundssyni. Útivistardómur	28/2	177
47. Ársæll Sveinsson gegn Lárusi Jónassyni. Útivistardómur	28/2	177
48. Ársæll Sveinsson gegn Magnúsi Guðlaugssyni. Útivistardómur	28/2	178
49. Ársæll Sveinsson gegn Oddi Sigurgeirssyni. Útivistardómur	28/2	178
50. Ársæll Sveinsson gegn Óskari Ketilssyni. Útivistardómur	28/2	179
51. Ársæll Sveinsson gegn Óskari Vigfússyni. Útivistardómur	28/2	179
52. Ársæll Sveinsson gegn Pálma Héðinssyni. Útivistardómur	28/2	179
52. Ársæll Sveinsson gegn Pétri Stefánssyni. Útivistardómur	28/2	180
54. Ársæll Sveinsson gegn Sigfúsi Guðmundssyni. Útivistardómur	28/2	180
55. Ársæll Sveinsson gegn Sigurði Jónssyni. Útivistardómur	28/2	181
56. Ársæll Sveinsson gegn Sigurvin Þorkelssyni. Útivistardómur	28/2	181
57. Ársæll Sveinsson gegn Sigurþóri Sigurðssyni. Útivistardómur	28/2	181
58. Ársæll Sveinsson gegn Ögmundi Ólafssyni. Útivistardómur	28/2	182
59. Eiríkur Þorsteinsson gegn dánarbúi Þorbergs Steins-		

	Dómur	Bls.
sonar. Skaðabótamál.	3/3	182
60. Ákæruvaldið gegn Bergsteini Theodór Þórarinssyni. Líkamsárás.	3/3	186
61. Ákæruvaldið gegn John Oliver Emmons. Kveðið á um framhaldsrannsókn.	4/3	194
62. Gústaf A. Sveinsson f. h. Kreisjugendamt í Eckernförde gegn Sveinbirni Þorsteinssyni og Matthíasi Jónassyni. Matsmanni talið óskylt að leggja fram matsgögn. Kærumál.	5/3	195
63. Sveinbjörn Þorsteinsson, Bjarni Þorsteinsson og Sigríður Sigurjónsdóttir gegn Gústaf A. Sveinssyni f. h. Kreisjugendamt í Eckernförde. Synjað um að leggja spurningar fyrir matsmenn. Kærumál.	5/3	198
64. Gunnlaugur E. Briem gegn Hjálmari Pálssyni. Skaðabótamál.	5/3	202
65. Jón Erlendsson gegn Aron Guðbrandssyni og gagnsök. Ágreiningur um rétt til lykils að hliði. Skaðabótamál.	10/3	205
66. Sigurður Magnússon Blöndal gegn Símoni Sigmundssyni og gagnsök. Skaðabótamál. Sératkvæði.	10/3	214
67. Skipasmíðastöðin Dröfn h/f og Byggingafélagið Þór h/f gegn Benedikt Sveinssyni og gagnsök. Skaðabótamál.	11/3	220
68. Skipasmíðastöðin Dröfn h/f og Byggingafélagið Þór h/f gegn Guðmundi Jónssyni og gagnsök. Skaðabótamál.	11/3	230
69. Ákæruvaldið gegn Hannesi Þór Ólafssyni. Bifreiðalagabrot.	12/3	240
70. Ólafur E. Einarsson gegn h/f Eimskipafélagi Íslands. Fébótaábyrgð farmflytjanda.	14/3	244
71. Ákæruvaldið gegn Sverri Einarssyni. Áfengislaga- og bifreiðalagabrot.	14/3	248
72. Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs gegn Vilhjálmi Þór. Skattamál.	17/3	258
73. Vigfús Einarsson gegn Sverri Aðalbjörnssyni. Máli frestað í Hæstarétti.	17/3	265
74. Almenna byggingafélagið h/f gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Mál til endurheimtu á söluskatti.	18/3	266
75. Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs gegn Pétri Jakobssyni. Skattamál.	19/3	268
76. Vigfús Guðmundsson og Samvinnutryggingar gegn Ingimar Sigurðssyni. Dómkvaðning ómerkt. Kærumál.	19/3	277

	Dómur	Bls.
77. Olíufélagið h/f gegn Bárði Óla Pálssyni. Skaðabætur vegna of skamms uppsagnarfrests.	21/3	279
78. Ákæruvaldið gegn Sigurbirni Inga Þorvaldssyni. Manndráp.	24/3	284
79. Olíufélagið Skeljungur h/f gegn oddvita Breiðavíkurhrepps f. h. hreppsins. Frávísun frá Hæstarétti	25/3	294
80. Samband íslenzkra samvinnufélaga gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Mál til heimtu á söluskatti og útflutningssjóðsgjaldi.	27/3	296
81. Bæjarsjóður Neskaupstaðar gegn Olíuverzlun Íslands h/f. Útsvarsmál.	27/3	306
82. Ákæruvaldið gegn Ragnari Guðjóni Karlssyni. Líkamsárás. Manndráp af gáleysi.	18/4	316
83. Helgi Benediktsson gegn Andreas Ansgar Joensen og gagnsök. Skaðabótamál	18/4	324
84. Páll Þorgeirsson og dánarbú Sverris Sigurðssonar gegn Halldóri Guðmundssyni. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.	21/4	339
85. Sumarliði Betúelsson gegn Skúla Benediktssyni. Frávísun frá héraðsdómi. Kærumál.	21/4	343
86. Sigurður Einarsson gegn Akureyrarkaupstað. Hækkun leigu samkvæmt lóðarsamningi. Sératkvæði.	21/4	346
87. Ingibergur Jens Guðjónsson gegn Keflavíkurkaupstað. Skaðabótamál.	23/4	350
88. Kvenfélagið Hringurinn gegn Kristni Magnússyni, Maríu Magnúsdóttur, Sigríði Kristinsdóttur, Margréti Kristinsdóttur, Magnúsi Sverrissyni, Gunnari Sverrissyni og Birni Gunnlaugssyni. Vitnaskylda læknis. Kærumál.	23/4	359
89. Ákæruvaldið gegn Borgþóri Árnasyni og Þorsteini Gunnarssyni. Líkamsárás.	25/4	363
90. Ákæruvaldið gegn Guðmundi Skæringssyni. Bifreiðalagabrot.	30/4	372
91. Helgi Benediktsson gegn Sigurgeiri Kristjánssyni. Skaðabótamál.	5/5	377
92. Björn Mekkinósson gegn Vigfúsi Sigurðssyni og Sigurbjarti Vilhjálmssyni. Endurgreiðslukrafa. Sératkvæði.	5/5	381
93. Högni Jónsson gegn Hólmfríði Kristjánsdóttur. Víxilmál.	5/5	386
94. Stefán Friðriksson gegn Árna J. Hafstað, Sigurði Hafstað, Hauki Hafstað og Halldóri Hafstað og gagnsök. Landskipti.	9/5	389
95. Vigfús Einarsson gegn Sverri Aðalbjörnssyni. Frá-		

	Dómur	Bls.
vísun frá Hæstarétti.	9/5	402
96. Bernhard Petersen gegn Birni Gottskálkssyni. Skuldamál.	9/5	403
97. Jón Guðmundsson gegn Sigurði Hjálmtýssyni og gagnsök. Skulda- og skaðabótamál.	13/5	407
98. Þorlákur Jónsson gegn Sigurði Berndsen. Synjað um frest. Kærumál.	14/5	413
99. Ísfell h/f gegnKristni Á. Kristjánssyni. Frávísunarkröfu hrundið. Kærumál.	14/5	417
100. Lúðvík Eggertsson, eigandi jarðarinnar Hliðs, gegn Auðbjörgu Jónsdóttur, fyrirsvarsmanni jarðarinnar Vestri-Skógtjarnar. Landamerkjamál.	20/5	420
101. Sigrún Einarsdóttir gegn Kjartani Arnfinnssyni, Margréti Friðriksdóttur og Fjólu Christhiansen. Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms.	21/5	425
102. Kaupfélag Hafnfirðinga gegn h/f Fiski og gagnsök. Skuldamál	21/5	429
103. Ákæruvaldið gegn Gunnari Valgeiri Kristjánssyni. Áfengislagabrot	21/5	434
104. Ákæruvaldið gegn James Stanley Harper. Fiskveiðibrot	23/5	441
105. Ákæruvaldið gegn James Stanley Harper. Fiskveiðibrot.	23/5	447
106. Ákæruvaldið gegn Má Sveinssyni. Tilraun til nauðgunar. Bifreiðalaga- og áfengislagabrot.	28/5	452
107. Ákæruvaldið gegn Sveini Adolf Sigurjónssyni. Brot gegn 142. gr. hegningarlaga. Bifreiða- og umferðarlagabrot.	27/5	461
108. Stefnir h/f og Lýsi & Mjöl h/f gegn bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, Kristni Ólafssyni, Ísleifi Árnasyni og Ragnari Péturssyni. Synjað kröfu um, að héraðsdómendur víki úr sæti. Kærumál.	28/5	466
109. Ákæruvaldið gegn Curtis Roy McMahan. Bifreiðalagabrot. Líkamsáverkar.	30/5	476
110. Brandur Brynjólfsson gegn Kristjáni Lárussyni. Útivistardómur	30/5	475
111. Þorbjörn G. Gunnarsson gegn Guðmundi Oddssyni. Útivistardómur	30/5	476
112. Brandur Brynjólfsson gegn Sæmundi Þórðarsyni. Útivistardómur.	30/5	467
113. Árni Þ. Jónsson og Benedikt Guðmundsson gegn Aðalheiði Bergþóru Líkafrónsdóttur. Útivistardómur.	30/5	477
114. Hafþór Guðmundsson gegn Agnari Bogasyni. Meið-		

		Dómur	Bls.
	yrða- og skaðabótamál.	2/6	477
115.	Bjarni Guðbjartsson gegn Ræktunarsambandi Suðurdala. Gallar á málatilbúnaði. Frávísun. Kærumál.	3/6	482
116.	Sigurlaug Lárusdóttir gegn skuldheimtumönnum í dánarbúi Péturs H. Lárussonar, þeim Grími Valdimarssyni, Finnboga Jónassyni, Vigfúsi Þ. Jónssyni, Útibúi Búnaðarbanka Íslands, Akureyri, Sameinuðu verksmiðjuafgreiðslunni, Reykjavík, og Herði Ólafssyni. Séreign maka. Skiptaréttarmál.	6/6	486
117.	Síldarverksmiðjur ríkisins gegn Jóhanni Braga Friðbjarnarsyni og gagnsök. Skaðabótamál.	6/6	493
118.	Ákæruvaldið gegn John Oliver Emmons. Fiskveiðibrot.	11/6	513
119.	Jóhann Valdimarsson gegn Alfreð Guðmundssyni og Kára Guðmundssyni og gagnsök. Skaðabótamál. ..	13/6	521
120.	Samvinnufélagið Björg gegn Kristni Ó. Karlssyni. Vanreifun máls. Frávísun frá héraðsdómi. Kærumál.	13/6	525
121.	Skattstjórinn í Reykjavík gegn Guðjóni H. Sæmundssyni. Um rétt skattgreiðanda til að kynna sér stóreignaskattskrá.	16/6	529
122.	Ákæruvaldið gegn Herði Ólafssyni. Um lögmæti beiðni um niðurfellingu saksóknar. Kærumál.	16/6	534
123.	Ákæruvaldið gegn Herði Ólafssyni. Um lögmæti ákæru. Kærumál.	16/6	535
124.	Aðalsteinn Jósefsson gegn Ágústi Sæmundssyni og Rögnu J. Jónsdóttur. Skaðabótamál. Sératkvæði.	16/6	537
125.	Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu f. h. sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu gegn Þorgeiri Magnússyni og gagnsök. Gallar á málsmeðferð. Ómerking.	16/6	544
126.	Garður h/f gegn Kjartani Steingrímssyni. Skuldamál.	20/6	552
127.	Ákæruvaldið gegn Magnúsi Grímssyni. Fiskveiðibrot.	20/6	554
128.	Jón Arinbjörnsson gegn Halldóri Halldórssyni. Synjun um frest. Frávísun frá Hæstarétti.	23/6	560
129.	Magnús Thorlacius f. h. Rysxard Górka gegn Unni Jónsdóttur, Meðalganga heimiluð. Kærumál.	23/6	561
130.	Guðmundur Tryggvason gegn Jarðakaupasjóði ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Gallar á málatilbúnaði. Frávísun frá héraðsdómi. Kærumál	23/6	565
131.	Stefán Sigurðsson gegn stjórn Lífeyrissjóðs barnakennara og ekkna þeirra. Um dómhæfi kröfu. Kærumál.	23/6	568
132.	Ólafur P. Ólafsson gegn Magnúsi Thorlacius f. h.		

		Dómur	Bls.
	Georgs Johs. Nielsen. Útivistardómur.	23/6	573
133.	Ruth Einarsdóttir gegn Guðmundi Magnússyni. Útivistardómur.	23/6	574
134.	Henry-Franzson gegn Snorra Jóhannessyni. Útivistardómur.	23/6	574
135.	Magnús Thorlacius f. h. Russel M. Arthur gegn Gústaf A. Sveinssyni f. h. Thelma De Costa Neilsen. Kært ákvæði um ómaksþóknun.	25/6	575
136.	X gegn Y og gagnsök. Barnsfaðernismál.	25/6	577
137.	Björn Bjarnason gegn Hilmari Welding. Kært málskostnaðarákvæði.	24/9	584
138.	Ingi Ingimundarson gegn Hermanni Sigurðssyni. Um lögmæti stefnufrests. Kærumál.	24/9	587
139.	Gróa Jónasdóttir gegn Elku G. Aradóttur. Kært málskostnaðarákvæði.	24/9	588
140.	Halldór Kjartansson gegn Steindóri Hjaltalín og Oddi Sigurðssyni. Vitni synjað að staðfesta vætti sitt. Kærumál.	29/9	592
141.	Ingolf Petersen gegn Lúðvíg Eggertssyni. Frávísun frá Hæstarétti. Kærumál.	29/9	596
142.	Karl Sawitsky gegn Inga B. Ársælssyni og gagnsök. Kærð ákvæði héraðsdóms um frávísun og málskostnað	25/9	598
143.	Ákæruvaldið gegn Thomas R. Roberts. Kært ákvæði um réttarfarssekt.	29/9	602
144.	Ákæruvaldið gegn Lon Midkiff. Kært ákvæði um réttarfarssekt.	29/9	606
145.	Kristinn Indriðason gegn Oddi Jónssyni. Mál til heimtu kostnaðar af yfirmatsgerð. Sératkvæði.	29/9	609
146.	Árnason, Pálsson & Co. h/f gegn Brandi Brynjólfssyni. Útivistardómur.	29/9	616
147.	Ruth Einarsdóttir gegn Guðmundi Magnússyni. Útivistardómur.	29/9	616
148.	Magnús Kjartansson gegn Ingvari S. Ingvarssyni og gagnsök. Máli frestað í Hæstarétti.	8/10	617
149.	Sigurbjörn Eyjólfsson gegn Albert Bjarnasyni. Synjað um innsetningargerð. Sératkvæði.	8/10	618
150.	Halldór Einarsson gegn Týli h/f. Mál til heimtu skaðabóta fyrir samningsrof.	10/10	625
151.	Kristján Guðlaugsson, Jón Benediktsson, Sveinn Pálsson, Guðlaugur Aðalsteinsson og Óskar Eyjólfsson gegn Jóni E. Waage og Þórunni Waage. Kært málskostnaðarákvæði.	13/10	629
152.	Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta gegn Síldinni h/f.		

		Dómur	Bls.
	Mál til heimtu vátryggingarfjár.	15/10	634
153.	Ákæruvaldið gegn Anton Högnasyni. Sýknað af ákæru um bifreiðalagabrot. Sératkvæði.	15/10	643
154.	Gústaf A. Sveinsson f. h. Kreisjugendamt í E gegn F og gagnsök og G og H gegn Gústaf A. Sveinssyni f. h. Kreisjugendamt í E. Mál um forræði barna.	24/10	651
155.	Ákæruvaldið gegn Marteini Jóni Magnússyni Skaftfells, Friðriki Lunddal Baldvinssyni, Jóni Hilmari Norðfjörð, Klemenzi Þorleifssyni, Steindóri Björnssyni og Guðna Sigurði Einarssyni. Kveðið á um frekari öflun gagna.	29/10	660
156.	Steingrímur Hermannsson gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útivistardómur.	31/10	661
157.	Árnason Pálsson & Co. h/f gegn Brandi Brynjólfssyni. Útivistardómur.	31/10	661
158.	Árnason, Pálsson & Co. h/f gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Útivistardómur. Ómaksbætur	31/10	661
159.	Pöntunarfélag Alþýðu, Neskaupstað gegn Ástvaldi Árnasyni. Útivistardómur.	31/10	661
160.	Guðlaug Magnúsdóttir gegn Kvennaheimilinu Hallveigarstaðir h/f. Útivistardómur.	31/10	663
161.	Guðni Halldórsson gegn Konráði Ó. Sævaldssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur	31/10	663
162.	Þorsteinn Jafet Jónsson gegn Jóni Ásgeiri Guðmundssyni og gagnsök. Skaðabótamál.	1/11	664
163.	Elís Gunnarsson gegn Ragnari Jónassyni. Frávísun frá héraðsdómi. Kærumál.	3/11	679
164.	Jón Gíslason gegn Þorsteini Jónssyni. Frávísunarkröfu hrundið. Kærumál.	3/11	681
165.	Jón E. Waage og Þórunn Waage gegn Jóni Benediktssyni, Sveini Pálssyni, Guðlaugi Aðalsteinssyni og Óskari Eyjólfssyni. Krafa um brottnám girðingar.	3/11	683
166.	Jón Rögnvaldsson gegn Shell á Íslandi h.f. Skaðabótamál.	5/11	687
167.	Karólína Jósefsson gegn Bjarna K. Bjarnasyni, Einari Arnalds, Jóhannesi Jósefssyni, Pétri Daníelssyni og Ragnari Guðlaugssyni. Kærð málsmeðferð héraðsdómara.	7/11	696
168.	Ákæruvaldið gegn Gizuri Karli Guðmundssyni. Umferðarlagabrot.	7/11	698
169.	Karl Jónsson gegn Guðrúnu Oddsdóttur. Kært málskostnaðarákvæði.	11/11	709
170.	Reimar Stefánsson gegn Gunnari Þorsteinssyni f. h.		

		Dómur	Bls.
	Gerðar Sigfúsdóttur persónulega og fyrir hönd dóttur hennar, Gunnrúnar, og gagnsök. Skaðabótamál.	12/11	711
171.	Ákæruvaldið gegn Svani Jónssyni. Fiskveiðibrot. Hvatning til rangs framburðar fyrir dómi.	12/11	721
172.	Ákæruvaldið gegn Þórði Péturssyni. Fiskveiðibrot.	14/11	730
173.	Bæjarstjórinn í Siglufjarðarkaupstað gegn Ármanni Jakobssyni. Hrundið kröfu um þóknun til undirkjörstjórnarmanna.	18/11	737
174.	Hreppsnefnd Miðnesshrepps f. h. hreppsins gegn Sveini Jónssyni. Mál til heimtu útsvars og annarra gjalda til hreppsfélags.	18/11	741
175.	Hreppsnefnd Miðnesshrepps f. h. hreppsins gegn Ólafi Jónssyni. Mál til heimtu útsvars og annarra gjalda til hreppsfélags.	18/11	744
176.	Þ gegn M og J og gagnsök. Héraðsdómara bar að víkja sæti. Ómerking dóms og málsmeðferðar.	26/11	746
177.	Eyvindur Wiese gegn Bæjarsíma Reykjvíkur og ríkissjóði. Útivistardómur.	28/11	752
178.	Trausti Jónsson gegn Guðmundi Ibsen og til réttargæzlu Oddi Helgasyni og Sigurjóni Sigurðssyni. Útivistardómur.	28/11	752
179.	Trausti Jónsson gegn Hilmari Péturssyni og til réttargæzlu Oddi Helgasyni og Sigurjóni Sigurðssyni. Útivistardómur.	28/11	753
180.	Guðmundur Guðmundsson og Trésmiðjan Víðir h/f gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök. Stóreignaskattsmál. Sératkvæði.	29/11	753
181.	Egill Vilhjálmsson h/f gegn Samvinnutryggingum. Skuldamál.	5/12	772
182.	Kristján Þorsteinsson gegn Þorsteini Jónssyni og gagnsök. Skaðabótamál.	5/12	777
183.	Haukur Kristjánsson gegn Valdstjórninni. Um skyldu læknis til blóðtöku.	10/12	789
184.	Magnús Kjartansson gegn Ingvari S. Ingvarssyni og gagnsök. Meiðyrða- og skaðabótamál. Sératkvæði.	10/12	791
185.	Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra gegn Stefáni Sigurðssyni. Um rétt barnakennara til ellilífeyris.	10/12	796
186.	Guðmundur H. Kristjánsson f. h. Vörumarkaðarins s/f gegn Ólafi Þorgrímssyni. Víxilmál.	19/12	803
187.	Johan Rönning h/f og Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka gegn Ingu Herbertsdóttur f. h. sjálfrar sín, sonar síns Einars Ingþórs Einarssonar og dánarbús Einars Lúðvíkssonar og gagnsök. Skaðabótamál.		

		Dómur	Bls.
	Sératkvæði.	19/12	808
188.	Bjarni Jóhannesson gegn Hóteli Borgarness h/f. Skaðabætur vegna riftunar á leigusamningi.	19/12	826
189.	Jóhanna Bjarney Júníusdóttir Rise gegn Guðmundi Jónassyni og Þórunni Tómasdóttur. Synjað kröfu um töku barns úr fóstri.	19/12	831
190.	Skarphéðinn Jóhannsson gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Útivistardómur.	19/12	836
191.	Helgi Benediktsson gegn Almennum Tryggingum h/f. Útivistardómur.	19/12	837
192.	Árnason, Pálsson & Co. h/f gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Útivistardómur.	19/12	837

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXXIX. árgangur. 1958

Miðvikudaginn 8. janúar 1958.

Nr. 218/1957. **Hótel Skjaldbreið h/f**
gegn
Ingólfi Ingólfssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumáli frestað sjálfkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið til Hæstaréttar ákvæði héraðsdóms um málskostnað með kæru 16. nóvember 1957, er barst dóminum hinn 24. desember s. á.

Varnaraðili hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með áfrýjunarstefnu 27. nóvember 1957 til þingfestingar í febrúarmánuði n.k. Þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu sjálfkrafa, unz séð er, hvort áðurgreint áfrýjunarmál verður í dóm lagt.

Ályktunarorð:

Kærumáli þessu er frestað sjálfkrafa samkvæmt framangreindu.

Föstudaginn 10. janúar 1958.

Nr. 152/1957. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson hrl.)
gegn
Jóhanni Eyvindssyni
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Lögreglumenn stöðvuðu ákærða við akstur bifreiðarinnar Y 232 laust eftir miðnætti aðfaranótt laugardagsins 10. nóvember 1956. Eigi verður talið fullsannað, að ákærði hafi þá verið með áhrifum áfengis í merkingu 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941, 2. mgr. 4. gr. laga nr. 24/1941 og 1. mgr. 21. gr. laga nr. 58/1954. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu ákærða af ákæru um brot gegn greindum lagaboðum. Með játningu ákærða, vætti lögreglumanna og niðurstöðu blóðrannsóknar, sem lýst er í héraðsdómi, er hins vegar í ljós leitt, að ákærði hafi, frá því hann hóf akstur árdegis föstudaginn 9. nóvember 1956 og þar til lögreglumenn stöðvuðu hann, eins og að framan greinir, verið svo miður sín vegna undanfarinnar neyzlu áfengis, að akstur hans á því tímabili varði við 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða þykir mega staðfesta að öðru leyti en því, að í stað sektar komi varðhald 10 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 er rétt að svipta ákærða ökuleyfi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Eyvindsson, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann er sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Guðmundar Vignis Jósefssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 12. júní 1957.

Ár 1957, miðvikudaginn 12. júní, var í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Stefáni Péturssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4/1957:

Ákæruvaldið gegn Jóhanni Eyvindssyni, sem dómtekið var hinn 8. maí s.l.

Mál þetta er höfðað gegn Jóhanni Eyvindssyni verkamanni, Borgarholtsbraut 46, Kópavogi. Er hann samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 12. marz 1957, ákærður fyrir brot á 3. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941. Þykir ákærði hafa brotið téð lagaákvæði með því að hafa föstudagsmorguninn 9. nóvember s.l. um kl. 07 ekið bifreiðinni Y-232 heiman að frá sér, þ. e. Borgarholtsbraut 46 í Kópavogi, til vinnustaðar hjá hafnar- og vitamálastjórn inni í Fossvogi og síðan aftur heim til sín um hádegi nefndan dag, þrátt fyrir að hann væri haldinn slíkri þreytu og sljóleika sökum undanfarandi áfengisneyzlu og svefnleysis, að hann gat eigi stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt.

Málið er ennfremur höfðað gegn ákærða fyrir brot á 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 og 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Þykir ákærði hafa brotið þessi lagaákvæði með því að hafa ekið fyrrgreindri bifreið um kl. 01,20 aðfaranótt laugardagsins

10. nóvemmber s.l. frá Skátaheimilinu í Reykjavík og áleiðis heim til sín, þótt hann væri með áhrifum áfengis.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 24. marz 1916 í Reykjavík.

Hefur ákærði sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1935 11/12 Sátt, 10 kr. sekt fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.
1937 14/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 21/4 Sátt, 10 kr. sekt fyrir hjólreiðar í Bankastræti.
1947 3/12 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1948 14/1 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1950 9/2 Áminning fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
— 8/5 Reykjavík. Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot á 22. gr. 1. mgr. bifreiðalaga.
1951 2/6 Reykjavík. Dómur: Sýknaður af ákæru fyrir meinta ölvun við bifreiðarakstur.
— 11/7 Reykjavík. Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
1953 27/7 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
— 17/12 Reykjavík. Dómur: Sýknaður af ákæru fyrir meint brot á bifreiðalögum og áfengislögum.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 10. nóvember 1956 voru lögregluþjónarnir Hörður Valdimarsson og Jóhannes Björgvinsson við löggæzlu á Reykjanesbraut nálægt Fossvogslæk. Þar stöðvuðu þeir bifreiðina Y-232 og höfðu tal af ökumanni hennar, ákærða í máli þessu. Töldu lögreglumennirnir, að áfengisþef legði af vitum ákærða og færðu þeir hann ásamt farþegum í Y-232 á lögreglustöðina í Reykjavík. Var þar gerð athugun á fráöndunarlofti ákærða, sem sýndi merki þess, að í því væri alkóhól. Var síðan tekið blóðsýnishorn úr ákærða og fundust í því reducerandi efni, sem samsvara 0,96‰ af alkóhóli. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis eða vera undir áhrifum þess, en kvaðst hafa drukkið áfengi á fimmtudagskvöld, en pilsner og bjór allan föstudaginn.

Ákærði hefur skýrt svo frá í réttarhaldi, að hann hafi fimmtudagskvöldið fyrir handtökuna drukkið áfengi frá kvöldmatarleyti og fram til kl. 1 eða 2 aðfaranótt föstudagsins og verið mikið drukkinn, er hann fór að sofa. Næsta morgun, um kl. 6,30, fór ákærði á fætur og var mættur til vinnu sinnar kl. 7,10, en þangað ók ákærði í bifreið sinni Y-232, og síðan aftur heim

í hádeginu. Ákærði kvaðst ekki beinlínis hafa verið undir áhrifum áfengis um morguninn, en timbraður og með höfuðverk og hafi höfuðverkurinn ekki batnað fyrr en eftir hádegið. Er ákærða var bent á, að þessi akstur hans væri lögum andstæður, þar sem hann hafi væntanlega verið illa fyrir kallaður, kvaðst ákærði ekki hafa fundið til lamandi áhrifa og talið það vera í lagi að aka til vinnu eftir 5—6 tíma svefn.

Vitnið Hörður Valdimarsson lögregluþjónn segir lögregluþjónana fyrst hafa veitt bifreið ákærða athygli vegna þess, að henni var ekið hlykkjótt eftir veginum. Er ákærði kom út úr bifreiðinni, segist vitnið fyrst hafa talið hann ofurölva, en er vitnið fór að tala við ákærða, taldi það hann engan veginn ofurölva, enda hafi hann verið skýr í tali og framburður hans greinargóður. Vitnið kveðst hiklaust bera, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis í umrætt skipti og það greinilega. Vitnið Jóhannes Björgvinsson lögregluþjónn segir ákærða hafa haft útlit fyrir að vera undir áhrifum áfengis, augu hans hafi verið rauð og blóðhlaupin, andlitið rjótt, en hann hafi hvorki slagað né verið loðmæltur. Í skýrslu vitnisins sem varðstjóra lýsir það ákærða svo, að áfengisþefur af honum hafi verið talsverður, litarháttur rjóður, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu vot og blóðhlaupin, jafnvægi stöðugt og málfar skýrt.

Vitnið Hannes Grétar Helgason, sem var farþegi í bifreið ákærða, segist ekki hafa séð þess merki, að ákærði væri undir áhrifum áfengis og telur akstur hans hafa verið eðlilegan. Aðspurt kvaðst vitnið telja, að ákærði hafi ekki verið undir áhrifum áfengis í umrætt skipti.

Vitnið Sverrir Lárusson, sem einnig var farþegi í bifreið ákærða, kveðst ekki hafa séð þess merki, að ákærði væri undir áhrifum áfengis, hann hafi verið eðlilegur að öllu leyti og ekkert athugavert við akstur hans.

Vitnið Páll Sigurðsson læknir, sem tók blóðsýnishorn úr ákærða, treystist ekki til að gefa upplýsingar um annað en blóðtökuna varðar.

Ákærði hefur, allt frá því að hann var handtekinn, staðfastlega neitað því að hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur umrædda aðfaranótt föstudagsins (svo) 10. nóvember s.l. Vitni þau, sem voru farþegar í bifreið ákærða, styðja þennan framburð hans.

Annar lögregluþjónanna, sem vitni báru, telur hiklaust, að ákærði hafi undir áhrifum áfengis, en hinn telur ákærða hafa haft útlit fyrir að vera undir áhrifum áfengis. Með tilliti til

niðurstöðu blóðrannsóknar verður ósannað talið, að ákærði hafi í umrætt skipti verið undir áhrifum áfengis og ber því að sýkna hann af ákæru fyrir brot á 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga.

Með hliðsjón af niðurstöðu fyrrgreinds blóðsýnishorns og vegna framburðar ákærða sjálfs, að hann hafi verið timbraður og með höfuðverk, er hann ók til vinnu sinnar greindan föstudagsmorgun og aftur heim í hádeginu sama dag, verður að telja, að ástand hans hafi verið með þeim hætti, að hann hafi með akstrinum brotið 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga.

Svo sem um er getið í framlagðri vörn og dómaranum er um kunnugt, er ákærði bifreiðarstjóri hjá hafnar- og vitamálastjórninni og á því afkomu sína að verulegu leyti undir því að halda bifreiðarstjóraréttindum. Ákærði hefur ekki áður orðið sekur um samskonar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, og þykir því rétt samkvæmt heimild í 1. mgr. 39. gr. bifreiðarlaga að láta hann halda ökuréttindum.

Refsing ákærða þykir því hæfilega ákveðin 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda hans, Guðmundar Vignis Jósefssonar hdl., krónur 800.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Eyvindsson, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda hans, kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. janúar 1958.

Nr. 84/1957. **Ákæruvaldið** (Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Gylfa Þór Eiðssyni
og
Karli Eron Sigurðssyni
(Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar sem talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Gylfi Þór Eiðsson og Karl Eron Sigurðsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Vilhjálms Jónssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. marz 1957.

Ár 1957, föstudaginn 8. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu kr. 841—842/1957: Ákæruvaldið gegn Gylfa Þór Eiðssyni og Karli Eron Sigurðssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, útgefnu 4. þ. m., eru þeir Gylfi Þór Eiðsson, Hverfisgötu 80, og Karl Eron Sigurðsson, Fjölnisvegi 13, ákærðir fyrir, að þeir hafi aðfaranótt þriðjudagsins 18. des. s.l. brotizt inn í verzlun Carls Bartels á Hverfisgötu 12 og stolið

þar 14 úrum og 2 armböndum. Teljast þeir með þessu hafa gerzt sekir um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (þjófnað).

Þess er krafizt, að ákærðir báðir verði dæmdir til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Gylfi Þór Eiðsson, sem fæddur er á Raufarhöfn 10. september 1939, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1950 21/3 Reykjavík. Uppvís að reiðhjólsþjófnaði. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1951 19/11 Reykjavík. Uppvís að þjófnaði á spegli af R 4. Sent til barnaverndarnefndar Reykjavíkur 23/11 1951.

1952 17/1 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað á reiðhjólalugt. Sent barnaverndarnefnd.

— 20/11 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað og spell. Samskonar afgreiðsla.

1953 15/9 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað á báti. Samskonar afgreiðsla.

— 3/11 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað úr búðum. Samskonar afgreiðsla.

— 14/12 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað á peningaveski. Samskonar afgreiðsla.

— 8/12 Reykjavík. Kærður fyrir peningaþjófnað. Samskonar afgreiðsla.

1954 23/11 Reykjavík. Áminning fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga og 2. gr. umferðarlaga.

1955 16/4 Reykjavík. Kærður fyrir rúðubrot. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

— 8/7 Reykjavík. Áminning fyrir umferðarlagabrot.

1956 Vorið Reykjavík. Uppvís að 5 bílastuldum. Ákæru frestað skilorðsbundið í 3 ár, 18/9 1956.

— 14/9 Reykjavík. Áminning fyrir ölvun.

— 11/12 Reykjavík. Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum og áfengislögum. Sviptur rétti til ökuleyfis í 6 mánuði.

Ákærði Karl Eron Sigurðsson, sem fæddur er í Reykjavík 3. des. 1940, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1955 21/2 Reykjavík. Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1956 9/11 Reykjavík. Dómur sakadóms Reykjavíkur, 10 mán-

aða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi, fyrir brot gegn 155., 244. og 259. gr. hegningarlaga, áfengislögum og bifreiðalögum.

— 6/10 Reykjavík. Áminning fyrir akstur bifreiðar án ökuleyfis

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt 18. des. f. á. voru ákærðu saman á ferli ölvaðir hér í bænum, og með þeim Gunnar Kristinsson, Reykjahlíð 12, 17 ára að aldri. Það kom til tals milli ákærðu að fara inn í verzlun Carls Bartels til að stela. Verður ekki séð, hvor ákærðu hafi fremur átt upptök að þessu. Aftur á móti latti Gunnar fararinnar og skildi við ákærðu, er þeir héldu fast við áform sitt. Ákærðu fóru að verzluninni, og fór Karl Eron inn um ólokaðan glugga yfir dyrum verzlunarinnar og opnaði dyrnar svo fyrir Gylfa Þór. Þarna inni tóku þeir 14 úr og 2 úr-armbönd. Verðmæti þeirra telur Bartels ca. 15.000—20.000 kr. Ákærðu hittu síðan Gunnar og létu hann hafa 3 úr og annað armbandið, og tók hann við þessu. Gylfi Þór fékk í sinn hlut 6 úr og Karl Eron 5 úr og eitt armband. Ákærðu voru handteknir næsta dag og afhentu þeir þá feng sinn og Gunnar sömuleiðis. Komst þannig allt þýfið til skila óskemmt, og gerir Carl Bartels engar bótakröfur.

Ákærðu voru báðir úrskurðaðir til að sæta rannsókn á andlegum og líkamlegum þroska og heilbrigði. Rannsókn þessa framkvæmdi dr. Helgi Tómasson yfirlæknir, og hefur hann skilað ýtarlegum skýrslum um rannsóknina. Niðurstöður rannsóknanna eru þessar:

„Álit mitt á Gylfa Þór Eiðssyni er þetta: Hann er illa gefinn, þó ekki fáviti, en hvorki geðveill eða geðveikur.

Hann hefur haft heilabólgu, og heilaritið gæti stutt það, en gæti þó einnig bent til almenns vanþroska í heila.

Það er um að ræða 17 ára ungling, sjómann, með máske nokkuð vafasamt eðlisupplag, en sem fær heilabólgu 8 ára, sýnilega mjög svæsna, en sem þó lagast, að talið hefur verið. Skap hans er óbreytt þegar á eftir, en lítið verður úr námi. Hann er uppalinn í foreldrahúsum við góð efni, en nokkuð skrykkjótta foreldraaluð. Hann var snemma ekki í góðum félagsskap, hvað heiðarleik snerti. Samt fer fyrst aðallega að bera á afbrotum hjá honum eftir að hann hætti í skóla (þá 12 ára). Handtaka hans

og einangrun og flutningur heiman að, er hann er 14 ára, virðist hafa orðið „komplex"-uppistaða hjá honum, sem hann þó hefur bælt. Hegðunarvandkvæði fara svo smávaxandi og tengsl hans við heimilið verða óeinlægari. Hann virðist engan eiga að, sem hann vill halla sér upp að, sem sé siðferðilega sterkari en hann. Hann er illa gefinn, máske afleiðing af heilabólgunni, en hvorki geðveill né geðveikur.

Mér virðast allar líkur benda til þess, að refsing á venjulega vísu muni verka illa á hann heldur en hitt."

„Álit mitt á Karli Eron Sigurðssyni er þetta: Hann er hvorki fáviti né geðveikur, en geðveill (psychopath).

Hann hefur einkenni um króniska bólgu í taugakerfi. Hann hefur hjartasjúkdóm, sem þó ekki er unnt að segja, hvort nokkra teljandi þýðingu hafi.

Það er um að ræða 16 ára ungling af mjög brengluðu bergi brotinn. Í eymdarástandi var hann tekinn sem kjörbarn af hjónum í Reykjavík. Hann var seinþroska, andlega og líkamlega, en virðist hafa rétt við fyrir mikla umhyggju og læknislega umönnun á fyrstu 4—5 árum.

Hann er „upp á kant" við alla jafnaldra og eldri félaga frá byrjun, en kom sér vel við yngri börn, og verður viðskila við skólann. Fer í sveit, kann illa við sig, en er samt ráðstafað þangað, er hann á 10 ári fer að gerast stórlega brotlegur við lög og reglur. Í sveitinni er yfirleitt ekki kvartað undan honum, en strax og hann er kominn í bæinn var hann þegar kominn á galeiðuna. Hegðunarvandkvæði hans hafa farið sívaxandi og engar fortölur virzt mega sín neins. Vitað er, að hann hefur verið seinþroska framan af, haft mikla beinkröm, tekið seint tennur, gengið seint, talað seint og tæpitungu til 4—5 ára, ekki getað haldið sér hreinum fyrr en mjög seint og gengið í svefni. Sennilegt virðist, að þessi seinþroska einkenni hafi gert, að hann hafi orðið hornreka hjá jafnöldrum og eldri börnum, svo að fyrsta aðlögunin utan heimilisins hafi mistekizt og haldið síðan áfram í vaxandi mæli, máske hvað ekki minnst, þegar heimilisræturnar ekki hafa náð að vera mjög sterkar vegna vistunar á dagheimili og þær svo slitnar við að fara í sveit. Ofan á þennan seina þroska bætist svo við kíghósti á þriðja ári, „sem að þekkt er, að oft veldur vandkvæðum hjá börnum", mislingar nokkru seinna, rauðir hundar, hlaupabóla, eyrnabólga, miklar tannskemmdir og blóðnasatilhneyging, allt saman fyrir 9 ára aldur.

Hin félagslega aðlögun hjá honum er ófullnægjandi þegar er

hann kemur í skóla og byrjar hann þar sennilega of fljótt? og siðferðisþroskinn virðist þá þegar mjög misjafn hjá honum og æ síðan.

Líkamleg rannsókn sýnir, að hann hefur hjartakvilla, sem ekki verður sagt um, hve gamall sé, en sem verið gæti þáttur í erfiðleikum hans. En meginatriðið virðist þó, að heilarit sýnir, að hann hefur haft heilasjúkdóm, sem virðist hafa verið bólgueðlis (mænuvökvi sýnir það sama), og þá sennilega fengið heilabólgu ofan á upphaflega vannært og síðan seinþroska taugakerfi sitt.

Hér er með öðrum orðum um ungling að ræða með félagslegum og siðferðilegum ágöllum og ótvíræðum einkennum um óeðlilegar breytingar í heila og máske blóðrásarkerfi. Undir venjulegum kringumstæðum mundi maður telja hvorutveggja, andlegu og líkamlegu einkennin stöðnuð og því sennilegt, að andlegu ágallarnir mundu fara vaxandi, eftir því sem félagslegar kröfur yrðu meiri til einstaklingsins. Samkvæmt ríkjandi skoðunum tel ég sennilegt, að líkamlegu breytingarnar séu undirstaða hinna. En á núverandi þekkingarstigi er ekki hægt að benda á öruggar (sennilegar eða máske hugsanlegar) leiðir til þess að reyna að hafa áhrif á þessar breytingar í taugakerfi piltsins. Á hinn bóginn get ég ekki ímyndað mér, hvernig refsing eigi að hafa bætandi áhrif á hann, svo að nokkru gagni megi koma.

Tilfellið er mjög merkilegt og þess virði, að með því sé fylgzt árum saman."

Sannað er, að ákærðu hafa framið brot það, er þeir eru ákærðir fyrir og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga. Báðir þykja hafa rofið skilorð dóma þeirra, er þeir hafa áður þolað, sbr. sakavottorðin hér að framan. Refsingu ákærðu ber samkvæmt 60. gr. hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að ákveða í einu lagi og með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga. Þykir refsing Gylfa Þórs hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi, en Karls Erons 1 árs fangelsi. Meðan á meðferð máls þessa hefur staðið, hafa ákærðu verið í gæzluvarðhaldi, Gylfi Þór í 79 daga, en Karl Eron í 77 daga. Þykir rétt samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga að ákveða, að gæzluvarðhaldið komi refsingum ákærðu til frádráttar.

Ákærðu skulu sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Þá skulu ákærðu dæmdir til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði Gylfi Þór Eiðsson sæti fangelsi 6 mánuði og ákærði Karl Eron Sigurðsson fangelsi eitt ár. Til frádráttar refsingunum komi gæzluvarðhaldsvist ákærðu, Gylfa Þórs í 79 daga, en Karls Erons í 77 daga.

Ákærðu eru sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. janúar 1958.

Nr. 220/1957. **Ákæruvaldið**
gegn
Y.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun máls frá héraðsdómi. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 14. júlí 1957 kom fyrir sakadóm Reykjavíkur stúlkan X, ... til heimilis í London. Hafði hún komið til landsins hinn 27. júní 1957 og bjó nú á gistihúsinu Garði í Reykjavík. Fyrir dóminum skýrði stúlkan svo frá, að um kl. 20.15—20.30 kvöldið áður hefði hún verið á göngu hjá Tjörninni í Reykjavík. Hjá henni nam þá staðar bifreið undir stjórn einkennisklædds manns, sem var einn í bifreiðinni. Maður þessi bauð stúlkunni akstur, og þáði hún það. Kvað stúlkan síðar, að frumkvæði mannsins, hafi orðið samkomulag þeirra í milli um að fara í veitingahús til kaffidrykkju. Að því loknu fylgdist hún með manninum til herbergis í húsi nokkru, þar sem henni virtist hann eiga heima. Eigi gat stúlkan lýst því, hvert hús þetta var, og engin tilraun virðist hafa verið gerð til þess að láta hana benda á það. Er í herbergið kom, var setzt að víndrykkju, og kveður stúlkan manninn hafa borið fyrir sig bæði bland-

að og óblandað whisky, er hún neytti. Hún kveður manninn síðan hafa leitað atlota við sig, og er hún veitti mótspyrnu, hafi hann hótað henni bana, barið hana og, að því er hún telur, reynt að hafa samræði við hana gegn vilja hennar. Í átökum þessum kveðst stúlkan hafa veitt manninum viðnám og klórað hann í andlitið. Lauk skiptum þeirra svo, að sögn stúlkunnar, að maðurinn ók henni í grennd við gistihúsið Garð og ýtti henni þar út úr bifreiðinni. En vegfarendur hjálpuðu henni til gistihússins og gerðu viðvart lögreglunni, sem kom henni til læknis. Í vottorði læknisins segir svo: „Stúlkan hefur auðsjáanlega hlotið slæmt taugaáfall, grætur og barmar sér yfir örlögum sínum og líklegum „afleiðingum" þeirra. Vínlykt er úr vitum hennar, klæði meira og minna úr lagi færð og blóði stokkin öll að framan. Vinstri kinn sjúklingsins er mjög bólgin. Hreyfingar í kjálkalið eru þó óhindraðar og eymslalausar. Efri vör er einnig upphlaupin svo og nef, og eru blóðdrefjar í báðum nösum . . . Innanvert á hægra læri eru skrámur, ferskar, að því er virðist. Engir grunsamlegir blettir finnast þar í kring né á kynfærabörmum (labiae majorae)". Þá fundust í kynfærum stúlkunnar sáðfrumur (spermatozoar).

Ungfrú X skýrði lögreglunni frá því, að maður sá, er hún átti fyrrgreind skipti við, hefði verið í einkennisbúningi ameríska flughersins. Um kl. 10 árdegis hinn 14. júlí 1957 sá varðstjóri rannsóknarlögreglunnar varnarliðsbifreið í grennd við veitingahús eitt í Reykjavík. Varðstjórinn fór af þessu tilefni inn í veitingahúsið til athugunar. Sat þá ákærði þar og „var mjög klóraður í andliti", en ákærði er höfuðsmaður í flugher Bandaríkjanna hér á landi . . . . . Varðstjóri tjáði ákærða nú, að hann væri grunaður um sakir þær, er áður er lýst, og færði hann til rannsóknar. Ákærði kom samdægurs fyrir sakadóm. Hann skýrði svo frá, að kvöldið áður, milli kl. 20 og 21 á að gizka, hefði hann ekið bifreið meðfram Tjörninni í Reykjavík. Sá hann þá stúlku þar á göngu, nam staðar og bauð henni akstur. Þáði stúlkan það. Fóru þau síðan í veitingahús að boði

ákærða og drukku þar kaffi. Bauð ákærði stúlkunni síðan til herbergis, er hann hafði tekið á leigu í húsi einu í Reykjavík. Er þangað kom, veitti ákærði stúlkunni whisky, sem hann kveður hana hafa drukkið óblandað. Eftir að stúlkan hafði neytt áfengisins, hafði hún gerzt vanstillt og sakaað ákærða um að ætla að nauðga sér. Ákærði neitaði því hins vegar að hafa sýnt stúlkunni nokkur atlot eða veitzt að henni á nokkurn hátt. Hins vegar hafi hann reist hana upp, er hún hafði dottið á gólfið, en hún þá klórað hann í andlitið. Kveður ákærði sér þá hafa fallizt hendur og hann sleppt tökum á stúlkunni, en hún þá fallið aftur á gólfið. Er stúlkan síðan reis á fætur, blæddu henni nasir, og flóði blóð á föt hennar. Fékk ákærði henni þá handklæði til að þerra blóðið. Ákærði kveðst síðan hafa beðið stúlkuna að hafa sig á brott, en hún verið treg til þess. Loks kom þar, að ákærði ók stúlkunni að gistihúsinu Garði, þar sem hún tjáðist eiga heima, og fór hún úr bifreið hans í grennd við gistihúsið. Er ákærði var tekinn höndum, fannst blóðugt handklæði í bifreið hans, en eigi verður séð, að rannsakað hafi verið, hvort það blóð gat stafað frá ungfrú X. Ákærði hefur í síðari prófum málsins haldið fast við þann framburð sinn, að hann hafi ekki leitað samfara við stúlku þá, er að framan getur, né veitzt að henni með ofbeldi.

Fram er komið í málinu, að leiguherbergi ákærða var í húsinu nr. 6 við Miðstræti í Reykjavík. Grímheiður Pálsdóttir húsfreyja þar, sem leigði ákærða herbergið, kveðst umrætt kvöld hafa heyrt þar hávært samtal karls og konu, er fór fram á ensku. Virtist ósætt með persónum þessum. Neyðaróp eða sviptingar kveðst Grímheiður hins vegar eigi hafa heyrt, en kveður hljóðbært vera í húsinu. Síðar sá hún ákærða og stúlku, sem var í fylgd með honum, í anddyri hússins, og virtist stúlkan mjög drukkin og hár hennar úfið. Er Grímheiður kom fyrir dóm, var ungfrú X farin af landi burt. Urðu þær því eigi leiddar saman fyrir dómi.

Að loknu dómprófi hinn 14. júlí 1957 var ákærði úrskurðaður í gæzluvarðhald. Sat hann í því til 16. s. m., er

hann var afhentur herstjórn Bandaríkjanna gegn loforði hennar um, að hann færi ekki úr landi og kæmi fyrir dóm, er þess væri krafizt. Hefur ákærði síðan sætt gæzlu á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hinn 15. júlí 1957 hefur héraðsdómari fært til þingbókar, að ungfrú X „hafi verið mjög miður sín í yfirheyrzlum hér og tekið þær augsýnilega mjög nærri sér. Hefur hún sérstaklega beðizt undan því að þurfa að sjá kærðan og verið skelfingu lostin, ef á það hefur verið minnzt. . . . Vegna þess, er nú var rakið, þykir óhjákvæmilegt að láta undan fallast að samprófa vitni þetta og kærðan". Hinn 16. júlí 1957 fór stúlkan síðan af landi burt með leyfi dómarans, án þess að samprófun hennar og ákærða væri reynd. Eigi verður séð, að héraðsdómari hafi leitað álits læknis um, hvort heilsa stúlkunnar leyfði samprófun eða ekki. Sama dag bar réttargæzlumaður ákærða, Benedikt Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, fram í dómi mótmæli gegn því, að ungfrú X hefði verið leyfð för úr landi, án þess að hún hefði áður verið samprófuð við ákærða, og vitnaði lögmaðurinn í því sambandi til ákvæða c-liðar 9. tl. 2. gr. samnings um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna frá 8. maí 1951, sbr. lög nr. 110/1951.

Prófum málsins var nú fram haldið með nokkrum hléum til 30. júlí 1957. Var málið síðan sent Dómsmálaráðuneyti til fyrirsagnar, og hinn 27. ágúst 1957 gaf dómsmálaráðherra út ákæruskjal á hendur ákærða. Var ákærði sakaður um að hafa laugardagskvöldið 13. júlí 1957 þröngvað stúlkunni X til holdlegs samræðis og það brot talið varða við 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940. Til vara er ákærði sakaður um að hafa með tilraun til nauðgunar brotið gegn 1. mgr. 194. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940. Héraðsdómari þingaði því næst í málinu hinn 5. september s. á., og var þá skipaður sækjandi málsins Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður og verjandi ákærða Benedikt Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður. Hinn 12. s. m. ritaði verjandi ákærða héraðsdómara og fór þess á leit, að framhaldsrannsókn yrði háð í málinu, m. a. samprófun vitnisins X og ákærða. Færi sú samprófun ekki fram, krafðist

verjandi frávísunar málsins frá sakadóminum vegna löglausrar meðferðar þess, sbr. fyrrgreind samningsákvæði og lög nr. 110/1951. Þá óskaði verjandi þess, að honum yrði „hið allra fyrsta tilkynnt, hvort sannprófun þessi muni fram fara". Er þingað var í málinu hinn 26. október 1957, var greint bréf verjanda lagt fram og svo umsögn sækjanda, dagsett 5. október 1957. Mótmælir sækjandi „því, að nokkrar aðstæður eða ástæður réttlæti það, að samprófunar sé nú leitað á framburðum nefnds vitnis og ákærða". Eftir að nokkur framhaldsrannsókn hafði verið framkvæmd í málinu að öðru leyti, sendi héraðsdómari hinn 19. nóvember 1957 Dómsmálaráðuneyti málið af nýju til umsagnar, sbr. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 27/1951. Með bréfi 3. desember s.l. afgreiddi ráðuneytið málið aftur til héraðsdómara. Ráðuneytið tekur í bréfi sínu eigi undir kröfu verjanda um samprófun þá, er að framan greinir, enda telur það skort slíkrar samprófunar ekki eiga að varða frávísun máls. Enn er þingað í málinu 11. desember 1957. Lýsti dómari því þá, að tilteknar kröfur verjanda, þar á meðal krafa hans um umrædda samprófun, yrðu ekki teknar til greina. Verjandi ítrekaði þá kröfu sína um frávísun málsins frá sakadómi, en sækjandi andmælti þeirri kröfu. Héraðsdómari hratt frávísunarkröfunni því næst með úrskurði 12. desember 1957. Verjandi hefur nú kært þann úrskurð með kæru 17. desember s.l., og hefur dómsmálaráðherra samþykkt kæruna með bréfi 24. s. m., sbr. 3. mgr. 124. gr. laga nr. 27/1951. Hæstarétti bárust skjöl málsins hinn 31. f. m.

Hinn 5. maí 1951 gerðu ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna með sér samning um varnir Íslands og dvöl herliðs frá Bandaríkjunum á Íslandi. Sömu aðiljar gerðu síðan hinn 8. maí 1951 viðbótarsamning um réttarstöðu greinds herliðs hér á landi. Samningum þessum var gefið lagagildi með lögum nr. 110/1951. Í viðbótarsamningnum er kveðið á um lögsögu Íslands og Bandaríkjanna, að því er tiltekin brotamál varðar, og réttindi og skyldur einstaklinga og stjórnvalda í því sambandi. Samkvæmt ákvæðum b-liðar 2. tl. 2. gr. samningsins er svo kveðið á, að íslenzk stjórn-

völd hafi „lögsögu yfir mönnum í liði Bandaríkjanna, að því er varðar brot, sem framin eru á Íslandi og refsiverð eru að íslenzkum lögum". Í 9. tl. sömu greinar samnings þessa segir m. a. svo:

„Þegar maður í liði Bandaríkjanna eða maður úr skylduliði hans er sóttur til sakar og íslenzk stjórnvöld fara með lögsögu, á hann rétt á því:

a. að rannsókn og saksókn sé hraðað . . .

c. að hann og vitni, sem bera gegn honum, séu samspurð".

Samkvæmt greindum ákvæðum b-liðar 2. tl. og b-liðar 4. tl. 2. gr. samningsins bar lögsögu um sök þá, sem hér er um að tefla, undir íslenzk stjórnvöld og íslenzka dómstóla. Var málið því réttilega upp tekið á þeim vettvangi, enda væri gætt gildandi lagaboða um meðferð málsins, þ. á m. þeirra ákvæða 9. tl. 2. gr., sem að framan eru rakin. En á því hefur orðið mikill misbrestur. Á málinu hefur orðið óhæfilegur dráttur og rannsókn þess í ýmsum atriðum verið áfátt. En höfuðgalli er það á rannsókninni, að samprófun ákærða og stúlku þeirrar, er bar hann sökum, fórst fyrir. Hafa gild rök engan veginn verið færð að því, að sú samnprófun hefði eigi mátt takast. En þar sem stúlkan, sem eindregið hefur undan samprófun skorazt, er eigi hér á landi, og kröfum verjanda, er hér að lúta og áður er lýst, hefur í engu verið sinnt, þá þykir, eins og nú er komið, skorta skilyrði til þess, að dómur verði lagður á sakarefni. Verður málinu því vísað frá héraðsdómi og allur kostnaður málsins í héraði og fyrir Hæstarétti lagður á ríkissjóð, þar á meðal laun sækjanda, kr. 3500.00, og laun verjanda, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun sækjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00, og laun verjanda, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1957.

Ár 1957, fimmtudaginn 12. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp úrskurður í málinu ákæruvaldið gegn Y. Af hálfu ákærða hafði þess verið krafizt, að málinu yrði vísað frá dómi, og var málið tekið til dóms eða úrskurðar í gærdag.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 27. ágúst s.l. Það er risið af kæru enskrar stúlku, X, er var á ferð hér í sumar, en hún kvaðst hafa orðið fyrir nauðgun eða nauðgunartilraun af hálfu ákærða, Y, höfuðsmanns í flugher Bandaríkjanna, að kveldi hins 13. júlí. Rannsókn í málinu hófst næsta dag, 14. júlí, og þann dag og hinn 15. s. m. kom X fyrir dóm, en hún fór úr landi að morgni hins 16. júlí og hefur ekki komið hingað síðan.

Í framburði sínum greindi ákærða og vitnið X mjög á í meginatriðum. Þau voru þó eigi samprófuð. Var sú ástæða til þess, að vitnið var mjög miður sín og tók yfirheyrslurnar mjög nærri sér. Sérstaklega var hún skelfd, ef á það var minnzt, að hún þyrfti að koma fyrir dóm með ákærða. Taldi dómarinn engan veginn á það hættandi með tilliti til heilsu hennar að láta samprófun fara fram, eins og á stóð, og ekki þótti fært að hindra brottför vitnisins úr landi um ófyrirsjáanlegan tíma.

Verjandi ákærða hefur borið fram kröfu um, að málinu verði vísað frá dómi, með því að ekki hafi verið gætt skýlausra fyrirmæla c-liðs 9. tl. 2. gr. fylgiskjals II með lögum nr. 110/1951.

Dómarinn lítur svo á, að það geti aldrei varðað frávísun máls frá dómi, að ekki hafi verið gætt ákvæða laga um samprófanir, en í þessu tilfelli verður að telja, að það hafi verið löglegt að láta samprófun undan fallast, samanber það, er áður var rakið. Samkvæmt þessu verður frávísunarkrafan ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa ákærða verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 13. janúar 1958.

Nr. 217/1957. **Brandur Brynjólfsson**
gegn
Sæmundi Þórðarsyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá dómi. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. desember f. á., sem barst Hæstarétti 23. s. m., hefur sóknaraðili kært frávísunardóm, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Hafnarfjarðar 16. nóvember f. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Sóknaraðilja barst eigi vitneskja um dóminn fyrr en 12. desember f. á.

Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili, sem reisir dómkröfur sínar í héraði á ákvæðum 74. gr. víxillaga nr. 93/1933, hefur ekki gert neina grein fyrir viðskiptum þeim, er lágu að baki víxilkröfunni. Vegna þessarar vanreifunar var því rétt að vísa málinu frá dómi. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Brandur Brynjólfsson, greiði varnaraðilja, Sæmundi Þórðarsyni, kr. 1000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 16. nóvember 1957.

Ár 1957, laugardaginn 16. nóvember, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 11. nóvember.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar með stefnu, útgefinni 6. apríl s.l., af Brandi Brynjólfssyni, Austurstræti 12, Reykjavík, gegn Sæmundi Þórðarsyni stórkaupmanni, Merkurgötu 3, hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 4365.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 28. desember 1947 til 28. desember 1950 og málskostnaðar að mati dómarans.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnandans og til vara, að málinu verði vísað frá dómi vegna vanreifunar og í báðum tilfellum er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda og til vara, að hann verði látinn falla niður.

Við munnlegan flutning málsins féll umboðsmaður stefnda frá aðalkröfu sinni í greinargerð og krafðist þess, að málinu yrði vísað frá dómi vegna vanreifunar, og samþykkti stefnandi, að munnlegur málflutningur færi aðeins fram um frávísunarkröfuna. Þá krafðist stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi málsins, Brandur Brynjólfsson, hefur lagt fram í máli þessu víxil, að fjárhæð kr. 4365.50, útgefinn í Reykjavík 28. október 1947 af stefnanda, Brandi Brynjólfssyni, og samþykktan til greiðslu af Sæmundi Þórðarsyni hinn 28. desember 1947. Víxillinn skyldi greiðast í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík. Þar sem stefnandi telur víxil þenna ógreiddan, hefur hann höfðað mál þetta samkvæmt heimild í 74. gr. víxillaganna nr. 93 frá 1933, þar eð víxilrétturinn er fyrndur.

Umboðsmaður stefnda reisir frávísunarkröfu sína á því, að stefnandi verði að sanna, að hann hafi átt víxilinn eða einhver, sem hann hefur fengið víxilinn hjá, er víxilrétturinn glataðist og að þá hafi legið lögmæt krafa bak við hann. Mótmælir umboðsmaður stefnda því eindregið, að stefnandi uppfylli að þessu leyti skilyrði 74. gr. víxillaganna. Segir hann, að víxillinn hafi komið úr vörzlu stefnda um það leyti, er víxilrétturinn var fyrndur, annaðhvort slæðzt burt í öðrum plöggum Guðmundar H. Þórðarsonar eða verið tekinn ófrjálsri hendi. Auk þess hafi engin lögskipti eða skuldakrafa legið á bak við víxilinn og því séu skilyrði 74. gr. víxillaganna um, að víxilhafi biði tjón, ef fjárheimtan félli niður, heldur ekki fyrir hendi. Víxilblaðið hafi legið hjá stefnda óútgefið, en átt að seljast í banka, sem þó ekki hafi orðið af.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ekki sé nauðsynlegt að minnast einu orði á þau viðskipti, sem bak við víxilkröfuna liggja. Hér sé aðeins um stefnda að ræða, sem myndi

hagnast á kostnað víxileiganda, ef fjárheimtan félli niður vegna fyrningar á víxilréttinum. Til þess að krefja skuld samkvæmt 74. gr. víxillaganna sé handhöfn víxils ekki nauðsynleg, ef stefnandi sannar, að hann hafi átt víxilinn, er víxilrétturinn fyrntist, eða hefur framsal kröfunnar frá slíkum. Handhöfn í samræmi við framsöl sé talin næg sönnun þess, að viðkomandi hafi átt víxilinn, er víxilrétturinn fyrntist, eða að hann sé handhafi réttar samkvæmt 74. gr. víxillaganna.

Eins og fram kemur af því, sem hér hefur verið rakið, byggir stefnandi kröfu sína í málinu um greiðslu víxilfjárhæðar samkvæmt heimild í 74. gr. víxillaga, eftir að víxilréttur er fyrndur.

Sá, sem bera vill þessa heimild fyrir sig, verður að sanna, að hann hafi átt víxilinn, áður en víxilrétturinn glataðist, með því að í tilvitnaðri grein segir, að „eiganda víxils sé rétt að sækja víxilskuldara um þá fjárhæð, er hann myndi vinna honum úr hendi, ef fjárheimtan félli niður, sem um hverja aðra skuld".

Ekki verður fallizt á, að handhöfn víxilsins ein skeri nægilega úr um þetta atriði gegn upplýsingum af hálfu stefnda í gagnstæða átt. Það verður og að teljast ótrúlegur dráttur af hálfu stefnanda, sem er lögfræðingur, að láta víxilinn fyrnast í höndum sér og kröfuna síðan liggja aðgerðarlaust hjá sér í meira en 6 ár, og er engin skýring gefin á þessu í málinu.

Með vísun til þessa telur dómurinn bresta á um fullnægjandi upplýsingar varðandi eignarrétt stefnanda að víxlinum, áður en víxilrétturinn glataðist eða hvernig víxillinn komst í hans eign, og ber því að vísa málinu frá dómi vegna vanreifunar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:
Framangreindu máli vísast frá dómi.
Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 15. janúar 1958.

Nr. 139/1956. **Bæjarútgerð Reykjavíkur**
gegn
Sigurd Hentze

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna riftunar á vinnusamningi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara, að honum verði dæmt að greiða stefnda kr. 2285.94 með 6% ársvöxtum frá 11. desember 1954 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnda, Sigurd Hentze, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. júní 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. f. m., hefur Ágúst Fjeldsted hrl., hér í bæ, f. h. Sigurd Hentze, sjómanns frá Þórshöfn í Færeyjum, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 11. desember 1954, gegn Bæjarútgerð Reykjavíkur, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 13.333.00, auk 6% ársvaxta frá 3. júní 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi til vara bóta eftir mati dómsins, en hélt fast við kröfur sínar í stefnu að öðru leyti.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara hefur stefndi krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 6.804.25 og til þrautavara gegn greiðslu á kr. 10.697.94.

Málavextir eru þessir:

Í marzmánuði 1954 gekk erfiðlega fyrir stefnda að fá sjómenn á þá togara sína, sem gerðir voru út á saltfiskveiðar. Sneri annar framkvæmdastjóra stefnda, Jón Axel Pétursson, sér af því tilefni til Ragnars Stefánssonar, starfsmanns Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, og mæltist til þess, að hann reyndi að útvega stefnda togarasjómenn frá Færeyjum, en Ragnar hafði í febrúar þá um veturinn útvegað nokkra sjómenn þaðan á togarann Ísólf frá Seyðisfirði, og var ráðningartími þeirra frá þeim tíma og þar til 31. maí um vorið. Ragnar tók að sér að reyna þetta, að hann segir í greiðaskyni við stefnda. Hinn 2. apríl 1954 sendi hann kunningja sínum í Færeyjum, Ole Jacob Jensen, símskeyti þess efnis, að stefndi óskaði eftir með næstu ferð Dr. Alexandrine allt að 20 duglegum togarasjómönnum, er væru góðir flakarar og hefðu þekkingu á veiðarfærum til togveiða. Þá segir í skeytinu, að veiðitímanum ljúki fyrst 30. júní. Daginn eftir, eða hinn 3. apríl, sendi Ragnar sama manni enn skeyti á þá leið, að nauðsynlegt væri að ráða minnst 20 menn, færri mætti þó nota, skilyrði sömu og áður og afskráning fyrst 30. júní. Beðið er nú um, að skeyti verði sent um það, hve margir menn fáist, eigi að greiða farseðla þeirra héðan, áður en skipið fari frá Þórshöfn og lögð áherzla á, að gert sé hið ítrasta til að útvega sem flesta menn. Hinn 4. apríl símar Ole Jacob Jensen Ragnari, að enn hafi aðeins fengizt 7 menn, en haldið sé áfram að reyna, skipið fari frá Þórshöfn seint daginn eftir og beðið er um, að nægilegt af farseðlum séu símsendir skrifstofu skipsins þar. Samdægurs símaði Ragnar manni þessum, að 20 farseðlar hefðu verið greiddir og biður jafnframt um, að reynt sé að útvega menn á Suðurey.

Í Færeyjum tókst að ráða hingað 16 sjómenn. Komu þeir til Reykjavíkur með Dr. Alexandrine hinn 8. apríl 1954, og var stefnandi einn þeirra. Að kvöldi sama dags átti einn af togurum stefnda, Þorsteinn Ingólfsson, að fara á veiðar, og var til þess ætlazt, að Færeyingarnir færu á það skip. Þegar að því kom,

var orðið ljóst, að íslenzkir sjómenn, sem staddir voru niður við höfn, beittu sér mjög gegn því, að Færeyingarnir yrðu skráðir á skipið. Jafnframt hafði Færeyingunum verið tilkynnt, að Sjómannafélag Reykjavíkur væri andvígt því, að þeir færu til starfa á togara frá Reykjavík. Leiddi þetta til þess, að Færeyingarnir treystust ekki til að fara út í b/v Þorstein Ingólfsson gegn andstöðu íslenzkra stéttarbræðra sinna, enda óttuðust þeir og, að til ofbeldisaðgerða kynni að koma, ef þeir yrðu fluttir í skipið undir lögregluvernd, en stefndi kveðst hafa boðizt til að láta þeim hana í té. Brottför togarans var nú frestað um sinn, og á meðan fóru fram viðræður milli sendiritara danska sendiráðsins í Reykjavík af hálfu Færeyinganna og fulltrúa stefnda um lausn málsins. Til mála kom, að Færeyingarnir færu aftur heim til sín með Dr. Alexandrine, er hélt héðan áleiðis til Danmerkur að kvöldi hins 9. apríl, og varð það úr, að einn þeirra snéri aftur með skipinu, en hinir 15 biðu átekta. Þetta sama kvöld voru þeir síðan allir, að undanteknum sjómanni að nafni Alf Petersen, fluttir út í b/v Þorstein Ingólfsson, er þá lá hér á ytri höfninni, og skráðir hásetar á skipið. Hélt skipið svo í veiðiför.

Þegar togari stefnda, Skúli Magnússon, kom af veiðum hinn 10. apríl, sögðu flestir háseta skipsins upp skiprúmi. Hið sama gerðu einnig flestir hásetar á skipi stefnda, b/v Jóni Þorlákssyni, er það kom af veiðum að kvöldi hins 11. apríl. Þessum uppsögnum hásetanna fylgdu þau skilaboð til stefnda, að uppsagnirnar væru gerðar til þess að mótmæla því, að færeyskir sjómenn væru ráðnir á togara hennar. Var stefnda um það kunnugt, að Sjómannafélag Reykjavíkur hafði sent skeyti í skip þessi, og telur stefndi, að afstaða Sjómannafélagsins hafi verið orsök þess, að hásetarnir sögðu upp. Stefnda þótti nú ekki annað sýnna en íslenzkir sjómenn myndu þannig stöðva alla togara hennar og jafnvel alla aðra togara, sem gerðir voru út frá Reykjavík. Tók stefndi því það ráð að kalla b/v Þorstein Ingólfsson inn til Reykjavíkur, og kom skipið í höfn aðfaranótt þriðjudagsins 13. apríl. Þegar hingað kom, voru Færeyingarnir látnir víkja af skipinu, og varð síðar um daginn engin fyrirstaða á því, að hásetarnir á b/v Skúla Magnússyni og b/v Jóni Þorlákssyni létu skrá sig á skipin aftur.

Þegar er þetta vitnaðist, bárust stefnda fyrirspurn um það frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, hvort hægt myndi að fá Færeyingana til starfa á vélbátaflotanum, en þar vantaði

tilfinnanlega sjómenn. Var þessa farið á leit við Færeyingana, en þeir töldu sig ekki hingað komna til þess að vinna á vélbátum og reyndist enginn þeirra fáanlegur til þess að ráða sig á vélbáta.

Þá barst stefnda beiðni um það frá forstjóra Bæjarútgerðar Vestmannaeyja að ráða, ef unnt væri, að minnsta kosti 7 Færeyinga á togara hennar, Vilborgu Herjólfsdóttur. Af Færeyingunum gáfu 6 kost á því að ráðast á nefnt skip, og var stefnandi meðal þeirra. Þessir 6 menn settu hins vegar það skilyrði, að stefndi ábyrgðist þeim skiprúm á skipinu til júníloka, þar sem þeir töldu ráðning þeirra á skip stefnda gilti til þess tíma. Á það skilyrði vildi stefndi ekki fallast, en bauðst til, að því er hún taldi um skyldu fram, að ábyrgjast þeim skiprúm til maíloka. Þar sem forstjóri Bæjarútgerðar Vestmannaeyja vildi heldur ekki ráða menn þessa lengur en til þess tíma, varð ekki af samningum.

Þegar séð varð, að ekki fékkst vinnufriður fyrir Færeyingana á togurum stefnda og ekki tókust samningar um að ráða þá á önnur skip, hófst stefndi handa um að fá heppilega ferð fyrir þá heim til Færeyja. Meðan á þeim undirbúningi stóð, fóru fram sáttaumleitanir milli danska sendiráðsins af hálfu Færeyinganna 15 og stefnda um skaðabótakröfu, sem þeir töldu sig eiga á hendur henni vegna samningsrofa. Við sáttaumleitanirnar gerði hver Færeyinganna kröfu til að fá greiddar a.m.k. kr. 4000.00 í skaðabætur fyrir samningsrof, auk þeirra launa, sem þeir, er fóru hina stuttu veiðiför með b/v Þorsteini Ingólfssyni, höfðu unnið fyrir. Stefndi bauðst til að greiða hverjum Færeyingi í laun og sárabætur kr. 1500.00, án þess að viðurkenna bótaskyldu sína, en því höfnuðu Færeyingarnir. Varð því ekki af sáttum. Tók enginn Færeyinganna við meiru en því, sem honum bar fyrir umrædda veiðiför, en auk þess greiddi stefndi áðurnefndum Alf Petersen laun, eins og hann hefði tekið þátt í veiðiförinni. Þá greiddi stefndi fargjöld Færeyinganna héðan frá Reykjavík til Þórshafnar, en þeir héldu heimleiðis hinn 17. apríl.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að fyrir milligöngu þeirra Ragnars Stefánssonar og Ole Jacob Jensen hafi komizt á bindandi samningur milli hans og stefnda um skiprúm honum til handa sem háseta á togurum stefnda við saltfiskveiðar, frá því hann kæmi hingað til lands í apríl 1954 og til 30. júní s. á. Stefndi hafi ekki getað staðið við ráðningarsamninginn af sinni

hálfu og sé því skaðabótaskyld. Miðar stefnandi skaðabótakröfu sína í stefnu við það, að hann hefði haft kr. 5000.00 í tekjur á mánuði frá 9. apríl 1954, er skráð var á b/v Þorstein Ingólfsson, og til loka ráðningartímans, en við þessa kröfugerð athugast, að stefnandi hafði áður en málið var höfðað þegar fengið greitt kaup fyrir dagana 9.—13. apríl, að báðum dögum meðtöldum.

Stefndi reisir sýknukröfuna á því, að bindandi ráðningarsamningur hafi ekki komizt á milli hennar og stefnanda og hinna annarra Færeyinga. Engin símskeyti hafi farið fram milli hennar og Færeyinganna og enginn samningur við þá gerður annar en skiprúmssamningur á b/v Þorsteini Ingólfssyni, sem lögum samkvæmt hafi verið uppsegjanlegur með sólarhrings fyrirvara. Telur stefndi, að fyrrnefndur Ragnar Stefánsson hafi aðeins haft heimild til að útvega færeyska sjómenn hingað, er síðan kynnu að verða ráðnir á togara hennar. Þá mótmælir stefndi því sérstaklega, að heimilt hafi verið að ráða Færeyingana til 30. júní eða nokkurs ákveðins dags.

Oftnefndur Ragnar Stefánsson hefur komið fyrir dóm sem vitni og borið það, að það og annar framkvæmdastjóra stefnda, Jón Axel Pétursson, hafi í símtali, þegar framkvæmdastjórinn leitaði til þess um útvegun færeyskra sjómanna á skip stefnda, samið sameiginlega símskeyti það, er sent var 2. apríl 1954 og rakið hefur verið hér að framan. Þá kveðst vitnið hafa borið önnur skeyti, er það sendi í þessu sambandi, undir framkvæmdastjórann svo og svarskeyti frá Færeyjum. Hafi verið fullt samkomulag með því og framkvæmdastjóranum um það, að ráðningin væri til 30. júní. Telur vitni þetta, að útilokað hefði verið að ráða Færeyinga á togara hingað til lands, ef ráðningin hefði aðeins átt að gilda til vertíðarloka, þ. e. 11. maí.

Nefndur framkvæmdastjóri hefur einnig komið fyrir dóm. Hefur hann neitað því, að umrædd símskeyti hafi verið borin undir hann. Og sérstaklega hefur hann andmælt því, að hann hafi veitt Ragnari umboð til að ráða Færeyingana til 30. júní. Hins vegar hefur framkvæmdastjórinn viðurkennt að hafa látið svo um mælt við Ragnar, að þeir Færeyingar, sem ráðnir yrðu, gætu verið á skipum stefnda út vertíðina, að öllu óbreyttu. Þegar framkvæmdastjórinn var inntur eftir því, hvað átt væri með „út vertíðina", svaraði hann því til, að það væri „dálítið teygjanlegt og breytilegt frá ári til árs", en nánast væri um óákveðinn tíma að ræða.

Það er sýnt af framburðum Ragnars Stefánssonar og framkvæmdastjórans og aðgerðum stefnda, þegar Færeyingarnir komu hingað til lands, að Ragnar hefur haft heimild stefnda til að ráða þá sem háseta á togara hennar til saltfiskveiða.

Svo sem áður segir, voru 14 þeirra Færeyinga, sem hingað voru ráðnir, settir á b/v Þorstein Ingólfsson og skráðir hásetar á skipið til saltfiskveiða. Í málinu kemur fram, að þegar Færeyingarnir höfðu verið látnir víkja af skipinu, tókst að fá á það aðra áhöfn, og stundaði skipið síðan saltfiskveiðar þar til seint í júlí 1954. Þykir því nægilega í ljós leitt, sbr. framburð framkvæmdastjóra stefnda í þá átt, að ráða mætti Færeyingana „út vertíðina", að Ragnar Stefánsson hafi, eins og á stóð, haft heimild stefnda til að ráða Færeyinga á togara hennar til júníloka. Hefur því komizt á bindandi ráðningarsamningur milli Færeyinganna, þar á meðal stefnanda, og stefnda um skiprúm á togurum hennar frá þeim tíma, er þeir komu hingað í apríl 1954 til 30. júní s. á.

Af málavöxtum, sem raktir hafa verið hér að framan, er ljóst, að Færeyingarnir voru reiðubúnir til starfa á togurum stefnda út ráðningartíma sinn. Þeir 14, sem skráðir höfðu verið á b/v Þorsteinn Ingólfsson, voru látnir hrökklast þaðan vegna aðgerða íslenzkra sjómanna og Sjómannafélags Reykjavíkur. Þegar Færeyingarnir réðust hingað, máttu þeir treysta því, að þeim yrði tryggður vinnufriður hér. Það tókst ekki, og verður að leggja á stefnda ábyrgð á því. Hafa Færeyingarnir því öðlazt rétt til bóta úr hendi stefnda á tjóni, er þeir hafa beðið, vegna þess að hún treystist ekki til að efna ráðningarsamninginn af sinni hálfu.

Stefndi hefur í öðru lagi haldið því fram, að hún hafi orðið laus allra mála gagnvart Færeyingunum á þeim grundvelli, að hún hafi getað útvegað nokkrum þeirra skiprúm til maíloka á togara sambærilegum togara hennar, en þeir hafi hafnað því.

Á þetta verður ekki fallizt hjá stefnda. Telja verður, að Færeyingunum hafi verið óskylt að ráða sig á önnur, jafnvel sambærileg skip, hérlendis, nema þá því aðeins, að stefndi ábyrgðist þeim sömu kjör, þar á meðal að því er varðar starfstíma, sem giltu um ráðningu þeirra hjá stefnda. En svo sem áður segir, kom ekki til þess af hálfu stefnda.

Verður nú fjárhæð bótakröfu stefnanda tekin til athugunar

Stefnandi miðar varakröfu sína við umsamið fastakaup háseta á b/v Þorsteini Ingólfssyni án hlutar á tímabilinu frá 14.

apríl til 30. júní 1954. Þrautavarakröfuna miðar hann hins vegar við raunverulegar tekjur háseta á sama skipi á greindu tímabili, kr. 11.997.94, en dregur frá þeim kr. 1300.00 vegna sparaðs sjófataslits stefnanda á tímabilinu.

Rétt þykir að leggja til grundvallar tjóni stefnanda hinar raunverulegu tekjur háseta á nefndu skipi frá þeim tíma, er stefnandi var látinn víkja af því, og til loka ráðningartímans, eða frá 14. apríl til 30. júní 1954. Dómurinn hefur aflað sér upplýsinga um það frá Skattstofunni í Reykjavík, að togarasjómenn fá 10 króna frádrátt af tekjum sínum til skatts vegna sjófataslits fyrir hvern dag, sem þeir eru á sjó. Stefnandi sparaði sér sjófataslit í 78 daga, og er rétt af þeim sökum að draga kr. 780.00 frá áðurgreindum heildartekjum. Þá er fram komið í málinu, að stefnandi hefur heima í Færeyjum haft sem svarar ísl. kr. 2915.04 í tekjur á umræddu tímabil. Eiga þær einnig að koma til frádráttar áætluðum tekjum hans á togurum stefnda.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að stefnda verður dæmd til að greiða stefnanda kr. 11.977.94, að frádregnum kr. 3695.04 (780.00+2915.04) eða kr. 8302.90 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 1200.00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, ásamt meðdómsmönnunum Ragnari Jónssyni hrl. og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Vegna mikilla anna við borgardómaraembættið hefur dómur í máli þessu eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnanda, Ágústi Fjeldsted, f. h. Sigurd Hentze, kr. 8302.90 með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1954 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. janúar 1958.

Nr. 1/1958. **Ragnar Blöndal h/f**
gegn
Brandi Brynjólfssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kröfu um frávísun víxilmáls hrundið. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1957, er barst dóminum 3. þ. m. Hann krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til 49. gr. víxillaga nr. 93/1933 og að öðru leyti samkvæmt rökum hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ragnar Blöndal h/f, greiði varnaraðilja, Brandi Brynjólfssyni, kærumálskostnað, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 16. desember 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 25. f. m., hefur Brandur Brynjólfsson lögfræðingur, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, útgefinni 22. október s.l., gegn Ragnari Blöndal h/f, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 49.734.85 ásamt 7% ársvöxtum frá 11. desember 1954 til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 116.00 í afsagnarkostnað og málskostnaði af skaðlausu.

Stefndi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt víxli, útgefnum af Helga Benediktssyni, Vestmannaeyjum, hinn 28. ágúst 1954 og samþykktum af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h.f. til greiðslu hinn 11. desember 1954 í Útvegsbanka Íslands h.f. hér í bænum. Víxill þessi var afsagður sökum greiðslufalls hinn 14. desember 1954.

Stefndi hefur krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að víxil þann, sem mál þetta fjallar um, hafi stefndi greitt með nýjum víxli sömu fjárhæðar, útgefnum af Helga Benediktssyni hinn 28. desember 1954 og samþykktum af stefnda til greiðslu 12. febrúar 1955. Sá víxill hafi síðan verið greiddur Útvegsbanka Íslands h/f í sambandi við skuldaskil stefnda, en í stað þess að skila þá upprunalega víxlinum, þ. e. víxli þeim, er mál þetta fjallar um, þá hafi Helgi Benediktsson geymt hann, þar til hann gerði tilraun til að innheimta hann á síðastliðnu vori. Er það ekki tókst, hafi hann geymt víxilinn fram á síðastliðið haust, er hann virðist hafa framselt hann stefnanda máls þessa.

Reisir stefndi frávísunarkröfu sína á því, að í framsali Helga Benediktssonar til stefnanda á umræddum víxli felist ekki framsal víxilréttar, heldur sé þar um að ræða almennt framsal kröfu, sbr. 20. gr. víxillagannna. Krafa stefnanda sé því ekki víxilkrafa og beri að leggja málið fyrir sáttanefnd. Það hafi ekki verið gert, og beri því að vísa málinu frá dómi.

Stefnandi hefur krafizt þess, að hinni framkomnu frávísunarkröfu verði hrundið og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnda. Er því haldið fram af stefnanda, að í 2. málslið 20. gr. víxillaganna felist aðeins það, að sá, sem framselur víxil eftir gjalddaga, verði ekki víxilskuldari.

Víxill sá, sem mál þetta fjallar um, er gefinn út af Helga Benediktssyni og framseldur honum af Útvegsbanka Íslands. Næst er á víxlinum áritun útibús Útvegsbanka Íslands h.f. í Vestmannaeyjum, dagsett 23. september 1954. Þá er á víxlinum vottorð um afsögn vegna greiðslufalls, dagsett 16. desember 1954, en samkvæmt afsagnargerð, sem fest er við víxilinn, hefur afsögn farið fram hinn 14. desember 1954. Á víxilinn hefur verið ritað af hálfu Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum, að hann hafi verið greiddur hinn 28. desember 1954, en í þá áritun hefur verið ritað, að víxillinn hafi verið greiddur af útgefanda,

og hefur eigi verið véfengt í málinu, að svo sé. Þá er að lokum svohljóðandi framsal á víxlinum, undirritað af útgefanda: „Framselt handhafa með skírskorun til áritunar Útvegsbankans án ábyrgðar fyrir framseljanda".

Plagg það, sem stefnt er til greiðslu á í máli þessu, er víxill að lögum. Framseljandi öðlaðist sem útgefandi víxilsins við innlausn hans víxilrétt á hendur samþykkjanda. Verður eigi annað séð, þrátt fyrir áðurgreint ákvæði 20. gr. víxillaganna, en að stefnandi geti sem framsalshafi rekið mál út af víxlinum sem víxilmál og verður því frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Rétt þykir, að ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins bíði, þar til væntanlegur efnisdómur gengur í málinu.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna, en sökum anna hefur orðið dráttur á uppkvaðningu hans.

Því úrskurðast:

Hin framkomna frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 20. janúar 1958.

Nr. 170/1956. **Árni Guðmundsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Guðmundi Guðnasyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Mál til heimtu verðlagsuppbótar samkvæmt kjarasamningi. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-

kostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hinn 1. febrúar 1951 framlengdu útgerðarmenn í Súðavík og Verkalýðs- og sjómannafélag Álftfirðinga kjarasamning, sem áður hafði gilt þeirra á milli. Jafnframt voru gerðar nokkrar breytingar á samningnum. Upphaflegi samningurinn hefur ekki komið fram í máli þessu, en í viðbótarsamningum frá 1. febrúar 1951 er tekið fram, að kauptrygging sjómanna á vetrarvertíð skuli vera kr. 1500.00 á mánuði án verðlagsuppbótar. En taki hlutatryggingasjóður línubáta til starfa og greiðsla fáist úr honum til útgerðarinnar, skuli greidd full verðlagsuppbót. Með því að hlutatryggingasjóður tók til starfa árið 1951, fengu sjómenn greidda árið 1952 fulla verðlagsuppbót á kauptryggingu fyrir vertíðina 1951. Eru aðiljar sammála um, að framlög úr sjóðnum hafi þá nægt til greiðslu á allri verðlagsuppbótinni.

Hinn 1. janúar 1952 framlengdu fyrrgreindir aðiljar enn kjarasamninginn með milligöngu hreppsnefndar. Voru þá sett svofelld ný ákvæði um kauptryggingu á vetrarvertíð 1952:

„Útborgaður hlutur greiðist mánaðarlega í peningum og það, sem til vantar, allt að kr. 1500.00, greiðist aldrei síðar en 10. hvers mánaðar. Mismunur á hluta og tryggingu sé greiddur í peningum, séu þeir fyrir hendi, annars með ávísun á vöruúttekt í verzlunum með ábyrgð hreppsnefndar.

Förum ekki fram á, að trygging verði lækkuð, vegna þess að hlutatryggingasjóður mun taka til starfa og greiða eftir sínum reglum. Væntum hins vegar, að sjómenn krefji útgerðina ekki um hærri upphæð mánaðarlega en kr. 1500.00, þangað til hlutatryggingasjóður greiðir út."

Áfrýjandi var aðili að kjarasamningnum og gerði út bát frá Súðavík á vetrarvertíð 1952. Stefndi var skipverji á bátnum. Fékk hann greidda grunnupphæð kauptryggingarinnar, kr. 1500.00 á mánuði, og auk þess tiltölulegan hluta af framlagi því, sem bátnum var úthlutað úr hlutatryggingasjóði fyrir vetrarvertíðina 1952. Skorti þá kr. 2546.24 upp á það, að full verðlagsuppbót kæmi til viðbótar grunn-

upphæðinni. Er það fjárhæð sú, sem áfrýjandi er krafinn um í máli þessu.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að samkvæmt viðbótarsamningnum frá 1. janúar 1952 hafi sjómenn átt að bera áhættuna af því, ef framlag úr hlutatryggingasjóði nægði ekki til greiðslu fullrar verðlagsuppbótar. Þessi skilningur hefur þó ekki stoð í orðalagi samningsins. Það er hvorttveggja, að í samningnum er því lýst af hálfu útgerðarmanna, að þeir muni ekki fara fram á, að trygging verði lækkuð, og að þeir vænta þess aðeins, að þeir verði ekki krafðir um verðlagsuppbót, fyrr en þeim hafi borizt framlög úr hlutatryggingasjóði. Þegar einnig er haft í huga, að útgerðarmenn höfðu árið 1951 lofað fullri verðlagsuppbót, ef þeir fengju framlög úr hlutatryggingasjóði, þá ber að fallast á þá skýringu héraðsdóms á samningnum frá 1. janúar 1952, að hann hafi veitt sjómönnum rétt til fullrar verðlagsuppbótar úr hendi útgerðarmanna. Þrír hreppsnefndarmenn, sem höfðu milligöngu um samningsgerðina, hafa að vísu borið, að þeir hafi litið svo á, að upphæð verðlagsuppbótar ætti að takmarkast við framlög úr hlutatryggingasjóði, en gegn mótmælum forráðamanns Verkalýðs- og sjómannafélagsins, sem af þess hálfu stóð að samningsgerðinni, hafa ekki verið leiddar sönnur að því, að hann hafi þá fallizt á þenna skilning né að þetta atriði hafi yfirleitt komið til umræðu við samningsgerðina.

Áfrýjandi hefur einnig borið það fyrir sig, að stefndi hafi ekki gert neinn fyrirvara um frekari greiðslu, er áfrýjandi galt honum árið 1953 tiltölulegan hluta af framlagi hlutatryggingasjóðs. En þegar af þeirri ástæðu, að hér er um að ræða kröfu samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags við atvinnurekanda, sem ákvæði 7. gr. laga nr. 80/1938 taka til, þá verður ekki talið, að stefndi hafi með fyrirvaralausri kvittun firrt sig rétti til fullrar greiðslu.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Árni Guðmundsson, greiði stefnda, Guðmundi Guðnasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar og Jóns Ásbjörnssonar.

Fjórir hreppsnefndarmenn Súðavíkurhrepps hafa gefið skýrslu í máli þessu um aðdraganda samninga útgerðarmanna og sjómanna frá 1. febrúar 1951 og 1. janúar 1952, sem koma til álita í máli þessu. Segja hreppsnefndarmenn þessir, að svo mikil aflatregða hafi verið á árunum 1950—54, að útgerðarmenn báta hafi eigi treyst sér til að standa straum af útgerð og taka á sig fulla kauptryggingu. Voði hafi því verið fyrir dyrum og hreppsnefndin reynt að finna leiðir til að koma bátunum á flot. Menn hafi vonað, að framlög úr hlutatryggingarsjóði, sem átti þá bráðlega að hefja starfsemi, myndi bjarga málum. Hafi útgerðarmenn því verið undanþegnir að greiða verðlagsuppbót á kauptryggingu, en sjómönnum áskilinn forgangsréttur til greiðslna úr hlutatryggingarsjóði til lúkningar á verðlagsuppbót. Samningur útgerðarmanna og sjómanna frá 1. febrúar 1951 er í samræmi við þessa skýrslu hreppsnefndarmanna. Í samningnum er svo mælt, að trygging sjómanna skuli vera kr. 1500.00 á mánuði án verðlagsuppbótar og greiðast mánaðarlega, en taki hlutatryggingarsjóður línubáta til starfa og greiðsla fáist úr honum, skuli greiða fulla verðlagsuppbót á tryggginguna. Hin eina eðlilega skýring þessa ákvæðis er sú, að útgerðarmenn skuli eigi bera ábyrgð á verðlagsuppbót, heldur skuli greiða hana af framlagi hlutatryggingarsjóðs, eftir því sem til hrekkur.

Samningur var gerður fyrir atbeina hreppsnefndar hinn 1. janúar 1952 til viðbótar við samninginn frá 1. febrúar

1951. Skyldi viðbótarsamningurinn gilda um tímabilið frá 1. janúar 1952 til 15. maí s. á. Í viðbótarsamningnum er mælt, að útborgaður hlutur skuli vera kr. 1500.00, og kveðið á, hversu greiða skuli og um ábyrgð hreppsnefndar á honum. Síðan lýsa útgerðarmenn, að þeir fari eigi fram á lækkun tryggingar, „vegna þess að hlutatryggingarsjóður mun taka til starfa og greiða eftir sínum reglum". Loks segir, að útgerðarmenn vænti þess, „að sjómenn krefji útgerðina ekki um hærri upphæð mánaðarlega en kr. 1500.00, þangað til hlutatryggingarsjóður greiðir út". Af hendi áfrýjanda er staðhæft, að ummæli þessi tákni einungis skyldu útgerðarmanna til að standa sjómönnum skil á styrk þeim, sem kynni að fást úr hlutatryggingarsjóði, en með þeim hafi útgerðarmenn eigi horfið frá undanþágu þeirri frá greiðslu verðlagsuppbótar, sem þeim var áskilin í samningnum frá 1. febrúar 1951, enda hafi sá samningur eigi verið úr gildi numinn. Hinir fjórir hreppsnefndarmenn, sem atbeina veittu við samningsgerðina, staðhæfa, að útgerðarmenn hafi verið undanþegnir ábyrgð á verðlagsuppbót, bæði þá er samningurinn 1. febrúar 1951 og samningurinn 1. janúar 1952 voru gerðir. Verðlagsuppbót til sjómanna hafi verið bundin við framlög úr hlutatryggingarsjóði, en til þeirra hafi sjómönnum verið áskilinn forgangsréttur. Tveir þessara hreppsnefndarmanna, sem fyrir dóm hafa verið kvaddir, hafa staðfest skýrslu hreppsnefndarmanna með vætti sínu.

Hreppsnefndarmenn máttu gerzt vita, hvað vakti fyrir þeim, sem stóðu að samningnum 1. janúar 1952, þar sem sá samningur var gerður fyrir tilhlutan hreppsnefndar. Hreppsnefndin var hér hlutlaus milligönguaðili, og hefur ekkert komið fram, sem veiki skýrslu hennar í málinu. Orðalag samningsins 1. janúar 1952 er að vísu óljóst, en skýtur alls eigi loku fyrir, að framburður hreppsnefndarmanna sé til grundvallar lagður.

Með skírskotun til þess, sem nú var rakið, svo og þess, að stefndi hefur sýnt mikið tómlæti um höfðun máls þessa, þykir eiga að sýkna áfrýjanda af kröfum hans í málinu.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð okkar verður því:

Áfrýjandi, Árni Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðmundar Guðnasonar, í máli þessu.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar 8. ágúst 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 8. ágúst, var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af hinum reglulega formanni dómsins, Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, og sjódómsmönnunum Stefáni Bjarnasyni skipstjóra og Símoni Helgasyni hafnarverði, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 28. júní s.l.

Mál þetta er höfðað af Verkalýðs- og sjómannafélagi Álftfirðinga, Súðavík, f. h. Guðmundar Guðnasonar sjómanns, Súðavík, með stefnu útgefinni 7. des. 1955, gegn Árna Guðmundssyni útgerðarmanni, Súðavík.

Málið var höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Ísafjarðarsýslu, Súðavíkurþinghá, en samkomulag varð um að reka málið fyrir sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar.

Dómkröfur stefnanda voru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á eftirstöðvum af kauptryggingu Guðmundar Guðnasonar sjómanns, Súðavík, að fjárhæð kr. 2.982.51, svo og orlofsfé kr. 472.00, alls kr. 3.454.51, ásamt 6% ársvöxtum frá 28. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Á síðara stigi málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar um kr. 436.27 eða í kr. 2.546.24 og orlofsféð um kr. 180.00 eða kr. 292.00, alls í kr. 2838.24.

Þá krefst stefnandi þess, að sér verði dæmdur sjóveðréttur í v/b Val Í.S. 420 fyrir dæmdum kröfum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Stefnandi gerði upphaflega kröfu um, að málinu yrði vísað frá dómi, en féll síðar frá þeirri kröfu.

Málavextir eru þessir:

Umbjóðandi stefnanda í máli þessu, Guðmundur Guðnason, var

skipverji á v/b Val Í.S. 420, eign stefnda o. fl., á vetrarvertíð 1952.

Stefndi hefur greitt Guðmundi í kaup fyrir vertíðina kr. 6.893.76 og orlofsfé kr. 180.00 og telur hann það fullnaðargreiðslu samkvæmt samkomulagi útgerðarfyrirtækja í Súðavík og Verkalýðs- og sjómannafélags Álftfirðinga frá 1. jan. 1952.

Stefnandi telur hins vegar, að stefndi eigi enn ógreitt kaup, kr. 2.546.24 og kr. 292.00 í orlofsfé, sem er stefnukrafan í máli þessu.

Stefnandi hefur rökstutt kröfur sínar með því, að Guðmundur Guðnason hafi átt samkvæmt samningi að hafa kr. 1500.00 í kauptryggingu á mánuði í grunnlaun og vísitöluuppbót á þá upphæð. Hann var háseti á v/b Val í 53 daga í janúar og febrúar og var þá vísitalan 144 stig, og eftir 1. marz í 76 daga, en þá var vísitalan 148 stig. Samkvæmt því var kauptrygging hans alla vertíðina kr. 9.440.00, auk 5% orlofsfjár.

Samningur um kaup og kjör sjómanna í Súðavík á vetrarvertíð 1952 er frá 1. febrúar 1951. (Dómsskj. nr. 17 og 11). Samkvæmt honum var kauptrygging sjómanna kr. 1500.00, án verðlagsuppbótar, sem greiddist mánaðarlega.

Auk þess segir í 3. grein samningsins, að taki hlutatryggingasjóður línubáta til starfa og greiðsla fáist úr honum til útgerðarinnar, greiðist full verðlagsuppbót á trygginguna. Á árinu 1951 var ákveðið, að hlutatryggingasjóður bátaútvegsins tæki til starfa og ákveðið, að greiðslur til bátaútvegsins úr sjóðnum skuli taka til tímabilsins frá 1. janúar 1951. Útgerðarmenn fengu enga greiðslu úr hlutatryggingasjóði á árinu 1951, en í apríl og september 1952 fengu þeir greiðslur, og þar á meðal stefndi í máli þessu vegna v/b Vals, og greiddu þeir þá sjómönnum fulla vísitöluuppbót á kauptryggingu á vetrarvertíð 1951.

Með samkomulagi milli útgerðarfyrirtækja í Súðavík og Verkalýðs- og sjómannafélags Álftfirðinga, dagsettu 1. janúar 1952, voru gerðar nokkrar breytingar á fyrrnefndum samningi frá 1. febrúar 1951. Skyldi það samkomulag aðeins gilda frá 1. janúar 1952 til 15. maí s. á. eða yfir vetrarvertíðina. Þau ákvæði í samkomulaginu, sem aðiljar í máli þessu eru ósammála um og hér skipta máli, eru þannig:

Útborgaður hlutur greiðist mánaðarlega í peningum og það, sem til vantar, allt að kr. 1500.00, greiðist aldrei síðar en 10. hvers mánaðar. Mismunur á hlut og tryggingu sé greiddur í peningum, séu þeir fyrir hendi, annars með ávísun á vöruúttekt í verzlun-

um, með ábyrgð hreppsnefndar. Förum ekki fram á, að trygging verði lækkuð vegna þess, að hlutatryggingasjóður mun taka til starfa og greiða eftir sínum reglum. Væntum hins vegar, að sjómenn krefji útgerðina ekki um hærri upphæð mánaðarlega en 1500.00, þangað til hlutatryggingasjóður greiðir út.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að skilja beri samkomulag þetta frá 1. janúar 1952 á þá leið, að ákvæði þágildandi samnings haldist, að kauptrygging skuli vera kr. 1500.00 á mánuði ásamt fullri vísitöluuppbót, ef þeim skilyrðum er fullnægt, að hlutatryggingasjóður taki til starfa og greiðsla fáist úr honum til útgerðarinnar.

Hefur því verið haldið fram af stefnanda, að útvegsmönnum bæri skylda til að greiða vísitöluuppbótina að fullu, ef þeir fengju einhverjar bætur úr sjóðnum, þó að þær nægðu ekki til þess, þar sem ekki sé tekið fram í samningnum frá 1. febrúar 1951 eða samkomulaginu frá 1. janúar 1952, að greiðsla vísitöluuppbótarinnar sé á nokkurn hátt bundin fjárhæð þeirri, sem útvegsmenn kynnu að fá úr hlutatryggingasjóði.

Samkomulagið frá 1. janúar 1952 sé því aðeins samningur sjómanna um gjaldfrest á vísitöluuppbótinni til handa útgerðarmönnum, þangað til hlutatryggingasjóður greiddi út. Til stuðnings þessum skilningi sínum hefur af hálfu stefnanda verið bent á eftirfarandi atriði í samkomulaginu frá 1. janúar 1952.

„Förum ekki fram á, að trygging verði lækkuð vegna þess að hlutatr.sjóður mun taka til starfa og greiða eftir sínum reglum. Væntum hins vegar, að sjómenn krefji ekki útgerðina um hærri upphæð mánaðarlega en kr. 1500.00, þangað til hlutatryggingasjóður greiðir út."

Telur stefnandi, að með fyrri setningu sé átt við það eitt, að útgerðarmenn fari ekki fram á, að tryggingin verði lækkuð frá því, sem hún var, og skuldbindi sig þá jafnframt til að greiða sömu tryggingu á vetrarvertíðinni 1952 og 1951, en það var kr. 1500.00 í grunn og full vísitala á þá upphæð, þegar hlutatryggingasjóður greiddi út. En við orðalagið á síðari setningunni hljóti útvegsmenn að eiga við verðlagsuppbótina, sem þeir þá hafi vitað og viðurkennt, að sjómenn ættu rétt á samkvæmt samningum.

En með þessu hafi útvegsmenn farið fram á að fá gjaldfrest á greiðslu verðlagsuppbótar, þangað til hlutatryggingasjóður greiddi út, og hafi sjómenn veitt hann með samkomulaginu frá 1. janúar 1952.

Nokkur hluti stefnukröfunnar er orlofsfé, sem stefnandi telur

stefnda eiga vangreitt. Stefndi greiddi stefnanda 2% í orlofsfé á hlut hans á vetrarvertíðinni 1952, er var kr. 7020.59, eða kr. 180.00. Telur stefnandi þetta ekki rétt, þar sem sjómönnum sé greitt kaup, þ. e. hlutatrygging, en ekki hlutur, þegar ekki fiskast fyrir tryggingu.

Bæri stefnda því að greiða fulla orlofsprósentu, 5% á kauptrygginguna með vísitölu og sé sá háttur alls staðar hafður á. Hefur stefnandi lagt fram í dóminum vottorð Samvinnufélags Ísfirðinga, Ísafirði, um að það hafi ávallt greitt sjómönnum fullt orlof á tryggingarupphæð þeirra, þegar hlutur hefur ekki náð tryggingu, þar sem líta bæri á hlutatrygginguna sem kaup.

Stefnandi hefur lagt fram í dóminum yfirlýsingu sjómanna í Súðavík, um að þeir hafi alla tíð litið á samkomulag það, sem gert var þann 1. janúar 1952 milli Verkalýðsfélagsins í Súðavík og útvegsmanna þar sem samning um gjaldfrest útgerðarmönnum til handa, en alls ekki eftirgjöf á hluta af tryggingu í neinni mynd.

Þá lýsa þeir því yfir, að stefndi í máli þessu hafi sagt, að hann mundi greiða skipverjum sínum eftirstöðvar af kauptryggingu þessari frá vetrarvertíðinni 1952, ef Andvari h.f. yrði dæmdur til þess að greiða eftirstöðvarnar til sinna skipverja, en Verkalýðs- og sjómannafélagið hóf málssókn á hendur því félagi 1954 til greiðslu eftirstöðva af kauptryggingu. Fjórir þessara manna hafa komið fyrir dóminn og staðfest þessa yfirlýsingu.

Af hálfu stefnda hefur verið haldið fram þeim skilningi á samningi sjómanna og útgerðarmanna frá 1. febrúar 1951 og samkomulagi frá 1. janúar 1952, að trygging sjómanna hafi aðeins verið kr. 1500.00 án verðlagsuppbótar. Skilja beri 3. gr. fyrrnefnds samnings á þá leið, að sjómenn fái því aðeins fulla verðlagsuppbót á trygginguna, að nægilegt fé fáist úr hlutatryggingasjóði til þess að greiða hana að fullu. Og ef engin greiðsla fáist úr sjóðnum, séu útgerðarmenn ekki skyldir að greiða neina verðlagsuppbót.

Hér sé því ekki um samning um greiðslufrest að ræða, heldur hafi sjómenn samið af sér alla verðlagsuppbót úr hendi útgerðarmanns. Um þetta hafi líka verið fullt samkomulag, er gert var upp fyrir vetrarvertíðina 1951. Stefndi greiddi skipverjum sínum kr. 1500.00 á mánuði án vísitölu, og gerði enginn þeirra athugasemdir við þau skil. Þegar greiðsla kom úr hlutatryggingasjóði fyrir vetrarvertíðina 1951 í apríl 1952, skipti stefndi henni hlutfallslega á milli bátshluta og mannahluta samkvæmt fyrir-

mælum laga sjóðsstjórnarinnar, og gerðu sjómenn þá heldur engar athugasemdir, þó að greiðslan nægði ekki til þess að þeir fengju fulla vísitöluuppbót á fyrrnefndar 1500 krónur.

Það var fyrst í september 1951, er viðbótargreiðsla barst úr sjóðnum, að skipverjar stefnda fengu fulla verðlagsuppbót á kauptryggingu sína. Telur stefndi, að þetta sýni, að sjómenn og Verkalýðs- og sjómannafélag Álftfirðinga hafi litið svo á, að samkvæmt samningi frá 1. febrúar 1951 hafi kauptrygging aðeins verið kr. 1500.00 án verðlagsuppbótar, að útgerðin ætti því aðeins að greiða meira, ef greiðsla úr hlutatryggingasjóði fengist á hluti bátsverja samkvæmt reglum sjóðsins.

Stefndi benti og á, að í samkomulaginu frá 1. janúar 1952 sé hvergi minnzt á að greiða vísitöluuppbót á kauptryggingu, 1500 kr., og beri honum því ekki skylda til að greiða hana fyrir vertíðina 1952, þar sem næg greiðsla til þess hafi ekki komið úr hlutatryggingasjóði. Samkvæmt reglum hlutatryggingasjóðs er gert ráð fyrir bótum bæði á hluti útgerðarmanns, þ. e. bátshlutinn, og hluti sjómanna. Telur stefndi, að með samkomulaginu frá 1. janúar 1952 hafi útgerðarmenn ákveðið að taka ekki bætur á hluti sína samkvæmt reglum sjóðsins, fyrr en trygging (vísitöluuppbót) sjómanna væri að fullu greidd, og við þetta var átt í samkomulaginu, þegar sagt er: Förum ekki fram á, að trygging verði lækkuð, vegna þess að hlutatryggingasjóður mun taka til starfa og greiða eftir sínum reglum.

Og þegar stefndi fékk greiðslu úr hlutatryggingasjóði í júlílok 1953 fyrir vertíðina 1952, skipti hann allri fjárhæðinni milli skipverja sinna, en tók ekkert af greiðslunni upp í bátshlutina. Þá telur stefndi, að ummælin í samkomulaginu: „Væntum hins vegar, að sjómenn krefji útgerðina ekki um hærri upphæð mánaðarlega en kr. 1500.00, þangað til hlutatryggingasjóður greiðir út", verði alls ekki skilin þannig, að þar sé átt við gjaldfrest á vísitöluuppbót. Með þessu sé aðeins átt við það, að sjómenn bíði eftir greiðslunni frá hlutatryggingasjóði og eigi ekki kröfu á, að útgerðarmenn leggi út væntanlegar bætur frá sjóðnum, þangað til hann greiði út.

Stefndi hefur lagt fram í dóminum vottorð Jóhanns Hjaltasonar, er var forstjóri útgerðarfélagsins Andvara h.f. í Súðavík árið 1952, er samkomulagið var gert. Lýsir hann yfir því, að hann leggi sama skilning í samkomulagið og stefndi og telur hann, að sjómenn í Súðavík hafi þá litið svo á, að þeim bæri aðeins kr. 1500.00 á mánuði í tryggingu og útgerðarmenn væru ekki

skyldir að greiða neina vísitöluuppbót, ef hlutatryggingasjóður greiddi ekkert.

Hefur hann staðfest þetta fyrir dómi. Þá hefur stefndi lagt fram vottorð fjögurra manna í Súðavíkurhreppi, sem voru í hreppsnefnd þar 1950—1954. Skýra þeir frá því, að sökum aflatregðu á þessum árum hafi útgerð gengið mjög erfiðlega og hafi hreppsnefnd oft þurft að blanda sér í útgerðarmál, bæði í samkomulagsumleitunum milli sjómanna og útgerðarmanna. Enn fremur hafi hreppssjóður oft tekið á sig ábyrgðir og greiðslur til útgerðarinnar til að jafna mismun á hlut og tryggingu, til þess að útgerðin stöðvaðist ekki alveg.

Telja þeir, að bæði 1951 og við samkomulagið 1. janúar 1952 hafi verið samið um, að kauptrygging sjómanna skyldi vera kr. 1500.00 á mánuði án vísitöluuppbótar.

Í byrjun vetrarvertíðar 1952 hafi sjómenn og útgerðarmenn verið farnir að binda háar vonir við greiðslur úr hlutatryggingasjóði, þó að hann væri ekki enn tekinn til starfa að fullu og ekki byrjaður að greiða út.

Sjómenn hafi þar ekki í það skipti viljað afsala sér skilyrðislaust verðlagsuppbót á grunntryggingu og hafi orðið að samkomulagi, að sú fjárhæð, sem fengizt úr hlutatryggingasjóði, rynni óskipt til sjómanna sem uppbót á tryggingu, þ. e. útgerðarmenn afsöluðu sér sínum hluta bótanna til sjómanna.

En það hefði verið öllum aðiljum ljóst, jafnt sjómönnum sem öðrum, sem að þessu samkomulagi stóðu, að það skapaði sjómönnum engan kröfurétt á hendur útgerðarmönnum eða hreppssjóði fram yfir kr. 1500.00, hvort hlutatryggingasjóður greiddi mikið eða lítið eða alls ekkert.

Einn þeirra, er gaf þetta vætti, Áki Eggertsson, undirritaði samkomulagið 1. janúar 1952, en hann var þá oddviti hreppsnefndarinnar. Tveir þessara manna, þeir Áki Eggertsson og Halldór Guðmundsson, hafa komið fyrir dóm. Lýstu þeir því yfir fyrir dóminum, að þeir teldu, að ekki hafi verið tekið fram í samningnum, að sjómenn afsöluðu sér verðlagsuppbót, vegna þess að þess hafi ekki verið álitin þörf, því að full verðlagsuppbót fengizt greidd úr hlutatryggingasjóði. Þeir hafa staðfest vitnisburði sína með eiði og drengskaparheiti.

Stefndi hefur sérstaklega mótmælt kröfu stefnanda um 5% orlofsfé. Telur stefndi í fyrsta lagi, að hann hafi þegar greitt allt það orlofsfé, sem honum bar, þar sem hann hafi greitt stefnanda 2% af hlut hans á vertíðinni 1952. Þannig hafi allir útgerðarmenn

í Súðavík greitt orlofsfé eftir vertíðina 1952, eins og þeir hafi alltaf gert, bæði fyrr og síðar. En slík orlofsfjárgreiðsla sé í fullu samræmi við orlofslögin.

Í öðru lagi telur stefndi orlofskröfuna fyrnda. Þá hefur stefndi mótmælt vottorði Samvinnufélags Ísfirðinga sem þýðingarlausu fyrir málið. Stefndi hefur mótmælt yfirlýsingu sjómanna í Súðavík (dómsskj. nr. 14) sem alrangri og sérstaklega þeim ummælum, sem þar eru eftir höfð.

Stefnandi hefur mótmælt vottorði Jóhanns Hjaltasonar (dómskj. 12) sem röngu og hlutdrægu, þar sem hann var forstjóri h.f. Andvara um þessar mundir og neitaði ásamt öðrum útvegsmönnum að greiða umdeildar eftirstöðvar. Þá mótmælir stefnandi vottorði hreppsnefndar Súðavíkurhrepps (dómskj. nr. 16) sem röngu og hlutdrægu.

Samkvæmt samningi Verkalýðs- og sjómannafélags Álftfirðinga og útgerðarmanna í Súðavík frá 1. febrúar 1951 skuldbinda útgerðarmenn sig til að greiða sjómönnum 1500 kr. á mánuði í tryggingu án verðlagsuppbótar, nema hlutatryggingasjóður taki til starfa og greiðsla fáist úr honum til útgerðarinnar. Þá átti að greiða fulla verðlagsuppbót á trygginguna. Þessum ákvæðum er ekki breytt með samkomulagi sömu aðilja frá 1. janúar 1952.

Það hefur komið fram í málinu, að báðir aðiljar, útgerðarmenn og sjómenn, hafa búizt við því, að greiðsla úr hlutatryggingasjóði nægði til þess að sjómenn fengju fulla vísitöluuppbót greidda á mánaðartryggingu sína, þegar hlutatryggingasjóður greiddi út. Virðist samkomulagið frá 1. janúar 1952 gert með það fyrir augum.

En það verður ekki talið sannað gegn mótmælum stefnanda, að sjómenn hafi afsalað sér rétti til greiðslu verðlagsuppbótar á kauptryggingu með samkomulaginu 1. janúar 1952, ef greiðsla úr hlutatryggingasjóði nægði ekki til greiðslu vísitöluuppbótarinnar. Verður því að fallast á þann skilning stefnanda á ákvæðum samkomulagsins frá 1. janúar 1952, að sjómenn hafi aðeins veitt útgerðarmönnum gjaldfrest á þeim hluta af kauptryggingunni, er var fram yfir 1500 krónur, þangað til hlutatryggingasjóður greiddi út eða gengið var úr skugga um, að ekki bærist frekari greiðsla frá honum.

Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnanda eftirstöðvar vísitöluuppbótarinnar, kr. 2546.24, og verður hann dæmdur til að greiða þá upphæð.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 16/1943 um orlof falla kröfur um orlofsgreiðslur niður, ef þær hafa ekki verið viðurkenndar eða lögsókn hafin innan loka næsta orlofsárs, eftir að kröfurnar stofnuðust. Verður því að telja, að krafa stefnanda um greiðslu orlofsfjárins sé fyrnd, og verður hún því ekki tekin til greina.

Það er óumdeilt í málinu, að greiðslur komu úr hlutatryggingasjóði til stefnda fyrir v/b Val, Í.S. 420, 28. júlí 1953. Var þeirri fjárhæð varið til greiðslu á vísitöluuppbót til sjómannanna. En hún var hins vegar ekki nægileg til þess að sjómenn fengju fulla uppbót. En samkvæmt fullyrðingu stefnda var þá strax vitað, að hér var um lokagreiðslu að ræða úr hlutatryggingasjóði.

Stefnandi hefur að vísu mótmælt þessu og talið, að enn hafi verið von á greiðslu úr hlutatryggingasjóði, En eigi verður talið, að hann hafi fært fram nægileg rök fyrir því, að málssókn var ekki byrjuð fyrr en löngu síðar eða í desember 1955.

Ber stefnda því aðeins að greiða vexti frá stefnubirtingardegi, 9. desember 1955.

Krafa stefnanda um sjóveðrétt í v/b Val, Í.S. 420, verður ekki tekin til greina, þar sem sjóveðréttur er fyrndur, sbr. lög nr. 56/1914, 251. gr. 6. töluliður.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 2.546.24 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. desember 1955 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 400 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Árni Guðmundsson, greiði stefnanda, Verkalýðs- og sjómannafélagi Álftfirðinga f. h. Guðmundar Guðnasonar, kr. 2.546.24, ásamt 6% ársvöxtum frá 9. desember 1955 til greiðsludags og í málskostnað 400 krónur, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. janúar 1958.

Nr. 44/1956. **Ákæruvaldið** (Tómas Jónsson hrl.)
gegn
Maurice Brackx (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur gefið álitsgerð í málinu. Hann hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir varðskipsins Þórs hinn 15. febrúar 1956. Samkvæmt því reyndist staður togara ákærða um 1 sm. fyrir innan fiskveiðimörkin kl. 14.43 og einnig um 1 sm. innan sömu marka kl. 14.47.

Að tilhlutan Hæstaréttar voru í sakadómi Reykjavíkur hinn 16. október 1957 dómkvaddir þeir Sigurður Þorkelsson, yfirverkfræðingur í radíódeild Landssíma Íslands, Sigurður Halldórsson rafmagnsverkfræðingur, Ingólfur Þórðarson, siglingafræðikennari við Stýrimannaskólann í Reykjavík, og Jónas Sigurðsson, siglingafræðikennari við sama skóla, til þess að sannreyna á sem ýtarlegastan og tryggilegastan hátt nákvæmni ratsjáa varðskipsins Þórs, sem eru af Decca og Kelvin-Hughes gerðum og voru settar í varðskipið í lok janúar 1955.

Hinir dómkvöddu menn fóru á varðskipinu Þór út á Faxaflóa og framkvæmdu þar ýmsar mælingar. Mælt var til landmiða á sem flestum fjarlægðum með báðum ratsjám varðskipsins, og voru ratsjármiðin þannig valin, að þau voru ótvíræð. Samtímis ratsjármælingunum var skipið staðsett með sextantmælingum, og staðarmælingarnar merktar í sjóuppdrátt. Síðan var gerður samanburður á fjarlægðum til mælistaðanna, annars vegar fundnum með ratsjármælingum og hins vegar með sextantmælingum og gerðar töflur yfir útkomuna.

Samkvæmt þeim töflum reyndist mesta fjarlægðarskekkja á 10 sm. kvarða Kelvin-Hughes ratsjárinnar + 3% og á 10 sm. kvarða Decca ratsjárinnar + 2%. Samtímis fannst á Kelvin-Hughes ratsjánni frá — 0,3° til + 0,7° miðunarskekkja í sem næst 9 sm. fjarlægð og á Decca ratsjánni frá — 1,5° og til — 3° miðunarskekkja í 3 sm. fjarlægð.

Að lokum mörkuðu hinir dómkvöddu menn staðarákvarðanir varðskipsins í máli ákærða í tvo sjóuppdrætti nr. 30, þar sem gert er ráð fyrir mestu skekkjum, sem fundust við áðurgreindar athuganir, þó þannig, að umræddar hámarksskekkjur voru látnar koma fram bæði + og ÷, þ.e. ákærða bæði í óhag og í vil. Við þessa aðferð koma fram staðarmarghyrningar í uppdráttunum, og innan takmarka þeirra hafa staðir varðskipsins og togara ákærða verið, þá er varðskipið framkvæmdi mælingar sínar. Staður togara ákærða kl. 14.43 er innan marghyrnings E, en sá hluti þess marghyrnings, sem fjærst liggur landi, er um 0,5 sm. fyrir innan fiskveiðimörkin, og sá hluti hans, sem næst er landi, um 1,5 sm. fyrir innan sömu mörk. Staður togarans kl. 14.47 er innan marghyrnings F. Sá hluti þess marghyrnings, sem fjærst liggur landi, er um 0,6 sm. fyrir innan fiskveiðimörkin, og sá hluti hans, sem liggur næst landi, er um 1,6 sm. innan nefndra marka.

Ofangreindar staðarákvarðanir eru gerðar með Kelvin-Hughes ratsjánni, en talið er, að hún hafi verið notuð við staðarákvarðanir þær, sem um er að tefla í máli þessu.

Staðarmarghyrningar samkvæmt Decca ratsjánni eru merktir á sama hátt, sem að ofan greinir. Staðarmarghyrningur E samkvæmt síðastnefndri ratsjá liggur frá um 0,3 —0,4 til um 1,7 sm. fyrir innan fiskveiðimörkin, en staðarmarghyrningur F frá um 0,4 til um 1,7 sm. innan sömu marka.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja, að staðarákvarðanir löggæzlumanna veiti örugga sönnun fyrir því, að ákærði hafi verið í landhelgi á nefndum tíma. Sannað er og, að hann var þar að veiðum. Með því hefur hann gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr.

1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skírskotun til þessa og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því að héraðsdómur gekk, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Maurice Brackx, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Tómasar Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmanna, kr. 10.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. febrúar 1956.

Ár 1956, föstudaginn 17. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 368/1956: Ákæruvaldið gegn Maurice Brackx, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærði í máli þessu er Maurice Brackx, til heimilis í Frans Musin Straat 56 í Ostende í Belgíu, skipstjóri á togaranum Curie, O 88, frá Ostende. Í ákæruskjali er hann sakaður um brot á fiskveiðilöggjöfinni samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82 1952, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum togara miðvikudaginn 15. þ. m. úti fyrir Ingólfshöfða innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Ákærður er hann til refsingar samkvæmt 3. og 5. gr. laga nr. 5/1920,

sbr. lög nr. 5/1951, til upptöku afla og veiðarfæra togarans og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. október 1924 í Ostende. Hinn 6. desember 1954 var hann í sakadómi Vestmannaeyja dæmdur í 75.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands fyrir botnvörpuveiðar innan fiskveiðitakmarkalínunnar og afli og veiðarfæri togarans, sem hann var þá með, gerð upptæk. Þessi dómur var staðfestur í Hæstarétti 27. apríl 1955. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu hér á landi.

Miðvikudaginn 15. þ. m. var varðskipið Þór á eftirlitsferð vestur með Tvískerjum. Kl. 14.21 miðuðust Tvísker í réttvísandi 136° frá varðskipinu, sigld stefna réttvísandi 226°. Kl. 14.43 var með ratsjá gerð eftirfarandi staðarákvörðun í varðskipinu: Ingólfshöfði, fjarlægð 8,8 sjómílur og minnsta fjarlægð í land 3,3 sjómílur. Þá miðaðist togari, sem reyndist vera Curie, O 88, í réttvísandi 206°, fjarlægð í togarann 5,5 sjómílur, og var hann þá að snúa út frá landinu. Kl. 14.47 var með ratsjá gerð eftirfarandi staðarákvörðun í varðskipinu: Fjarlægð að Ingólfshöfða 8,1 sjómíla og minnsta fjarlægð í land 3,2 sjómílur, dýpi 83 metrar. Miðaðist þá togarinn í réttvísandi 203°, fjarlægð 4,8 sjómílur, sem gefur stað hans 1,0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Var togarinn þá að enda við að snúa út frá landi. Hélt nú varðskipið beina leið að honum. Kl. 14,54 var sett upp stöðvunarmerki á varðskipinu. Kl. 15.08 sáust frá því togvírar á stjórnborðshlið togarans. Kl. 15.13 var skotið aðvörunarskoti. Kl. 15.14 var sett út dufl rétt við togvíra togarans, sem var með stjórnborðsvörpu úti. Síðan var skotið tveimur skotum. Kl. 15.38 byrjaði togarinn að vinda inn vörpu sína. Þá var settur út bátur frá varðskipinu og ákærði, skipstjóri togarans, sóttur, honum bent á, að hann hefði verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, en hann mótmælti, að svo væri.

Síðan var í viðurvist ákærða gerð með ratsjá eftirfarandi athugun við duflið: Fjarlægð í Ingólfshöfða 7,1 sjómíla og fjarlægð í Salthöfða 8,4 sjómílur. Að því búnu var ákærði fluttur yfir í togarann og síðan haldið til hafnar. Veður var ANA 4—5 og sjór S 3. Slydduéljaveður var og svo slæmt skyggni til landsins, að eigi var unnt að gera hornamælingar.

Mælinguna kl. 14.43 gerðu skipherra varðskipsins og III. stýrimaður, mælinguna kl. 14.47 gerðu skipherra og allir þrír stýrimenn varðskipsins og mælinguna við duflið skipherra og I. stýri-

maður. Allir hafa stýrimennirnir og skipherrann staðfest skýrslur sínar með eiði.

Það er viðurkennt af ákærða og stýrimanni togarans, Charles Wijllie, að togarinn hafi verið að veiðum með stjórnborðsvörpu á þeim tíma, sem að framan er greindur. Hins vegar hefur ákærði eigi viðurkennt að hafa verið á þeim tíma innan fiskveiðitakmarkanna. Ákærða og stýrimanni togarans ber saman um, að rúmri klukkustund áður en varðskipið stöðvaði togarann, hafi hann verið á 50 eða 52 faðma dýpi, togað upp að landinu og Ingólfshöfðaviti verið í stefnunni NW ½ W. Fór þá ákærði niður að sofa og fól stýrimanninum stjórn togarans. Mælti hann svo fyrir, að togað yrði í óbreytta stefnu að 48 faðma dýptarlínu og síðan í vestur til suðurs, unz Ingólfshöfðavitinn væri í NW ½ N, en þá yrði snúið á stjórnborða í SSA. Eftir þessum fyrirmælum telur stýrimaður sig hafa farið, en aldrei gerði hann staðarákvörðun eða mældi fjarlægð togarans frá landi, enda kveðst hann ekki hafa getað það, þar sem ratsjá togarans var ónýt. Hann kvaðst ekki haft heyrt nema tvö skot frá varðskipinu og eigi hafa tekið eftir því, fyrr en hann heyrði fyrra skotið. Þá lét hann vekja ákærða, sem kom þá á stjórnpall, en stuttri stundu síðar nam togarinn staðar. Síðast sigldi togarinn SSA, en óvíst hve lengi. Ákærði gerði engar staðarmælingar á þeim tíma, sem skýrsla varðskipsins nær til, að því undanteknu, að hann var viðstaddur miðanirnar við duflið. Hefur hann og upplýst, að ratsjá togarans hafi verið biluð og óvirk og sextant hafi enginn verið í togaranum.

Með áðurnefndum eiðfestum skýrslum skipherra og stýrimanna varðskipsins er sannað, að togarinn var innan fiskveiðitakmarkalínunnar að botnvörpuveiðum, enda eru veiðarnar viðurkenndar af ákærða. Hefur ákærði því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, en þar sem eigi er sannað, að brotið sé framið af ásettu ráði, verður honum eigi dæmd fangelsisrefsing fyrir það samkvæmt 5. gr. laga nr. 5/1920.

Þar sem um ítrekað brot er að ræða, þykir refsing ákærða með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu og stærðar togarans, sem er 219.95 brúttó rúmlestir, hæfilega ákveðin 90.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 9 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Auk þess skal allur afli og veið-

arfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Curie, O 88, vera upptæk til handa sama sjóði.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hdl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 1000.00.

Dóm þenna kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónsson og Pétur Björnsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Maurice Brackx, greiði 90.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 9 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Curie, O 88, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hdl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 1000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. janúar 1958.

Nr. 152/1956. **Einar Jónsson** (Ágúst Fjeldsted hrl.)
gegn
Guðrúnu Kristjánsdóttur
(Áki Jakobsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m., krefst þess aðallega, að hann verði algerlega sýknaður og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Til vara gerir hann þá kröfu, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og að hvorum aðilja verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu

í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur Þórarinn læknir Sveinsson hinn 14. þessa mánaðar skoðað stefnda af nýju. Telur hann ekki, „að neitt nýtt hafi komið fram í heilsufari slösuðu", er raski niðurstöðu þeirri, sem greinir í vottorði hans, dags. 23. marz 1954.

Með skírskotun til þessa og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 3000.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Einar Jónsson, greiði stefnda, Guðrúnu Kristjánsdóttur, kr. 3000.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. marz 1956.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. þ. m., hefur Guðrún Kristjánsdóttir, Laugarvatni, Árnessýslu, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 17. nóvember 1954, gegn Einari Jónssyni, Breiðumýri í Reykjadal, Suður-Þingeyjarsýslu, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 14.350.00 með 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarans, en til vara, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður þá látinn falla niður.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, hér í bæ, hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið, Þ 160, var vátryggð hjá félaginu. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og það hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Að kvöldi hins 30. janúar 1953 var bifreiðinni Þ 160 ekið áleiðis að Laugaskóla í Suður-Þingeyjarsýslu. Bifreið þessi, sem er bæði gerð fyrir flutninga á farþegum og vörum, er eign stefnda, en

bróðir hans, Kristinn Jónsson, ók bifreiðinni í umrætt skipti. Sex farþegar voru í bifreiðinni, meðal þeirra nokkrar námsmeyjar úr Laugaskóla, og var stefnandi ein þeirra. Höfðu stúlkurnar komið í bifreiðina hjá Breiðumýri. Hríðarveður var, og um kl. 10.00, er bifreiðin var í brekku, sem er á veginum niður að Laugaskóla, kom hríðargusa yfir bifreiðina og blindaði ökumanninn. Missti hann við það stjórn á bifreiðinni, og rann hún stjórnlaust niður brekkuna, sem var svelluð. Ökumaðurinn beitti fullu átaki á hemla, en það kom fyrir ekki, og nam bifreiðin ekki staðar fyrr en við brúna yfir Reykjadalsá, en þar valt hún, og sneru hjólin upp. Ökumaðurinn kveðst hafa ekið eins hægt niður greinda brekku og hann hafi talið fært og snjókeðjur hafi verið á afturhjólum bifreiðarinnar.

Framangreind atvikalýsing er byggð á skýrslu ökumanns bifreiðarinnar, er hann gaf í sakadómi Þingeyjarsýslu 5. september 1953, eða rúmum sjö mánuðum eftir slysið. Var slysið þá rannsakað að tilhlutun lögmanns stefnanda, en eigi voru aðrir yfirheyrðir en bifreiðarstjórinn. Nýtur því eigi frásagnar annarra um slysið.

Stefndi véfengir ekki, að hann beri fulla fébótaábyrgð gagnvart stefnanda, ef talið yrði, að hún hefði orðið fyrir einhverju tjóni af völdum slyssins, en því er hins vegar mótmælt, og er í því sambandi vísað til framlagðra læknisvottorða, en efni þeirra verður rakið hér á eftir.

Verður nú krafa stefnanda athuguð, en hana hefur hún sundurliðað þannig:

1. Bætur fyrir vinnutjón, örorku, sársauka og vanlíðan	—	13.300.00
2. Greitt vökukonu	—	**200.00**
3. Kostnaður við röntgenmynd	—	300.00
4. Læknisvottorð	—	300.00
5. Læknisvottorð	—	250.00
Samtals	kr.	14.350.00

Um 1.

Daginn eftir umrætt slys var stefnandi skoðuð af héraðslæknirnum á Breiðumýri og aftur tveim dögum síðar. Að sögn hans var stefnandi þá lögst með einkenni, er bentu til „syndroma cerebri traumatic". Kveður hann stefnanda þá hafa tjáð sér, að hún hefði fundið til þessara einkenna allt frá slysinu, en þau hefðu farið vaxandi. Í vottorði læknis þessa, dagsettu 10. júní

1953, segir, að stefnandi hafi síðan legið rúmföst norður í Laugaskóla um fimm vikna skeið, en þá var hún flutt í St. Jósepsspítalann, hér í bæ. Allan þennan tíma hafi hún verið þjáð af verk í höfði og baki, einkum fyrst framan af, svo og megnum taugatruflunum. Hafi hún verið ófær bæði til náms og vinnu. Í St. Jósepsspítala dvaldist stefnandi í tæpa tvo mánuði, eða frá 13. marz 1953 til 8. maí s. á. Læknir sá, sem stundaði hana þar, Þórður Þórðarson, segir í vottorði, dagsettu 2. júní 1953, að stefnandi hafi á þeim tíma þjáðzt af höfuðverk og taugatruflunum og verið ófær til vinnu.

Hinn 10. janúar 1954 var stefnandi skoðuð af Þórarni Sveinssyni lækni, sem jafnframt mat örorku hennar vegna slyssins. Í vottorði hans, sem dagsett er 23. marz 1954, er sjúkrasaga stefnanda rakin. Segir þar á þessa leið:

„Vegna þessa ástands slösuðu (sbr. vottorð héraðslæknisins á Breiðumýri hér að framan) var hún send í St. Jósepsspítalann í Reykjavík. Þar dvaldi hún frá 13. marz 1953 til 8. maí s. á. Þórður Þórðarsson læknir stundaði hana aðallega. Hann hefur góðfúslega leyft mér að skoða sjúkraskrá slösuðu þar í spítalanum. Í henni sést, að þá um sumarið áður hefur slasaða hlotið byltu á bakið, er hún var í leikfimi og féll úr höfuðstöðu afturyfir sig og kenndi þá til í baki, svo að hún lagðist í rúmið á eftir og lá rúmföst hálfan mánuð á eftir og batnaði þá vel. Þetta eru upplýsingar slösuðu.

Þá sést í sjúkraskránni — eftir frásögn slösuðu — að hún hefur marizt nokkuð á vinstri olnboga í bílveltunni. Ber það og saman við útdrátt úr lögreglubók Þingeyjarsýslu, dagsettan 9. september 1953. Þar sést, að fyrrnefndur héraðslæknir hefur mætt fyrir rétti vegna slyssins og getur hann þess þá, að meiðsli hafi orðið á stúlku á vinstri olnboga, en ekki alvarlegri en svo, að þau hindruðu ekki nám eða störf í skólanum. Tveim dögum síðar var hann þó sóttur til sömu stúlku, þ. e. a. s. slösuðu, vegna einkenna frá slysinu, „syndroma cerebri traumatic".

Í sjúkrahúsinu kvartaði slasaða um verki í mjóbaki og svima, er hún settist upp og ef hún reyndi að ganga. Þann 14. apríl 1953 skoðaði sérfræðingur í taugasjúkdómum slösuðu og taldi, að þeirri rannsókn afstaðinni, að um „functionella" vanlíðan væri að ræða hjá henni. Í sjúkrahúsinu var gerð mænustunga á henni og taldi slasaða, að líðan sín hefði versnað mjög við það.

Þann 23. marz 1953 var tekin röntgenmynd af hrygg (col-

umna). Lýsing röntgendeildarinnar í St. Jósepsspítalanum á myndinni var svohljóðandi:

„Ekki er hægt að greina traumatiska læsio í col. vertebralis, einstakir liðir og liðbil virðast eðlileg."

Allar rannsóknir á blóði og þvagi sýndu eðlilegt ástand.

Eftir að slasaða fór úr sjúkrahúsinu, dvaldi hún um þriggja vikna tíma hér í Reykjavík, en síðan fór hún að Laugarvatni og sá um gufubaðið þar. Hún segist hafa haldið áfram að vera slæm í baki og segist því hafa leitað til Bjarna Jónssonar dr. med. Hann telur sig ekki hafa fundið neitt athugavert við slösuðu. Um mánaðamótin sept./okt. í haust segist hún fyrst hafa getað unnið fulla vinnu. Hún segist einnig finna að jafnaði nokkuð til í höfði. Hægðir eru mjög tregar, en tíðir reglulegar.

Skoðun: Fönguleg stúlka í góðum holdum, en þó frekar kvapholda. Er methafi í kúluvarpi. Við sjón og heyrn var ekkert athugavert. Blóðþrýstingurinn mældist 120/70. Hjartahljóð voru hrein og regluleg. Ekkert fannst athugavert við bakið, reyndist hún vera bein í baki og skekkjulaus að sjá. Við athugun á útlimum var ekkert sérstakt athugavert. Kraftar voru góðir og hreyfingar voru eðlilegar í liðamótum. Reflexar virtust lítið eitt daufari að finna á vinstri ganglim, en þó greinilegir. Vinstri olnboginn var nú eðlilegur að sjá og hreyfing sömuleiðis fullkomin.

Ályktun: Um er að ræða meiðsli, er bílvelta olli. Í fyrsta lagi var marmeiðsli á vinstri olnboga, er lagaðist fljótlega og á eðlilegan hátt. Í öðru lagi er útlit fyrir, að slasaða hafi hlotið lost (shock) og upp úr því orðið allveruleg og langvinn taugatruflun.

Það er ljóst, að kona þessi hefur óvenjulítinn viðnámsþrótt. Til sannindamerkis um það er, hversu erfiðlega henni gekk að þola bakfall úr kollstöðu, eins og fram kemur í sjúkraskránni og skráð er þar eftir slösuðu. Komið getur þó til mála, að konan hafi einhverja veilu í bakinu, án þess þó að skoðanir hafi leitt slíkt í ljós að sinni.

Það er miklum vanda bundið að dæma um, hversu mikil örorka hafi hlotizt af umræddu bílslysi. Ljóst er af gangi veikindanna, að slasaða hefur verið viss um, að alvarleg meiðsli hafi orðið í baki hennar. Það mætti því teljast tillaga til sanngjarnrar lausnar þesas máls, að tryggingarfélagið annaðist kostnaðinn af allri læknishjálp á nefndum veikindatíma, þótt dagpeningar yrðu eitthvað skertir.

Örorka vegna og í sambandi við umrætt bílslys telst hæfilega metin:

Fyrir 3 mánuði fyrst eftir slysið 100% örorka
— 1 mánuð þar á eftir .... 65% —
— 1 — — - — .... 25% —
— 1 — — - — .... 15% —
Úr því 10% örorka um tveggja mánaða skeið."

Stefndi hefur, eins og að framan greinir, mótmælt því, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni við oftnefnt slys. Yrði hins vegar talið, að hún ætti rétt til einhverra bóta, er fjárhæð þessa kröfuliðs mótmælt sem allt of hárri og fjarri lagi. Bendir stefndi á, að stefnandi hafi á þeim tíma, sem hér um ræðir, ekki stundað vinnu, heldur verið við nám. Hún hafi því ekki orðið fyrir neinu atvinnutjóni.

Stefnandi telur sig hafa orðið fyrir atvinnutjóni, enda þótt hún hafi verið við nám, þar eð hún hafi orðið að hætta vinnu veturinn eftir til að ljúka námi. Byggir hún kröfu sína um bætur fyrir atvinnutjón á framangreindu örorkumati og miðar við 2000 króna mánaðarkaup. Er áætlað atvinnutjón hennar samkvæmt þeim útreikningi kr. 8100.00.

Sýnt þykir, að stefnandi hafi orðið fyrir atvinnutjóni vegna slyssins. Með skírskotun til þess og þegar virt er örorka hennar samkvæmt framansögðu, sjúkrasaga hennar og annað það, sem hér skiptir máli, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 11.000.00.

Um 2 til 5.

Þessum liðum hefur ekki verið mótmælt, að því er fjárhæðir varðar, og verða þeir teknir til greina að fullu.

Úrslit málsins samkvæmt framansögðu verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 12.050.00 (kr. 11.000.00 + kr. 200.00 + kr. 300.00 + 300.00 + kr. 250.00) með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 1650.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Einar Jónsson, greiði stefnanda, Guðrúnu Kristjánsdóttur, kr. 12.050.00 með 6% ársvöxtum frá 30. janúar 1953 til greiðsludags og kr. 1650.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. janúar 1958.

Nr. 156/1956. **Hreppsnefnd Skagahrepps f. h. hreppsins**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Kristni Bergmann Lárussyni
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti, hefur skotið málinu til dómsins með stefnu 20. nóvember 1956. Krefst áfrýjandi þess aðallega, að stefndi verði dæmdur faðir stúlkunnar X, er Y .... ól hinn 13. apríl 1945 svo og til að greiða meðlag með stúlkunni eftir yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst áfrýjandi þess, að úrslit málsins verði látin velta á fyllingareiði móðurinnar, Y. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og honum verði dæmdur málskostnaður í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Gögn málsins veita ekki efni til, að tekin sé til greina aðalkrafa áfrýjanda um að dæma stefnda föður barnsins X. Verða úrslitin því að velta á eiði.

Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð gögn, er leiða í ljós, að dansskemmtun sú á Kálfshamarsnesi, sem um getur í héraðsdómi, var haldin 8. júlí 1944. Miðað við, að barnið muni þá getið, eins og barnsmóðir heldur fram, getur meðgöngutíminn ekki talizt óeðlilega langur. Sýslumaður Húnavatnssýslu hefur lýst því, að nákvæmlega hafi verið bókaður eftir stefnda og síðar lesinn framburður hans á aukadómþingi Húnavatnssýslu 7. október 1952, þar sem hann neitar því að vísu eindregið, að hafa haft holdlegar samfarir við barnsmóður, áður en barn þetta fæddist, „en neit-

ar ekki, svo hafi verið síðar ....". Frá þessum framburði hefur stefndi viljað ganga á síðara stigi málsins, en ekki verður mark á því tekið. Þá hafa og skýrslur stefnda um sum önnur atriði málsins eigi reynzt öruggar.

Að vísu er framburður barnsmóður ófullkominn um nokkur atriði, en þegar litið er til framanritaðs, verður að telja málstað barnsmóður það líklegri, að rétt sé samkvæmt 213. gr. laga nr. 85/1936 að láta úrslit málsins velta á fyllingareiði hennar, enda eru eigi á það færðar sönnur, að henni sé svo andlega áfátt, að hún beri eigi skyn á þýðingu eiðsins. Ef barnsmóðir vinnur eið að því á lögmæltu varnarþingi og eftir lögmætan undirbúning, að hún hafi á tímabilinu frá 1. júní til 1. ágúst 1944, að báðum dögum meðtöldum, haft holdlegar samfarir við stefnda, skal hann því talinn faðir barnsins X, enda greiði hann þá meðlag með barninu eftir úrskurði yfirvalds. Ef barnsmóðir vinnur eiðinn, skal stefndi og greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Nú verður barnsmóður eiðfall, og skal stefndi þá vera sýkn af kröfum áfrýjanda, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ef Y .... vinnur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á lögmæltu varnarþingi, að hún hafi á tímabilinu frá og með 1. júní til og með 1. ágúst 1944 haft holdlegar samfarir við stefnda, Kristinn Bergmann Lárusson, þá skal hann talinn faðir barns Y, X, enda greiði stefndi þá meðlag með barninu eftir úrskurði yfirvalds. Þá greiði og stefndi áfrýjanda, hreppsnefnd Skagahrepps f. h. hreppsins, kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nú verður Y eiðfall, og skal stefndi þá vera sýkn af kröfum áfrýjanda, en hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 15. ágúst 1956.

Ár 1956, laugardaginn 25. ágúst, var í aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldið var á skrifstofu embættisins af Jóni Finnssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 2/1956:

Oddviti Skagahrepps f. h. hreppsins gegn Kristni Bergmann Lárussyni, sem dómtekið var í dag.

Hinn 13. apríl 1945 ól Y ...., Húnavatnssýslu, óskilgetið meybarn, sem skýrt var X.

Samkvæmt vottorði ljósmóður var barnið fullburða, 4500 gr. á þyngd og 52 cm á lengd.

Barnsmóðir virðist enga reka hafa gert að því sjálf að feðra barn sitt, en sóknarprestur hennar, séra Pétur Ingjaldsson, og oddviti Skagahrepps leituðu eftir því við kærða, Kristin Bergmann Lárusson, þá til heimilis að Garðshorni, Kálfshamarsvík, haustið 1947, að hann viðurkenndi faðerni barnsins, en hann harðneitaði að vera faðir þess.

Við þetta sat þar til 24. apríl 1951, en þá varð barnsmóðir að þiggja framfærslustyrk hjá sveit sinni vegna barns þess, er mál þetta er risið af, og annars barns, er hún ól 6. október 1939, og hófst þá hreppsnefnd Skagahrepps handa um að feðra börnin, en barnsmóðir hafði heldur ekki feðrað eldra barnið.

Barnsmóðir mætti fyrst í aukadómþingi Húnavatnssýslu 16. nóvember 1951 að tilhlutan hreppsnefndar Skagahrepps og lýsti hún þá kærða, Kristinn Bergmann Lárusson, Garðshorni, Kálfshamarsvík, föður að barni því, sem hún ól 13. apríl 1945, en bréf oddvita Skagahrepps til sýslumanns Húnavatnssýslu, þar sem hann krefst þess, að gengið verði eftir því hjá barnsmóður,

hver eða hverjir séu feður barna hennar og leitað sé viðurkenningar þeirra á faðerninu, er dagsett 11. marz 1952.

Gerir oddviti í bréfi þessu þær kröfur f. h. hreppsins, að höfðað verði mál á hendur barnsfeðrum Y og þeir dæmdir til greiðslu meðlaga með þeim frá fæðingu þeirra og auk þess alls kostnaðar af málunum.

Af hálfu kærða, Kristins Bergmanns Lárussonar, nú til heimilis að Túngötu 20 í Sandgerði, er þess krafizt aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum, en til vara, að málið verði látið velta á synjunareiði hans.

Þá er því ennfremur mótmælt til frekari vara af hálfu kærða, að honum verði gert að greiða meðlag lengra aftur í tímann en til 24. október 1951, er barnsmóðir komst á framfæri sveitarinnar eða hærra meðlag en framfærslustyrknum næmi.

Loks er málskostnaðar krafizt að skaðlausu.

Barnsmóðir hefur ekki fengið leyfi til málshöfðunar, og ber því að vísa hennar kröfum frá dómi, sbr. 6. mgr. 211. gr. einkamálalaga nr. 85 frá 1936.

Hinn 16. maí 1951 mætti barnsmóðir fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu og lýsti þá kærða, Kristinn Bergmann Lárusson, til heimilis að Garðshorni, Kálfshamarsvík, föður að barni því, sem hún ól hinn 13. apríl 1945 og mál þetta er af risið,. Kvað hún þau Kristinn hafa verið nágranna og haft holdlegar samfarir saman á getnaðartíma barnsins og öðru hvoru fyrir þann tíma og síðar.

Ekki kvaðst barnsmóðir hafa haft samfarir við aðra karlmenn en kærða á getnaðartíma barnsins, en hann hafi hins vegar ekki viljað viðurkenna faðerni þess, er hún átti tal við hann um það, eftir að barnið fæddist.

Kærði hefur hins vegar neitað því, að barnsmóðir hafi sjálf rætt um þetta við hann.

Er næst var þingað í málinu fyrir sama dómi 7. október 1952, mætti kærði fyrir dóminum. Neitaði hann þá að hafa haft holdlegar samfarir við barnsmóður, áður en barnið fæddist, en neitaði því ekki, að svo hafi verið síðar, en færðist undan að skýra frá því, hvenær eða hve löngu síðar það hafi verið, þar sem það geti ekki skipt máli um faðerni barnsins, eins og bókað er eftir kærða í aukadómþingsbók Húnavatnssýslu.

Skýrði kærði svo frá, að hann hefði haustið 1942 ráðið sig til Jóns Benediktssonar, bónda í Höfnum, og dvalizt þar í 2 ár eða

þangað til í október 1944. Kvaðst hann sjaldan hafa komið heim til sín í Garðshorn á þessu tímabili, en þó nokkrum sinnum.

Í júní 1944 kvaðst kærði hafa verið á dansleik í Kálfshamarsnesi. Var kærandi einnig á dansleik þessum. Hann kvaðst sjálfur hafa dansað nær eingöngu við stúlku að nafni Margrét Björnsdóttir frá Höfnum, en Y hafi nær eingöngu dansað við aðkomusjómann, er hét Jón og var Bjarnason, að því er kærða minnti. Sagði kærði, að maður að nafni Jón hafi spurt Gunnnar bróður sinn, er hann var við sjóróðra á Suðurlandi, eftir Y og hennar högum, án þess þó að gefa skýringu á því, hvernig hann þekkti hana.

Er barnsmóðir kom fyrir dóm í sama skipti, skýrði hún svo frá, að barn það, sem mál þetta er risið af, hefði komið undir á dansleik, sem haldinn var í Kálfshamarsnesi sumarið áður en barnið fæddist. Hún kvað þau kærða hafa dansað mikið saman á dansleik þessum og hafi þau haft samfarir saman niðri á Nesi fyrir neðan vitann, að hana minnti, og hljóti barnið að hafa komið undir þá.

Barnsmóðir minntist þess ekki, að kærði dansaði sérstaklega mikið við aðrar stúlkur og taldi, að engir aðkomusjómenn hefðu verið á dansleik þessum, enda hafi þeim yfirleitt ekki verið hleypt inn á dansleiki sem þennan. Þá taldi hún það rangt, að nokkur stúlka að nafni Margrét Björnsdóttir hefði verið í Höfnum á þessum tíma.

Nú hefur hins vegar verið lögð fram yfirlýsing frá stúlku þessari, þar sem hún lýsir því yfir í sambandi við framburð kærða, að hún hafi dansað nokkuð við hann á dansleik þeim, sem hann vitnar til, en eigi að síður hefði hann getað án sinnar vitundar haft afskipti af Y og fleirum. Vottorð þetta hefur ekki verið staðfest fyrir dómi, en þó má telja nægilega sannað, að stúlka þessi hafi verið á dansleiknum og einnig, að þar hafi verið aðkomusjómenn, eins og síðar greinir.

Hinn 19. janúar 1954 mætti Gunnar Lárusson frá Garðshorni, bróðir kærða, sem vitni í málinu fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu. Skýrði vitnið svo frá, að það hefði verið á umræddum dansleik, sem kvenfélagið Hekla hélt í Kálfshamarsnesi í júní 1944. Taldi vitnið tvo til þrjá aðkomusjómenn hafa verið á dansleik þessum og einnig bar það, að bróðir þess hefði eitthvað dansað við Margréti Björnsdóttur frá Höfnum. Hins vegar vissi vitnið ekki til þess, að það hefði nokkurn tíma síðar hitt fyrrgreinda

aðkomusjómenn eða mann á Suðurlandi, sem hefði spurt það eftir högum Y.

Hinn 31. október 1955 mætti kærði, sem þá var fluttur til Sandgerðis, í aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, og neitaði hann þá eindregið, að hann hefði nokkru sinni haft samfarir við barnsmóður. Er honum var á það bent, að hann hefði fyrir dómi 7. október 1952 viðurkennt samfarir við hana, eftir að barn það, sem málið er risið af, fæddist, neitaði hann að hafa gefið slíka viðurkenningu, en kvaðst hafa spurt, hvort það skipti nokkru máli, er dómarinn spurði hann um samfarir við barnsmóður, eftir að barn þetta fæddist. Þá var kærða bent á ósamræmið í framburði hans og Gunnars bróður hans. Breytti þá kærði framburði sínum á þann veg, að um misminni hafi verið að ræða hjá sér, það hefði verið Hallmann bróðir hans, en ekki Gunnar, sem hér hefði átt hlut að máli.

Vitnið Hallmann Ágúst Lárusson, bróðir kærða, mætti fyrir dómi 2. október 1955 og staðfesti þennan framburð kærða. Bar vitnið, að maður nokkur, sem það ekki þekkti, hefði komið um borð í bát, sem vitnið var háseti á í ársbyrjun 1949, og spurt sig, er hann heyrði hvaðan vitnið var, hvort það þekkti Y og hvort hún ætti krakka. Vitnið kvað sér hins vegar ókunnugt um, hvort þetta hefði verið sami maðurinn og dansaði við Y sumarið 1944 í Kálfshamarsnesi eða hvað hann hét.

Vitnið Jóhannes Einarsson, Hátúni, Kálfshamarsvík, mætti fyrir dómi 9. marz 1956. Kvaðst vitnið hafa verið á dansleiknum í Kálfshamarsnesi í júní 1944 og mundi vel eftir skipstjóra á aðkomubát, er kom á dansleikinn ásamt öðrum manni. Hét skipstjórinn Finnur Jónsson og þekkti vitnið hann vel frá fornu fari. Það kveðst hafa verið mikið með mönnum þessum á dansleiknum, en varð þess þó ekki vart, að þeir væru með Y eða dönsuðu við hana. Að dansleiknum loknum skiluðu menn þessir vitninu sokkum, sem þeir höfðu fengið lánaða hjá því, og héldu síðan aftur til Skagastrandar í bifreið, sem beið þeirra við svonefnda Fossá.

Vitnið Finnur Jónsson, kyndari í Rafstöðinni við Elliðaár, mætti fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 17. apríl 1956. Skýrði vitnið svo frá, að það hefði verið formaður á vélbátnum Þorbirni RE 256 á dragnótaveiðum í Húnaflóa sumarið 1944. Auk vitnisins voru á bátnum maður að nafni Magnús Ögmundsson frá Vestmannaeyjum og Þorvaldur Sæmundsson, ættaður frá Norðfirði. Minntist vitnið þess, að það fór á dansleik í Kálfhamarsnesi í júní 1944 ásamt öðrum hásetanum og telur nokkurnveginn víst,

að það hafi verið Magnús Ögmundsson, fremur en Þorvaldur. Ekki minntist vitnið þess, að Magnús hafi verið áberandi mikið með neinni stúlku á dansleik þessum eða hann talaði um það síðar, að hann hefði komizt í tæri við stúlku þar. Vitnið kvað Magnús þennan hafa drukknað í Reykjavíkurhöfn fyrir ca. 2 árum.

Ekki er upplýst í máli þessu, hvenær Y hafði síðast á klæðum, áður en hún ól barn það, sem hér um ræðir, né heldur, hvenær í júní 1944 dansleikurinn var haldinn, er hún telur barnið hafa komið undir.

Sakadómarinn í Reykjavík hefur athugað sérstaklega skipshafnarskrá Þorbjörns RE 256, sem talin er vera frá árinu 1944. Í skránni stendur fyrst „2 hásetar, vistmánuður byrjar 15/5, afskráðir 25/6". Síðan standa nöfnin Magnús Ögmundsson og Þorvaldur Magnússon án nokkurra skýringa, hvorki tilgreindur fæðingardagur né ár, fæðingarstaður eða heimili. Er vistmánuður þeirra sagður hefjast 1/7, afskráning 2/8. Sé það rétt, að dansleikurinn hafi verið haldinn í júnímánuði, eins og allir eru sammála um, hlýtur „2 hásetar, vistmánuður byrjar 25/5, afskráðir 25/6", einnig að eiga við þá Magnús Ögmundsson og Þorvald Magnússon. Dansleikur þessi hefur því í síðasta lagi farið fram 2—3 dögum fyrir 25/6 1944, þar sem báturinn átti eftir að fara suður, áður en afskráð yrði af honum, ef hann var að hætta veiðum um þetta leyti, sem er þó ekki líklegt, þar sem formaðurinn minnist ekkert á það í framburði sínum, en telur, að báturinn hafi legið inni vegna storms, er dansleikurinn var haldinn. Miklar líkur benda því til þess, að dansleikurinn hafi verið haldinn ennþá fyrr í mánuðinum en áður greinir.

Rannsóknarstofa Háskólans hefur framkvæmt blóðflokkarannsókn í málinu, en niðurstaða hennar útilokar ekki kærða frá faðerninu.

Í umsögn héraðslæknisins í Hafnarfirði um sennilegan getnaðartíma barnsins segir svo: „Getnaðartíma barns, sem fæðist 13. apríl 1945, verður að telja líklegastan um miðjan júlí 1944. Ef reiknað er til baka, eru 270 dagar frá 13/4 1945—17/7 1944, en það er sá tími, sem talinn er langalgengastur meðgöngutími kvenna eða 280 dagar, reiknað frá síðustu tíðum . . ."

Sé reiknað með því, að dansleikurinn hafi verið haldinn 20. júní og getnaður átt sér stað þá, eins og barnsmóðir telur, verður meðgöngutíminn 297 dagar eða allmiklu lengri en venjulegt er.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, lítur réttur-

inn svo á, að úrslit málsins verði að velta á eiði kærða eða barnsmóður.

Hjá kærða hefur gætt nokkurs ósamræmis varðandi bræður hans, Hallmann og Gunnar, eins og greint hefur verið frá, en hins vegar hefur framburður hans um þá, sem voru á dansleiknum, reynzt réttari en framburður barnsmóður.

Þá verður að telja, að kærði hafi viðurkennt fyrir dómi 7/10 1952, að hann hefði haft samfarir við barnsmóður, þó að hann neiti því fyrir dómi 31/10 að hafa nokkru sinni viðurkennt samfarir við hana.

Hins vegar er á það að líta, að framburður barnsmóður um samband hennar við kærða og frásögn hennar öll er mjög ófullkomin. Þar við bætist, að meðgöngutíminn verður óvenjulega langur, sé barnið getið við samfarir kringum 20. júní eða jafnvel ennþá fyrr.

Loks hefur verið lagður fram í málinu útdráttur úr dómsgerðum í barnsfaðernismáli út af eldra barni Y, með vottorði P. G. Kolka héraðslæknis, dagsettu 9/12 1952. Þar segir svo: „Það vottast hérmeð samkvæmt ósk bæjarfógetans á Akureyri, að Y, ... Skagahreppi, f. 19/9 1916, er illa gefin og frekar hjárænuleg, en getur þó alls ekki kallast fáviti."

Þegar það er virt annars vegar, að barnsmóðir hefur ekki fært fram neinar sérstakar líkur til stuðnings máli sínu, að framburður hennar er ónákvæmur og óskýr, að meðgöngutími barnsins verður óvenjulega langur samkvæmt hennar framburði og henni virðist mjög vitsmuna vant og hins vegar það ósamræmi, sem er í framburði kærða, verður niðurstaða máls þessa sú, að synji kærði fyrir það með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lögmæltu varnarþingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við barnsmóður frá og með 1. júní 1944 og til 1. ágúst s. á., skal hann vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, enda greiði stefnandi honum þá kr. 1000.00 í málskostnað.

Fallist ákærði á eiðnum, skal hann teljast faðir meybarns þess, er Y ól hinn 31. apríl 1945, enda greiði hann þá meðlag með barninu frá 24. apríl 1951 samkvæmt úrskurði yfirvalds og kr. 282.00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Því dæmist rétt vera:

Synji kærði, Kristinn Bergmann Lárusson, fyrir það með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á lögmæltu varnar-

þingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þess, að hann hafi haft holdlegar samfarir við barnsmóður, Y, frá og með 1. júní 1944 og til 1. ágúst 1944, skal hann vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, enda greiði stefnandi honum þá kr. 1000.00 í málskostnað.

Fallist kærði á eiðnum, skal hann teljast faðir meybarns þess, er Y ól hinn 13. apríl 1945, enda greiði hann þá meðlag með barninu frá 24. apríl 1951 eftir úrskurði yfirvalds og kr.282.00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. janúar 1958.

Nr. 88/1957. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Lárusi Guðmundi Guðmundssyni
og gagnsök (Baldvin Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1957. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, en til vara lækkunar dæmdra fjárhæða og að hvorum aðilja verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi, hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. maí 1957. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 163.369.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. október 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eigi er í ljós leitt, að vinnuveitenda þeim, sem hlut átti að máli, verði vegna aðgæzluskorts eða vanbúnaðar á vinnustað gefin nokkur sök á slysi gagnáfrýjanda. Verður aðaláfrýjanda því dæmd sýkna.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Lárusar Guðmundar Guðmundssonar, í máli þessu.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Baldvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. marz 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. þ. m., hefur Lárus G. Guðmundsson, Höfðakaupstað, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. febrúar 1956, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 163.369.00, auk 6% ársvaxta frá 12. október 1953 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að fébótaábyrgð á síðargreindu slysi verði skipt.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 12. október 1953 varð stefnandi fyrir því slysi, er hann var að starfi hjá Hamilton Smith Beck Companies á Keflavíkurflugvelli, að hann féll niður af timburstafla og hlaut við það allmikil meiðsli á vinstri öxl.

Stefnandi skýrir svo frá, að timburstafli þessi hafi verið rúmur meter á hæð og hafi timbrið í honum verið plægð borð, ætluð til klæðningar. Timbrið hafi verið í búntum og upphaflega hafi staflinn saman staðið af 4 búntum, þannig að tvö búnt

hafi verið í breidd staflans og tvö í hæðinni. Í umrætt sinn hafi neðri búntin tvö verið óhreyfð, en búið hafi verið að taka mikið úr báðum efri búntunum. Stefnandi kveðst hafa staðið hálfboginn uppi á staflanum og verið að velja úr honum borð, en hann hafi haft þann hátt á að fara upp á staflann í því skyni, enda hafi sér fundizt það hægast. Daginn áður hafði rignt, en kuldi verið um nóttina. Hafi timburstaflinn því verið hélaður og háll mjög. Kveðst stefnandi hafa runnið til og fallið út af staflanum og komið niður á vinstri öxl og handlegg. Stefnandi kveður stundum sérstakan mann hafa verið uppi á staflanum til þess að rétta borðin niður, en einnig hafi verið algengt, að menn gerðu þetta hver fyrir sig og svo hafi verið í umrætt sinn.

Vitnið Sveinn Gíslason, samstarfsmaður stefnanda, kveðst hafa séð, er hann féll niður af staflanum. Skýrir vitnið svo frá, að þar eð búntunum í staflanum hafi verið staflað mishátt, hafi verið óhjákvæmilegt að fara upp á staflann til að ná einstökum borðum úr búntunum, en sá háttur hafi verið á hafður að klára hvert búnt, áður en byrjað var að taka úr því næsta.

Vitnið Bjarni Guðjón Guðmundsson, er var verkstjóri stefnanda, hefur komið fyrir dóm í málinu. Skýrir vitni þetta svo frá, að það hafi ekki verið sjónarvottur að slysinu og hafi ekki frétt um það, fyrr en 2 til 3 dögum eftir að það skeði, er stefnandi skýrði því frá því. Vitnið kveður búntin í timburstafla þeim, er stefnandi féll niður af, hafa verið bundin saman með járnum. Hafi 80 borð verið í hverju búnti, en borðin hafi verið 6" breið, 14—16 fet á lengd og ¾" á þykkt. Hvert búnt hafi verið um 75 cm á hæð. Kveðst vitnið ekki muna, hve mörg búnt voru í hæð staflans, er um ræðir, en venjulega hafi þau verið tvö og tvö í breiddinni. Til þess að ná borðum úr efra búnti, hafi þurft að standa uppi á neðra búntinu. Kveðst vitnið ekki hafa gefið sérstök fyrirmæli um, að þannig skyldi farið að, en þetta hafi verið bezta aðferðin. Sá háttur hafi venjulega verið hafður á, að sérstakur maður stæði uppi á búntunum og rétti borðin niður. Hins vegar hafi verið algengt, að menn færu einn og einn upp á búntin til þess að ná í borð, ef svo bar undir.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlauzt, samkvæmt ákvæðum laga nr. 110 frá 1951 og fylgiskjala með þeim lögum.

Stefndi, sem ekki véfengir aðild sína að málinu, verði talið, að um fébótaskylt slys sé að ræða, reisir sýknukröfuna í fyrsta

lagi á því, að stefnandi hafi farið upp á umræddan timburstafla að nauðsynjalausu. Í annan stað er sýknukrafan á því byggð, að fall stefnanda niður af staflanum megi rekja til ógætni hans. Að minnsta kosti megi líta svo á, að slysið sé að nokkru leyti sök stefnanda sjálfs, og er varakrafan um skiptingu tjónsins á því byggð.

Það er óvéfengt, að stefnandi hafi hlotið meiðsli þau, sem krafizt er bóta fyrir í málinu, við það að falla niður af umræddum timburstafla svo og, að yfirborð staflans hafi verið hált, svo sem stefnandi staðhæfir. Þá er leitt í ljós, að nauðsyn bar til, að farið væri upp á staflann til þess að velja borð úr efri búntunum svo og, að því verki hafi ýmist verið hagað svo, að menn gerðu þetta sjálfir, hver fyrir sig, eða að sérstakur maður stæði uppi á staflanum og rétti borðin niður. Að svo vöxnu máli verður ekki fallizt á það með stefnda, að stefnandi hafi verið uppi á staflanum að nauðsynjalausu, er hann féll niður. Eigi er heldur í ljós leitt, að sú málsástæða stefnda hafi við rök að styðjast, að stefnandi hafi fallið niður af staflanum vegna ógætni sinnar. Á hinn bóginn þykir hafa á það skort, að gætt væri þess öryggis, sem kostur var, þar sem svo var frá timbrinu gengið, sem að framan er lýst, en sjá mátti fyrir nokkra hættu af því, að menn færu upp á timburstaflann til þess að sækja borð. Má rekja orsakir slyssins til þessarar ófullnægjandi öryggisgæzlu á vinnustað og óhappatilviljunar.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt að stefndi, sem kemur hér í stað atvinnurekandans, beri fébótaábyrgð að hálfu á tjóni því, er stefnandi beið.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Örorkubætur ..... kr. 133.369.00
2. Þjáningabætur og lækniskostnaður ..... — 30.000.00

Samtals kr. 163.369.00

Um 1.

Stefnandi kveðst hafa komið mjög illa niður í fallinu og fundið til allmikils sársauka á eftir. Sársaukinn hafi þó brátt liðið frá að mestu, en honum hafi fundizt hann vera óeðlilega dofinn. Ekki fór stefnandi til læknis þá um daginn, en lagðist rúmfastur strax og hann kom heim um kvöldið. Kveður hann verkinn í vinstri öxl og handlegg hafa aukizt til muna, er hann hafi legið nokkra stund og varð það úr, að stefnandi leitaði til Péturs Thoroddsens, læknis í Keflavík, þá um kvöldið.

Hinn 2. febrúar 1954 var stefnandi skoðaður af Jóni Hannessyni, lækni á Keflavíkurflugvelli. Í vottorði læknis þessa, dagsettu 11. s. m., segir á þessa leið:

„.... Sjúkl. var óvinnufær næstu 8 daga .... Sjl. kveðst aldrei hafa náð sér til fulls á handlegg og öxl eftir þetta og tæpl. verið vinnufær. Við skoðun þn 2. febr. '54 er: Ekkert athv. að sjá á v. öxl eða handlegg. Greinil. eymsli eru yfir v. öxl. M. trapezius sin er spenntur og aumur. Hreyfingar í liðnum eru takmarkaðar, eink. abduction og rotation í b. áttir. Rgtm. frá 3 febr. sl. var negativ."

Í apríl 1955 var stefnandi skoðaður af Bergþóri Smára lækni, sem jafnframt mat örorku hans vegna slyssins. Í vottorði læknisins, dagsettu 25. s. m., segir á þessa leið:

„.... Kom í ljós, að slasaði hafði bólgu í kringum axlarliðinn (periarthr. humero-scapularis), og var margt reynt í læknisaskyni, en án árangurs, því að slasaði hefur verið frá vinnu alltaf öðru hverju síðan slysið varð, sökum verkja í vinstri öxl og vinstri handlegg. Þolir mjög illa erfiða vinnu. Slasaða finnst ástand sitt ekki hafa breytzt neitt í langan tíma.

Skoðun (í apríl '55): Vinstri handlimur (örvhentur): Hreyfingar í axlarliðnum eru nokkuð hindraðar, einkum fráfærsla og hreyfing aftur á við. Talsverð tilkenning er kringum liðinn við átöku og hreyfingu. Kraftur í hönd og handlegg virðist nokkuð minnkaður.

Röntgenmynd af vinstri öxl, tekin í Landspítalanum 12. apríl '55, sýnir lítilsháttar kölkun í liðnum. Niðurstaða: Ekki liggur annað fyrir en að slasaði hafi verið fullvinnandi og óþægindalaus fyrir slysið, og verður því að telja nefnd óþægindi afleiðingu þess. Þykir hæfilega áætlað, að slasaði hafi misst um þriðjung starfsorku sinnar. Telst því varanleg örorka hans af völdum nefnds slyss hæfilega metin: 35%."

Um ári eftir að framangreint örorkumat var framkvæmt, var stefnandi aftur skoðaður af Bergþóri lækni Smára. Í vottorði læknisins um þá skoðun, dagsettu 20. apríl 1956, segir á þessa leið:

„Slasaði er ekki frá því, að hann sé eitthvað skárri í öxlinni en hann var, er örorkumat fór fram 25. apríl 1955, en við skoðun kemur í ljós, að ekki er um neina verulega breytingu að ræða frá því, sem var þá, og er því enginn grundvöllur fyrir breytingu á örorkumatinu ...."

Stefnandi er talinn fæddur 7. október 1896 og hefur því verið

57 ára gamall, er hann slasaðist. Hann er kvæntur, en ekki er vitað, að hann hafi börn á framfæri sínu.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum stefnanda voru atvinnutekjur hans næstu árin fyrir og eftir slysið þessar: Árið 1952 kr. 8.694.68, auk launa greiddra í hlunnindum, kr. 640.00; árið 1953 kr. 38.736.00; árið 1954 kr. 37.500.00 og árið 1955 kr. 37.239.51.

Stefnandi kveður trésmíði hafa verið aðalatvinnu sína um áratugi og að þeirri iðngrein starfaði hann, er hann slasaðist. Á hinn bóginn hefur hann ekki trésmíðaréttindi. Kveðst stefnandi m. a. hafa staðið fyrir byggingu þriggja íbúðarhúsa í Höfðakaupstað, þar sem hann mun eiga lögheimili. Þá liggur frammi í málinu vottorð þess efnis, að stefnandi hafi á árunum 1942—43 starfað sem fullgildur trésmiður við byggingu verksmiðjuhúss eins hér í bænum.

Hinn 4. júní 1955 reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur út áætlað atvinnutjón stefnanda, miðað við slysdag og framangreinda örorku. Hefur tryggingafræðingurinn við útreikning þenna haft við að styðjast tekjur stefnanda árin 1952 og 1953. Getur hann þess, að sér virðist framtal tekna ársins 1952 bera með sér, að vart sé hægt að reikna fjárhagstjón stefnanda vegna örorkunnar á grundvelli þess, enda sé alkunna, að launþegar í kauptúnum starfi jöfnum höndum við eigin garðrækt, búskap eða fasteignir. Virðist honum því, að svo verði að líta á, að stefnandi hafi skipt um starfsgrein, er hann hóf starf sem trésmiður á Keflavíkurflugvelli. Reiknar tryggingafræðingurinn síðan atvinnutjónið út með tvennu móti: annars vegar á grundvelli launa trésmíðasveins og hins vegar á grundvelli atvinnutekna stefnanda á árinu 1953. Í fyrra tilvikinu reiknast honum verðmæti tapaðra atvinnutekna nema kr. 133.369.00, en það er sú fjárhæð, sem krafizt er undir þessum kröfulið. Í síðara tilvikinu reiknast honum tapaðar atvinnutekjur stefnanda aftur á móti nema kr. 117.269.00.

Útreikningur þessi er miðaður við 4% ársvexti. Að tilhlutun dómarans reiknaði sami tryggingafræðingur út verðmæti tapaðra atvinnutekna stefnanda á sömum forsendum og áður, en miðað við 6% vexti p. a. Er sá útreikningur dagsettur 10. febrúar 1957. Reiknast honum verðmæti tapaðra atvinnutekna með því móti nema kr. 128.262.00, miðað við kaup sveins í trésmíði, en kr. 112.779.00, sé miðað við atvinnutekjur stefnanda árið 1953. Ef á hinn bóginn tillit er tekið til kauplagsbreytinga frá

slyssdegi til 4. júní 1955, er fyrri útreikningurinn var gerður, og reiknað með 6% vöxtum p. a., reiknast tryggingafræðingnum, að fyrri talan eigi að hækka í kr. 142.917.00, en sú síðari í kr. 125.644.00.

Af hendi stefnda hefur því sérstaklega verið mótmælt, að við útreikning á örorkutjóni stefnanda sé miðað við kaup trésmiða. Þá er þess krafizt, að til frádráttar bótum til stefnanda samkvæmt þessum lið komi greiðslur, er hann hafi fengið frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt, svo og einnar viku kaup, er hann hafi fengið greitt eftir slysið.

Svo sem fyrr greinir, hefur stefnandi ekki trésmiðaréttindi. Þykir því ekki fært gegn mótmælum stefnda að leggja útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar að því leyti, sem hann er byggður á kaupi trésmiða. Á hinn bóginn er ekki annað komið fram í málinu en stefnandi hafi starfað að þeirri iðngrein um árabil. Verður höfð hliðsjón af því við ákvörðun bóta til hans samkvæmt þessum lið.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, þykir hæfilegt að áætla tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 90.000.00. Hafa þá verið dregnar frá slysabætur, sem hann hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt, en þær nema kr. 26.957.00 og eru fullnaðargreiðsla.

Um 2.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem allt of háum.

Stefnandi hefur engin gögn lagt fram fyrir útlögðum læknishostnaði. Koma því einungis til álita hér bætur fyrir þjáningar. Þegar virt er sjúkrasaga stefnanda, sem rakin hefur verið hér að framan eftir föngum, svo og meiðsli þau, er hann hlaut, þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 12.000.00.

Úrslit málsins samkvæmt framansögðu verða þá þau, að krafa stefnanda verður tekin til greina með kr. 51.000.00 (½ af kr. 90.000.00 plús kr. 12.000.00). Frá þeirri fjárhæð ber að draga einnar viku kaup, sem leitt er í ljós, að stefnandi fékk greitt frá atvinnurekanda sínum fyrstu vikuna eftir slysið. Þrátt fyrir ábendingu dómarans, hafa lögmenn aðilja ekki hirt um að afla upplýsinga um það, hverri fjárhæð kaup þetta nam nákvæmlega, en stefnandi kveður það hafa numið um kr. 1.000.00, og er það ekki vefengt. Að svo vöxnu máli þykir rétt að draga kr. 1000.00 frá fyrrnefndri fjárhæð, kr. 51.000.00. Mismuninn, kr. 50.000.00, verður stefndi dæmdur til að greiða ásamt vöxtum, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 5.500.00. Er þar með talinn útlagður kostnaður hans af málinu samkvæmt framlögðum reikningum, samtals að fjárhæð kr. 567.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Lárusi G. Guðmundssyni, kr. 50.000.00 auk 6% ársvaxta frá 12. október 1953 til greiðsludags og kr. 5.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. janúar 1958.

Nr. 59/1957. **Tyrfingur Tyrfingsson**
(Vilhjálmur Jónsson hrl.)
gegn
Hallgrími Péturssyni (Ragnar Jónsson hrl.).
og gagnsök

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1957. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Til vara krefst hann þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og málskostnaður í héraði felldur niður, en að honum verði dæmdur málskostnaður í Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 15. maí 1957. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 32.804.35 ásamt 6% ársvöxtum frá 18.

nóvember 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Hann krefst þess og, að honum verði dæmdur lögveðréttur í bifreiðinni R 3224 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hlaut við slysið heilahristing og fleiri ákomur, eins og lýst er í héraðsdómi. Hann hefur skýrt svo frá, að hann hafi haft miklar þrautir í höfði fram í júlímánuð, þ. e. um 4 mánaða tíma eftir slysið, og hafa læknar ekkert haft við þá frásögn að athuga. Með tilliti til þessa þykja bætur fyrir þjáningar og óþægindi hæfilega metnar í héraðsdómi. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að vextir verða aðeins dæmdir frá 18. nóvember 1954 í samræmi við kröfugerð gagnáfrýjanda.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Tyrfingur Tyrfingsson, greiði gagnáfrýjanda, Hallgrími Péturssyni, kr. 5250.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. nóvember 1954 til greiðsludags, kr. 123.84 í orlofsfé, kr. 950.00 í málskostnað í héraði og kr. 3000.00 í málskostnað í Hæstarétti. Á gagnáfrýjandi lögveð í bifreiðinni R 3224 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. febrúar 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. þ. m., hefur Hallgrímur Pétursson sjómaður, Grundarstíg 6, hér í bæ, höfðað á bæjarinu með stefnu, útgefinni 16. nóvember 1954, gegn Tyrfingi Tyrfingssyni, Rauðarárstíg 22, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 32.804.35 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 31.827.14 frá

18. nóvember 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt lögveðs í bifreiðinni R 3224 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans, en til vara, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður falli niður.

Samvinnutryggingum s.f. hefur verið stefnt til að gæta réttar síns í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 10. marz 1954, kl. 20,25, varð stefnandi fyrir því slysi, er hann var á gangi á Hafnargötu í Keflavík, að bifreiðinni R 3224 var ekið aftan á hann með þeim afleiðingum, að hann féll í götuna og hlaut nokkur meiðsli.

Stefnandi skýrir svo frá, að í umrætt sinn hafi hann verið á leið frá Keflavíkurflugvelli til Keflavíkur. Kveðst hann hafa gengið yzt á sínum vinstra jaðri götunnar. Er hann var kominn á móts við innsta húsið við Hafnargötu (Aðalstöðina nýju), hafi hann orðið þess var, að bifreið kom á eftir honum, en þar eð hann var yzt á brún götunnar, hafi hann ekkert skeytt því. Skyndilega hafi hann orðið fyrir höggi og fallið í götuna. Kveðst hann ekki vita gjörla, með hverjum hætti slysið varð, en hyggur, að framvari bifreiðarinnar hafi lent á hnésbótum hans og hann fallið við það aftur yfir sig og lent á vélarhlíf bifreiðarinnar, en fallið síðan fram yfir sig á götuna. Stefnandi kveðst þess fullviss, að bifreiðin hafi numið staðar samstundis, en fullyrðir jafnframt, að ökumaðurinn hafi ekkert hljóðmerki gefið, enda muni ökumaðurinn ekki hafa veitt honum athygli fyrr en á sama andartaki og slysið varð. Stefnandi lýsir svo staðháttum á slysstaðnum, að gatan sé mjög breið, og telur hann, að þrjár stórar bifreiðar geti hægilega mætzt þarna. Götulýsing hafi þarna lítil verið eða jafnvel engin. Engin farartæki hafi staðið á götunni í nágrenni slysstaðarins og hafi gatan verið algerlega tálmunarlaus. Engar afmarkaðar akbrautir munu vera meðfram götunni, og segir stefnandi, að vegna bleytu hafi verið ófært gangandi vegfarendum utar en hann gekk.

Bifreiðin R 3224 er 6 manna fólksflutningabifreið, og er stefndi eigandi hennar. Í umrætt sinn ók sonur hans bifreiðinni. Skýrir hann svo frá, að hann hafi ekið á sínum vinstra helmingi Hafnargötu og verið á leið til Keflavíkur. Hafi hann ekið með um 15 km hraða, miðað við klukkustund. Skyndilega hafi hann orðið

þess var, að bifreiðin var komin fast að manni, er gengið hafi í sömu átt. Um leið hafi hann snögghemlað bifreiðinni, en árekstri hafi ekki orðið forðað og hafi bifreiðin lent aftan á manni þessum, sem reyndist vera stefnandi, og hann fallið í götuna.

Löggæzlumenn munu ekki hafa verið kvaddir á slysstaðinn, en rannsókn á tildrögum slyssins var framkvæmd af lögreglunni í Keflavík næsta dag. Í skýrslu lögreglunnar um slysið segir, að götulýsing sé slæm á þeim slóðum, þar sem slysið varð. Þá segir ennfremur í skýrslunni, að umrætt kvöld hafi verið stormur og slyddusúld og götur blautar.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að ökumaður R 3224 hafi átt alla sök á slysinu og beri því stefndi, eigandi bifreiðarinnar, fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlauzt.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki getað varnað slysinu. Stefnandi hafi verið dökkklæddur og því erfitt að sjá hann á götunni í myrkri og slæmu veðri. Með því að ganga inni á akbrautinni við slíkar aðstæður, hafi stefnandi raunverulega stofnað til slyssins. Að minnsta kosti sé vafalaust, að stefnandi hafi átt verulega sök á slysinu. Vekur stefndi á því athygli í þessu sambandi, að stefnandi viðurkenni, að bifreiðinni hafi verið ekið á mjög hægri ferð og numið staðar jafnskjótt og hemlað var.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið um atvik að slysi þessu, verður eigi talið, að af hendi stefnda hafi verið sýnt fram á, að slysinu hefði ekki orðið forðað, þótt ökumaður bifreiðarinnar hefði sýnt fyllstu aðgæzlu. Ber því stefndi fébótaábyrgð á slysinu.

Ekki er annað fram komið í málinu en að rétt sé sú frásögn stefnanda, að hann hafi gengið yzt á jaðri götunnar. Þegar þess á hinn bóginn er gætt, að dimmt var orðið, götulýsing ófullkomin og veðurskilyrði slæm, að því er virðist, svo og að engar afmarkaðar gangbrautir voru með fram akbrautinni fyrir gangandi fólk, þá verður að telja, að varlegra hefði verið af stefnanda að ganga á sínum hægra jaðri götunnar. Að hann gætti ekki þeirrar varúðar, verður þó eigi metið honum til slíks gáleysis, að hann verði látinn bera tjón sitt að nokkru sjálfur, enda eru engin ákvæði í lögum, er skylda vegfarendur til slíkrar varúðar. Samkvæmt þessu verður fébótaábyrgð stefnda á slysinu óskoruð.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

1. Atvinnutjón ..... kr. 21.813.12

2.	Fæðispeningar	—	2.760.00
3.	5% orlof af kaupi	—	977.21
4.	Gerfitennur	—	1.500.00
5.	Læknishjálp	—	390.00
6.	Lyf	—	61.35
7.	Kostnaður við töku röntgenmynda	—	116.67
8.	Fataskemmdir	—	150.00
9.	Ferðakostnaður	—	36.00
10.	Bætur fyrir sársauka og þjáningar	—	10.000.00

Samtals kr. 37.804.35

Frá þeirri fjárhæð hefur stefnandi dregið kr. 5.000.00, sem hann hefur þegar fengið greitt upp í tjón sitt. Kemur þá fram fjárhæð stefnukröfunnar.

Um 1.

Eftir slysið gat stefnandi staðið hjálparlaust á fætur, en ökumaður R 3224 ók honum þegar til héraðslæknisins í Keflavík, sem gerði að meiðslum hans. Samkvæmt vottorði læknisins, dagsettu 31. marz 1954, lá stefnandi rúmfastur í 3 daga eftir slysið, en var heima óvinnufær til 28. marz 1954.

Á öðrum degi eftir slysið var stefnandi skoðaður af heimilislækni sínum, Eggerti Steinþórssyni. Í vottorði læknisins, dagsettu 3. apríl 1954, er meiðslum þeim, er stefnandi hlaut, lýst svo:

„1. 2 cm langur skurður á hægri augabrún, sem hafði verið saumaður.

2. Brotinn falskur tanngarður.

3. Einkenni um heilahristing.

4. Eymsli í vöðvum á hálsi og mjöðm."

Þá segir í sama vottorði, að stefnandi hafi verið frá vinnu til 29. marz 1954, en hafi unnið síðan. Þó sé hann enn ekki búinn að ná sér að fullu eftir slysið, t. d. sé honum hætt við svima og megi búast við, að nokkrar vikur líði, unz hann nái sér alveg.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dómi hinn 6. marz 1956, að hann hafi haft miklar þrautir í höfðinu fram í júlí 1954, að hann minni, en er þær minnkuðu, hafi hann farið að finna til í vinstri öxlinni. Kvaðst hann telja, að höfuðverkurinn hafi með einhverju móti færzt í öxlina. Hins vegar kvaðst stefnandi þá vera orðinn jafngóður í öxlinni svo og í höfðinu, nema hvað honum fyndist hann vera minnisminni en áður. Þá skýrði stefn-

andi svo frá í umrætt sinn, að er hann féll í götuna, er slysið varð, hefði hann komið niður á vinstri öxlina.

Hinn 27. júlí 1954 var stefnandi skoðaður af Kristjáni Hannessyni lækni. Í vottorði þess læknis, dagsettu 14. okt. 1954, segir, að stefnandi hafi leitað til hans vegna verkja í vinstri öxl. Síðan segir orðrétt á þessa leið í vottorðinu:

„.... Öxlin var þá allsár og verkir við hreyfingar, sem voru óeðlilega hindraðar, áleit ég vera vegna sársauka ....

Sjl. hefur verið hjá mér síðan.

Nú er sjl. verkjafrí, engin sjáanleg vöðvarírnun af axlarsvæði, en hreyfingar eru hindraðar, það vantar ca. 15° á 90° abduction í v. axlarlið. Sjl. getur með erfiðismunum fært v. hönd í hnakka, heldur er léttara fyrir hann að færa v. hönd í mjóbak, en rotation er annars allhindruð, þannig að sjl. á erfitt með vinnu (erfiðisvinnu)."

Í vottorði, dagsettu 22. október 1954, getur Kjartan R. Guðmundsson læknir þess, að stefnandi hafi komið til hans til rannsóknar 16. júní s. á. og verið til meðferðar hjá honum síðan. Aðalkvartanir hans hafi verið þyngsli í höfði, almenn þreyta og taugaóstyrkur. Hinn 27. júlí s. á. hafi hann kvartað um verki í vinstri öxl, sem hann (stefnandi) haldi fram, að stafi frá slysinu.

Hinn 7. september 1954 var stefnandi skoðaður af Þórarni Sveinssyni lækni, sem jafnframt mat örorku hans vegna slyssins. Í vottorði læknis þessa, dagsettu 23. s. m., segir á þessa leið:

„.... Slasaði segist hafa verið mjög slæmur í höfðinu fyrst í stað, einkum fyrstu vikuna eftir slysið, og lengi hafa haft þungadrunga yfir höfðinu. Hann segist þó hafa farið í vinnuna á Keflavíkurflugvellinum 29. marz. Segist hann hafa haft þar létt störf og einnig verið hlíft í fyrstu. Þeirri vinnu hætti hann svo um páskana (miðjan apríl). Þá hóf hann vinnu í Héðni, þar sem hann vann síðan fram til 11. júní 1954, en þá segist hann hafa verið svo slæmur í vinstri öxlinni, að hann hafi orðið að hætta störfum. Slasaði telur veikindin í öxlinni vera afleiðing slyssins. Hann getur þó ekki greint það samhengi með öðru en því, að hann hafi verið slæmur í öllum líkamanum eftir slysið, en þó einkum í báðum hnjám og fótum. Vegna þrautanna í öxlinni fór hann til Kristjáns Hannessonar nuddlæknis. Læknirinn telur, að slasaði muni verða lengi að ná fullum bata í öxlinni, sbr. vottorð hans, dagsett 2. sept. 1954.

Slasaði hefur ekkert unnið síðan 11. júní, að því er hann segir. Vegna taugaslens hefur hann verið hjá Kjartani R. Guðmunds-

syni lækni. Ég snéri mér til hans símleiðis og spurði hann, hvenær slasaði hefði leitað til hans, og reyndist það vera 16. júní 1954. Hann kvartaði þá ekki um þrautir í öxlinni. Þann 6/7 1954 kvartar hann um þrautir í fótunum, en fyrst 27/7 1954 kvartar hann um verki í öxlinni.

Það sést af þessu, að nokkuð gætir missagna um axlarverkinn í umræddri frásögn. Þar sem um höfuðmeiðsli var að ræða, var rétt, að augnlæknir gæfi álit um ástand sjónarinnar. Samkvæmt vottorði Guðmundar Björnssonar augnlæknis, dagsettu 5. júní 1954, var sjónin svarandi til aldurs mannsins.

Skoðun: Fremur grannholda maður. Framkoma hans og fas allt ber það með sér, að hann hafi taugaslen. Á höfði hefur hann örlítið ör yfir hægra auga, rétt ofan við augabrúnina, um 1,5 cm á lengd og svo lítið greinilegt, að athygli þarf að beita til að taka eftir því. Á höfði er ekki annað að sjá. Heyrn er eðlileg og sjón, sbr. augnvottorð, sem að framan er greint.

Blóðþrýstingurinn mældist 120/70. Hjartastarfsemin var regluleg og jöfn.

Við athugun á vinstri öxl skortir 30° til að ná handleggnum beinum frá búk í axlarhæð (abductio). Getur hann aðeins komið hendinni í buxnastrengshæð aftur fyrir bak. Ekkert er dregið úr vöðvum, en vottur er af þrota í liðapokanum ofan á liðnum. Hreyfingar í hálsi eru eðlilegar og engin missmíði eru þar finnanleg. Reflexar eru eðlilegir. Ekkert sést nú á fótum og kraftar eru góðir og liðamót eðlileg. Hann kvartar hins vegar um verkjaþrautir í kálfunum. Reflexar eru líflegir.

Ályktun: Um er að ræða marmeiðsli á fótum og víðar ásamt skurði á enni og heilahristing, sem mun hafa verið léttur, ef dæma má af líðan sjúklingsins fyrst eftir slysið. Þrautir þær, sem slasaði hefur í vinstri öxl, verða ekki skýrðar sem afleiðing fyrrgreinds slyss og hljóta því að vera því óviðkomandi.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir	1	viku	fyrst	eftir	slysið	.....	100% örorka
—	1	—	þar á	eftir		.....	75% —
—	1	—	—	-	—	.....	50% —
—	1	—	—	-	—	.....	30% —
—	1	—	—	-	—	.....	20% —
—	1	—	—	-	—	.....	15% —

Úr því 10% örorka um 2 mánaða skeið með tilliti til taugaslens."

Af hendi stefnda er því ákveðið mótmælt, að axlarverkur

sá, sem um ræðir í læknisvottorðunum hér að framan, hafi verið afleiðing slyssins. Með bréfi, dagsettu 2. marz 1956, óskaði lögmaður stefnanda þess, að álits læknaráðs yrði leitað um þetta atriði. Og með úrskurði, uppkveðnum á bæjarþinginu 7. s. m., var málið lagt fyrir læknaráð á þá leið, að óskað var álits um, hvort verkir þeir, sem stefnandi samkvæmt gögnum málsins telur sig hafa haft í vinstri öxl, verði taldir sennileg afleiðing slyss þess, sem um getur í málinu.

Ályktun læknaráðs er svofelld:

„Af þeim gögnum, sem fyrir liggja, verður ekki ályktað, að verkirnir í vinstri öxl, sem stefnandi fer að finna til í júlí 1954, séu afleiðing af bílslysi því, er hann varð fyrir hinn 10. marz sama ár."

Fjárhæð þessa kröfuliðs fær stefnandi þannig fram, að hann telur atvinnutjón sitt frá slysdegi til 29. marz 1954 hafa numið kr. 2.476.80. Er þeirri fjárhæð ekki mótmælt af stefnda. Eins og fram kemur í vottorði Þórarins læknis Sveinssonar hér að framan, hætti stefnandi vinnu 11. júní 1954 vegna verkja í vinstri öxlinni, en til þess tíma mun hann hafa unnið samfellt frá 29. marz s. á. Samkvæmt gögnum málsins hóf stefnandi vinnu af nýju 20. október s. á. Atvinnutjón sitt greint tímabil telur hann nema kr. 19.336.32. Samkvæmt þessu áætlar hann heildaratvinnutjón sitt vegna slyssins kr. 21.813.12, sem er fjárhæð þessa kröfuliðs.

Stefndi hefur ákveðið mótmælt því, að orsök þess, að stefnandi var ófær til vinnu frá 11. júní til 20. október 1956 verði á nokkurn hátt rakið til slyssins. Eigi hann því engan rétt á bótum fyrir atvinnutjón það tímabil.

Með hliðsjón af því, sem fram er komið í málinu um meiðsli stefnanda og afleiðingar þeirra, verður ekki talið, að af hendi stefnanda hafi verið gert sennilegt, að vanhæfi hans til vinnu greint tímabil verði rakið til meiðsla þeirra, er hann hlaut við slysið. Að því athuguðu og með skírskotun til örorkumats Þórarins læknis Sveinssonar, sem óhaggað stendur, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 3000.00.

Um 2.

Stefnandi vann á Keflavíkurflugvelli, er hann slasaðist. Kveðst hann hafa átt rétt á kr.23.00 á dag í fæðispeninga samkvæmt samningi við atvinnurekanda sinn. Er fjárhæð þessa kröfuliðs fæðispeningar í 120 daga.

Stefndi véfengir ekki, að stefnandi eigi rétt á bótum samkvæmt þessum lið fyrir tímabilið 11.—29. marz 1954 eða í 18 daga. Að því athuguðu og með vísun til þess, sem greinir undir 1. lið hér að framan, telst tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfulið nema kr. 414.00 (kr. 23.00×18).

Um 3.

Stefndi hefur ekki véfengt, að stefnandi eigi rétt á orlofi af kr. 2.476.80, sem eins og fyrr greinir er það kaup, sem stefnandi telur sig mundu hafa haft frá slysdegi til þess, er hann hóf aftur vinnu hinn 29. marz. Hins vegar mótmælir hann því eindregið, að stefnandi eigi rétt á frekara orlofsfé.

Með skírskotun til þeirra raka, sem greind eru fyrir niðurstöðu 1. kröfuliðs hér að framan, verður á þetta fallizt með stefnda. Samkvæmt því verður liður þessi tekinn til greina með kr. 123.84 (5% af kr. 2.476.80).

Um 4.

Þessum kröfulið er ekki mótmælt, og verður hann tekinn til greina óbreyttur.

Um 5.

Stefndi hefur mótmælt því, að þessi kröfuliður og tveir hinir næstu, er á eftir koma, eigi rétt á sér.

Stefnandi hefur lagt fram kvittanir frá þrem læknum fyrir greiðslum til þeirra vegna læknisskoðana á honum og vottorði í sambandi við þær, en nokkur þessara læknisvottorða eru rakin hér að framan. Kvittanir þessar eru frá Kjartani R. Guðmundssyni, að fjárhæð kr. 300.00, en hjá honum var stefnandi til meðferðar frá 16. júní til 22. október 1954; Guðmundi Björnssyni, að fjárhæð kr. 30.00, vegna augnskoðunar 5. júní s. á. og Eggerti Steinþórssyni, að fjárhæð kr. 60.00, fyrir tvö læknisvottorð.

Lækniskostnaður sá, sem stefnandi krefst hér endurgreiðslu á, er að minnsta kosti öðrum þræði vegna sjúkleika hans, sem samkvæmt framansögðu verður ekki talinn sennileg afleiðing meiðsla þeirra, er hann hlaut við slysið. Er því ekki unnt að taka kröfulið þenna til greina að fullu gegn andmælum stefnda. Þykja bætur samkvæmt honum eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 150.00.

Um 6.

Til stuðnings þessum kröfulið hefur stefnandi lagt fram þrjá

reikninga um lyfjakaup, er nema samtals fjárhæð þeirri, er hér er krafizt. Lyfjakaup samkvæmt tveim þessara reikninga hafa farið fram síðara hluta júní 1954, en samkvæmt hinum þriðja í öndverðum júlí s. á. Að svo vöxnu máli er ekki unnt að taka lið þenna til greina að neinu leyti gegn andmælum stefnda.

Um 7.

Röntgenmyndir þær, sem hér um ræðir, voru teknar af vinstri öxl stefnanda 2. júní 1954 og 4. september s. á. Á því hið sama við hér og næsta lið á undan. Samkvæmt því verður þessi liður ekki að neinu leyti tekinn til greina.

Um 8.

Kröfulið þessum er ekki mótmælt, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Um 9.

Kröfulið þessum hefur stefndi mótmælt sem málinu óviðkomandi.

Er stefnandi slasaðist, mun hann hafa verið búsettur hér í bænum, enda þótt hann dveldist í Keflavík vegna atvinnu sinnar. Að svo vöxnu máli þykir hann eiga rétt á bótum samkvæmt þessum kröfulið, og þar eð hann virðist mjög við hóf, verður hann tekinn til greina óbreyttur.

Um 10.

Þessum kröfulið hefur stefndi mótmælt sem alltof háum.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið um meiðsli þau, er stefnandi hlaut og afleiðingar þeirra, sem sennilegar þykja, ákveðast bætur til stefnanda fyrir sársauka og þjáningar kr. 5.000.00.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verða málalok þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 10.250.00 (kr. 3.000.00 + kr. 414.00 + kr. 1.500.00 + kr. 150.00 + kr. 150.00 + kr. 36.00 + kr. 5.000.00), að frádregnum þeim kr. 5.000.00, sem stefnandi hefur samkvæmt framansögðu þegar fengið greiddar upp í tjón sitt, eða kr. 5.250.00 og kr. 123.84 í orlofsfé. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda vexti, svo sem krafizt er, og málskostnað, sem ákveðst kr. 950.00.

Með vísun til 5. mgr. 34. gr. laga nr. 23 frá 1941 ber að viðurkenna lögveðrétt stefnanda í bifreiðinni R 3224 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Tyrfingur Tyrfingsson, greiði stefnanda, Hallgrími Péturssyni, kr. 5.250.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. marz 1954 til greiðsludags, kr. 123.84 í orlofsfé og kr. 950.00 í málskostnað. Á stefnandi lögveð í bifreiðinni R 3224 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1958.

Nr. 119/1957. **Ákæruvaldið** (Lárus Jóhannesson hrl.)
gegn
Jóhanni Ágúst Jóhannessyni
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðarslyssmál.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi 6 mánuði. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Ágúst Jóhannesson, skal sviptur ökuleyfi 6 mánuði. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. maí 1957.

Ár 1957, fimmtudaginn 16. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1621/1957: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Ágúst Jóhannessyni, sem dómtekið var 27. apríl síðastliðinn.

Málið var höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 21. desember 1956, gegn Jóhanni Ágúst Jóhannessyni bifreiðarstjóra, Háteigsvegi 19, hér í bæ, fyrir að hafa um klukkan 15.30 laugardaginn 14. júlí s.l. ekið bifreiðinni R 7951 vestur Háteigsveg hér í bænum, án þess að sýna næga aðgæzlu og varkárni með þeim afleiðingum, að nokkru fyrir austan (ofan) Stakkahlíð varð drengurinn Sverrir Gíslason, Úthlíð 15, fæddur 26. apríl 1952, fyrir bifreiðinni og slasaðist svo mjög, að hann beið bana af, en drengurinn mun hafa komið hlaupandi út á akbrautina (Háteigsveg) frá suðri fyrir aftan bifreiðina R 1177, sem stóð á eða við syðri jaðar brautarinnar. Telst ákærði með akstri þessum hafa orðið valdur eða samvaldur drengnum að slysi þessu, en brot ákærða þykir varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og við 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. júlí 1921 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

1954 27/4 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.

1956 24/2 Áminning fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 14. júlí s.l. kl. 15.30 var lögreglunni hér í bæ

tilkynnt, að þá skömmu áður hefði orðið umferðarslys á Háteigsvegi hér í bæ, skammt austan Stakkahlíðar. Tildrög slyssins höfðu verið þau, að ákærði hafði komið akandi á bifreiðinni R 7951 vestur Háteigsveg. Er hann var næstum kominn að Vatnsgeymunum, hafði Sverrir Gíslason, Úthlíð 15, fæddur 26. apríl 1952, komið hlaupandi úr suðurátt áleiðis norður yfir götuna. Skipti engum togum, að er bifreiðina bar að, lenti hann á vinstri hlið hennar framan til. Hlaut Sverrir svo alvarleg meiðsli, að hann beið bana af skömmu síðar. Er lögreglan kom á staðinn, stóð bifreiðin R 7951 á Háteigsvegi, aðeins fyrir vestan Vatnsgeymana. Sat ákærði inni í henni. Skýrði hann lögreglunni frá því, að barn hefði orðið fyrir bifreiðinni, en rétt að slysinu afstöðnu hefði maður komið að, tekið upp barnið og borið það inn í bifreiðina R 1177, er hafði staðið skammt frá. Bifreiðinni R 1177 hefði síðan verið ekið brott. Ákærði taldi sig ekki vita, með hverjum hætti slysið hefði orðið, en barnið hefði legið aftanvert við vinstra framhjól, að slysinu afstöðnu. Samkvæmt ljósmyndum af slysstaðnum og uppdrætti stendur bifreiðin R 7951 næstum á nyrðri vegarhelmingi eða hægra megin, miðað við stefnu hennar á Háteigsvegi, bein fyrir götunni og snýr í vestur. Ekki var sjáanlegt á bifreiðinni, hvar Sverrir heitinn hefði lent á henni. Hins vegar var blóðblettur í götunni aftanvert og aðeins til hliðar við vinstra framhjól hennar. Var lögreglunni tjáð, að þar hefði höfuð Sverris heitins legið að slysinu afstöðnu. Aftur af hægra afturhjóli var hemlafar um 2 metrar, en ekkert aftur af því vinstra, heldur aðeins hjólfar. Hins vegar var hemlafar um 2½ meter aftur af vinstra framhjóli. Virtist svo af hemlaförum sem bifreiðinni hefði verið hemlað mest fyrst, en svo hefði verið linað aðeins á hemlum aftur, svo að hjólin hefðu snúizt, áður en bifreiðin nam alveg staðar. Um það bil 6 metra aftur af bifreiðinni R 7951 sunnan vegarins, en næstum utan akbrautarinnar, var bifreiðin R 1177, sem er 6 manna fólksbifreið, talin hafa staðið. Slysið varð nokkurn vegin á móti afleggjara, sem liggur frá Háteigsvegi í suðurátt. Bifreiðin R 7951 er sendiferðabifreið af „Dodge"-gerð, gömul herbifreið, ljós að lit með vinstri hliðar stýri, eign Mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Bifreiðaeftirlitsmenn reyndu bifreiðina í akstri eftir slysið. Er henni var ekið með um 25 km hraða og hemlað með fullu ástigi á hemilsfetil, stöðvaðist bifreiðin á 7 metrum. Voru hemlaför greinileg eftir 3 hjól, en vinstra afturhjól hemlaði ekki. Virtist ástæðan vera sú, að feiti

úr drifkúlu hefði lekið á hemilsborðana. Að öðru leyti reyndist öryggisútbúnaður bifreiðarinnar vera í lagi. Hraðamælir bifreiðarinnar var óvirkur. Er slysið varð, var skýjað, en annars bjart og færi þurrt.

Ákærði hefur skýrt svo frá málsatvikum, að hann hafi verið að koma af Sogavegi og ekið vestur Háteigsveg, er framangreint banaslys varð. Var hann á leiðinni niður í bæ. Með honum í bifreiðinni var Daði Björnsson, Blönduhlíð 23. Ákærði kvaðst ekki hafa verið að flýta sér og bifreiðin hafi verið í öðrum gír. Ákærði gat ekki sagt fyrir víst, með hvaða hraða hann hafi ekið, en taldi óhugsandi, að hann hefði ekið með meiri hraða en 25 km, miðað við klst., er slysið varð. Er ákærði kom á móts við Vatnsgeymana við Háteigsveg, sá hann allmargt fólk, bæði börn og fullorðna. Var það sunnan götunnar eða ákærða á vinstri hönd. Hins vegar sá hann ekki fólk hægra megin við sig. Fólkið var ekki það mikið inni á götunni, að ákærði teldi að um hættu gæti verið að ræða, er hann æki fram hjá því. Er hann var kominn á móts við fólkið, varð hann skyndilega var við, að eitthvað slóst utan í bifreið hans. Ákærði kvaðst hafa verið grunlaus um, að nokkurt slys hefði borið að höndum, en hemlaði þó strax með fullu átaki á hemla. Er hann hafði numið staðar, leit hann út um vinstri glugga, er var opinn. Sá hann þá barn liggja í götunni til hliðar á móts við vinstra framhjól. Ákærði kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvernig barnið hafi legið, sakir þess að í sömu andránni kom maður hlaupandi og tók það upp af götunni. Hljóp hann með barnið að fólksbifreið, er var á slysstaðnum, og setti það inn í hana. Ákærði kallaði til mannsins að láta barnið liggja kyrrt, en einhver í hópnum svaraði þá, að til þess væri ekki tími. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við barnið, áður en það lenti á bifreiðinni. Er hann ók fram hjá fólkinu, kvaðst hann hafa fært sig út á hægri vegarhelming. Taldi hann sig aka það fjarri því, að þörf væri ekki á að veita því sérstaka athygli. Ákærði kvaðst hafa horft fram fyrir bifreiðina, en veitti umhverfinu til hliðar ekki sérstaka athygli. Ákærði kveðst hafa verið vel fyrirkallaður að öllu leyti og haft hugann við aksturinn. Ákærði var óvanur að aka bifreiðinni R 7951 og vissi ekki annað en hemlar hennar hefðu verið í góðu lagi.

Vitnið Daði Björnsson verkamaður, Blönduhlíð 24, sat við hlið ákærða hægra megin í bifreiðinni R 7951, er umrætt banaslys varð. Vitnið varð vart við bifreiðar sunnan megin götunnar, er þeir nálguðust Vatnsgeymana. Hægði ákærði ferð bifreiðarinnar

og skipti bifreiðinni niður, annaðhvort úr fjórða gír í þann þriðja eða úr þriðja gír í annan. Ók hann yfir á hægri vegarhelming vegna fólksins og bifreiðanna, að vitnið taldi. Vitnið kvað ákærða hafa orðið varan við fólksfjölda, er þeir komu upp á hæðina þarna. Var fólkið stutt frá veginum sunnan götunnar, en enginn maður úti á henni. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt um það, hve langa vegalengd ákærði hafi ekið, frá því að það kom auga á fólkið og þangað til slysið varð. Vitnið sá ekki neinar mannaferðir úti á veginum. Vitnið vissi ekki fyrr til en ákærði hrópaði upp: „Guð minn almáttugur, hef ég ekið á barn?" Snarhemlaði ákærði í þessu og var vitnið nærri hrokkið fram í rúðu. Í sömu andránni kom maður og hrópaði: „Það er of seint", og tók barnið upp af götunni. Ákærði sagði honum að láta barnið liggja kyrrt, en maðurinn sinnti því ekki og hvarf á brott. Vitnið og ákærði voru ekki að tala saman, er slysið varð eða þá mjög lítið og ekkert truflaði ákærða í akstrinum, svo vitnið yrði vart við. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt, með hvaða hraða ákærði hafi ekið, en því fannst hann aka fremur hægt. Ók hann að sögn vitnisins áreiðanlega undir löglegum hámarkshraða. Vitnið horfði beint fram á veginn og fannst ákærði gera það einnig. Vitnið vissi ekki annað en ákærði væri að öllu leyti vel fyrirkallaður við aksturinn og hann var ekki að flýta sér.

Vitnið Jóhann Pétur Einarsson verkamaður, Þvervegi 38, hefur skýrt frá því, að það hafi verið að koma upp Háteigsveg, er framangreint slys varð. Vitnið var gangandi og teymdi reiðhjól við hlið sér. Er vitnið var komið upp fyrir gatnamót Stakkahlíðar og Háteigsvegar, sá það margt fólk sunnan Háteigsvegar við Vatnsgeymana. Fór vitnið að hugsa um, hvað um væri að vera. Er vitnið leit upp Háteigsveg, sá það bifreið koma akandi móti sér. Vitnið kvaðst ekki geta sagt um það, með hvaða hraða henni hafi verið ekið. Alveg í sömu andránni og vitnið sá bifreiðina, sá það, að barn var eins og á vinstra framhjóli bifreiðarinnar. Virtist vitninu barnið svo snúast með hjólinu, en gat þó ekki fullyrt um það. Virtist vitninu barnið svo lenda undir hjólinu, en kvaðst þó ekki vilja fullyrða það. Vitnið heyrði hvína í hemlum bifreiðarinnar, er var stöðvuð. Vitnið kvað barnið hafa legið að slysinu afstöðnu rétt aftan við vinstra framhjól bifreiðarinnar. Lá það þversum í götunni, að vitnið taldi. Vissi höfuð þess frá bifreiðinni, en fætur inn undir hana. Vitnið taldi, að það hefði verið í um það bil 15 metra fjarlægð frá slysstaðnum, er slysið varð. Vitnið varð vart við mann þann, er tók barnið og bar það inn í bifreið.

Vitnið Arnór Guðni Kristinsson verkamaður, Barónsstíg 14, hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt sunnan Háteigsvegar aðeins austan við slysstaðinn, er slysið varð. Vitnið kvaðst hafa séð bifreiðina R 7951, er henni var ekið fram hjá því. Var bifreiðinni ekið hægt. Vitnið fylgdist með ferðum bifreiðarinnar og sá, er henni var hemlað. Um leið og bifreiðin var stöðvuð, að vitnið taldi, sá það, að barn, á að gizka 4—5 ára gamalt, reikaði frá bifreiðinni eða gekk frá henni, eins og vitnið orðaði það, um tvö skref og datt svo á hliðina í sömu átt og bifreiðinni hafði verið ekið. Vitnið hafði ekki séð barnið, fyrr en það sá það reika frá bifreiðinni og vissi ekki hvaðan það hafði komið. Vitninu virtist barnið lenda aftan til á framaurhlíf bifreiðarinnar vinstra megin. Að slysinu afstöðnu lá barnið þannig, að höfuð þess vissi í sömu átt og bifreiðin, en fætur þess aftur með henni. Barnið var um hálfan meter frá bifreiðinni, en ekki undir henni að neinu leyti. Vitnið kvað barnið hafa dottið á sömu hliðina og meiðslin voru á því. Vitnið kvað allmargt fólk hafa verið statt á móts við slysstaðinn, bæði börn og fullorðna, sérstaklega þó börn. Mörg börn sátu uppi á Vatnsgeymunum og heyrði vitnið talað um það eftir á, að barnið mundi hafa ætlað þangað, er slysið varð.

Vitnið Salóme Jóhannsdóttir húsfrú, Úthlíð 9, hefur skýrt frá því, að það hafi verið á gangi norður Stakkahlíð, er framangreint slys varð. Var vitnið að leita að syni sínum. Vitnið sá mannfjölda við Háteigsveg ofan Stakkahlíðar. Vitnið var rétt komið að gatnamótum Háteigsvegar og Stakkahlíðar, er það sá barn hlaupa mjög hratt vestan við eða fyrir aftan bifreið, sem stóð sunnan Háteigsvegar. Barnið hljóp hratt aðeins á ská vestur yfir götuna. Barnið virtist vera að flýta sér og gáði ekkert kringum sig, að vitnið gæti séð. Í þessu bar að bifreiðina R 7951 og hljóp barnið á hana. Lenti það á bifreiðinni um vinstra framhjól eða rétt fyrir aftan það, að vitnið taldi. Í því er bifreiðin nam staðar, var eins og hún lyftist upp að aftan. Vitnið gat ekki fullyrt um það, hvort afturhjólið fór yfir barnið, en fannst það einhvern veginn af því, hvernig bifreiðin lyftist upp að aftan. Vitnið taldi, að bifreiðinni hefði ekki verið ekið á mikilli ferð, er slysið varð. Vitnið tók fram, að því hafi fundizt einhvern veginn, að ökumaður R 7951 hefði ekki getað forðað slysinu, sakir þess hve barnið hljóp skyndilega út á götuna.

Vitnið Sólborg Einarsdóttir verkakona, Ásvallagötu 46, hefur skýrt frá því, að það hafi staðið sunnan Háteigsvegar fyrir ofan Stakkahlíð, er slysið varð. Vitnið beindi athygli sinni að beltis-

ýtu, sem var að byrja að grafa fyrir kirkju Óháða Fríkirkjusafnaðarins. Skyndilega heyrði vitnið, að bifreið var hemlað og næstum samtímis heyrði það hljóð. Vitnið stóð við hlið vitnisins Bjarna Pálssonar, er þetta gerðist. Vitnið leit við, og í sömu andránni hljóp Bjarni frá því. Vitnið kom þá auga á bifreiðina R 7951, er stóð á Háteigsvegi. Sá það barn liggja fyrir aftan vinstra framhjól bifreiðarinnar. Bifreiðarstjóri nefndrar bifreiðar leit út um glugga bifreiðarinnar og kallaði upp. Barnið lá þannig, að höfuð þess vissi inn undir bifreiðina og var fyrir aftan og innan vinstra framhjól. Fætur barnsins vissu frá bifreiðinni á ská aftur með. Bjarni tók barnið upp þegar að slysinu afstöðnu.

Vitnið Bjarni Pálsson beykir, Ásvallagötu 46, hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt sunnan Háteigsvegar rétt við akbrautina, er umrætt slys varð. Vitnið veitti bifreiðinni ekki athygli, fyrr en það heyrði, að henni var hemlað. Leit vitnið þá við og sá, að bifreiðin hafði numið staðar. Lá barn rétt aftan við vinstra framhjól bifreiðarinnar. Höfuð barnsins var rétt aftan og fyrir innan framhjól bifreiðarinnar og vissi inn undir hana, en fætur barnsins vissu út á götuna nokkuð á ská.

Vitnið kvaðst hafa séð, að mikið blæddi úr höfði barnsins. Tók vitnið það upp og bar það inn í bifreið, er var þarna í nánd. Vitnið kvaðst ekki geta sagt neitt um tildrög slyssins.

Í skýrslu prófessors Nielsar Dungals um krufningu á líki Sverris heitins segir á þessa leið um dánarorsök: „Við líkskoðun og krufningu fannst stórt og mikið brot á höfuðkúpu og kúpubotni. Enn fremur brot á hægra upphandlegg og hægra viðbeini. Mikil hrufl voru á andliti, hálsi og víðar. Engir innvortis áverkar fundust á brjóst- eða kviðarholi, nema blæðing í kringum þvagblöðru, þar sem æð hafði sprungið, Banameinið hefur verið hið mikla kúpubrot og heilahristingur með eftirfarandi miklu blóðþrýstingsfalli og öðrum losteinkennum."

Eins og að framan hefur verið rakið, þá hefur ákærði skýrt frá því, að hann hafi ekki veitt umhverfinu framundan bifreiðinni til hliðar, þaðan sem Sverrir heitinn kom, neina sérstaka athygli. Þetta bar honum þó skylda til að gera, sérstaklega þar sem hann hafði orðið var við það, að börn voru meðal fólksins, er þarna var. Ákærði varð Sverris því ekki var, fyrr en hann lenti á bifreiðinni. Ákærði hefði átt að hafa aðstöðu til þess að fylgjast með ferðum Sverris og nema fyrr staðar, enda sat ákærði vinstra megin í bifreiðinni. Samkvæmt þessu verður að telja, að ákærði eigi nokkra sök á slysinu. Ákærði hefur því gerzt brotleg-

ur gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 46. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 2000.00 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ekki þykir næg ástæða til að svipta ákærða ökuleyfi og ber að sýkna hann af þeim lið ákærunnar.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 1200.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Ágúst Jóhannesson, greiði 2000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði á að vera sýkn af ákærunni um ökuleyfissviptingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl. kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1958.

Nr. 164/1956. **Agnar Tómasson** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Pétri Jónssyni (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1956, krefst þess aðallega, að honum verði dæmt að greiða stefnda einungis kr. 7357.10 á-

samt 6% ársvöxtum frá 15. október 1955 til greiðsludags, að fjárhæð dæmds málskostnaðar í héraði verði lækkuð og stefnda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst áfrýjandi lækkunar dæmdra fjárhæða eftir mati Hæstaréttar og að hvorum aðilja verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu hér fyrir dómi.

Stefndi samþykkir, að ársvextir verði dæmdir einungis 6% af dómkröfu hans, en krefst að öðru leyti staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að vextir af dæmdri fjárhæð verða einungis 6%, eins og stefndi hefur samþykkt.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Agnar Tómasson, greiði stefnda, Pétri Jónssyni, kr. 9706.58 með 6% ársvöxtum frá 15. október 1955 til greiðsludags, málskostnað í héraði, kr. 1700.00, og málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 5. október 1956.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 28. f. m., hefur stefnandi, Pétur Jónsson læknir, Hamarstíg 12, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. júní s.l., á hendur Agnari Tómassyni verkstjóra, Norðurgötu 10, Akureyri, og eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða bætur fyrir tjón, er stefndi hefur valdið á bifreið stefnanda, kr. 9.719.58 auk 7% ársvaxta frá 15. október 1955 til greiðsludags og málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómara. Á síðara stigi málsins hefur stefnandi leiðrétt kröfu sína og lækkað hana í kr. 9.706.58. Sjóvátryggingafélagi Íslands h/f hefur enn fremur verið stefnt til réttargæzlu, en engar kröfur eru gerðar á hendur því.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir kröfu sinni, að hinn 25.

september 1955 hafi hann verið í sjúkravitjun í húsinu nr. 70 við Aðalstræti og hafi á meðan látið bifreið sína, A 153, standa við götubrún hjá húsinu. Fimm ára drengur, sonur stefnanda, var í aftursæti bifreiðarinnar. Er stefnandi var á leið frá bifreiðinni að húsinu, heyrði hann brak og bresti, og er hann leit við, sá hann, að bifreiðinni A 502 hafði verið ekið aftan á bifreiðina A 153. Við áreksturinn kastaðist bifreiðin A 153 áfram og upp á gangstétt með framhlutann. Drenginn, sem í henni var, sakaði ekki, en allmiklar skemmdir urðu á báðum bifreiðum. Stefndi í máli þessu ók bifreiðinni A 502 og var hann ölvaður. Dómsformanninum var síðar kunnugt um, að hann var dæmdur til refsingar fyrir brot á bifreiðalögum og áfengislögum af þessu tilefni.

Kostnaður við viðgerð á bifreiðinni A 153 nam kr. 6.706.58, og stefnandi metur tjón sitt fyrir afnotamissi bifreiðarinnar, meðan viðgerð stóð yfir, 200 kr. á dag í 15 daga, samtals 3000 kr. Upphæðir þessar samanlagðar eru stefnukrafan í máli þessu, enda telur stefnandi, að stefndi eigi einn alla sök á tjóninu og sé honum því skylt að bæta það að fullu.

Stefndi viðurkennir sök sína á tjóni stefnanda, en telur bótakröfuna of háa og gerir kröfu til þess að hún verði lækkuð verulega og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Við áreksturinn beyglaðist bifreiðin að aftan og var máluð öll að neðan eftir réttinguna, en bifreiðin var tvílit, rauð að neðan, en ljósleit að ofan. Stefndi telur, að ekki hafi verið þörf á að mála bifreiðina alla að neðan, heldur hefði nægt að mála aftasta hluta hennar fram að hurðum, því að engar skemmdir urðu á málningunni annars staðar.

Þá mótmælir stefndi kröfu stefnanda um bætur fyrir tjón vegna afnotamissis bifreiðarinnar sem of hárri. Telur hann, að hægt hefði verið á þeim tíma, sem bifreiðin var í viðgerð, að fá bifreið leigða lægra verði fyrir innanbæjarakstur. Í greinargerð hefur stefndi og mótmælt því, að viðgerð bifreiðarinnar hefði þurft að taka tvær vikur, en í málflutningnum hefur hann fallið frá þessari málsástæðu.

Maður sá, sem málaði bifreiðina, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann hafi gert tilraun til að blanda málningu, eins og þá sem á bifreiðinni var, með það fyrir augum að mála aðeins afturhluta hennar, sem skemmdist, en slíkt hafi ekki tekizt. Ekki hafi heldur heppnazt að fá efni í málningu sams konar og á bifreiðinni var og hafi því ekki orðið hjá því komizt að mála hana alla að neðan, til þess að ekki sæi litarmun.

Hinir sérfróðu menn í dóminum telja, að liturinn á bifreiðinni hafi verið slíkur, að ekki hefði verið unnt að ná nákvæmlega sama lit, án þess að hann hefði upplitazt. Þykir stefnanda því eigi rétt á að fá málningakostnaðinn bættan að fullu, þar sem hér var um svo að segja nýja bifreið að ræða með gallalausri málningu.

Á meðan bifreið stefnanda var í viðgerð, fékk hann til afnota jeppabifreið, sem sonur hans átti. Á sama tíma var hægt að fá venjulegar 6 manna bifreiðar til leigu án ökumanns fyrir 300—350.00 kr. á dag fyrir allt að 200 km akstur og aukagjald fyrir lengri akstur. Er þetta staðfest með vætti nokkurra manna, er höfðu slíkar bifreiðir til leigu. Að sjálfsögðu er eðlilegt að leiga fyrir jeppabifreið sé lægri, en í málinu er ekki upplýst um venju í þeim efnum. Hins vegar telja samdómendurnir samkvæmt þeirri reynslu og þekkingu, er þeir hafa í þessu efni, að 200.00 kr. leiga á dag fyrir jeppabifreið sé sanngjörn og eðlileg. Verður krafa stefnanda því tekin til greina að fullu, einnig að þessu leyti.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnukröfuna, kr. 9.706.58, auk vaxta, eins og krafizt er, og kr. 1.700.00 í málskostnað.

Dóm þennan hafa kveðið upp Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti og samdómendurnir Tryggvi Jónsson bifvélameistari og Erlendur Snæbjörnsson bifreiðamálari.

Dómsorð:

Stefndi, Agnar Tómasson, greiði stefnanda, Pétri Jónssyni, kr. 9.706.58 auk 7% ársvaxta frá 15. október 1955 til greiðsludags og kr. 1.700.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1958.

Nr. 4/1958. **Páll Þorgeirsson og dánarbú Sverris Sigurðssonar**

gegn

Halldóri Guðmundssyni

og

Halldór Guðmundsson

gegn

Páli Þorgeirssyni, Gísla Hannessyni og dánarbúi Sverris Sigurðssonar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Aðild í dómsmáli. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurgeir Jónsson, bæjarfógeti í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn kærða dóm.

Páll Þorgeirsson og dánarbú Sverris Sigurðssonar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. janúar 1958, sem hingað barst 11. s. m. Gera þessir aðiljar þá kröfu, að málskostnaðarákvæði hins kærða héraðsdóms verði hrundið og að stefnanda í héraði, Halldóri Guðmundssyni, verði dæmt að greiða þeim, hvoru í sínu lagi, hæfilegan málskostnað fyrir héraðsdómi og svo kostnað af kærumáli þessu, hvorttveggja eftir mati Hæstaréttar.

Halldór Guðmundsson hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 8. janúar 1958, er hingað barst 11. s. m. Hann krefst þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu efnisdóms og svo að stefndu í héraði, þeim Páli Þorgeirssyni, Gísla Hannessyni og dánarbúi Sverris Sigurðssonar, verði dæmt in solidum að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Svo sem í héraðsdómi er rakið, tóku þeir Páll Þorgeirsson, Gísli Hannesson og Sverrir Sigurðsson hinn 15. nóvember

1942 á leigu 10.000 fermetra landspildu, nr. 110, úr Vatnsendalandi. Stefnandi í héraði, Halldór Guðmundsson, telur sig hafa fyrir röð afsala og að nokkru fyrir traustnám öðlazt leigurétt að landspildu þessari og hefur stefnt hinum upphaflegu leigutökum til viðurkenningar á þeim rétti. Krafa þessi er dómhæf, og engar ástæður dómskapaðlis standa því vegi, að efnisdómur verði á hana lagður, en vitaskuld bindur slíkur dómur einungis aðilja máls þessa. Það, að landsdrottni var eigi stefnt, á því eigi að leiða til frávísunar málsins frá héraðsdómi. Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið fyrir af nýju og leggja dóm á það.

Með hliðsjón af því, að eigi hefur verið hirt um að reifa mál þetta fyrir Hæstarétti, þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af kærumálinu.

Dómsorð:

Hinn kærði bæjarþingsdómur er úr gildi felldur, og ber héraðsdómara að taka málið fyrir af nýju og leggja dóm á það.

Hver aðilja ber sinn kostnað af kærumáli þessu.

Dómur bæjarþings Kópavogs 2. janúar 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 11. febrúar 1957 af Halldóri Guðmundssyni trésmið, Kirkjuvegi 5, Keflavík, gegn Páli Þorgeirssyni, Flókagötu 66 í Reykjavík, Gísla Hannessyni, Laugarásvegi 53 í Reykjavík og Emilíu Sigurðardóttur, f. h. dánarbús Sverris Sigurðssonar, Bergi við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkenndur verði leiguréttur hans að 10000 fermetra landsspildu nr. 110 úr landi jarðarinnar Vatnsenda og að stefndu verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu in solidum.

Stefndu krefjast öll algerrar sýknu af kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður með hliðsjón af því, að þeim er stefnt í annað lögsagnarumdæmi.

Málavextir eru þeir, að með leigusamningi, dagsettum 15.

nóvember 1942, leigir Lárus Hjaltested, ábúandi og umráðamaður jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi (nú í Kópavogskaupstað), þeim Páli Þorgeirssyni, Gísla Hannessyni og Sverri Sigurðssyni, Reykjavík, 10000 fermetra spildu úr landi jarðarinnar Vatnsenda til 50 ára. Landsspilda þessi er merkt nr. 110. Leiguskilmálar eru m. a. þessir: Leigan er kr. 225 á ári og greiðist 1. apríl ár hvert. Landeigandi hefur forkaups- og leigurétt að mannvirkjum á landinu, en falli hann frá þeim rétti, má leigutaki selja eða leigja landið öðrum með sömu réttindum og um getur í samningnum. Þurfi landeigandi einhverra orsaka vegna að nota landið sjálfur, er honum heimilt að segja upp leigusamningnum með 1 árs fyrirvara, en skyldur er hann þá að kaupa hús og önnur mannvirki eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður tilnefnir.

Einn leigutakanna, Sverrir Sigurðsson, er látinn, en samkvæmt vottorði ekkju hans, Emilíu Sigurðardóttur, á dskj. nr. 15, lét hann á árinu 1945 samrétthöfum sínum eftir sinn hluta leiguréttarins, þannig að frá þeim tíma höfðu þeir stefndu Páll og Gísli réttinn einir. Er þetta staðfest af þeim. Samkvæmt skýrslu stefnda Gísla Hannessonar var landinu fyrst skipt í 3 hluta, en eftir að Sverrir gekk út úr samningnum, kveður hann þá Pál hafa skipt því í tvennt. Engin merki voru þó gerð og engin teikning af þeim skiptum fyrirfinnst. Bæði Páll og Gísli byggðu sumarbústaði á landinu. Páll seldi sinn sumarbústað 5. júlí 1947 ásamt leiguréttinum að 5000 fermetrum úr landsspildu nr. 110 úr Vatnsendalandi, og er í afsali vitnað til leigusamningsins frá 15. nóvember 1942 og nöfn leigutaka nefnd (dskj. nr. 16). Kaupandi var Eyjólfur Guðmundsson, þá til heimilis að Bergstaðastræti 32 í Reykjavík, en nú til heimilis að Akurgerði 36 í Reykjavík. Hinn 20. apríl 1953 selur Eyjólfur Guðmundsson Birni Jóhannessyni, Barónsstíg 53 í Reykjavík, sumarbústað sinn í Vatnsendalandi nr. 110 „ásamt leiguréttindum á landi því, er sumarbústaðurinn stendur á, samkvæmt leigusamningi við og yfirlýsingu frá landeiganda, Lárusi Hjaltested, bónda að Vatnsendalandi. Sumarbústaðurinn er seldur í því ástandi, sem hann er nú í og hefur kaupandi kynnt sér það. Á eign þessari er engin kvöð önnur en um ræðir í landsleigusamningi, enda svarar seljandi til vanheimildar ....“ (Dskj. nr. 5). Yfirlýsing sú frá landsdrottni, sem afsalið vísar til, er svohljóðandi:

„Eftir beiðni lýsi ég því hér með yfir, að Eyjólfur Guðmundsson á land nr. 110 hér á Vatnsenda, stærð 1 ha., og er melbungan

í landinu tilheyrandi landinu. Vatnsenda 18/4 1953 L. Hjaltested." Hinn 11. september 1954 selur Björn Jóhannesson síðan stefnanda máls þessa sumarbústað sinn í Vatnsendalandi nr. 110 „ásamt leiguréttindum á landi því, sem sumarbústaðurinn stendur á, samkvæmt leigusamningi við og yfirlýsingu frá Láruri Hjaltested, bónda að Vatnsendalandi". Stefndi Gísli Hannesson byggði einnig sumarbústað á landinu, en flutti hann burt árið 1951 með leyfi landsdrottins. Hann telur eigi hafa verið sett önnur skilyrði fyrir brottflutningum en að skemmdir yrðu bættar, sem yrðu af brottflutningi bústaðarins, á vegum o.þ.h. Upplýst er, að Gísli greiddi landsleigu að sínum hluta allan tímann, sem sumarbústaðurinn stóð á landinu, og einnig fyrir árin 1951 og 1952, en ekki síðan. Gísli kveðst hafa ætlað að greiða Eyjólfi sinn hluta leigunnar fyrir árið 1953, en þá hafi Eyjólfur verið búinn að selja. Þetta er staðfest af Eyjólfi. Stefndi Gísli kveðst ekki hafa greitt leigu síðan, þar sem hann hafi ekki getað átt neinar viðræður við samrétthafa sinn að landinu. Býður hann í greinargerð fram greiðslu allrar áfallinnar leigu ásamt vöxtum.

Samkvæmt aðiljaskýrslu stefnanda kveðst hann hafa talið landið 10000 fermetra, er hann keypti landið samkvæmt afsalinu frá Eyjólfi á dskj. nr. 5 og yfirlýsingu Lárusar Hjaltesteds á dskj. nr. 4. Hann kveðst ekki mundu hafa keypt bústaðinn, ef ekki hefði fylgt honum þessi landsstærð, þ. á m. melbungan. Hann segir Lárus Hjaltested hafa mælt út fyrir sig landið og melbungan verið þá innan marka.

Er stefnandi vildi selja vorið 1955, kveðst hann hafa farið til Lárusar Hjaltesteds til að sjá lóðarsamning, en Lárus þá sagt, að eftir að hann hefði athugað sín skjöl hefði komið í ljós, að lóðarsamningur væri til fyrir þessu landi, útgefinn til Páls Þorgeirssonar, Gísla Hannessonar og Sverris Sigurðssonar.

Engu hefur verið þinglýst varðandi Vatnsendaland nr. 110.

Stefndi Gísli Hannesson kveðst hafa orðið þess var vorið 1955, að búið væri að girða allt landið og hafi hann því talað um þetta við Lárus Hjaltested, sem hafi lofað að kippa þessu í lag.

Í greinargerð af hálfu stefnanda er því haldið fram, að eigi sé hann bundinn við samning um, að aðeins helmingur landsins fylgi sumarbústaðnum og eigi heldur landeigandi, þar sem óheimilt sé að skipta slíkum leigulöndum. Í munnlegum málflutningi var því haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hefði öðlazt rétt til alls landsins fyrir traustfang.

Af hálfu stefndu Páls Þorgeirssonar og Emelíu Sigurðardóttur vegna dánarbús Sverris Sigurðssonar er því haldið fram, að málið sé þeim með öllu óviðkomandi. Páll hafi aðeins afsalað sínum hluta leiguréttindanna, þ. e. helmingi, en Sverrir hafi áður verið búinn að afsala sínum hluta til samrétthafa sinna. Þá var því haldið fram við flutning málsins, að ekki sé í leigusamningi neitt bann við skiptingu leiguréttindanna, sem raunar hafi aldrei farið fram, meðan þau voru rétthafar, heldur hafi réttindi til landsins verið í óskiptri sameign, fyrst þeirra þriggja, en síðan tveggja.

Af hálfu stefnda Gísla er því haldið fram, að hann hafi aldrei afsalað sér þeim réttindum, sem hann öðlaðist með leigusamningnum upphaflega og réttindaafsali Sverris heitins, samningnum hafi aldrei verið sagt upp og hann aldrei afhafzt neitt, sem riftun samningsins geti valdið. Hann sé því rétthafi að hálfu að landinu.

Aðaldómkrafa stefnanda er, að viðurkenndur verði leiguréttur hans að 10000 fermetra landsspildu nr. 110 úr Vatnsendalandi. Stefnandi byggir rétt sinn sumpart á röð afsala. Samkvæmt leigusamningi um land nr. 110 úr Vatnsendalandi hefur landeigandi forkaups- og leigurétt. Eins og stefnukröfu er háttað, hefði því vegna síðastgreinds ákvæðis leigusamningsins verið rétt að gefa landsdrottni kost á að tjá sig um sakarefni og gæta hagsmuna sinna.

Það hefur eigi verið gert, og ber því samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði að vísa málinu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Málinu er vísað frá dómi. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 3. febrúar 1958.

Nr. 170/1957. **Árnason, Pálsson & Co. h/f**
gegn
Brandi Brynjólfssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 10. febrúar 1958.

Nr. 212/1957. **Ákæruvaldið** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Ingólfi Arnari Jónssyni
(Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Bifreiðalagabrot. Tilraun til hlutdeildar í röngum framburði fyrir dómi. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Með atferli því, sem lýst er í III. kafla héraðsdóms, hefur ákærði brotið gegn 1. málsgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en refsiákvæði þetta tekur yfir athafnir þær, sem ákært er fyrir samkvæmt ákæruskjali 6. apríl 1957. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans

um refsingu ákærða, frádrátt gæzluvarðhaldstíma hans og um réttindasviptingu.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, kr. 5000.00, og laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Arnar Jónsson, sæti fangelsi eitt ár. Gæzluvarðhaldstími hans, 119 dagar, skal koma til frádráttar refsingu hans.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Hann er og sviptur ökuleyfi bifreiðastjóra ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda í Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00, og málflutningslaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 8000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. september 1957.

Ár 1957, föstudaginn 13. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3433/1957: Ákæruvaldið gegn Ingólfi Arnari Jónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með fjórum ákæruskjölum, útgefnum af dómsmálaráðherra á hendur Ingólfi Arnari Jónssyni bifreiðarstjóra, Hæðargarði 6, hér í bæ.

Með ákæruskjali, útgefnu 20. apríl 1956, er mál höfðað gegn ákærða fyrir, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar R 8440 í Norðurárdal aðfaranótt sunnudagsins 1. apríl 1956, að hann hafi ekið hratt og ógætilega, þannig að bifreiðin fór út af veginum og loks, að hann hafi leyft 4

af farþegum sínum, ökuréttindalausum, að stjórna bifreiðinni nokkuð í Húnavatnssýslu umræddan sunnudag, 1. apríl. Telst hann með þessu hafa brotið gegn 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 22. gr., 1. mgr. 23. gr., 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 og 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Með ákæruskjali, útgefnu 28. september 1956, er mál höfðað gegn ákærða fyrir, að hann hafi reynt að fá vitnin Gunnar Kristinsson, Kristinn Reinholt Alexandersson, Vilhjálm Ásmundsson og Hlöðve Kristinsson til að breyta framburði sínum fyrir sakadómi Reykjavíkur 3. apríl 1956 og í því skyni farið með þá til Gunnars A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns. Er hann með þessu talinn hafa gerzt sekur um brot gegn 142. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 1. mgr. 22. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (tilraun til hlutdeildar í röngum framburði fyrir dómi).

Með ákæruskjali, dagsettu 25. marz s.l., er málið höfðað gegn ákærða fyrir, að hann hafi mánudagskvöldið 29. október 1956 ekið bifreiðinni R 8440 um götur bæjarins, m. a. frá Hæðargarði 6 niður í bæ og svo að Hagamel 18, þaðan nokkru síðar, sennilega um miðnætti, aftur eitthvað um bæinn og síðan að Hagamel 18 aftur og að hann hafi við aksturinn verið haldinn slíkri þreytu og sljóleika sakir undanfarandi neyzlu deyfandi lyfja, að hann hafi ekki getað stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt svo og, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn frá Hagamel 18 og þangað aftur. Með þessu telst ákærði hafa brotið gegn 1. og 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Loks er mál höfðað gegn ákærða með ákæruskjali, útgefnu 6. f. m., fyrir að hann hafi þriðjudaginn 27. nóvember 1956 í veitingastofu að Lokastíg 28 fengið afgreiðslustúlkuna Hönnu Maríu Ísaks til að skrifa nafn sambýliskonu hans, Guðbjargar Rúnu Guðmundsdóttur, sem seljanda undir tilkynningu til lögreglustjórans í Reykjavík um sölu bifreiðarinnar R 8440, sem Guðbjörg Rúna var skrásettur eigandi að, en Reykjavíkurbær hafði lagt fé til kaupa þessarar bifreiðar vegna Guðbjargar Rúnu svo og hafði Tryggingastofnun ríkisins lánað fé til kaupanna, en sjálfur skrifaði ákærði nafn sitt undir tilkynninguna sem kaup-

andi og lét skrá bifreiðina á sitt nafn. Þá er málið og höfðað gegn ákærða fyrir það, að hann hafi næsta dag selt bifreiðina Gunnbirni Sigurði Gunnarssyni bifreiðarsjóra, Seljavegi 9, fyrir um 70.000 kr. og leynt hann því, hvernig hann hafði fengið bifreiðina skráða á sitt nafn og að hann væri ekki raunverulegur eigandi bifreiðarinnar. Teljast þessi brot ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og málskostnaðargreiðslu. Í ákæruskjölum 20. apríl 1956 og 25. marz 1957 er og gerð krafa um, að ákærði verði sviptur ökuleyfi samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og í ákæruskjölum 28. september 1956 og 6. apríl 1957 er þess krafizt, að ákærði verði sviptur réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði, sem fæddur er 9. apríl 1931, hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1948 18/3 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt og 200 kr. skaðabætur fyrir ölvun og spellvirki á bifreið.

— 8/10 Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun, rúðubrot og brot gegn 231. gr. hegningarlaga.

1949 5/10 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 18/11 Reykjavík. Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.

1950 6/12 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1953 10/6 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga og 26. gr. bifreiðalaga.

1954 7/5 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

— 15/5 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar og 26. gr. bifreiðalaga.

— 19/5 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.

— 4/11 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.

— 30/11 Reykjavík. Kærður fyrir meint brot á bifreiðalögum og áfengislögum. Fellt niður.

1955 9/12 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 28. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar.

1956 27/3 Reykjavík. Dómur: Fangelsi 4 mánuði, skilorðsbundið í 3 ár, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á

244. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum og áfengislögum.

— 27/6 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir:

I.

Að kvöldi laugardagsins 31. marz 1956 lagði ákærði, sem þá hafði atvinnu af því að aka bifreiðinni R 8440 sem leigubifreið, af stað héðan úr bænum áleiðis til Akureyrar. Með honum voru 5 farþegar, Gunnar Kristinsson, Reykjahlíð 12, og Kristinn Reinholt Alexandersson, Mávahlíð 15, báðir 17 ára að aldri, Frank Norðmann Benediktsson, Njörvasundi 40, og Hlöðver Kristinsson, Laugarnesvegi 77, báðir 16 ára að aldri, og loks Vilhjálmur Ásmundsson, Holtsgötu 21, 15 ára að aldri. Til Akureyrar munu þeir hafa komið um hádegi 1. apríl. Um kvöldið héldu þeir til Reykjavíkur.

Rannsóknarlögreglan fékk pata af því, að ákærði hefði verið með áhrifum áfengis við aksturinn í þessari ferð. Hóf hún eftirgrennslan af því tilefni. Farþegar ákærða héldu því fram í skýrslum sínum fyrir rannsóknarlögreglu, að ákærði hefði ekið bifreiðinni ölvaður og sett hana út af veginum. Hins vegar neitaði ákærði þessu.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi fengið Gunnari Kristinssyni stjórn bifreiðarinnar í hendur, eftir að komið var fyrir Hvalfjörð, enda hafi sig syfjað allmjög. Eftir þetta kveðst hann hafa fengið sér tvo sopa af brennivíni, en áfengi þetta áttu farþegarnir. Í Norðurárdal kveður hann Gunnar hafa fest bifreiðina í hvarfi í veginum. Þeim hafi tekizt að losa bifreiðina og hafi Gunnar ekið áfram, en nokkru síðar ekið út af veginum. Kveðst ákærði hafa ætlað að taka vindlingakveikjarann í mælaborðinu, en í ógáti tekið í handbenzíngjöfina og við það hafi hraðinn aukizt og bifreiðin farið út af í beygju, er var fram undan. Þeir hafi svo náð í mannhjálp og tekizt að ná bifreiðinni upp á veginn aftur, en Gunnar hafi svo haldið áfram að stýra bifreiðinni alla leið til Akureyrar. Þó kveður ákærði rétt, að hinir piltarnir fjórir hafi einnig fengið að aka bifreiðinni spöl og spöl í Húnavatnssýslu.

Samkvæmt samhljóða framburði hinna fimm farþega ákærða tók Gunnar Kristinsson við stjórn bifreiðarinnar, er komið var fyrir Hvalfjörð, og tók ákærði þá að neyta áfengis. Gerðist hann

ölvaður. Er komið var í Norðurárdal, varð vart við ólag á ræsi bifreiðarinnar og var numið staðar til að laga hann. Segir Gunnar, að ákærði hafi þá tekið við stjórn bifreiðarinnar, þótt ölvaður væri, og sama segja Kristinn Reinholt og Hlöðver. Nokkru síðar festist bifreiðin í hvarfi í veginum, en það tókst að losa hana og ók ákærði henni áfram, að sögn Gunnars, Hlöðvers og Kristins Reinholts. Þeir Frank Norðmann og Vilhjálmur segja, að ákærði hafi tekið við stjórn bifreiðarinnar, eftir að hún festist í hvarfinu. Vilhjálmur tekur fram, að hann hafi sofið í bifreiðinni, en orðið var við það, eftir að bifreiðin festist, að ákærði tók við stjórninni. Öllum fimm ber saman um það, að ákærði hafi ekið bifreiðinni, er hún fór út af veginum. Hafi hann ólmur viljað aka, þótt þeir lettu hann þess. Eftir að bifreiðinni var náð upp, segja þeir félagar, að Gunnar hafi ekið til Akureyrar, en þó kannast þeir allir við, að þeir hafi fengið að aka bifreiðinni nokkurn spöl. Þeim ber saman um, að ákærði hafi verið ölvaður við aksturinn í Norðurárdal. Ákærði hafi stýrt bifreiðinni frá Akureyri til Reykjavíkur, þá ódrukkinn.

Dómsrannsókn út af atvikum þeim, er nú voru rakin, var háð 5. apríl 1956. Var svo ákæra gefin út 20. s. m., sem áður getur. Hinn 21. júlí beiðist verjandi ákærða, Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður, þess, að háð verði framhaldsrannsókn, með því að ákærði hafi tjáð sér, að vitnin hafi kannazt við það fyrir Gunnari A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, að þau hefðu borið rangt fyrir dóminum. Rannsókn þessi var háð 26. september, og í tilefni af henni var ákæran, dagsett 28. september, gefin út.

Við þessa rannsókn bar Gunnar Axel Pálsson hæstaréttarlögmaður, að ákærði hefði þá um vorið komið til sín og með honum þeir Gunnar Kristinsson og Kristinn Reinholt Alexandersson. Hafi ákærði beðið sig að taka skýrslu af piltunum út af máli þessu. Kveðst Gunnar hafa átt tal við þá, en ekkert skrifað eftir þeim. Hinn 21. september hafi ákærði komið til hans á ný og þeir rætt um samtalið við piltana þá um vorið. Kveðst Gunnar Pálsson ekkert vottorð hafa viljað gefa um það, enda verið að mestu búinn að gleyma því. Ákærði hafi hins vegar viljað fá að koma með piltana aftur, og hafi það orðið úr, að um kvöldið hafi ákærði komið með þá Gunnar og Kristinn Reinholt og ennfremur með þá Hlöðve og Vilhjálm. Kveðst Gunnar Axel hafa rætt við piltana og þeir þá haldið því fram, að þeir hefði skýrt rangt frá fyrir dóminum. Ákærði hefði ekkert ekið, eftir að hann tók að neyta áfengis. Kveðst Gunnar Axel hafa

brýnt fyrir þeim skyldu þeirra til að segja satt, og þeir haldið við staðhæfingu sína. Ekki kveðst Gunnar Axel hafa grafizt fyrir um ástæðuna til þess, að piltarnir höfðu skýrt rangt frá.

Voru nú vitnin fimm kvödd fyrir dóm. Könnuðust áðurnefndir 4 piltar að vísu við það, að þeir hefðu skýrt Gunnari A. Pálssyni svo frá, að fyrri framburður þeirra væri rangur. Hins vegar héldu þeir því allir fram, að svo væri ekki. Þeir hefðu skýrt satt og rétt frá fyrir dóminum.

Þeir Gunnar og Kristinn Reinholt hafa borið það, að þeir hafi um vorið 1956 farið með ákærða heim til Gunnars A. Pálssonar, og kveðst Kristinn þar hafa skýrt honum þar frá því, að fyrri framburður þeirra væri rangur. Gunnar Kristinsson kveðst ekki gerla muna, hvaða orð hafi fallið þar, en hafi Gunnar Axel spurt þá, hvort fyrri framburður þeirra hafi verið rangur, muni hann hafa svarað því játandi. Ástæðuna til þess segja þeir félagar þá, að ákærði hafi beðið þá að gera þetta og þeir fallizt á það. Ekki hafi hann boðið þeim neitt endurgjald fyrir. Hinn 21. september hafi ákærði hitt þá félaga fjóra (Gunnar, Hlöðve, Kristinn og Vilhjálm) í veitingastofu að Leifsgötu 4, er þeir venja í komur sínar. Hafi hann nú þrábeðið þá að koma með sér til Gunnars A. Pálssonar og skýra honum enn frá því, að sá framburður þeirra væri rangur, að ákærði hefði ekið bifreiðinni í umrætt skipti. Segja þeir, að ákærði hafi boðizt til að ljá þeim bifreið sína og aka þeim endurgjaldslaust í næstu 3 mánuði eða þar um bil. Hafi þeir látið til leiðast.

Framburður þeirra Vilhjálms og Hlöðves er í fullu samræmi við framburð Gunnars Kristinssonar og Kristins Reinholts. Þeir hafi fyrir þrábeiðni ákærða farið heim til Gunnars A. Pálssonar hinn 21. september og lýst því yfir, að fyrri framburður þeirra væri rangur, þótt svo væri alls ekki. Þeir bera það og, að ákærði hafi að launum heitið þeim að lána þeim bifreið sína og aka þeim endurgjaldslaust.

Frank Benediktsson kom einnig fyrir dóm sama dag og hélt fast við fyrri framburð.

Ákærði hélt einnig fast við fyrri framburð. Hann kveðst hafa fengið þá félaga til að koma með sér til Gunnars A. Pálssonar og lýsa því yfir, að framburður þeirra væri rangur, enda hafi hann verið rangur að því leyti, er varðar akstur ákærða í Norðurárdal. Hann kannaðist við, að hann hafi lofað þeim að aka þeim gegn gjaldfresti, en ekki að lána þeim bifreiðina né aka þeim endurgjaldslaust.

Loks er hér að geta vættis Karls Jónssonar, bónda að Klettstíu í Norðurárdal, er aðstoðaði við að ná R 8440 upp á veginn. Hann segir, að umrædda nótt hafi hann verið vakinn upp af manni nokkrum, á að gizka milli fertugs og fimmtugs, og virðist hér eigi geta verið um annan að ræða en ákærða, þótt allmjög skeiki um aldurinn. Maður þessi hafi verið sýnilega drukkinn. Vitnið fór með honum þangað, sem bifreiðin R 8440 var, og festi það taug úr bifreið sinni í R 8440 og dró hana upp á veginn. Kveður vitnið þá ungan mann hafa setið undir stýri og sá hafi ekið, er R 8440 hafi verið ekið af stað norður á við. Ekkert kveðst vitnið vita um, hver ekið hafi, er bifreiðin fór út af, en segir, að hinn ölvaði maður hafi látið í það skína, að það hafi verið sá hinn sami og sat við stýrið, er bifreiðin var dregin upp á veginn.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að vitnin fimm, farþegar ákærða í norðurförinni, séu vandræðaunglingar, svo ekki verði byggt á framburði þeirra, og auk þess hafi þeir verið ölvaðir í förinni. Þess er þá fyrst að geta, að ekkert er komið fram, er bendir til þess, að neinn piltanna hafi verið við skál á leiðinni. Hins vegar hefur komið fram í málinu, að á leiðinni að norðan, er numið var staðar við bifreið, er lá á hvolfi við veginn um Norðurárdal, stálu tveir þeirra, Frank Norðmann og Gunnar, útvarpstæki úr henni. Þá er og upplýst, að Gunnar og Hlöðver hafa síðan orðið uppvísir að mörgum auðgunarbrotum, og Kristinn Reinholt og Frank hafa einnig orðið sekir um slík brot, en að vísu smávægileg. Vilhjálmur hefur hins vegar aldrei sætt kæru né refsingu né hefur barnaverndarnefnd þurft að hafa afskipti af honum.

Þrátt fyrir ljóð á ráði vitnanna, sem nú var rakið, þykir eigi áhorfsmál að telja samhljóða framburð þeirra nægja sönnun þess, að ákærði hafi ekið bifreiðinni R 8440 nokkurn spöl í Norðurárdal, verið undir áhrifum áfengis við aksturinn og ekið bifreiðinni út af veginum.

Hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga, 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga, sbr. 14. gr., með því að aka bifreið ölvaður, og með því að telja verður, að ógætni ákærða hafi verið um að kenna, að bifreiðin fór út af, telst hann og hafa brotið gegn 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga. Þá er upplýst, að hann leyfði öllum farþegum sínum að aka bifreiðinni, en aðeins einn

þeirra, Gunnar Kristinsson, hefur ökuleyfi. Með þessu hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 22. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Þá þykir og fullsannað, að ákærði hafi lagt að vitnum þeim fjórum, er áður getur, að hverfa frá framburði sínum fyrir dóminum 5. apríl. Af hálfu ákærða er því haldið fram, að eigi sé það refsivert, þótt ákærði hafi talið vitni þessi á að koma með sér til Gunnars A. Pálssonar til að skýra honum frá, að þau breyttu framburði sínum. Í fyrsta lagi hafi hann aðeins talið þau á að breyta framburði sínum til hins rétta, en jafnvel þótt svo væri ekki, yrði að líta svo á, að atferli hans væri refsilaust, með því að hann hafi aldrei farið fram á, að vitnin breyttu framburði sínum fyrir dómi. Það mun hafa staðið til í fyrstu, að Gunnar A. Pálsson yrði verjandi ákærða, þótt breyting yrði á því síðar. Verður því að líta svo á, að með því að fara með vitnin til Gunnars A. Pálssonar og fá þau þar til að breyta framburði sínum, hafi ákærður ætlazt til, að framburður þeirra í hinni nýju mynd yrði notaður í dómsmálinu. Ella hefði ákærði ekkert gagn getað haft af breytingu á afstöðu vitnanna. Þetta hefði þá aðeins getað orðið með þeim hætti, að lögmaðurinn gengist fyrir því, að vitnin kæmu á ný fyrir dóm og breyttu þar framburðum sínum, enda varð sú raunin á, að verjandi ákærða, þótt sá væri ekki Gunnar A. Pálsson, baðst þess, að vitnin yrðu leidd af nýju vegna ummæla sinna fyrir Gunnari A. Pálssyni.

Það verður því að telja, að ákærði hafi gert tilraun til að fá vitnin til að bera rangt fyrir dómi. Varðar það við 142. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 20. og 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

II.

Þriðjudaginn 30. október 1956, kl. 09.15, mætti ákærði í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar og skýrði frá því, að þá um nóttina hefði bifreið hans, R 8440, verið tekin í heimildarleysi og henni ekið á aðra bifreið. Kveðst hann hafa verið að drekka vín um nóttina að Hagamel 18 með manni, sem hann taldi að héti Gunnar Guðnason. Um kl. 03.30 hefði hann sofnað og ekki vaknað fyrr en um morguninn, er umræddur maður hefði vakið sig. Skýrði hann ákærða frá því, að hann hefði verið að reyna að vekja hann, en það ekki tekizt fyrr. Er ákærði kom út úr húsinu nokkru síðar, kvaðst hann hafa séð, að bifreið sín hefði verið skemmd og kvaðst ætla að kæra yfir því,

að ekið hefði verið á hana. Viðurkenndi maðurinn þá, að hann hefði tekið bifreiðina og ekið henni á aðra bifreið. Kvað ákærði hann hafa boðið sér borgun að fullu á skemmdunum, ef hann kærði ekki. Ákærði sinnti því ekki, en hringdi í Svein Sæmundsson yfirlögregluþjón, en á meðan kvað hann manninn, er verið hefði áberandi ölvaður, hafa hlaupið á brott. Við nánari rannsókn kom í ljós, að bifreiðinni R 8440 hafði verið ekið á bifreiðarnar R 8846 og R 2678, þar sem þær stóðu kyrrar á Hagamel. Reyndist Pálmi Gunnar Kristinsson sjómaður, skála B-15 við Kaplaskjólsveg, hafa verið ökumaður bifreiðarinnar, er árekstrarnir urðu. Lögreglan taldi skemmdir hafa orðið miklar á bifreið ákærða og á bifreiðinni R 8846, en nokkrar á bifreiðinni R 2678.

Ákærði hefur að öðru leyti skýrt svo frá málsatvikum, að kona sú, er hann býr með, hafi á tímanum frá kl. 20.00 og 21.00 að kvöldi þess 29. október s.l. gefið sér sprautu með deyfilyfi, sem hann vissi ekki nafn á, við þrautum, sem hann hafði í baki og stafa af hryggskekkju. Kvölunum linnti af sprautunni. Nokkru eftir þetta um kvöldið sinnaðist ákærða við konuna og hélt á brott að heiman frá sér í bifreiðinni R 8440. Fór hann niður á Hótel Skjaldbreið og fékk þar leigt herbergi að Hagamel 18. Hélt ákærði þangað ásamt tveim mönnum öðrum. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis á framanskráðum stað, þótt ekki hafi vantað viljann til þess. Stafaði það af því, að ákærði var á „antabuskúr". Áður en haldið var að Hagamel 18, höfðu ákærði og félagar hans keypt eina hálfflösku af spíritus. Er að Hagamel 18 kom, var flaskan opnuð og áfenginu hellt í glös. Ákærði kvaðst, er hann var nánar spurður um, hvort hann hefði neytt áfengis á framangreindum stað, hafa drukkið þar áfengi, en ekki getað haldi því niðri, þar sem hann hefði tekið inn „antabus", eins og áður greinir. Kastaði hann upp og varð fárveikur. Einhvern tíma um kvöldið fór ákærði í leigubifreið niður í bæ. Sofnaði hann í bifreiðinni. Nokkru síðar hélt hann aftur að Hagamel 18 með félaga sínum, er heitir Guðmundur Antonsson, til heimilis að Stórholti 22, hér í bæ. Eftir að Hagamel 18 kom, tók ákærði bifreiðina R 8440 og ók henni niður í bæ. Var Guðmundur með honum í bifreiðinni. Í ferð þessari hitti ákærði Pálma Gunnar og kom hann upp í bifreiðina til ákærða. Ók ákærði þessu næst að Hagamel 18 aftur. Pálmi Gunnar var með áhrifum áfengis, að sögn ákærða. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis, eftir að Hagamel 18 kom, en hann var með „codi-

pheni"-töflur og tók inn af þeim. Ákærði hefur neitað því, að hann hafi verið með áhrifum áfengis við framangreindan akstur. Hann kvað 3—4 klst. hafa liðið, frá því hann neytti áfengisins vestur frá, eins og að framan er skýrt frá, þangað til hann ók. Ákærði kvaðst ekki hafa verið eins hæfur til að aka eftir sprautu þá, sem kona sú, er hann býr með, gaf honum, en um það hafi ekki verið að ræða, er hann tók Pálma Gunnar upp í bifreiðina. Var hann þá að öllu leyti vel fyrir kallaður.

Ákærði kvað Pálma Gunnar hafa tekið bifreiðina í heimildarleysi, á meðan ákærði svaf.

Vitnið Guðmundur Antonsson klæðskeri, Stórholti 22, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að það hafi hitt ákærða og Þorstein Jónsson bankaritara, Háteigsvegi 2, umrætt kvöld um kl. 21.00. Vitnið kvað Þorstein hafa verið með áhrifum áfengis, en gat ekki merkt, að ákærði væri það. Vitnið var með þeim um tíma, en skildist svo við þá. Seinna um kvöldið, líklega kl. 23.30, hitti það ákærða aftur, er þá var að aka bifreiðinni R 8440. Vitnið gat ekki fullyrt um það, hvort ákærði væri undir áhrifum áfengis, en hann var undir áhrifum einhverra deyfilyfja, að því er vitnið taldi. Vitnið fór upp í bifreiðina til ákærða, og skömmu síðar hittu þeir Pálma Kristinsson. Var hann með áhrifum áfengis og hafði áfengisflösku meðferðis. Ákærði ók þeim að Hagamel 18 og fóru þeir þar inn. Ákærði var með einhverjar pillur í glasi og tóku vitnið og Pálmi Gunnar inn eitthvað af þeim. Ákærði var mjög slappur og kastaði upp. Sofnaði hann fljótt, eftir að inn í herbergið kom. Vitnið kvaðst ekki hafa getað vakið hann og haldið á brott.

Umrætt kvöld kvaðst vitnið hafa verið talsvert með áhrifum áfengis. Hafði það og tekið inn tvær pillur hjá ákærða og orðið hálf lasið af þeim og sundlað. Vitnið vissi ekkert, hverskonar pillur þetta voru. Vitnið kvað áfengi hafa verið haft um hönd í fyrra skiptið að Hagamel 18, en gat ekki fullyrt, hvort ákærði drakk af því. Vitnið var ekki öruggt um það, hvort ákærði hafi verið með áhrifum áfengis umrætt kvöld, en hann var mikið miður sín, sérstaklega eftir að Hagamel 18 kom, og er það skoðun vitnisins, að hann hafi verið undir áhrifum einhverra deyfilyfja.

Vitnið Þorsteinn Jónsson bankaritari, Háteigsvegi 2, hefur skýrt frá því, að það hafi hitt ákærða inni á Adlonbar í Aðalstræti umrætt kvöld, en vitnið sat þar inni ásamt Guðmundi Antonssyni. Vitnið var dálítið með áhrifum áfengis. Þeir sátu

þarna nokkra stund og urðu svo samferða út. Vitnið vissi ekki, hvort ákærði var með áhrifum áfengis, en hann var eitthvað óeðlilegur að sögn vitnisins, eins og hann á vanda til. Vitnið kvaðst telja, að annarhvor þeirra ákærði eða Guðmundur hafi keypt eina bjórflösku af áfengi, en nánar um kaup þessi vissi vitnið ekki. Var nú haldið að Hagamel 18 og setzt þar að drykkju. Vitnið kvaðst ekki hafa fylgzt vel með drykkjunni, en gerir þó ráð fyrir, að allir hafi neytt þar áfengis, þar á meðal ákærði. Er þeir félagar höfðu verið á framangreindum stað um tíma, fóru þeir niður í bæ í leigubifreið. Er þangað kom, varð vitnið viðskila við félaga sína. Vitnið kvaðst ekki vilja fullyrða um það, hvort þeir ákærði og Guðmundur Antonsson hafi verið með áhrifum áfengis, á meðan það var með þeim, en taldi það þó. Vitnið varð ekki vart við það, að ákærði hafi haft pillur meðferðis í umrætt skipti.

Ekki þykja framkomnar nægar sannanir fyrir því gegn neitun ákærða, að hann hafi verið með áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar R 8440 frá Hagamel 18 niður í bæ og aftur á sama stað framangreinda nótt. Ber því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar og þar með fyrir brot á 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Hins vegar þykir sannað með framburði vitnanna í máli þessu um ástand ákærða svo og framburði ákærða sjálfs, að ákærði hafi verið svo miður sín eftir neyzlu deyfilyfja, að hann hafi verið óhæfur til að stjórna bifreiðinni R 8440 að kvöldi þess 29. október og aðfaranótt þess 30. október s.l. Þykir ákærði með því atferli sínu hafa gerzt brotlegur gegn 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Hefur ákærði með þessu atferli sínu unnið til refsingar og sviptingar ökuleyfis.

Skaðabótakröfur hafa ekki komið fram af því efni, er nú var rakið.

III.

Á árinu 1955 ákvað ákærði að reyna að komast yfir fólksbifreið og taka að stunda leiguakstur sem atvinnu. Hafði hann um skeið ekið strætisvagni, en sú vinna hafði reynzt honum of erfið. Ákærði hefur kölkun í baki og mun örorka hans talin 65%. Ákærði hafði áður fengið innflutningsleyfi fyrir bifreið, en selt það. Gat hann því eigi fengið innflutningsleyfi að nýju.

Ákærði hefur um nokkurra ára bil búið með konu, að nafni Guðbjörg Rúna Guðmundsdóttir, og varð það úr, að hún sótti um innflutningsleyfi og tókst að fá það hinn 29. september 1955. Ákærða og Guðbjörgu Rúnu skorti fé til kaupanna. Leituðu þau til Reykjavíkurbæjar um fjárhagsaðstoð, og var ákærða veitt lán að upphæð kr. 28000.00 í ágúst 1955. Veitti hann fénu sjálfur móttöku. Þá sótti hann um, að fjármálaráðuneytið samþykkti eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af bílnum, og féllst ráðuneytið á það, sbr. bréf þess til tollstjóra, dagsett 29. sept. 1955. Þá tókst ákærða að fá hjá Tryggingarstofnuninni lán að upphæð kr. 25000.00 til bílkaupanna.

Þegar til kom, fékkst eigi eftirgjöf á aðflutningsgjöldunum. Var sú ástæða til þess, að bifreiðin var flutt inn á nafn Guðbjargar Rúnu, en eftirgjöf aðflutningsgjalda var bundin við ákærða persónulega. Leitaði ákærði nú enn til Reykjavíkurbæjar, og varð það úr, að bæjarsjóður lagði út aðflutningsgjöldin fyrir ákærða. Námu þau kr. 53.147.52.

Lán það, er Tryggingastofnunin veitti, var tryggt með 1. veðrétti í bifreiðinni, sem hlaut númerið R 8440. Hins vegar áskildi Reykjavíkurbær sér enga veðtryggingu fyrir kröfum sínum.

Hóf ákærði nú að aka nefndri bifreið sem leigubifreið, og liðu nú stundir fram.

Haustið 1956 ákvað ákærði að selja bifreiðina. Gerir hann þá grein fyrir áformi sínu, að hann hafi þá verið undir rannsókn vegna ölvunar við akstur o. fl. (sbr. það, sem áður er rakið í dómi þessum) og hafi hann gert ráð fyrir, að hann mundi missa ökuleyfið.

Ákærði komst nú í samband við Gunnbjörn Sigurð Gunnarsson bifreiðarstjóra, Seljavegi 9. Bauð ákærði fram bifreiðina R 8440 til sölu, og vildi Gunnbjörn Sigurður kaupa. Ekki kveðst hann hafa haft hugsmynd um annað en að ákærði væri óvéfengjanlegur eigandi bifreiðarinnar, og hefur ekkert komið fram í málinu, er bendi til hins gagnstæða.

Bifreiðin R 8440 hafði verið skráð á nafn Guðbjargar Rúnu, er hún var keypt, og hafði því eigi verið breytt. Hinn 27. nóvember 1956 kom ákærði inn í verzlun Sigmars Péturssonar, Lokastíg 28. Þar vinnur stúlka, að nafni Hanna María Ísaks, þá 21 árs að aldri. Ákærði þekkti hana ekkert. Hann hafði meðferðis tilkynningu um sölu bifreiðarinnar R 8440 og hafði hann undirskrifað hana sem kaupandi, en reitur sá, er seljandi á að rita nafn sitt í, var óútfylltur. Bað ákærði Hönnu Maríu að rita

þar nafnið Guðbjörg Rúna Guðmundsdóttir. Segir Hanna María, að ákærði hafi sagt, að plagg þetta væri eitthvað viðkomandi hjónaskilnaðarmáli og að henni væri með öllu hættulaust að undirrita það. Hafi hún því látið tilleiðast.

Ákærði fór nú með skjalið til bifreiðaskráningarinnar og var bifreiðin þar með færð á nafn hans.

Sama dag fékk Gunnbjörn Sigurður veðbókarvottorð um R 8440, og eru þar eigi taldar aðrar skuldir hvíla á bifreiðinni en 25000 kr. skuld við Tryggingastofnun ríkisins.

Næsta dag, 28. nóvember, gerðu ákærði og Gunnbjörn Sigurður kaupsamning um R 8440. Greinir þar frá því, að bifreiðin sé með öllu hafta- og kvaðalaus, að undantekinni skuld við Tryggingastofnun ríkisins, að eftirstöðvum kr. 19000.00, en er hér var komið, mun hafa verið búið að greiða kr. 6000.00 af veðskuldinni. Gunnbjörn greiddi ákærða síðan kr. 51.000.00 í peningum og afsalaði ákærði bifreiðinni síðan til hans.

Ákærði segir, að Guðbjörg Rúna hafi oft verið búin að nefna það, að hún vildi ekki teljast eigandi að þessum bíl. Hún hafi þó ekkert viljað koma nærri því að gera breytingu á þessu, og kveður ákærði skapsmuni hennar slíka, að hann hafi talið þýðingarlaust að nefna þetta við hana frekar. Hafi hann því látið rita nafn hennar undir sölutilkynninguna án hennar vitundar. Hann kveðst ekki hafa talið ráðlegt að rita nafnið sjálfur, þar eð skjalið mundi þá hafa borið með sér, að sami maður hefði ritað bæði nöfnin. Hann hafi því leitað aðstoðar búðarstúlkunnar. Hún hafi látið að beiðni hans og ritað nafnið, en að öðru leyti hafi hún verið þessu alveg óviðkomandi.

Guðbjörg Rúna skýrir svo frá, að bifreiðin hafi verið flutt inn á hennar nafn og skráð á hennar nafn, enda hafi henni þótt það vissara, þar eð ákærði gæti þá ekki ráðstafað bifreiðinni, en hann sé hneigður til eiturlyfjaneyzlu. Guðbjörg Rúna segir, að ákærði hafi fært bílinn á sitt nafn algerlega án hennar vitundar, enda mundi hún aldrei hafa samþykkt sölu á bílnum, nema jafnframt yrðu gerðar upp skuldirnar við bæjarsjóð. Hins vegar hefur hún lýst yfir því, að hún vilji, úr því sem komið er, ekki rifta sölunni til Gunnbjarnar Sigurðar.

Ólafur Sveinbjörnsson, skrifstofustjóri hjá Reykjavíkurbæ, segir, að fjárframlögin vegna bílkaupanna hafi verið veitt sem lán og gert ráð fyrir, að þau yrðu greidd, er hagur ákærða og Guðbjargar Rúnu batnaði, en ekkert ákveðið um greiðsluskilmála.

Eftir að ákærði hafði fengið peningana fyrir R 8440, hóf hann

meiri háttar drykkjuskap og mun hafa haldið honum áfram, unz hann var handtekinn á heimili þeirra Guðbjargar Rúnu sunnudaginn 9. desember, að beiðni hennar. Hafði hann þá á sér kr. 8.50. Hann hafði hinn 29. nóvember lagt 38.000 kr. inn á sparisjóðsbók á nafn móður sinnar, Ingrid Baldvinsdóttur, en tekið síðan út úr henni sem hér segir:

3. desember	kr.	10.000.00
S. d.	—	8.000.00
4. desember	—	5.000.00
6. desember	—	5.000.00
8. desember	—	3.000.00

Voru því aðeins 7000.00 kr. eftir í bókinni. Þá kom í ljós, að ákærði hafði keypt sér skipsfar til Danmerkur. Fékkst farseðillinn endurgreiddur.

Ákærði lét falsa nafn sambýliskonu sinnar á nefnda sölutilkynningu og með þessari fölsuðu tilkynningu kom hann því til leiðar, að hann var skráður eigandi bifreiðarinnar. Hann hefur því gerzt sekur um brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Ákærði var settur í gæzluvarðhald hinn 14. desember 1956 og var hann í gæzlu til 12. apríl 1957, þ. e. 119 daga. Meðan á því stóð, fór fram geðheilbrigðisrannsókn á ákærða. Framkvæmdi hana Þórður Möller læknir, og er niðurlag skýrslu hans á þessa leið:

„.... Álit mitt á Ingólfi Arnari Jónssyni er því: Hann er hvorki geðveikur né fáviti, heldur treggáfaður maður og geðveill að auki, alinn upp í mannskemmandi umhverfi eða vanizt hefur á eiturlyfjaát og áfengisnautn. Hefur þetta allt hvað með öðru ráðið viðbrögðum hans og því, hvernig nú er komið fyrir honum.

Þegar hann fæst til að horfast í augu við sjálfan sig og tilveruna, gerir hann sér samt fulla grein fyrir því, að það, sem hann hefur gert, er refsivert, en hann bindur von sína við það, að ekki verði hægt að dæma í málinu."

Ákærði hefur nú rofið skilorð það, sem honum var sett í dómi 27. marz 1956, og verður honum nú einnig ákveðin refsing fyrir þau brot, er í þeim dómi greinir, og refsing tiltekin í einu lagi fyrir öll brotin og hliðsjón höfð af 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi eitt ár. Rétt

þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að frá refsingunni skuli dregin áðurnefnd gæzluvarðhaldsvist ákærða í 119 daga.

Ákærði hefur unnið til sviptingar kosningarréttis og kjörgengis samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga.

Þá hefur hann samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga og 24. gr. áfengislaga unnið til þess að verða sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa, og ber að kveða á um, að áfrýjun fresti eigi áhrifum dómsins að því leyti.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, og ákveðast þau kr. 6000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingólfur Arnar Jónsson, sæti fangelsi í eitt ár. Til frádráttar komi gæzluvarðhaldsvist hans í 119 daga.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Hann er frá birtingu dómsins sviptur ökuleyfi bifreiðastjóra ævilangt, og frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að því leyti.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. febrúar 1958.

Nr. 144/1957. **Tómas Ólafsson** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Útibúi Útvegsbanka Íslands á Akureyri
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1957. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 4417.42 og að málskostnaður í héraði verði einnig lækkaður, en að hvorum aðilja verði gert að bera málskostnað sinn hér fyrir dómi.

Stefndi hefur krafizt þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er varðar kr. 4417.42 með 6% ársvöxtum frá 23. júlí 1956 til greiðsludags. Hann krefst og, að málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði staðfest og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Loks krefst hann þess, að ákveðið verði lögveð honum til handa í bifreiðinni A 640 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Samkvæmt atvikum máls þessa og vitnaskýrslum, sem lýst er í héraðsdómi, þykir nægilega leitt í ljós, að steinn hafi kastazt frá afturhjóli á bifreið áfrýjanda í rúðu á húsi stefnda og brotið hana. Það er alkunna, að þess háttar hætta af steinkasti getur stafað af akstri bifreiða, þegar þeim er ekið eftir vegi, þar sem möl eða lausir steinar eru fyrir. Eðlilegast er, að ábyrgðarmaður bifreiðar samkvæmt 1. og 2. mgr. 35. gr. laga nr. 23/1941 beri ábyrgð á tjóni, sem bifreið veldur með slíkum hætti, þó að ökumanni verði ekki metið

slysið eða tjónið til sakar. Má því á það fallast, að áfrýjandi beri fébótaábyrgð á tjóni stefnda.

Hér fyrir dómi eru aðiljar sammála um, að tjón stefnda hafi numið kr. 4417.42. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 23. júlí 1956 til greiðsludags. Svo ber og að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms og dæma stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, er ákveðst kr. 1500.00. Á stefndi lögveðrétt í bifreiðinni A 640 fyrir fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Tómas Ólafsson, greiði stefnda, Útibúi Útvegsbanka Íslands á Akureyri, kr. 4417.42 með 6% ársvöxtum frá 23. júlí 1956 til greiðsludags, kr. 800.00 í málskostnað í héraði og kr. 1500.00 í málskostnað í Hæstarétti. Á stefndi lögveðrétt í bifreiðinni A 640 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 13. júní 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað upphaflega hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 6. október 1956, af Ragnari Steinbergssyni hdl., Akureyri, f. h. Útvegsbanka Íslands, útibúsins, Akureyri, gegn Tómasi Ólafssyni bifreiðastjóra, Holtagötu 11, Akureyri, eiganda bifreiðarinnar A 640. Í stefnu þessari gerði stefnandi kröfu til þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 7.387.40 með 7½% ársvöxtum frá 23. júlí 1956 til greiðsludags og málskostnað eftir framlögðum reikningi eða mati dómara. Ennfremur krafðist hann lögveðs í bifreiðinni A 640 fyrir tildæmdum kröfum. Með framhaldsstefnu, útgefinni 6. maí 1957, gerir hann kröfu um hækkun samkvæmt 1. lið kröfu sinnar, andvirði rúðu, um kr. 1030.02, það er úr kr. 3187.40 í kr. 4226.22, og verður heildarkrafan þá kr. 8417.42. Sömu vaxta er krafizt af kröfu þessari og upphaflegu kröfunni.

Stefndi gerir þessar kröfur í málinu: Aðallega, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur

málskostnaður úr hendi hans eftir mati réttarins. Til vara, að stefndi fái ekki tildæmt af stefnukröfunni nema kr. 3387.40 ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu og til þrautavara kr. 4187.40 ásamt sömu vöxtum frá útgáfudegi stefnu að telja. Krafizt er, að málskostnaður verði látinn niður falla, verði varakrafan tekin til greina.

Stefnandi gerir þá grein fyrir kröfu sinni, að 23. júlí s.l. hafi stefndi verið að vinna með bifreið sína við Útvegsbankahúsið á Akureyri, og var hann þar til að aka burtu uppgreftri við húsið á vegum bankans. Hafði bifreiðinni verið lagt þannig, að annað afturhjólið var uppi á gangstéttinni móts við húsið, en hitt niðri á götunni. Í eitt skiptið, er bifreiðin var að fara af stað, hafi steinn kastazt frá hjóli bifreiðarinnar og í gluggarúðu í bankahúsinu með þeim afleiðingum, að rúðan hafi sprungið og orðið ónýt. Telur stefnandi, að með skýrslum stefnanda og stefnda sjálfs sé sannað, að tjónið hafi atvikazt með þeim hætti, er nú var greint. Telur hann, að hér sé því ótvírætt um tjón að ræða, er hlýzt af notkun bifreiðar og sé því bótaskylt samkvæmt 34. gr. 1. mgr. bifreiðalaga. Stefnandi kveður rúðuna hafa verið 2050×2537 mm einangrunargler með ½" loftrúmi. Slíka rúðu kveður stefnandi ekki hægt að fá nema með löngum fyrirvara og áætlaði hann það 3—4 mánuði, en reyndist 10 mánuðir, og sé sá hluti bankahússins, sem ætlunin hafi verið að leigja sem verzlunarpláss, ekki í leigufæru ástandi þann tíma.

Aðalkröfu sína um algera sýknu hefur stefndi fyrst og fremst byggt á því, að ósannað sé, að rúðan hafi brotnað af steini, sem kastazt hafi frá bifreiðinni, þar sem ökumaður hafi ekki orðið þess var og vitnið hafi ekki séð steininn. Í öðru lagi vegna þess, að stefndi hafi sýnt fyllstu aðgæzlu, sem af honum verði krafizt, og sé því eigi bótaskyldur eftir 34. gr. bifreiðalaga. Í þriðja lagi hefur stefndi byggt sýknukröfu sína á því, að stefndi hafi verið að vinna verk fyrir stefnanda sjálfan og hafi tjónið beinlínis leitt af framkvæmd verksins. Verður nú nokkru nánar vikið að þessum ástæðum.

23. ágúst s.l. fór fram rannsókn út af atviki því, er mál þetta er risið út af, í sakadómi Akureyrar, og gáfu þar skýrslur stefndi í máli þessu og 2 vitni, Guðmundur Svavarsson og Guðbjörn Ólafsson. Stefndi lýsti þar ástæðum, er slysið vildi til, eins og gert er hér að framan. Milli kl. 16 og 16.30 kom hann úr ferð að bankahúsinu, og sögðu þá menn, er mokuðu á bifreiðina, að steinvala hefði hrokkið undan öðru hjóli og lent í rúðunni

í bankanum með þeim afleiðingum, að hún hafi sprungið. Ekki kvaðst stefndi hafa orðið var við neina steinvölu, er kastazt hafi í húsið, en sagði, að það gæti þó vel hafa verið og sagði, að ef svo hefði verið, sé líklegast, að hún hafi kastazt undan hjólinu, þegar hjólið fór ofan af gangstéttinni. Stefndi sagði, að möl eða mulningur hafi verið á gangstéttinni, vegna þess að eitthvað hafi hrokkið út af bílnum, þegar mokað var á hann. Guðmundur Svavarsson bar, að þegar bifreiðin var að fara af stað til að losa, milli kl. 4 og 5 e. h. um daginn, hafi hann heyrt hvell og um leið séð, að rúða í bankanum var sprungin. Vitnið sá ekki steinvölu kastast frá bílnum, en fullyrti, að enginn hefði verið þar nálægt, sem hafi getað kastað í rúðuna, án þess að þeir hefðu veitt því eftirtekt og kvað vitnið það skoðun sína, að rúðan hafi ekki getað brotnað með öðrum hætti en að steinvala hafi kastazt frá afturhjóli bifreiðarinnar. Vitnið Guðbjörn Ólafsson, sem einnig var að vinna við að moka á bifreiðina, hefur borið eftirfarandi: Um leið og bifreiðin fór af stað, heyrði hann hvell og brothljóð og hafi honum þá orðið litið á rúðuna í bankanum og hafi hann þá séð, að hún var sprungin. Hann kveðst strax hafa litið í kringum sig til að aðgæta, hvort hann sæi nokkurn, sem kastað hafi í rúðuna, en svo hafi ekki verið og sagði vitnið það sitt álit, að steinn hefði kastazt frá hjólinu og brotið rúðuna. Frekari gögn liggja ekki fyrir um það, hvernig brotið atvikaðist. Rétturinn lítur nú svo á, með hliðsjón af framangreindum gögnum, að nægileg gögn séu færð fyrir því, að brot rúðunnar hafi orsakazt eins og framangreindar skýrslur benda til, og stafi tjónið þá frá akstri bifreiðar stefnda.

Verður fyrsta sýknuástæða stefnda því eigi tekin til greina.

Ekki verður heldur sú sýknukrafa stefnds, að tjónið hefði orðið, þótt stefndi hefði sýnt af sér fyllstu aðgæzlu við akstur, til greina tekin. Verður að telja, að þar sem meiri eða minni möl hafi verið kringum bílinn og gatan er malbikuð, hafi mátt búast við því, að steinar kynnu að hrökkva undan hjólunum, einkum þegar hjólið, er var uppi á gangstéttinni, færi út af kantinum, ef ekki væri farið því varlegar, enda er ekki upplýst, að neitt hafi verið sett við kantinn til að slétta brautina, er hjólið fór eftir, og má telja það alkunnugt, að steinar kastast þannig frá bílum, sem eru á ferð. Ekki verður heldur sú ástæða til greina tekin, að stefndi hafi verið að vinna fyrir stefnanda í þetta sinn. Ökutæki það, sem hér var um að ræða, var fengið af bifreiðastöð, eftir því sem upplýst er, og ekki

talið á valdi vinnukaupanda að ráða, hvaða bifreið hann fengi, þar sem bifreiðar eru afgreiddar eftir röð. Jafnframt er hér um að ræða tæki, sem sérstakt próf þarf til að stjórna, og er bifreiðarstjórinn algerlega óháður vinnukaupanda um stjórn þess. Með tilvísun til þessa telur rétturinn, að það hafi ekki þýðingu í þessu sambandi, þótt stefndi væri að vinna fyrir stefnanda. Samkvæmt því, er nú hefur verið sagt, verður að telja, að stefndi beri fulla ábyrgð á tjóni þessu.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig, sbr. það, sem áður er sagt um stefnu í málinu:

1. Rúðugler	kr.	4217.42
2. Ísetning rúðu	—	200.00
3. Leigutap	—	4000.00
	Kr.	8417.42

1. og 2. lið er ekki mótmælt reikningslega, og hefur stefnandi lagt fram reikninga yfir 1. liðinn og 2. lið þykir svo í hóf stillt, að rétt þykir að taka þá til greina að fullu. 3. lið er hins vegar eindregið mótmælt. Stefnandi styður lið þennan þeim rökum, að óhugsandi hafi verið að leigja húsnæðið vegna hinnar brotnu rúðu og sé húsnæðið óleigt af þessum sökum. Telur stefnandi hæfilega leigu fyrir slíkt húsnæði kr. 5 þús. á mánuði og kveðst gera hér kröfu um ⅕ hluta af áætlaðri húsaleigu, þar sem hann telur afgreiðslutíma á slíkri rúðu 3—4 mánuði. Stefndi heldur því hins vegar fram, að hægt hefði verið að leigja húsnæðið fullri leigu, þótt brot hafi verið í ytra borði rúðunnar, þar sem um tvöfalda rúðu sé að ræða. Það geti að minnsta kosti ekki komið að sök í 3—4 mánuði, meðan verið væri að útvega nýja rúðu.

Að tilhlutan stefnanda framkvæmdu tveir dómkvaddir menn skoðunar- og úlitsgerð um það, hvort húsnæðið gæti ekki talizt leigufært, þrátt fyrir sprungurnar í rúðunni. Segir þar, að ytri rúðan hafi brotnað af höggi, sem hún hafi fengið nokkuð fyrir ofan miðju, hafi myndazt hringsprunga við höggið og sprungur í geisla út frá henni, en þó ekki komið gat. Þversprunga hafi myndazt og á ská niður á við. Þá segja matsmennirnir, að innri rúðan sé einnig sprungin, en segja, að eigi verði séð, að sú sprunga hafi komið um leið og ytri rúðan sprakk. Telja þeir, að þrátt fyrir þessar sprungur, sem óneitanlega séu lýti á húsnæðinu, myndu þær tæplega verða um stundarsakir til fyrirstöðu leigu húsnæðisins með fullri leigu, þó kynni einhver að

setja það fyrir sig, en þá væri auðvelt að bæta úr því með ísetningu bráðabirgðarúðu.

Stefnandi mótmælti mati þessu og vildi ekki una við það og krafðist yfirmats, og var það framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Í yfirmatsgerðinni segir, að ekki sé ástæða til að slá af húsaleigunni vegna rúðuskemmdanna, miðað við 5—6 mánaða drátt á útvegun nýrrar rúðu, nema í ljós komi, að ryk eða vatn komist inn um brotið, sem þeir fái eigi séð, eins og nú standi, að til greina komi. Stefnandi hefur einnig mótmælt yfirmatinu. Með hliðsjón af niðurstöðum matsgerðanna telur rétturinn, að greindar skemmdir á rúðunni hafi ekki átt að vera því til fyrirstöðu, að hægt væri að leigja húsnæðið fullu verði fyrir verzlun, þó þannig, að setja hefði þurft bráðabirgðarúðu. Samkvæmt því verður krafa stefnanda um tapaða leigu ekki tekin til greina, en rétt þykir að dæma stefnda til að greiða kostnað við ísetningu bráðabirgðarúðu, og þykir það samkvæmt framlagðri álitsgerð fagmanns, sem eigi hefur verið véfengd, kr. 800.00. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 4217.42, kr. 200.00 og kr. 800.00, eða samtals kr. 5217.42 með 6% ársvöxtum frá 23. júlí 1956 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað. Dæma ber stefnanda lögveð í bifreiðinni A 640 fyrir öllum tildæmdum upphæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Tómas Ólafsson, greiði stefnanda, Útvegsbanka Íslands, útibúinu á Akureyri, kr. 5.217.42 með 6% ársvöxtum frá 23. júlí 1956 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Stefnandi hefur lögveð í bifreiðinni A 640 fyrir öllum tildæmdum upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 14. febrúar 1958.

Nr. 34/1957. **H/f Eimskipafélag Íslands**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Jakobi Guðmundssyni (Áki Jakobsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Agreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1957, gerir þær dómkröfur, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 38.500.00 auk 6% ársvaxta frá 31. maí 1954 til greiðsludags. Svo greiði hann og hæfilegan málskostnað í héraði, en stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti að mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Áfrýjandi gerir þá grein fyrir kröfum sínum hér fyrir dómi, að hann telur, að sök beri að skipta þannig, að stefnda verði dæmt að bera sjálfur helming þess tjóns, sem hann hlaut af slysi því, er í málinu greinir. Þá krefst hann, að þjáningabætur verði færðar niður í kr. 12.500.00, miðað við fullar bætur. Áfrýjandi samþykkir fjárhæð atvinnu- og örorkutjóns stefnda, eins og það er ákveðið í héraðsdómi, kr. 59.000.00, svo og sjúkra- og ferðakostnað stefnda, kr. 5500.00.

Svo sem segir í héraðsdómi, lét áfrýjandi undir höfuð leggjast að hlutast til um rannsókn út af umræddu slysi í tæka tíð, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952. Liggja atvik þess því ekki alls kostar ljóst fyrir, en af því verður áfrýjandi að bera hallann. Með skírskotun til þess og að öðru leyti til forsendna héraðsdóms þykja ekki efni til að skipta sök í máli þessu. Ber áfrýjanda því að bæta stefnda tjón hans að fullu.

Þjáningabótum er í hóf stillt í héraðsdómi. Og þar sem fjárhæð atvinnu- og örorkutjóns stefnda svo og sjúkra- og

ferðakostnaðar er viðurkennd, þykir bera að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Eimskipafélag Íslands, greiði stefnda, Jakobi Guðmundssyni, kr. 6000.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Árna Tryggvasonar hæstaréttardómara.

Ég tel það hafa verið óvarlegt af „lúgumanni" við nefnda útskipun að láta lyfta netinu með fiskpökkunum, áður en menn þeir, sem unnu að því að festa netinu í krók lyftivírsins, höfðu komið sér á öruggan stað, enda var „lúgumanni" kunnugt um, að pakkarnir voru valtir og einstaka pakkar höfðu áður dottið úr slíkum netum. Slysið má að nokkru rekja til þessarar vangæzlu. Vinnuveitandinn, áfrýjandi, ber fébótaábyrgð vegna þessa gáleysis við meðferð útskipunartækjanna, sem verða að teljast hættuleg. Samkvæmt þessu og þar sem áfrýjandi lét hjá líða að hlutast til um, að rannsókn færi fram á tildrögum slyssins, þykir hann eiga að bera þessa ábyrgð að meginhluta.

Á hinn bóginn tel ég, að skort hafi á nægilega varúð af hendi stefnda, sem fór ekki niður af vörubifreiðinni, eins og samstarfsmaður hans gerði, heldur færði sig aðeins til á palli bifreiðarinnar, áður en byrðinni var lyft, og var honum þó kunnugt um, að fiskpakkar höfðu áður dottið úr netum, er fiski var skipað út með þeim hætti, sem gert var. Vegna þessara vangæzlu tel ég, að stefndi eigi að bera ⅕ hluta tjóns síns sjálfur.

Ekki eru efni til að lækka hina einstöku kröfuliði frá því,

sem ákveðið er í héraðsdómi. Og þar sem málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað, ber að leggja úrlausn héraðsdóms að þessu leyti til grundvallar.

Samkvæmt framanskráðu er dómsorð mitt því á þá lund, að áfrýjandi, h/f Eimskipafélag Íslands, eigi að greiða stefnda, Jakobi Guðmundssyni, kr. 67.600.00 með 6% ársvöxtum frá 31. maí 1954 til greiðsludags og kr. 11.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Slysið varð, þá er skreið var fermd af vörubifreiðum út í e/s Reykjafoss. Hásjávað var og borðstokkur skipsins mun hærri en pallur hverrar bifreiðar. Skreiðin var í pökkum, er voru 50 kg að þyngd hver. Um 25 pökkum var staflað í net, og voru tvö slík net á hverjum bifreiðarpalli. Stefndi og Árni Ólafsson fóru upp á pall hverrar bifreiðar og kræktu króknum frá vír, sem lá til togvindu skipsins, í lykkjur á skreiðarneti hverju, sem síðan var lyft um borð. Var neti því, sem aftar var á bifreiðarpalli hverjum, lyft fyrst, og var stefndi kyrr á bifreiðarpallinum á meðan, en Árni fór niður af honum. Er síðara netinu var lyft um borð, fóru þeir báðir af vörupallinum. Þá er fermt hafði verið af nokkrum bifreiðum og verið var að lyfta fyrra skreiðarnetinu af bifreið einni um borð, var stefndi að sjálfs sín sögn staddur ofan á síðara netinu fram við bifreiðarhúsið. Varð hann þá fyrir skreiðarpakka, féll ofan af bifreiðinni og meiddist. Vitni eitt telur skreiðarpakkann hafa fallið úr neti því, sem upp var dregið, en önnur vitni taka fyrir það og ætla, að net það, sem upp fór, hafi rekizt á hitt, sem eftir var á bifreiðinni, og raskað því, en slysið þá orðið.

Hverjum þeim, sem að fermingunni vann, mátti vera ljóst, að umbúnaður skreiðarpakkanna og lyfting þeirra um borð var með þeim hætti, að hættulegt var að hafast við á bifreiðarpalli, meðan skreiðarnetin voru um borð dregin. Stefnda bar vitaskuld að gæta sín og hafa sjálfan sig eigi í hinni augljósu hættu, en þar sem hann viðhafði eigi varúð, bar

verkstjóra áfrýjanda að leiðbeina honum og víkja honum af bifreiðarpallinum, áður en skreiðarnetin voru dregin upp. Með skírskotun til þess, sem rakið hefur verið, þykir rétt að leggja ábyrgð á afleiðingum slyssins að 2/5 hlutum á stefnda og 3/5 hlutum á áfrýjanda.

Tjón stefnda telst hæfilega metið í héraðsdómi á kr. 84.500.00. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 3/5 þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 50.700.00, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð mitt verður því:

Áfrýjandi, h/f Eimskipafélag Íslands, greiði stefnda, Jakobi Guðmundssyni, kr. 50.700.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1954 til greiðsludags og kr. 10.000.00 málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. janúar 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. f. m., hefur Jakob Guðmundsson verkamaður, Tryggvagötu 6, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. júní 1955, gegn Eimskipafélagi Íslands h/f, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 214.100.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1954 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómarans, en til vara verulegrar lækkunar á kröfum hans og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 31. maí 1954 lá skip stefnda, e/s Reykjafoss, í Reykjavíkurhöfn, og var unnið að því að ferma með skreið. Var skreiðin í pökkum, sem vógu 50 kg hver, en venjulega var 25 slíkum pökkum staflað í net. Var skreiðinni ekið að skipshlið á vörubifreiðum, og voru tvö skreiðarnet á palli hverrar bifreiðar. Net þessi voru fyrirferðarmikil og var hæð þeirra frá bifreiðarpalli að þaki stýrishúss. Munu pakkarnir í netunum hafa verið valtir. Bifreiðunum var ekið aftur á bak að skipshlið, en hásjávað var og borðstokkur skipsins því talsvert hærri en pallar bifreiðanna. Er slys það varð, sem um ræðir í máli þessu, var unnið við 1. lest, og hafði stefnandi það verk á hendi ásamt Árna nokkrum Ólafssyni að fara upp á palla bifreiðanna, er

þær komu að skipshlið, og krækja króknum á vírnum frá togvindu skipsins á lykkjur, sem voru á skreiðarnetunum, en síðan var hvoru neti um sig lyft með togvindunni inn yfir borðstokkinn, fyrst því, sem aftar var á bifreiðarpallinum, en síðan hinu, er stóð fram við stýrishús. Um kl. 15.40 umræddan dag höfðu þeir félagar, stefnandi og Árni Ólafsson, lokið við að krækja króknum á togvinduvírnum í lykkjur aftara skreiðarnetsins á palli einnar bifreiðarinnar, og var byrjað að lyfta netinu. Var Árni kominn niður af bifreiðarpallinum, en stefnandi var uppi á fremra skreiðarnetinu. Féll hann þá niður af netinu og niður á bryggju. Hlaut hann alvarleg meiðsli á höfði, auk fleiri áverka.

Af hendi forráðamanna stefnda var ekki hlutazt til um, að rannsókn væri framkvæmd á tildrögum slyss þessa, en samkvæmt beiðni frá lögmanni stefnanda, dagsettri 25. september 1954, tókst rannsóknarlögreglan í Reykjavík á hendur rannsókn málsins, og var sú rannsókn framkvæmd um miðjan nóvember 1954, um 5½ mánuði eftir að slysið varð. Þá voru og á bæjarþinginu, meðan á rekstri máls þessa stóð, teknar skýrslur af stefnanda og vinnufélögum hans. Verða nú rakin höfuðatriðin í skýrslum þessum.

Stefnandi skýrir svo frá, að í umrætt sinn hafi hann staðið uppi á fremra skreiðarnetinu, en Árni Ólafsson hafi staðið á bifreiðarpallinum fyrir aftan aftara netið. Er þeir höfðu krækt króknum í lykkjur aftara netsins, hafi því verið lyft. Kveðst stefnandi þá hafa staðið eða legið uppi á fremra netinu fram við stýrishús bifreiðarinnar og ekki veitt athygli neti því, sem upp fór. Tæpu ári eftir að stefnandi gaf þessa skýrslu, skýrir hann svo frá fyrir dómi, að hann minni, að hann hafi legið ofan á miðju fremra netinu, en muni ekki, hvernig staða hans að öðru leyti var. Stefnandi kveðst síðan ekki hafa vitað fyrr en eitthvað féll í höfuð honum og við það hafi hann misst meðvitund. Er hann kom til meðvitundar á ný, hafi hann legið á hafnarbakkanum, og hafi þá komið í ljós, að fiskpakki hafi fallið úr neti því, er upp var dregið, og lent á höfði hans. Minni sig ákveðið, að fiskpakki þessi hafi legið laus ofan á netinu, er því var lyft, en netið hafi þá verið svo fullt orðið, að ekki hafi verið rúm fyrir pakkann í því. Hafi þeir félagar látið pakka þenna fljóta með í þeirri trú, að það kæmi ekki að sök. Hafi það áður komið fyrir, að pakkar féllu úr netunum, án þess að slys hlytist af. Stefnandi kveðst halda, að togvinda skipsins hafi ekki verið í fullkomnu lagi í umrætt sinn, því að sífellt

hafi borið á einhverjum rykkjum, er lyft var. Að lokum kveðst stefnandi hafa haft þann hátt á við verk þetta, að hann hafi haldið kyrru fyrir uppi á bifreiðarpallinum, meðan fyrra netinu var lyft, en verið niðri á bryggjunni, er hið síðara var dregið upp.

Vitnið Árni Ólafsson skýrir svo frá, að er slysið varð, hafi það og stefnandi verið búnir að krækja í lykkjur fyrra netsins og byrjað hafi verið að lyfta því. Stefnandi hafi verið kominn upp á net það, sem eftir var á bifreiðinni, og verið á leið fram eftir því vinstra megin niður af bifreiðarpallinum. Hafi þá fiskpakki úr neti því, er verið var að draga upp, fallið niður og lent á stefnanda. Ekki kveðst vitnið hafa séð, hvar á stefnanda pakkinn lenti, en undan honum hafi stefnandi fallið á bryggjuna. Vitnið kveður netið hafa verið rétt komið upp af palli bifreiðarinnar, er slysið varð. Minnir það, að netið hafi verið alveg fullt, en man ekki, hvort pakki lá laus ofan á því. Ekki kveðst vitnið minnast annars en togvinda sú, sem notuð var, hafi verið í lagi, og ekki reki það minni til þess, að borið hafi á óeðlilegum rykkjum, er netin voru dregin upp. Vitnið kveður það algengt, að menn fari niður af bifreiðunum, meðan verið sé að draga fyrra skreiðarnetið upp, enda komi þó nokkrum sinnum fyrir, að fiskpakki falli úr netinu.

Vitnið Pétur Ágúst Árnason, sem var „lúgumaður" við 1. lest, skýrir svo frá, að er þeir stefnandi og Árni Ólafsson voru búnir að krækja króknum í lykkjur fyrra netsins, hafi það gefið manni þeim, er togvindunni stjórnaði, merki um að lyfta netinu. Árni hafi þá verið kominn niður af palli bifreiðarinnar, en stefnandi hafi verið staddur uppi á netinu, sem eftir var, og verið á leið fram eftir því í áttina að stýrishúsinu. Er hér var komið, kveðst vitnið hafa beint athygli sinni að mönnum þeim, er stjórnuðu togvindunum, þar eð netið hafi nú verið komið í fulla hæð og að því komið að færa það inn yfir borðstokkinn að lestaropinu. Er það leit yfir á hafnarbakkann aftur, hafi stefnandi legið á bryggjunni vinstra megin við bifreiðina á móts við fremsta hluta vörupallsins og fiskpakki við hlið hans. Ekki kveðst vitnið vita, hvernig eða af hvaða ástæðu stefnandi féll, en fullyrðir hins vegar, að enginn fiskpakki hafi fallið úr neti því, sem verið var að draga upp. Slíkt geti þó komið fyrir, en mjög sjaldan. Pakki sá, sem á bryggjunni lá, hljóti því að hafa fallið úr netinu, sem eftir var á palli bifreiðarinnar. Sé hugsanlegt, að net það, sem upp var dregið, hafi dregizt utan í netið, sem eftir var, svo að

það hafi gliðnað með þeim afleiðingum, að pakki hafi fallið úr því. Sá pakki geti þó ekki hafa fallið ofan á stefnanda, þar eð hann hafi verið kominn fram undir stýrishús bifreiðarinnar. Vitni þetta kveður togvindur skipisns hafa verið „slæmar" í umrætt sinn, en það hafi þó ekki komið að sök, þar eð hvorki hafi pakki sá, sem féll niður á bryggjuna, verið úr neti því, sem upp var dregið, né heldur hafi verið „sláttur" á því, meðan það var dregið upp.

Vitnið Þórarinn Jónsson var „bakkamaður" við 1. lest, en starf hans er meðal annars fólgið í því að leiðbeina bifreiðastjórum, er aka með farm að og frá skipshlið. Vitni þetta skýrir svo frá, að er slysið varð, hafi stefnandi verið kominn fram á skreiðarnet það, sem eftir var á bifreiðinni, og verið kominn með annan fótinn niður á horn vörupallsins fram við stýrishús. Hafi þá fiskpakki úr neti því, sem verið var að draga upp, kræzt í netið, sem eftir var á bifreiðinni, og lyft því aðeins upp. Kveðst vitnið þá hafa kallað til stefnanda og sagt honum að gæta sín, en um leið hafi pakki fallið úr netinu, sem eftir var á palli bifreiðarinnar, og lent á vinstri öxl stefnanda, er við það hafi fallið aftur á bak niður á bryggjuna.

Vitnið Ágúst Ólafsson, sem hafði á hendi verkstjórn við útskipun skreiðarinnar, kveðst ekki hafa verið sjónarvottur að slysinu, en kveðst þegar eftir slysið hafa ritað skýrslu um það eftir frásögn þeirra Árna Ólafssonar og Þórarins Jónssonar. Minnir vitnið, að þeir hafi tjáð því, að margnefndur fiskpakki hafi fallið úr netinu, sem eftir var á bifreiðinni, en ekki því, sem verið var að draga upp, svo og að pakkinn hafi lent á öxl stefnanda. Í fyrrnefndri skýrslu um slysið segir svo um orsök þess: „.... var við vinnu á bakka að slá á net með harðfiski, þegar híft var upp, féll einn pakki úr netinu, lenti á honum ....".

Tveir menn stjórnuðu togvindum skipsins í umrætt sinn. Er annar þeirra var yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni, kvaðst hann ekki muna, hver tildrög voru að slysinu, en hinn mun ekki hafa verið sjónarvottur að því.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á slysi þessu. Orsök slyssins hafi verið sú, að einn fiskpakkinn hafi verið laus í neti því, sem verið var að draga upp, bæði sakir þess að of mikið hafi verið í netinu, sem og hins, að „lúgumaðurinn" hafi ekki veitt því næga athygli, hvernig netið lagðist að pökkunum, þegar stríkkaði á því. Þá hafi „lúgumaðurinn" látið lyfta netinu of fljótt og ekki gefið honum

færi á því að forða sér, en vegna aldurs hafi hann ekki treyst sér til að stökkva niður af palli bifreiðarinnar, eins og Árni Ólafsson gerði. Enn sé þess að geta, að borið hafi á rykkjum, er netið var dregið upp, og muni það hafa átt sinn þátt í því, að fiskpakkinn féll niður. Jafnvel þótt skýrsla Þórarins Jónssonar yrði lögð til grundvallar um atvik að slysinu, beri hún með sér, að of fljótt hafi verið byrjað að lyfta netinu, svo og að of snöggt hafi verið lyft.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að stefnandi hafi sjálfur orðið valdur að slysi því, sem um ræðir, með stórfelldu gáleysi sínu. Sé með skýrslu stefnanda fengin full sönnun þessa, en eigi verði hjá því komizt að leggja skýrslu þessa til grundvallar um tildrög slyssins. Í henni komi það fram, að þeir félagar, stefnandi og Árni Ólafsson, hafi látið fiskpakka ofan á net það, sem fyrr var dregið upp, án þess að gefa „lúgumanninum" nokkur merki um það eða taka honum vara við því. Þá hafi stefnandi ekkert fylgzt með því, sem þarna var að gerast, en Árna Ólafssyni virðist hins vegar hafa verið ljóst, að ekki var allt með felldu, þar eð hann hafi stokkið niður af palli bifreiðarinnar til þess að verða ekki undir fiskpakkanum, sem ofan á netinu var. Á hinn bóginn sé leitt í ljós, að tæki þau, sem notuð voru við fermingu skipsins, hafi verið í fullkomnu lagi svo og, að menn þeir, sem togvindum skipsins stjórnuðu, hafi verið þaulvanir störfum og ekkert athugavert við störf þeirra, enda sé það viðurkennt af stefnanda.

Hér að framan hefur það verið rakið, sem upp er komið í málinu um atvik að slysi því, sem um ræðir. Þegar það er virt, kemur í ljós, að ekkert verður með vissu um það sagt, hver nákvæm tildrög slyssins hafi verið. Þó þykir mega telja sannað, að annað hvort hafi fiskpakki fallið á stefnanda úr neti því, sem upp var dregið, svo sem hann og vitnið Árni Ólafsson staðhæfa, með þeim afleiðingum, að stefnandi féll niður af bifreiðinni eða netið sjálft eða einhver fiskpakkinn í því hafi krækzt í net það, sem eftir var á palli bifreiðarinnar, og hróflað því til með þeim afleiðingum, að pakki og stefnandi féllu niður á bryggjuna. Verður að telja, að mjög hafi verið óvarlegt af „lúgumanninum" að láta draga netið upp, áður en stefnanda hafði gefizt ráðrúm til að forða sér á öruggan stað, þar sem umbúnaður fiskpakkanna virðist hafa verið ótryggur og þess dæmi, að einn og einn pakki félli úr netunum, er þau voru dregin upp. Ef hins vegar laus pakki var ofan á neti því, sem upp var dreg-

ið, þá bar stefnanda að vekja athygli „lúgumannsins“ á því, áður en byrjað var að lyfta netinu. En eins og áður er sagt, er á huldu, hvort svo hafi verið. Að þessu athuguðu og þegar þess jafnframt er gætt, að stefndi hlutaðist ekki til um, að rannsókn væri strax framkvæmd á tildrögum slyssins, svo sem rétt var og skylt, þykir bera að leggja á stefnda fébótaábyrgð á öllu því tjóni, er stefnandi beið.

Í hinum munnlega málflutningi lækkaði stefnandi kröfu sína niður í kr. 139.030.00, en hélt fram kröfum sínum í stefnu að öðru leyti. Sundurliðar stefnandi kröfuna þannig:

1.	Atvinnutjón í eitt ár	kr. 45.000,00
2.	Örorkutjón	— 48.530,00
3.	Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 40.000,00
4.	Ferða- og sjúkrakostnaður o. fl.	— 5.500,00
		Samtals kr. 139.030,00

Upp er komið í málinu, að stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins dagpeninga að fjárhæð kr. 6.470,10 og örorkubætur að fjárhæð kr. 11.261,00 svo og frá stefnda kr. 817,60, sem er einnar viku kaup. Hefur stefnandi samþykkt, að greiðslur þessar, sem nema samtals kr. 18.548,70, komi til frádráttar kröfu sinni. Nemur endanleg krafa hans í málinu samkvæmt því kr. 120.481,30 (kr. 139.030,00 ÷ kr. 18.548,70).

Um 1. og 2.

Stefnandi kom brátt til meðvitundar aftur eftir slysið, og var hann þegar fluttur af slysstaðnum í Landsspítalann. Við skoðun þar fannst brot á viðbeini og stórt sár á andliti, sem gert var að. Þá hafði stefnandi og nokkra ógleði. Er hann hafði legið nokkra stund á sjúkrahúsinu til rannsóknar, var hann sendur heim til þess að liggja þar, þar sem meðvitundarleysið við áverkann þótti benda til heilahristings eða að minnsta kosti einhvers áverka á heila. Var stefnandi nú óvinnufær og fór að þjást af höfuðverk, magnleysi í báðum fótum og vinstri handlegg, svima og hafði auk þess tilhneigingu til að detta við gang. Varð þetta til þess, að stefnandi var vistaður á lyflæknisdeild Landspítalans, þar sem hann lá frá 9. ágúst til 27. september 1954. Samkvæmt vottorði Sigurðar Samúelssonar yfirlæknis bentu rannsóknir til þess, að um blæðingu utan á heila væri að ræða, og var stefnandi því sendur til Kaupmannahafnar á „neuro-kir-

urgisku"-deild ríkissjúkrahússins þar. Dvaldi stefnandi þar frá 27. september til 21. október 1954, og var sjúkdómsgreiningin hin sama og á lyflæknisdeild Landspítalans. Við skurðaðgerð, sem framkvæmd var á höfði stefnanda, fannst mikil blæðing utan á hægri heilahelmingi, og var allt það blóð, er til náðist, tæmt út. Getur prófessor Sigurður Samúelsson þess í fyrrnefndu vottorði sínu, að öll líkindi bendi til þess, að beint orsakasamband hafi verið á milli áverka þess, er stefnandi hlaut við slysið, og blæðingar þeirrar, sem fannst við heilaaðgerðina.

Hinn 10. júní 1955 skoðaði Bergþór læknir Smári stefnanda í því skyni að meta örorku hans vegna slyssins, en í vottorði læknisins, dagsettu sama dag, er þess getið, að hann telji þá enn ekki tímabært að meta örorkuna. Hinn 23. febrúar 1956 var stefnandi aftur skoðaður af þessum sama lækni og örorka hans metin. Í vottorði læknisins, dagsettu 2. marz 1956, segir m. a. á þessa leið:

„.... Hann (stefnandi) kveðst hafa byrjað vinnu eftir slysið í maí 1955 og unnið að mestu síðan ýmiskonar verkamannavinnu, að undanförnu við hreinsanir hjá Reykjavíkurbæ, en átti bágt með það, einkum sökum verkja í höfði, er hann segist fá við áreynslu, þreytu í augum og almenns slappleika. Einnig kveðst hann vera gleyminn og sljór.

Skoðun:

Útlit virðist eðlilegt. Minni virðist sæmilega gott. Engin sýnileg lömun í andliti. Augu eðlileg. Blóðþr. 180/90. Hlustun á hjarta og lungum: Ekkert sérstakt athugavert. Sæmilegir kraftar eru í útlimum, jafnir báðum megin. Engin vöðvarýrnun mælanleg. Sinaviðbrögð og ilreflex eðlileg.

Að öllum líkindum hefur heilablæðingin verið bein afleiðing slyssins, en slasaði virðist hafa náð sér furðu vel.

Ekki þykir þó verða komizt hjá því að álíta, að nefndur áverki rýri vinnugetu slasaða nokkuð í framtíðinni, og telst varanleg örorka hans af þeim sökum hæfilega metin:

20%."

Stefnandi er talinn fæddur 10. október 1887 og hefur því verið 66 ára gamall, er hann slasaðist. Hann er kvæntur, en ekki munu þau hjón hafa börn á framfæri sínu. Heimilislæknir stefnanda hefur gefið vottorð þess efnis, að stefnandi hafi verið heilsuhraustur fyrir slysið.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum stefnanda hafa atvinnutekjur hans næstu árin fyrir slysið verið, sem hér segir: árið 1951 kr. 35.671,00; árið 1952 kr. 33.935,00; árið 1953 kr. 47.037,00 og árið 1954 kr. 20.995,00. Auk þess vann eiginkona hans fyrir nokkrum tekjum öll þessi ár.

Hinn 23. júní 1956 reiknaði K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur út atvinnutjón stefnanda miðað við framangreinda örorku. Með skírskotun til örorkumatsins gerir hann ráð fyrir, að stefnandi hafi ekkert unnið frá slysdegi til ársloka 1954 og reiknar með því, að framtaldra atvinnutekna þess árs hafi hann aflað á 5 fyrstu mánuðum þess. Reiknast honum til, að framangreindar atvinnutekjur áranna 1951—1954 svari til kr. 27.291,00 í meðalgrunnkaup á ári. Út frá því grunnkaupi áætlar hann síðan vinnutekjur og vinnutekjutjón stefnanda fram í tímann, og er áætlað vinnutekjutjón 20% af áætluðum vinnutekjum. Verðmæti hins áætlaða vinnutekjutjóns reiknast honum nema kr. 48.530,00, ef reiknað er með 6% ársvöxtum, en kr. 49.594,00, sé reiknað með 4% vöxtum p. a. Í báðum tilvikum er miðað við slysdag. Hefur stefnandi lagt fyrri fjárhæðina til grundvallar kröfu sinni samkvæmt 2. lið.

Framangreindur útreikningur er byggður á dánarlíkum íslenzkra karla samkvæmt reynslu á árunum 1921—1930 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu.

Hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur tjáð dómaranum, að hann geri ráð fyrir að starfsorka stefnanda fari smáminnkandi til 83 ára aldurs hans.

Enginn frádráttur hefur verið gerður fyrir opinberum gjöldum.

Stefndi hefur mótmælt fjárhæðum beggja þessara liða sem of háum.

Það þykir bera að leggja til grundvallar framburð stefnanda um það, að hann hafi verið alger öryrki um eins árs skeið eftir slysið, enda er það staðfest með vottorði læknis, dagsettu 24.8. 1955. Hefur atvinnutjón hans því numið meiru en útreikningur tryggingafræðingsins gefur til kynna. Á hinn bóginn er þess að gæta, að í útreikningi sínum hefur tryggingafræðingurinn, eins og að framan greinir, reiknað með 20% örorku stefnanda allt frá slysdegi. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af öðrum þeim atriðum, sem að framan eru greind, þykir hæfilegt að taka þessa tvo kröfuliði til greina með kr. 59.000.00. Hafa þá verið dregnar frá fyrrnefndar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og stefnda.

Um 3.

Stefndi hefur mótmælt fjárhæð þessa kröfuliðs sem allt of hárri.

Þegar virt er sjúkrasaga stefnanda og meiðsli þau, er hann hlaut, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00.

Um 4.

Fjárhæð þessa kröfuliðs er ekki mótmælt, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 84.500.00 (kr. 59.000.00 + kr. 20.000,00 + kr. 5.500,00) ásamt vöxtum, svo sem krafizt hefur verið. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 8.000,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Eimskipafélag Íslands, greiði stefnanda, Jakobi Guðmundssyni, kr. 84.500,00, ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1954 til greiðsludags og kr. 8.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. febrúar 1958.

Nr. 121/1957. **Ingólfur Stefánsson** (Vilhjálmur Jónsson hrl.)

gegn

Trausta Ó. Lárussyni

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Mál til heimtu launa samkvæmt vinnusamningi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1957 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 21.417.68 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. maí 1956 til greiðsludags og málskostnað fyrir undirrétti og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eigi er í ljós leitt, að tímagreiðsla fyrir múraravinnu hafi í Hafnarfirði verið frávik frá algengri reglu um vinnukjör á þeim tíma, er aðiljar áttu þau viðskipti, sem í máli þessu greinir. Með þessari athugasemd og að öðru með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ingólfur Stefánsson, greiði stefnda, Trausta Ó. Lárussyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 27. apríl 1957.

Ár 1957, laugardaginn 27. apríl, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni sem dómsformanni, og meðdómendunum Sigurgeir Guðmundssyni byggingarfræðing og Inga Kristjánssyni múrarameistara upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 13. apríl s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 29. maí 1956, af Ingólfi Stefánssyni múrarameistara, Suðurgötu 25, Hafnarfirði, gegn Trausta Ó. Lárussyni framkvæmdastjóra, Fögrukinn 9, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 21.417.68 auk 6% vaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags skuldarinnar og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu gegn greiðslu á kr. 9000.00 og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa, Ingólfur Stefánsson, sem er múrarameistari, tók að sér að múrhúða hús stefnda, Trausta Ó. Lárussonar, Fögrukinn 9, hér í bæ. Stefnandi hóf verkið vorið 1954 og múrhúðaði þá hæðina innan, en síðar á sama ári hóf hann múrhúðun þess að utan og var því lokið í október 1955, nema eitthvað lítilræði, sem enn mun talið eftir af múrhúðun hússins.

Ekki gerði stefnandi og stefndi neinn samning með sér um verkið og kostnað við það, en stefndi heldur því fram, að verkið hefði átt að vinnast í tímavinnu, en þessu neitar stefnandi og bendir á, að þegar í upphafi ársins 1954 hafi tíðkazt, að múrarar hér í bæ ynnu eftir ákvæðisvinnutaxta og hann sjái enga ástæðu til að bregða út af þeirri venju, enda aldrei um tímavinnu talað.

Greiðslur fyrir verkið fóru þannig fram, að stefndi greiddi 24. apríl 1955 10 þús. í peningum, en kr. 7.000.00 með víxli, sem greiddur var með kr. 2.000.00 í október 1955, en kr. 5.000.00 þann 10/2 1956. Þegar stefndi greiddi upp víxilinn, tjáði stefnandi honum, að eftir væru þá ógreitt af verkinu fyrir múrverkið kr. 9.000.00, og stakk stefndur upp á að hann fengi að greiða það með jöfnum greiðslum, með gjalddögum 1. marz, 1. apríl og 1. maí 1956. Samþykkti stefnandi þennan greiðslumáta, en kveðst hafa tekið fram, að hann mundi gefa stefnda verulegan afslátt fyrir múrverkið, ef hann gerði upp skilvíslega og að fullu í marz, og mætti stefndi þá reikna þetta uppgjör sem fullnaðargreiðslu. Virðist stefnandi telja, að þá hafi hann verið búinn að

draga umræddan afslátt frá kostnaðinum við múrverkið, en ekki liggur ljóst fyrir af gögnum málsins, hvað sá afsláttur hafi numið miklu og ekki mun stefnda hafa verið tilkynnt neitt um það.

Þegar stefndi nú stóð ekki við að gera að fullu upp við stefnanda í marz, taldi stefnandi brostna forsendu fyrir greindum afslætti og höfðaði mál þetta.

Kröfur sínar í málinu miðar stefnandi við ákvæðisvinnutaxta og hefur lagt fram reikning með sundurliðuðum nótum yfir hina seldu vinnu, alls kr. 38.417.68 með orlofi og söluskatti, en frá því er dregið greitt í peningum kr. 17.000.00 og verða þá eftirstöðvar kr. 21.417.68 og kemur það heim við stefnukröfuna í málinu. Vegna þess að stefndi hafði vefengt þessa reikninga stefnandans, fékk stefnandi sérstakan mælingarfulltrúa til að meta verkið, sem fór fram að báðum aðiljum viðstöddum.

Heildarverð mælingarfulltrúans (sveinataxti og orlof) nam kr. 26.536.92, en við það telur stefnandi sér heimilt að bæta vinnu við handlöngun, 12% álagningu meistara, 3% söluskatti og tveim vinnureikningum, samtals kr. 13.465.41, og nemur hvorttveggja alls kr. 40.002.33. Fullnaðarverð samkvæmt þessu verður kr. 1584.62 hærra en heildarverð á reikningum stefnanda, sem áður voru lagðir fram í málinu. Jafnframt bendir stefnandi á, að hann hafi ekki krafið stefnda um greiðslu fyrir alla vinnu, er hann lét af hendi vegna múrverks á greindu húsi hans, en kveðst láta það liggja milli hluta að sinni.

Af hálfu stefnanda er haldið fram, að svo hafi verið um samið, er stefnandi tók að sér að múrhúða hús stefnda, Fögrukinn 9, að verkið yrði unnið í tímavinnu, enda hefði stefnandi, meðan hann vann að verkinu, oft ítrekað við stefnda, að hann ynni það í tímavinnu. Stefndi hefði aldrei fengið reikning frá stefnanda. En greiðslur af hálfu stefnda hefðu farið þannig fram, að 24. apríl 1955 hefði hann greitt stefnanda kr. 17.000.00, þar af kr. 10.000.00 í peningum, en kr. 7.000.00 með víxli, sem hefði átt að greiðast eftir samkomulagi. Hefði stefndi greitt af honum kr. 2.000.00 í októberbyjun 1955, en eftirstöðvar víxilsins kr. 5.000.00 10. febrúar 1956. Þegar stefndi greiddi upp víxilinn, segir hann að stefnandi hafi talið, að þá stæðu eftir ógreiddar kr. 9.000.00, sem stefndi stakk upp á að greiða með þremur jöfnum greiðslum, þann 1. marz, 1. apríl og 1. maí 1956 og hafi stefnandi samþykkt það. Í marzmánuði hefði stefnandi hringt og krafið stefnda um kr. 3.000.00, en hann gat þá ekki greitt það, og í apríl krafði stefnandi stefnda um kr. 6.000.00, en hann þá ekki heldur getað

innt greiðsluna af hendi. Þá segir stefndi, að stefnandi hafi hringt í byrjun maímánaðar og tjáð stefnda, að skuldin væri nú hækkuð upp í kr. 16.000.00, úr því að hann hefði ekki staðið í skilum og sú upphæð yrði að greiðast innan fárra daga, að öðrum kosti yrði krafan afhent lögfræðingi til innheimtu, enda hefði stefndi fljótlega fengið kröfubréf frá lögfræðingi stefnanda, þar sem stefndi var krafinn um kr. 21.417.68. Þá heldur stefndi því fram, að á þeim tíma, sem mestur hluti verksins var unninn, hafi ekki tíðkazt hér, að múrarar ynnu eftitr ákvæðisvinnutaxta, enda hefði stefnandi haft á sama tíma undir pússningu þrjú íbúðarhús og unnið þau öll í tímavinnu fyrir svipaða upphæð að tiltölu og þá, sem stefndi upphaflega var krafinn um.

Eins og þegar hefur verið rakið, gerðu aðiljar þessa máls upp öll sín viðskipti út af múrhúðuninni á Fögrukinn 9 þann 10. febrúar 1956.

Því verki, sem hér er um ræða, var þá lokið fyrir nokkrum mánuðum og stefnandinn búinn að fá greiddar upp í vinnulaun kr. 17.000.00. Þá varð og að samkomulagi að gera upp með kr. 9.000.00 sem fullnaðargreiðslu fyrir verkið og samið um greiðslufrest á þeirri upphæð með ákveðnum gjalddögum.

Uppgjör þetta og samkomulag fór fram, án þess að nokkur ágreiningur kæmi fram af hálfu aðilja, svo séð verði. Stefnandinn kveðst hafa sett að skilyrði fyrir ofangreindri lokagreiðslu, að staðið yrði í skilum af hálfu stefnda, þar eð stefnandi hefði miðað upphæðina við að veita stefnda verulegan afslátt. Við uppgjör þetta lagði stefnandi ekki fram reikninga með sundurliðun á kostnaði verksins né upplýsti, hve mikill téður afsláttur væri. Hins vegar hefur komið í ljós, eftir að mál þetta var höfðað, að stefnandinn muni hafa miðað ráðgerðan afslátt við þann mismun, sem kæmi fram milli þeirrar upphaflegu upphæðar (kr. 26.000.00), sem stefnandinn krafði stefnda um, og niðurstöðutölu uppmælingar verksins, enda þótt sú upphæð sé í gögnuum málsins á reiki og óeðlilega há eftir atvikum.

Með vísun til þess, er hér hefur verið rakið, og samkomulags, er lokauppgjör fór fram milli aðilja 10. febrúar 1956, telur dómurinn, að stefnandi sé bundinn við þá samningsgerð, enda verði ekki talið, að fullnægjandi rökstuðningur hafi fram komið fyrir réttmæti viðbótarkrafna stefnanda.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnandanum kr. 9.000.00 með 6% ársvöxtum frá 29. maí

1956 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega metinn kr. 2.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Trausti Ó. Lárusson, greiði stefnandanum, Ingólfi Stefánssyni, kr. 9.000.00 auk 6% ársvaxta frá 29. maí 1956 til greiðsludags og málskostnað, kr. 2.000.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. febrúar 1958.

Nr. 100/1954. **Jón Guðmundsson** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1954. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt skylt að bæta honum fé allt það tjón, er hann hafi beðið vegna kaupa á v/b Hvítingi (síðar Hafþóri SH 90) 22. janúar 1953 og vegna endurbóta á skipinu svo og vegna tilrauna með útgerð skipsins í febrúar og marz 1953. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ákvæði laga nr. 68/1947 um opinbert eftirlit með skipum miða að því að efla almennt öryggi sjófarenda. En skýrsla um skoðun skips, sem hinir opinberu skoðunarmenn gefa samkvæmt lögum þessum, og meðmæli þeirra með því, að skip fái haffærisskírteini, eru ekki ætluð til að vera einhlít

sönnunargögn til ákvörðunar í fjármunalegum viðskiptum aðilja um skip. Verður ríkissjóður ekki krafinn skaðabóta fyrir tjón, sem aðili kann að hafa hlotið af slíkum viðskiptum, þótt í ljós komi, að skoðun starfsmanna skipaeftirlitsins hafi ekki verið framkvæmd með þeirri kostgæfni, er skyldi. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í Hæstarétti, er ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Guðmundsson, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 4000.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 25. júní 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Jón Guðmundsson, veitingamaður í Stykkishólmi, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 14. sept. f. á., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Bátatryggingu Breiðafjarðar og skipaskoðunarstjóra til réttargæzlu vegna Skipaskoðunar ríkisins.

Í stefnu gerði stefnandi þær dómkröfur aðallega, að stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Bátatryggingu Breiðafjarðar, yrðu in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 399.033.71 auk 7% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað eftir mati dómsins, til vara, að annarhvor hinna stefndu yrði dæmdur til að greiða fjárhæðir þær, er í aðalkröfu greinir, og til þrautavara, að stefndi Bátatrygging Breiðafjarðar yrði dæmdur til að greiða honum kr. 246.600.00, auk 7% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Á hendur réttargæzlustefnda gerði stefnandi engar sjálfstæðar kröfur, og réttaragæzlustefndi hefur engar kröfur gert á hendur stefnanda.

Í þinghaldi 10. þ. m., er málið var tekið til munnlegs flutnings, var það hafið eftir ósk lögmanns stefnanda, að því er varðaði stefnda Bátatryggingu Breiðafjarðar, þar eð samkomulag hafði

komizt á með þessum aðiljum. Hins vegar var málinu haldið áfram gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, en að ósk lögmanna aðilja og með samþykki dómsins var málinu skipt þannig, að það var aðeins flutt um fébótaskyldu ríkissjóðs.

Hefur stefnandi í þessum þætti málsins gert þær dómkröfur, að dómsorð verði veitt fyrir því, að stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sé skylt að bæta honum tjón það, er hann hefur beðið vegna kaupa á v/b Hvítingi (síðar Hafþóri, S.H. 90) 22. janúar 1953 og endurbóta á skipinu svo og vegna tilrauna með útgerð skipsins í febrúar og marz 1953. Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af framangreindum kröfum stefnanda svo og málskostnaðar úr hendi hans í þessum þætti málsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 5. nóvember 1952 var v/b Hvítingur boðinn upp í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarýslu. Útgerðarmennirnir Ingvar Vilhjálmsson og Ólafur Jónsson, hér í bænum, urðu hæstbjóðendur í bátinn fyrir kr. 90.000.00. Í janúar 1953 varð það að samningum, að stefnandi gengi inn í boð þeirra og fékk hann afsal fyrir bátnum 22. janúar 1953. Þegar stefnandi var orðinn eigandi bátsins, skipti hann um nafn á honum og lét skrásetja hann í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu sem Hafþór, SH 90. Á þeim tíma, er stefnandi keypti bátinn, stóð hann í dráttarbraut Bátanausts h/f, hér í bænum. Hafði stefnandi því góða aðstöðu til skoðunar á honum, áður en kaupin fóru fram. Eftir að kaupin voru um garð gengin, tók stefnandi að undirbúa heimsiglingu bátsins til Stykkishólms. Jafnframt hlutaðist stefnandi til um, að ríkisskoðun færi fram á bátnum, og er skýrsla um aðalskoðun hans dagsett 7. febrúar 1953.

Samkvæmt skipaskoðunarvottorði, dagsettu sama dag, fullnægði báturinn ákvæðum laga um eftirlit með skipum sem fiskiskip við stendur Íslands, og er í vottorðinu mælt með því við lögreglustjórann í Stykkishólmi að báturinn fái haffærisskírteini.

Hinn 9. febrúar 1953 kl. 7 síðdegis var bátnum siglt frá Reykjavík áleiðis til Stykkishólms. Var þá suðaustan átt með 7—8 vindstigum og talsverð vindbára. Í vesturförinni bar á miklum leka á bátnum. Varð auk véldælu að nota þilfarsdælu og hægja öðru hverju á ferð bátsins, til þess að hafa undan lekanum. Til Stykkishólms kom báturinn 10. febrúar. Segir stefnandi, að er þangað kom, hafi hann ásamt skipstjóra og að hann minnir Kristjáni Guðmundssyni skipasmið í Stykkishólmi athugað bol bátsins,

hnoð og íslátt, en ekkert athugavert fundið þá. Báturinn var nú undirbúinn á veiðar, og hófust þær 16. febrúar. Nokkrir róðrar voru farnir (3—4), og gengu þeir sæmilega, enda voru þá veður góð, en þó varð eitthvað vart við leka. Í 4. eða 5. róðrinum fékk báturinn fremur slæmt veður, en hlaut þó ekkert sérstakt áfall, eftir því sem skipstjóri hans skýrir frá. Kom þá mikill leki að bátnum, og er til hafnar kom, fór fram athugun á honum í fjöru. Verulegur leki fannst þá með kjöl, og ísláttur reyndist laus í byrðing. Báturinn var nú þéttur eftir föngum og fór síðan í róður, en lak þá talsvert. Bátnum var þó enn haldið í róður, en áður en á miðin kom, bar svo mikið á leka, að skipstjóri hans ákvað að snúa aftur til hafnar. Á heimleiðinni voru bæði véldæla og þilfarsdæla hafðar í gangi, og gerði ekki betur en þær hefðu undan lekanum. Enn var nú bátnum lagt í fjöru til athugunar. Í ljós kom þá, að hampþétting var víða laus. Var reynt að gera við þetta, en ekki tókst að fá bátinn þéttan, og kom sjór í hann, þar sem hann lá í fjörunni, þegar að féll. Báturinn var síðan aftur settur á flot og lagt við bryggju, og bar þá ekki á leka, þó að vél væri í gangi. Skipshöfnin taldi bátinn þó svo varhugaverðan, að hún gekk af honum.

Samkvæmt virðingar- og skoðunarvottorði virðingarmanna Bátatryggingar Breiðafjarðar, dagsettu 25. febrúar 1953, var báturinn talinn í nothæfu standi og virtur með búnaði til vátryggingar á kr. 274.000.00. Með vátryggingarskírteini, útgefnu sama dag, tók Bátatryggingin að sér vátryggingu bátsins fyrir $^{9}/_{10}$ hlutum af virðingarverði hans eða kr. 246.600.00.

Hinn 14. apríl strandaði báturinn, þar sem hann lá við hafskipabryggjuna í Stykkishólmi, á kletti, sem nefndur er Stykki, rétt við bryggjuna, og sökk. Nokkru síðar var honum náð upp, að ráðstöfun Bátatryggingarinnar, og lagt við svonefnda Steinbryggju. Hinn 22. apríl voru að beiðni Bátatryggingarinnar 2 menn dómkvaddir í sjó- og verzlunardómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til þess að skoða bátinn og meta ástand hans. Í matsgerð hinna dómkvöddu manna, sem dagsett er 26. apríl 1953, segir svo: „Skoðun leiddi í ljós: Þröm og meginþilja er fúin og blaut báðu megin. Þröm er innanáliggjandi og meginþilja ca. 2" þykkari en þilfar. Á bb. síðu er efsti planki klofinn að endilöngu um alla miðsíðuna, ca. 4" fyrir neðan efri brún þramar eða sem næst efri brún þilfarsbita. Þessi rifa er nýleg og tókum við fyrst eftir henni, er skipið var lagt í fjöru í Súgandisey til eftirlits, og var hún þá það opin, að hægt var að

koma tveim tommustokks-blöðum inn um hana, en rifan lokaðist, er skipið kom á sjó.

Hnoð milli þilfars og meginþilju eru mjög opin og öll „fordrifin" báðu megin, sérstaklega yfir hásetaklefa. Innri byrðingur í botni er mjög blautur og meyr viðkomu. Kjalboltar, 7/8—1" gildir, eru sennilega orðnir tærðir milli bands og kjalar, þó ekki sé hægt að fullyrða það, þar sem skipið stendur í fjöru og ekki hægt að reka þá út til skoðunar. Saumur í ytri byrðing er mjög tærður og víða farinn úr.

Bönd skipsins eru úr furu, mjög blaut og meyr. Böndin eru mæld ca. 2 fetum fyrir ofan kjalbak. Innri byrðingur skipsins er festur við böndin með 1¼" trénálum. Ytri byrðingur er seymdur með 6" og 7" galvaniseruðum B-saum, og er sá saumur allur laus eða tærður og ónýtur. Þilfarið, ca. 2" þykkt, er mjög lélegt. Skipið er gengið upp um miðjuna (kjalsveigt), kjölur sveigður upp framan til og bungar upp á þröm og meginþiljum. Bönd að ofan eru úr furu, líta ekki illa út og eru sýnilega mikið yngri en bönd í botni.

Að athugun okkar lokinni á umræddu skipi, teljum við það ekki viðgerðarhæft, þar sem endurnýja þarf allan byrðing þess, sem þó er mjög vafasamt verk, bönd eru úr furu, eins og áður er tekið fram, blaut og meyr, svo engar líkur eru á því, að saumur hefði hald í þeim. Auk þess þarf nýtt þilfar ásamt skammdekkshring öllum. Álit okkar er því, að skipið sé gerónýtt."

Þegar umrætt mat hafði verið framkvæmt, taldi stefnandi sig eiga rétt til vátryggingarfjár bátsins, en þar sem Bátatryggingin fékkst ekki til að greiða það og stefnandi taldi bátinn liggja undir skemmdum, bað hann um sölu á honum á opinberu uppboði. Fór uppboðssalan fram 6. ágúst 1953 og varð Bátatryggingin hæstbjóðandi með 62.000 króna boði.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur ríkissjóði á því, að skipaskoðunarmenn ríkisins hafi gefið vottorð um það, að báturinn væri í fullkomlega haffæru standi. Í trausti þess hafi hann keypt bátinn og síðar í trausti sama vottorðs svo og skoðunar- og virðingargerðar trúnaðarmanna Bátatryggingarinnar hafi hann búið bátinn að öllu leyti til veiða, ráðið skipshöfn á hann og farið að gera hann út. Síðar hafi komið í ljós, að báturinn hafi verið ósjófær og ekki viðgerðarhæfur. Sé því ljóst, að um miklar yfirsjónir hafi verið að ræða hjá skipaskoðunarmönnum ríkisins svo og virðingarmönnum Bátatryggingarinnar. Þessar yfir-

sjónir hafi valdið honum miklu tjóni, fyrst og fremst missi bátsins og auk þess kostnaði vegna byrjunar útgerðar á honum.

Telur stefnandi, að ríkissjóður sé bótaskyldur fyrir allt þetta tjón á þeim grundvelli, að orsök þess séu yfirsjónir opinberra starfsmanna skipaeftirlitsins, sem ríkið beri ábyrgð á.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að skoðun skipa af hálfu ríkisvaldsins sé framkvæmd af þjóðfélagslegum ástæðum, þ. e. til að tryggja öryggi þeirra, sem með skipum sigla, svo og öryggi eigna, er með skipum eru fluttar, en ekki gerð fyrir þá einstaklinga, sem lögskipti eiga um skip. Þá hafi í því tilviki, er hér um ræðir, skoðunarvottorð skipaskoðunarmanna verið gefið út, eftir að stefnandi hafði keypt bátinn, og hafi því ekki getað haft áhrif á stefnanda til kaupanna.

Þá reisir stefndi í öðru lagi sýknukröfuna á því, að skipaskoðunarmennirnir hafi á engan hátt vanrækt starfsskyldur sínar. Sjáist þetta á því, að stefnandi, er sé vanur sjómaður, hafi skoðað bátinn í dráttarbraut, áður en kaup gerðust, og þá ekkert fundið athugavert. Þá hafi stefnandi og, eftir að til Stykkishólms kom, skoðað bátinn aftur ásamt skipasmið og enn ekkert fundið athugavert. Loks hafi trúnaðarmenn Bátatryggingarinnar skoðað bátinn, talið hann í nothæfu standi og metið hann til vátryggingar.

Af því sem fram hefur komið í málinu, virðist ljóst, að skoðun skipaskoðunarmanna hefur ekki verið framkvæmd af þeirri nákvæmni og kostgæfni, sem þörf hefði verið á. Hins vegar ber á það að líta, að skoðun skipa er af hálfu ríkisvaldsins framkvæmd af þjóðfélagslegum öryggisástæðum, og eru skoðunargerðir skipaskoðunarmanna miðaðar við það. Er því einstaklingum ekki rétt að treysta eingöngu á slíkar skoðunargerðir í lögskiptum sínum varðandi skip. Þá fékk stefnandi, svo sem áður segir, afsal fyrir bátnum 22. janúar 1953, en vottorð skipaskoðunarmanna um bátinn er útgefið 7. febrúar s. á. eða rúmlega hálfum mánuði síðar. Gat vottorðið því ekki verið grundvöllur fyrir stefnanda til kaupa á bátnum.

Á siglingunni til Stykkishólms, er átti sér stað eftir að vottorð skipaskoðunarmanna var útgefið og sennilega komið í hendur stefnanda, kom mikill leki að bátnum, enda þótt veðrið, sem báturinn hreppti á leiðinni, geti ekki talizt vont að vetri til. Hlaut stefnanda þá að verða ljóst, þrátt fyrir vottorð skipaskoðunarmanna, að báturinn væri svo gallaður, að ástæða væri til

þess að láta rannsaka hann gaumgæfilega, áður en undirbúningur yrði hafinn til þess að gera hann út á fiskveiðar.

Að því athuguðu, sem hér að framan er greint, þykja kröfur stefnanda á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs ekki hafa við rök að styðjast, og ber því að taka sýknukröfu hans til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Páli Pálssyni og Þorsteini Daníelssyni, skipasmiðum.

Vegna embættisanna í sambandi við það, að þingleyfi hefjast 1. júlí n.k., hefur dómur eigi orðið kveðinn upp í málinu fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Guðmundssonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 17. febrúar 1958.

Nr. 109/1953. **Dánarbú Þorbergs Steinssonar**
gegn
Eiríki Þorsteinssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, dánarbú Þorbergs Steinssonar, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 21. febrúar 1958.

Nr. 173/1957. **Kristinn Kristinsson**
og
Guðmundur Guðmundsson
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Jóni Jónssyni og gagnsök
(Kristinn Gunnarsson hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Mál til staðfestingar lögbanni.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómarar voru Björn Björnsson sýslumaður, Þór Guðjónsson veiðimálastjóri og Eðvarð Árnason verkfræðingur.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 22.

s. m. Þeir krefjast þess, að lögbannsgerðin frá 16. maí 1953 verði staðfest og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1957, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 14. s. m.

Hann krefst þess, að ákvæði héraðsdóms, önnur en málskostnaðar, verði staðfest og að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með bréfi 26. febrúar 1957 veitti ráðherra gagnáfrýjanda leyfi til að virkja Herrulæk til framleiðslu á raforku. Segir í bréfinu, að leyfið verði gefið samkvæmt V. kafla laga nr. 15/1923, og er þar vísað til nefndra laga um framkvæmdir og annað, er virkjun varðar.

Í ráðherrabréfinu eru hins vegar eigi talin þau ákvæði V. kafla laga nr. 15/1923, sem leyfið er reist á, og eigi er þess getið í bréfinu, hvaða skilyrðum gagnáfrýjandi skuli fullnægja um greiðslu eða tryggingu fébóta fyrir töku vatnsréttinda, landsspjöll eða veiðispjöll, sem af virkjuninni leiða. Umboðsmaður gagnáfrýjanda hér fyrir dómi hefur eigi veitt skýr svör um það, hvaða ákvæðum V. kafla laga nr. 15/1923 gagnáfrýjandi beitir fyrir sig. Gagnáfrýjandi hefur hvorki gert ráðstafanir til, að metin verði vatnsréttindi til orkuvinnslu í Herrulæk fyrir landi aðaláfrýjanda Guðmundar né spjöll á landi og veiði aðaláfrýjenda af fyrirhugaðri virkjun. Hann hefur heldur eigi boðið fram tryggingu fyrir fébótum, sem honum kynni að verða gert að inna af hendi til aðaláfrýjenda. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að fella úr gildi lögbannsgerð þá, sem samkvæmt kröfu aðaláfrýjenda var lögð hinn 16. maí 1953 við rafvirkjun gagnáfrýjanda á Herrulæk. Ber því að staðfesta lögbannsgerðina.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað þykir rétt að staðfesta. Dæma ber gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjendum málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Framangreind lögbannsgerð staðfestist.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Gagnáfrýjandi, Jón Jónsson, greiði aðaláfrýjendum, Kristni Kristinssyni og Guðmundi Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagði aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 29. marz 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag að afloknum munnlegum málflutningi, hafði áður verið tekið upp til dóms hinn 9. janúar s.l., en var samkvvæmt beiðni aðilja málsins og með samþykki dómsins endurupptekið til frekari gagnaöflunar.

Málið er höfðað hér fyrir dómi af þeim Kristni Kristinssyni bónda, Gíslholti, og Guðmundi Guðmundssyni bónda, Kambi, báðum í Holtahreppi, gegn Jóni Jónssyni bónda, Herríðarhóli, Ásahreppi, með stefnu útgefinni 16. maí 1953 til staðfestingar lögbannsgerð, sem að kröfu stefnanda var lögð við fyrirhuguðum rafvirkjunarframkvæmdum af hálfu stefnda við Herrulæk. Auk staðfestingar lögbannsgerðarinnar krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi krefst þess, að lögbannsgerðin verði úr gildi felld og stefnendum gert að greiða stefnda málskostnað eftir mati dómsins.

Aðiljar hafa fengið gjafsóknar- og gjafvarnarleyfi og hafa gert kröfur um málskostnað úr hendi hins, svo sem málið væri hvorki gjafsóknar- né gjafvarnarmál.

Upphaf máls þessa er það, að stefndi hafði ákveðið að reisa rafstöð við svokallaðan Herrulæk, sem rennur úr Vestra-Gíslholtsvatni milli jarðanna Herríðarhóls og Kambs út í Þjórsá, og auk þess að virkja lækinn, hugðist stefndi framkvæma stíflugerð til vatnsmiðlunar við upptök lækjarins í Vestra-Gíslholtsvatni, ef með þyrfti. Hafði stefndi í þessu skyni hafið undirbúningsaðgerðir, stungið grasrót í sambandi við frárennsli, hreinsað lækjarbotninn og lagfært bakka lækjarins á nokkrum kafla. Stefndi hafði og fest kaup á vélum og ýmsu öðru nauðsynlegu efni í væntanlega rafstöð. Ætlun stefnda var sú, að ljúka rafvirkjunarframkvæmdum fyrir slátt sumarið 1953. En áður en

lengra kom, voru aðgerðir stefnda stöðvaðar samkvæmt kröfu stefnenda með lögbannsgerð í fógetarétti Rangárvallasýslu 16. maí 1953, sem haldinn var að Herríðarhóli.

Snemma í máli þessu reis ágreiningur með aðiljum um landamerki milli jarðanna Herríðarhóls og Kambs á þessum slóðum, sem Herrulækur rennur. Stefndi hélt því fram, að allur lækurinn væri í landi Herríðarhóls og að merkjagarður sá, sem hlaðinn var árið 1938 milli jarðanna þarna og sker lækinn sundur, sbr. dómsskjal nr. 4, væri eigi réttilega staðfærður samkvæmt fornu lagi og landamerkjaskrám. Hefðu því stefnendur engar eignarheimildir á vatnsorku Herrulækjar. Þegar svo var komið máli, þótti sýnt að hefjast þyrfti handa um úrlausn þessa merkjaágreinings og staðfestingarmálið látið hvíla, unz úrslit fengust um landamerkin. Merkjaágreiningurinn var tekinn til meðferðar í merkjadómi Rangárvallasýslu, sem kvað upp dóm í málinu 22. október 1954, þar sem ákveðið var, að merkjagarðurinn fylgdi réttilega merkjalínunni milli nefndra jarða. Þessum merkjadómi var síðan skotið til Hæstaréttar, sem staðfesti merkjadóminn. Hæstaréttardómurinn féll 12. október 1956. Samkvæmt úrslitum dómsins á stefnandi Guðmundur Guðmundsson að nokkru leyti land að Herrulæk og stefndi að hinu leyti. Stefnandi Kristinn Kristinsson á hins vegar eigi land að Herrulæk, heldur að Gíslholtsvatni.

Í staðfestingarmálinu byggja stefnendur málssókn sína á eftirfarandi atriðum: Stefnandi Guðmundur Guðmundsson telur sig eiga meira hluta vatnsorkunnar í Herrulæk. Þessari eign hans sé eigi unnt að svipta hann. Þá telja stefnendur, að rafvirkjunarframkvæmdir við Herrulæk muni hindra eðlilega og venjulega göngu silungs um lækinn upp í vatnið til stórtjóns fyrir stefnendur, sem kveðast hafa stundað veiði í Vestra-Gíslholtsvatni um langan tíma sér til mikilla hagsbóta. Loks muni vatnsborð Vestra-Gíslholtsvatns hækka svo, að til eyðileggingar horfi fiskstofninum, hrygningarstöðvar fisksins hverfi, auk þess muni graslendi við vatnið færast í kaf á stórum svæðum og landbrot hefjast. Það tjón, sem stefnendum yrði unnið með fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum stefnda, telja þeir sig engan veginn vilja eða verða að þola og leyfi það, sem ráðherra hefur veitt stefnda til framkvæmdanna, sé með öllu löglaust, eins og á stendur.

Stefndi telur rangt, að stefnandi Guðmundur Guðmundsson eigi meiri hluta vatnsorkunnar, mestur hluti Herrulækjar falli um land stefnda. En þó svo væri, að stefnandinn ætti alla vatnsork-

una, væri það á valdi ráðherra að leyfa öðrum aðilja virkjun, ef vissum skilyrðum er fullnægt. Þá telur stefndi, að fiskiganga um Herrulæk hafi engin verið, en aðeins um legusilung að ræða í Vestra-Gíslholtsvotni. Til stíflugerðar við vatnið eða í læknum þurfi alls ekki að koma, það fari eftir atvikum, þegar reynsla væri fengin fyrir vatnsrennsli og vatnsmagni. Þó að til slíkrar framkvæmdar kæmi, yrði eigi nema um óverulega hækkun vatnsborðs að ræða og ætti stefndi eigi minna í hættu, að því er veiði varðar, en stefnendur, þar eð stefndi ætti þar einnig veiðiréttindi. Eigi kveðst stefndi hafa ætlað að hefja fyrr framkvæmdir að marki við Herrulæk en fyrir lægi ráðherraleyfi til virkjunarinnar. Kvaðst sig hafa átt þess von, að það fengist viðstöðulítið. En þegar til hafi komið, hafi ráðherra eigi þótt rétt að ganga frá leyfinu fyrr en skorið hefði verið úr um merkjaágreininginn og þess vegna beðið dómsúrslita um það atriði. Nú hafi stefndi fengið leyfi ráðherra til virkjunar Herrulækjar. Þess vegna komi andmæli stefnenda eigi til álita fyrir dómi. Málsástæður þeirra heyri allar undir úrskurð framkvæmdarvaldsins og fari eftir mati samkvæmt vatnalögum. Hafi ráðherra farið með leyfisveitinguna að öllu leyti að lögum.

Eins og áður segir, liggur fyrir ráðherraleyfi stefnda til handa til þess að virkja Herrulæk til raforkunota og að öðru leyti til framkvæmda annarra nauðsynlegra mannvirkja í því efni. Það sýnist því í rauninni vera um það að tefla, hvort ráðherra hafi að lögum farið, er hann veitti stefnda leyfi þetta, og mun það atriði nánar athugað. Það er alkunna, að umráðaréttur landeigenda yfir vatni sínu er margvíslegum takmörkunum háður vegna almenningshagsmuna og einstaklings. Í þessu efni þykir löggjafanum það mikilsverðast, að vatnsnot komi að sem beztu gagni, almennu og einstaklegu, og leggur því oftlega ýmsar kvaðir á vatnseigendur, sem þannig verða að hlýta afnotum annarra af vatni því, sem um þeirra land rennur eða á þeirra landi liggur og annars háð eignarheimild þeirra. En þvílíkar takmarkanir á vatnsréttindum eru jafnan því aðeins gerðar, að því er varðar notkun vatnsorku, að ákvörðun framkvæmdarvaldsins hafi á undan gengið. Í vatnalögum nr. 15/1923 er framkvæmdarvaldinu fengin þessi heimild til takmörkunar á vatnsréttindum einstaklinga, og jafnvel getur ráðherra leyft einstaklingi að taka til virkjunar fallvatn, sem annar hefur öll umráð yfir. Þessa valds er því að vega og meta þau atriði, sem vatnalögin kveða á um, að til staðar skuli vera, svo að til takmörkunar á vatnsréttindum geti komið. Öll

þau atriði, sem stefnendur byggja málssókn sína á fyrst og fremst, væntanleg notkun vatnsorku, sem að nokkru leyti er undirorpin eignarréttindum annars stefnanda, nauðsynleg stíflun lækjarins að einhverju eða öllu leyti og loks vatnsmiðlunarframkvæmdir, ef til þeirra kynni að koma, virðast heyra beint undir framkvæmdarvaldið og vera háð úrskurðarvaldi þess. Að sjálfsögðu gera vatnalögin ráð fyrir því, að öðrum, t. d. vatnsréttarhöfum, sé búið tjón af ýmsum þeim aðgerðum, sem framkvæmdarvaldið þannig kann að veita leyfi til, og að til margs konar ágreinings kunni að koma. Slíkum ágreiningi ákveða vatnalögin, að úr skuli skorið með matsgerð og nánari reglur þar settar um form hennar og efni.

Það ráðherraleyfi, sem hér hefur verið rætt, sýnist engan veginn fara utan þeirra lagaákvæða, sem málsefnið heyrir undir, enda munu þvílíkar leyfisveitingar af hálfu framkvæmdarvaldsins eigi ótíðar.

Þegar af því, sem hér hefur verið rakið, og með hliðsjón af því, að stefnandi Guðmundur Guðmundsson hefur ekki á neinu stigi máls óskað þess né látið vilja sinn í ljós um það að virkja sjálfur Herrulæk eða taka þátt í virkjun hans, þykir verða að sýkna stefnda af kröfum stefnenda og fella lögbannsgerðina úr gildi. Málskostnaður falli eftir atvikum niður, en málssóknarlaun til skipaðs talsmanns stefnenda, Ólafs Þorgrímssonar hrl., og málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns stefnda, Kristins Gunnarssonar hrl., kr. 2500.00 til hvors, skulu greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Jónsson, skal sýkn af kröfum stefnenda, Kristins Kristinssonar og Guðmundar Guðmundssonar.

Lögbann það, sem fram fór í fógetarétti Rangárvallasýslu 16. maí 1953, skal úr gildi fellt.

Málskostnaður falli niður, en málssóknarlaun til skipaðs talsmanns stefnenda, Ólafs Þorgrímssonar hrl., og málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns stefnda, Kristins Gunnarssonar hrl., kr. 2.500.00 til hvors, skulu greiðast úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 25. febrúar 1958.

Nr. 214/1957. **Brandur Brynjólfsson**
gegn
Árnason, Pálsson & Co. h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefst hann staðfestingar fjárnámsgerðarinnar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir dóm í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu dómsathöfn, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Stefndi hafði áfrýjað fjárnámsgerðinni af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hina áfrýjuðu dómsathöfn undir Hæstarétt. Þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist.

Stefndi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, greiði áfrýjanda, Brandi Brynjólfssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð í fógetarétti Reykjavíkur 19. júní 1957.

Málið var síðast fyrir rétti 8. marz, en er nú endurupptekið.

Gerðarbeiðandi er mættur, en fyrir gerðarþola mætir Guðmundur H. Þórðarson, starfsmaður gerðarþola.

Mættur fyrir gerðarþola kveðst ekki geta greitt skuldina. Hann bendir á til fjárnáms 15 sett drengjaföt og kveður hann heildsöluverð þeirra vera kr. 750.00 pr. sett, og svo 12000 stk. gyllta leðurhnappa og 4 trésmíðavélar fyrir skóla og 200 kökuskera á kr. 15.00 stk. Þessir munir eru á lager á Baldursgötu 24.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í ofangreindum munum og skýrði þýðingu þess fyrir mættum fyrir gerðarþola.

Þriðjudaginn 25. febrúar 1958.

Nr. 52/1957. **Skipaútgerð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hrl.)
gegn
Jóni B. Guðlaugssyni og gagnsök
(Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. marz 1957. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 30. marz 1957. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 31.470.00 ásamt 6% árs-

vöxtum frá 16. desember 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Jóni B. Guðlaugssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagði aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 5. marz 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 1. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Jóni Björgúlfi Guðlaugssyni með stefnu, útgefinni 20. apríl 1956, birtri 24. s. m., á hendur Guðjóni Teitssyni forstjóra, Hofsvallagötu 55 í Reykjavík, f. h. Skipaútgerðar ríkisins, til greiðslu skaðabóta og alls kostnaðar vegna slyss, er hann varð fyrir í Vestmannaeyjum hinn 16. desember 1956, er hann féll út af landgangi v.s. Heklu og handleggsbrotnaði.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 31.470.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 16. desember 1955 til greiðsludags og allan málskostnað að skaðlausu, er nemur kr. 4.826.76 samkvæmt framlögðum reikningi. Jafnframt gerði stefnandi áskilnað um frekari bótakröfur, ef svo kynni að fara, að um varanlega örorku yrði að ræða vegna slyssins.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarhröfur, að hún yrði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að föstudaginn 16. desember 1955 hafi v.s. Hekla verið á austurleið og komið við í Vestmannaeyjum. Hafi hún lagzt við norðurenda Básaskersbryggju um áttaleytið að morgni. Kvaðst stefnandi hafa farið um borð og haft smávörur, rafmagnslampa o. fl. meðferðis, er hann ætlaði að koma austur á Vopnafjörð. Þekkti hann þjón-

inn, Hermann Vigfússon, og náði tali af honum og beiddi hann fyrir vörurnar. Tók hann við þeim og lofaði að koma þeim til skila. Eftir 5—10 mínútna viðdvöl fór hann í land og var klukkan þá um hálfníu. Landgangur, án handriða, lá frá skipinu upp á bryggjuna. Nokkur ókyrrð var í sjó og valt skipið við bryggjuna. Er hann fór um borð, varð hann þess ekki var, að nein óeðlileg hreyfing væri á landganginum. En er hann fór í land og var kominn út á landganginn, fór hann að hreyfast vegna veltu á skipinu. Hraðaði stefnandi þá för sinni, en landgangurinn reistist upp á rönd, og féll stefnandi fram yfir sig út af landganginum og lenti á bryggjunni alveg við bryggjuhausinn, innan við kantinn, sem þar er. Bar hann hendurnar fyrir sig í fallinu, en þó aðallega vinstri höndina, og lenti þungi hans á þeirri hendi. Stefnandi reis strax á fætur og fann nokkuð til í vinstri hendinni og ákvað að leita strax læknis. Fór hann til Einars Guttormssonar sjúkrahúslæknis, er athugaði meiðsli hans. Reyndist vinstri handleggurinn brotinn um úlnliðinn (fractura collesi sin.). Var stefnandi síðan undir læknishendi um skeið. Hendin var í gibsi í 6 vikur og síðan var hann um hálfan mánuð í nuddi. Hann var ráðinn hjá Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum, en var frá vinnu rúma þrjá mánuði vegna slyssins. Að læknisráði kveðst hann ekki hafa byrjað vinnu fyrr en 25. marz 1956. Var hann þá ekki enn búinn að ná sér, en þoldi létta vinnu.

Stefnandi telur, að skortur á gæzlu og óviðunandi útbúnaður frá skipsins hálfu hafi valdið slysinu. Skipið hafi verið lélega fest, þrátt fyrir ókyrrð í sjó, og hreyfzt við bryggjuna og engin gæzla hafi verið við landganginn. Svo hafi landgangurinn einnig verið handriðalaus. Af þessum sökum telur stefnandi, að stefndi beri ábyrgð á slysinu og beri að greiða honum skaðabætur.

Stefndi neitar því algerlega, að hún beri ábyrgð á slysinu. Í fyrsta lagi dregur hún í efa, að slysið hafi átt sér stað, er stefnandi var á leið frá borði, heldur muni hann hafa runnið á hálli bryggjunni, eftir að í land var komið. Svo telur hún, að stefnandi hafi farið um borð í ólöglegum erindum og eigi þar af leiðandi að bera sjálfur það tjón, er hann kann að hafa orðið fyrir í þeirri ferð sinni. Að lokum telur hún, að ekkert hafi skort á tilhlýðilega gæzlu né útbúnað frá skipsins hálfu og geti því ekki verið um neina sök að ræða, er leiði til skaðabótaábyrgðar hennar.

Sigurður Markússon, fyrsti stýrimaður á v.s. Heklu, gaf skýrslu

í málinu og var síðan leiddur sem vitni. Hann skýrði svo frá, að v.s. Hekla hafi að morgni þess 16. desember 1955 komið til Vestmannaeyja og kl. 0820 hafi hafnsögumaður verið tekinn um borð undir Eiðinu. Veður hafi þá verið SA 3—4 og mikill sjór. Kl. 0835 hafi skipið lagzt við landfestar við Básaskersbryggju. Vegna súgs við bryggjuna kvað hann landfestar hafa verið hafðar slakar, eins og venja væri, er þannig stæði á. Landgangur hafi verið settur upp og hafi engin handrið verið á honum. Vegna þess, hve mikill súgur var við bryggjuna, kveðst hann hafa tekið sér stöðu við landganginn skips megin, til þess að aðvara þá, er um landganginn fóru, og var þar, þangað til landgangurinn var tekinn.

Um kl. 0900 kvað hann mann hafa farið í land, er féll áfram niður á bryggjuna, eftir að hafa gengið slysalaust eftir landganginum. Kvaðst hann viss um, að maður þessi var stefnandi máls þessa. Hafi hann þá farið upp á bryggjuna og spurt stefnanda, hvort hann hefði meitt sig. Hafi stefnandi sagt, að hann hefði ekki meitt sig neitt, enda hafi hann strax staðið upp. Stefnandi hafi svo farið leiðar sinnar, og áttu þeir ekki önnur orðaskipti saman. Kvaðst hann hafa talið, að stefnandi hafi fallið á hálku á bryggjunni, enda hafi bryggjan verið slorug.

Þegar þetta gerðist, kvað hann afgreiðslu skipsins hafa verið lokið. Hafi hann þess vegna látið taka landganginn strax eftir að hann kom um borð aftur. Kl. 0905 voru svo landfestar leystar og haldið burt.

Stýrimaðurinn sagði, að á meðan skipið lá við bryggjuna, hafi landgöngubrúin kræktz af öðrum megin oftar en einu sinni og hafi þetta verið lagfært af mönnum á bryggjunni. Fullyrti hann, að aldrei hefði neinn maður verið staddur í landganginum, þegar hann losnaði, enda kvaðst hann hafa brýnt fyrir öllum, er um landganginn fóru, að gæta bæri varúðar vegna súgs við bryggjuna. Hann kvaðst álíta, að varhugavert hefði verið að hafa handrið á landganginum við þessar aðstæður. Benti hann á, að við hreyfingar skipsins frá bryggjunni og samtímis fram með henni væri nauðsynlegt, að þeir, sem á landganginum stæðu, ættu þess kost að komast fyrirvaralaust út af landganginum til hliðanna, annað hvort upp í skipið eða niður á bryggjuna. Í slíkum tilfellum myndu handrið vera til trafala.

Stefnandi gerði margar athugasemdir við framburð þennan. Hann kvaðst álíta, að handrið á landganginn myndi hafa forðað slysinu. Það væri alrangt, að hann hefði fallið vegna hálku á

bryggjunni og fjarri lagi væri sú fullyrðing, að bryggjan hefði verið slorug, því að engar fisklandanir voru á þessum tíma. Ekki kvaðst hann hafa orðið var við neinn gæzlumann, og enginn hafi vakið athygli sína á, að gæta þyrfti varúðar við umferð eftir landganginum. Svo væri það ekki rétt, að stýrimaðurinn hefði komið niður á bryggjuna til hans eftir slysið og átt við hann orðaskipti. Minntist hann þess ekki, að neinn hefði ávarpað hann á bryggjunni eftir slysið.

Þrjú vitni voru leidd, sem gátu gefið upplýsingar varðandi aðstæður og tildrög slyssins, þeir Sigurgeir Jónasson bryggjuvörður, Hilmar Rósmundsson, aðstoðarmaður á hafnsögubátnum á þeim tíma, og Matthías Ástþórsson skrifstofumaður. Öll vitnin voru sammála um, að ekki hafi verið slor á bryggjunni, er atburður þessi gerðist, og um hálku á bryggjunni hafi ekki verið að ræða. Ekkert vitnanna varð þess vart, að nokkur vörður væri við landganginn, meðan skipið stóð við í Vestmannaeyjum, og hafði þó eitt vitnið, Matthías Ástþórsson, farið tvisvar um borð í skipið, en hin vitnin voru á bryggjunni við landganginn eða í nánd við hann. Öll vitnin voru sammála um, að talsvert sog hafi verið í höfninni og skipið hafi verið á hreyfingu við bryggjuna.

Vitnið Sigurgeir Jónasson lýsti festingum skipsins, enda hafði það gengið frá þeim uppi á bryggjunni. Sagði það, að skipið hefði verið bundið með 4 festitaugum, tveim að framan og tveim að aftan. Svo hafi einnig verið „springur" að aftan (afturtaug), en hann var slakur, og varð það til þess, að skipið náði að hreyfast fram og aftur („svansa") við bryggjuna. Landgangur, án handriða, hafi legið frá skipinu og var hann festur með tveim hökum eða krókum í borðstokkinn. Í tvö skipti, er vitnið var nær statt, fór annað hakið út fyrir borðstokkinn, og lyftist þá landgangurinn upp á rönd. Í bæði skiptin hafi Hilmar Rósmundsson rétt landganginn við og fest hökunum að nýju í borðstokkinn. Eftir að Hilmar hafði rétt landganginn við í síðara skiptið, kvaðst vitnið hafa litið af skipinu og farið að tala við mann á bryggjunni. Alveg rétt á eftir heyrði vitnið, að einhver sagði, að maður hefði dottið. Leit vitnið þá aftur til skipsins, og lá þá stefnandi á bryggjunni, austan megin við landganginn, og var að standa upp. Vitnið hafði ekki séð, þegar hann datt. Gekk vitnið þá að landganginum og sá, að hann hékk á öðru hakinu. Vitnið og Hilmar Rósmundsson réttu svo landganginn við og festu hann að nýju. Stýrimaður skipsins stóð þá á þilfarinu, aftanvert við

landganginn, á að gizka 3—4 metra frá honum, og kvaðst vitnið hafa spurt hann, hvort hann vildi ekki taka slakann af „springnum". Stýrimaðurinn hafi svarað því til, að ekki tæki því, þar sem skipið væri að fara. Kvaðst vitnið þá hafa sagt, að betra væri að hafa engan landgang, fyrst skipið væri ekki bundið betur en þetta. Hafi þá stýrimaðurinn svarað, að hægt væri að taka niður landganginn og leggja hann á bryggjuna. Að því er vitninu minnti, hjálpuðust þeir Hilmar síðan að við að taka niður landganginn, og upp úr þessu hafi skipið farið.

Vitnið Hilmar Rósmundsson var á bryggjunni eftir að v.s. Hekla kom og var viðstatt, er slysið vildi til. Kvað það v.s. Heklu hafa legið við norðurenda Básaskersbryggju og hafi hún verið laust bundin. Minntist vitnið þess sérstaklega, að aftur-„springurinn" var slakur og náði undir sjó, en ekki kvaðst það muna, hvernig festingar voru að öðru leyti. Það kvað landgang án handriða hafa legið frá borðstokk skipsins, bakborðsmegin á efra þilfari, niður á bryggjuna, og voru hakar í enda hans kræktir í borðstokkinn. Lítill halli hafi verið á landganginum, og þegar skipið hreyfðist fram með bryggjunni, rakst landgangurinn í gúmmíhringi, sem lágu á bryggjunni, og lyftust þá hökin upp. Í tvö skipti hafi annað hakið farið út fyrir borðstokkinn, og reistist þá landgangurinn upp á rönd og dinglaði laus. Í bæði skiptin rétti vitnið landganginn við og og festi hökin að nýju. Rétt eftir að vitnið hafði lagfært landganginn í síðara skiptið, sá það stefnanda koma frá skipinu og ganga út á landganginn. Skipti þá svo að segja engum togum, að stefnandi datt út af landganginum vinstra megin og féll niður á bryggjuna, en bar hendur fyrir sig í fallinu. Stóð hann strax upp og greip um vinstri hendina. Vitnið stóð rétt hjá honum, en átti ekki tal við hann, enda hélt það, að meiðsli hans væru ekki alvarleg. Síðan hafi stefnandi farið burtu. Taldi vitnið, að slysið hefði atvikazt þannig, að um leið og stefnandi gekk út á landganginn hafi skipið verið á hreyfingu og landgangurinn rekizt í gúmmíhringina, sem áður getur, og losnað á sama hátt og áður og hangið á öðru hakinu. Úr því hafi að sjálfsögðu ekki verið unnt að fóta sig á landganginum. Að því er vitnið minnti, lagaði það landganginn eftir slysið með aðstoð Sigurgeirs Jónassonar. Einn stýrimaður skipsins stóð þá uppi í skipinu, nálægt landganginum, og minntist vitnið þess, að Sigurgeir ávarpaði hann um þetta leyti, og sagði við hann, að betra væri að strengja „springinn" eða hvort hann vildi ekki taka slakann af „spring-

inum" eða eitthvað á þá leið. Hafi stýrimaðurinn svarað, að ekki tæki því, þar sem skipið væri að fara, en betur skyldi gengið frá skipinu, er það kæmi næst.

Vitnin Sigurgeir Jónasson og Hilmar Rósmundsson kváðu hallann á landganginum ekki hafa verið mikinn í umrætt sinn. Gerði Sigurgeir ráð fyrir, að hæð landgangsins frá bryggju við skipshlið hafi verið um 50—80 cm., en hæðin breytileg vegna ókyrrðar í sjó. Hilmar sagði, að landgangurinn hefði náð sér í mitt læri, er hann stóð á bryggjuendanum, og svarar það til þess, að hæðin hafi verið um 85 cm. Undir rekstri málsins var hæð landgangsins og halli hans ákveðinn af dómkvöddum matsmönnum. Reiknuðu þeir út flóðhæð á þessum tíma og öfluðu sér upplýsinga um hæð bryggjunnar, djúpristu skipsins og lengd landgangsins. Er miðað var við þann stað á skipinu, er endi landgangsins hvíldi á skipsmegin, var hæð þess staðar frá bryggju 1,1 m. kl. 0835 eða þegar skipið lagðist við landfestar og 0.9 m. kl. 0900 eða 5 mínútum áður en skipið lagði af stað. Vegna súgs í höfninni hlaut hæð frá bryggju að vera breytileg, og áætluðu þeir breytinguna 0,3 metra til hækkunar og lækkunar. Niðurstaðan var því sú, að kl. 0835 var hæð frá bryggju 0.8—1.4 m og horn landgangsins 14.5°—26° og kl. 0900 var hæð frá bryggju 0.6 m.—1.2 m. og horn landgangsins 10.8°—22°.

Upplýst er með vottorði Veðurstofunnar, að á Stórhöfða í Vestmannaeyjum kl. 0800 umræddan dag var vindátt og veðurhæð E7 og kl. 1100 NE2 og allmikill sjór.

Með framburði Hilmars Rósmundssonar ásamt vitnisburði Sigurgeirs Jónassonar má telja sannað, þrátt fyrir gagnstæðar staðhæfingar stefnda, að slysið hafi borið til með þeim hætti, að landgangurinn hafi lyfzt upp og reiststst á rönd, er stefnandi var á leið í land, og að stefnandi hafi af þessum sökum fallið út af landganginum og niður á bryggjuna og hlotið við það þau meiðsli, sem mál þetta er risið af.

Stefndi hefur, eins og áður er getið, meðal annars fært þau rök fyrir sýknukröfu sinni, að stefnandi hafi farið um borð í ólöglegum erindum, en erindi hans var, eins og fyrr segir, að biðja einn skipverjann að koma til skila nokkrum smávörum. Þjónninn, sem tók að sér að flytja varninginn fyrir stefnanda, var leiddur sem vitni og staðfesti að öllu leyti frásögn stefnanda um skipti þeirra eða um það, sem þeim fór á milli. Tók hann jafnframt fram, að sér væri kunnugt um, að skipverjum væri óheimilt að taka vörur til flutnings, en þetta væri einstaka sinnum

gert, ef um smávarning væri að ræða og sér vitanlega hefði aldrei verið að því fundið af hálfu stefnda, og hefði hann þó starfað á skipinu á annan áratug. Með hliðsjón af þessu og þar sem almenningi var heimill aðgangur að skipinu, verður ekki unnt að taka þessa varnarástæðu til greina, hvorki til algerrar sýknu né til skiptingar sakar.

Aðiljar eru sammála um, að skipið var laust bundið og landgangurinn án handriða. Virðist ljóst, að aldrei hefði til slyssins komið, eins og því er lýst hér að framan, ef skipið hefði verið tryggilegar bundið og handrið höfð á landganginum. Þá lítur rétturinn svo á, að við þessar aðstæður hafi verið skylt að hafa stöðuga gæzlu við landganginn, en af framburðum þeirra Hilmars Rósmundssonar, Sigurgeirs Jónassonar og Matthíasar Ástþórssonar má telja sannað, að vörður var ekki að jafnaði við landganginn, meðan skipið lá við bryggjuna, og óumdeilt er, að enginn benti stefnanda á, að gæta þyrfti varúðar við umferð um landganginn. Samkvæmt þessu verður að telja, að skipverjar hafi látið undir höfuð leggjast að viðhafa tilhlýðilegar öryggisráðstafanir og átt þar með sök á slysinu. Leiðir það til þess, að stefndi ber fébótaábyrgð á slysinu.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar á þessa leið:

1.	Bætur fyrir atvinnutjón	kr.	21.400.00
2.	Miska- og þjáningabætur	—	10.000.00
3.	Myndataka	—	70.00
	Samtals	kr.	31.470.00

Um 1. Bætur fyrir atvinnutjón, kr. 21.400.00.

Krafa þessi er miðuð við tímabilið 16. desember til 25. marz 1956, en þann tíma var stefnandi frá vinnu vegna slyssins. Kveðst hann hafa verið ráðinn hjá Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum, en þar hefði hann unnið undanfarnar 12 vertíðir. Kröfuupphæðin er miðuð við þær tekjur, er hann telur sig munu hafa fengið, ef hann hefði getað stundað vinnuna á umræddu tímabili. Prókúruhafi verksmiðjunnar, Matthías Ástþórsson, mætti sem vitni og staðfesti, að rétt væri, að stefnandi hefði verið ráðinn hjá verksmiðjunni frá desember 1955 til vertíðarloka, og virtist eiga að skilja framburð hans þannig, að stefnandi hafi átt kost á vinnunni frá slysdegi til vertíðarloka. Jafnframt upplýsti hann, að meðallaun verkamanna við verksmiðjuna í desember 1955

hafi numið kr. 5700.00 og í janúar, febrúar og marz 1956 hafi meðaltekjur numið um kr. 6200.00 á mánuði. Ekki virðist ástæða til að véfengja frásögn stefnanda, að hann hafi að læknisráði ekki hafið vinnuna fyrr en 25. marz 1956. Læknisumsögn liggur raunar ekki fyrir um þetta atriði, en framlögð læknisvottorð sýna, að meiðsli stefnanda greru seint og hann var lengi að ná sér. Þykir því rétt að ganga út frá, að hann hafi misst af vinnu vegna slyssins frá 16. desember 1955 til 25. marz 1956. Með tilliti til þessa og ofangreindra upplýsinga þykir atvinnutjón stefnanda á þessu tímabili hæfilega áætlað kr. 20.000.00, og verður stefnda dæmt að greiða þá upphæð.

Um 2. Miska- og þjáningabætur, kr. 10.000.00.

Samkvæmt læknisvottorði, dagsettu 18. desember 1956, var stefnandi ekki enn búinn að ná sér að fullu. Var þá enn nokkur þroti í úlnliðnum, hreyfingar minni en vera áttu og verkir og þreyta koma í liðinn við allra meiri háttar áreynslu. Gigt hafði einnig setzt að úlnliðnum. Með tilliti til þessa upplýsinga og annars, sem hér að framan er sagt um meiðslið, þykir hæfilegt að ákveða bætur til handa stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 5000.00.

Um 3. Myndataka, kr. 70.00.

Til sönnunar þessum lið hefur stefnandi lagt fram reikning frá Sjúkrahúsi Vestmannaeyja fyrir röntgenmyndun, að fjárhæð kr. 70.00. Þykir bera að taka kröfulið þennan til greina, enda er honum ekki sérstaklega andmælt af hálfu stefnda.

Með tilvísun til ofanritaðs verður stefnda dæmt að greiða stefnanda kr. 20.000.00 + 5000.00 + kr. 70.00 eða alls kr. 25.070.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. desember 1955 til greiðsludags.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 3.500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnandanum, Jóni Björgúlfi Guðlaugssyni, kr. 25.070.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 16. desember 1955 til greiðsludags og kr. 3.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. febrúar 1958.

Nr. 20/1958. **Þórkell Björgvinsson**
gegn
Trésmiðjunni h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun máls frá héraðsdómi. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. f. m., er barst dóminum hinn 8. þ. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þórkell Björgvinsson, greiði varnaraðilja, Trésmiðjunni h/f, kærumálskostnað, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 10. þ. m., hefur Einar Gunnar Einarsson hdl., hér í bæ, vegna Þórkels Björgvinssonar, Selfossi, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. apríl 1957, gegn Trésmiðjunni h/f, hér í bæ.

Eru tildrög málsins þau, að hinn 8. nóvember 1948 hóf stefnandinn Þórkell nám í húsgagnasmíði hjá stefnda. Var gerður skriflegur námssamningur, svo sem mælt er fyrir í lögum. Var samningur þessi undirritaður af stefnanda og Guðmundi Páls-

syni f. h. stefnda 8. nóvember 1948, samþykktur af iðnfulltrúum 10. október 1949, en staðfestur af lögreglustjóra 1. nóvember s. á. Samkvæmt námssamningnum skyldi námstími stefnanda vera á enda 8. nóvember 1952, en þar eð hann hafði lokið iðnskólanámi að mestu vorið 1948, styttist verklega námið um 4 mánuði og mun því hafa verið lokið 8. júlí 1952. Stefnandi telur, að kennsla sú, er hann naut í hinu verklega námi, hafi verið alls ófullnægjandi og að námstímanum loknum hafi hann af þeim sökum ekki verið fær um að ganga undir próf í iðninni. Af þessu tilefni höfðaði stefnandi mál hér í bæjarþinginu á öndverðu ári 1955 gegn stefnda til heimtu skaðabóta o. fl. Í því máli krafðist stefndi aðallega frávísunar og byggði þá kröfu á 7. gr. námssamningsins, er hann taldi mæla fyrir um það, að gerðardómur skuli fjalla um ágreiningsefni það, sem um var deilt í málinu. Á þetta sjónarmið stefnda var fallizt og með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 14. maí 1955, var málinu vísað frá dómi. Þykir rétt að greina hér frá forsendum þeirrar niðurstöðu, en þær eru á þessa leið:

„Í 7. gr. námssamningsins segir, að „geti nemandinn ekki að afloknu námi staðizt próf og ekki fengið sveinsbréf, er votti, að hann sé orðinn fær í sinni grein, og orsökin til þess er sú, að lærimeistarinn hefur ekki látið sér fyllilega annt um kennslu hans, er lærimeistarinn skyldur til að greiða nemandanum skaðabætur eftir mati gerðardóms þess, er fyrirskipaður er í 19. gr. laganna um iðnaðarnám". Gildandi lög um iðnaðarnám eru nr. 46/1949 og öðluðust gildi hinn 1. janúar 1950. Samkvæmt 32. gr. þeirra taka þau einungis til námssamninga, sem gerðir eru eftir gildistöku þeirra, en námssamningar, sem gerðir hafa verið fyrir þann tíma, lúta eldri lögunum, sbr. 31. gr. Eins og fyrr segir, var samningur aðilja gerður 8. nóvember 1948 og lýtur því samkvæmt framansögðu ákvæðum eldri laganna, sem eru frá 1938, en í 19. gr. þeirra er ákvæði um gerðardóm, er fjalla skal um ágreining milli nemanda og lærimeistara eins og þann, er um ræðir í þessu máli, nema málsaðiljar komi sér saman um annað. Engar sönnur hafa verið leiddar að því af stefnanda hálfu, að slíkt samkomulag hafi orðið með aðiljum máls þessa. Ber því að taka kröfu stefnda um frávísun til greina."

Stefnandi undi ekki dómi þessum og skaut ágreiningsefninu til gerðardóms í iðnaðarmálum, er síðan fjallaði um málið. Bar stefnandi fyrir gerðardómum sömu kröfur og í fyrrgreindu bæjarþingsmáli. Þau urðu úrslit málsins fyrir gerðardóminum, að

kröfu stefnanda um skaðabætur vegna vanrækslu á kennslu, samtals að fjárhæð kr. 68.735.96, var að öllu hrundið af meiri hluta gerðardómsmanna, þar eð sönnur þóttu bresta fyrir því, að stefnandi hefði ekki öðlazt nægilega hæfni til að ljúka sveinsprófi að námstímanum loknum, miðað við þær prófkröfur, er þá voru gerðar. Á hinn bóginn voru aðrir liðir í kröfu stefnanda fyrir gerðardóminum, samtals að fjárhæð kr. 7.388.22, teknir til greina ásamt vöxtum, enda voru þeir ekki véfengdir. Var ályktunarorð meirihluta gerðardómsins svofellt:

„Lærimeistari, Guðmundur Pálsson, f. h.. Trésmiðjunnar h.f. greiði stefnanda, Þórkeli Björgvinssyni, nemanda, kr. 7.388.22 með 6% ársvöxtum frá 23/10 1954 til greiðsludags.

Nemandi, Þorkell Björgvinsson, greiði stefnda, Guðmundi Pálssyni, f. h. Trésmiðjunnar h.f., kr. 5.000.00 upp í málskostnað. Þóknun meðdómsmanna ákveðst kr. 2.500.00 til hvors."

Stefnandi vill ekki una málalokum þessum og hefur því höfðað mál þetta til áfrýjunar gerðardómnum. Krefst hann þess, að allar kröfur hans fyrir gerðardómi verði teknar til greina, þ. e. að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 76.124.18 ásamt 7% ársvöxtum frá 20. október 1954 til greiðsludags, málskostnað og þóknun til gerðardómsmanna. Þá krefst hann ennfremur málskostnaðar fyrir bæjarþinginu eftir mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en áskilið sér jafnframt rétt til að taka til varna um efnishlið málsins, verði ekki á þá kröfu fallizt. Frávísunarkröfuna reisir hann á því, að samningur aðiljanna lúti ákvæðum laga nr. 100/1938, en ekki núgildandi laga um iðnfræðslu. Samkvæmt 19. gr. eldri laganna sé úrskurður gerðardóms um ágreiningsefni nemanda og lærimeistara, slíkt sem hér ræðir um, bindandi fyrir báða aðilja og sé því ekki hægt að áfrýja slíkum úrskurði til dómstóla.

Stefnandi krefst þess aðallega í þessum þætti málsins, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefnanda dæmdur málskostnaður eftir mati dómarans, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður. Reisir hann aðalkröfuna á því, að ákvæði 19. gr. laga nr. 100/1938 girði ekki fyrir, að úrskurði gerðardómsins verði skotið til dómstóla, verði talið, að námssamningurinn lúti ákvæðum þeirra laga.

Í fyrrgreindum frávísunardómi er það rakið, að samningur aðiljanna lúti ákvæðum laga nr. 100/1938, en ekki laga nr. 46/1949, sbr. 32. gr. þeirra. Ber að leggja þá niðurstöðu til

grundvallar hér. Í 7. gr. samningsins segir, eins og áður er rakið, að sé um slíkar vanefndir á námsamningnum af hálfu meistara að tefla, sem stefnandi ber fyrir sig, sé „lærimeistarinn skyldur til að greiða nemandanum skaðabætur eftir mati gerðardóms þess, er fyrirskipaður er í 19. gr. laganna um iðnaðarnám". Í þeirri lagagrein eru ákvæði um gerðardóm þenna og málsmeðferð fyrir honum. Í niðurlagi 2. mgr. greinarinnar segir, að báðir málsaðiljar séu við úrskurð gerðardómsins bundnir. Með hliðsjón af nefndu ákvæði námssamningsins og niðurlagsákvæði 2. mgr. 19. gr. laga nr. 100/1938 þykir bera að fallast á kröfu stefnda um frávísun málsins. Er og lögmæti málsmeðferðar af hendi gerðardómsins ekki véfengt.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.000.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Einar Gunnar Einarsson vegna Þórkels Björgvinssonar, greiði stefnda, Trésmiðjunni h/f, kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. febrúar 1958.

Nr. 180/1957. **Ársæll Sveinsson** (Guttormur Erlendsson hrl.)
gegn
Baldri Ólafssyni (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Mál til heimtu á aflahlut sjómanns. Skýring á ákvæði kjarasamnings.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Þorsteinn Jónsson og Matthías Finnbogason hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. nóvember 1957, að fengnu áfrýjunarbréfi 28. október s. á. Hann gerir þær dómkröfur, að fjárháð sú, sem dæmd var í héraði verði lækkuð, aðallega í kr. 130.06, til vara í kr. 576.39 og til þrautavara í kr. 4355.11, í öllum tilvikum án vaxta, og svo, að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eigi er í ljós leitt, að krafa stefnda hafi að neinu leyti verið gjaldkræf hinn 30. október 1952. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, greiði stefnda, Baldri Ólafssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 8. júlí 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 27. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Baldri Ólafssyni, Bjólu-hjáleigu, Holtum, Rangárvallasýslu, með stefnu, útgefinni 29. október 1956, birtri 30. s. m., á hendur Ársæli Sveinssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til heimtu á eftirstöðvum aflahlutar vegna gjaldeyrisfríðinda frá vetrarvertíðunum 1952 og 1953, er stefnandi var háseti á mótorbát stefnda, Ísleifi, VE 63.

Fyrir réttinum gerði stefnandi í upphafi þær réttarkröfur, að stefnda yrði dæmt að greiða kr. 6.030.17, en síðan lækkaði hann þá fjárhæð niður í kr. 5.694.24. Auk þess krafðist hann 6% ársvaxta af kr. 2.670.92 frá 1. janúar 1953 til 1. janúar 1954 og af kr. 5.694.24 frá þeim degi til greiðsludags. Svo krafðist hann og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndi mætti í málinu og í lok málsins voru réttarkröfur hans á þá leið aðallega, að hann yrði aðeins dæmdur til að

greiða kr. 130.06 og án vaxta, en til vara, að stefnukrafan yrði lækkuð niður í kr. 576.39, og til þrautavara, að stefnukrafan yrði lækkuð niður í kr. 4.355.11. Hvernig sem málið færi, krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Stefnandi var háseti á nefndum bát á vetrarvertíðunum 1952 og 1953. Aðiljar eru sammála um, að kaup og kjör stefnanda skyldu fara eftir kjarasamningi milli Útvegsbændafélags Vestmannaeyja annars vegar og Sjómannafélagsins Jötuns hins vegar, gerðum 9. febrúar 1951. Báturinn var gerður út á línu- og netaveiðar, en í 1. gr. kjarasamningsins segir, að á línu- og netabátum skuli vera þriðjungaskipti, þannig að skipshöfn fái þriðjung afla skipsins, er skiptist jafnt milli skipverja eftir fjölda þeirra. Alla aukahluti skyldi útgerðin greiða.

Samkvæmt upplýsingum blaðsins Ægis nam afli bátsins á vetrarvertíðinni 1952 453.498 kg og 451.028 kg á vetrarvertíðinni 1953. Meginið af aflanum verkaði stefndi sjálfur á söltunarstöð sinni og seldi hann síðan verkaðan. Lítill hluti aflans var lagður nýr inn í Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum. Stefnandi fékk aflahluta sinn greiddan með því verði, sem L.Í.Ú. hafði ákveðið, að greitt skyldi fyrir fiskinn á þeim tíma. Sama fiskverð lögðu aðrir útgerðarmenn í Vestmannaeyjum til grundvallar, er þeir greiddu út aflahluti skipshafna sinna, en síðar, að undangengnum dómum, greidddu þeir uppbætur á aflahluti vegna gjaldeyrisfríðinda. Stefnandi fór fram á, að stefndi greiddi honum einnig uppbætur vegna gjaldeyrisfríðinda, en þeim tilmælum var synjað. Höfðaði stefnandi mál þetta og gerði þær kröfur, sem fyrr greinir. Áætlar hann, að 45% af andvirði gjaldeyrisfríðindanna, er koma eigi til skipta, nemi kr. 0,16 pr. kg af aflanum 1952, en kr. 0,18 pr. kg af aflanum 1953. Hafði hann þá áður dregið frá 5 aura pr. kg, sem voru innifaldir í fiskverðinu, sem stefndi greiddi. Miðað við þetta verð, ofangreindan afla og áðurgreind samningskjör, nemur inneign stefnanda hinni umstefndu fjárhæð.

Stefndi kveðst hafa keypt hlut stefnanda á föstu verði, er stefnandi hafi samþykkt. Andvirðið hafi verið greitt að fullu að lokinni vertíð. Þó viðurkennir hann, að stefnandi hafi átt rétt á að fá hlut úr 45% andvirði innflutningsréttinda bátaútvegsins af aflanum, sem lagður var inn til Vinnslustöðvarinnar. Hefur hann jafnframt upplýst, að 45% af andvirði nefndra réttindi af aflanum, sem lagður var inn til Vinnslustöðvarinnar árið 1952, hafi numið kr. 13.587.14, en kr. 4.023.28 árið 1953.

Aflahlutinn frá árinu 1952 telur stefndi fyrndan samkvæmt 5. gr. fyrningarlaganna, en aflahluturinn frá 1953 sé aftur á móti gjaldkræfur og nemi kr. 130.06, og er það aðalkrafa stefnda, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða þá upphæð. Varakrafa stefnda er við það miðuð, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða til viðbótar tilsvarandi aflahlut frá árinu 1952, ef ekki yrði fallizt á þá varnarástæðu, að krafan væri fyrnd. Þrautavarakrafa stefnda byggist á því, að draga beri frá áætlun stefnanda um verðmæti gjaldeyrisfríðindanna 5 aura, sem innifaldir voru í fiskverðinu, er stefndi greiddi.

Stefndi hefur ekki leitt að því sönnur gegn mótmælum stefnanda, að samningur hafi komizt á milli þeirra um ákveðið verð fyrir aflahlutinn, enda væri slíkur samningur ekki gildur, ef hann færi í bága við gildandi kjarasamning.

Í gildandi kjarasamningi er hvergi gert ráð fyrir, að útgerðarmaður kaupi aflahluti sjómanna á fyrirfram ákveðnu verði. Eina ákvæðið, er ræðir um verð, er 3. gr. samningsins, og er hún á þessa leið:

„Sé um sölu á nýjum fiski að ræða til ísunar eða frystingar, ber hlutarmanni sama verð og útgerðarmanni fyrir hinn selda fisk, lifur og hrogn. Sama gildir, ef fiskur er seldur til sérverkunar."

Stefndi hefur talið, að ákvæði þetta eigi aðeins við, er aflinn er seldur nýr til 3ja manns, og er því tilviki sleppir, sé aðiljum frjálst samkvæmt samningnum að koma sér saman um það verð fyrir aflann, er þeim sýnist.

Á þeim tíma, er ákvæði þetta var sett, lögðu flestir útgerðarmenn aflann af bátum sínum inn í fiskvinnslustöðvar, sem öðrum tilheyrðu, eða seldu hann nýjan til útflutnings. Ákvæði greinarinnar eiga fyrst og fremst við um þau tilvik. En orð greinarinnar ná lengra og taka einnig til þeirra tilvika, þegar útgerðarmaður er jafnframt eigandi fiskvinnslustöðvar eða fiskútflytjandi og yfirtekur aflann. Verður eigi séð, að rök séu fyrir hendi, er sýni fram á, að önnur regla eigi að gilda, þegar aflinn er lagður inn í fiskvinnslustöð, er útgerðarmaður starfrækir, eins og hér átti sér stað. Þykir því bera að líta svo á, að sama regla og felst í umræddu ákvæði eigi einnig að gilda um samskipti stefnanda og stefnda. Leiðir það til þess, að stefnandi átti rétt á að fá aflahlut sinn greiddan með hinu sama verði og stefnda bar sem útgerðarmanni við reikningsuppgjör milli útgerðar bátsins og fiskvinnslustöðvar sinnar. Meðal þess voru 45% af andvirði gjaldeyrisfríð-

inda, sem inn komu fyrir afla bátsins. Átti stefnandi því rétt til að fá sinn hlut úr andvirði þeirra reiknaðan út og greiddan, jafnskjótt og þau bárust stefnda í hendur.

Stefnandi hefur lagt fram gögn, er sýna fram á, að andvirði gjaldeyrisfríðindanna bárust útgerðarmönnum í mörgu lagi og löngu eftir lok hverrar vertíðar, og liðu stundum meira en 2 ár milli fyrstu og síðustu greiðslu. Má einnig telja þetta alkunnugt. Stefndi hefur upplýst, að hinn 25. september 1952 hafi hann móttekið rúmar 18 þúsund krónur fyrir gjaldeyrisfríðindi af verkuðum afla 1952 og kr. 37.000.00 hinn 17. október 1952. Frekari upplýsingar hefur hann ekki gefið um andvirði gjaldeyrisfríðindanna umfram það, sem áður segir, varðandi aflann, er lagður var inn til Vinnslustöðvarinnar. Stefndi hefur talið, að fyrningarfrest á kröfu stefnanda vegna eftirstöðva aflahlutar frá vetrarvertíðinni 1952 beri að miða við þann dag, er fyrsta greiðsla fór fram, eða þann 25. september 1952, og rökstutt það þannig, að þá hafi stefnandi haft heimild til að krefjast greiðslu á allri kröfu sinni. Þessi skoðun virðist ekki rétt, heldur bar að skipta hverri greiðslu í samræmi við ákvæði 1. gr. kjarasamningsins, og átti stefnandi aðeins rétt á að fá þann hluta greiddan, er skiptingin sagði til. Af þessu leiðir, að einungis sá hluti af kröfu stefnanda er fyrndur, er barst stefnda í hendur fyrir 30. október 1952. Í máli þessu er það hins vegar ekki upplýst, hve miklu sá hlutur nam. Á vetrarvertíðinni 1952 gerði stefndi út 3 báta, og ljóst er, að þær greiðslur, sem honum bárust í hendur 25. september 1952 og 17. október s. á., voru aðeins óverulegur hluti af öllu andvirði gjaldeyrisfríðindanna. Þegar þar við bætist, að engar upplýsingar liggja fyrir, er gefa til kynna, hversu greiðslur þessar skiptast milli bátanna, verður ekki talið, að skilyrði séu fyrir hendi til lækkunar stefnukröfunnar vegna fyrningar.

Stefnandi hefur leitt af því nokkrar líkur, að andvirði gjaldeyrisfríðindanna, er til skipta eiga að koma og stefndi hefur ekki staðið skil á, nemi kr. 0,16 pr. kg fyrir árið 1952 og kr. 0,18 pr. kg fyrir árið 1953. Styðst hann þar við upplýsingar stefnda um andvirði gjaldeyrisfríðinda af afla bátsins, sem lagður var inn til Vinnslustöðvarinnar. Jafnframt hefur hann skorað á stefnda að segja til um, hve miklu þær fjárhæðir hafi numið, er hann hafi móttekið vegna gjaldeyrisfríðinda af afla bátsins. Stefndi hefur ekki orðið við þeim tilmælum og þykir því bera að leggja áætlun stefnanda til grundvallar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til

að greiða stefnanda kr. 5.694.24, ásamt 6% ársvöxtum, er eftir atvikum þykir rétt að reikna frá 1. janúar 1954 til greiðsludags.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 950.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Ársæll Sveinsson, greiði stefnandanum, Baldri Ólafssyni, kr. 5.694.24, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1954 til greiðsludags og kr. 950.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 138/1956. **Póst- og símamálastjórnin**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Jónasi Tr. Gunnarssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Ágreiningur um launakjör opinbers starfsmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. október 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Viðurkennt er, að áfrýjandi skuldi stefnda fjárhæð, ef dómkrafa stefnda í þessum hluta málsins verður tekin til greina.

Telja verður, að með bréfi áfrýjanda frá 8. desember 1850 hafi stefndi verið skipaður í starf samkvæmt þágild-

andi lögum um laun starfsmanna ríkisins nr. 60/1945, sbr. 8. tl. 21. gr. þeirra laga, og fór um föst laun fyrir það starf eftir XII. flokki laganna. Af því leiðir, að auk nefndra laga giltu um starfsréttindi stefnda reglur um starfrækslu og starfsmenn Landssímans, sbr. 1. gr. þeirra reglna frá 27. febrúar 1955, og urðu þau starfskjör, sem þannig voru ákveðin, ekki skert með sérstökum samningi. Stefndi átti því rétt til að njóta þeirra kjara um sérstakar uppbætur fyrir varðstörf, sem greind eru í c-lið 19. gr. reglugerðar um sama efni nr. 136/1945, enda hefur hann ekki með tómlæti glatað rétti til að krefja áfrýjanda um slíkar greiðslur, þar sem um starfskjör hans gilda ákvæði opinbers réttar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Póst- og símamálastjórnin, greiði stefnda, Jónasi Tr. Gunnarssyni, kr. 3000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., hefur Jónas Tr. Gunnarsson, starfsmaður við Loranstöðina í Vík í Mýrdal, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, útgefinni 19. nóvember 1954, gegn póst- og símamálastjóra f. h. póst- og símamálastjórnarinnar til greiðslu á vangoldnum launum að fjárhæð kr. 39.676.20 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi sáttakæru, 13. október 1954, til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Eftir ósk lögmanna aðilja og með samþykki dómarans var málinu skipt, og hefur það nú verið flutt eingöngu um greiðsluskyldu stefnda.

Hefur stefnandi krafizt þess í þessum þætti málsins, að stefndi verði dæmdur skyldur til að greiða stefnanda laun samkvæmt XII. flokki laga um laun starfsmanna ríkisins nr. 60 frá 1945 að

viðbættu álagi fyrir eftir-, nætur- og helgidagavinnu samkvæmt starfsmannareglum Landssímans um „vaktafólk“ fyrir tímabilið frá 1. janúar 1951 til 31. desember 1953. Þá krafðist hann málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans í þessum þætti málsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 1. janúar 1951 var stefnandi ráðinn til starfa við Loranstöðina á Reynisfjalli sem aðstoðarmaður. Var starf hans fólgið í „tímavörzlu“ og öðrum störfum við stöðina, er honum kynni að verða falin. Stefnandi hafði áður verið starfsmaður við sömu störf við Loranstöðina frá 1. janúar 1947 í þágu Flugráðs Íslands, er þá hafði á hendi rekstur stöðvarinnar. Stefndi tók við rekstrinum um áramótin 1950 og 1951, og var stefnandi því framráðinn af stefnda.

Stefnandi fékk ráðningarbréf hjá stefnda, dagsett 18. desember 1950. Í ráðningarbréfinu segir, að staða stefnanda svari til XII. launaflokks launalaganna, en með tilliti til þess, að vinnutími stefnanda á Loranstöðinni verði 6 stundir á viku umfram venjulegan vinnutíma við vaktavinnu, verði laun hans kr. 21.600.00 á ári, að viðbættri grunnlauna- og vísitöluuppbót, en þessi laun voru jafnhá hámarkslaunum XI. flokks launalaga. Ennfremur segir í ráðningarbréfinu, að lífeyrissjóðsgjald reiknist af hámarkslaunum XII. launaflokks. Þá segir og í ráðningarbréfinu, að með tilliti til sumar- og vetrarleyfa, veikindaforfalla o. þ. l. teljist þjónustualdur stefnanda frá 1. janúar 1947. Einnig er í ráðningarbréfinu ákvæði þess efnis, að stefnanda beri í starfi sínu að hegða sér eftir lögum þeim, auglýsingum og öðrum fyrirskipunum um símamál, sem út hafi verið gefnar eða síðar verði settar viðvíkjandi stöðu þessari, og í einu sem öllu að hegða sér eins og skylduræknum opinberum starfsmönnum hlýðir og sæmir. Stefnandi fékk síðan greidd laun samkvæmt ráðningarbréfinu til 1. janúar 1954. Með bréfi, dagsettu 30. apríl 1954, til stefnanda var honum tjáð, að sú breyting yrði á launakjörum hans, að frá og með 1. janúar 1954 fengi hann greidd laun, sem þá voru hámarkslaun XII. flokks launalaga, og fékk stefnandi þá einnig frá sama tíma álag fyrir eftir-, nætur- og helgidagavinnu samkvæmt starfsmannareglum Landssímans.

Stefnandi kvað sig og félaga sína, er höfðu unnið við Loranstöðina, áður en stefndi tók við rekstri stöðvarinnar, hafa tekið við launum sínum samkvæmt ráðningarbréfinu athugasemdar-

laust, þar til í febrúar 1953, þar sem hann hafi treyzt stefnda til að greiða þau laun, er honum bar. En í febrúar 1953 hafi þeir félagarnir fengið starfsmannareglur Landssímans í hendur, er þá komu út, eftir að hafa verið ófáanlegar um nokkurn tíma. Hafi honum og félögum hans þá fyrst orðið ljóst, að þeir höfðu ekki fengið þau laun, er þeim bar samkvæmt 19. gr. starfsmannareglnanna. Hafi þá tveim starfsmannanna verið falið að fara til Reykjavíkur til viðræðna við formann Félags íslenzkra símamanna, í þeim tilgangi að fá leiðréttingu á launakjörum þeirra svo og að fá viðtal við fyrirsvarsmenn stefnda í sama tilgangi. Þessar tilraunir kvað stefnandi ekki hafa borið árangur, en eftir frekari tilraunir af þeirra hálfu, svo og Félags íslenzkra símamanna, hafi þeir fengið leiðréttingu og fengið laun, sem þeim bar, frá og með 1. janúar 1954.

Byggir stefnandi kröfu sína á því, að honum hafi borið laun samkvæmt XII. flokki launalaga, svo sem hann hafi verið ráðinn samkvæmt, að viðbættu álagi fyrir eftir-, nætur- og helgidagavinnu samkvæmt starfsmannareglum frá þeim tíma, er hann gekk í þjónustu stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi verið ráðinn samkvæmt XII. flokki launalaga, en fengið aukaþóknun fyrir það, að vinnutími hans var 6 stundir á viku umfram venjulegan vinnutíma í vaktavinnu. Hafi þessi auka-þóknun numið það hárri fjárhæð, að launin hafi numið í heild sömu fjárhæð og hámarkslaun XI. flokks launalaga, en það hafi ekki verið neitt miðað við þann launaflokk, heldur hafi hann, eins og áður segir, verið ráðinn til að taka laun samkvæmt XII. flokki, að viðbættri aukaþóknun. Stefndi byggir ennfremur sýknukröfuna á því, að stefnandi hafi samþykkt ráðningarkjörin samkvæmt ráðningarbréfinu, með því að taka við launum sínum án fyrirvara og athugasemda allan tímann til ársins 1953. Er stefndi hafi gert breytingu á launakjörum stefnanda árið 1954, hafi verið skýrt tekið fram, að sú breyting tæki aðeins gildi frá 1. janúar 1954 og hafi stefnandi tekið við þeirri breytingu athugasemda- og fyrirvaralaust. Krefst stefndi þess og, að embættisaldur stefnanda verið aðeins reiknaður frá 1. janúar 1951, er hann hóf starf sitt hjá Landssímanum.

Vitnin Guðmundur Sig. Jónsson og Geir Einarsson, er störfuðu við Loranstöðina, hafa borið fyrir rétti á sama hátt og stefnandi, að því er varðar ráðningu og aðgerðir þeirra starfsmann-

anna, eftir að þeir fengu í hendur starfsmannareglur Landssímans í febrúar 1953.

Vitnin Ari Þorgilsson og Guðmundur Jóhannesson, er einnig störfuðu við Loranstöðina, hafa og borið fyrir dómi á sama veg og framangreind vitni. Vitnin kváðust hafa farið til Reykjavíkur fyrir hönd tímavarðanna til að fá leiðréttingu á kjörum þeirra. Hafi þau átt tal við formann starfsmannafélags símamanna um mál þetta, en ekki hafa fengið viðtal við forráðamenn stefnda. Hafi félagið lofað að taka að sér málið og einnig hafi þeir félagarnir gert frekari tilraunir til að reka á eftir afgreiðslu málsins. Árangur hafi hins vegar ekki fengizt, fyrr en í apríl 1954, og þá hafi leiðrétting fengizt frá 1. janúar s. á. að telja.

Vitnið Andrés Þormar, fyrrverandi formaður Félags íslenzkra símamanna, kvað tímaverði við Loranstöðina hafa átt tal við það sem formann símamannafélagsins um leiðréttingu á launakjörum þeirra, að því er varðaði svonefndar álagsgreiðslur. Kvaðst vitnið hafa álitið kröfur tímavarðanna réttmætar og því lofað, að félagið tæki málið í sínar hendur. Kvaðst vitnið oft hafa átt tal við forráðamenn stefnda um málið, en árangur af því hafi ekki orðið fyrr en í apríl 1954.

Vitnið Jón Kárason, núverandi formaður Félags símamanna, hefur borið á sama hátt og síðast nefnt vitni, að svo miklu leyti sem það annaðist um að fá leiðréttingu á launakjörum starfsmanna Loranstöðvarinnar, eftir að það gerðist formaður starfsmannafélagsins.

Eins og fram kemur hér að framan, hóf stefnandi störf hjá stefnda í ársbyrjun 1951. Var hann þá framráðinn af stefnda við sömu störf og hann hafði haft á hendi hjá flugmálastjórninni fjögur undanfarin ár. Var stefnandi þá ráðinn af stefnda til að taka laun samkvæmt XII. flokki launalaga starfsmanna ríkisins. Samkvæmt ráðningarbréfinu skyldi lífeyrissjóðsgjald reiknast af hámarkslaunum XII. flokks og sumar- og vetrarleyfi, veikindaforföll o.þ.u.l., eins og segir í ráðningarbréfinu, miðast við þjónustualdur frá 1. janúar 1947, er stefnandi hóf störf við stöðina hjá Flugráði. Með tilliti til þessa, annarra ákvæða ráðningarbréfsins og þess, að stefnandi hafði í fjögur ár unnið hjá hinu opinbera, þykir verða að telja, að þjónustualdur hans hjá stefnda hafi átt að reiknast frá 1. janúar 1947, enda var aðeins um að ræða breytingu á rekstrarstjórn af hálfu íslenzka

ríkisins, er stefndi tók við rekstri stöðvarinnar um áramótin 1950—1951.

Er stefnandi gerðist starfsmaður stefnda, varð hann aðili að starfsmannareglum Landssímans og átti hann því rétt á því, að um kjör hans væri farið eftir þeim reglum. Verður í þessu sambandi ekki fallizt á þá sýknuástæðu stefnda, að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til frekari launa en hann hefur þegar fengið, með því að taka við kaupgreiðslum án fyrirvara. Þykir mega beita 7. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80 frá 1938 um þetta atriði per analogiam. Þá grein þykir bera að skýra þannig, að enda þótt starfsmaður hafi kvittað fyrirvaralaust fyrir lægri launum en honum bar samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags síns, þá eigi hann samt rétt til að fá mismuninn greiddan úr hendi atvinnurekanda eftir á.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, ber að taka kröfu stefnanda í þessum þætti málsins til greina. Þá ber stefnda og eftir þessum úrslitum að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.000.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Póst- og símamálastjórn, er skylt að greiða stefnanda, Jónasi Tr. Gunnarssyni, laun fyrir tímabilið 1. janúar 1951 til 31. desember 1953 samkvæmt XII. flokki laga um laun starfsmanna ríkisins nr. 60 frá 1945, að viðbættu álagi fyrir eftir-, nætur- og helgidagavinnu samkvæmt starfsmannareglum Landssímans um „vaktafólk".

Stefndi greiði stefnanda kr. 3.000.00 í málskostntað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 179/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Sigurjóni Ingvarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 181/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Adolf Andersen.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 182/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Ágústi Gíslasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli

þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 183/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Ágústi Ólafssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 184/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Ásgrími Kristjánssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 185/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Ásgrími Sigurðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 186/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Braga Ólafssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 187/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Gesti Þorkelssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli

þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 188/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Guðjóni Kristinssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 189/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Gunnari Hvanndal.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 190/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Jóni Magnússyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 191/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Jóni Óskarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 192/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Jóni Sturlusyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli

þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 193/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Karli S. Ólafssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 194/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Kjartani Gíslasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 195/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Kristni Magnússyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 196/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Kristjáni Sæmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 197/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Lárusi Jónassyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli

þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 198/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Magnúsi Guðlaugssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 199/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Oddi Sigurgeirssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 200/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Óskari Ketilssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 201/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Óskari Vigfússyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 202/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Pálma Héðinssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli

þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 203/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Pétri Stefánssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 204/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
— **Sigfúsi Guðmundssyni.**

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 205/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Sigurði Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 206/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Sigurvin Þorkelssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 207/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Sigurþóri Sigurðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli

þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. febrúar 1958.

Nr. 208/1957. **Ársæll Sveinsson**
gegn
Ögmundi Ólafssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Sveinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. marz 1958.

Nr. 21/1953. **Eiríkur Þorsteinsson**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Dánarbúi Þorbergs Steinssonar
(Kristján Guðlaugsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögn héraðsdóms hefur stefnandi í héraði andazt, og er dánarbú hans aðili máls hér fyrir dómi.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1953. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Eiríkur Þorsteinsson, greiði stefnda, dánarbúi Þorbergs Steinssonar, málskostnað fyrir Hæstarétti ,kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 13. nóvember 1952.

Ár 1952, fimmtudaginn 13. nóvember, var í aukadómþingi Ísafjarðarsýslu, sem haldið var á sýsluskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem var dómtekið 27. október s.l.

Mál þetta hefur Þorbergur Steinsson hreppstjóri, Þingeyri, höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, útgefinni 7. apríl 1952, gegn Eiríki Þorsteinssyni kaupfélagsstjóra, Þingeyri, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 2150.00 ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt 15. október 1951 var hvassviðri og úrhellisrigning á Þingeyri. Nokkrar kindur, sem stefnandi átti, leituðu sér skjóls við stóran hringnótarbát, eign stefnda. Bátur þessi lá á bakborðshlið í hrófi Kaupfélags Dýrfirðinga. Vindþota kastaði bátnum, að því er ráða má, yfir á stjórnborðshlið, með þeim afleiðingum, að fjórar kindur urðu undir honum. Drápust þær eða lemstruðust svo, að þeim varð að lóga.

Stefnandi taldi stefnda bera ábyrgð á því tjóni, sem hann hafði beðið við missi kindanna, og krafði hann bóta. Höfðaði hann síðan mál þetta, eftir árangurslausa sáttaumleitun fyrir sáttanefnd.

Stefnandi skýrir þannig nánar frá atvikum, að herpinótar-

bátur stefnda hafi undanfarin ár verið í hrófi kaupfélagsins, en það sé með öllu óvarið og takmarkist af götunni að ofan og fjörunni að neðan. Það hafi því alltaf verið nokkur hætta á því, að vindurinn kastaði bátunum til. Stefnandi hefur lagt fram í dómþinginu vottorð Veðurstofunnar í Reykjavík um vindátt og veðurhæð á Hvallátrum í Barðastrandarsýslu 14.—16. október 1951, en upplýsingar um veðurhæð á Galtarvita, næstu veðurathugunarstöð við Þingeyri, eru ekki fyrir hendi um þessa daga, vegna þess að veðurskeyti höfðu ekki borizt þaðan. En vindátt á Hvallátrum var kl. 23 14. október SV, 9 vindstig, en kl. 8 f. h. 15. október var VSV vindur og veðurhæð 8 vindstig. Veður fór þannig batnandi og kl. 17 15. október var aðeins 1 vindstig.

Stefnandi telur, að báturinn, sem slysinu olli, hafi legið á tréklossa og þessvegna hafi ekki þurft sterkviðri til þess að kasta honum yfir á hina hliðina, þó að hann hafi verið bæði stór og þungur. En þetta hafi því aðeins komið fyrir af því, að báturinn var óskorðaður. Hverjum bát hefði verið óhætt skorðuðum í ekki meira veðri en þessu. Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi sýnt af sér vanrækslu með því að hafa bátinn óskorðaðan og beri hann því bótaábyrgð á því tjóni, sem af því hefur hlotizt.

Stefndi hefur haldið því fram, að báturinn hafi upphaflega verið skorðaður á réttum kili, eða a.m.k. hafi verið til þess ætlazt. Hann viðurkennir, að báturinn hafi legið á hliðinni, er slysið varð, og hafi skorðurnar þá verið dottnar undan. Stefndi telur, að meiri hætta stafi af bátum sem þessum skorðuðum á réttum kili en liggjandi á hliðinni. Heldur hann því fram, að hvorutveggja sé forsvaranlegur og venjulegur frágangur á bátum, sérstaklega þar sem þeir séu í þar til gerðu setningarplássi. Þá telur hann, að bátur þessi sé svo þungur, að hann hreyfist ekki nema í aftakaveðri, og alls ekki í 8 vindstigum, en afspyrnurok hafi verið á Þingeyri þessa nótt. Stefndi segir það algerlega rangt, að báturinn hafi legið á tréklossa, eins og stefnandi hefur haldið fram.

Stefndi heldur því fram, að hann beri ekki bótaábyrgð á tjóni stefnanda, þar sem frágangur hans á bátnum hafi verið venjulegur og forsvaranlegur, en orsök slyssins sú ein, að ofsaveður hafi verið og því sé náttúruöflunum einum um að kenna.

Ennfremur hefur stefndi haldið því fram, að fé, er gangi í Þingeyrarkauptúni, sé réttlaust, því að í 56. grein lögreglusamþykktar fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu sé það ákvæði, að það sé

á ábyrgð eiganda, að sauðfé, geitfé, hænsni eða aðrir gripir valdi tjóni í kauptúninu. En af því leiði einnig það, að sá, sem lætur búpening sinn ganga eftirlitslausan um þorpið, bryggjur, uppsátur eða önnur mannvirki, taki á sig og beri ábyrgð á þeim hættum, sem eru því samfara fyrir búpeninginn.

Stefnandi hefur mótmælt þessari varnarástæðu stefnda og bent á, að samkvæmt 56. grein lögreglusamþykktarinnar megi búpeningur ekki ganga laus frá 20. maí til 20. september, en þegar þessi tími er kominn, sé aðalbeitilandið fjaran og ekki sé bannað eftir haustsmölun, að búfé gangi í þorpinu.

Aðiljar eru sammála um, að fé sé ekki hýst á Þingeyri, fyrr en veður versni verulega og þetta haust hafi það ekki verið hýst yfirleitt fyrri en síðari hluta nóvembermánaðar.

Það er óumdeilt í málinu, að uppsátur það, er stefndi geymdi báta sína í, var með öllu óvarið. Mátti því búast við, að sauðfénaður hefðist þar við, einkum í vondum veðrum, í skjóli af bátunum. Það er óupplýst, hve veðurhæðin var mikil á Þingeyri, þegar slysið varð, en álíta verður, að hún hafi ekki verið meiri en jafnan má gera ráð fyrir, ekki sízt um þetta leyti árs. Verður því að telja, að orsök þess að báturinn fauk til, hafi verið sú, að eigi hafi verið tryggilega frá honum gengið til að mæta því veðri, sem gera mátti ráð fyrir. Af því leiðir, að telja verður, að stefndi beri bótaábyrgð á því tjóni, er stefnandi varð fyrir, er báturinn fauk til. Stefnandi hefur ekki heldur firrt sig rétti til skaðabóta, þótt hann léti kindur sínar ganga lausar í þorpinu. Hins vegar ber að taka nokkurt tillit til þess við ákvörðun bótanna, að fénaður stefnanda var vörzlulaus og að stefnandi hafði enga aðgæzlu, þótt óveður væri.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

Hann kveðst hafa misst þrjár ær og einn lífhrút, því hafi hann orðið að kaupa sér þrjú gimbrarlömb á kr. 300.00 hvert og einn lífhrút á kr. 350.00. Þá gerir hann ráð fyrir, að hver ær, er hann missti, hefði átt lamb að vori og metur hann hvert lamb á kr. 300.00. Alls nemur þetta kr. 2150.00, og er það stefnukrafan í máli þessu.

Stefndi hefur að vísu ekki sérstaklega mótmælt bótaupphæðinni, nema hvað hann hefur haldið því fram, að ekki kæmi til greina, að hann ætti að greiða fyrir lömb, sem ekki væru til, en það virðist auðsætt, að það er rétt, þegar þess er gætt, hversu snemma vetrar slysið varð, og eins þegar tillit er tekið til þess, að nú tíðkast víða að hleypa til gimbra á fyrsta ári.

Dómarinn telur samkvæmt því, er að framan segir, að eftir atvikum beri að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda bætur, og þykja þær hæfilega ákveðnar 900 krónur. Stefndi skal greiða stefnanda 6% ársvexti af upphæðinni frá sáttakærudegi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 60 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Eiríkur Þorsteinsson, greiði stefnanda, Þorbergi Steinssyni, kr. 900.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. febrúar 1952 til greiðsludags og 60 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. marz 1958.

Nr. 219/1957. **Ákæruvaldið** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Bergsteini Theodór Þórarinssyni
(Gunnar J. Möller hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Theodór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Bergsteinn Theodór Þórarinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna, Gústafs A. Sveinssonar og Gunnars J. Möllers, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 9. október 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., var af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Bergsteini Theódór Þórarinssyni sjómanni, Eystri-Gjábakka í Vestmannaeyjum, með ákæruskjali útgefnu af dómsmálaráðherra 30. nóvember 1955 „fyrir að hafa mánudagskvöldið 25. apríl s.l. áberandi ölvaður ráðizt á tvo menn, Ásgeir Gunnarsson, Syðra-Vallholti í Skagafirði, og Steindór Arason, þá skipverja á v.b. „Mugg", þar sem þeir voru staddir við Hótel H.B. í Vestmannaeyjum, barið þá og bitið í fingur á greindum Steindóri, með þeim afleiðingum, að þeir hlutu áverka og einkum Ásgeir, sem hlaut brot á neðri kjálka vinstra megin, auk þess sem jaxl brotnaði í neðri góm hans og taka varð annan vegna kjálkabrotsins". Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 21. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 4. gr., 8. gr. 1. mgr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 41/1928.

Þá er málið og höfðað gegn ákærða með framhaldsákæruskjali útgefnu af dómsmálaráðherra 30. október 1956 fyrir brot á 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 41/1928 „fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 22. júlí s.l. við húsið Bjarma í Vestmannaeyjum ráðizt að Þórarni Jónssyni sjómanni, Lækjargötu 7B á Siglufirði, og barið hann í andlitið með þeim afleiðingum, að Þórarinn féll við og hlaut talsverða áverka í andlit".

Ákærist því nefndur Bergsteinn Theódór Þórarinsson til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 217. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og

84. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 41/1928, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. nóvember 1933 í Vestmannaeyjum, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1951 12/10 Vestmannaeyjar. Sátt 150 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
— 25/10 Vestmannaeyjar. Sátt 100 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
1953 5/8 Reykjavík. Sátt 75 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
1954 22/8 Vestmannaeyjar. Sátt 150 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
1954 25/10 Vestmannaeyjar. Sátt 200 kr. sekt og skaðabætur fyrir líkamsárás.
1955 3/1 Vestmannaeyjar. Sátt 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1955 7/1 Vestmannaeyjar. Kærður fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga. Fellt niður, en samþykkt að greiða skaðabætur.
1955 26/4 Vestmannaeyjar. Sátt 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1955 4/11 Vestmannaeyjar. Sátt 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1955 6/11 Vestmannaeyjar. Sátt 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1956 9/2 Vestmannaeyjar. Sátt 200 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1957 17/2 Vestmannaeyjar. Sátt 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1957 8/5 Vestmannaeyjar. Sátt 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

Málavextir eru þessir:

I.

Mánudagskvöldið 25. apríl 1955 handtók lögreglan í Vestmannaeyjum ákærða fyrir utan hótel H.B. Ákærði var mikið ölvaður og var þar að þjarma að manni, sem heitir Steindór Arason frá Veiðileysu, Strandasýslu, en Steindór var handlama. Ákærði hafði þá skömmu áður veitzt að öðrum manni, Ásgeiri Gunnarssyni, Syðra Vallholti, Skagafirði, og barið hann. Ákærði var settur í fangageymslu lögreglunnar um kvöldið. Samkvæmt ósk hótelstjórans á hótel H.B. var Ásgeir Gunnarsson, sem bjó

á hótelinu, og hafður í fangahúsinu um nóttina sökum ölvunar. Eftir að Ásgeir var handtekinn, kvartaði hann um eymsli í kjálka og fóru lögregluþjónarnir Óskar Einarsson og Ragnar Helgason með hann til læknis, sem skoðaði hann. Læknirinn kvaðst ekkert geta fullyrt um það, hvort Ásgeir væri kjálkabrotinn eða ekki. Sökum þess að Ásgeir var handtekinn vegna framkomu sinnar á hótelinu, og sýnt var, að hann fengi ekki inni þar um nóttina, var hann hafður í fangahúsinu um nóttina. Ásgeir lýsti því yfir daginn eftir, að hann myndi ekki gera frekari kröfur á hendur ákærða og láta málið niður falla, ef ákærði greiddi honum 1000 kr. bætur fyrir áverkann. Ákærði gekk að þessu boði, og var gerð sátt við hann í sakadómi Vestmannaeyja 26. apríl 1955, þar sem ákærði undirgekkst að greiða sekt auk nefndra bóta. Við ýtarlegri rannsókn kom í ljós, að Ásgeir hafði kjálkabrotnað við högg ákærða. Var málinu þá haldið áfram og með dómi Hæstaréttar 11. okótber 1955 var framangreind sátt felld úr gildi. Höfðaði síðan ákæruvaldið mál þetta á hendur ákærða með ákæruskjali, útgefnu 30. nóvember 1955, eins og að framan greinir.

Ásgeir Gunnarsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið á gangi fyrir utan hótel H.B. kl. rúmlega 23.00 hinn 25. apríl 1955. Með honum voru þeir Steindór Arason, Veiðileysu, Strandasýslu, og Júlíus Guðnason, Brekkum, Hvolhreppi. Ásgeir kveður ókunnan mann þá hafa ráðizt að þeim félögum án nokkurs tilefnis. Maður þessi, sem reyndist vera ákærði, sló Ásgeir í andlitið og kom höggið á vinstri kjálka hans. Steindór og Júlíus reyndu að stilla til friðar, en þá sló ákærði Steindór Arason og reif ennfremur föt hans. Við rannsókn síðar kom í ljós, að Ásgeir hafði kjálkabrotnað af völdum ákærða, svo og brotnaði jaxl í efra gómi og annar gekk úr skorðum. Þá reif ákærði og jakka Ásgeirs.

Vitnið Júlíus Guðnason trésmiður skýrir svo frá, að það hafi komið út úr hótel H.B. nefnt kvöld ásamt Ásgeiri Gunnarssyni og manni að nafni Héðinn Vigfússon. Þeir námu staðar við efri tröppur hótelsins á horni Heiðarvegs og Vestmannabrautar. Þar yfirgaf Héðinn þá, en um sama leyti kom ákærði til þeirra. Þeir voru þá að tala við Steindór Arason, sem einnig var staddur þarna. Vitnið kveður það ekki hafa skipt neinum togum, að ákærði vatt sér að Ásgeiri og án nokkurs tilefnis af Ásgeirs hálfu. Gerði ákærði sig líklegan til að slá Ásgeir. Ásgeir reyndi að víkja sér undan högginu, en tókst það ekki, og kom höggið,

sem var hægri handar hnefahögg, á kjálka Ásgeirs. Vitnið kveður þetta hafa verið allmikið högg, þar sem ákærði tók sveiflu mikla með handleggnum, áður en hann sló Ásgeir. Vitninu virtist Ásgeir dasast við höggið. Þegar vitnið ætlaði að reyna að sefa ákærða, sló ákærði vitnið á hægri kjálka, og hafði vitnið sig þá ekki meira í frammi. Skömmu síðar fór Ásgeir burtu. Vitnið segir, að Ásgeirr hafi ekkert tekið á móti ákærða. Eftir að ákærði hafði slegið vitnið, réðst hann að Steindóri Arasyni og uðru nokkur átök milli þeirra, en vitnið fylgdist ekki með þeim átökum.

Vitnið Ragnar Helgason lögregluþjónn skýrir svo frá, að það hafi handtekið ákærða umrætt sinn við hótel H.B. og farið með hann í fangahúsið. Þegar vitnið handtók ákærða, var hann að þjarma að Steindóri Arasyni og var mjög drukkinn. Vitnið kveður Ásgeir Gunnarsson hvergi hafa verið þar sjáanlegan.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi tekið að neyta áfengis um kl. 15.00. Varð ákærði brátt mjög drukkinn og kveðst ekkert muna, hvert hann fór eða hvað hann aðhafðist eftir kl. 17.00, en þá var hann staddur inni í Friðarhöfn. Hefur því ekki verið unnt að fá neinar upplýsingar hjá ákærða um atburði þá, er á eftir fóru.

Steindór Arason fór burtu úr bænum strax eftir árás ákærða og hefur ekki tekizt, þrátt fyrir ýtarlega eftirgrennslan að hafa uppi á honum til þess að bera vitni í málinu, en hann skýrði lögreglunni svo frá, áður en hann fór, að ákærði hefði ráðizt á sig, barið sig í andlitið og bitið í einn fingur hans. Ákærði reif og föt hans og skellti honum í götuna. Steindór var handlama, er þetta átti sér stað.

Í vottorði Jóns Sigtryggssonar tannlæknis, er skoðaði Ásgeir 1. júní 1955, segir: „Ásgeir Gunnarsson hlaut brot á neðri kjálka v. megin við öftustu jaxla. Jafnframt brotnaði jaxl í efri góm og jaxl er í brotlínu neðri góms, er þarf að taka síðar. Annars lega brotsins góð og bit gott."

Með framburði vitna verður að telja sannað, að ákærði hafi með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur við 1. mgr. 217. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga 19/1940, 21. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 4. gr. og 1. mgr. 8. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar nr. 41/1928, svo sem greint er í ákæruskjali.

II.

Laugardagskvöldið 21. júlí 1956 var haldinn dansleikur í Samkomuhúsi Vestmannaeyja og lauk honum kl. 02.00. Ákærði var á dansleiknum og var töluvert ölvaður. Eftir að dansleiknum leik, sló ákærði mann að nafni Þórarinn Jónsson, Lækjargötu 7B, Siglufirði. Ákærða og Þórarni ber ekki saman um aðdragandann að árásinni, og skulu nú raktir vitnisburðir viðstaddra í höfuðatriðum.

Þórarinn Jónsson sjómaður skýrir svo frá, að hann hafi verið á nefndum dansleik. Hann kveðst hafa haldið heim að loknum dansleiknum og var þá orðinn töluvert ölvaður. Þegar hann kom að húsinu Bjarma við Miðstræti, sá hann hvar þrír menn stóðu fyrir utan húsið. Menn þessir voru ákærði og Jóhann Björgvinsson, en þriðja manninn þekkti Þórarinn ekki. Þórarinn gaf sig á tal við menn þessa. Hann kveður ákærða hafa gabbað sig niður kjallaratröppur á bakhlið hússins undir því yfirskyni, að félagi hans væri þar í kjallaranum, en enginn maður reyndist vera þar, er Þórarinn barði að dyrum. Þórarinn kveðst hafa spurt ákærða, hvað þetta ætti að þýða, en þá skipti það engum togum, að ákærði sló hann tvö hnefahögg með vinstri hendi. Komu höggin sitt á hvora kinn Þórarins, og féll hann til jarðar. Kveðst Þórarinn hafa misst meðvitund um stund. Hann kveður ákærða hafa farið strax burtu með hinum mönnunum. Við högg ákærða kom stór skurður í hægra munnvik Þórarins og saumaði læknir skurðinn saman. Þá skrámaðist Þórarinn í andliti og föt hans óhreinkuðust af blóði og aur. Þórarinn kveðst hafa legið rúmfastur í 2 daga vegna afleiðinga árásarinnar.

Vitnið Jóhann Björgvinsson sjómaður skýrir svo frá, að það hafi staðið á tali við ákærða og mann að nafni Kristján hjá húsinu Bjarma eftir að dansleiknum lauk. Ákærði var nokkuð ölvaður. Eftir nokkra stund kom ókunnugur maður til þeirra og fór að tala við ákærða. Vitnið segir, að þeir hafi brátt farið að rífast, en kveðst ekki hafa heyrt vel, hvað þeim fór á milli, enda heyrir vitnið ekki vel. Allt í einu sló ákærði maninn a.m.k. þrjú hnefahögg sitt með hvorri hendi. Maðurinn féll í götuna við höggin og telur vitnið, að hann hafi ef til vill rotazt. Vitnið segir, að maðurinn hafi hvorki slegið ákærða né gert tilraun til þess. Vitnið kveður mann þennan sýnilega hafa verið nokkuð ölvaðan.

Vitnið Kristján Stefánsson verkamaður ber, að það hafi að

dansleiknum loknum gengið niður að húsinu Bjarma ásamt ákærða og Jóhanni Björgvinssyni. Meðan þeir stóðu fyrir utan húsið, kom til þeirra Þórarinn Jónsson frá Siglufirði og spurði, hvort nokkur væri heima í nefndu húsi. Ákærði svaraði því til, að hvergi væri sjáanlegt ljós í húsinu, en kvaðst ekki vita nema einhver væri í kjallaranum. Þórarinn fór því næst niður tröppurnar, en kom aftur til baka og kvað ákærða skrökva því, að einhver væri í kjallaranum. Ákærði kvaðst ekkert um það vita og kvaðst ekki hafa beðið Þórarin að fara niður tröppurnar. Ákærði og Þórarinn fóru síðan að rífast og lauk orðaskiptum þeirra með því, að ákærði sló Þórarin eitt högg sinn á hvorn vanga sitt með hvorri hendi. Vitnið segir ákærða hafa slegið Þórarin þannig, að hnefar hans strukust niður með vöngum Þórarins. Við höggin féll Þórarinn til jarðar og lá þar stutta stund, unz ákærði reisti hann á fætur og gekk Þórarinn þá hinn reifasti í burtu. Vitnið kveðst vera fullvisst um, að Þórarinn hafi ekki misst meðvitund. Vitnið kveðst ekki hafa séð, að Þórarinn slæi ákærða. Það segir, að bæði Þórarinn og ákærði hafi verið mikið ölvaðir.

Vitnið Gústaf Sigurlásson skýrir svo frá, að það hafi gengið í humátt á eftir þeim ákærða, Jóhanni og Kristjáni frá Samkomuhúsinu og niður að Bjarma. Þar bættist fjórði maðurinn í hópinn og fóru þeir ákærði og maður þessi eitthvað að tala saman, en ekki heyrði vitnið, hvað þeim fór á milli. Vitnið segir, að það hafi tekið eftir, að ákærði eins og hrökklaðist frá manninum, og taldi vitnið víst, að maður þessi hefði slegið ákærða, þótt vitnið sæi það ekki. Ákærði sló síðan manninn tvö högg í andlitið og féll maðurinn til jarðar við höggin. Vitnið segir, að er maðurinn hafði legið stutta stund í götunni, hafi ákærði reist hann á fætur, og fór maðurinn síðan.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi verið á dansleiknum umrætt kvöld. Hann kveðst hafa verið töluvert ölvaður fyrri hluta dansleiksins, en segir að vínið hafi verið farið að renna af sér seinni hluta dansleiksins. Eftir dansleikinn gekk ákærði ásamt Jóhanni Björgvinssyni niður að Bjarma. Þegar þeir komu að húsinu, kom Þórarinn Jónsson til þeirra, og bað hann ákærða að tala við sig einslega. Þórarinn kvað ákærða hafa ráðizt á sig á dansleiknum, en ákærði kvað það ósatt. Ákærði segir, að þá hafi Þórarinn slegið sig hnefahögg í andlitið með hægri hendi og kom höggið á vinstra kinnbein ákærða. Ákærði kveðst þá hafa slegið Þórarin tvö hnefahögg í andlitið sitt með hvorum

hnefa. Þórarinn féll í götuna og lá þar hreyfingarlaus. Ákærði telur, að Þórarinn hafi rotazt. Hins vegar telur ákærði, að Þórarinn hafi ekki fallið í götuna vegna þess að ákærði sló hann, heldur hafi Þórarinn rekið hælana í gangstéttarbrúnina og dottið við það og rotazt. Ákærði kveðst síðan hafa reist Þórarinn á fætur, og ráfaði hann þá burtu.

Í vottorði Baldurs Johnsens héraðslæknis, sem skoðaði Þórarin Jónsson 22. júlí 1956, segir: „Ég undirritaður skoðaði og gerði við meiðsli á Þórarni Jónssyni, Sveinsstöðum, hér, sunnudagsnóttina 22. júlí. Þórarinn var skrámaður í andliti og stór skurður í h. munnviki, sem þurfti að sauma. Gat vel verið eftir hnefahögg. Þórarinn var einnig hálf lostinn."

Telja verður nægilega sannað með framburði vitna og ákærða sjálfs, að hann hafi með atferli því, sem hér hefur verið lýst, gerzt brotlegur við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 41/1928.

Niðurlag:

Refsing ákærða þykir samkvæmt 1. mgr. 217. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 84. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar og með hliðsjó af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi.

Ásgeir Gunnarsson hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða honum 10.000 kr. í skaðabætur vegna vinnutjóns, sársauka og mizka. Krafa þessi er ósundurliðuð og órökstudd og hefur ekki verið bætt úr því, þótt Ásgeiri og umboðsmanni hans væri gefinn kostur á því. Verður því að vísa kröfunni frá dóminum, sbr. 146. gr. laga nr. 27/1951.

Þórarinn Jónsson hefur krafizt 1000 kr. skaðabóta úr hendi ákærða vegna þess tjóns, er hann telur sig hafa beðið af völdum ákærða. Þar eð Þórarinn hefur ekki rökstutt þessa kröfu sína, þótt honum væri gefinn kostur á því, verður að vísa henni frá dóminum, sbr. 146. gr. laga nr. 27/1951.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til skipaðs sækjanda, Jóns Eiríkssonar hdl., og málsvararlaun skipaðs verjanda, Friðþjófs G. Johnsens hdl., kr. 700.00 til hvors.

Töluverður dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa, en hann stafar af því, að áður en afgreiðslu málsins vegna árásar ákærða á Ásgeir Gunnarsson var lokið, varð ákærði uppvís að öðru broti

og var því beðið með afgreiðslu fyrra málsins. Þá fór Ásgeir Gunnarsson og höfuðvitnin í málinu strax burtu úr bænum eftir árásina og hefur verið mjög erfitt að ná til þeirra, þar sem heimilisföng þeirra voru ýmist ókunn eða þeir sífellt að skipta um dvalarstaði.

Dómsorð:

Ákærði, Bergsteinn Theódór Þórarinsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Skaðabótakröfum Ásgeirs Gunnarssonar og Þórarins Jónssonar er vísað frá dóminum.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsóknarlaun skipaðs sækjanda, Jóns Eiríkssonar hdl., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Friðþjófs G. Johnsens hdl., 700 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 4. marz 1958.

Nr. 176/1955. **Ákæruvaldið**
gegn
John Oliver Emmons.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kveðið á um framhaldsrannsókn.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í máli þessu í Hæstaréttir, þykir rétt að leggja fyrir sakadómarann í Reykjavík að dómkveðja 3 menn til að gefa álit um málefni þau, sem greind verða hér á eftir:

1. Hvor aðferðin sé öruggari til staðarákvörðunar, annars vegar sú, sem er framkvæmd eingöngu með fjarlægðarmælingum með ratsjá til tveggja staða, eða hins vegar sú, sem framkvæmd er með miðun með gyroáttavita og ratsjá svo og fjarlægðarmælingu með ratsjá til eins staðar.

2. Í máli þessu hefur verið reiknuð út hnattstaða dufls þess, sem sett var út við togara ákærða, annars vegar sam-

kvæmt miðun til Bjargtanga 359° réttvísandi og fjarlægð frá Bjargtöngum 11 sm, og hins vegar samkvæmt fjarlægð frá Bjargtöngum 11 sm. og fjarlægð frá Skor 15 sm. Hefur útreikningur samkvæmt mælingum þessum leitt til nokkurs mismunar í niðurstöðu. Ber hinum dómkvöddu mönnum að láta uppi rökstutt álit um öryggi mælinga varðskipsmanna frá siglingafræðilegu sjónarmiði.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að dómkveðja menn samkvæmt framansögðu.

Miðvikudagur 5. marz 1958.

Nr. 24/1958. **Gústaf A. Sveinsson f. h. Kreisjugendamt í Eckernförde**
gegn
Sveinbirni Þorsteinssyni og Matthíasi Jónassyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Matsmanni talið óskylt að leggja fram matsgögn. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur 22. janúar þ. á. kært úrskurð héraðsdómara til Hæstaréttar, og barst sú kæra dóminum 17. f. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og matsmanninum Matthíasi Jónassyni gert skylt að leggja fram bókanir þær, er greinir í hinum kærða úrskurði. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt mati Hæstaréttar.

Af hálfu varnaraðiljans Sveinbjörns Þorsteinssonar er

krafizt staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Frá varnaraðiljanum Matthíasi Jónassyni hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 22. janúar 1958.

Mál þetta er rekið fyrir bæjarþinginu sem vitnamál. Vitnastefnendur eru Sveinbjörn Þorsteinsson, Reykjavík, og Bjarni Þorsteinsson og Sigríður Sigurjónsdóttir, hjón að Hurðarbaki í Borgarfirði, en vitnastefndi er Gústaf A. Sveinsson f. h. Kreisjugendamt í Eckernförde í Þýzkalandi.

Það er forsaga vitnamáls þessa, að Sveinbjörn Þorsteinsson bjó um skeið með þýzkri stúlku, Gundela Louise Deutschländer að nafni, en eigi voru þau gift. Sveinbjörn og Gundela Louise áttu saman tvö börn, Gunnar Deutschländer, fæddan í Slesvík 21. nóvember 1953, og Thoru Deutschländer, fædda í Reykjavík 5. febrúar 1955. Hinn 12. maí 1956 andaðist Gundela Louise. Börnunum mun þá hafa verið komið fyrir hjá hjónunum Bjarna og Sigríði að Hurðarbaki í Borgarfirði, en Bjarni er bróðir Sveinbjarnar. Stúlkubarnið mun hafa dvalið hjá þeim hjónunum óslitið síðan, en drengurinn mun hafa dvalið með föður sínum á heimili hans og Svölu Einarsdóttir hér í Reykjavík frá því um haustið 1956 fram til vorsins 1957, en farið þá með þeim að Hurðarbaki og dvalið þar með þeim sumarið, en þá farið til Bjarna og Sigríðar að Hurðarbaki og dvalið þar síðan.

Í októbermánuði 1956 höfðaði Kreisjugendamt í Eckenförde sem yfirlögráðandi framangreindra barna mál á hendur Sveinbirni Þorsteinssyni og krafðist þess, að hann léti bæði börnin af hendi til sín. Byggði Kreisjugendamt þessa kröfu sína í málinu á því, að börnin væru þýzkir ríkisborgarar. Um afstöðu þeirra bæri því að fara að þýzkum lögum, en samkvæmt þeim sé Kreisjugendamt hinn rétti forsjáraðili barnanna.

Dómur í máli þessu var uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 25. maí 1957. Aðiljar skutu málinu til Hæstaréttar. Sá dómur kvað upp úrskurð í málinu hinn 22. nóvember 1957 á þá leið, að „áður en dómur gengur í máli þessu í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 að gefa aðiljum kost á að afla eftirtalinna gagna:

1. Afla álits tveggja dómkvaddra sérkunnáttumanna í sálarfræði og uppeldisfræði um það, hvort ástæða sé til þess að ætla, að afhending sú og flutningur úr landi, sem krafizt er af hálfu aðaláfrýjanda á börnum þeim, er í málinu greinir, muni hafa skaðleg áhrif á sálarlíf barnanna.

2. Að leggja álitsgerð hinna dómkvöddu manna fyrir barnaverndarráð og fá umsögn þess um málið".

Til þess að gefa álit þetta voru dómkvaddir á bæjarþinginu þeir dr. Broddi Jóhannesson og dr. Matthías Jónasson.

Álitsgerð þeirra er dagsett 21. desember f. á. Er vitnamál þetta rekið hér fyrir bæjarþinginu vegna álitsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna.

Hafa matsmenn báðir verið hér fyrir dómi sem vitni. Lögmaður vitnastefnda hefur skorað á matsmanninn dr. Matthías Jónasson að „leggja fram bókanir sínar um gáfnapróf yfir börnunum Gunnari og Thoru Deutschländer og um aðrar athuganir hans um börnin".

Matsmaðurinn hefur neitað að verða við þessari áskorun lögmannsins, þar sem slíkt væri eigi venja sálfræðinga og lækna sem dómkvaddra sérfræðinga.

Lögmaðurinn krafðist þess, að úrskurðað yrði um skyldu matsmannsins til að leggja fram bókanir þessar. Var atriðið því tekið til úrskurðar.

Í álitsgerð matsmanna segir, að börnin hafi verið greindarprófuð með íslenzku stöðluðu (standardiseruðu) prófkerfi af Binet-Terman gerð. Matsmaðurinn dr. Matthías hefur upplýst fyrir dóminum, að kerfi þetta sé útbreitt og viðurkennt prófkerfi á þessu sviði og mjög mikið notað. Bókanir í sambandi við prófanir fari eftir ákveðnum reglum, sem prófkerfið mælir fyrir um, og að bókanirnar séu eingöngu merki og tákn, sem aðeins sé á færi sérmenntaðra manna í sálar- og uppeldisfræðum að lesa úr. Að þessu athuguðu þykir eigi ástæða til að skylda matsmanninn til að leggja fram bókanir þessar.

Matsmenn eru dómkvaddir sem hæfir og óvilhallir sérkunnáttumenn á því sviði, er álits þeirra er óskað um. Í álitsgerð þeirri,

er hér liggur fyrir, er vísað til ýmissa gagna, er matsmenn hafa haft til umráða, svo og til ýmissa atriða, er þeir hafa talið máli skipta um álit sitt. Þá hafa matsmenn gefið margháttaðar skýringar hér fyrir dóminum varðandi álitsgerðina. Verður því eigi talið efni standa til að skylda matsmanninn til að leggja fram bókanir um aðrar athuganir hans á börnunum, sem hann kann að hafa gert.

Samkvæmt þessu framanskráðu verður matsmaðurinn dr. Matthías Jónasson ekki skyldaður til að leggja fram bókanir þær, sem krafizt er af lögmanni vitnastefndu.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktun:

Matsmanninum, dr. Matthíasi Jónassyni, er eigi skylt að leggja fram framangreindar bókanir.

Miðvikudaginn 5. marz 1958.

Nr. 23/1958. **Sveinbjörn Þorsteinsson, Bjarni Þorsteinsson og Sigríður Sigurjónsdóttir**
gegn
Gústaf A. Sveinssyni f. h. Kreisjugendamt í Eckernförde.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Synjað um að leggja spurningar fyrir matsmann. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa 22. janúar þ. á. kært úrskurð héraðsdómara til Hæstaréttar, og barst sú kæra dóminum 17. f. m. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, þannig að synjað verði um að leggja greindar spurningar fyrir matsmanninn Matthías Jónasson og varnaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðiljans Sveinbjörns Þorsteinssonar og matsmannsins Matthíasar Jónassonar.

Matsmennirnir báðir, Matthías Jónasson og Broddi Jóhannesson, hafa lýst því fyrir dómi, að þeir hafi ekki kynnt sér heimili það, sem spurningar 1 a–e lúta að. Eru spurningar þessar því þýðingarlausar og verða þær því ekki lagðar fyrir matsmanninn Matthías Jónasson, sbr. 3. mgr. 133. gr. laga nr. 85/1936.

Einnig verður að telja, að matsmenn hafi veitt fullnægjandi svör við 2. spurningu í álitsgerð sinni og sé spurningin því þýðingarlaus. Ber því og að synja þess, að sú spurning verði lögð fyrir matsmanninn Matthías Jónasson.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og skal ekki leggja framangreindar spurningar fyrir matsmanninn Matthías Jónasson.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 22. janúar 1958.

Mál þetta er rekið fyrir bæjarþinginu sem vitnamál. Vitnastefnendur eru Sveinbjörn Þorsteinsson, Reykjavík, og Bjarni Þorsteinsson og Sigríður Sigurjónsdóttir, hjón að Hurðarbaki í Borgarfirði, en vitnastefndi er Gústaf A. Sveinsson f. h. Kreisjugendamt í Eckernförde í Þýzkalandi.

Það er forsaga vitnamáls þessa, að Sveinbjörn Þorsteinsson bjó um skeið með þýzkri stúlku, Gundela Louise Deutschländer að nafni, en eigi voru þau gift. Sveinbjörn og Gundela Louise áttu saman tvö börn, Gunnar Deutschländer, fæddan í Slesvík 21. nóvember 1953, og Thoru Deutschländer, fædda í Reykjavík 5. febrúar 1955. Hinn 12. maí 1956 andaðist Gundela Louise. Börnunum mun þá hafa verið komið fyrir hjá hjónunum Bjarna og Sigríði að Hurðarbaki í Borgarfirði, en Bjarni er bróðir Sveinbjarnar. Stúlkubarnið mun hafa dvalið hjá þeim hjónunum óslitið síðan, en drengurinn mun hafa dvalið með föður sínum á heimili hans og

Svölu Einarsdóttir hér í Reykjavík frá því um haustið 1956 fram til vorsins 1957, en farið þá með þeim að Hurðarbaki og dvalið þar með þeim sumarið, en þá farið til Bjarna og Sigríðar að Hurðarbaki og dvalið þar síðan.

Í októbermánuði 1956 höfðaði Kreisjugendamt i Eckenförde sem yfirlögráðandi framangreindra barna mál á hendur Sveinbirni Þorsteinssyni og krafðist þess, að hann léti bæði börnin af hendi til sín. Byggði Kreisjugendamt þessa kröfu sína í málinu á því, að börnin væru þýzkir ríkisborgarar. Um afstöðu þeirra bæri því að fara að þýzkum lögum, en samkvæmt þeim sé Kreisjugendamt hinn rétti forsjáraðili barnanna.

Dómur í máli þessu var uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 25. maí 1957. Aðiljar skutu málinu til Hæstaréttar. Sá dómur kvað upp úrskurð í málinu hinn 22. nóvember 1957 á þá leið, að „áður en dómur gengur í máli þessu í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 að gefa aðiljum kost á að afla eftirtalinna gagna:

1. Afla álits tveggja dómkvaddra sérkunnáttumanna í sálarfræði og uppeldisfræði um það, hvort ástæða sé til þess að ætla, að afhending sú og flutningur úr landi, sem krafizt er af hálfu aðaláfrýjanda á börnum þeim, er í málinu greinir, muni hafa skaðleg áhrif á sálarlíf barnanna.

2. Að leggja álitsgerð hinna dómkvöddu manna fyrir barnaverndarráð og fá umsögn þess um málið".

Til þess að gefa álit þetta voru dómkvaddir á bæjarþinginu þeir dr. Broddi Jóhannesson og dr. Matthías Jónasson.

Álitsgerð þeirra er dagsett 21. desember f. á. Er vitnamál þetta rekið hér fyrir bæjarþinginu vegna álitsgerðar hinna dómkvöddu matsmanna.

Í þinghaldi hinn 14. þ. m. var fyrir dóminum annar matsmannanna dr. Matthías Jónasson. Meðal annarra spurninga, er lagðar voru fyrir matsmanninn af hálfu vitnastefnda, voru þessar:

„1. Samkvæmt ágripi II, bls. 34, er áformað af hálfu Sveinbjarnar Þorsteinssonar og Svölu Einarsdóttur, að þau ali upp Gunnar Deutschländer, en Thoru systur hans hafa Hurðabakshjónin boðizt til að ala upp. Í því sambandi óska ég að spyrja matsmanninn:

a) Hafa matsmenn skoðað heimili Sveinbjarnar Þorsteinssonar og Svölu Einarsdóttur?

b) Hversu eru heimilishagir þeirra?

c) Hvernig telur matsmaðurinn, að mundi vera samkomulag milli húsfreyjunnar Svölu og Gunnars?

d) Hversu myndi um sambúð barna þeirra Sveinbjarnar og Svölu, fæddra 1945, 1949 og 1950, við hinn óskilgetna son Sveinbjarnar, Gunnar Deutschländer?

e) Telur matsmaðurinn slíkt heimili munu vera heppilegt til uppeldis Gunnari?

2. Er heppilegt vegna uppeldis barnanna, að þau alist upp sitt í hvoru lagi, svo sem áformað er af Sveinbirni Þorsteinssyni (sbr. ágrip II, bls. 34)?"

Lögmaður vitnastefnanda mótmælti því, að spurningar þessar yrðu lagðar fyrir matsmanninn, þar sem formáli sá, sem fyrir spurningunni er hafður, sé rangur. Sveinbjörn Þorsteinsson hafi lýst því yfir fyrir dómi, að hann sé fallinn frá þeirri fyrirætlan, að drengurinn Gunnar alist upp hjá honum og Svölu Einarsdóttur. Var atriðið því tekið til úrskurðar.

Matsmenn hafa við samningu álitsgerðarinnar haft til umráða dómskjöl öll í Hæstaréttarmáli því, sem rekið er milli málsaðilja og er forsenda vitnamáls þessa. Einnig hafa matsmenn fyrir dómi svarað spurningum varðandi heimili Sveinbjarnar Þorsteinssonar og Svölu Einarsdóttur svo og samband drengsins Gunnars við það heimili. Þykir því eigi vera neitt til fyrirstöðu því, að framangreindar spurningar verði lagðar fyrir matsmanninn dr. Matthías Jónasson.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktun:

Heimilt er að leggja framangreindar spurningar fyrir vitnið dr. Matthías Jónasson.

Miðvikudagur 5. marz 1958.

Nr. 61/1957. **Gunnlaugur E. Briem**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Hjálmari Pálssyni. (Vilhjálmur Jónsson hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Krefst hann þess **aðallega,** að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1471.22, en **til vara** aðra lægri fjárhæð, þó hærri en ákveðin er í héraðsdómi. Þá krefst áfrýjandi og 6% ársvaxta af dæmdri fjárhæð frá 1. desember 1954 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki verður staðhæft samkvæmt gögnum málsins, að áfrýjandi hafi látið bifreið sína standa nær gatnamótum Vonarstrætis og Tjarnargötu en löglegt er. Með þessari athugasemd, en að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms, þykir stefndi eiga að bæta áfrýjanda tjón hans að ⅔ hlutum, en ⅓ hluta tjóns síns beri áfrýjandi sjálfur.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda ber að greiða áfrýjanda kr. 980.81 með vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Hjálmar Pálsson, greiði áfrýjanda, Gunnlaugi E. Briem, kr. 980.81 með 6% ársvöxtum frá 1.

desember 1954 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. október 1956.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 20. þ. m., hefur Gunnlaugur E. Briem ráðuneytisstjóri, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. marz 1955, gegn Hjálmari Pálssyni bifreiðarstjóra, Blönduósi, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.471.22 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. desember 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans, en í hinum munnlega málfltuningi gerði hann þá varakröfu, að krafa stefnanda yrði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Samvinnutryggingum, hér í bæ, er stefnt til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið, H 4, var vátryggð hjá því félagi. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Föstudaginn 29. október 1954, skömmu eftir hádegi, varð árekstur í Vonarstræti hér í bæ, rétt austan við mót þess og Tjarnargötu. Rákust þar saman fólksbifreiðin R 2019, eign stefnanda, og H 4, stór vörubifreið, eign Kaupfélags Húnvetninga, Blönduósi.

Stefnandi, sem sjálfur ók bifreið sinni í umrætt sinn, kveðst hafa skilið hana eftir örstutta stund í Vonarstræti, austan við nefnd gatnamót, meðan hann skrapp inn í mjólkurbúð, sem er þarna skammt frá. Er hann hafi lokið erindum sínum þar, hafi hann ætlað að aka af stað, en er bifreiðin hafi aðeins verið farin að hreyfast úr stað, hafi hann orðið þess var, að stór vörubifreið ók meðfram hægri hlið bifreiðar sinnar. Hafi bifreið þessari verið sveigt til vinstri fram fyrir bifreið sína, en um leið hafi hún rekizt í hægra framaurbretti og framvarahorn bifreiðar sinnar. Kveðst stefnandi þegar hafa stöðvað bifreið sína. Stefnandi kveður þau spjöll hafa orðið á bifreið sinni við áreksturinn, að hægra framaurbretti hafi rifnað og framvarinn losnað frá.

Vörubifreið sú, sem um var rætt, reyndist vera H 4, og ók stefndi henni. Hefur hann skýrt svo frá, að er hann kom að

nefndum gatnamótum, hafi hraði bifreiðar sinnar verið mjög lítill. Hann hafi séð bifreið stefnanda, sem staðið hafi á sínum vinstra helmingi Vonarstrætis, rétt við gatnamótin. Hafi bifreið þessi staðið kyrr, er hann ók meðfram henni, og því hafi hann ekki gefið hljóðmerki. Bifreið sín sé mjög löng og breið, og þar eð hann hafi ætlað að aka suður Tjarnargötu, hafi hann orðið að taka beygjuna til vinstri nokkuð krappa, því að ella hefði hann ekki „náð" henni. Framendi bifreiðar sinnar hafi sloppið fram hjá R 2019, en vinstra ytra afturhjól bifreiðar sinnar og hægri framendi 2019 lent saman. Stefndi kveðst ekki hafa orðið árekstursins var, en heyrt hávaðann, er honum var samfara, og því stöðvað bifreið sína.

Löggæzlumenn komu á vettvang skömmu eftir áreksturinn, og var gerður uppdráttur af gatnamótunum, þar sem sýnd er staða bifreiðanna eftir áreksturinn. Uppdráttur þessi liggur frammi í málinu, og telja báðir aðiljar, að hann sé réttur. Samkvæmt honum hefur framendi bifreiðar stefnanda verið um tvo metra frá gatnamótunum eftir áreksturinn, miðað við gangstéttarbrún.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að stefnandi hafi átt alla sök á árekstrinum, með því að aka á bifreið hans, enda hafi hann (stefndi) ekki getað varnað árekstri, þar sem bifreið stefnanda hafi ekki verið í augsýn hans, er stefnandi ók henni af stað.

Dómarinn hefur farið á vettvang og kynnt sér allar aðstæður. Er breidd Vonarstrætis á þessum slóðum rúmlega 7½ metri, en Tjarnargata er rúmlega 6 metra breið sunnan gatnamótanna. Samkvæmt upplýsingum frá Bifreiðaeftirliti ríkisins er bifreið sú, er stefndi ók, 2,27 m á breidd, en að sögn hans sjálfs er bifreiðin mjög löng. Er af þessu ljóst, að lítið svigrúm hefur verið á gatnamótunum fyrir bifreiðina. Að því athuguðu og þegar þess er jafnframt gætt, að bifreið stefnanda stóð á Vonarstræti allnærri gatnamótunum, þá er sýnt, að sérstök ástæða var fyrir stefnda að sýna ýtrustu varúð, er hann sveigði bifreið sinni inn í Tjarnargötu. Á þetta þykir hafa skort. Þá vanrækti stefndi að gefa hljóðmerki, er hann ók framhjá bifreið stefnanda, en telja verður, að það hafi verið sjálfsögð varúðarráðstöfun, eins og á stóð. Með skírskotun til alls þessa, þykir stefndi hafa átt nokkra sök á árekstrinum.

Á hinn bóginn sýndi stefnandi gáleysi með því að aka af stað, án þess að hyggja áður að umferð austan Vonarstrætis, en sýnt þykir, að það hafi hann vanrækt, því að ella hefði

hann hlotið að sjá bifreið stefnda, fyrr en raun varð á. Þá þykir og sýnt, að hann hafi lagt bifreið sinni nær gatnamótunum en löglegt er, sbr. 34. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir rétt, að stefndi bæti stefnanda tjón hans að hálfu.

Í málinu liggja frammi reikningar varðandi viðgerðarkostnað á skemmdum þeim, sem urðu á bifreið stefnanda í árekstrinum. Kemur fjárhæð reikninga þessara, sem stefndi hefur ekki vefengt, heim við stefnukröfuna. Samkvæmt framansögðu verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda helming þeirrar fjárhæðar, kr. 735.61 ásamt vöxtum, svo sem krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 400.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Hjálmar Pálsson, greiði stefnanda, Gunnlaugi E. Briem, kr. 735.61, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. desember 1954 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. marz 1958.

Nr. 74/1957. **Jón Erlendsson** (Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
Aron Guðbrandssyni (sjálfur)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Ágreiningur um rétt til lykils að hliði. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 3. maí 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt óheimilt að hafa lykil að læsingu hliðs þess, sem í héraðsdómi greinir, og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. júní 1954 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt rökum héraðsdóms og þar sem eigi verður séð, að gagnáfrýjandi hafi hreyft í tæka tíð fjárkröfum samkvæmt 1. og 3.—6. lið héraðsdóms, verða nefndar kröfur gagnáfrýjanda eigi teknar til greina. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 12. nóvember 1956.

Ár 1956, mánudaginn 12. nóvember, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem háð var á skrifstofu embættisins af Birni Sveinbjörnssyni, settum sýslumanni, kveðinn upp dómur í bæjarþingsmálinu: Aron Guðbrandssson gegn Jóni Erlendssyni, sem dómtekið var 24. f. m.

Mál þetta var höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu, útgefinni 9. júní 1954, af Aroni Guðbrandssyni forstjóra, Grenimel 32 í Reykjavík, gegn Jóni Erlendssyni, bónda á Mógilsá á Kjalarnesi, og eru dómkröfur stefnanda þessar:

1. Að stefnda verði dæmt óheimilt að hafa lykil að læsingu á hliði stefnanda á vegi hans við þjóðveginn og

2. að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda bætur fyrir miska, óþægindi og tjón að fjárhæð kr. 25.000.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Sáttatilraun fyrir sáttanefnd varð árangurslaus.

Mál þetta var með samkomulagi aðilja flutt í bæjarþingi Hafnarfjarðar og rekið þar.

Dómur gekk í máli þessu hér í bæjarþinginu hinn 5. apríl 1955. Var þeim dómi áfrýjað og með dómi Hæstaréttar 20. apríl s.l. var undirréttardómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað aftur til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Málavextir eru þessir:

Með leigusamningi, dagsettum 19. maí 1940, fékk stefnandi máls þessa, Aron Guðbrandsson, á leigu hjá þáverandi bónda á Mógilsá á Kjalarnesi landspildu úr landi jarðarinnar til 50 ára. Árið eftir lagði hann akveg frá þjóðvegi heim að landsspildunni og byggði svo á henni vandaðan sumarbústað. Vegurinn heim að sumarbústaðnum var að nokkru leyti lagður yfir tún og túnstæði jarðarinnar skammt frá Hvítá, en áin ræður landamerkjum jarðarinnar. Varð þannig nokkur landspilda milli vegarins og árinnar. Við þjóðveginn reisti stefnandi vandað hlið við veginn, en þar hafði verið áður hliðlaus girðing. Hliði þessu var lokað með trégrind og læsti stefnandi því með hengilási, en lét ábúanda jarðarinnar í té lykil að lásnum. Á árinu 1949 kom upp ágreiningur milli aðilja út af lokun hliðsins. Taldi stefndi stefnanda ekki hafa heimild til að læsa hliðinu. Dómur gekk í héraði um þennan ágreining 24. júní 1950 og var stefnanda, Aroni Guðbrandssyni, þar heimilað að læsa hliðinu með lási gegn því, að stefndi, Jón Erlendsson, fengi afhentan lykil að lásnum. Dómur þessi var staðfestur í Hæstarétti 27. janúar 1954. Ýmis konar ágreiningur hefur orðið milli aðilja allt síðan á árinu 1949 og hafa þeir m. a. deilt um afnot vegarins heim að sumarbústaðnum, um eignarréttinn að veginum svo og um það, hvort stefnanda máls þessa væri heimilt að girða meðfram veginum. Höfðaði stefnandi mál á hendur stefnda, þar sem hann gerði m. a. kröfu til þess, að vegurinn væri sín einkaeign og honum yrði dæmd heimild til að girða veginn af. Gekk dómur í þessu máli í héraði 25. júlí 1953. Þeim dómi var síðan áfrýjað til Hæstaréttar og var málið dæmt þar 10. apríl 1954 með þeirri niðurstöðu, að viðurkennt er, að stefnandinn, Aron Guðbrandsson, sé einkaeigandi að vegarmannvirki því, sem liggur af þjóðvegi að leigulandi hans og sumarbústað í landi jarðarinnar Mógilsár, og honum heimilað að afgirða veginn með sléttum vír, enda setji hann 4 hlið, þ. e. tvær hliðasamstæður, á girðinguna á nánar til-

teknum stöðum. Stefnandi hefur nú girt veginn, svo sem hæstaréttardómurinn segir til, og m. a. sett á girðinguna 4 hlið.

Enda þótt þannig hafi fengizt úrlausn á ýmsum deilumálum aðilja með fyrrgreindum dómum, telur stefnandinn, Aron Guðbrandsson, sig hafa orðið fyrir ýmsum öðrum búsifjum af hendi stefnda, Jóns Erlendssonar. Hefur hann því talið sig tilneyddan að höfða mál þetta til að ná rétti sínum í viðskiptum þeirra. Þá telur hann og, að forsendur séu algerlega brostnar fyrir því, að stefndi hafi lengur lykil að lásnum á hliðinu. Þykir hagkvæmt að taka kröfurnar hverja fyrir sig og lýsa atvikum málsins í sambandi við hverja fyrir sig.

I.

Fyrri aðalkrafa stefnandans er sú, að stefnda verði dæmt óheimilt að hafa lykil að læsingu á hliði stefnanda við þjóðveginn, en kröfur þessar virðist bera að skilja þannig, að hann vilji fá dómsorð um það, að stefndi hafi fyrirgert rétti sínum að nefndum lykli. Þegar dómur gekk í héraði hinn 24. júní 1950 um rétt stefnanda til þess að læsa hliðinu, var stefndi búinn að fjarlægja lásinn frá hliðinu, en vísaði þá á hann aftur. Stefnandinn, Aron Guðbrandsson, læsti hliðinu með hengilási hinn 30. september 1950, eftir því sem hann segir sjálfur. Hafði stefndi lykil að þeim lási. Stefnandi segir, að viku síðar hafi lásinn verið horfinn, og hefur stefndi viðurkennt, að hann hafi fjarlægt lásinn og hengt hann upp á vír, sem strengdur er milli efri enda hliðstólpanna. Hefur stefndi aldrei viljað viðurkenna rétt stefnanda til þess að læsa hliðinu og ekki heldur eignarrétt hans að veginum. Hliðið var síðan ólæst, þar til í desember 1954, að stefnandi læsti því á nýjan leik með nýjum lási og fékk stefnanda lykil að honum. Stefnandi telur, að stefndi hafi með þessu fyrirgert rétti sínum til lykilsins. Í forsendum að dómi Hæstaréttar 26. janúar 1954 segir, að vegurinn sé lagður með samkomulagi stefnanda og eiganda Mógilsár. Þar segir enn fremur, að eðlilegasta skýringin á þessu samkomulagi sé sú, að stefndi hafi einkaafnot vegar þessa að öðru leyti en því, að ábúandi megi stefnanda að skaðlausu hafa nauðsynleg afnot af veginum vegna landsnytjanna. Síðan þessi dómur gekk, hefur dómur gengið um það í Hæstarétti, sem fyrr greinir, að stefnandi sé einkaeigandi vegarmannvirkisins. Upplýst er í máli því, sem hér liggur fyrir, að nú hefur stefndi lagt veruleg drög að því að leggja veg af þjóðveginum inn á land sitt, sunnan vegarins heim að sumarbústaðnum. Upplýst er, að stefndi hefur notað sér lykil þann, sem hann

hafði að lásnum, til þess að fjarlægja lásinn og skilja hliðið þannig eftir ólæst, eftir að dómur gekk í héraði árið 1950. Verður dómurinn að telja, að stefndi hafi með því fyrirgert rétti sínum til að hafa lykil að lási þessum og fara í gegnum hliðið. Verður að vísu að telja, að hann hafi þegar verið búinn að fyrirgera þessum rétti, þegar dómur gekk í Hæstarétti 1954, en stefnandi hefur haldið því fram, að láðzt hafi af sinni hálfu að gagnáfrýja til að fá réttindi stefnda til lykilsins niðurfelldan. Í sambandi við þessa niðurstöðu er einnig höfð hliðsjón af því, að ekki verður séð, að stefnda sé bein nauðsyn á því að fara í gegnum hlið þetta, þar sem hann getur nú farið inn á land sitt, sem er sunnan vegarins, um hliðarsamstæðurnar tvær á girðingunni meðfram veginum heim að sumarbústaðnum. Þá á stefndi og lítið eftir til að gera færa leið beint af þjóðveginum inn á landspilduna, en áður en vegur stefnanda var lagður, var ekki fært af þjóðveginum inn á túnið á þessum slóðum.

II.

Stefnandi hefur krafizt þess, að stefndi greiði sér kr. 25.000.00 í skaðabætur. Sundurliðar hann kröfur sínar þannig:

1. Bætur fyrir heytjón	kr.	1.200.00
2. Bætur fyrir hengilás og lykil	—	24.00
3. Bætur fyrir brotna hliðgrind	—	450.00
4. Bætur fyrir vegarafnot	—	5.000.00
5. Bætur fyrir óþægindi af ólöglegu hliði	—	1.000.00
6. Bætur fyrir miska og minnkandi notagildi eigna	—	17.326.00

Í greinargerð fyrir skaðabótakröfunni, dagsettri 8. marz 1955, eru kröfur þessar flokkaðar á sama hátt og gert er hér að framan, en flestir kröfuliðanna eru þar allmiklu hærri, þannig að þeir nema samtals kr. 78.779.00. Með framhaldsgreinargerð, dagsettri 23. júní s.l., sundurliðar stefnandi svo bótakröfuna á þann hátt, sem að framan greinir, til samræmis við stefnukröfuna. Stefndi hefur algerlega mótmælt öllum þessum kröfuliðum. Skal nú rætt um einstaka liði bótakröfunnar.

1. Fram til ársins 1949 var landspilda stefnandans umhverfis sumarbústað hans innan túngirðingarinnar á Mógilsá, án þess að hún væri sérstaklega afgirt, en það vor, um miðjan júní, breytti stefndi túngirðingunni á þann hátt, að blettur stefnanda varð utan við túngirðinguna. Telur stefnandi, sem þá var búinn að rækta blettinn, að þessi breyting á túngirðingunni, sem gerð hafi verið sér óafvitandi, hafi orðið til þess, að gripir frá stefnda

hafi um sumarið bitið blettinn og eyðilagt allan heyfeng af honum. Heyfenginn telur hann mundu hafa verið 15 hestburðir af töðu, sem með þágildandi varðlagi hefðu kostað kr. 1200.00. Kröfu þessari er algerlega mómælt af hálfu stefnda á þeim forsendum, að hann beri enga ábyrgð á því, þótt hross kæmust inn á blett stefnda, enda kveðst hann hafa verið búinn að margbiðja hann að girða blettinn. Það telst upplýst í máli þessu, að stefnandi hafi komizt að því af eigin sjón um Jónsmessuleytið þetta vor, að búið var að breyta girðingunni, en ekki gerði hann ráðstafanir til þess að girða blettinn fyrr en í ágústmánuði um sumarið.

Telja verður, að stefnda hafi verið heimilt að færa túngirðingu sína eftir vild og hæpið verður að telja, að stefndi beri bótaábyrgð á því, þótt gripir hans eða annarra færu inn á ógirtan blett stefnanda. En einkum er þó á það að líta, að stefnandi hefði getað fyrirbyggt tjón sitt að mestu, með því að girða blett sinn jafnskjótt og hann sá, að búið var að færa girðinguna. Af þessum ástæðum þykir ekki fært að taka þennan kröfulið til greina.

2. Samkvæmt því, sem upplýst er í máli þessu, læsti stefnandi hliðinu með hengilási, sem stefndi hafði lykil að, haustið 1950. Nokkru síðar tók stefndi lásinn og hengdi hann upp á vírinn, sem er á milli efri enda hliðstólpanna. Síðan týndist lásinn. Stefnandi telur, að lásinn og lykillinn hafi kostað kr. 24.00 og beri stefnda að greiða sér þá upphæð, þar sem hann beri ábyrgð á því, að lásinn glataðist. Stefndi hefur algerlega mótmælt þessari kröfu, en þó er út af fyrir sig ekki véfengt, að lásinn og lykillinn hafi verið 24 króna virði.

Telja verður, að stefndi hafi ekki haft neina heimild til þess að taka lásinn frá hliðinu, sem stefnandi hafði rétt til að hafa læst. Þessi verknaður stefnda verður að teljast ástæðan til þess, að lásinn týndist, og ber því að taka þennan kröfulið til greina.

3. Stefnandi hefur skýrt svo frá, að grindin í hliðinu við þjóðveginn hafi fokið upp í desember 1952 og brotnað í tvennt. Telur hann sig hafa orðið fyrir tjóni af þessum sökum, sem nemi kr. 450.00, en það er samkvæmt vottorði Timburverzlunar Árna Jónssonar verð á efni í nýja hliðargrind af sömu gerð og þá, sem í hliðinu var. Telur stefnandinn, að stefndi beri ábyrgð á því, að hliðgrindin brotnaði, þar sem hann hafi fjarlægt lásinn frá hliðinu og þar með hafi hliðið ekki verið jafntryggilega lokað og áður. Stefndi segir það rétt vera, að hliðgrindin hafi

fokið upp í roki og brotnað og kveðst hafa neglt hana saman aftur. Hins vegar hefur hann algerlega mótmælt því, að hann beri nokkra ábyrgð á því, að hliðgrindin brotnaði.

Það er að vísu upplýst, sbr. það, sem áður er sagt, að stefndi hafði tekið lásinn frá hliðinu, en hins vegar verður að telja, að hliðið hafi eftir sem áður verið lokað með þeim hætti, sem venja er um hlið á girðingum, og tvö ár liðu, frá því að lásinn var tekinn og þar til grindin brotnaði. Verður því ekki talið, að stefndi beri ábyrgð á þessu tjóni, og verður því þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

4. Stefnandi hefur krafizt þess, að stefndi greiði sér kr. 5000.00 fyrir afnot af veginum heim að sumarbústaðnum eða kr. 1000.00 á ári s.l. 5 ár fyrir stefnudag. Er upphæð þessi við það miðuð, að stefndi hafi notað veginn meira og verr en stefnandi og reiknuð út með hliðsjón af kostnaðarverði vegarins í upphafi. Kröfuliðum þessum er algerlega mótmælt af stefndum.

Samkvæmt margnefndum hæstaréttardómum frá 1954 er stefnda heimil viss notkun vegarins. Ekki verður talið sannað gegn mótmælum stefnda, að stefndi hafi notað veginn meira en hann þurfti og ekki er upplýst, að notkun stefnda á veginum hafi valdið stefnda spjöllum eða orðið til þess, að viðhald hans ykist. Hefur og stefnandi aldrei farið fram á það fyrr, að stefndi kostaði viðhald á veginum. Af þessum sökum þykir ekki fært að taka þessa kröfu til greina.

5. Stefnandinn heldur því fram, að stefndi hafi girt ólöglega yfir veg sinn heim að sumarbústaðnum. Samkvæmt því, sem fram kemur í málinu, girti stefndi vorið 1951 yfir veginn, sem stefndi hafði lagt, en á veginum var hlið á girðingunni með trégrind í. Hlið þetta og girðing var sumurin 1951, 1952 og 1953. Skaðabótakrafa stefnandans er á því byggð, að hann hafi þurft að opna þetta hlið 378 sinnum umrædd sumur og telur hann það 10.00 króna virði í hvert skipti að opna hliðið í hvert sinn eða samtals kr. 3.780.00, en þessa upphæð hefur hann þó í viðbótargreinargerð lækkað niður í kr. 1000.00.

Það er ekki sannað í máli þessu gegn mótmælum stefnda, að umrætt hlið hafi verið óþarft og sett til tálmunar fyrir stefnanda, en stefndi heldur því fram, að sér hafi verið nauðsynlegt að gera girðinguna og setja hliðið til að verja tún sitt. Er og upplýst með vottorði, sem stefnandi hefur lagt fram í máli þessu, að gripir hafi farið í gegnum hlið stefnanda, er starfsmenn hans höfðu skilið það eftir opið. Annars verður dómurinn

að telja það fjarstæðu að krefjast fjár fyrir að opna eða loka hliði, sem menn þurfa að fara í gegnum. Þessi kröfuliður stefnandans virðist því ekki á rökum reistur, enda er honum algerlega mótmælt af stefnda og verður hann ekki tekinn til greina.

6. Stefnandi hefur krafizt þess, að stefndi greiði sér kr. 17.326.00 í skaðabætur fyrir margháttaðan miska og minnkandi notagildi eigna sinna á Mógilsá síðustu 5 árin fyrir stefnudag. Kröfu þessa, sem stefndi hefur algerlega mótmælt, byggir stefnandi á því, að stefndi hafi á ýmsan hátt bæði með orðum og athöfnum valdið því, að sér hafi verið ómögulegt að nota sumarbústaðinn jafnmikið á undanförnum árum og hann gerði fyrir 1949. Hefur stefnandi talið fram mörg atriði og atvik þessu til stuðnings, og skal nú að því vikið.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að rafmagnsstaur hafi verið settur yfir veg sinn, grjót hafi verið látið á veg sinn til að torvelda umferð og ræsi gegnum hann hafi verið stíflað með strigadruslum, grjót hafi verið sett í vatnsból og rúður brotnar í sumarbústaðnum. Virðist stefnandi telja, að stefndi hafi annaðhvort gert þetta eða látið gera það og beri ábyrgð á þessu. Af hálfu stefnda er því algerlega mótmælt, að stefndi hafi átt nokkurn þátt í þessu og verður það að teljast alveg ósannað.

Nú heldur stefnandi því fram, að stefndi hafi girt meðfram vegi sínum, svo að tjón hafi hlotizt af. Gegn mótmælum stefnda verður ekki talið, að stefnandi hafi orðið fyrir neinu tjóni af þessum sökum, enda hefur hann ekki fært að því nein rök.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi dag einn um vor brennt sinu til að valda sér óþægindum. Gegn mótmælum stefnda verður það ekki talið sannað, að sá hafi verið tilgangurinn, enda alsiða, að bændur brenni sinu á vordögum. Ósönnuð verður að teljast gegn mótmælum stefnda sú staðhæfing stefnanda, að stefndi hafi hengt úldnar kýrhildir í hlið hans.

Þá heldur stefnandi því fram, að stefndi hafi gengið þannig frá girðingum sínum, að sumarbústaðurinn og vegurinn að honuum hafi verið inni í sérstakri girðingu, sem stefndi hafði þarfanaut sitt í sumarið 1951. Stefndi heldur því fram ómótmælt, að naut þetta hafi verið 8 mánaða í júní um sumarið. Ekki verður séð, að stefnandi hafi kært yfir þessu eða gert neina kröfu á hendur stefnda vegna þessa fyrr en í þessu máli, enda verður ekki séð, ,að stefnandi hafi hlotið af þessu beint tjón.

Þá hefur stefnandi haldið því fram, að stefndi og fólk hans

hafi oft ráðizt á sig og sitt fólk með skömmum og hótunum og að stefndi hafi lagt hendur á sig. Hefur hann nefnt nokkur dæmi til stuðnings þessu. Stefndi hefur algerlega neitað því, að hann hafi lagt hendur á stefnanda, en þvert á móti haldið því fram, að stefnandi hafi reitt að sér skóflu til höggs. Verður hvorugt talið sannara en hitt. Stefndi hefur neitað því að hafa viðhaft meiðyrði við stefnanda, en upplýst má telja, að til einhverra orðahnippinga hafi komið milli þeirra og einnig á milli stefnda og starfsmanna stefnanda. Hins vegar virðast upplýsingar þær, sem um það eru fram komnar, ekki þannig, að þær renni fullnægjandi stoðum undir neinar bótakröfur stefnanda.

Stefnandi heldur því fram, að fram til málsins 1949 hafi hann að jafnaði dvalizt í sumarbústað sínum 4 mánuði ár hvert, en síðan aðeins í 2½ mánuð árlega, og stafi það eingöngu af ofsóknum stefnanda í sinn garð, sem vikið er að hér að framan. Stefnandi heldur því og fram, að miðað við fjögurra mánaða notkun sumarbústaðarins árlega, kosti hann sig kr. 6.775.00 á mánuði. Nú hafi stefndi með framkomu sinni rýrt notagildi sitt af bústaðnum um 37,5% og nemi það kr. 10.162.50 á ári eða kr. 60.975.00 í 6 ár, en þessa upphæð hefur stefnandi svo lækkað í kr. 17.326.00 til samræmis við stefnukröfuna.

Eins og fyrr segir, eru atriði þau, sem stefnandi færir fram til stuðnings þessari kröfu sinni, flest ósönnuð, en í öðrum tilfellum er ekki sannað, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni. Staðreynd er og, að stefnandi hefur notað sumarbústað sinn árlega, og er ekkert fram komið í málinu, er sanni, að hann hefði ekki eins getað notað hann fjóra mánuði árlega, eins og tvo og hálfan. Af þessum ástæðum þykir ekki fært að taka þennan kröfulið til greina.

Þar sem kröfur stefnanda hafa að nokkru leyti verið teknar til greina, þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregizt nokkuð vegna embættisanna dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Jón Erlendsson, skal sviptur rétti til að hafa lykil að hliði stefnanda, Arons Guðbrandssonar, á vegi hans við þjóðveginn.

Stefndi greiði stefnandanum kr. 24.00 í skaðabætur auk

6% vaxta frá 9. júní 1956 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. marz 1958.

Nr. 133/1957. **Sigurður Magnússon Blöndal**
(Vilhjálmur Jónsson hrl.)
gegn
Símoni Sigmundssyni og gagnsök
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1957. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, en til vara lækkunar dæmdra fjárhæða og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. september 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Honum hefur verið veitt gjafsókn hér fyrir dómi með leyfi 6. þ. m. Gagnáfrýjandi gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum aðallega kr. 121.703.00, en til vara lægri fjárhæð, ásamt 6% ársvöxtum frá 21. maí 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Slys það, sem mál þetta er risið af, verður að nokkru rakið til gáleysis gagnáfrýjanda, sem lýst er í héraðsdómi. Hins vegar er eigi í ljós leitt, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, þótt aðaláfrýjandi hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni um stjórn bifreiðar sinnar, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti

með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, og hljóti talsmaður hans þar af kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Sigurður Magnússon Blöndal, greiði gagnáfrýjanda, Símoni Sigmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, og hljóti talsmaður hans, Gunnar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, þar af kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og Jóns Ásbjörnssonar.

Telja verður, að gagnáfrýjandi eigi meginsök á slysi því, er í héraðsdómi greinir, með því að leggja hönd sína, eins og aðstæður voru, ofan á hliðstaur þann, sem hann var að leiðbeina aðaláfrýjanda um að rekast ekki á. Á hinn bóginn þykir ekki fyllilega í ljós leitt, að aðaláfrýjandi hafi gætt fullrar varúðar um að fylgjast með gagnáfrýjanda og beri aðaláfrýjanda því samkvæmt ákvæðum 34. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 að bæta gagnáfrýjanda tjón hans að hluta. Þykir eftir atvikum rétt, að aðaláfrýjandi bæti tjón þetta að ⅓ hluta, en að öðru leyti beri gagnáfrýjandi það sjálfur.

Tjón gagnáfrýjanda er hæfilega metið í héraðsdómi, og verður dómsorð okkar samkvæmt framansögðu því þannig:

Aðaláfrýjandi, Sigurður Magnússon Blöndal, greiði gagnáfrýjanda, Símoni Sigmundssyni, kr. 20.000.00 með 6% ársvöxtum frá 21. maí 1955 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og renni kr. 4000.00 af þeirri fjárhæð til talsmanns gagnáfrýjanda, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júní 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. f. m., hefur Símon Sigmundsson, kennari og bóndi, Efra-Seli, Stokkseyrarhdeppi, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. júní 1956, gegn Sigurði Magnússyni Blöndal, Ormsstöðum, Grímsnesi, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 202.700.00 eða annarrar lægri fjárhæðar að mati dómarans, auk 6% ársvaxta frá 21. maí 1955 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi, sem fengið hefur gjafsókn í málinu, málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi fjárhæð stefnukröfunnar í kr. 121.703.00, en hélt fast við kröfu sína um vexti og málskostnað.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Samvinnutryggingum, hér í bæ, er stefnt til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið, X 203, var vátryggð hjá því vátryggingarfélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 21. maí 1955 ók stefndi vöruflutningabifreið sinni X 203 að Sólheimum í Grímsnesi í því skyni að flytja þaðan farangur fyrir stefnanda, er þar hafði dvalizt um sinn. Er þangað kom, hugðist stefndi aka bifreiðinni aftur á bak í gegnum hlið eitt til að komast að farangrinum, en aðstæður til slíks voru allörðugar, þar sem hliðið var þröngt og sneri á ská að veginum, en bifreiðin breið og há skjólborð umhverfis bifreiðarpallinn, er torvelduðu útsýn bifreiðarstjórans. Er stefndi hafði gert eina árangurslausa tilraun til að aka í gegnum hliðið, kom stefnandi á vettvang og talaðist svo með þeim, að stefnandi leiðbeindi stefnda við aksturinn. Tók stefnandi sér stöðu vinstra megin við bifreiðina og lagði hægri hendi ofan á hliðstólpann þeim megin, en hliðstólparnir voru sívalir tréstaurar, steyptir í jörðu. Er stefndi ók bifreiðinni áfram, varð hægri vísifingur stefnanda á milli bifreiðarpallsins og hliðstólpans með þeim afleiðingum, að nema varð fingurinn brott.

Stefnandi skýrir svo frá, að svo hafi verið um talað milli stefnda og hans, að stefndi æki fyrst lítið eitt aftur á bak og skyldi stefnandi gefa honum merki, með því að rétta upp hendina, ef bifreiðin snerti hliðstólpann það mikið, að hætta væri á, að hann skemmdist. Kveðst stefnandi hafa tekið sér stöðu rétt aftan við vinstri aftur-

hjól bifreiðarinnar, lagt hægri hendi ofan á hliðstólpann, svo sem fyrr sagði, og horft fram með bifreiðinni. Hafi þá stefndi ekið áfram, í stað þess að aka fyrst lítið eitt aftur á bak, eins og um hafi verið rætt, en við það hafi þverbiti aftarlega á palli bifreiðarinnar lent á hliðstólpanum með fyrrgreindum afleiðingum.

Stefndi skýrir svo frá, að áður en slysið varð, hafi hann litið aftur með bifreiðinni vinstra megin, en stýri hennar er þeim megin. Hafi hann ekki séð stefnanda og álitið því, að hann stæði aftan við bifreiðina. Við nánari athugun á slysstaðnum síðar hafi hann þó komizt að raun um, að stefnandi hljóti að hafa staðið til hliðar við pallhorn bifreiðarinnar, þótt hann sæi hann ekki, er hann leit aftur með henni. Stefndi kveðst í fyrstu hafa ekið aftur á bak, svo sem um hafi verið talað, en svo lítið, að ekki sé víst, að stefnandi hafi veitt því athygli. Á hinn bóginn hafi sér orðið ljóst, er hann hóf að aka aftur á bak, að bifreiðin myndi rekast á hliðstólpann vinstra megin. Auk þess hafi sér heyrzt, að stefnandi kallaði upp og hafi hann haldið, að hann væri að vara sig við hliðstólpanum hægra megin, en stefndi kveðst hafa óttazt, að bifreiðin rækist í hann. Af þessum sökum kveðst stefndi hafa ekið bifreiðinni áfram. Hafi hann litið fram fyrir hana rétt um leið, en eigi gert stefnanda aðvart áður, þar eð hann hafi búizt við, að stefnandi stæði fyrir aftan bifreiðina.

Sjónarvottar voru engir að slysi þessu.

Stefnandi reisir kröfu sína í málinu á því, að stefndi hafi valdið slysinu með vangæzlu og stórkostlegu gáleysi. Beri hann því sem eigandi bifreiðarinnar fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlauzt.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að slysið hafi eingöngu orðið vegna vangæzlu stefnanda sjálfs. Vekur stefndi athygli á því, að hann hafi ekki grunað, að hann þyrfti að gæta þess sérstaklega, að stefnandi yrði ekki fyrir bifreiðinni, þar sem stefnandi hafi átt að leiðbeina honum við að aka í gegnum hliðið. Varakröfuna reisir stefndi á því, að ekki komi til mála að leggja á hann nema lítinn hluta sakar. Þá mótmælir hann kröfu stefnanda tölulega sem of hárri og órökstuddri.

Telja verður, að stefnandi hafi sýnt af sér slíkt gáleysi með því að leggja hendi sína ofan á hliðstólpann við þær aðstæður, sem þarna voru, að hann verði sjálfur að verulegu leyti að bera tjón það, sem af slysinu hlauzt. Á hinn bóginn sýndi stefndi ekki þá varkárni, sem af honum mátti krefjast, þar sem hann ók áfram, án þess að gera stefnanda aðvart áður og gætti þess eigi heldur,

hvar við bifreiðina stefnandi stóð. Verður honum því einnig gefin sök á slysinu.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, þykir bera að fella á stefnda fébótaábyrgð að ⅓ hluta á tjóni því, er stefnandi telst hafa beðið við slysið.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Bætur fyrir atvinnutjón	kr.	101.703.00
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti	—	20.000.00
Samtals	kr.	121.703.00

Um 1.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í Landspítalann. Læknir sá, sem við honum tók þar, mun hafa talið, að þýðingarlaust væri að reyna að græða fingurinn. Var hann því numinn brott, svo sem fyrr sagði. Mun stefnandi hafa verið talinn vinnufær að nýju hinn 20. júní 1955.

Hinn 11. október 1955 var stefnnadi skoðaður af Þórarni Sveinssyni lækni, er jafnframt mat örorku hans vegna slyssins. Í vottorði læknisins, dagsettu 18. s. m., segir m. a. á þessa leið:

„Slasaði segist vera mjög kulvís á svæðinu, þar sem fingurinn hefur verið numinn burt, og stundum fær hann verk í svæðið og finnst hann þá vera í fingrinum, enda þótt hann sé farinn. Skoðun: Fremur grannholda maður. Skýrir greinilega frá atburðum og skilmerkilega. Við almenna athugun var ekkert sérstakt að athuga. — H. hendi: Vísifingur hægri hendar hefur verið numinn burtu rétt um efstu kjúkuliðamótin, og hefur aðeins verið numið af miðhandarbeinhausnum, til þess að fá fallegra lag á hnúann. Það sést marka fyrir örinu, sem er slétt, og ber lítið á því framan í endanum. Nokkur þroti virðist aðeins vera í miðhandarbeinhausnum ennþá og er húðin einnig nokkuð rauðari en eðlilegt er á svæðinu.

Kraftur í hendinni er góður og hreyfingar í fingrum og úlnlið eðlilegar. Engin rýrnun merkjanleg.

Ályktun: Um er að ræða missi vísifingurs hægri hendar í sambandi við bíláverka.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir ½ mánuð fyrst eftir slysið 85% örorka
Fyrir ½ mánuð þar á eftir .... 50% örorka
Úr því 15% varanleg örorka".

Stefnandi er talinn fæddur 12. júní 1908. Hefur hann því verið 46 ára að aldri, er hann varð fyrir slysi því, sem um ræðir. Eigi

liggja fyrir upplýsingar í málinu um það, hvort stefnandi sé kvæntur eða hafi börn á framfæri sínu.

Stefnandi mun hafa stundað kennslustörf mikinn hluta ársins og unnið jafnframt eitthvað að heyskap á sumrum. Hann hefur ekki talið fram til skatts, en samkvæmt upplýsingum hans sjálfs voru „nettó"atvinnutekjur hans næstu árin fyrir slysið þessar: Árið 1952 kr. 31.701.15; árið 1953 kr. 29.028.55; árið 1954 (frá hausti til ársloka) kr. 11.344.25 og frá ársbyrjun 1955 til slysdags kr. 20.000.00. Með „nettó"tekjum kveðst stefnandi eiga við tekjur að frádregnum sköttum og útsvari.

Hinn 7. október 1956 gerði Guðjón Hansen tryggingafræðingur áætlun um atvinnutjón stefnanda miðað við slysdag og framangreinda örorku. Kveðst tryggingafræðingurinn hafa fengið þær upplýsingar á skrifstofu ríkisspítalanna, þannig að stefnandi hafi haft hámarkslaun barnakennara kennsluárið 1954—1955, en lágmarkslaun þeirrar stéttar fyrir þann tíma. Kennslutími hafi verið 6—8 mánuðir á ári síðustu 3 árin fyrir slysið, en laun greidd hlutfallslega þannig, að svaraði til 12 mánaða launa fyrir 9 mánaða kennslu. Leggur tryggingafræðingurinn hámarksárslaun barnakennara til grundvallar útreikningi sínum, en gerir hins vegar ekki ráð fyrir aukatekjum yfir sumarmánuðina. Með þessu móti reiknast honum verðmæti atvinnutjónsins nema alls kr. 101.703.00, en það er sú fjárhæð, sem krafizt er undir þessum lið.

Önnur atriði í reikningsgrundvellinum en að framan eru talin eru 6% ársvextir og líkur fyrir langlífi samkvæmt reynslu fyrir íslenzka karlmenn á árunum 1941—1950. Eigi er tekið tillit til lífeyrisréttinda barnakennara, en gert ráð fyrir starfi, svo lengi sem starfsorka endist.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið, ásamt öðru því, sem hér skiptir máli, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 85.000.00.

Um 2.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið um meiðsli stefnanda, og þegar þess er gætt jafnframt, hver lýti hann ber eftir slysið, þykir hæfilegt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 15.000.00.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 33.333.33 (⅓ af kr. 85.000.00 + ⅓ af kr. 15.000.00) auk vaxta, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða

stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.000.00. Ber skipuðum talsmanni stefnanda, Gunnari Þorsteinssyni hrl., kr. 3.800.00 af þeirri fjárhæð í málflutningslaun.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Magnússon Blöndal, greiði stefnanda, Símoni Sigmundssyni, kr. 33.333.33 auk 6% ársvaxta frá 21. maí 1955 til greiðsludags og kr. 4.000.00 í málskostnað. Ber skipuðum talsmanni stefnanda, Gunnari Þorsteinssyni hrl., kr. 3.800.00 af málskostnaðinum í málflutningslaun.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. marz 1958.

Nr. 163/1957. **Skipasmíðastöðin Dröfn h/f**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og
Byggingarfélagið Þór h/f
gegn
Benedikt Sveinssyni
og gagnsök
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. september 1957, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. október s. á. Þeir krefjast þess, að dæmdar skaðabætur og málskostnaður í héraði verði fært niður og að aðiljum verði dæmt hverjum að bera kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. október

1957, gagnáfrýjað málinu með stefnu 18. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 156.464.90 með 6% ársvöxtum frá 28. september 1953 til greiðsludags og hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur hafa fyrir Hæstarétti játað því að greiða gagnáfrýjanda in solidum skaðabætur, og er því nú einungis deilt um fjárhæðir.

Rétt þykir að ákveða skaðabætur handa gagnáfrýjanda þannig:

1. Bætur fyrir orkumissi og röskun á stöðu og högum, að frádregnum kr. 24.245.90 frá Tryggingastofnun ríkisins	kr.	100.000.00
2. Bætur fyrir þjáningar	—	20.000.00
3. Bætur fyrir aðkeypta vinnu við að reisa íbúðarhús	—	6.000.00
Samtals	kr.	126.000.00
Frá þessari fjárhæð dragast áður greiddar	—	3.800.91
	Kr.	122.199.09

Ber að dæma aðaláfrýjendur til þess in solidum að greiða gagnáfrýjanda þessa fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Skipasmíðastöðin Dröfn h/f og Byggingafélagið Þór h/f, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Benedikt Sveinssyni, kr. 122.199.09 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. september 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. þ. m., hefur Benedikt Sveinsson skipasmiður, Urðarstíg 3, Hafnarfirði, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. september 1956, gegn Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f og Byggingarfélaginu Þór h/f, báðum í Hafnarfirði, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 188.564.39 auk 6% ársvaxta frá 28. september 1953 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómarans.

Stefndu hafa báðir aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara að krafa stefnanda verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, hér í bæ, er stefnt til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið, G 582, var vátryggð hjá því tryggingarfélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 28. september 1953 stóð yfir viðgerð á vestari hafskipabryggjunni í Hafnarfirði. Hafði stefndi Skipasmíðastöðin Dröfn h/f framkvæmd viðgerðarinnar á hendi, en hún var aðallega í því fólgin, að endurnýjuð voru uppistöðutré bryggjunnar. Þar sem tré þessi voru bæði þung og löng, en þurftu að rekast lóðrétt niður, var fallhamarsstaur, 9 metra háum, komið fyrir á bryggjubrúninni. Skammt frá stóð vörubifreiðin G 582, sem þannig var útbúin, að togvindu var komið fyrir framan á henni. Lá vír frá togvindu þessari í gegnum blökk á undirstöðu fallhamarsstaursins og þaðan í aðra blökk í toppi hans. Enda vírsins var fest í tréð, sem reka skyldi niður, og síðan var það dregið upp í fallhamarsstaurinn, en á honum var fallhamar, sem tréð var rekið niður með. Sá endi hvers bryggjustaurs, sem niður vissi, var léttari en efri endinn. Til þess að halda léttari endanum niðri, er staurinn var dreginn upp, var böndum brugðið um þann enda, en þrír menn héldu í böndin. Var stefnandi einn þeirra. Togvindunni var stjórnað með lítilli stöng af manni, sem sat inni í stýrishúsi bifreiðarinnar, en togvindan var í beinu sambandi við hreyfil hennar. Um kl. 15,11 umræddan dag, þegar verið var að draga eitt tréð upp í fallhamarsstaurinn, varð það slys, að togvindan „gaf eftir" og tréð féll niður á bryggjuna. Lenti það á stefnanda og Guðmundi nokkrum Jónssyni, sem ásamt honum og þriðja manni hélt í bönd þau, sem brugðið var um léttari enda staursins. Féll stefnandi við þetta

á bryggjuna, en Guðmundur í sjóinn. Hlutu báðir mikil lemstur, en þriðji maðurinn, Þorvarður Magnússon, slapp ómeiddur.

Vitnið Haukur Jónsson, sem sat í stýrishúsi G 582 og stjórnaði togvindunni framan á bifreiðinni, skýrir svo frá, að umræddur staur hafi verið kominn í um 3 metra hæð frá bryggjunni, er eitthvað hafi skyndilega „gefið eftir" í togvindunni með þeim afleiðingum, að staurinn féll viðstöðulaust niður á bryggjuna aftur. Hafi staurinn oltið fram af bryggjunni og stanzað á landfestum báta, er bundnir voru við bryggjuna. Vitnið kveðst hafa dregið staurinn hægt upp og öruggt sé, að stöngin, sem togvindunni er stjórnað með, hafi ekkert hreyfzt, en þótt svo hafi verið, hefði staurinn allt að einu ekki átt að geta hrapað niður viðstöðulaust. Vitnið kveðst hafa dregið staurinn upp á bryggjuna aftur eftir slysið og hafi þá ekki annað verið að sjá en togvindan væri í lagi. Hafi það oft áður dregið þyngri hluti með togvindunni en staur þenna, en eigi borið á bilun í henni fyrr.

Vitnið Þorvarður Magnússon, sem fyrr var nefnt, skýrir svo frá, að böndum hafi verið brugðið á tveim stöðum utan um þann enda umrædds staurs, sem niður átti að snúa. Kveðst vitnið hafa haldið í það bandið, sem nær var miðju staursins, en því hafi verið brugðið um hann um það bil miðja vegu frá enda að bandi því, sem staurnum var lyft með. Kveðst vitnið hafa átt að toga staurinn til hliðar, er hann væri kominn í fulla hæð. Annað band hafi verið um staurinn næstum út við enda hans, sem vitnið kveðst halda, að stefnandi hafi haldið í, en stefnandi og fyrrnefndur Guðmundur Jónsson hafi átt að halda enda staursins niðri við bryggjudekkið. Vitnið kveður þá félaga alla hafa staðið fast við staurinn og hafi það og stefnandi verið landmegin við hann. Vitnið kveðst telja, að staurinn hafi verið kominn í um 2 metra hæð um miðjuna, er hann féll niður. Kveðst það hafa séð, hvernig hann lenti á stefnanda. Hafi hann fyrst komið í höfuð honum, svo að stefnandi kiknaði, en síðan lent á baki hans. Þá hafi bryggjupolli tekið höggið af og varnað því, að stefnandi kremdist undir staurnum. Er vitni þetta var innt eftir því við réttarrannsókn út af slysinu, hvers vegna bandið, sem staurnum var lyft með, var ekki bundið um staurinn nær þeim endanum, sem upp átti að snúa, til þess að ekki þyrfti að halda hinum endanum niðri, svaraði vitnið því til, að með því móti hafi ekki verið hægt að koma staurnum nægjanlega hátt, til þess að unnt væri að reka hann gegnum gat það á bryggjudekkinu, sem hann átti að fara niður um.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi staðið landmegin við

staurinn og haldið um spotta, sem festur var um hann um það bil miðja vega frá miðju staursins að enda hans. Hafi hann snúið baki að enda staursins, en þeir Guðmundur og Þorvarður hafi staðið fyrir aftan hann. Kveðst stefnandi hafi verið að bregða spottanum, sem hann hélt í, um polla á bryggjunni til þess að hafa betur vald á staurnum, en í sömu andrá hafi staurinn fallið niður.

Lögreglan í Hafnarfirði fól tveim sérfróðum mönnum, Jóhanni Ólafi Jóssyni og Magnúsi Kristjánssyni vélsmiðum, að framkvæma skoðun á umræddri togvindu. Skoðunargerð þeirra, dagsett 29. september 1953, er svohljóðandi:

„Við undirritaðir höfum í dag skoðað spil framan á bifreiðinni G 582 og athugað orsök þess, að spilið slakaði sér í hífingu.

Orsökina teljum vér eftir nákvæma athugun þá, að slit er í koplingu tromlunnar. Koplingararmurinn var örugglega settur fastur, svo að spilkoplingin gat ekki opnazt sjálfkrafa, en vegna slitsins hefur hún spennzt frá."

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í sjúkrahúsið í Hafnarfirði, en tveim dögum síðar var röntgenmynd tekin af baki hans. Sýndi myndin brot á 1. lendalið. Lá stefnandi tæpa tvo mánuði í sjúkrahúsinu, útskrifaðist 27. nóvember og hafði þá haft fótavist í rúma viku. Kveðst hann lengst af hafa orðið að liggja alveg hreyfingarlaus á tréfleka. Í vottorði Bjarna Snæbjörnssonar læknis, dagsettu 6. marz 1953, segir m. a. á þessa leið um meiðsli stefnanda og batahorfur:

„.... Slasaði hefur notið nuddaðgerðar frá því um miðjan nóv. og er svo enn. Hann hefur ekki verk í bakinu, en stirðleika við beygingar í því og stundum verk innarlega í h. mjöðm og upp eftir, sem sennilega stafar af þessari skekkju í hryggnum. Hann á bágt með að beygja sig fram vegna stirðleika um brotstaðinn ...."

Hinn 18. september 1956 var stefnandi skoðaður af Bergþóri Smára lækni. Í vottorði læknis þessa, dagsettu sama dag, segir á þessa leið um meiðsli stefnanda:

„Hann (stefnandi) segist þreytast fljótt og fá þá verki í bak, einkum hægra megin í hrygg frá mjaðmarkambi upp að herðablaði. Honum finnst hann vera styrkari í bakinu en hann var, er ég skoðaði hann síðast (25. apríl 1955), en að öðru leyti er ástand hans óbreytt að sögn.

Við skoðun sést dálítil hryggskekkja (dextroconvex) í brjóst-

liðum. Hreyfingar í baki mega heita eðlilegar, er hann hreyfir sig með gætni. Sinaviðbrögð á ganglimum eru eðlileg.

Röntgenmynd var tekin í Landspítalanum 18. okt. 1954 og sýndi, að efsti lendaliður hafði brotnað og fallið saman að framan, en virtist vera gróinn. Liðurinn mældist 14 mm lægri að framan en að aftan.

Ekki þykir mér líklegt, að ástand slasaða muni taka miklum breytingum frá því, sem nú er, og telja verður, að hann eigi óhægara með að vinna erfiðisvinnu en áður var."

Varanlega örorku stefnanda af völdum slyssins metur læknirinn 15%.

Hinn 21. febrúar 1957 mat sami læknir örorku stefnanda allt frá slyssdegi til þess tíma, er hann telur, að einungis fari að gæta hinnar varanlegu örorku hans.

Metur hann örorkuna þannig:

Frá 28. sept. 1953 til 30. nóv. 1953	100%
Ffrá 1. des. 1953 til 31. marz 1954	60%
Frá 1. apríl 1954 til 31. des. 1954	30%

Úr því 15% varanleg örorka.

Stefnandi er skipasmiður að iðn og mun hafa unnið að þeirri iðn, er hann slasaðist. Að ráði læknis tók hann ekki til við það starf að nýju, er hann varð aftur vinnufær eftir slysið, um miðjan maí 1954, heldur réðist til starfa á póststofunni í Hafnarfirði, þar sem hann starfar enn.

Í vottorði Bjarna læknis Snæbjörnssonar, dagsettu 23. febrúar 1957, segir, að stefnandi finni lítið til við vanalegan vinnudag í þessu starfi, en hafi hann langan vinnudag, þurfi að standa mikið eða vera mikið á rölti, komi verkir og þreyta í bakið. Þá er þess og getið í vottorði þessu, að stefnandi treysti sér ekki til þess að taka upp þunga hluti.

Er framangreint slys varð, var stefnandi starfsmaður stefnda Skipasmíðastöðvarinnar Drafnar h/f, en meðstefndi Byggingarfélagið Þór h/f, var eigandi bifreiðarinnar, sem notuð var. Telur stefnandi vafalaust, að báðir þessir aðiljar beri sameiginlega fébótaábyrgð á öllu því tjóni, er hann beið við slysið. Eru kröfur hans í málinu á því byggðar. Við munnlegan málflutning hinn 23. þ. m. lækkaði stefnandi fjárhæð stefnukröfunnar í kr. 181.250.20. Svo vaxna sundurliðar hann kröfu sína þannig:

1. Bætur vegna missis eftirvinnu 4 fyrstu vikurnar eftir slysið ..... kr. 539.40
2. Atvinnutjón vegna örorku ..... — 128.052.00
3. Bætur vegna aðkeyptrar vinnu við byggingu íbúðarhúss ..... — 12.658.80
4. Þjáningabætur ..... — 40.000.00

Samtals kr. 181.250.20

Stefndi Skipasmíðastöðin Dröfn h/f reisir sýknukröfu sína á því, að leitt sé í ljós, að orsök slyssins hafi verið slit í „koplingu" togvindurnnar framan á bifreiðinni. Á hinn bóginn verði slysið á engan hátt rakið til gáleysis eða vanrækslu starfsmanna fyrirtækisins. Eigendum bifreiðarinnar, meðstefnda Byggingarfélaginu Þór h/f, hafi átt að vera ljóst, að bifreiðin var biluð, er hún var seld á leigu, og hafi honum borið að vekja athygli á því. Þetta hafi hann vanrækt, en með því að leyna þannig bilun þessari á togvindunni, beri hann alfarið fébótaábyrgð á slysinu. Varakröfu sína í málinu kveðst þessi stefndi reisa á því, að til greina geti komið, að fébótaábyrgð á slysinu verði skipt milli hans og meðstefnda Byggingarfélagsins Þórs h/f.

Stefndi Byggingarfélagið Þór h/f reisir sýknukröfu sína í málinu fyrst og fremst á því, að meðstefndi hafi haft alger umráð bifreiðarinnar, er slysið varð, og ráðið ökumann á hana. Samkvæmt því og með vísun til 35. gr. bifreiðalaganna beri hann því einn ábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er stefnandi kunni að hafa beðið. Í öðru lagi sé ósannað, að slysið hafi orðið vegna galla á bifreiðinni, að minnsta kosti hafi hún verið ógölluð, er meðstefndi fékk hana í hendur. Í þriðja lagi er á það bent, að reglur bifreiðalaganna komi hér ekki til álita, þar sem hér sé ekki um notkun bifreiðar að ræða í skilningi 1. mgr. 34. gr. þeirra laga. Að lokum er því haldið fram af þessum stefnda, að stefnandi hafi sjálfur sýnt af sér nokkurt gáleysi með því að horfa ekki til staursins, er hann var dreginn upp í umrætt sinn.

Báðir stefndu hafa sérstaklega mótmælt því, að þeir beri in solidum fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann kunni að hafa beðið við slysið.

Með skírskotun til fyrrgreindrar álitsgerðar hinna sérfróðu manna, sem ekki er véfengd, þykir nægjanlega fram komið, að rekja megi orsök slyssins til slits í öryggistæki (koplingu) togvindunnar framan á bifreiðinni.

Svo sem fyrr greinir, hafði stefndi Skipasmíðastöðin Dröfn h/f

framkvæmd verksins á hendi og forráðamenn fyrirtækisins sáu um alla tilhögun þess, en stefnandi var starfsmaður þess fyrirtækis. Er því ótvírætt, að þessi stefndi beri sem atvinnurekandi óskipta ábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda, enda hafa engin rök verið leidd að þeirri málsástæðu, sem báðir stefndu hafa hreyft, að stefnandi hafi að einhverju leyti sjálfur átt sök á því, hvernig fór. Þess var áður getið, að stefndi Byggingarfélagið Þór h/f átti togvinduna og bifreið þá, sem henni var komið fyrir á. Hafði fyrirtækið selt meðstefnda tæki þessi á leigu gegn endurgjaldi. Stóð sá leigumáli frá því verkið hófst hinn 9. september 1953, þar til því lauk í október s. á. Þegar það er haft í huga, hve hér var um stuttan tíma að ræða og með skírskotun til þess, sem áður sagði um orsök slyssins, og þegar þess enn er gætt, en eigi er sýnt fram á, að bilun sú í togvindunni, sem um ræðir, verði rakin til neins konar misnotkunar á henni af hendi starfsmanna stefnda Drafnar h/f eða mistaka af hendi manns þess, er stjórnaði henni í umrætt sinn, þá þykir verða að fallast á það með stefnanda, að stefndi Þór h/f beri einnig gagnvart honum óskorað fébótaábyrgð á tjóni því, er hann beið, enda verður eigi talið, að umráð meðstefnda Drafnar h/f yfir bifreiðinni byggi út þeirri ábyrgð.

Verða nú einstakir liðir í kröfu stefnanda teknir til athugunar.

Um 1.

Stefnandi er talinn fæddur 23. marz 1926 og hefur því verið 27 ára að aldri, er hann slasaðist. Eigi er annað fram komið í málinu en hann hafi verið heilsuhraustur fyrir slysið,.

Samkvæmt vottorði skattstjórans í Hafnarfirði, dagsettu 12. september 1956, voru nettó-atvinnutekjur stefnanda árin 1950—'53 þessar: Árið 1950 kr. 30.950.00; árið 1951 kr. 34.600.00; árið 1952 kr. 36.200.00 og árið 1953 kr. 37.171.00 (þar af munu kr. 629.00 vera fjölskyldubætur).

Hinn 17. marz 1957 gerði Guðjón Hansen tryggingafræðingur útreikning á atvinnutjóni stefnanda, miðað við slysdag og á grundvelli framangreinds örorkumats, dags. 21. febrúar 1957. Er útreikningurinn miðaður við tvenns konar tekjugrundvöll: A. Umreiknaðar tekjur áranna 1951—52 og B. Umreiknaðar tekjur tímabilsins 5. október 1950 til 5. október 1953. Reiknast honum verðmæti tapaðra atvinnutekna samkvæmt því vera, sem hér greinir:

	A	B
Tímbilið 28/9 '53—30/11 '53	kr. 6.523.00	kr. 6.983.00
— 1/12 '53—31/3 '54	— 7.646.00	— 8.184.00
— 1/4 '54—31/12 '54	— 8.513.00	— 9.112.00
Eftir það	— 96.941.00	- 103.773.00
Samtals	kr. 119.623.00	kr. 128.052.00

Er hærri fjárhæðin krafa stefnanda samkvæmt þessum kröfulið.

Önnur atriði í reikningsgrundvellinum en að framan greinir eru 6% ársvextir og dánarlíkur íslenzkra karla á árunum 1941—'50.

Fram er komið í málinu, að stefnandi hefur fengið greiddar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins. Nemur fjárhæð bóta þessara samtals kr. 24.245.90 og sundurliðast þannig: dagpeningar kr. 6.444.90 og örorkulífeyrir, sem greiddur hefur verið í eitt skipti fyrir öll, kr. 17.801.00.

Báðir stefndu hafa mótmælt fjárhæð þessa kröfuliðs sem of hárri.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, svo og öðrum atriðum, er hér skipta máli, þykir hæfilegt að taka kröfulið þennan til greina með kr. 90.000.00. Hafa þá framangreindar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins verið dregnar frá.

Um 2.

Stefnandi fékk greitt kaup frá atvinnurekanda sínum fjórar fyrstu vikurnar eftir slysið. Nam kaup þetta, sem miðað var við dagvinnu eingöngu, kr. 3.619.91. Þá fékk stefnandi greitt orlofsfé fyrir þetta tímabil, kr. 181.00, eða samtals kr. 3.800.91. Auk þessa telur stefnandi, að sér beri jafnframt eftirvinnukaup fyrir greint tímabil, miðað við 5 stunda eftirvinnu á viku. Reiknar hann tímakaupið fyrir eftirvinnu kr. 26.97. Fæst þannig fram fjárhæð þessa kröfuliðs.

Báðir stefndu mótmæla því, að stefnandi eigi rétt á nokkrum bótum samkvæmt þessum kröfulið.

Svo sem áður greinir, er útreikningur tryggingafræðingsins, sem stefnandi reisir á fjárhæð 2. kröfuliðs, miðaður við slysdag. Af því leiðir, að atvinnutjón stefnanda tímabil það, sem hér um ræðir, er reiknað með. Að svo vöxnu máli þykir bera að vísa þessum kröfulið á bug, en á hinn bóginn ber að draga frá bótum til stefnanda kaup það og orlofsfé, sem hann samkvæmt framansögðu hefur fengið greitt fyrir þetta tímabil.

Um 3.

Fyrir fjárhæð þessa kröfuliðs er gerð sú grein í stefnu, að um sé að ræða bætur vegna vinnu, er stefnandi kveðst hafa orðið að kaupa til íbúðarhúss, sem hann hafi haft í smíðum á þeim tíma, er hann slasaðist, en allmikinn hluta þessarar vinnu kveðst hann sjálfur mundu hafa innt af hendi utan reglulegs vinnutíma, hefði hann ekki slasazt. Reiknar hann aðkeypta vinnu af þessum sökum 527 klukkustundir á kr. 24.40 hverja klukkustund. Til stuðnings þessum kröfulið hefur verið lagt fram í málinu vottorð, dagsett 29. desember 1954 og undirritað af Sigurjóni nokkrum Jónssyni. Kveðst maður þessi hafa unnið við hús stefnanda á tímabilinu 1. október 1953 til 19. febrúar 1954 að múrverki o. fl. Hafi hann unnið 235 klukkustundir á kr. 24.40 hverja og 461 klukkustund á kr. 22.16 hverja, eða alls 696 klukkustundir samtals á kr. 15.961.96. Kveðst hann telja, að hefði stefnandi ekki orðið óvinnufær af völdum slyssins, myndi hann sjálfur hafa unnið um 107 klukkustundir af framangreindri vinnu. Þá liggur og frammi í málinu reikningur, undirritaður af Albert Kristins. Er reikningur þessi fyrir vinnu við húsið Fögrukinn 12 (þ. e. hús stefnanda) frá október 1953 til júlí 1954, samtals 420 klukkustundir. Engin fjárhæð er tilgreind á reikningi þessum. Frekari gögnum en nú voru rakin er kröfuliður þessi ekki studdur.

Stefndu véfengja ekki, að stefnandi hafi átt íbúðarhús í smíðum á þessum tíma, en hafa á hinn bóginn báðir eindregið mótmælt því, að kröfuliður þessi eigi nokkurn rétt á sér.

Þrátt fyrir mótmæli stefndu þykir verða að fallast á það með stefnanda, að honum beri bætur samkvæmt þessum kröfulið, þar sem telja verður líkur fyrir því, að hann hefði auk atvinnu sinnar unnið eitthvað að byggingu hússins, hefði hann ekki slasazt, og með því sparað sér að einhverju leyti aðkeypt vinnuafl. Ekki þykir þó fært að taka kröfulið þenna til greina að fullu. Þykir hæfilegt að áætla tjón stefnanda samkvæmt honum kr. 4000.00.

Um 4.

Stefndu hafa báðir mótmælt kröfulið þessum sem allt of háum.

Hér að framan var lýst meiðslum stefnanda og afleiðingum þeirra. Með hliðsjón af því, sem þar greinir, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 18.000.00.

Samkvæmt framansögðu teljast bætur til stefnanda í máli

þessu hæfilega ákveðnar kr. 112.000.00 (kr. 90.000.00 + kr. 4.000.00 + kr. 18.000.00). Frá þeirri fjárhæð ber að draga greiðslur þær, sem atvinnurekandi hans hefur þegar innt af hendi upp í tjón hans, en þær nema, svo sem fyrr greinir, kr. 3.800.91. Mismuninn, kr. 108.199.09, verða stefndu in solidum dæmdir til að greiða stefnanda, auk vaxta, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem með hliðsjón af framlögðum reikningi yfir útlagðan kostnað hans í málinu, ákveðst kr. 10.000.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndu, Skipasmíðastöðin Dröfn h/f og Byggingarfélagið Þór h/f, greiði in solidum stefnanda, Benedikt Sveinssyni, kr. 108.199.09 auk 6% ársvaxta frá 28. september 1953 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. marz 1958.

Nr. 164/1957. **Skipasmíðastöðin Dröfn h/f**
og
Byggingarfélagið Þór h/f
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Guðmundi Jónssyni
og gagnsök (Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. september 1957, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. október s. á. Þeir krefjast þess, að dæmdar skaðabætur og málskostnaður í héraði verði fært niður og að aðiljum verði

dæmt hverjum að bera kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. október 1957, gagnáfrýjað málinu með stefnu 18. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 166.620.45 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1956 til greiðsludags og hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjendur hafa fyrir Hæstarétti játað því að greiða gagnáfrýjanda in solidum skaðabætur, og er því nú einungis deilt um fjárhæðir.

Rétt þykir að ákveða skaðabætur handa gagnáfrýjanda þannig:

1. Bætur fyrir orkumissi, að frádregnum kr. 26.557.15 frá Tryggingastofnun ríkisins	kr.	95.000.00
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti	—	18.000.00
Samtals	kr.	113.000.00
Frá þessari fjárhæð dragast áður greiddar	—	3.800.91
	Kr.	109.199.09

Ber að dæma aðaláfrýjendur til þess in solidum að greiða gagnáfrýjanda þessa fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 16.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Skipasmíðastöðin Dröfn h/f og Byggingarfélagið Þór h/f, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Guðmundi Jónssyni, kr. 109.199.09 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 16.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. þ. m., hefur Guðmundur Jónsson skipasmiður, Hafnarfirði, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. nóvember 1956, gegn Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f og Byggingarfélaginu Þór h/f, báðum í Hafnarfirði, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 168.820.59 auk 6% ársvaxta frá 28. september 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa báðir *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* að krafa stefnanda verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, hér í bæ, er stefnt til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið, G 582, var vátryggð hjá því tryggingarfélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 28. september 1953 stóð yfir viðgerð á vestari hafskipabryggjunni í Hafnarfirði. Hafði stefndi Skipasmíðastöðin Dröfn h/f framkvæmd viðgerðarinnar á hendi, en hún var aðallega í því fólgin, að endurnýjuð voru uppistöðutré bryggjunnar. Þar sem tré þessi voru bæði þung og löng, en þurftu að rekast lóðrétt niður, var fallhamarsstaur, 9 metra háum, komið fyrir á bryggjubrúninni. Skammt frá stóð vörubifreiðin G 582, sem þannig var útbúin, að togvindu var komið fyrir framan á henni. Lá vír frá togvindu þessari í gegnum blökk á undirstöðu fallhamarsstaursins og þaðan í aðra blökk í toppi hans. Enda vírsins var fest í tréð, sem reka skyldi niður, og síðan var það dregið upp í fallhamarsstaurinn, en á honum var fallhamar, sem tréð var rekið niður með. Sá endi hvers bryggjustaurs, sem niður vissi, var léttari en efri endinn. Til þess að halda léttari endanum niðri, er staurinn var dreginn upp, var böndum brugðið um þann enda, en þrír menn héldu í böndin. Var stefnandi einn þeirra. Togvindunni var stjórnað með lítilli stöng af manni, sem sat inni í stýrishúsi bifreiðarinnar, en togvindan var í beinu sambandi við hreyfil hennar. Um kl. 15.11 umræddan dag, þegar verið var að draga eitt tréð upp í fallhamarsstaurinn, varð það slys, að togvindan „gaf eftir" og tréð féll niður á bryggjuna. Lenti það á stefnanda og Benedikt nokkrum Sveinssyni, sem ásamt honum og þriðja manni hélt í bönd þau, sem brugðið var um léttari enda staursins. Féll stefnandi við þetta út af bryggjunni í sjóinn, en Benedikt féll á bryggjuna. Hlutu báðir mikil

meiðsli, en þriðji maðurinn, Þorvarður Magnússon, slapp ómeiddur.

Vitnið Haukur Jónsson, sem sat í stýrishúsi G 582 og stjórnaði togvindunni framan á bifreiðinni, skýrir svo frá, að umræddur staur hafi verið kominn í um 3 metra hæð frá bryggjunni, er eitthvað hafi skyndilega „gefið eftir" í togvindunni með þeim afleiðingum, að staurinn féll viðstöðulaust niður á bryggjuna aftur. Hafi staurinn oltið fram af bryggjunni og stanzað á landfestum báta, er bundnir voru við bryggjuna. Vitnið kveðst hafa dregið staurinn hægt upp og öruggt sé, að stöngin, sem togvindunni er stjórnað með, hafi ekkert hreyfzt, en þótt svo hefði verið, hefði staurinn allt að einu ekki átt að geta hrapað niður viðstöðulaust. Vitnið kveðst hafa dregið staurinn upp á bryggjuna aftur eftir slysið, og hafi þá ekki annað verið að sjá, en togvindan væri í lagi. Hafi það oft áður dregið þyngri hluti með togvindunni en staur þenna, en eigi borið á bilun í henni fyrr.

Vitnið Þorvarður Magnússon, sem fyrr var nefnt, skýrir svo frá, að böndum hafi verið brugðið á tveim stöðum utan um þann enda umræddS staurs, sem niður átti að snúa. Kveðst vitnið hafa haldið í það bandið, sem nær var miðju staursins, en því hafi verið brugðið um það bil miðja vegu frá enda að bandi því, sem staurnum var lyft með. Kveðst vitnið hafa átt að toga staurinn til hliðar, er hann væri kominn í fulla hæð. Annað band hafi verið um staurinn næstum út við enda hans, sem vitnið kveðst halda, að Benedikt Sveinsson hafi haldið í, en Benedikt og stefnandi hafi átt að halda enda staursins niðri við bryggjudekkið. Vitnið kveður þá félaga alla hafa staðið fast við staurinn, og hafi það og Benedikt verið landmegin við hann. Vitnið kveðst telja, að staurinn hafi verið kominn í um 2 metra hæð um miðjuna, er hann féll niður. Kveðst það hafa séð, hvernig hann lenti á Benedikt. Hafi hann fyrst komið í höfuð honum, svo að Benedikt kiknaði við, en síðan lent á baki hans. Þá hafi bryggjupolli tekið höggið af og varnað því, að Benedikt kremdist undir staurnum. Á hinn bóginn kveðst vitnið ekki hafa séð gerla, hvernig staurinn lenti á stefnanda. Það telji þó, að hann hafi einhvern veginn lent á höfði hans og handlegg. Er vitni þetta var innt eftir því við réttarrannsókn út af slysinu, hvers vegna bandið, sem staurnum var lyft með, var ekki bundið um staurinn nær þeim endanum, sem upp átti að snúa, til þess að ekki þyrfti að halda hinum endanum niðri,

svaraði vitnið því til, að með því móti hafi ekki verið hægt að koma staurnum nægjanlega hátt, til þess að unnt væri að reka hann gegnum gat það á bryggjudekkinu, sem hann átti að fara niður um.

Vitnið Benedikt Sveinsson, sem fyrr var nefnt, skýrir svo frá, að það hafi staðið landmegin við staurinn og haldið um spotta, sem festur var um hann um það bil miðja vega frá miðju staursins að enda hans. Hafi það snúið baki að enda staursins, en stefnandi og Þorvarður hafi staðið fyrir aftan það. Kveðst vitnið hafa verið að bregða spottanum, sem það hélt í, um polla á bryggjunni til þess að hafa betur vald á staurnum, en í sömu andrá hafi staurinn fallið niður.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi haldið í spotta, sem bundinn var í neðri enda staursins. Hafi sá endi staursins verið kominn um það bil einn metra á loft, er staurinn skyndilega féll niður. Kveður hann staurinn hafa lent á höfði sér, brjósti og handlegg og kastað sér fram af bryggjunni í sjóinn. Stefnandi kveðst ekki hafa misst meðvitund við þetta. Hafi hann náð í kaðal, sem hékk niður af bryggjunni, og haldið sér í hann, unz hjálp barst.

Lögreglan í Hafnarfirði fól tveim sérfróðum mönnum, Jóhanni Ólafi Jónssyni og Magnúsi Kristjánssyni vélsmiðum, að framkvæma skoðun á umræddri togvindu. Skoðunargerð þeirra, dagsett 29. september 1953, er svohljóðandi:

„Við undirritaðir höfum í dag skoðað spil framan á bifreiðinni G 582 og athugað orsök þess, að spilið slakaði sér í hífingu.

Orsökina teljum vér eftir nákvæma athugun þá, að slit er í koplingu tromlunnar. Koplingararmurinn var örugglega settur fastur, svo að spilkoplingin gat ekki opnazt sjálfkrafa, en vegna slitsins hefur hún spennzt frá".

Kröfu sína í málinu reisir stefnandi á því, að orsök slyss þessa verði annað hvort rakin til bilunar í stjórntæki bifreiðarinnar G 582 eða vangæzlu eða mistaka manns þess, er togvindunni stjórnaði. Forráðamenn stefnda Skipasmíðastöðvarinnar Drafnar h/f hafi haft framkvæmd umrædds verks á hendi og ráðið vinnutilhögun allri. Beri því þessi stefndi og meðstefndi Byggingarfélagið Þór h/f, er bifreiðina átti, in solidum fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlauzt.

Stefndi Skipasmíðastöðin Dröfn h/f reisir sýknukröfu sína á því, að telja megi leitt í ljós, að orsök slyssins megi að einhverju leyti rekja til bilunar í umræddri bifreið. Eigendum bifreiðarinnar, meðstefnda Byggingafélagið Þór h/f, hafi átt að vera ljóst,

að bifreiðin var biluð, er hún var seld á leigu, og hafi honum borið að vekja athygli á því. Þetta hafi hann vanrækt og hafi forráðamönnum Drafnar h/f verið ókunnugt um bilun þessa. Af þessum sökum beri stefndi Byggingarfélagið Þór h/f alfarið fébótaábyrgð á slysinu. Varakröfu sína reisir þessi stefndi á því, að til greina geti komið að skipta fébótaábyrgð á slysinu milli hinna stefndu fyrirtækja. Þá telji hann, að slysið kunni að einhverju leyti að mega rekja til ógætni stefnanda sjálfs. Í þriðja lagi sé krafa hans í málinu allt of há.

Stefndi Byggingarfélagið Þór h/f reisir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að meðstefndi hafi haft alger umráð bifreiðarinnar, er slysið varð, og ráðið ökumann á hana. Samkvæmt því og með vísun til 35. gr. bifreiðalaganna beri hann því einn ábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er stefnandi kunni að hafa beðið. Í öðru lagi sé ósannað, að slysið hafi orðið vegna galla á bifreiðinni, að minnsta kosti hafi hún verið ógölluð, er meðstefndi fékk hana í hendur. Í þriðja lagi er á það bent, að reglur bifreiðalaganna komi hér ekki til álita, þar sem hér sé ekki um notkun bifreiðar að ræða í skilningi 1. mgr. 34. gr. þeirra laga. Að lokum er því haldið fram af þessum stefnda, að stefnandi hafi sjálfur sýnt af sér nokkurt gáleysi með því að horfa ekki til staursins, er hann var dreginn upp í umrætt sinn.

Báðir stefndu hafa sérstaklega mótmælt því, að þeir beri in solidum fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann kunni að hafa beðið við slysið.

Með skírskotun til fyrrgreindrar álitsgerðar hinna sérfróðu manna, sem ekki er véfengd, þykir nægjanlega fram komið, að rekja megi orsök slyssins til slits í öryggistæki (koplingu) togvindunnar framan á bifreiðinni.

Svo sem fyrr greinir, hafði stefndi Skipasmíðastöðin Dröfn h/f framkvæmd verksins á hendi og forráðamenn fyrirtækisins sáu um alla tilhögun þess, en stefnandi var starfsmaður þess fyrirtækis. Er því ótvírætt, að þessi stefndi ber sem atvinnurekandi óskipta ábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda, enda hafi engin rök verið leidd að þeirri málsástæðu, sem báðir stefndu hafa hreyft, að stefnandi hafi að einhverju leyti sjálfur átt sök á því, hvernig fór. Þess var áður getið, að stefndi Byggingarfélagið Þór h/f átti togvinduna og bifreið þá, sem henni var komið fyrir á. Hafði fyrirtækið selt meðstefnda tæki þessi á leigu gegn endurgjaldi. Stóð sá leigumáli frá því verkið hófst hinn 9. september 1953, þar til því lauk í október s. á. Þegar það er haft í huga, hve hér

var um stuttan tíma að ræða og með skírskotun til þess, sem áður sagði um orsök slyssins, og þegar þess enn er gætt, að eigi er sýnt fram á, að bilun sú í togvindunni, sem um ræðir, verði rakin til neins konar misnotkunar á henni af hendi starfsmanna stefnda Drafnar h/f eða mistaka af hendi manns þess, er stjórnaði henni í umrætt sinn, þá þykir verða að fallast á það með stefnanda, að stefndi Þór h/f beri einnig gagnvart honum óskorað fébótaábyrgð á tjóni því, er hann beið, enda verður eigi talið, að umráð meðstefnda Drafnar h/f yfir bifreiðinni byggi út þeirri ábyrgð

Við munnlegan flutning málsins hinn 23. þ. m. lækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 166.620.45 og krafðist nú einungis vaxta frá 1. júlí 1956, en hélt fram óbreyttri kröfu sinni í stefnu um málskostnað. Svo vaxna sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

1. Bætur fyrir atvinnutjón vegna örorku kr. 173.177.60
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti..... — 20.000.00

Samtals kr. 193.177.60

Frá þeirri fjárhæð dregur stefnandi bætur, sem hann hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt, samtals kr. 26.557.15. Kemur þá fram endanleg krafa hans í málinu.

Um 1.

Þegar eftir slysið mun stefnandi hafa verið fluttur í sjúkrahúsið í Hafnarfirði, þar sem hann dvaldist um 6 mánaða skeið. Í vottorði Ólafs Einarssonar, héraðslæknis í Hafnarfirði, dagsettu 2. október 1953, er stuttorð lýsing á meiðslum þeim, er stefnandi hlaut. Segir þar, að við skoðun hafi vinstri upphandleggur hans reynzt þverbrotinn. Andlitið vinstra megin hafi verið mjög þrútið og blóðhlaupið eftir högg. Skurður hafi verið í munni, sem blæddi úr, svo og hafi blætt úr nösum. Þá hafi stefnandi drukkið nokkurn sjó, áður en til hans náðist.

Í vottorði Ólafs Ólafssonar læknis, dagsettu 7. marz 1954, er meiðslum stefnanda lýst og sjúkrasaga hans rakin til þess tíma. Er vottorð þetta svohljóðandi:

„1. Fract. humeri sin. Brotið var þverbrot neðarlega á leggnum með miklum diastase á brotendum.
2. Infract. baseos cranii.
3. Andlitsskrámur á víð og dreif um andlitið, en engir djúpir skurðir.
4. Distorsio articul. humeri sin.

Í dag er status qvo sjúklingsins þessi: Áverkarnir undir lið 2

og 3 hafa jafnað sig. Það skal tekið fram, að sjúklingurinn kvartar oft um höfuðverk, sem ekki mun hafa verið neitt áberandi hjá honum áður, enda oft nokkuð algeng afleiðing áverka, eins og hér um ræðir. (Höfuðhögg o. fl.). Liður 1. Vegna eðlis síns var brotið neglt og síðan settar á handlegginn umbúðir. Brotið hefur gróið eðlilega, en sjúklingurinn hefur takmarkaða hreyfingargetu í þessum handlegg. Liðamót stirð og sársaukakennt að hreyfa þau, bæði aktivt og passivt. Gildir það bæði axlarolnboga og úlnliðamót ...“

Hinn 16. ágúst skoðaði Bergþór læknir Smári stefnanda og mat örorku hans af völdum slyssins. Í vottorði læknisins, dagsettu 23. ágúst 1955, segir á þessa leið:

„Skoðun 16. ágúst 1955. Utan á vinstri öxl, að innanverðu, er ca. 11 cm. langt ör, og neðar á upphandleggnum er 7 cm. langt ör. Talsvert mikil sveigja er á upphandleggnum, konvex út á við og fram á við. Í vinstri axlarlið er stirðleiki, sérstaklega við abduction (elevation). Getur eleverað í ca. 70°. Engin vöðvarýrnun mælanleg og kraftur í handlimnum virðist sæmilega góður.

Röntgenmynd, tekin í Landsspítalanum 8. ágúst 1955, sýnir mikla, en þó ekki samfellda beinmyndun (callus) á brotstaðnum og nefnda sveigju á handleggnum. Í axlarlið sést ekkert sérstakt athugavert né heldur á andlitsbeinum.

Augnskoðun, 10. ágúst 1955 (Guðm. Björnsson), sýnir nokkra sjónöxulskekkju, sem stafar af lömun á augnvöðva. Augnlæknirinn telur ekki ólíklegt, að það sé afleiðing af nefndu slysi ...“

Telur læknirinn hæfilegt að meta varanlega örorku stefnanda af völdum slyssins 25%.

Í september 1956 var stefnandi aftur skoðaður af Bergþóri Smára. Í vottorði læknisins um þá skoðun, dagsettu 2. október 1956, segir á þessa leið í niðurlagi:

„Niðurstaða: Ástand slasaða virðist vera mjög svipað og það var, er ég skoðaði hann 16. ágúst 1955, að fráteknu því, að augun munu vera í betra ástandi nú en þá. Þykir því ekki verða hjá því komizt að lækka varanlegt örorkumat slasaða frá því, sem þá var álitið hæfilegt, og telst varanleg örorka hans nú hæfilega metin: 20%.“

Að tilhlutun dómarans var Bergþór Smári fenginn til þess að meta örorku stefnanda allt frá slysdegi til þess tíma, er varanlegu örorkunnar einnig fer að gæta. Er það örorkumat, dagsett 8. marz 1957, svohljóðandi:

Frá slysdegi til 31. marz '54 .... 100%
— 1. apríl '54 til 30. júní '54 .... 60%
— 1. júlí '54 til 31. des. '54 ..... 40%
— 1. jan. '55 til 31. júlí '55 .... 30%
— 1. ágúst '55 til 30. júní '56 .... 25%
Úr því varanleg örorka 20%

Stefnandi er skipasmiður og mun hafa unnið að þeirri iðn, er hann slasaðist. Hann er talinn fæddur 10. desember 1898 og hefur því verið 54 ára gamall á þessum tíma. Eigi liggja fyrir upplýsingar um það í málinu, hvort hann er kvæntur eða hafi börn á framfæri sínu.

Samkvæmt vottorðum skattstjórans í Hafnarfirði, dagsettum 12. september 1956 og 2. október s. á., voru nettó-tekjur stefnanda næstu árin fyrir og eftir slysið þessar: Árið 1950 kr. 32.550.00; árið 1951 kr. 36.100.00; árið 1952 kr. 38.050.00; árið 1953 kr. 40.550.00 og árið 1954 kr. 40.850.00.

Hinn 27. marz 1957 gerði Árni Björnsson cand. polit. útreikning á atvinnutjóni stefnanda, miðað við framangreinda örorku hans allt frá slysdegi. Í útreikningum sínum gerir hinn sérfróði maður ráð fyrir 50 vinnuvikum á ári og 4 eftirvinnustundum á viku. Reiknar hann með launum sveina samkvæmt launasamningi Skipasmíðafélags Hafnarfjarðar og skipasmíðastöðva þar, en samkvæmt þeim samningi mun grunnkaup fyrir dagvinnu sveina, miðað við viku, hafa verið kr. 582.00 með 44½ vinnustundum á viku fyrir verkfallið 1955, en eftir það kr. 600.27 með 45 vinnustundum á viku, hvort tveggja með verðlagsuppbótum. Eftirvinna mun vera greidd samkvæmt þessum samningum með 50% álagi. Reiknað á þennan hátt telst hinum sérfróða manni, að atvinnutjón stefnanda frá slysdegi til 1. júlí 1956 nemi kr. 65.584.45 án vaxta. Sé á hinn bóginn reiknað með 6% árlegum vöxtum af hinum töpuðu atvinnutekjum, nemi þeir frá slysdegi til sama tíma kr. 6.961.11, eða atvinnutjónið þetta tímabil að viðbættum vöxtum alls kr. 72.445.56. Við útreikning á atvinnutjóni stefnanda vegna varanlegrar 20% örorku frá 1. júlí 1956 reiknar hinn sérfróði maður með 60.547.00 króna árstekjum. Með því móti áætlar hann, að heildarverðmæti atvinnutjóns stefnanda fram í tímann nemi kr. 100.732.04, miðað við 1. júlí 1956 og 6% ársvexti. Er þá reiknað með, að stefnanda endist starfskraftar til 70 ára aldurs.

Samkvæmt framansögðu reiknast hinum sérfróða manni, að verðmæti atvinnutjóns stefnandans vegna breytilegrar örorku

frá slysdegi til 1. júlí 1956 og varanlegrar örorku frá þeim tíma nemi samtals kr. 173.177.60 (kr. 72.445.56 + kr. 100.732.04), en það er sú fjárhæð, sem krafizt er undir þessum lið.

Stefndu hafa báðir mótmælt kröfulið þessum sem allt of háum. Sérstaklega mótmæla þeir því, að í framangreindum útreikningi er gert ráð fyrir 4 stunda eftirvinnu á viku.

Fallast verður á, að höfð sé hliðsjón af því til lækkunar bótum þessum. Að því athuguðu og með skírskotun til alls þess, sem að framan er rakið, og annars þess, sem máli verður talið skipta við ákvörðun bóta þessara, þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 120.000.00. Hafa þá verið dregnar frá fyrrgreindar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 2.

Stefndu hafa báðir mótmælt kröfulið þessum sem of háum.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. Með hliðsjón af því, sem þar greinir, þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðnar kr. 18.000.00.

Samkvæmt framansögðu verða málalok þau, að bætur til stefnanda ákveðast kr. 138.000.00 (kr. 120.000.00 + kr. 18.000.00). Frá þeirri fjárhæð ber að draga kr. 3.800.91, sem atvinnurekandi stefnanda hefur þegar greitt honum upp í tjón hans. Mismuninn, kr. 134.199.09, verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda in solidum auk vaxta, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem með hliðsjón af framlögðum reikningi yfir útlagðan kostnað hans í málinu, ákveðst kr. 12.000.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndu, Skipasmíðastöðin Dröfn h/f og Byggingarfélagið Þór h/f, greiði in solidum stefnanda, Guðmundi Jónssyni, kr. 134.199.09, auk 6% ársvaxta frá 1. júlí 1956 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. marz 1958.

Nr. 67/1957. **Ákæruvaldið** (Sigurður Reynir Pétursson hrl.)
gegn
Hannesi Þór Ólafssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Voru vitni þá m. a. eiðfest.

Samkvæmt gögnum málsins, þ. á. m. niðurstöðu blóðrannsóknar, verður að telja í ljós leitt, að ákærði hafi verið svo miður sín við akstur bifreiðar sinnar vegna undanfarinnar neyzlu áfengis og svefnleysis, að varði við 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Að öðru leyti er hegðun ákærða í héraðsdómi færð til réttra refsiákvæða. Þykir refsins ákærða hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærða ökuleyfi 6 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Þór Ólafsson, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurðar Reynis Péturssonar og Páls S. Pálssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 15. febrúar 1957.

Ár 1957, föstudaginn 15. febrúar kl. 14.00, var í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Tómasi Tómassyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Hannesi Þór Ólafssyni, sem dómtekið var í dag.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 23. janúar 1957, er ákærði, Hannes Þór Ólafsson bifreiðarstjóri, Suðurgötu 39, Keflavík, fæddur 22. febrúar 1931 í Keflavík, ákærður fyrir: A ð hafa aðfaranótt laugardagsins 8. september s.l. ekið bifreiðinni R 4280 frá Keflavík áleiðis til Reykjavíkur, þótt hann væri svo miður sín sökum undanfarandi áfengisneyzlu og svefnleysis, að hann gat ekki stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt svo og fyrir a ð hafa ekið bifreiðinni ógætilega umrætt sinn og of hratt, miðað við umferð og ástand vegarins, með þeim afleiðingum, að á Digraneshálsi lenti bifreið hans í árekstri við bifreiðina R 7064, svo að báðar bifreiðarnar stórskemmdust. Telst þetta varða við 3. mgr. 23. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. febrúar 1931 í Keflavík, og hefur hann, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1954 27/3 Keflavík. Sátt, 150 kr. sekt í ríkissjóð vegna umferðar- og bifreiðalagsbrots.

Málavextir eru þessir í stuttu máli:

Aðfaranótt 8. september s.l. ók ákærði bifreiðinni R 4280, sem Björn Sveinsson, Sóltúni 9, Keflavík, á, frá Keflavík áleiðis til Reykjavíkur. Laust fyrir kl. 01.20, er ákærði var kominn á Digranesháls, þá „svansaði" bifreiðin til á veginum vegna þess hve sleipt var á blautu malbikinu á þeim blettum, sem nýgert var við veginn, og varð þetta til þess, að ákærði ók á bifreiðina R 7064, sem kom á móti honum, með þeim afleiðingum, að báðar bifreiðarnar stórskemmdust. Ákærði hlaut sjálfur nokkra áverka, en ekki alvarlega. Bifreiðarstjóri bifreiðarinnar R 7064 meiddist ekki verulega né heldur farþegi, sem var í hans bifreið.

Ákærði var einn í bifreið sinni, er slysið varð.

Lögreglumenn, sem komu á vettvang, hlutuðust til um að blóð-

sýnishorn væri tekið úr ákærða, og fundust í því reducerandi efni, sem samsvara 0,9‰ af alkóhóli.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt skipti ekið á ca. 50—60 km. hraða miðað við klukkustund á leiðinni sunnan frá Keflavík. Er hann nálgaðist árekstursstaðinn, voru kaflar af brautinni nýmalbikaðir, og var sleipt á þeim köflum vegna bleytu. Á einum slíkum kafla „svansaði" bíllinn til, og kveðst ákærði við lögregluranns óknina hafa misst bílinn yfir á hægri kant vegarins. Fyrir dómi hefur hann hins vegar sagt, að það væri of mikið sagt, að hann hefði misst bifreiðina yfir á „hægri vegarjaðar", eins og bókað er eftir honum í skýrslu lögreglunnar. Hins vegar hafi bifreið hans „svansað" til og inn á götuna með þeim afleiðingum, að árekstur inn varð.

Ákærði kveðst hafa misst meðvitundina augnablik við höggið og hlotið taugaáfall og því verið allur í uppnámi og hafi hann ekki verið búinn að jafna sig fyrr en mörgum dögum seinna.

Ákærði kveðst um kl. 19.00 kvöldið fyrir, ca 5 klukkustundum áður en hann hóf akstur, hafa neytt eins sopa af whiskyblöndu og hafi hann alls ekki fundið til neinna áfengisáhrifa við akstur inn.

Við lögregluranns óknina upplýsti ákærði, að hann hefði sofið ca 2 klukkustundir nóttina áður en árekstur inn varð og ekkert sofið daginn áður.

Höskuldur Jóhannesson bifreiðarstjóri, ökumaður bifreiðarinnar R 7064, hefur komið fyrir dóm. Hann kveðst ekki geta sagt til um hraða R 4380, en segir að sér hafi fundizt „bílnum ekið hratt". Hann segir, að sér hafi fundizt akstur bifreiðarinnar „undarlegur" og „eitthvert öryggisleysi" við hann. Hafi bifreiðinni verið ekið til og frá á veginum, en er bifreiðarnar voru í þann veginn að mætast, hafi henni snögglega verið sveigt yfir á hægri vegarhelming, og lennti hún á hægri framaurhlíf bifreiðar vitnisins. Mikið tjón varð á bifreið vitnisins, en það hefur vitnið fengið bætt. Vitnið kveðst ekki geta fullyrt um, hvort ákærði var undir áhrifum áfengis, en hann hafi verið „allur í uppnámi".

Lögreglumennirnir Greipur Kristjánsson og Eyþór Magnússon, sem komu á árekstursstaðinn, hafa borið vitni í málinu. Vitnið Greipur kveðst hafa fundið lítilsháttar vínlykt af ákærða, en kveðst þó ekki geta fullyrt um það, hvort hann var með áfengisáhrifum. Ákærði hafi verið eitthvað miður sín, velktur og sjúskaður á að sjá. Vitnið Eyþór kveðst ekki geta borið um það, hvort

ákærði hafi verið með áfengisáhrifum eða ekki, enda kveðst vitnið hafa séð hann ógreinilega á staðnum.

Pálmi Jónsson lögregluvarðstjóri hefur og borið vitni í málinu. Vitnið yfirheyrði ákærða á lögreglustöðinni í Reykjavík strax sömu nóttina og áreksturinn varð. Vitnið gat ekki merkt áfengisáhrif á ákærða, en segir að „lítilsháttar áfengisþefur" hafi verið af andardrætti hans. Í skýrslu þeirri, sem vitnið tók af ákærða um nóttina og vitnið staðfesti í einu og öllu fyrir dómi, segir, að ákærði hafi einvörðungu sofið ca 2 klst. næstu nótt áður en slysið varð og ekkert daginn á milli.

Vitnið Ásbjörn Skarphéðinsson hefur borið, að ákærði hafi drukkið hjá sér 1 „sjúss" af whisky um kvöldmatarleytið kvöldið áður en ökuóhappið varð. Ekki virtist vitninu ákærði vera undir áhrifum víns áður.

Í ákæruskjali er ákærða ekki gefið að sök að hafa ekið bifreiðinni með áfengisáhrifum, og kemur það því eigi til álita.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið um málavexti, og því hversu drykkju ákærða hefur verið háttað, eftir því sem upplýst er, verður eigi unnt að telja sannað, að um slíka „undanfarandi neyzlu áfengis" hafi verið að ræða, að ákærði þess vegna hafi eigi „getað stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt", þannig að brjóti í bága við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga.

Hins vegar er það upplýst, að ákærði hefur einungis sofið ca. 2 klukkustundir næsta sólarhring á undan því að slysið varð. Þegar þetta er virt og hitt haft í huga,, að ákærði neytti áfengis, þó lítið væri og alllöngu áður en hann hóf akstur, svo og að vitni hefur borið, að því hafi fundizt „eitthvert öryggisleysi" í akstri ákærða, þá þykir mega telja sannað, að vegna svefnleysis hafi hæfni ákærða til aksturs verið skert það, að varði við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga.

Þá þykir og mega telja það sannað með eigin játningu ákærða, sem staðfest er af framburði þess eina vitnis, sem um hraðann hefur borið, að ákærði hafi í umrætt skipti ekið of hratt miðað við, að búast mátti við mikilli umferð svo og ástand vegarins, en ákærði kveðst hafa orðið þess var, að hált var á blettum vegarins, sem nýmalbikaðir voru. Þykir ákærði með þessu hafa brotið gegn 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga svo og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, þykir refsing ákærða samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga og 14. gr. umferðarlaga, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin 1200.00

króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Hins vegar verður ekki unnt að telja sannað, að ákærði hafi orðið sekur um svo „mjög vítaverðan akstur" eða eðli brotsins sé slíkt eða framferði ákærða sem bifreiðastjóra, sbr. sakavottorð hans, að það sé „varhugavert vegna öryggis umferðarinnar" að hann hafi ökuleyfi, og ber því að sýkna hann af kröfu ákæruvaldsins um sviptingu ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifbifreiðalaga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Þór Ólafsson bifreiðarstjóri, Suðurgötu 39, Keflavík, greiði kr. 1200.00 í sekt til ríkissjóðs og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Föstudaginn 14. marz 1958.

Nr. 70/1957. **Ólafur E. Einarsson** (Gústaf Ólafsson hrl.)
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fébótaábyrgð farmflytjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1957. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 11.050.57 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. september 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst **aðallega** staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en

til vara, að honum verði aðeins dæmt að greiða kröfu áfrýjanda að hluta, enda verði þá hvorum málsaðilja gert að bera málskostnað sinn.

Það er réttilega tekið fram í hinum áfrýjaða dómi, að ákvæði c-liðar 6. gr. farmskírteinisins skipti ekki máli um skaðabótaskyldu stefnda.

Hér fyrir dómi hefur því ekki verið andmælt af hálfu stefnda, að á pakka þann, sem glataðist, hafi verið skráð á ensku og þýzku, að innihald hans væri úr og að handleika bæri hann með varúð. Þykja því ákvæði fyrri mgr. 148. gr. laga nr. 56/1914 ekki leysa stefnda undan bótaábyrgð. Samkvæmt vöruskrá nam innkaupsverð einstakra úra, sem í pakkanum voru, frá 27 til 49 þýzkum ríkismörkum. Var hér því ekki um þess háttar verðmæti að ræða, sem ákvæði síðari mgr. 148. gr. nefndra laga taka til. Ber stefnda samkvæmt þessu að bæta áfrýjanda tjón hans eftir ákvæðum 147. gr. greindra laga. Þar sem áfrýjandi hefur gert fullnægjandi grein fyrir því, að verð pakkans hafi numið fjárhæð þeirri, sem hann krefst í málinu, ber að taka kröfu hans til greina, enda hefur upphafstíma vaxta ekki verið mótmælt sérstaklega.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 3000.00.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Eimskipafélag Íslands, greiði áfrýjanda, Ólafi E. Einarssyni, kr. 11.050.57 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. september 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 31. janúar 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., hefur Ólafur E. Einarsson stórkaupmaður, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 11. maí 1956, gegn h/f Eimskipafélagi Íslands, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð

kr. 11.050.57 auk 6% ársvaxta frá 20. september 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins. Til vara hefur stefndi mótmælt stefnukröfunni sem óhæfilega hárri.

Málavextir kveður stefnandi þá, að á árinu 1955 hafi hann verið staddur í Þýzkalandi og keypt þar ýmiskonar glysvarning (bijouterivarer) og sýnishorn og látið senda vörur þessar til Kaupmannahafnar. Afgreiðslu á vörunum þaðan hingað til Reykjavíkur hafi afgreiðslufirmað Larsen & Rastorp í Kaupmannahöfn haft á hendi. Stefnandi kveður sér hafa verið ljóst, að meðal varanna voru litlir pakkar með verðmætu innihaldi og hafi hann því beðið fulltrúa firmans að láta þá ekki í lest, þar sem hann hafi óttazt, að þeir gætu glatazt. Vörur þessar hafi síðan verið sendar hingað til lands með skipi stefnda v/s Gullfossi, er lagt hafi af stað frá Kaupmannahöfn 20. september 1955. Þegar starfsmenn afgreiðslufirmans hafi komið með vörurnar til skips, hafi þeir farið fram á að setja minnstu pakkana í herbergi stefnanda og sonar hans, er höfðu tekið sér far með skipinu, en þessu hafi verið neitað af starfsmönnum stefnda og þess krafizt, að pakkarnir yrðu settir í lest ásamt hinum vörunum. Hafi það verið gert. Er v/s Gullfoss kom til Reykjavíkur, hafi vantað einn pakka, er í hafi verið úrasýnishorn, en pakki þessi hafi verið merktur 941 á farmskírteini yfir vörurnar. Þá hafi hann og verið auðkenndur með nafni seljanda, „Basi-Uhren", svo og nafni viðtakanda og í bréfi frá seljanda til stefnanda, dagsettu 20. júlí f. á., segir, að utan á pakkanum hafi staðið bæði á ensku og þýzku: „Innihald: Úr. Handleikið með varúð".

Stefnandi kveður, að í umræddum pakka hafi verið 45 úr að verðmæti, að meðtöldu 71% bátagjaldeyrisálagi, kr. 11.050.57. Reisir hann dómkröfur sínar á því, að stefndi sé bótaskyldur gagnvart sér um þá fjárhæð, þar sem pakkinn hafi glatazt í flutningi með skipi stefnda, og enda þótt hann hafi borið greinilega með sér, hvert var innihald hans.

Stefndi hefur ekki véfengt það, að umræddur pakki hafi glatazt í flutningum hingað til lands. Hins vegar reisir hann kröfu sína um sýknu á ákvæðum 148. gr. siglingalaganna svo og á ákvæðum farmskírteinisins yfir vörurnar, sérstaklega c-lið 6. gr. þess. Kveður hann það viðtekna reglu um heim allan, að þegar sendar séu með skipi vörur, sem þurfa sérstakrar umönnunar

og gæzlu, þá sé sendanda skylt að skýra frá þessu og einkenna vörurnar glögglega. Eigi þetta þó sérstaklega við um peninga, verðbréf og aðra dýrgripi. Í því tilviki, sem hér um ræðir, hafi sendandi eða umboðsmaður hans algerlega vanrækt þessa sjálfsögðu skyldu. Afgreiðslu Eimskipafélagsins í Kaupmannahöfn eða yfirmönnum v/s Gullfoss hafi engin tilkynning borizt um, að stefnandi hefði sent úr með skipinu og beri farmskírteinið þetta greinilega með sér. Ef vitneskja hefði borizt um þetta, hefðu úrin að sjálfsögðu verið látin í sérstaka geymslu og þeirra gætt, eins og vera ber um verðmiklar vörur. Afleiðing þeirrar vanrækslu stefnanda að tilkynna ekki, að úr væru í vörusendingunni, sé sú, að stefnandi eigi engan rétt til skaðabóta vegna missis þeirra.

Ákvæði c-liðs 6. gr. farmskírteinisins virðist ekki eiga hér við, heldur mun því ætlað að taka til þess, hvernig ákveða skuli farmgjald fyrir verðmiklar vörur.

Ákvæði 148. gr. siglingalaganna eru svohljóðandi: „Ef sendur er með skipi farmur, sem þarf við sérstakrar umönnunar og gætilegrar meðferðar, skal skipstjóra sagt til þess og góssið glöggglega einkennt í þá átt. Nú er það vanrækt, og greiðir farmflytjandi þá engar bætur fyrir skaða, sem einungis varð girt fyrir með umönnun þeirri og varfærni, sem nefnd var. Ekki skal bæta peninga, verðbréf eða aðra dýrgripi, nema sagt sé til þeirra greinilega og hversu mikils eru verðir."

Í farmskírteini yfir vörur þær, sem stefnandi sendi með áðurgreindri ferð v/s Gullfoss, og er umræddur pakki nr. 941 þar með talinn, segir, að tekið sé til flutnings 16 stykki af glysvarningi og ýmsum sýnishornum (Bijouterivarer & div. pröver) og 6 pakkar af sama varningi og verð ekki tilgreint. Ósannað er gegn mótmælum stefnda, að afgreiðslu hans í Kaupmannahöfn eða yfirmönnum skipsins hafi verið veitt vitneskja um, að úr eða aðrar verðmætar vörur væru meðal vara þessara. Höfðu því fyrirsvarsmenn stefnda fulla ástæðu til að ætla, að hér væri um verðlitlar vörur að ræða, er ekki þyrftu sérstakrar gæzlu eða umönnunar við.

Að þessu athuguðu og með vísan til ákvæða 148. greinar siglingalaganna, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt samdómendunum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Óskari A. Gíslasyni fulltrúa.

Dómsorð:

Stefndi, h/f Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólafs E. Einarssonar, í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

Föstudaginn 14. marz 1958.

Nr. 15/1958. **Ákæruvaldið** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Sverri Einarsssyni (Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Áfengislaga- og bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur verið áfrýjað einungis að því er varðar ákærða, Sverri Einarsson.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Ákærði, Sverrir Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Ragnars Jónssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. október 1957.

Ár 1957, laugardaginn 26. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5163-5164/1957: Ákæruvaldið gegn Borgþóri Guðmundssyni og Sverri Einarssyni, sem dómtekið var 17. október s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 29. apríl s.l. gegn Borgþóri Guðmundssyni vélvirkjanema, Grundargerði 17, og Sverri Einarssyni rafvirkja, Bólstaðarhlíð 4, hér í bæ.

Gegn ákærða Borgþóri Guðmundssyni er málið höfðað fyrir að hafa laugardaginn 19. janúar s.l. ekið bifreiðinni R 5057 með áfengisáhrifum frá Selfossi að Bakkarholtsá í Ölfusi, þar sem hann ók hratt og ógætilega með þeim afleiðingum, að bifreiðin valt út í ána. Þá er málið og höfðað gegn þessum ákærða fyrir að neyta áfengis við greindan akstur. Brot hans teljast varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breyting á bifreiðalögum, svo og við 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Gegn ákærða Sverri Einarssyni er málið höfðað fyrir að hafa:

I. Veitt meðákærða Borgþóri áfengi við framangreindan akstur og fengið honum stjórn bifreiðarinnar og látið hann aka henni, þótt ákærði Borgþór væri með áfengisáhrifum. Brot þessi teljast varða við 3. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga og 1. mgr. i.f. 23. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga.

II. Laugardaginn 16. febrúar s.l. ölvaður ekið bifreiðinni R 5057 frá Nýju Blikksmiðjunni við Höfðatún hér í bæ að mótum Höfðatúns og Borgartúns, þar sem ákærði sýndi eigi nægа aðgæzlu, með þeim afleiðingum, að hann ók bifreiðinni ofan í skurð. Teljast þessi brot ákærða Sverris varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga, 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 svo og við 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga.

Þess er krafizt, að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar, sviptingar bifreiðastjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, svo og verði þeir dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Borgþór er fæddur 6. september 1934 í Reykjavík.

Sakavottorð hans er svohljóðandi:

1954 12/2 Reykjavík. Áminning fyrir brot á 209. gr. hegningarlaga.

— 3/12 Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. bifreiðalaga og 46. gr. lögreglusamþykktar.

1955 6/4 Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.

Ákærði Sverrir er fæddur 3. október 1933 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

1948 13/9 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir bifreiðarakstur án réttinda og rangstefnuakstur.

1954 23/9 Reykjavík. Dómur: 1200 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.

1955 4/2 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. bifreiðalaga.

1956 20/5 Reykjavík. Áminning fyrir ölvun.

— 10/11 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir:

I.

Laugardaginn 19. janúar s.l. kl. 18.00 kom Gísli Sigurtryggvason, Mávahlíð 46, hér í bæ, á bifreiðinni R 656 með tvo mjög drukkna menn og gegnvota til Stefáns J. Guðmundssonar, hreppstjóra í Hveragerði. Hafði Gísli verið á leið til Reykjavíkur frá Selfossi, er hann ók fram á jeppabifreiðina R 5057. Hafði Gísli svo ekið á eftir bifreiðinni, þar til henni var ekið út af veginum við brúna á Bakkarholtsá á Suðurlandsvegi með þeim afleiðingum, að henni hvolfdi. Kveðst Gísli hafa orðið að vaða út að bifreiðinni og draga mennina, er voru holdvotir, út úr henni. Menn þessir voru þeir ákærðu Borgþór Guðmundsson og Sverrir Einarsson. Skildist Stefáni hreppstjóra á samtölum þeirra, að jeppinn, sem þeir höfðu verið í, R 5057, væri á vegum ákærða Sverris, en ákærði Borgþór hefði ekið. Þar sem mennirnir voru örir og æstir,kvaðst hreppstjóri ekki hafa séð ástæðu til að taka af þeim skýrslu og láta þá fara til læknis til blóðrannsóknar. Jón Sigurðsson, bifreiðaeftirlitsmaður í Árnessýslu, athugaði bifreiðina R 5057, þar sem hún lá á hvolfi í ánni. Sást, að stýrisútbúnaður hennar var í lagi, en um önnur stjórntæki var ekki hægt að segja við þær aðstæður, er þarna voru. Að sögn Jóns Sigurðssonar var vegurinn snjólaus. Éljaveður hefði verið um kvöldið, en bjart á milli.

Samkvæmt uppdrætti af staðnum hefur bifreiðin R 5057 farið út af veginum hægra megin, miðað við stefnu hennar, og stendur hún hvolfi um það bil í miðri ánni og snýr með framendann að veginum. Hjólför eru sýnd á hægri vegjaðri við brúna, þar sem bifreiðin fór út af veginum.

Ákærði Borgþór hefur skýrt svo frá málsatvikum, að hann hafi laugardaginn 19. janúar s.l. farið austur á Selfoss á bifreiðinni R 5057 með ákærða Sverri. Kvaðst ákærði Borgþór hafa ekið bifreiðinni. Ákærði kvað ákærða Sverri hafa tekið að neyta af ákavítisflösku, sem hann hafði meðferðis, áður en lagt var af stað og á leiðinni austur var hann að drekka af flöskunni. Er á Selfoss kom, tók ákærði að neyta af flöskunni hjá ákærða Sverri, er þá var kominn talsvert undir áhrif áfengis. Drakk ákærði tvo til þrjá sopa af flöskunni í bifreiðinni. Ákærði komst undir áhrif áfengis af drykkjunni og var með áhrifum áfengis við aksturinn. Ákærði lagði af stað einhvern tíma um kvöldið áleiðis til Reykjavíkur. Á leiðinni frá Selfossi þangað, sem slysið varð, drakk ákærði 1—2 sopa af flöskunni hjá ákærða Sverri. Ákærði ætlar, að hann hafi ekið með 30—35 mílna hraða. Ákærði kvað sig minna, að aflíðandi beygja hafi verið að brú þeirri, sem slysið varð við. Er hann ætlaði inn á brúna, tókst svo til, að vinstra framhjól bifreiðarinnar lenti á brúarhandriðinu vinstra megin, sem er lágt, bogadregið og úr steinsteypu. Hjólið lenti upp á endanum á handriðinu, sem er lægst, þar sem inn á brúna er ekið. Við þetta kastaðist bifreiðin upp að framan og valt hún yfir sig yfir á hægri hlið og út af veginum, ofan í ána. Ákærði kvaðst ekki geta gert sér ljóst, af hverju hann hafi ekið bifreiðinni á brúarhandriðið. Kvaðst hann hafa misst vald á bifreiðinni og slysið orðið af þeim sökum. Bifreiðin kom niður á þakið. Ákærði og ákærði Sverrir komust út úr bifreiðinni hjálparlaust. Náðu þeir í bifreið þarna, sem ók þeim að Hveragerði. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því, hvort þeir ákærði Sverrir hafi neytt áfengis eftir slysið. Ákærði staðhæfir, að ákærði Sverrir hefði ekki ekið bifreiðinni í umrætt skipti.

Ákærði Sverrir hefur skýrt frá því, að hann hafi nokkru fyrir hádegi umræddan dag komið í Nýju Blikksmiðjuna við Höfðatún. Tók ákærði þar að neyta af ákavítisflösku, sem hann hafði meðferðis. Ákærði ætlaði austur fyrir fjall og fékk ákærða Borgþór til að aka fyrir sig. Ákærði kvaðst ekkert muna eftir sér vegna ölvunar frá því hann lagði af stað og þar til hann kom í Hveragerði eftir slysið. Kvaðst hann ekkert um mál þetta geta sagt.

Hann kveðst eiga vanda til að tapa minni, er hann er með áhrifum áfengis. Mikið tjón varð á bifreiðinni R 5057, að sögn ákærða.

Vitnið Gísli Sigurtryggvason bifreiðarstjóri, Mávahlíð 46, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að það hafi umrætt kvöld verið á leið frá Selfossi til Reykjavíkur á bifreiðinni R 656. Er vitnið nálgaðist brúna á Bakkarholtsá, ók það fram á jeppabifreiðina R 5057 og ók vitnið nokkurn spöl á eftir henni. Bifreiðinni R 5057 var ekið mjög ógætilega, sitt á hvað til hægri og vinstri á veginum, og er hún kom að brú þeirri, er að framan greinir, var henni ekið út af veginum, hægra megin. Bifreiðin valt og kom niður í ána á þakið. Vitnið fór að svipast eftir mönnum þeim, sem voru í bifreiðinni. Hélt það út í ána að bifreiðinni og opnaði það hurð á henni. Voru mennirnir þá á fjórum fótum inni í bifreiðinni. Mennirnir voru mjög ölvaðir. Ekki höfðu þeir orð á því, hvor þeirra hefði ekið og kvaðst vitnið ekkert geta um það sagt. Vitnið vildi ekki fara með mennina strax til Reykjavíkur sakir ástands þeirra og fékk þá í hendur Stefáni J. Guðmundssyni, hreppstjóra í Hveragerði. Vitnið ók mönnunum til Reykjavíkur nokkru síðar frá Stefáni.

Ekki var tekið blóðsýnishorn úr ákærðu.

Ákærði Borgþór gaf síðar nánari skýringu á framburði sínum. Hann kvaðst hafa tekið að neyta áfengis á Selfossi í bifreiðinni í framangreint skipti, eins og áður greinir. Hafði ákærði Sverrir farið á brott úr bifreiðinni og ákærði drukkið af áfengi því, er hann hafði meðferðis á meðan. Um það leyti, sem þeir félagar fóru frá Selfossi, lagðist Sverrir til svefns í bifreiðinni og hélt ákærði, að hann hefði verið sofandi, þar til bifreiðin fór út af veginum. Ákærði kvaðst efast um það, að ákærði Sverrir hafi vitað af því, að hann hafði neytt áfengis á Selfossi, áður en lagt var af stað þaðan.

Með játningu ákærða Þorþórs, sem studd er öðrum gögnum máls þessa, er að framan greinir, þá þykir nægilega sannað, að hann hafi ekið bifreiðinni R 5057 með áhrifum áfengis frá Selfossi að Bakkarholtsá í Ölfusi og enn fremur, að ákærði hafi neytt áfengis við aksturinn. Enn fremur þykir með framburði ákærða Borgþórs og framburði vitnisins Gísla Sigurtryggvasonar nægilega sannað, að ákærði Borgþór hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og sýnt gáleysi í akstri með þeim afleiðingum, að hann ók út af veginum. Með þessu atferli sínu þykir ákærði hafa gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr.

23/1941 sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breytingu á bifreiðalögum svo og við 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Hefur ákærði þannig unnið til refsingar og enn fremur til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga.

Ákærði Sverrir kvaðst vera minnislaus um það, er gerðist í umrætt skipti, og með framburði ákærða Borþórs þykir ekki nægilega sannað, að hann hafi veitt ákærða Borgþóri áfengi við aksturinn í umrætt sinn. Ekki þykir heldur sannað samkvæmt því, sem ákærði Borgþór hefur síðar borið í máli þessu, að ákærða Sverri hafi verið ljóst, að ákærði Borgþór var með áhrifum áfengis, er hann hóf aksturinn frá Selfossi. Ber því að sýkna ákærða Sverri af þessum liðum ákæruskjals og þar með fyrir brot gegn 3. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga og 1. mgr. i.f. 23. gr., sbr. 1. mgr. 38. bifreiðalaga nr. 23/1941.

II.

Laugardaginn 16. febrúar s.l., kl. 19.35, var lögreglunni hér í bæ tilkynnt, að bifreið hefði verið ekið ofan í hitaveituskurð á mótum Höfðatúns og Borgartúns. Héldu lögreglumenn þegar á staðinn. Sáu þeir, hvar jeppabifreiðinni R 5057 hafði verið ekið ofan í umræddan skurð með framendann, en afturendinn var uppi á skurðbakkanum. Kveikjuláslykillinn stóð í kveikjulásnum og auk þess fannst slatti af ákavíti á flösku í bifreiðinni. Guðni Sigurður Einarsson, Laugarnesvegi 54, er tilkynnti lögreglunni um, að bifreiðinni hefði verið ekið ofan í skurðinn, skýrði jafnframt frá því, að hann hefði séð mjög drukkinn mann brölta upp úr skurðinum frá bifreiðinni og slangra upp Höfðatún. Eigandi bifreiðarinnar var Sverrir Einarsson, ákærði í máli þessu. Gat lögreglan ekki fundið hann og náðist hann ekki til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni fyrr en þann 18. febrúar næstan á eftir, en sú skýrsla glataðist, svo að skýrsla var tekin að nýju 19. febrúar. Lögreglumenn sögðu bifreiðinni R 5057 hafa verið ekið niður Höfðatún að Borgartúni, er hún lenti ofan í skurðinum, sem lá meðfram akbraut Borgartúns að sunnanverðu. Nýja Blikksmiðjan, þar sem ákærði vinnur, liggur við Höfðatún nokkurn spöl frá þeim stað, sem bifreiðin R 5057 lenti ofan í skurðinum.

Vitnið Guðni Sigurður Einarsson verzlunarmaður, Laugarnesvegi 54, hefur skýrt frá því, að það hafi umræddan laugardag verið á leið inn Borgartún á bifreið sinni R 4586. Er vitnið kom

á móts við Höfðatún, kvaðst það hafa séð vörubifreið á vinstri vegarhelmingi, er var fyrir því. Tveir menn, er voru úr vörubifreiðinni, stóðu þarna uppi á moldarbing, er var hægra megin götunnar. Vitnið fór að athuga þetta nánar og varð þá vart við jeppabifreiðina R 5057, er stóð næstum því á endann ofan í skurði. Vitnið ók smávegis áfram og stöðvaði fyrir austan skurðinn. Sá það þá ungan mann, 25—30 ára að aldri, á að gizka, skríða upp úr skurðinum, sem bifreiðin R 5057 hafði farið ofan í. Maðurinn var greinilega mjög drukkinn. Fór hann að undirgangi eða anddyri hornhússins, sem er sunnan götunnar. Maðurinn var klæddur í dökk föt, jafnvel gráleit, frakkalaus og með skíðahúfu. Vitnið leit svo á, að maður þessi hefði verið með bifreiðina R 5057. Fór það því á lögreglustöðina og tilkynnti um atburð þenna. Vitnið sá engan annan mann í skurðinum við bifreiðina R 5057 eða inni í henni. Vitnið vissi ekki skrásetningarmerki á vörubifreiðinni, er að framan greinir, né heldur deili á mönnum þeim, er í henni voru, og fundust þeir ekki. Vitnið kvaðst ekki geta þekkt aftur mann þann, er var við bifreiðina R 5057 í skurðinum. Lögreglan gerði að sögn vitnisins enga leit að manninum.

Er ákærði mætti hjá rannsóknarlögreglunni, var skráma á enni hans, sem hann gat enga ákveðna skýringu gefið á, hvernig hann hefði hlotið.

Ákærði neitaði að gefa skýrslu í máli þessu fyrir dómi. Vísaði hann til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglunni, er hann kvað vera rétta. Skýrði hann þar frá því, að hann hafi verið staddur heima hjá sér umræddan laugardag um kl. 16.00. Hringdi þá til hans vinnufélagi hans, Jóhannes Sigurðsson, er var að vinna að viðgerð á bifreið í Nýju Blikksmiðjunni. Samkvæmt beiðni nefnds Jóhannesar fór ákærði og útvegaði honum „headpakkningu“ á jeppa. Hélt ákærði á bifreið sinni R 5057 að Nýju Blikksmiðjunni. Ákærði kvaðst hafa átt eina flösku af áfengi og tók hann flöskuna með sér. Ekki hafði hann tekið að neyta af flöskunni, er hann lagði af stað í umræddа ökuferð. Er í Nýju Blikksmiðjuna kom, tók ákærði að neyta áfengis. Ákærði kvaðst svo hafa orðið talsvert ölvaður og ekki muna eftir sér, frá því er hann var búinn að drekka talsvert úr flöskunni og þar til næsta morgun, er hann vaknaði heima hjá sér. Ákærði kvaðst ekki muna, hvernig hann komst heim til sín. Er ákærði vaknaði um morguninn, taldi hann, að bifreið sín væri í Nýju Blikksmiðjunni, en er þangað kom, var hún þar ekki. Síðar frétti ákærði, að lögreglan hefði tekið bifreiðina í sína vörzlu. Ákærði kvaðst hafa ætlað að tilkynna þjófnað á bifreið-

inni. Ákærði kvaðst ekki muna, hvað hafi gerzt umrætt kvöld og því hvorki geta játað né neitað, að hann hafi ekið bifreiðinni. Tók ákærði fram í þessu sambandi, að er hann hefði neytt áfengis að vissu marki, tapaði hann minni. Ákærði kvaðst hafa verið klæddur í grá föt, veri frakkalaus og berhöfðaður. Þó var hann með húfu, er hann kom í Nýju Blikksmiðjuna. Ákærði kvaðst einn hafa lykla að bifreiðinni. Ákærði kvaðst sem fyrr greinir engar upplýsingar geta gefið um það, hvernig hafi á því staðið, að bifreið hans var ekið ofan í skurð við Borgartún. Ákærði taldi, að hann hefði hlotið skrámurnar, er voru á enni hans, vegna þess að hann hefði dottið umræddan dag. Ákærði kvað föt sín ekki hafa verið óhrein, er hann vaknaði um morguninn eftir umrætt atvik.

Vitnið Jóhannes Sigurðsson rafvirki, Þvervegi 14, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að það hafi umræddan laugardag verið að vinna við viðgerð á jeppabifreið í húsi Nýju Blikksmiðjunnar við Höfðatún. Um kl. 16.00 hringdi vitnið í ákærða og bað hann að útvega sér „headpakningu". Kom ákærði með hana um kl. 17.00 á bifreiðinni R 5057 og ók henni inn í smiðjuna. Vitnið varð ekki vart við það, að ákærði hefði neytt áfengis, er hann kom á vettvang. Ákærði hafði meðferðis ákavítisflösku og tók að neyta af henni, eftir að á staðinn kom. Drakk ákærði sig mjög ölvaðan. Eftir að ákærði kom á staðinn, hafði bifreið hans verið ekið út úr smiðjunni, en ekki kvaðst vitnið vita, hver hefði gert það. Ákærði hvarf um þetta leyti af staðnum. Kom hann skömmu síðar og hleypti félagi vitnisins, Pétur Jón Árnason, honum þá inn. Gáði Pétur Jón um þetta leyti út og sá, að bifreiðin var ekki á staðnum. Vitnið veitti ákærða ekki sérstaka athygli, er hann kom aftur og kveðst ekkert geta sagt um útlit hans. Ákærði var klæddur í grá föt, frakkalaus og að vitnið minnir með húfu. Er hann kom aftur, var hann húfulaus. Pétur Jón sagði vitninu, að hann hefði beðið ákærða um að skilja eftir lykla bifreiðarinnar, en ákærði ekki viljað það. Vitnið kvað ástæðuna til þess, að Pétur Jón leit út, hafa verið þá, að þeir hafi verið hræddir um, að ákærði hefði farið á bifreiðinni. Vitnið kvaðst ekki vilja fullyrða um það, hvort ákærði hefði ekið bifreiðinni, þar sem það sá það ekki.

Vitnið Pétur Jón Árnason rafvirki, Bjargi á Seltjarnarnesi, hefur skýrt frá því, að það hafi verið að vinna með framangreindum Jóhannesi, er ákærði kom til þeirra að beiðni Jóhannesar, eins og áður er rakið. Vitnið varð ekki vart við það, að ákærði hefði neytt áfengis, en hann hafði ákavítisflösku meðferðis, er hann kom á vettvang. Skömmu eftir að ákærði kom, ók hann jeppanum inn

á verkstæðið. Ákærði tók nú að neyta áfengisflöskunni þarna inni og drakk sig talsvert ölvaðan. Vitnið kvaðst hafa orðið vart við það, að bifreiðinni R 5057 var ekið út af verkstæðinu. Vissi vitnið ekki, hvort ákærði gerði það, en hann fór á brott um þetta leyti og kom um það bil 5—10 mínútum síðar. Var ákærði þá rykugur og skrámaður á enni. Vitnið spurði ákærða, hvað hefði gerzt, en hann svaraði því engu. Eftir að ákærði kom, kvaðst vitnið hafa litið út og séð, að jeppabifreiðin var ekki fyrir utan. Vitnið taldi, að ákærði hefði farið á bifreiðinni, en kvaðst ekkert geta um það fullyrt. Ákærði var á blágráum fötum, frakkalaus, en ekki man vitnið, hvort hann var með húfu. Vitnið kvaðst hafa séð lykla bifreiðarinnar R 5057, eftir að hún var kominn inn á verkstæðið. Voru þeir í bifreiðinni. Vitnið vissi ekki meira, hvað af lyklunum varð.

Ákærði hefur neitað að svara spurningum dómarans varðandi ákæruatriði það, er nú hefur verið rakið, en hjá rannsóknarlögreglunni borið við minnisleysi sínu varðandi það sakir ölvunar. Þegar þau atriði eru enn fremur virt, að vitnin Jóhannes Sigurðsson og Pétur Jón Árnason bera það, að ákærði hafi horfið á brott um sama leyti og bifreiðinni var ekið á brott, að bifreiðarlyklarnir, er ákærði hefur einn, finnast í kveikjulásnum og sannað þykir, að ákærði hafi verið með þá á verkstæðinu, að vitnið Guðni Sigurður Einarsson sér mann, sem greinilega er drukkinn, og sá maður gæti, eftir lýsingu hans að dæma, verið ákærði, og loks það, að ákærði er rykugur og skrámaður á enni, er hann kemur aftur í Nýju Blikksmiðjuna, þá þykir nægilega sannað, að ákærði hafi verið við stjórn bifreiðarinnar R 5057 í umrætt skipti ölvaður, frá Nýju Blikksmiðjunni að skurðinum, er hann ók ofan í á gatnamótum Borgartúns og Höfðatúns, en með því þykir hann hafa sýnt gáleysi í akstri.

Með þessu atferli sínu telst ákærði Sverrir hafa gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, svo og við 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Ákærði Sverrir hefur þannig unnið til refsingar og sviptingar ökuleyfis.

III.

Refsing ákærða Borgþórs þykir hæfilega ákveðin 2000.00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu

dóms þessa.

Ökuleyfissvipting ákærða þykir hæfilega ákveðin í 1 ár frá 5. febrúar s.l., er hann var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Refsing ákærða Sverris þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald, með því að um ítrekað brot hans er að ræða.

Samkvæmt því ber samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 1500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Bergþór Guðmundsson, greiði 2000.00 kr. sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá 5. febrúar 1957 sviptur ökuleyfi í 1 ár.

Ákærði Sverrir Einarsson sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. marz 1958.

Nr. 177/1957. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs** (Hermann Jónsson hrl.)
gegn
Vilhjálmi Þór (Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skattamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1957, gerir **aðallega** þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði vísað heim í hérað og að hvorum aðilja verði gert að greiða sinn kostnað af málinu. **Til vara** krefst hann þess, að lögtak verði heimilað fyrir kr. 51.815.00 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði og að stefnda verði dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Engir þeir gallar eru á meðferð máls þessa í héraði né á hinum áfrýjaða úrskurði, er valdið geti heimvísun málsins. Verður aðalkrafa áfrýjanda því ekki tekin til greina.

Það er almenn regla íslenzkra skattalaga, að tekjur, sem skattþegn kann að afla með ýmiskonar atvinnurekstri eða á annan hátt, eru lagðar saman og tekjuskattur síðan reiknaður af þeim í einni heild. Þegar skattþegn kann að bíða halla á atvinnurekstri, svo sem hér er um að ræða, leiðir að sjálfsögðu af þessu, að þann halla ber að draga frá öðrum tekjum hans, áður en tekjuskattur er á þær lagður, nema lög kunni að mæla fyrir á aðra leið. En um það er hér ekki að ræða. Með skírskotun til þessa og til þeirra raka, sem greind eru í hinum áfrýjaða úrskurði, á stefndi kröfu til, að tap hans á landbúnaði sé dregið frá tekjum hans, áður en skattur er á þær lagður.

Áfrýjandi hefur vefengt, að tap stefnda á landbúnaði hafi orðið eins mikið og í framtali hans greinir.

Stjórnarvöld skattamála hafa ekki notað heimild 35. gr. laga nr. 45/1954 til þess að skora á stefnda að láta í té nánari skýringar á landbúnaðarskýrslu hans og áætla síðan rekstrarhalla hans á landbúnaði, ef hann varð ekki við þeirri áskorun eða svar var ekki fullnægjandi. Þar sem þetta var ekki gert, verður að leggja skýrslu þessa til grundvallar við ákvörðun rekstrarhallans.

Samkvæmt framanskráðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Vilhjálmi Þór, kr. 5000.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 30. júlí 1957.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 22. þ. m., hefur tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs krafizt lögtaks hjá gerðarþola, Vilhjálmi Þór, Hofsvallagötu 1, hér í bæ, til tryggingar tekjuskattseftirstöðvum fyrir árið 1956, að upphæð kr. 55.498.00, auk dráttarvaxta, málskostnaðar, lögtakskostnaðar og kostnaðar við eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Málavextir eru þessir:

Við álagningu skatts í Reykjavík á árinu 1956 gerði skattstjóri gerðarþola að greiða kr. 29.720.00 í tekjuskatt. Við ákvörðun skattsins hafði skattstjóri bætt við tekjur gerðarþola kr. 33,120.00, ⅕ hluta af kostnaðarverði bifreiðarinnar R 10, er gerðarþoli hafði fengið sem kaupuppbót fyrir 9 ára starf. Þá hækkaði hann einnig eigin húsaleigu gerðarþola um kr. 10.120.00. Rekstrarhalla af landbúnaðarrekstri gerðarþola, kr. 199.986.50, strikaði hann út sem ófrádráttarbæran, en áætlaði honum í þess stað til frádráttar kr. 35.000.00 í vaxtagjöld vegna búrekstrar.

Framangreinda skattaálagningu kærði gerðarþoli til skattstjóra,

er úrskurðaði kæruna á þann hátt, að hann bætti við tekjur gerðarþola ⅘ hlutum af kostnaðarverði bifreiðarinnar R 10, kr. 134.043.30, lækkaði eigin húsaleigu um kr. 6.120.00, en af rekstrarhalla af búrekstri Rangársands s.f., sem gerðarþoli á að hálfu, leyfði hann nú til frádráttar öll vaxtagjöld, sem voru að hálfu kr. 60.565.00, þ. e. kr. 25.565.00, auk áður leyfðs frádráttar, kr. 35.000.00. Enn fremur leyfði hann frádrátt vegna sama: Fasteignagjöld, slysatryggingargjöld og tryggingargjöld, samtals kr. 2.395.00. Hækkanir umfram lækkanir urðu þannig kr. 99.963.30 og í samræmi við það hækkaði skattstjóri tekjuskatt gerðarþola um kr. 40.000.00 eða í kr. 69.720.00. Skattlagningu þessa kærði gerðarþoli til yfirskattanefndar, er staðfesti úrskurð skattstjóra. Gerðarþoli kærði þá til ríkisskattanefndar, er lækkaði eigin húsaleigu gerðarþola um kr. 4.000.00, en staðfesti að öðru leyti tekjuákvörðun skattstjóra og lækkaði samkvæmt því tekjuskatt gerðarþola um kr. 1.600.00 eða í kr. 68.122.00.

Gerðarþoli vill ekki una skattálagningu þeirri, er hér hefur verið rakin, og hefur tilkynnt gerðarbeiðanda, að hann muni ekki greiða skatteftirstöðvar þær, er hér er beiðzt lögtaks fyrir, án þess að fógetadómur úrskurði um réttmæti þeirra. Gerðarbeiðandi krafðist því lögtaks fyrir skatteftirstöðvunum með beiðni, dagsettri 18. þ. m. Þar er krafizt lögtaks fyrir kr. 55.498.00, en síðan hefur gerðarþoli greitt kr. 3.683.00, svo að krafan hefur lækkað við það niður í kr. 51.815.00. Málið var tekið fyrir hinn 18. þ. m. og hefur síðan verið sótt og varið hér fyrir réttinum og var tekið til úrskurðar hinn 22. þ. m., að afloknum munnlegum málflutningi.

Almennur lögtaksúrskurður fyrir þinggjöldum, álögðum í Reykjavík 1956, var kveðinn upp hinn 7. september s.l. og birtur í dagblöðum bæjarins.

Réttarkröfur gerðarbeiðanda eru þær, að hið umbeðna lögtak verði látið fram fara fyrir ofangreindum skatteftirstöðvum, kr. 51.815.00, ásamt lögboðnum dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags, lögtakskostnaði og kostnaði við eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Enn fremur, að sér verði úrskurðaður málskostnaður að mati réttarins.

Réttarkröfur gerðarþola eru hins vegar þær, að synjað verði um framgang hins umbeðna lögtaks og að sér verði úrskurðaður málskostnaður að mati réttarins.

Það er viðurkennt í máli þessu, að hinar umkröfðu skatteftirstöðvar, kr. 51.815.00, stafi eingöngu af teknahækkun þeirri, er skattstjóri hefur gert á framtali gerðarþola vegna þess, að hann

vildi ekki leyfa honum frádrátt á rekstursshallanum á umgetnum búrekstri hans.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að búrekstur gerðarþola sé með þeim hætti, að honum sé ekki heimilt að draga halla af honum frá tekjum sínum til skatts. Hann hafi fengið til fulls frádráttar að sínum hluta vexti, fasteignagjöld og tryggingagjöld vegna Rangársands s.f., sem hann eigi að hálfu, en bókfærður rekstursshalli af búrekstrinum verði honum engan veginn heimilaður til frádráttar. Í þessu sambandi bendir hann á eftirfarandi atriði: Gerðarþoli sé bankastjóri Landsbankans og hafi þaðan fyrst og fremst þær tekjur, er hann framfæri með sig og sitt heimili. Búrekstur Rangársands s.f. sé ekki rekinn í framfærsluskyni. Gerðarþoli búi ekki á jörðum félagsins né stjórni rekstri á þeim. Af slíku sambandi gerðarþola við jarðeignir hans og búrekstur leiði, að hallarekstur af þessum búrekstri hans sé ekki heimill til frádráttar tekjum hans til skatts. Sé það í samræmi við þá reglu ríkisskattanefndar að leyfa ekki frádrátt á tapi þeirra gjaldenda á landbúnaði, sem hafa aðra aðalatvinnu, en all algengt sé, að skattgjaldendur með háar tekjur hafi einnig landbúnað og telji fram tap á honum til lækkunar á nettótekjum sínum. Þessi regla ríkisskattanefndar sé í samræmi við það, sem J. Hartvig Jakobsen haldi fram í Skatteretten, bls. 186—187. Landbúnaðarskýrslur og önnur framtalsgögn gerðarþola beri með sér, að frekar sé um fjárfestingu að ræða en venjulegan búrekstur svo og, hvernig standi á rekstrarhallanum yfirleitt.

Þá er á það bent af hálfu gerðarbeiðanda, að landbúnaðarskýrslur, er fylgi framtali gerðarþola, séu ekki færðar eins og vera ber og réttlæti það eitt út af fyrir sig, að frádrátturinn sé ekki tekinn til greina. Ekki sé þar né annars staðar í framtalsgögnum gerðarþola sundurliðun á vinnulaunum og ekki komi þar greinilega fram, hvernig standi á hinum miklu áburðarkaupum, viðhaldi véla og eldsneytisnotkun þeirra. Þannig sé raunverulega fyrir hendi ástæða til að taka framtalið ekki til greina, heldur áætla tekjur til skatts. Sé því hér haldið fram sem varamálsástæðu, að svo hafi verið gert, með því að strika út tapreksturinn.

Loks er af hálfu gerðarbeiðanda mótmælt þeirri staðhæfingu gerðarþola, að ef um taprekstur hans vegna útgerðar hefði verið að ræða, myndi hann orðalaust hafa fengið tapið dregið frá tekjum sínum til skatts.

Af hálfu gerðarþola er haldið fram, að allt tap af búrekstri hans beri að reikna til frádráttar tekjum hans til skatts. Hafi það fulla

stoð í lögum nr. 46/1954, en í 7. gr. þeirra laga segi, að skattskyldar tekjur teljist „alls konar arður, laun og gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem: A. Tekjur af landbúnaði.“ Ef ágóði hefði orðið af búrekstri gerðarþola, hefðu því þær tekjur ótvírætt orðið skattskyldar. Af því leiði augljóslega, að tap, sem verði á slíkum atvinnurekstri, sé frádráttarbært til skatts. Það fái og stoð í 10. gr. sömu laga, en þar segi: „Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja á milli ára um tvenn áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt.“

Þá er því haldið fram af hálfu gerðarþola, að ef hann ræki útgerð á sama hátt og hann rekur landbúnað, hefði hann orðalaust fengið tap á þeim rekstri dregið frá tekjum sínum til skatts. Sé sú regla skattyfirvalda alkunn. Sé því um hreina valdníðslu að ræða hjá skattyfirvöldum að neita gerðarþola um frádrátt á tapi vegna búrekstrar, þegar þau heimila aðiljum, sem eins eru settir, frádrátt á tapi vegna útgerðar.

Því er mótmælt af gerðarþola, að það skipti nokkru máli í þessu sambandi, þótt gerðarþoli hafi ekki framfærslu af búrekstri sínum og hann búi ekki sjálfur á jarðeignum sínum né stjórni búrekstrinum. Hafi sú staðhæfing gerðarbeiðanda enga stoð í lögum. Er bent á, að um stórfelldan búrekstur sé að ræða, sem að sjálfsögðu sé stofnað til í því skyni að hafa af honum arð, þótt enn hafi hann ekki skilað arði og því að sjálfsögðu ekki fram til þessa aflað gerðarþola nokkurrar framfærslu. Tilvitnun gerðarbeiðanda í Skatteret eftir J. Hartvig Jakobsen telur gerðarþoli fremur styðja sitt mál. Þá telur hann það fjarstæðu að telja rekstur bús með tugi nautgripa og á annað hundrað fjár fremur fjárfestingu en búrekstur. Á slíku búi verði og vart hugsað sér öllu minni vinnulaun en upp eru gefin í rekstursreikningi. Sama máli gegni og um liðina áburðarkaup, eldsneytisnotkun og viðhald véla.

Í sambandi við athugasemdir gerðarbeiðanda um færslu landbúnaðarskýrslna gerir gerðarþoli eftirfarandi athugasemdir: Í fyrsta lagi hafi skattayfirvöld ekki gert neina athugasemd við framtal gerðarþola að þessu leyti og ekki gert á því neinar breytingar eða áætlanir af þessum sökum. Hafi þau því samþykkt framtalið að því leyti. Í öðru lagi megi benda á, að form fyrir landbúnaðarskýrslur sé ekki miðað við stórrekstur, svo sem hér sé um að ræða. Löggiltir endurskoðendur, er gengið

hafi frá reikningum og framtali gerðarþola, hafi ekki talið skýrsluna nothæfa í þessu skyni að öðru leyti en því að færa inn á hana skýrslu um bústofn. Hins vegar hafi verið færður rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir búið og hann sendur með framtalinu og gefi hann betri mynd af rekstrinum en landbúnaðarskýrsla myndi gefa.

Eins og áður er getið, er enginn ágreiningur í máli þessu um það, að skatteftirstöðvar þær, kr. 51.815.00, sem hér er krafizt lögtaks fyrir, stafa af framangreindri skatthækkun skattstjóra af þeim sökum, að hann vill ekki fallast á, að gerðarþola sé heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum margnefndan hallrekstur af búskap. Er því um það eitt að fjalla, hvort frádráttur þessi sé heimill eða ekki.

Af gögnum málsins verður að teljast ljóst, að hér er um að ræða all stórfelldan búrekstur, og er arður af slíkum búrekstri ótvírætt skattskyldur samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 46/1954, 7. gr. 1. mgr. a. lið. Í 10. gr. sömu laga segir hins vegar um það, hvað draga skuli frá tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Þar segir m. a. í b-lið: „Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja á milli ára um tvenn áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð ...“ Frekari ákvæði er ekki að finna um þessi efni í íslenzkri skattalöggjöf, og reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt frá 30. desember 1955 gefur enga frekari skýringu í þessum efnum, er máli skiptir. Svo skýr lagaákvæði hljóta að leiða til þess, að gerðarþoli hafi átt ótvíræðan rétt á að draga hið umdeilda rekstrartap sitt frá tekjum sínum, áður en skattur yrði af þeim reiknaður, ef ekkert annað kemur til. Er þá á það að líta, hvort gerðarþoli hafi gert fullnægjandi grein fyrir tapinu.

Gerðarþoli hefur látið fylgja framtali sínu rekstrar- og efnahagsreikning Rangársands s.f. og landbúnaðarskýrslu, útfyllta, að því er framtal bústofns varðar, rskj. nr. 9 og 10, og verður að telja það fullnægjandi framtalsgögn, að því er þennan rekstur varðar, ef skattyfirvöld hafa ekkert haft við færslu þeirra að athuga. Um meðferð skattstjóra á framtali gerðarþola og síðar skattkæru verður ráðið af því, sem fram hefur komið í málinu, m. a. af rskj. nr. 4, framtali gerðarþola, sem lagt hefur verið fram í réttinum ljósprentað, að hann hefur engar breytingar gert á því, að því er hér um ræddan taprekstur varðar, aðrar en þær,

að leyfa ekki frádrátt taprekstursins frá skattskyldum tekjum gerðarþola. Við ákvörðun skattsins hefur hann hins vegar lagt til grundvallar niðurstöðutölur reksturs- og efnahagsreikningsins, að frádregnu þar bókfærðu tapi af búrekstrinum. Það verður því að líta svo á, að hann hafi þar með viðurkennt reksturs- og efnahagsreikninginn sem fullnægjandi og ótortryggilega bókhaldsheimild. Yfirskattanefnd hefur staðfest úrskurð skattstjóra og ríkisskattanefnd hefur einnig staðfest hann að öðru leyti en því, að hún felldi niður teknaviðbót vegna eigin húsaleigu gerðarþola.

Af framangreindu leiðir, að telja verður, að gerðarþoli hafi gert fullnægjandi grein fyrir tapi sínu á skattframtali sínu og að honum hafi því verið heimilt samkvæmt 10. gr. b-lið laga nr. 46/1954 að draga margumrætt reksturstap sitt frá skattskyldum tekjum sínum. Af því leiðir, að varamálsástæða gerðarbeiðanda, að um teknaáætlun hafi verið að ræða hjá gerðarþola vegna ófullkomins framtals, fær eigi heldur staðizt. Skattstjóra var því ekki heimilt að hækka skattskyldar tekjur gerðarþola um hið framtalda tap hans á búrekstri á árinu 1955.

Niðurstaða réttarins verður því sú að synja ber um framgang hins umbeðna lögtaks. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 17. marz 1958.

Nr. 36/1957. **Vigfús Einarsson**
gegn
Sverri Aðalbjörnssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Máli frestað í Hæstarétti.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 25. febrúar 1957 áfrýjað til Hæstaréttar úrskurðum fógetadóms Reykjavíkur, er upp voru kveðnir í útburðarmáli stefnda gegn honum hinn 19. september 1956 og 15. febrúar 1957. Málið var þingfest í aprílmánuði 1957, og hefur því síðan verið frestað með samkomulagi aðilja þar til í febrúarmánuði s.l. Er málið var tekið fyrir hinn 28. þessa mánaðar, bað umboðsmaður áfrýjanda enn um frest til aprílmánaðar næstkomandi. Umboðsmaður stefnda mótmælti þeim fresti, enda hafði hann lýst því, er málinu var frestað í síðastliðnum janúarmánuði, að hann mundi ekki samþykkja frekari frest.

Fram er komið í málinu, að áfrýjandi hefur eigi getað fengið dómsgerðir héraðsdóms, vegna þess að málsskjöl í vörzlu héraðsdómara hafa glatazt. Hefur héraðsdómari leitast við að koma á samkomulagi aðilja um aðalefni hinna glötuðu skjala, en þeim tilraunum dómarans virðist enn eigi að fullu lokið. Að svo vöxnu máli þykir rétt að veita áfrýjanda frest til aprílmánaðar næstkomandi samkvæmt beiðni hans.

Ályktarorð:

Áfrýjanda er veitur frestur til aprílmánaðar næstkomandi.

Þriðjudaginn 18. marz 1958.

Nr. 151/1957. **Almenna byggingafélagið h/f**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Mál til endurheimtu á söluskatti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1957. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 15.747.00 með 6% ársvöxtum frá 18. febrúar 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júlí 1957.

Mál þetta, sem var dómtekið 22. f. m., hefur Almenna byggingafélagið h/f, Borgartúni 7, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu útgefinni 8. marz 1957 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til endurgreiðslu söluskatts að fjárhæð kr. 15.747.00 með 6% ársvöxtum frá 13. febrúar 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að skattstofan í Reykjavík tilkynnti stefnandi með bréfi dagsettu 31. jan. 1956, að söluskattur hans fyrir

árið 1954 skyldi hækka um kr. 23.011.00. Af þessari fjárhæð voru kr. 15.747.00 talinn söluskattur af verkfræðistörfum, og vildi stefnandi ekki sætta sig við, að slík störf yrðu talin söluskattskyld. Kærði stefnandi þessa álagningu því til yfirskattanefndar og síðan til ríkisskattanefndar, en báðar nefndirnar töldu, að skattur þessi væri rétt á lagður. Stefnandi greiddi skattinn með fyrirvara um endurheimtu og höfðaði síðan mál þetta.

Stefnandi lýsir þeim störfum, sem hér ræðir um, á þá lund, að þau séu aðallega fólgin í útreikningum, uppdráttum, fræðilegu mati á byggingaraðferðum, staðarvali og þeim vandamálum yfirleitt, sem úr lausnar krefjast við byggingu hverskonar mannvirkja, og útreikningum og skýrslugerðum þar að lútandi. Telur hann störfin þess eðlis, að eigi sé heimild til að leggja á þau söluskatt, enda séu þau persónuleg, andleg störf sérfræðinga, er jafna megi til starfsemi málflutningsmanna og áþekkra starfa, en Hæstiréttur hafi dæmt þau undan söluskatti. Eftir að sá dómur var uppkveðinn, hætti stendandi að reikna viðskiptamönnum sínum söluskatt af þessum störfum, og skattayfirvöld kröfðu ekki um hann fyrr en 1956, eins og fyrr segir. Enga efnisbreytingu kveður stefnandi hafa verið gerða á löggjöfinni um söluskatt, að því er til þessa atriðis taki, og telur hann skattinn því heimildarlaust á lagðan.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að ljóst sé af ákvæðum b-liðs 3. gr. laga nr. 75 frá 1953, að stefnanda sé skylt að greiða umræddan söluskatt. Telur hann, að stefnandi selji með álagningu vinnu verkfræðinga þeirra, er hjá honum starfa og vinna fyrir föstu kaupi. Störf þessi séu og að því leyti ópersónuleg, að verkkaupanda skipti engu, hver af starfsmönnum stefnanda vinnur verk það, er hann kaupir. Telur stefndi, að þessi tilhögun sé á engan hátt sambærileg við starfsemi málflutningsmanna, þar sem um sé að ræða persónulega, andlega vinnu þeirra sjálfra og ekki að ræða um sölu þjónustunnar með álagningu.

Af framanskráðu er það ljóst, að umræddur söluskattur hefur verið lagður á tekjur stefnanda af störfum verkfræðinga í þjónustu hans. Þótt svo yrði talið, að verkfræðingur, er ynni störf sem þau, er hér ræðir um, væri ekki skyldur að greiða af þeim söluskatt, kæmi það ekki stefnanda að haldi, þar eð telja verður, að hann hafi hér verið að selja vinnu eða þjónustu annarra. Er því eigi unnt að telja heimilt að undanþiggja hann greiðslu söluskatts af þessum sökum, og ber því að taka til greina sýknu-

kröfu stefnda, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn. Talsverður dráttur hefur orðið á uppsögn hans og stafar hann fyrst af veikindaforföllum dómara, en síðar af annríki við önnur dómarastörf.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Almenna Byggingafélagsins h/f, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 19. marz 1958.

Nr. 147/1956. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs**
(Hermann Jónsson hrl.)
gegn
Pétri Jakobssyni
(Einar B. Guðmundssson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Skattamál.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt S. Bjarklind, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1956 og krafizt þess, að heimiluð verði framkvæmd lögtaks fyrir skatteftistöðvum stefnda frá 1955, kr. 8448.00, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Með því ákvæði 2. gr. laga um bókhald nr. 62/1938 taka ekki til þeirrar atvinnu, sem stefndi stundar, verður hækkun sú, sem skattayfirvöld gerðu á tekjuframtali hans, ekki reist á því, að hann varð ekki við áskorun þeirra um að afhenda þeim bókhaldsgögn til afnota.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að framtal stefnda hafi verið svo tortryggilegt, að hækkun tekjuframtalsins hafi verið heimil af þeim sökum. En þar sem skattayfirvöld rengdu ekki sérstaklega neina einstaka liði í framtalinu né kröfðu stefnda um frekari skýringu á þeim, sbr. 35. gr. laga nr. 46/1954, þá þykja að svo vöxnu máli ekki hafa verið efni til þeirrar hækkunar, sem þau gerðu á tekjuframtalinu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 1000.00 upp í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Pétri Jakobssyni, kr. 1000.00 upp í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur fógetaréttar Reykjavíkur 1. ágúst 1956.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 23. f. m., hefur tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs krafizt þess, að lögtak verði gert í eignum gerðarþola, Péturs Jakobssonar fasteignasala, Kárastíg 12, hér í bæ, til tryggingar skatteftirstöðvum frá fyrra ári að upphæð kr. 8.448.00, ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags svo og lögtakskostnaði og kostnaði við eftirfarandi uppboð, ef til kemur, og öðrum kostnaði, þar með töldum málskostnaði að mati réttarins.

Gerðarþoli hefur krafizt þess, að synjað verði um framkvæmd hins umbeðna lögtaks og að sér verði úrskurðaður málskostnaður að mati réttarins.

Almennur lögtaksúrskurður fyrir sköttum ársins 1955 var kveðinn upp hinn 23. ágúst s.l. og birtur í dagblöðum bæjarins.

Við álagningu skatta í Reykjavík 1955 var gerðarþola gert

að greiða í tekjuskatt kr. 14.460.00, eignarskatt kr. 2.228.00, kirkjugjald kr. 55.00, kirkjugarðsgjald kr. 204.00 og tryggingargjöld kr. 506.00, alls kr. 17.453.00. Eftir fram komnar kærur af hálfu gerðarþola, lækkaði skattstjórinn tekjuskattinn um kr. 1.500.00, og var það staðfest af yfirskattanefnd, en ríkisskattanefnd lækkaði skattinn enn um kr. 3.000.00 eða niður í kr. 9.960.00. Með þessum breytingum lækkuðu þannig hin upphaflega álögðu gjöld gerðarþola niður í kr. 12.953.00. Inn á þá upphæð hefur gerðarþoli alls greitt kr. 4.505.00, þannig að skattaeftirstöðvar hans verða nú kr. 8.448.00, eins og í lögtaksbeiðni greinir.

Við framtal til skatts árið 1955 taldi gerðarþoli fram til tekna kr. 51.887.00, þar af kr. 24.267.00 nettótekjur af atvinnurekstri, fasteignasölu samkvæmt meðfylgjandi rekstursyfirliti. Við endurskoðun á framtali þessu krafði Skattstofan gerðarþola um bókhaldsgögn, sbr. rskj. nr. 12, þar eð hún taldi hann bókhaldsskyldan samkvæmt lögum um bókhald nr. 62/1938. Gerðarþoli svaraði þessari kröfu Skattstofunnar á þá leið, sbr. rskj. nr. 12P, að hann hefði engin slík gögn fram að leggja, enda taldi hann sig ekki bókhaldsskyldan samkvæmt bókhaldslögum. Skattstofan áætlaði honum þá kr. 60.000.00 í tekjuauka og gerði honum að greiða tekjuskatt, svo sem áður greinir. Gerðarþoli kærði skattálagningu þessa til skattstjóra og krafðist þess, að skattur af hinum áætlaða tekjuauka yrði felldur niður. Skattstjóri lækkaði þá hinn áætlaða tekjuauka um kr. 5.000.00 og lækkaði tekjuskattinn í samræmi við það. Enn kærði gerðarþoli til yfirskattanefndar, er úrskurðaði, að úrskurður skattstjóra skyldi óbreyttur standa. Gerðarþoli kærði þá ríkisskattanefndar og var úrskurður hennar á þá leið, að gerðarþoli væri bókhaldsskyldur, en eftir atvikum þætti mega lækka teknaviðbót skattstjóra um kr. 10.000.00 og lækkaði tekjuskattinn í samræmi við það í kr. 9.960.00. Þessum málalokum vildi gerðarþoli ekki una, og því er mál þetta risið.

Ágreiningslaust er í málinu, að skatteftirstövar þær, kr. 8.448.00, er hér er krafizt lögtaks fyrir, stafa eingöngu af hinni áætluðu teknaviðbót.

Af hálfu gerðarbeiðanda hefur verið haldið fram tveimur málsástæðum til stuðnings réttarkröfum hans.

Í fyrsta lagi, að gerðarþoli sé ótvírætt bókhaldsskyldur og þar eð hann hafi ekki getað lagt fram tilskilin bókhaldsgögn, hafi áætlun skattstjóra ekki einungis verið heimil, heldur hafi

honum beinlínis borið skylda til að áætla gerðarþola teknaviðbót og gera honum að greiða skatt í samræmi við hana samkvæmt 4. mgr. 35. gr. sbr. 33. gr. laga um tekju- og eignarskatt nr. 46/1954 og af rskj. nr. 9 sé augljóst, að áætlunin sé sízt of há. Staðhæfingu sína um, að gerðarþoli sé bókhaldsskyldur, byggir gerðarbeiðandi á lögum um bókhald nr. 62/1938. Fasteignasalar séu að vísu ekki taldir upp í bókhaldslögum, en lögin um bókhald og fasteignasölu séu jafn gömul. Frumvörp að lögum hafi verið undirbúin og lögð fram að tilhlutan síns hvors ráðuneytis. Frumvarp að bókhaldslögum, þingskjal nr. 19/1938, sé lagt fram 23. febrúar, en frumvarp að lögum um fasteignasölu, þingskjal nr. 59/1938, sé lagt fram 5. marz. Það sé því ekkert óeðlilegt við það, að fasteignasalar séu ekki sérstaklega greindir í bókhaldslögunum. En fasteignasala hljóti samkvæmt eðli sínu að teljast til umboðssölu og séu fasteignasalar því bókhaldsskyldir samkvæmt 4. lið 2. gr. laga nr. 62/1938. Þessi skoðun fái og stuðning í 4. og 5. gr. laga um fasteignasölu nr. 47/1938, þar sem talað sé um fasteignir, er fasteignasalar hafi í umboðssölu. Undanþáguákvæði 3. gr. bókhaldslaga telur gerðarbeiðandi hafa að geyma tæmandi upptalningu og þar sem umboðssölu sé þar ekki getið, komi ekki til mála, að fasteignasalar geti notið undanþágu frá bókhaldsskyldu samkvæmt þeirri heimild. Þá bendir gerðarbeiðandi á 8. gr. laga nr. 47/1938, að þar sé fasteignasölum lögð á herðar rík tilkynningarskylda, er þeir fái naumast framkvæmt, án þess að hafa nákvæmt bókhald. Þetta lagaákvæði skeri einnig úr um það, að þagnarskylda fasteignasala, sbr. 7. gr. laga nr. 47/1938, taki ekki til nafna kaupenda og seljenda, heldur aðeins til þess, er viðskiptamaður trúir fasteignasala fyrir um einkahagi sína og sé auk þess sjálfgefið að skýra ákvæði þetta í samræmi við samskonar ákvæði í lögum nr. 61/1942 um málflytjendur. Staðhæfing gerðarþola um, að þetta ákvæði 7. gr. laganna um fasteignasölu styðji málstað hans um, að fasteignasalar séu ekki bókhaldsskyldir, fái því fráleitt staðizt. Allar framangreindar ástæður renni rökum undir það, að fasteignasalar séu bókhaldsskyldir samkvæmt bókhaldslögum. Loks mótmælir hann sem óstaðfestri þeirri fullyrðingu gerðarþola, er fram kom í munnlegum málflutningi hans, að hann hafi í persónulegu samtali við skrifstofustjóra atvinnumálaráðuneytisins fengið úrskurð hans um, að fasteignasalar séu ekki bókhaldsskyldir.

Í öðru lagi er því haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að

jafnvel þótt gerðarþoli væri ekki bókhaldsskyldur samkvæmt bókhaldslögum, þá fái teknaviðbót skattstjóra samt ekki staðizt af þeim sökum, að framtal gerðarþola sé tortryggilegt, og hafi því skattstjóra af þeim sökum borið að áætla gerðarþola teknaviðbót, sbr. 4. mgr. 35. gr. laga nr. 46/1954. Á rekstursyfirliti, rskj. nr. 12S, séu brúttótekjur ósundurliðaðar og tortryggilega lágar, en heildarupphæðin, kr. 41.000.00, sé borin saman við rskj. nr. 9, sbr. rskj. nr. 12, er sýni brúttótekjur að upphæð samtals kr. 32.225.00 af einum 5 sölum, en alkunnugt sé, að gerðarþoli auglýsi mjög fasteignir, sem hann hafi á boðstólum, á líkan hátt og í rskj. nr. 10. Þá megi og benda á rskj. nr. 11, vottorð Stefáns Þóris Guðmundssonar um, að gerðarþoli hafi greitt honum kr. 24.200.00 í kaup á árinu 1954, en sú upphæð sé ekki talin með í brúttótekjum gerðarþola á áðurgreindu rekstursyfirliti, rskj. nr. 12S, en að öðru leyti mótmælir gerðarbeiðandi rskj. nr. 11 sem of seint fram komnu og þýðingarlausu fyrir úrslit þessa máls. Þessar framangreindar ástæður telur gerðarbeiðandi að nægi til þess að gera framtal gerðarþola mjög tortryggilegt og þar sem gerðarþoli hafi ekki getað lagt fram gögn þau, er hann byggði teknahlið framtals síns á, þar eð þau voru glötuð að sögn gerðarþola, er hann var krafinn um þau, hafi verið sjálfsagt að áætla honum margumrædda teknaviðbót samkvæmt 4. mgr. 35. gr. laga nr. 46/1954 og með hliðsjón af því, hversu tortryggileg teknahlið framtalsins sé, hafi áætlunin sízt verið of há.

Gerðarþoli, sem sjálfur flutti mál sitt fyrir réttinum, heldur því fram, að hann sé ekki bókhaldsskyldur samkvæmt bókhaldslögum og sé því hin áætlaða teknaviðbót skattstjóra ekki heimil að lögum, því að hún sé eingöngu byggð á því, að hann hafi ekki getað lagt fram fyrir skattstjóra bókhald, er fullnægi skilyrðum laga nr. 62/1938 um bókhaldsgögn bókhaldsskyldra aðilja. Þessu til stuðnings hefur gerðarþoli í greinargerð sinni og máltflutningi fært fram eftirfarandi rök: Bókhaldslög nr. 62/1938 hafi að geyma tæmandi upptalningu á því, hverjir bókhaldsskyldir séu og í þeirri upptalningu sé fasteignasala hvergi að finna. Í lögum um fasteignasölu nr. 47/1938 sé heldur engin bókhaldsskylda lögð á fasteignasala, en þau lög séu eldri en lög nr. 62/1938 um bókhald og hefði því verið sjálfsagt að telja fasteignasala upp í bókhaldslögum meðal bókhaldsskyldra aðilja, ef meining löggjafans hefði verið að leggja þeim slíka skyldu

á herðar. Af 1. tl. 2. gr. bókhaldslaga megi hins vegar greinilega ráða, að venjulegir fasteignasalar í merkingu laga nr. 47/1938 séu ekki bókhaldsskyldir, því að samkvæmt því lagaákvæði séu þeir menn, er hafi atvinnu af því að selja fasteignir, sem þeir hafa í því skyni keypt, taldir til kaupmanna og því bókhaldsskyldir sem slíkir. Af þesssu ákvæði sé einsætt að álykta e contrario, að fasteignasalar í skilningi laga nr. 47/1938 séu ekki bókhaldsskyldir. Til þess að reka kaupmennsku þurfi verzlunarleyfi, en ekkert slíkt leyfi þurfi til þess að reka fasteignasölu, heldur þurfi til þess löggildingu, að uppfylltum skilyrðum, sem lög nr. 47/1938, sbr. reglugerð nr. 3/1939, mæli fyrir um. Í reglugerðinni sé að finna tæmandi upptalningu á þeim þekkingarskilyrðum, er uppfylla verði, til þess að geta fengið löggildingu til fasteignasölu. Þar sé krafizt ýtarlegrar kunnáttu á ýmsum sviðum, en engrar bókhaldskunnáttu sé þar krafizt og bendi það ótvírætt til þess, að lög nr. 47/1938 ætli fasteignasölum ekki bókhaldsskyldu. Þá mótmælir gerðarþoli því, að starfsgrein hans verði með nokkru móti heimfærð undir umboðssölu og sé því bókhaldsskyld samkvæmt 4. tl. 2. gr. bókhaldslaga. Umboðssölu í skilningi bókhaldslaga verði að skýra með hliðsjón af lögum nr. 78/1907, en umboðssala í skilningi þeirra laga sé sérstök starfsgrein, er útheimti verzlunarleyfi og alls óskyld fasteignasölu, sem í eðli sínu sé fyrst og fremst leiðbeiningarstarfsemi, er sérstakrar löggildingar sé krafizt til í því skyni að tryggja að formlega og tryggilega sé gengið frá fasteignasölum. Sé sá skilningur ljós af greinargerð með frumvarpinu að lögunum um fasteignasölu svo og umræðum á Alþingi um frumvarpið. Fasteignasalar hafi engin bindandi umboð með sjálfstæðri tilveru gagnvart þriðja manni til að selja fasteignir þær, er þeir hafi á boðstólum, enda tíðast, að margir fasteignasalar hafi á sama tíma sömu eignir á höndum til sölu. Þá heldur gerðarþoli því fram, að fasteignasalar séu bundir af þagnarskyldu, sbr.. 7. gr. laga nr. 47/1938, er ekki fái samræmzt því, að þeir verði sem bókhaldsskyldir aðiljar að leggja bókhald sitt fyrir skattyfirvöld, ef krafizt er. Gerðarþoli mótmælir því, að í 8. gr. laga nr. 47/1938 felist kvaðir, er útheimti bókhald í skilningi bókhaldslaga og staðhæfir, að ákvæði hennar hafi frá því fyrsta verið óvirk að mestu leyti. Mun hann einn manna hafa uppfyllt þær kvaðir um nokkurra ára bil, en hætt því, er ekkert var aðhafzt af stjórnarvalda hálfu, eftir að hann

hafði lagt fram kæru á hendur öðrum fasteignasala fyrir að framfylgja ekki þessu ákvæði. Gerðarþoli kveðst hafa stundað fasteignasölu um margra ára skeið, bæði fyrir og eftir að lög nr. 47/1938 tóku gildi, en aldrei fyrr en nú verið krafinn af skattyfirvöldum um bókhaldsgögn sem bókhaldsskyldur maður. Aldrei hafi hann talið sig bókhaldsskyldan og það hafi hann sagt bókhaldseftirlitsmanni ríkisins, þegar hann fyrir allmörgum árum hafi til sín komið í embættiserindum, og hafi eftirlitsmaðurinn látið það gott heita og kæru fyrir sakadómi hafi hann aldrei sætt fyrir meint brot á bókhaldslögum. En eftir heimsókn bókhaldseftirlitsmannsins kveðst gerðarþoli í viðtali við skrifstofustjóra atvinnumálaráðuneytisins hafa leitað úrskurðar ráðuneytisins á því, hvort hann skyldi teljast bókhaldsskyldur og hafi skrifstofustjórinn tjáð sér, að hann liti svo á, að hann væri það ekki. Loks mótmælir gerðarþoli því, að skattstjóra sé að lögum heimilt að „straffa" sig með áætlaðri teknaviðbót, eins og skattstjóri hafi í viðtali við sig orðað það, fyrir meint brot á bókhaldslögum.

Hinni annarri málsástæðu gerðarþola, að teknaáætlun skattstjóra fái staðizt, hvort sem gerðarþoli verði talinn bókhaldsskyldur eða ekki, vegna tortryggilegs framtals, mótmælir gerðarþoli í einu og öllu. Til stuðnings því heldur hann fram, að framtal sitt hafi af skattstjóra hálfu ekki verið véfengt, hvorki bruttótekjur af atvinnurekstri né sundurliðun á einstökum kostnaðarliðum né á nokkurn hátt sem ófullnægjandi framtali fyrir óbreyttan skattborgara. Áætluð teknaviðbót hafi eingöngu verið byggð á meintu broti á bókhaldslögunum. Sér sem óbreyttum, óbókhaldsskyldum skattborgara beri aðeins að skila greinagóðu framtali, að viðlögðum drengskap um sannleiksgildi þess. Það hafi hann gert samvizkusamlega, m. a. látið fylgja rekstursyfirlit um eigin atvinnurekstur. Tekjur hafi þar verið dregnar saman í eitt, eftir því er hann hverju sinni bókfærði í borðalmanak, sem nú sé glatað. Atvinnutekjur sínar kveður hann alls ekki grunsamlega lágar. Fasteignasala sín hafi mjög dregizt saman. Þannig hafi hann t. d. á s.l. ári enga fasteign selt á tímabilinu frá 7. október til áramóta, sbr. rskj. nr. 12M. Skrifstofa sín sé í heimahúsum úrleiðis frá viðskiptahverfi borgarinnar. Sjálfur gerist hann nú aldurhniginn og letjist við að stunda starf sitt, en helgi sig því meir hugðarefnum sínum, ritstörfunum. Það sé því sízt að undra, þótt hann komi ekki á mörgum fasteignasölum yfir árið. Um sam-

band sitt við Stefán Þór Guðmundsson segir gerðarþoli, að hann sé hálfgildings aðili að fasteignasölu sinni og fái greitt beint fyrir sölur þær, er hann komi í kring, og komi það fé ekki í sjóð hjá sér. Því hafi hann ekki talið það með í rekstursyfirliti sínu.

Ákvæði um bókhaldsskyldu er að finna í lögum um bókhald nr. 62/1938. Í 2. gr. laganna er að finna upptalningu á þeim, er bókhaldsskyldir eru samkvæmt lögunum, og verður að telja, að sú upptalning sé tæmandi. Þar er fasteignasala hvergi getið. Það verður því að líta svo á, að fasteignasalar séu ekki bókhaldsskyldir, nema að starfsgrein þeirra verði ótvírætt talin falla undir einhverja þá starfsgrein, sem í 2. gr. bókhaldslaga er talin. Af hálfu gerðarbeiðanda hefur því verið haldið fram, að fasteignasala falli eðlilega undir umboðssölu, sem bókhaldsskyld er samkvæmt 4. tl. 2. gr. bókhaldslaganna. Rétturinn lítur hins vegar svo á, að umboðssölu í merkingu bókhaldslaga nr. 62/1938 sé eðlilegt að skýra í samræmi við lög nr. 78/1907, 6. gr., sbr. lög nr. 52/1925, en til þess að reka slíka umboðssölu þarf viðkomandi að fá verzlunarleyfi samkvæmt lögum nr. 52/1925. Fasteignasala er hins vegar sérstök starfsgrein, er ekki útheimtir verzlunarleyfi, heldur sérstakrar löggildingar. Um hana gilda sérstök lög nr. 47/1938. Til slíkrar löggildingar þarf, auk ýmissa almennra skilyrða, sem talin eru upp í 2. gr. laganna um fasteignasölu, sérþekkingu á þeim málum, er fasteignasalar fjalla um, sbr. 2. gr. 6. tl. laganna, sbr. reglugerð nr. 3/1939. Það er skoðun réttarins, að þessar tvær starfsgreinar, fasteignasala og umboðssala í merkingu bókhaldslaga nr. 62/1938, séu það óskyldar, að ekki komi til mála að heimfæra fasteignasölu með lögjöfnun undir umboðssölu í merkingu 4. tl. 2. gr. laga nr. 62/1938. Breytir það engu um álit réttarins, að í 4. og 5. gr. laga um fasteignasölu nr. 47/1938 er talað um fasteignir, er fasteignasalar hafi í umboðssölu. Þá er og á það að líta, að 1. tl. 2. gr. laga nr. 62/1938, þar sem taldir eru fyrstir bókhaldsskyldra aðilja kaupmenn, eru þeir, sem selja fasteignir, sem þeir hafa keypt í því skyni, taldir undir hugtakið kaupmaður og því bókhaldsskyldir sem slíkir. Af þessu ákvæði virðist eðlilegt að gagnálykta, að venjulegir fasteignasalar séu ekki bókhaldsskyldir, og ákvæði þetta hefði átt að leiða augu löggjafans að því, að nauðsynlegt væri að taka sérstaklega fram í bókhaldslögunum, að fasteignasalar væru bókhaldsskyldir, ef hann ætlaðist til þess, en fasteignasala var löngu fyrir setningu laga um fasteignasölu og bókhaldslaga nr. 62/1938 sjálfstæð starfs- og atvinnugrein.

Að þessu athuguðu verður niðurstaða réttarins sú, að fasteignasalar séu ekki bókhaldsskyldir samkvæmt lögum nr. 62/1938. Hin umdeilda teknaviðbót skattstjóra verður því ekki réttlætt með bókhaldsskyldu gerðarþola, og getur því aðalmálsástæða gerðarbeiðanda ekki leitt til þess, að hið umbeðna lögtak verði leyft.

Skal nú vikið að hinni síðari málsástæðu gerðarbeiðanda.

Undanfara hinnar umdeildu teknaviðbótar er að finna í rskj. nr. 12Q, en þar segir svo, eftir að vitnað hefur verið til 35. gr. laga nr. 46/1954 um tekju- og eignarskatt: „Með tilvísun til 33. gr. laga um tekju- og eignarskatt er hér með óskað eftir, að þér afhendið Skattstofunni til athugunar sjóðbók yðar fyrir árið 1954 ásamt höfuðbók". Af þeim bókhaldsgögnum, er þarna er krafizt af gerðarþola, sjóðbók og höfuðbók, en annarra gagna eða skýringa er hann ekki krafinn, virðist einsætt, að skattstjóri hafi talið gerðarþola bókhaldsskyldan samkvæmt bókhaldslögunum og hafi hann byggt hina umdeildu teknaviðbót á því, að gerðarþoli gat ekki lagt fram hin umkröfðu gögn. Fær sá skilningur einnig stuðning af áritun skattstjóra á framtalsskýrslu gerðarþola, rskj. nr. 12: „Sjá fyrirspurn og svar. Tekjur mjög ótrúlega lágar. Á + 60.000.00." — Af úrskurði skattstjóra, rskj. nr. 12, í tilefni af kæru gerðarþola, rskj. nr. 12K, verður ekkert frekara ráðið í þessum efgnum og eigi heldur af úrskurði yfirskattanefndar, rskj. nr. 12I, er aðeins staðfestir úrskurð skattstjóra. En úrskurður ríkisskattanefndar, rskj. nr. 12G, tekur hins vegar af öll tvímæli um það, að tekjuviðbótin er byggð á bókhaldsskyldu gerðarþola einni saman. en þar segir: „Gjaldandi er bókhaldsskyldur, sbr. lög nr. 62/1938, 2. gr., 4. lið. En eftir atvikum þykir mega lækka teknaviðbót skattstjóra um kr. 10.000.00."

Af framangreindu er ljóst, að öll skattstigin þrjú, skattstjóri, yfirskattanefnd og ríkisskattanefnd, hafa aðeins fjallað um hina umdeildu teknaviðbót á þeim grundvelli, að gerðarþoli sé bókhaldsskyldur aðili samkvæmt bókhaldslögum, en enga afstöðu tekið til málsins á þeim grundvelli, er gerðarbeiðandi byggir þessa síðari málsástæðu sína á, og getur hún því heldur ekki leitt til þess, að leyfður verði framgangur hins umbeðna lögtaks að svo stöddu.

Ágreiningslaust er í málinu, að skatteftirstöðvar þær, kr. 8.448.00, er lögtaks krafizt fyrir, stafa eingöngu af hinni umdeildu teknaviðbót skattstjóra. Með tilvísun til þess svo og þess, er að framan hefur verið rakið, verður niðurstaða rétt-

arins sú að synja ber um framkvæmd hins umbeðna lögtaks. Eftir þeirri niðurstöðu málsins þykir rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 500.00.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki fara fram. Gerðarbeiðandi, tollstjórinn í Reykjavík, greiði gerðarþola, Pétri Jakobssyni, kr. 500.00 í málskostnað.

Miðvikudagur 19. marz 1958.

Nr. 28/1958. **Vigfús Guðmundsson og Samvinnutryggingar**
gegn
Ingimar Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Dómkvaðning ómerkt. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 8. febrúar þ. á., sem barst Hæstarétti 22. s. m., hafa sóknaraðiljar kært dómkvaðningu yfirmatsmanna, sem fram fór á aukadómþingi Árnessýslu 31. desember f. á. Sóknaraðiljar fengu eigi vitneskju um dómkvaðninguna fyrr en 8. febrúar s.l. Þeir krefjast þess, að hin kærða dómkvaðning verði ómerkt og þeim dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að ómerkingarkröfu sóknaraðilja verði hrundið og þeim dæmt að greiða kærumálskostnað.

Eins og atvikum var háttað, bar héraðsdómara samkvæmt 3. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936 að gera aðiljum viðvart, áður en nefnd dómkvaðning færi fram, til þess að þeir gætu lýst horfi sínu til hennar. Ef ágreiningur reis um það efni, bar héraðsdómara því næst að skera úr honum með úrskurði. Héraðsdómari hefur ekki gætt þess að láta málið

sæta slíkri meðferð, og verður því að ómerkja hina kærðu dómkvaðningu, en rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hin kærða dómkvaðning er úr gildi felld.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómkvaðning aukadómþings Árnessýslu 31. desember 1957.

Dómarinn lagði fram eftirrit af bréfi hrl. G. A. Sveinssonar með beiðni um kvaðninguna, þingmerkt nr. 1, svohlj.:

Reykjavík, 10. ágúst 1955.

Ég leyfi mér hér með fyrir hönd Ingimars Sigurðssonar, Fagrahvammi í Hveragerði, að fara þess á leit, að þér, herra sýslumaður, dómkveðjið fjóra hæfa og óvilhalla menn til að framkvæma yfirmat á skemmdum, sem urðu á garði umbjóðanda míns að Fagrahvammi í Hveragerði 18. júní 1954 af völdum bifreiðarinnar X 69.

Skemmdir þessar voru í fyrstu athugaðar eftir beiðni vátryggjanda bifreiðarinnar, Samvinnutrygginga, af tveimur mönnum, sem komust að þeirri niðurstöðu, að tjón umbjóðanda míns bæri að virða kr. 2.635.63. Litlu síðar voru skemmdirnar skoðaðar af tveimur mönnum, er sýslumaður Árnessýslu hafði tilnefnt utan réttar, og virtu þeir tjónið á kr. 15.531.50. Loks voru að beiðni vátryggjandans dómkvaddir þrír menn á aukadómþingi Árnessýslu 5. ágúst 1954 til að meta umræddar skemmdir, og er mat þeirra á tjóninu kr. 5.600.00. Þetta mat telur umbjóðandi minn allt of lágt og nái það engri átt, enda krefst hann þess, að því verði hrundið með mati yfirmatsmanna. Geymir hann sér rétt til að færa fram hverskonar röksemdir um þetta efni fyrir yfirmatsmönnum svo og fyrir dómi síðar.

Með tilvísun til 1. mgr. 140. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 23. júní 1956 óska ég, að lagt verði fyrir matsmenn að tilkynna umbjóðanda mínum svo og forstjóra Bifreiðadeildar Samvinnutrygginga í Reykjavík og eiganda bifreiðarinnar, Vigfúsi Guðmundssyni á Selfossi, hvenær mat skal fram fara. Svo óska ég með tilvísan til 4. mgr. 139. gr. téðra laga, að dómarinn tiltaki matsmönnum ákveðinn frest til að ljúka mati."

. . . . . .

Dómarinn gat þess, að frumrit dómskjalsins muni hafa glat-

azt, og hefur dómkvaðningin því dregizt svo mjög, sem raun er á orðin. Því næst kvaddi dómarinn til þess að framkvæma hina umbeðnu yfirmatsgerð þá:Jóhann Jónsson garðyrkjubónda, Dalsgarði, Mosfellsdal, Kjósarsýslu; Arnald Þór garðyrkjubónda, Blómvangi, Mosfellssveit, Kjósarsýslu; Guðjón A. Sigurðsson garðyrkjubónda, Gufudal, Ölfusi, og Snorra Árnason fulltrúa, Selfossi.

Yfirmatsmenn skulu inna starf þetta af hendi án óþarfrar tafar eftir beztu vitund og samvizku og þannig, að þeir geti unnið eið að, ef krafizt verður. Matsgerðin skal vera skrifleg.

.....

Föstudaginn 21. marz 1958.

Nr. 85/1957. **Olíufélagið h/f**
(Guðmundur Ásmundsson hrl.)
gegn
Bárði Óla Pálssyni
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna of skamms uppsagnarfrests.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. maí 1957. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda, en til vara lækkunar dæmdra fjárhæða og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Samning aðilja um, að stefndi taki laun samkvæmt II. launaflokki reglugerðar um störf og launakjör starfsmanna Sambands íslenzkra samvinnufélaga, þykir eðlilegast að skýra þannig, að um önnur starfskjör hans skyldi einnig fara eftir ákvæðum nefndrar reglugerðar, þeim er að greind-

um launaflokki lúta. Samkvæmt þessu og rökum héraðsdóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Olíufélagið h/f, greiði stefnda, Bárði Óla Pálssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. apríl 1957.

Mál þetta ,sem tekið var til dóms 5. þ. m., hefur Bárður Óli Pálsson eftirlitsmaður, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 20. marz 1956, gegn Olíufélaginu h/f, hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 16.723.80, auk 6% ársvaxta frá 1. febrúar 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að krafa stefnanda verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Tildrög málsins eru þau, að haustið 1953 réðist stefnandi til strafs hjá stefnda. Eigi var gerður við hann skriflegur ráðningarsamningur, en í bréfi stefnda til hans, dagsettu 18. nóvember s. á., er starfi hans lýst svo, að það sé fólgið í:

„1. Að sjá fyrst og fremst um innkaup á varahlutum og hafa eftirlit með viðgerðum bifreiða vorra og að þeim sé hagað á sem hagkvæmastan hátt fyrir oss.

2. Að hafa eftirlit með störfum bifreiðastjóra vorra, eftir því sem kostur er, t. d. reyna að sjá svo um, að bifreiðarnar séu að jafnaði vel útlítandi.

3. Að sjá um rekstur bifreiðasmurstöðvar vorrar og bifreiðaverkstæðis á Reykjavíkurflugvelli og þar undir bifreiðavarahlutalager og gúmmí.

4. Að sjá um mannaráðningar — þar með taldar uppsagnir og ráðningar nýrra manna — sem falla undir verksvið yðar. Í þessu sambandi ber yður þó að hafa samráð við oss.

5. Að vera starfsmönnum H.Í.S. til aðstoðar við útvegun varahluta til bifreiða þess svo og viðgerðir á þeim, ef þess er óskað."

Það er ágreiningslaust í málinu, að svo hafi verið um samið milli aðiljanna, er stefnandi réðist til þessa starfs, að hann fengi sömu laun og þeir starfsmenn stefnda, er laun taka samkvæmt II. flokki launareglugerðar Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Þá er það og ágreiningslaust, að ekki hafi verið um það rætt, hver starfskjör stefnanda að öðru leyti skyldu vera.

Með bréfi, dagsettu 31. október 1955, var stefnanda sagt upp starfi hjá stefnda frá og með 1. febrúar 1956.

Kröfu sína í málinu reisir stefnandi á því, að hann hafi átt rétt á 6 mánaða uppsagnarfresti. Beri honum því kaup fyrir mánuðina febrúar—apríl 1956, og er mál þetta höfðað til heimtu þess. Skírskotar stefnandi í þessu efni til launaskírteinis S.Í.S., en þar segir svo orðrétt undir fyrirsögninni „Ráðning og uppsögn":

„. . . Starfsuppsögn af beggja hálfu skal vera 3 mánuðir, nema starfsmanns í I. og II. flokki 6 mánuðir . . ."

Sé og auðsætt af framangreindu bréfi stefnda, dagsettu 18. nóvember 1953, að starf það, sem hér um ræðir, sé þannig vaxið, að það veiti rétt til 6 mánaða uppsagnarfrests eðli málsins samkvæmt.

Forstjóri stefnda hefur komið fyrir dóm í málinu. Skýrir hann svo frá, að er hann ákvað kaup stefnanda í samræmi við launaskrá S.Í.S., hafi hann ekki haft fyrrnefnt launaskírteini til hliðsjónar. Hafi hann þá aldrei séð það plagg né verið um efni þess kunnugt.

Sýknukröfu sína í málinu reisir stefndi á því, að einungis hafi verið um það samið við stefnanda, að laun hans skyldu vera hin sömu og til séu tekin í II. flokki launareglugerðar S.Í.S. Um kjör hans að öðru leyti, þar á meðal um uppsagnarfrest, hafi á hinn bóginn ekki verið samið sérstaklega og því til þess ætlazt, að um þau færi eftir þeim reglum, sem almennt séu taldar gilda í slíkum tilvikum. Almennt muni talið, að uppsagnarfrestur fastráðinna starfsmanna sé 3 mánuðir, nema um lengri eða skemmri frest sé samið. Starf það, er stefnandi var ráðinn til, hafi nánast verið verkstjórn, en samkvæmt 12. gr. samnings milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkstjórasambands Íslands sé uppsagnarfrestur verkstjóra 2 mánuðir. Verði ekki á það fallizt, að starf þetta sé verkstjórn, hljóti að verða að líta á það sem verzlunar- eða skrifstofustarf, en sam-

kvæmt 11. gr. samnings Verzlunarmannafélags Reykjavíkur annars vegar og Sambands smásöluverzlana, Verzlunarráðs Íslands og Kron hins vegar, dagsettu 27. maí 1955, sé uppsagnarfrestur verzlunarfólks 3 mánuðir. Þá vekur stefndi athygli á því, að fram komi í bréfi stefnanda, dagsettu 30. nóvember 1955, dskj. 9, að hann hafi lengi vel sjálfur talið uppsagnarfrest sinn 3 mánuði. Það sé ekki fyrr en mánuði eftir að honum er sagt upp starfi, að hann hreyfi því, að einhver hafi bent sér á það, að hann myndi eiga rétt á 6 mánaða uppsagnarfresti.

Svo sem að framan greinir, var við ráðningu stefnanda eigi kveðið á um önnur starfskjör hans en launin, sem skyldu vera hin sömu og laun þeirra starfsmanna Sambands íslenzkra samvinnufélaga, sem laun taka samkvæmt II. flokki launareglugerðar þess. Að svo vöxnu máli þykir verða að líta svo á, að stefnandi hafi haft ástæðu til að ætla, að um starfskjör hans að öðru leyti færi einnig eftir reglum þess launaflokks, en svo sem áður sagði, er þar mælt fyrir um 6 mánaða uppsagnarfrest. Verður og að telja, þegar litið er til þess, í hverju starf stefnanda var fólgið samkvæmt framansögðu, að 6 mánaða uppsagnarfrestur sé ekki óeðlilega langur. Samkvæmt þessu hefur sýknukrafa stefnda ekki við rök að styðjast.

Varakröfu sína í málinu styður stefndi þeim rökum, að frá kaupi stefnanda umgetna þrjá mánuði beri að sjálfsögðu að draga þá fjárhæð, sem hann hafi unnið sér inn á því tímabili, en líkur hljóti að vera fyrir því, að hann hafi þá einhverjar tekjur haft.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekkert kaup haft á greindu tímabili. Kveðst hann á síðastliðnu vori hafa hafið starf hjá Jarðýtunni s/f, en það fyrirtæki hafi hann stofnað fyrir nokkrum árum ásamt einum sona sinna og fleiri mönnum. Hann hafi að vísu haft afskipti af fjárreiðum fyrirtækis þessa, en ekkert kaup haft fyrir þá þjónustu.

Með hliðsjón af þessu verður eigi talið, að stefndi hafi fært þau rök að varakröfu sinni, að unnt sé að taka hana til greina að neinu leyti. Verður því krafa stefnandi tekin til greina að fullu, en fjárhæð hennar út af fyrir sig er ekki véfengd.

Svo sem getið var í upphafi, krefst stefnandi 6% ársvaxta af stefnukröfunni allri frá 1. febrúar 1956. Hefur stefndi mótmælt vaxtakröfunni sérstaklega. Telur hann, að ekki komi til mála að reikna vexti af kaupi fyrir hvern mánuð, fyrr en það sé fallið í gjalddaga, þ. e. í lok mánaðarins.

Launakvittanir, sem liggja frammi í málinu, bera með sér, að gjalddagi á launum stefnanda hefur verið 15. dagur hvers mánaðar. Þykir því rétt að dæma vexti af stefnukröfunni þannig: Af kr. 5.574.60 frá 15. febrúar 1956 til 15. marz s. á.; af kr. 11.149.20 frá þeim degi til 15. apríl s. á. og af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 16.723.80 auk 6% ársvaxta, svo sem að ofan getur.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.200.00.

Gunnra M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Olíufélagið h/f, greiði stefnanda, Bárði Óla Pálssyni, kr. 16.723.80 auk 6% ársvaxta af kr. 5.574.60 frá 15. febrúar 1956 til 15. marz s. á., af kr. 11.149.20 frá þeim degi til 15. apríl s. á. og af kr. 16.723.80 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 2.200.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. marz 1958.

Nr. 159/1957. **Ákæruvaldið** (Guðmundur Pétursson hdl.)
gegn
Sigurbirni Inga Þorvaldssyni
(Sveinbjörn Dagfinnsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa framhaldspróf verið háð í málinu og vitni verið eiðfest, sem héraðsdómara hafði láðst að láta vinna eið að vætti sínu.

Það er sannað, að ákærði hleypti af ráðnum hug skoti úr byssu á stúlkuna Conkordíu Jónatansdóttur hinn 6. janúar 1957 í eldhúsi Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi, en eigi þykir verða staðhæft, að hann hafi verið fullráðinn að fremja verkið, fyrr en hann kom inn í eldhúsið, þar sem stúlkan var fyrir.

Conkordía lézt örskömmum tíma síðar af afleiðingum skotsársins. Verknaður ákærða varðar við 211. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt á vist ákærða í gæzluvarðhaldi frá refsingu, um sviptingu réttinda og málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 6000.00 til hvors.

Það athugast, að eigi verður séð, að héraðsdómari hafi tekið í sínar vörzlur skotvopn það, sem ákærði framdi verknaðinn með.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Ingi Þorvaldsson, sæti fangelsi 16 ár.

Óröskuð eiga að vera ákvæði héraðsdóms um frá-

drátt á vist ákærða í gæzluvarðhaldi frá refsingu, um sviptingu réttinda og málskostnað í héraði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar og Sveinbjarnar Dagfinnssonar héraðsdómslögmanna, kr. 6000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnessýslu 19. september 1957.

Ár 1957, fimmtudaginn 19. september, var í sakadómi Árnessýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af fulltrúa sýslumanns, Snorra Árnasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1/1957, Ákæruvaldið gegn Sigurbirni Inga Þorvaldssyni, sem dómtekið var hinn 9. þ. m.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Sigurbirni Inga Þorvaldssyni verkamanni, til lögheimilis að Arnarbæli í Ölfusi, með ákæruskjali svohljóðandi:

Ákæruskjal. Dómsmálaráðherrann gjörir kunnugt: Að höfða ber opinbert mál á hendur Sigurbirni Inga Þorvaldssyni verkamanni við Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi, nú gæzlufanga í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg í Reykjavík, fæddum 21. ágúst 1931 á Þingeyri við Dýrafjörð, fyrir að hafa kl. rúmlega 14.00 sunnudaginn 6. janúar s.l. í eldhúsi nefnds skóla skotið af riffli á stúlkuna Conkordíu Jónatansdóttur, fædda 17. október 1937, er stödd var þarna í eldhúsinu, með þeim afleiðingum, að hún beið bana af litlu síðar.

Telst brot ákærða varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 17/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Í dómsmálaráðuneytinu 17. júlí 1957 (Undirskriftir).

Ákærði hefur áður sætt eftirtöldum ákærum og refsingum:

1949 3/5 Keflavík. Sætt, 15 kr. sekt fyrir ljósleysi á reiðhjóli.
1951 12/1 Keflavík. Sætt 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1951 2/11 Keflavík. Sætt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1952 19/2 Keflavík. Sætt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1952 4/6 Keflavík. Sætt, 450 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1955 26/6 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

Atvik málsins eru þessi:

Sunnudaginn 6. janúar s.l. klukkan rúmlega 2.00 e. h. voru stödd í eldhúsi garðyrkjuskólans að Reykjum í Ölfusi ráðskona skólans, Sigurlaug Magga Guðmundsdóttir, og nemendurnir Hörður Vignir Sigurðsson og Conkordía Jónatansdóttir, er ákærði, sem var starfsmaður skólans, kom fram í eldhúsið úr borðstofunni, sem er inn af eldhúsinu, með riffil í hendinni. Hann gekk að borði, sem stendur nálægt miðju eldhúsgólfi, og spurði ráðskonuna, hversu mikla mjólk hún þyrfti og hún svaraði því. Því næst sneri hann sér að Conkordíu, sem stóð við eldavél hinum megin borðsins, og sagði við hana: „Jæja, Día mín," lyfti rifflinum, sem hann hafði borið við hlið sér og snúið niður, beindi hann honum að Conkordíu og hleypti af. Síðan snerist hann á hæli og gekk aftur fram í borðstofuna.

Conkordía kiknaði við skotið og sagði: „Mamma mín." Gekk eitt eða tvö skref áfram og aftur til baka og var að hníga niður, er Hörður Vignir greip hana og lagði á eldhúsgólfið.

Læknar voru tilkvaddir, eins fljótt og auðið var, en Conkordía andaðist litlu síðar.

Sýslumaður kom á vettvang nokkru síðar og handtók ákærða. Lík Conkordíu var sent til krufningar í Rannsóknarstofu Háskólans.

Í krufningarskýrslu prófessors Nielsar Dungals segir svo:

„Ályktun: Við krufningu fannst innskotssár, ofantil á kvið. Skotið hafði farið í gegnum lifur, maga, nýra og aorta. Mikil blæðing frá skotsárinu, einkum lifur, nýra og aorta, hefur fljótt leitt til bana. Skotið hafði komið út vinstra megin við hrygg, neðan til á bakinu."

Blóðsýnishorn var tekið af ákærða, er hann var handtekinn, og reyndust í því reducerandi efni, er samsvara 0,91‰ af alkóhóli. Hinn 9. janúar var ákærði fluttur að Kleppi til rannsóknar á andlegu heilbrigði hans og dvaldist hann þar í um 6 mánuði.

Verður nú rakið nokkuð samband ákærða og Conkordíu og ferill ákærða dagana 3.—6. janúar:

Ákærði kom að Reykjum sem fjósamaður haustið 1955 og vann þar næsta vetur. Sumarið 1956 var hann kaupamaður að Arnarbæli í Ölfusi, en fór aftur að Reykjum 20. september 1956 og tók við fyrra starfi sínu þar.

Conkordía kom að skólanum að Reykjum sem nemendi um páska 1956. — Ákærði og Conkordía kynntust nokkuð um vorið, en ekki náið. Er ákærði kom aftur að Reykjum um haustið, hófust kynni þeirra að nýju og urðu mjög náin. Af dagbókum Conkordíu, sem lagðar hafa verið fram í málinu, og framburði ákærða kemur fram, að samkomulagið hafi verið skrykkjótt og hún óákveðin, hvort halda skyldi sambandinu áfram. Í bréfi, sem hún skrifar systur sinni 23. nóvember, getur hún þess, að ákærði hafi beðið hana að opinbera á jólunum. Í nóvemberlok tók ákærði inn lýsól í þeim tilgangi að fyrirfara sér, að eigin sögn, en náði sér fljótlega. Hafði hann þá verið undir áfengisáhrifum í nokkra daga. Eftir þetta drakk hann ekki áfengi þangað til 3. janúar s.l., en þann dag fékk hann frí frá störfum, fór til Keflavíkur og drakk þar áfengi með kunningjum sínum. Síðan hélt hann til Reykjavíkur og keypti þar 4—5 flöskur af áfengi. Hann hafði ætlað að hitta Conkordíu í Reykjavík, en hún hafði farið þangað á nýjársdag. Í Reykjavík hringdi hann til Hveragerðis og frétti, að hún væri komin þangað. Fór hann síðan til Hveragerðis. Um kvöldið dvaldi hann með Conkordíu og Sigurlaugu Möggu hjá vinkonu þeirra í Hveragerði fram yfir miðnætti. Ákærði var með fulla ákavítisflösku og hálfflösku af koníaki, er hann dreypti á um kvöldið. Vitnum ber saman um, að ákærði hafi verið lítið drukkinn. Á heimleiðinni skilur Sigurlaug við þau, og fer Conkordía með ákærða og er hjá honum í herbergi hans um nóttina og fram yfir hádegi næsta dag, en hann hafði herbergi í svokölluðu Rauða húsi, er stendur nokkuð frá skólanum.

Föstudaginn 4. janúar vann ákærði ekki og hélt sig inni við fram eftir degi. Hann kveðst hafa byrjað að drekka áfengi kl. 4—5 um daginn. Nokkru fyrir kvöldmat hitti hann þá Hörð, Vigni og Hilmar Loga, nemendur skólans, settist með þeim inn á Hótel Hveragerði og veitti þeim áfengi fram að kvöldmat og var drukkin heil koníaksflaska. Síðan fór ákærði niður í Arnarbæli, en kom heim í skólann um kl. 11.00 um kvöldið. Þar settist hann að drykkju með þeim Hilmari Loga og Herði Vigni, og sátu þeir yfir henni þar til klukkan um 4 um nóttina, að ákærði fór heim á leið. Á heimleiðinni ákvað hann að fara til herbergis

Conkoríu, en hún bjó ein í herbergi í húsi skammt frá skólahúsinu og var sérinngangur að herbergi hennar. Herbergið var ólæst og Conkordía sofandi, er hann kom inn. Er ákærði kom í herbergið, varð þeim sundurorða. Ákærði sýndi henni töluverða hörku. Hún talaði um, að hún ætlaði að hætta að vera með honum og hætta að umgangast hann. Bar hún því við, að hann væri svo óreglusamur, að ekki væri hægt að vera með honum. Hún jafnaði sig nokkuð, þannig að hún hætti að vera hrædd við ákærða, en var stöðugt að tala um, að sambandi þeirra yrði að vera lokið. Ákærði dvaldi síðan í herbergi hennar til morguns. Ákærði neitar því eindregið að hafa beitt Conkordíu nokkru líkamlegu ofbeldi, svo á henni sæi né hótunum. Conkordía sagði hins vegar Sigurlaugu Möggu, að um nóttina hefði ákærði barið sig, hárreitt og tekið fyrir kverkar sér og hefði hún þá orðið hrædd og tekið til að gráta og hljóða. Hætti ákærði þá að misþyrma henni, en sagði, að ef hún hefði ekki farið að gráta, þá hefði hann drepið hana og nú vissi hún, hvað hún fengi, ef hún hætti að vera með honum. Sömu sögu sagði hún Herði Vigni, og hann sá plástur á hálsi hennar, er hún taldi vera til að hylja marblett, er hún hefði fengið af völdum ákærða.

Laugardaginn var ákærði heima við og sinnti fjósverkum, en vann ekkert milli mála. Hann var með víni um daginn. Hann talaði ekkert við Conkordíu þenna dag. Um kvöldið fór hann á dansleik í Hveragerði. Conkordía var þar einnig. Þau ræddust ekkert við á dansleiknum. Eftir dansleikinn fer ákærði upp í skóla, og voru þar fleiri fyrir og var setið í eldhúsinu fram eftir nóttu og eitthvað drukkið. Seint um nóttina fór ákærði og Guðjón Björnsson, verkstjóri við Garðyrkjuskólann, heimleiðis og fylgdi Hörður Vignir þeim. Aðrir gestir voru gengnir til náða. Þeir Guðjón og Hörður Vignir skildu við ákærða við dyr Rauða hússins, en héldu síðan heim til Guðjóns, sem býr nokkru fjær, og varð Hörður Vignir þar eftir um stund. Er ákærði kom inn í húsið, ákvað hann að fara til herbergis Conkordíu. Er þangað kom, var hún ekki í herberginu, hafði ákveðið eftir atburð síðustu nætur að sofa hjá ráðskonunni og aðstoðarstúlku við skólann, en þær sváfu í herbergi inn af eldhúsi skólans. Ákærði gekk þá að glugga herbergis þeirra. Stúlkurnar urðu hræddar, héldu að ákærði ætlaði inn um gluggann til þeirra og hlupu inn í herbergi nemandans Hilmars með sængurklæði sín. Ákærði kom að glugga herbergis þessa og vildi ekki fara burtu, þrátt

fyrir tilmæli Hilmars. Loks fór Hilmar út um gluggann og átti orðaskipti við ákærða. Einnig kom út Ágúst Eiríksson, sem bjó í næsta herbergi. Eftir nokkurt þóf fór ákærði heim til sín. Klukkan rúmlega 6 kom Hörður Vignir heim og að lokuðum dyrum hjá sér, en hann bjó í herbergi með Hilmari. Er hann sagði til sín, var honum hleypt inn.

Stúlkurnar og umræddir piltar héldu síðan öll til í herberginu um nóttina. Óhugur var í fólkinu eftir þessa atburði. Ekki var annað fólk í skólahúsinu en hér hefur verið getið, utan einn maður, er svaf frammi í eldhúsi, og kemur ekki við sögu.

Ákærði svaf í um það bil klukkutíma og fór þá í fjósið. Hann varð seinn fyrir og hafði ekki lokið störfum þar fyrr en klukkan 11.00 fyrir hádegi. Klukkan að ganga 12.00 fór hann niður í Hveragerði. Fyrst fór hann til Sæmundar Guðmundssonar og bað hann að lána sér byssu. Sagði honum, að hann þyrfti að drepa kálf, sem hefði slasazt. Sæmundur átti ekki byssu. Síðan fór ákærði til Jóns Eggertssonar og bað hann um að lána sér byssu til þess að lóga kálfi, sem hefði fótbrotnað hjá sér, er hann stökk út úr stíunni. Jón lánaði honum riffil sinn, sem er magasínriffill, tékkneskur. Hann lét ákærða ekki fá magasínið með, þar sem hann ætlaði aðeins að skjóta kálfinn. Ákærði bað hann að láta sig hafa 2—3 skot, og lét Jón hann hafa 3 skot. Skotin voru þýzk, stór, samsvarandi og „long", kölluð stórgripaskot. Er hann afhenti ákærða riffilinn, gat hann þess, að þessi skot vildu stundum festast í byssunni og verið gæti, að hann þyrfti að ná skothylkjunum úr með hníf. Hvorugt þessara vitna, Sæmundur né Jón, gátu merkt, að ákærði væri undir áfengisáhrifum.

Ákærði fór síðan upp í skóla og settist að matborði í eldhúsinu og hafði riffilinn með sér. Eftir borðhaldið settist ákærði inn í borðstofu og fór að tefla skák við Reyni Pálsson, starfsmann skólans. Riffillinn lá á meðan á borði í borðstofunni. Þeir tefldu þrjár skákir. Ákærði vann þá fyrstu, en Reynir hinar. Virtist Reyni, að ákærði hefði ekki hugann við síðustu skákina og vann hann hana auðveldlega. Ákærði hafði áfengisflösku meðferðis og saup á henni, meðan hann var að tefla. Ákærði kveðst hafa verið töluvert undir áfengisáhrifum, svefnlaus, slappur og hálfskrýtinn.

Er skákinni lauk, kveðst ákærði hafa gengið fram í gang og tekið riffilinn með sér. Vitnin Reynir og Hörður Vignir segja hins vegar, að hann hafi farið inn í snyrtiherbergi, er liggur

inn af borðstofunni, samsíða eldhúsinu. Reynir gekk inn í setustofuna inn af borðstofunni til Hilmars, er lék þar á orgel, en Hörður Vignir gekk fram í eldhús. Var borðstofan nú mannlaus. Þeir Hörður Vignir og Hilmar Logi handfjötluðu riffilinn, meðan ákærði tefldi og gengu úr skugga um, að hann var óhlaðinn. Herði virtist ákærði geta verið líklegur til alls eftir atburði næturinnar, og gerði ráðstafanir til þess að hann fengi ekki skot í skólanum.

Á leiðinni fram ganginn kveðst ákærði hafa hlaðið riffilinn. Segir hann, að eigandi riffilsins hafi sagt, að hann væri óhreinn og ætlaði ákærði að prófa hann, með því að skjóta úr honum einu skoti. Eigandi riffilsins hefur neitað því að hafa viðhaft önnur ummæli um riffilinn en áður greinir. Allt í einu mundi ákærði eftir því, að hann átti eftir að spyrja ráðskonuna, hvað hún þyrfti mikla mjólk. Hann sneri því við og fór inn í eldhús. Því, er þar skeði, hefur áður verið lýst.

Ákærði minnist þess ekki, að hafa talað þar við annan en ráðskonuna. Hann segir, að þá hafi allt í einu komið yfir sig, að hann skyldi miða byssunni á Conkordíu og hleypa af. Hann segir, að engin hugsun í þessa átt hafi hvarflað að sér fyrr en hann stóð þarna í eldhúsinu. Hann kveðst síðan hafa miðað óvandlega á Conkordíu, sem stóð nálægt eldavélinni, og hleypt af.

Ákærði gekk síðan rakleitt fram í borðstofuna og inn í setustofuna, en þar sat Hilmar Logi við orgelið. Hjá honum stóð Reynir Pálsson. Akærði gekk út úr stofunni fram ganginn, út og áleiðis niður túnið að húsi því, er hann bjó í. Einnig höfðu þar herbergi Reynir Pálsson og nemandinn Sævar Magnússon, sem um þessar mundir var fjarverandi í jólafríi.

Reynir hafði ekki heyrt skothvellinn, hljóp á eftir ákærða og náði honum á leiðinni. Ákærði var þá að reyna að losa skothylki úr byssunni, en tókst það ekki. Reynir reyndi einnig, en mistókst. Þeir fóru til herbergis ákærða. Ákærði fékk lánaðan hníf hjá Reyni til þess að ná skothylkinu úr byssunni og tókst honum það. Síðan setti hann byssuna frá sér og lagðist upp í dívan. Bað hann Reyni að vekja sig klukkan hálf fjögur eða fjögur. Reynir dvaldi í herbergi sínu um hríð, unz ákærði kom þar og var þá sparibúinn. Reynir spurði ákærða, hvort hann væri að fara eitthvað, en hann svaraði: „Ég skaut hana Díu áðan.“ Þeir ræddust síðan nokkuð við, en að lokum bað ákærði Reyni að líta eftir húsgögnum sínum, ef þau yrðu ekki hirt. Eftir þetta héldu

þeir til hvor í sínu herbergi, unz skólastjóri og sýslumaður komu á vettvang.

Enginn kálfur reyndist fótbrotinn og ekki upplýstist, að neinn hafi verið meiddur. Ákærði segir í réttarhaldi hinn 7. janúar, að hann hafi ætlað að aflífa kálf daginn eftir að hann fékk riffilinn lánaðan. Kom þetta heim við það, að ákærði hafði orð á því við Guðjón Björnsson á laugardaginn 5. janúar, að hann ætlaði að drepa kálf á mánudaginn, vegna þess að ekkert vit væri í að ala hann lengur. Nánar aðspurður í réttarhaldi 5. apríl kannast ákærði við að hafa sagt eiganda riffilsins, að hann þyrfti að drepa hálf, sem hefði fótbrotnað. Segir hann, að kálfur hafi meiðzt á fæti um morguninn og datt honum í hug, að hann væri fótbrotinn og ætlaði að aflífa hann.

Dr. Helgi Tómasson hefur í álitsgerð sinni rakið æviferil ákærða nákvæmlega, og segir hann þar m. a., að ákærði hafi verið heilsulítill fram um fermingaraldur, en síðan heilsugóður.

Enn fremur segir þar: „Hann hefur neytt áfengis frá 17 ára aldri.“ „En fyrsta árið kunni hann sæmilega með vín að fara.“ „Eftir svo sem tvö ár var hann farinn að verða meira ölvaður og oftar og yfirleitt þola áfengi verr. Þó gátu liðið upp í það þrír mánuðir, án þess að hann smakkaði það.“ „Á því ári kom fyrst fyrir, að hann neytti áfengis meira en einn dag í einu, en fleiri daga túr var þó aldrei um að ræða hjá honum fyrr en á fjórða drykkjuskaparárinu eða er hann var rúmlega tvítugur.“ „Þegar hann er undir áfengisáhrifum, hefur sjálfstilfinning hans alltaf aukizt, seinni árin hefur hann auðveldlega lent í orðadeilum og verður yfirleitt miklu örari og jafnvel ofsafenginn.“ „Andlegur þroski hans virðist hafa verið í meðallagi.“ „Hann hefur alltaf frá barnæsku verið viðkvæmur í lund, „óframfærinn“, „fáskiptinn“, „og gat ekki fylgt félögunum“. „Hann hefur a. m. k. síðan eftir fermingu verið yfirleitt heldur þunglyndur, en hversdagslega jafnlyndur, dulur og lætur ekki uppi það, sem honum mislíkar, reiðist sjaldan“. „Hann hefur ekki verið geðtruflaður, nema af áfengissökum, og um tíma, er hann hafði gulu, 13 ára gamall“.

Niðurstöður:

Sannað er með játningu ákærða og framburði vitna, að hann skaut af riffli á stúlkuna Conkordíu Jónatansdóttur og samkvæmt krufningarskýrslu prófessors Níelsar Dungals, leiddi skotsárið hana til bana litlu síðar. Ákærði hefur neitað því, að ákvörðun um að skjóta stúlkuna hafi orðið til með honum, fyrr en hann kom fram

í eldhúsið og var að tala við ráðskonuna um mjólkina. Mörg atvik benda til þess, að um fyrirframákvörðun hafi verið að ræða hjá ákærða.

Þrátt fyrir það verður ekki talið sannað gegn mótmælum ákærða, að ákvörðun um það að skjóta stúlkuna hafi orðið til fyrr en hann kom inn í eldhúsið rétt áður.

Hvort ákærði ætlaði sér að drepa stúlkuna, verður ekki í ljós leitt, en ákærði segist sjálfur ekki hafa gert sér grein fyrir því.

Samkvæmt venjulegum skilningi á hugtakinu ásetningur verður talið, að í slíku tilfelli, sem hér átti sér stað, nægi það til ásetnings, að ákærða mátti vera það ljóst, að það að skjóta af byssu á stúlkuna gat leitt til dauða hennar.

Verður því að telja, að ákærði hafi með atferli sínu gerzt brotlegur við 211. gr. almennra hegningarlaga.

Um sakhæfi ákærða segir m. a. svo í skýrslu dr. Helga Tómassonar yfirlæknir: „Almenn taugakerfisrannsókn er eðlileg, einkanlega skal tekið fram, að ekki eru neinir Keith-Flachs hringir í augunum né önnur einkenni, sem bent gætu til svonefndrar „hepato-lentikular degeneration" (Wilsons sjúkdóm). Álit mitt á Sigurbirni Inga Þorvaldssyni er þetta: Hann er hvorki fáviti né geðveill í venjulegum skilningi, en haldinn tímabundinni drykkjusýki — dipsomani. Hann hefur vefrænan taugasjúkdóm."

Síðar í sömu skýrslu segir: „Við langa athugun á geðspítala koma engin geðveikiseinkenni fram hjá honum, en 5 sinnum má telja, að um nokkrar geðlagssveiflur hjá honum hafi verið að ræða, svipaðar þeim, sem koma fram hjá periodisk drykkjusjúkum mönnum — sveiflum, sem, ef hann hefði verið utan spítala, sennilega hefðu valdið því, að hann hefði farið að neyta áfengis." Enn fremur: „Maðurinn virðist fyllilega vita, hvað honum hefur orðið á og skilja viðbrögð þjóðfélagsins."

Wilsons sjúkdómur mun einkum hafa áhrif á ósjálfráða taugakerfið.

Dipsomani er áfengisþorsti með vissu millibili, en ekki þar með sagt, að viðbrögð sjúklingsins við áfengisneyzlu verði annarleg.

Ekki eru leiddar líkur að því, að hinn vefræni taugasjúkdómur hafi áhrif á sakhæfi ákærða. Ákærði verður því að teljast sakhæfur. Þrátt fyrir ummæli ákærða verður talið með tilliti til framburðar vitna og niðurstöður blóðrannsóknar, að hann hafi verið lítið eða ekkert undir áfengisáhrium, er hann framdi afbrotið, og af framburði vitna verður ekki séð, að hann hafi borið nein

merki geðshræringar né ójafnvægis. Almenn refsilækkunarskilyrði virðast ekki fyrir hendi.

Hins vegar er ljóst, að ákærði var haldinn megnri afbrýðisemi, hafði verið undanfarna daga undir áfengisáhrifum og var haldinn langvarandi svefnleysi, og má ætla, að það hafi valdið sljóleika, og verður við ákvörðun refsingar höfð hliðsjón af því.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 12 ár.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 6. janúar s.l. að koma með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda, Egils Sigurgeirssonar hrl., skipaðs sækjanda, Loga Einarssonar hdl., kr. 3.500.00 til hvors.

Enginn óeðlilegur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjörn Ingi Þorvaldsson, sæti fangelsi í 12 ár. Gæzluvarðhaldsvist hans frá 6. janúar s.l. komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda, Egils Sigurgeirssonar hrl., og skipaðs sækjanda, Loga Einarssonar hdl., kr. 3.500.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. marz 1958.

Nr. 22/1958. **Olíufélagið Skeljungur h/f**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
oddvita Breiðavíkurhrepps f. h. hreppsins
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksmál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar þ. á. Krefst hann þess **aðallega,** að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði ómerkt, en **til vara,** að synjað verði um framkvæmd lögtaks. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess **aðallega,** að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en **til vara,** að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétt úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti hefur málið einungis verið flutt, að því er varðar frávísunar- og ómerkingarkröfur aðilja.

Almennur lögtaksúrskurður vegna útsvara í Breiðavíkurhreppi á þeim tíma, er hér skiptir máli, var upp kveðinn og hann auglýstur, svo sem mælt er fyrir í 3. gr. og 4. gr. laga nr. 29/1885.

Hins vegar hefur málið ekki sætt þeirri meðferð fyrir fógetadómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sem lögskylt var, eins og atvikum var háttað. Leitt er í ljós, að fógeta barst endurrit lögtaksgerðar hreppstjóra með bréfi 18. janúar þ. á. Ekki gaf fógeti þó aðiljum kost á að láta uppi álit sitt um framkomin mótmæli af hendi áfrýjanda, þau er hreppstjóri getur um í bókun lögtaksgerðar, og ekki lagði fógeti úrskurð sinn á mótmælin, eins og fyrir er mælt í 9. gr. laga nr. 29/1885. Áfrýjandi hélt og ekki mótmælum sínum fram við fógeta né krafðist úrskurðar hans um þau,

Þar sem málið hefur þannig á þessu stigi ekki hlotið rétta

meðferð í héraði, ber að vísa því frá Hæstarétti. Þá ber og að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Olíufélagið Skeljungur h/f, greiði stefnda, oddvita Breiðavíkurhrepps f. h. hreppsins, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstréttardómaranna Árna Tryggvasonar og Jóns Ásbjörnssonar.

Samþykkir atkvæðinu að öðru leyti en því, að við teljum rétt eftir atvikum, að hvor aðilja beri sjálfur kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Lögtaksgerð 11. janúar 1958.

Hinn 11. janúar 1958 var hreppstjóri Breiðavíkurhrepps ásamt Hálfdáni Hannibalssyni, bónda á Hnausum, staddur að Litla-Kambi í sama hreppi, til þess eftir kröfu oddvita Breiðuvíkurhrepps að gera lögtak í eignum hlutafélagsins Skeljungs í Reykjavík. Gerðarþola hafði verið tilkynnt lögtakið í símtali, en það hafði ekki skipað neinn fulltrúa fyrir sig. Krafan er gerð vegna ógoldins útsvars til Breiðavíkurhrepps, að upphæð kr. 400.00. Í símskeyti til hreppstjóra hefur Skeljungur mótmælt því, að hann væri útsvarsskyldur í Breiðuvíkurhreppi.

Lagt var löghald (þannig) á benzíndælu á Litla-Kambi með neðanjarðargeymi, að innihaldi (benzíni) undanskildu. Afgreiðslumaður hefur heimild til að afgreiða það benzín, sem er á geyminum á lögtaksdegi, en þegar geymirinn er tæmdur, er notkun hans háð samkomulagi við gerðarbeiðanda.

Var því næst lögtaksgerð lokið.

Dagsetning, sem að framan greinir:

Haraldur Jónssson hreppstjóri.

Vottur: Hálfdán Hannibalsson.

Fimmtudaginn 27. marz 1958.

Nr. 5/1958. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**
(Vilhjálmur Jónsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksmál til heimtu á söluskatti og útflutningssjóðsgjaldi.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt Bjarklind, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. janúar þ. á., gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um framkvæmd lögtaks. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað máli þessu af sinni hálfu með stefnu 22. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, gerir **aðallega** þær dómkröfur, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá aðaláfrýjanda fyrir kr. 28.690.00 auk dráttarvaxta og kostnaðar og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar. **Til vara** krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda að mati Hæstaréttar.

Um tölulið 1 í úrskurði fógetaréttar.

Með skírskotun til þeirra raka, sem greind eru í hinum áfrýjaða úrskurði, verður að ályktа, að samkvæmt b-lið 22. gr. laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 96/1956, beri að reikna söluskatt af efnisvörum þeim, sem um ræðir í þessum tölulið, svo og útflutningssjóðsgjald samkvæmt 20. gr. laga nr. 86/1956. Eigi er sýnt fram á nein þau atvik, er leyst geti aðaláfrýjanda undan skyldu til að standa skil á sköttum þessum,

þótt hann hafi ekki heimt þá af viðskiptamönnum sínum. Ber því að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um, að lögtak skuli fram fara fyrir sköttum þeim og gjöldum, sem hér ræðir um, kr. 22.182.00, auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Um 2. tölulið í úrskurði fógetaréttar.

Telja verður, að þau ákvæði laga, sem nefnd eru hér að framan, taki einnig til þeirra efnisvara, sem um ræðir í þessum lið, sbr. einkum orðin „sala eða afhending" í b-lið 22. gr. laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 96/1956, enda verður að líta svo á, að aðaláfrýjandi sé a. m. k. að jafnaði kaupandi umræddra vara gagnvart seljanda þeirra og láti þær síðan viðskiptamanni sínum í té, eftir að hafa unnið að þeim. Eigi getur það leyzt aðaláfrýjanda undan skyldu til að standa skil á sköttum þessum, þótt Skattstofa Reykjavíkur hafi nokkur undanfarin ár eigi krafið aðaláfrýjanda um söluskatt af þessum efnisvörum. Ber fógeta því einnig að framkvæma lögtak fyrir þeim sköttum og gjöldum, sem um ræðir í þessum lið, söluskatti að fjárhæð kr. 2.169.00, og útflutningssjóðsgjaldi að fjárhæð kr. 4.339.00, samtals kr. 6.508.00, auk dráttarvaxta og kostnaðar Verður því fjárhæð sú, sem gera ber lögtak fyrir, samtals kr. 28.690.00, auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5000.00.

Dómsorð:

Lögtak skal fram fara hjá aðaláfrýjanda, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, fyrir kr. 28.690.00 ásamt lögmæltum dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags og kostnaði.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 23. desember 1957.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 13. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, fjármálaráðherra f. h. ríkisjóðs, krafizt lögtaks hjá gerðarþola, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga vegna raftækjaverkstæðis þess, fyrir álögðum og ógreiddum söluskatti og útflutningssjóðsgjaldi fyrir 1.—3. ársfjórðung 1957, að upphæð kr. 28.690.00.

Réttarkröfur gerðarbeiðanda eru þær, að hið umbeðna lögtak verði leyft fyrir framangreindri upphæð ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags og öllum kostnaði við hina umbeðnu lögtaksgerð, þ. á m. kostnaði við eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Ennfremur, að sér verði úrskurðaður málskostnaður að mati réttarins.

Gerðarþoli gerir hins vegar þær réttarkröfur, að synjað verði um hið umbeðna lögtak og að sér verði úrskurðaður málskostnaður að mati réttarins.

Almennur lögtaksúrskurður fyrir söluskatti og útflutningssjóðsgjaldi fyrir 3. ársfjórðung 1957 var kveðinn upp hinn 5. nóvember s.l. og birtur í dagblöðum bæjarins.

Mál þetta var þingfest hinn 13. þ. m. og tekið til úrskurðar samdægurs, að afloknum munnlegum málflutningi.

Málavextir eru þessir: Við álagningu söluskatts og útflutningssjóðsgjalds fyrir 3. ársfjórðung 1957 gerði Skattstofan gerðarþola að greiða m. a. söluskatt og útflutningssjóðsgjald fyrir 1.—3. ársfjórðung vegna rafmagnsverkstæðis gerðarþola, sem hér segir:

1. Af sölu úr eigin raftækjaverzlun til verka, er rafmagnsverkstæðið hefur framkvæmt, kr. 268.659.42. Er 3% söluskattur af því kr. 7.394.00 og 6% útflutningssjóðsgjald kr. 14.788.00, alls kr. 22.182.00.

2. Af efnivörum, keyptum hjá öðrum vegna sama, kr. 78.828.00, en 3% söluskattur af því er kr. 2.169.00 og 6% útflutningssjóðsgjald kr. 4.339.00, alls kr. 6.508.00.

Hin umkröfðu gjöld verða þannig alls kr. 28.690.00, og er enginn ágreiningur um tölur þessar, heldur aðeins deilt um gjaldskylduna.

Gerðarþoli hefur mótmælt skattaálagningu þessari sem rangri og ólöglegri og hefur orðið samkomulag um að leita úrskurðar fógetaréttar um réttmæti hennar og af því er mál þetta risið.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að hin umkröfðu gjöld í máli þessu séu rétt á lögð og tvímælalaust löglega sam-

kvæmt eftirfarandi lagaákvæðum: 22 gr. laga nr. 100/1948, sbr. 3. gr. laga nr. 96/1956 og 20. gr. laga nr. 86/1956. Því er haldið fram, að skattskyldan nái til þeirra vara, er teknar séu af eigin birgðum verkstæðisins og unnið er að á því, vara, sem afhentar eru úr raftækjaverzlun gerðarþola og unnið er að á verkstæðinu, og vörur, sem keyptar eru að eða fengnar eru úti í bæ eða annars staðar og unnið er að á verkstæðinu. Bent er á, að í b-lið 22. gr. laga nr. 100/1948 sbr. lög nr. 96/1956 segi, að greiða skuli 3% söluskatt af sölu eða afhendingu, vinnu og þjónustu látinna í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum. Rafmagnsverkstæði gerðarþola teljist án efa þar til, enda sé vinnan unnin af rafvirkjum. Og þótt um venjulegt viðgerðarverkstæði væri að ræða, sé skattskyldan samkvæmt b-lið 22. gr. áðurgreindra laga allt að einu fyrir hendi. Þá taki skattskyldan samkvæmt þessu lagaákvæði til allrar sölu og afhendingar, vinnu og þjónustu, sem rafmagnsverkstæðið láti í té. Skattskyldan taki ekki aðeins til sölu á vörum, heldur einnig til afhendingar, enda segi í greininni sala eða afhending. Það nægi því, að varan sé látin í té af verkstæðinu, enda beri ákvæðin í 3. mgr. 22. gr. það með sér, að skattskyldan taki einnig til vöruskipta, eigin úttektar og afhendingar án endurgjalds, en þá skal miða við almennt gangverð í samskonar viðskiptum. Það skiptir því ekki máli, hvernig vörurnar séu komnar í verkstæðið eða hvernig þær séu látnar af hendi. Skattskyldan taki því ekki aðeins til vara, sem séu á verkstæðinu, þegar viðgerðin byrji, heldur einnig til vara, sem fengnar séu úr verzlun gerðarþola, sem sé í sambandi við verkstæðið, og til vara, sem keyptar eru eða fengnar úti í bæ eða annars staðar, og nægilegt sé, að vörur þessar séu látnar í té á eða af verkstæðinu. Það sé og eðlilegt, að ekki sé gerður munur á þessu þrennu og sé þetta allt skattskylt. Með því þurfi ekki að sundurliða viðskiptin og verði þau þannig öll skattskyld. Í samræmi við þetta og til þess að taka af allan vafa um það, að þetta sé allt skattskylt, séu ákvæðin í síðari hluta a-liðs 22. gr., þar sem það sé ekki talið til skattfrjálsrar sölu eða afhendingar smásölu eða smásölufyrirtækja, ef aðili hefur framleitt eða unnið að vörum þeim, sem hann selur eða lætur af hendi. Það sé því nægilegt, að unnið hafi verið að vörunum á verkstæðinu. Kunnugt sé, að bæði söluskatturinn og útflutningsjóðsgjaldið séu að öðrum þræði aðflutningsgjöld og sé því augljóst, að þegar skýra eigi orðin „að vinna að“ og „aðvinnsla“ í a-lið 22. gr. og í 3. mgr. sömu greinar, verði að gera það í sam-

ræmi við tolllögin, sem séu undirstaða söluskattsins og útflutningssjóðsgjaldsins að öðrum þræði, en í 4. gr. laga nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., segir: „Nú eru munir sendir til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, gyllingar, silfrunar eða annarrar aðvinnslu og þeir breyta ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir . . .". Þannig sé einföld viðgerð aðvinnsla. Sé hér enn stefnt að því, að öll viðskipti viðgerðarverkstæða séu skattskyld, eins og eðlilegt sé. Í samræmi við þetta sé einnig undanþágan í 16. tölulið c-liðs 6. gr. söluskattsreglugerðarinnar nr. 161/1956. Álitið hafi verið, að til þess að ekki væri tekinn söluskattur af efnissölu skipaviðgerðarverkstæðanna, þyrfti sérstakt undanþáguákvæði í söluskattsreglugerðina, en samkvæmt B-lið 23. gr. laga nr. 100/1948 séu viðgerðir á skipum undanþegnar söluskatti. Eins og í upphafi 22. gr. laga nr. 100/1948 sbr. lög nr. 96/196 segi, sö söluskattskyldan bundin við atvinnufyrirtæki og aðra skattskylda aðilja. Það geti því hægliega komið fyrir, að tiltekin vinna, sala eða afhending komi ekki undir söluskattskyldu, t. d. þegar eigandi rafmagnstækis gerir sjálfur við tæki sitt, enda þótt samskonar viðgerð sé söluskattskyld í sambandi við skattskyldan atvinnurekstur. En þessi munur skeri ekki úr um skattskylduna. Hann verði til við ákvæði laganna. Loks er því haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, að framkvæmd og innheimta söluskattsálagningar á þann rekstur gerðarþola, er hér um ræðir, hafi jafnan verið með þeim hætti allt frá árinu 1949 og fram til þessa dags, að lagt hafi verið jafnt á vinnu sem vörur og efni, er um verkstæði gerðarþola fór 3% söluskattur, sem iðnað en ekki sem smásölu. Sé það ljóst af rsk. nr. 8 og rsk. nr. 9 styðji einnig þá staðhæfingu, að þannig hafi jafnan verið lagður söluskattur á slíkan rekstur. Það sé að vísu rétt, að frá árinu 1953 hafi Skattstofan heimilað gerðarþola að draga frá við söluskattsframtal efnisútvegun frá öðrum raftækjasölum en eigin raftækjasölu, en þar sé um ranga framkvæmd Skattstofunnar að ræða, sem skapi gerðarþola engan rétt né hefð til undanþágu frá réttri framkvæmd gildandi lagaákvæða.

Gerðarþoli færir fram til stuðnings máli sínu eftirfarandi rök: Fyrir raftækjaverkstæði því, er hér á í hlut, gerir hann grein á eftirfarandi leið: Verkstæðið taki að sér viðgerð á ýmsum raftækjum svo og raflagnir í hús. Sá háttur sé hafður á, að ýmist leggi viðskiptamennirnir til sjálfir allt efni og varahluti eða að verkstæðið útvegi efni og varahluti hjá raftækjasölu gerðarþola eða öðrum raftækjasölum. Í fyrra tilfellinu komi að sjálfsögðu ekki

til söluskattskyldu, en ef hinn hátturinn sé á hafður, sé nú af Skattstofunni lagður söluskattur og útflutningssjóðsgjald á smásöluverð varanna. Raftækjaverkstæðið taki þó enga þóknun fyrir þessa fyrirgreiðslu, hvort sem það kaupi vöruna hjá raftækjaverkstæði gerðarþola eða útvegi hana hjá öðrum raftækjasala. Sé það ljóst af rsk. nr. 4—7. Af þeim sé og ljóst, að um sé að ræða bein viðskipti milli þeirra, er unnið er fyrir, og þeirra, sem keypt er af, og enn fremur, að um hrein smásöluviðskipti sé að ræða. Álagningu þessa byggi Skattstofan á b-lið 22. gr. laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 96/1956, og 20. gr. laga nr. 86/1956. Umboðsmaður gerðarþola kveður hann alltaf hafa litið svo á, að viðskipti þau, er hér sé um að ræða, falli undir a-lið 22. gr. laga nr. 100/1948, enda hafi framkvæmd laganna verið hagað á þann hátt. Hins vegar hafi gerðarþoli alla tíð innheimt og greitt gjöld samkvæmt b-lið sömu lagagreinar af þeirri vinnu og þjónustu, sem látin hefur verið í té á verkstæðinu, enda sé ekki um þau deilt í máli þessu. Um það sé ekki hægt að deila, að sala smásölufyrirtækisins Raftækjasala S.Í.S. sé „smásala" í skilningi a-liðs 22. gr. nefndra laga, enda hafi verið skilað 2% söluskatti af allri þeirri sölu frá 1949 til ársloka 1956. Hins vegar sé fráleitt að halda því fram, að það skapi gjaldskyldu samkvæmt b-lið lagagreinarinnar, að starfsmaður frá rafmagnsverkstæði gerðarþola útvegi hlut frá Raftækjasölu S.Í.S. eða annarri raftækjasölu. Augljóst virðist, að mörkin milli a- og b-liðs 22. gr. laga nr. 100/1948 beri að draga þannig, að undir a-lið falli öll viðskipti, sem til smásölu geti talizt, en b-lið hvers konar iðnaðarframleiðsla, ásamt öðru, sem talið er berum orðum í stafliðnum. Eins og bent hafi verið á, selji raftækjaverkstæði gerðarþola ekki vörurnar, heldur útvegi þær eða kaupi fyrir reikning viðskiptamannsins hjá smásala, án þess að taka nokkra þóknun fyrir, svo sem ljóst sé af rsk. nr. 4—7. Hin álögðu gjöld, sem sé um krafið í máli þessu, séu byggð á verðmæti þessarra vara frá verzlun og því ekki á verðmæti neinnar aðvinnslu eða framleiðslu á vörum. Af því leiði, að viðskipti þessi falli beint undir a-lið 22. gr. laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 96/1956. Orð margnefndrar lagagreinar um framleiðslu eða vinnu að vörum merki að sjálfsögðu það, að iðnaðarmaður breyti hlut verulega, t. d. smíði stól úr óunnum borðum. Ef engin breyting sé gerð á keyptum hlut, geti ekki verið um framleiðslu eða aðvinnslu að ræða. Breyting og aðvinnsla á slíkum hlut þurfi að vera verulegur hluti af andvirði hlutarins, til þess að slík viðskipti getið fallið undir b-lið greinarinnar. Benda megi á það, að gjöld þau, sem um

ræðir í máli þessu, séu ekki skattar á hendur gerðarþola. Atvinnufyrirtækjum sé falið að innheimta þessi gjöld af viðskiptavinum sínum og skila þessu geymslufé til ríkissjóðs, sbr. hæstaréttardóm 1953, bls. 142. Í máli þessu sé upplýst og viðurkennt, að gerðarþoli hafi ekki innheimt hjá viðskiptavinum sínum þau gjöld, sem hér sé krafið um. Geymslufé sé því ekki fyrir hendi. Þegar af þeirri ástæðu geti ekki komið til greina, að gerð þessi nái fram að ganga, þar sem gerðarþoli hafi farið eftir reglum Skattstofu Reykjavíkur, sem fram til þessa hafi talið umrædd viðskipti falla undir b-lið margnefndrar lagagreinar. Gerðarþoli hafi því ekki haft ástæðu til að innheimta þessi gjöld og hafi engar reglur eða fyrirmæli brotið, með því að innheimta ekki þessi gjöld. Fráleitt sé því að krefja hann um þessi gjöld „úr eigin vasa". Enn megi benda á, að rafmagnsverkstæði hér verði að hafa löggiltan rafvirkjameistara til að standa fyrir verkstæðinu. Í 2. lið 3.. gr. löggildingarskilyrða rafmagnsvirkja á orkusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur frá 28. september 1951 sé svo ákveðið, að rafvirkjar skuli hafa smásöluleyfi til þess að geta öðlast löggildingu. Bendi það ótvírætt til þess, að talið hefur verið, að rafmagnsverkstæði hafi almennt smásölu með höndum.

Rétturinn telur, að rétt sé að fjalla hér fyrst um þá gjaldaálagningu eina, er byggð er á sölu efnis frá eigin raftækjasölu gerðarþola, en taka síðar til sérstakrar meðferðar þær gjaldakröfur, er byggðar eru á efnisútvegun frá öðrum raftækjasölum. Verður því fjallað um þessi atriði hvort í sínu lagi hér eftir undir tölulið 1 og 2.

Um 1.: Ákvæðin um söluskatt og útflutningssjóðsgjald er að finna í lögum nr. 100/1948, sbr. lög nr. 96/1956, og í 20. gr. laga nr. 86/1956. Í 22. gr. fyrst greindra laga, sbr. lög nr. 96/1956, 3. gr., segir:

„Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðilja skal greiða söluskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

A. Af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pöntunarfélög, skal ekki greiða söluskatt, enda hafi aðiljar þessir eða aðiljar í félagi eða í sambandi við þá ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.

B. Greiða skal 3% söluskatt af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðslaun, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum, matsölu, veitinga- og gisti-

húsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar".

Það verður að ráða það af hinu víðtæka orðalagi í b-lið greinar þessarrar: „Greiða skal 3% söluskatt af annari sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum ...", að söluskatt svo og útflutningssjóðsgjald, sbr. lög nr. 86/1956, 20. gr., beri að greiða að efnivörum sem þeim, er hér um ræðir. Þessi skilningur fær og stuðning í a-lið sömu lagagreinar, þar sem sala eða afhending smásala eða smásölufyrirtækis er undanþegin greiðslu söluskatts, þó að því tilskildu, að aðiljar þessir eða aðiljar í félagi eða í sambandi við þá hafi ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, er þeir selja eða láta af hendi. Og að því er það tilfelli varðar, er hér um ræðir, getur enginn vafi leikið á um náið samband milli raftækjaverkstæðis gerðarþola og raftækjasölu hans. Og á það er og að líta, að þótt hvergi í framangreindum lögum sé að finna nokkra skýrgreiningu á því, hvað átt sé við með því „að vinna að" né heldur sé hana að finna í greinargerðum með frumvörpum laganna né í umræðum um þau, þá verður að telja, að orðalag þetta sé mjög rúmt. Og um sumar þær efnivörur, er hér koma til greina, er a. m. k. fullvíst, að þær krefjast þó nokkurrar „aðvinnslu". Svo er t. d. um rafleiðslur og rör o. fl. Þá er og orðalag eins og „afhending" og „láta af hendi" einnig mjög rúmt.

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, telur rétturinn ljóst, að af framangreindri efnisnotkun raftækjaverkstæðis gerðarþola beri honum að greiða söluskatt og útflutningssjóðsgjald samkvæmt framangreindum lagaákvæðum, ef ekki kemur fleira til, og verður nú vikið að því hér á eftir.

Áður hafa verið raktar þær málsástæður umboðsmanns gerðarþola, að framkvæmd Skattstofunnar á álagningu og innheimtu söluskatts gerðarþola vegna þess reksturs er hér um ræðir, hafi verið með þeim hætti, að gerðarþoli hafi ekki ástæðu til að innheimta og skila söluskatti af þessum viðskiptum, að söluskattur sé ekki skattur á hendur því atvinnufyrirtæki, er innheimtir hann, að framtal gerðarþola til söluskatts af þessum rekstri hafi verið óbreytt frá árinu 1949 til ársloka 1956 og að Skattstofan hafi allan þann tíma talið þessi viðskipti til „smásölu" og lagt söluskatt á þau sem slík.

Af rsk. nr. 8, útdrætti Skattstofu Reykjavíkur úr framtölum Sambands íslenzkra samvinnufélaga, ásamt tilheyrandi fylgiskjölum, verður hins vegar að ráða, að við endanlega álagningu sölu-

skatts á gerðarþola á árunum 1949 til 1954 hafi jafnan verið lagt á raftækjaverkstæði gerðarþola 3% söluskattur af seldri vinnu og efnisnotkun frá raftækjasölu gerðarþola. Upplýst er hins vegar í málflutningi, að endanleg álagning söluskatts á gerðarþola fyrir árin 1955—1956 hefur enn ekki farið fram. Við flutning málsins hefur einnig komið fram viðurkenning umboðsmanns gerðarþola á því, að á árinu 1954 hafi Skattstofan gert þá breytingu á framtali gerðarþola til söluskatts, að hún hafi þá bætt margumræddri efnisnotkun gerðarþola við framtalda selda vinnu rafmagnsverkstæðis hans og lagt í einu lagi 3% söluskatt á vinnu og efnisnotkun. Hafi gerðarþoli greitt þann skatt, enda þótt hann teldi hann óréttmætan, en þá hafi ekki munað svo miklu á heildarskattinum, að taka þætti því að standa í deilum um það.

Rétturinn getur fallizt á þá skoðun umboðsmanns gerðarþola, að söluskattur og útflutningssjóðsgjald séu ekki skattar á hendur þeim aðilja, er standa ber skil á honum til innheimtumanns ríkissjóðs, heldur sé um að ræða gjöld, sem honum ber að innheimta hjá viðskiptamönnum sínum og standa skil á til innheimtumanna ríkissjóðs. Hins vegar er á það að líta, að þeir aðiljar, sem innheimta ber þessi gjöld, ábyrgjast skilvísa greiðslu þeirra, sbr. 24. gr., 4. mgr. laga nr. 100/1948, og verður af því ákvæði að ráða, að ekki skipti máli, hvort þeir hafi látið undir höfuð leggjast að innheimta skattinn hjá viðskiptamönnum sínum, en samkvæmt 26. gr. sömu laga, sbr. 3. gr. laga nr. 112/1950, má hækka verð vöru og þjónustu, sem söluskatti nemur, og söluskatt samkvæmt 22. gr. laganna skal bæta álagningarlaust við söluverð. En af því, sem hér hefur verið rakið um eðli söluskatts og útflutningssjóðsgjalds, leiðir, að skilningur og framkvæmd skattayfirvalda á álagningu og innheimtu þessara gjalda getur leitt til þess, að þau verði ekki með réttu innheimt hjá söluskattsskyldum aðilja, enda þótt samkvæmt réttum lagaskilningi hefði átt að leggja þau á og innheimta. Þannig mundi ekki að dómi réttarins vera hægt að krefja fyrirvaralaust um söluskatt í valdi 4. mgr. 24. gr. laga nr. 100/1948, ef framkvæmd og skilningur skattayfirvalda hefði um lengri tíma verið með þeim hætti, að sá, er skattinn hefði átt að innheimta, hafði ástæðu til að ætla að vara eða þjónusta væri ekki söluskattsskyld og hefði því ekki krafið skattinn af viðskiptamönnum sínum. Í máli því, er hér um ræðir, kemur þessi ástæða þó ekki til greina, þar sem telja verður, að gerðarþola hafi mátt vera ljóst, að honum bæri að innheimta og standa skil á söluskatti og útflutningssjóðsgjaldi af efnisvörum þeim, sem hér er um að

ræða. Verður að telja það ljóst af rskj. nr. 8 og viðurkenningu umboðsmanns gerðarþola á álagningu og greiðslu söluskatts hans á árinu 1954, sem áður hefur verið rakin.

Um gjaldaupphæð þessa liðs lögtakskröfunnar, kr. 22.182.00, er enginn ágreiningur. Með vísan til þess, er hér hefur verið rakið að framan, verður því að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda um framkvæmd hins umbeðna lögtaks, að því er þennan lið lögtakskröfunnar snertir.

Um 2.: Upplýst er í málinu og viðurkennt af umboðsmanni gerðarbeiðanda, að allt frá árinu 1953 hafi Skattstofan heimilað gerðarþola að draga frá á söluskattsframtali sínu þá efnisnotkun, er hér um ræðir, og hafi verið um það ágreiningslaust samráð milli Skattstofunnar og gerðarþola, að af þessari efnisnotkun bæri ekki að innheimta og greiða söluskatt. Gerðarþoli hefur því fram til þessa haft fulla ástæðu til að innheimta ekki hjá viðskiptamönnum sínum söluskatt né útflutningssjóðsgjald við tilkomu þess af þessari efnisnotkun. Niðurstaða réttarins verður því þegar sú, með nánari vísan til þess, er rakið er hér að framan undir tölulið 1 um áhrif skilnings og framkvæmdar skattayfirvalda á álagningu og innheimtu söluskatts, að synja beri um framkvæmd hins umbeðna lögtaks, að því er varðar þennan lið lögtakskröfunnar.

Af hálfu gerðarbeiðanda hefur þess sérstaklega verið beiðzt, að rétturinn kveði skýrt á um greiðsluskyldu söluskatts og útflutningssjóðsgjalds, að því er varðar viðskipti sem þau, er um fjallar undir tölulið 1 og 2 hér að framan. Rétturinn lítur svo á, að luhverk hans sé það eitt að kveða af eða á um framkvæmd hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og sé það ekki í hans verkahring að kveða á um frekari lagaskýringar en nauðsynlegar eru til niðurstöðu þeirrar úrlausnar. Rétturinn getur því ekki orðið við þessari beiðni umboðsmanns gerðarbeiðanda, fremur en ráða má af því, er rakið hefur verið hér að framan.

Af því, sem nú hefur verið rakið, verður niðurstaða réttarins sú, að leyfa ber framkvæmd hins umbeðna lögtaks fyrir kr. 22.182.00 ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fara fram fyrir kr. 22.180.00 ásamt lögmæltum dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 27. marz 1958.

Nr. 9/1957. **Bæjarsjóður Neskaupstaðar**
(Rannveig Þorsteinsdóttir hdl.)
gegn
Olíuverzlun Íslands h/f
(Guðmundur Pétursson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. janúar 1957. Krefst hann þess, að heimiluð verði framkvæmd lögtaks fyrir kr. 20.000.00 ásamt lögmæltum dráttarvöxtum og kostnaði. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í máli þessu hefur komið fram, að stefndi hefur gert samninga við Rafveitu Neskaupstaðar, Pöntunarfélag alþýðu í Neskaupstað og Olíusamlag útvegsmanna í Neskaupstað um sölu á olíuvörum. Er efni samninga þessara rakið í úrskurði héraðsdómara. Samkvæmt samningum þeim, er stefndi hefur við Olíusamlag útvegsmanna, tekur Olíusamlagið að sér að selja olíuvörur og kaupa þær eingöngu af stefnda. Við kaupin skal lagt til grundvallar útsöluverð samkvæmt ákvörðun verðlagsyfirvalda, en Olíusamlaginu veittur tiltekinn afsláttur frá því verði. Af samningunum þykir mega ráða, að Olíusamlagið verði eigandi olíuvaranna, þegar þær eru komnar í geyma í Neskaupstað. Stefndi lætur Olíusamlaginu í té til afnota endurgjaldslaust olíustöð í Neskaupstað með geymum, leiðslum, skúrum, girðingum, bryggjum, bifreið til flutnings á olíuvörum svo og áhöld, sem notuð eru við móttöku og afhendingu á olíuvörum, en Olíusamlagið á að sjá um venjulegt viðhald á olíustöðinni, bifreiðinni og tækjunum á sinn kostnað.

Eins og samskiptum stefnda og Olíusamlagsins er háttað samkvæmt framansögðu, verður að telja, að stefndi reki slíka atvinnustofnun í Neskaupstað, að hann hafi verið þar útsvarsskyldur af þeim rekstri, á þeim tíma, sem hér skiptir máli, samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 66/1945, sbr. lög nr. 59/1947.

Viðskipti stefnda við Rafveitu Neskaupstaðar og Pöntunarfélag alþýðu þykja hins vegar samkvæmt rökum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, ekki vera með þeim hætti, að þau skapi stefnda útsvarsskyldu í Neskaupstað.

Það hefur komið fram í málinu, að útsvar það, sem hér er deilt um, hefur verið lagt á alla sölu stefnda á olíuvörum, sem framangreindir samningar taka til. Er útsvarið því ólöglega á lagt, og ber þess vegna að synja um framkvæmd lögtaksins, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Hvor aðili beri sjálfur kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 4. desember 1956.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 23. f. m., hefur gerðarbeiðandi,bæjarsjóður Neskaupstaðar, krafizt lögtaks hjá gerðarþola, Olíuverzlun Íslands h/f, til tryggingar útsvari hans í Neskaupstað fyrir árið 1954, að upphæð kr. 20.000.00, ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags svo og öllum kostnaði við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboðs, ef til kemur. Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar og báðir málsaðiljar hafa krafizt málskostnaðar að mati réttarins. Almennur lögtaksúrskurður fyrir álögðum útsvörum í Neskaupstað 1954 var kveðinn upp hinn 29. september s. á. og birtur í blöðum bæjarins.

Málavextir eru þessir:

Við niðurjöfnun útsvara í Neskaupstað 1954 var gerðarþola í máli þessu gert að greiða kr. 20.000.00 í útsvar. Útsvar þetta telur gerðarþoli ranglega á lagt og hefur því mótmælt framgangi hins umbeðna lögtaks, en upplýst er undir rekstri málsins, að of seint

var kært yfir útsvarsálagningunni, svo að skattnefndir hafa ekki fjallað um réttmæti hins álagða útsvars, og er í máli þessu aðeins deilt um útsvarsskylduna, en ekki upphæð hins álagða útsvars.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína á því, að telja verði, að gerðarþoli reki heimilisfasta atvinnustofnun eða útibú í Neskaupstað og sé því útsvarsskyldur þar samkvæmt a-lið 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945, sbr. lög nr. 59/1947. Hann bendir á, að gerðarþoli hafi um margra ára skeið rekið útibú í Neskaupstað og jafnan þar til nú greitt þar álögð útsvör. Hann heldur því fram, að þótt nú sé nokkuð breytt um fyrirkomulag á vörusölu gerðarþola í Neskaupstað, sbr. rskj. nr. 8, 9, 12 og 16, þá sé þó ljóst, að um sé að ræða heimilisfasta atvinnustofnun eða útibú gerðarþola í Neskaupstað, þótt dulbúin sé til þess að reyna að komast hjá útsvarsskyldu. Megi í þessu sambandi benda á eftirfarandi staðreyndir um viðskipti gerðarþola í Neskaupstað:

1. Um viðskipti gerðarþola og Rafveitu Neskaupstaðar.

Gerðarþoli hafi á árinu 1953 selt Rafveitu Neskaupstaðar einni saman olíu fyrir ca kr. 400.000.00 og hafi sú olía verið afgreidd á 5 geyma í Neskaupstað, 3, sem séu eign Rafveitunnar, sbr. rskj. nr. 8, og 2, sem séu eign hlutafélagsins B.P. á Íslandi, sem, eins og alkunna sé, starfi í nánu samstarfi við gerðarþola og mikill afsláttur sé veittur af olíunni, sbr. rskj. nr. 8, 1. gr., er jafna megi til sölu- eða umboðslauna. Þá sé olíuleiðsla, sem gerðarþola sé heimilt að að leggja á bryggju, sbr. rskj. nr. 8, 3. gr., eign gerðarþola.

2. Um viðskipti gerðarþola og Pöntunarfélags Alþýðu.

Um þau gildi samningur á rskj. nr. 12 og megi sérstaklega benda á eftirfarandi: Samkvæmt 3. gr. samningsins beri gerðarþola að annast flutning á benzíni á benzíngeymi og sjá um að fylla á geyminn, þegar kaupandi óskar eftir, en geymirinn sé eign Hafnarstrætis 21 h/f, sbr. rskj. nr. 15, er starfi í nánu samstarfi við gerðarþola og viðurkennt sé, að gerðarþoli sé aðalhluthafi í því félagi. Samkvæmt 4. gr. sama samnings sé talið, að gerðarþoli selji Pöntunarfélagi alþýðu benzín og smurningsolíur kontant, en samkvæmt niðurlagi greinarinnar sé þó heimilt að skulda gerðarþola andvirði einnar hleðslu. Samkvæmt 5. gr. samningsins sé gefinn afsláttur á benzíni til kaupanda, 12 aurar á lítra frá útsöluverði á sölustað, og samkvæmt 6. gr. 12 ½ % afsláttur frá reikningsverði

smurningsolíu í Reykjavík. Einsætt sé að líta á þennan afslátt sem dulbúin umboðslaun.

3. Um viðskipti gerðarþola og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað.

Um þau gildi samningur á rskj. nr. 9 og megi einkum benda á eftirfarandi atriði: Í 1. gr. samningsins segir: „Olíusamlagið tekur að sér að selja olíur til húsakyndingar og aðrar olíur til landviðskipta í Neskaupstað — — " o. s. frv. Í 2. gr. leyfi gerðarþoli olíusamlaginu endurgjaldslaust not olíustöðvar B.P. á Norðfirði, þ. e. framselji Olíusamlaginu afnot fasteignar, sem gerðarþoli hafi full afnotaréttindi til, þótt stöðin sé að vísu eign annars félags, sem þó starfi í nánu sambandi við gerðarþola, eins og alkunnugt sé. Í 3. gr. sé kveðið á um afslátt á olíuverði, sem jafna beri nánast til launagreiðslu. Í 4. gr. sé kvöð á Olíusamlaginu um að gefa upp mánaðarlega, hve mikið magn sé selt af hráolíu til húsa og í önnur landviðskipti. Olíusamlagið sé skuldbundið til að hlíta fyrirmælum gerðarþola um hámarksverð, sbr. 3., 5. og 7. gr. samningsins. Loks sé Olíusamlaginu í 6. gr. samningsins leyfð endurgjaldslaus afnot bifreiðar, er gerðarþoli eigi hjá Olíusamlaginu.

4. Um viðskipti gerðarþola og h/f Shell á Íslandi við Olíusamlag útvegsmanna.

Um þau gildi samningur á rskj. nr. 16. Samkvæmt 2. gr. samningsins sé Olíusamlaginu veitt endurgjaldslaus afnot olíustöðvar B.P. í Neskaupstað. Samkvæmt 4. gr. beri Olíusamlaginu að gefa upp mánaðarlega það magn af olíu, sem selt er. Í 5. gr. sé því áskilinn afsláttur af hráolíu og í 7. gr. ákveðinn hundraðshluti í afslátt á útsöluverði á smurningsolíu.

Loks megi benda á, að gerðarþoli greiði vörugjald í Neskaupstað af olíu til rafstöðvarinnar og að greiðslufyrirkomulagi á vörum gerðarþola, sbr. rskj. nr. 9 og 16, hafi ekki verið fylgt út í æsar.

Af því, sem nú hefur verið rakið, telur gerðarbeiðandi ljóst, að allir framangreindir samningar gerðarþola við viðskiptamenn hans í Neskaupstað séu málamyndarsamningar og verði því að líta svo á, að gerðarþoli reki enn heimilisfastan atvinnurekstur í Neskaupstað, þótt dulbúinn sé, og sé hann því ótvírætt útsvarsskyldur þar samkvæmt útsvarslögum.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að gerðarþoli hafi enga heimilisfasta atvinnustofnun í Neskaupstað og sé því ekki útsvars-

skyldur þar samkvæmt 8. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945, a-lið 2. mgr., sbr. lög nr. 59/1947. Gerðarþoli eigi engar fasteignir í Neskaupstað, hafi þar engan starfsrekstur, skrifstofu, starfsmann né umboðsmann. Áður hafi gerðarþoli að vísu starfrækt þar útibú í eigin nafni eða allt fram til ársins 1949. En frá og með 1. október það ár hafi Olíusamlag útvegsmanna í Neskaupstað tekið við umboðinu í stað fyrri umboðsmanns. En með samningi gerðarþola við Olíusamlag útvegsmanna, dagsettum 19. júlí 1952, rskj. nr. 9, hafi verið tekið upp nýtt fyrirkomulag á viðskiptum gerðarþola í Neskaupstað, og hafi olía til landviðskipta í Neskaupstað verið seld samkvæmt þessum samningi á árinu 1953. Sameiginlegur samningur gerðarþola og h/f Shell á Íslandi annars vegar hafi og verið gerður við Olíusamlag útvegsmanna hinn 31. júlí s. á., rskj. nr. 16. Ástæðuna til þess að þetta breytta viðskiptafyrirkomulag var tekið upp telur gerðarþoli vera þá, að ýmsir örðugleikar hafi verið á viðskiptum í Neskaupstað og fleiri útgerðarbæjum, skuldir hafi viljað stofnast, og því hafi gerðarþoli talið sig knúinn til að taka upp bein heildsölu- og staðgreiðsluviðskipti. Um viðskipti gerðarþola við Neskaupstað á útsvarsárinu liggi fyrir samningar, rskj. nr. 8, 9, 12 og 16, og megi af þeim ljóst vera, að um venjulega heildsölu sé að ræða frá aðalskrifstofu gerðarþola í Reykjavík og sé afhending vörunnar einnig í samræmi við það.

Um vörusölu til hinna einstöku viðskiptaaðilja í Neskaupstað gerir gerðarþoli eftirfarandi athugasemdir:

1. Um vörusölu til Rafveitu Neskaupstaðar, sbr. samning á rsk. nr. 8. Framkvæmd á 1. gr. samningsins sé með þeim hætti, að olíunni sé dælt beint frá skipi í olíugeymana og sé því raunverulega um að ræða afgreiðslu frá skipshlið. Þetta séu hrein heildsöluviðskipti á c.i.f. grundvelli. Olían sé afreiknuð af skrifstofu gerðarþola í Reykjavík beint til Rafveitu Neskaupstaðar og greiðslur fari fram beint frá Rafveitunni til skrifstofu gerðarþola í Reykjavík. Vörugjald í Neskaupstað af olíu til Rafstöðvarinnra hafi gerðarþoli að vísu greitt frá og með árinu 1950 samkvæmt sérstöku samkomulagi við framkvæmdastjórn Rafveitunnar, en tekið hafi verið fram, að um sérstakan afslátt væri þar að ræða, en ekki samningsbundna greiðslu. Sá afsláttur geti þó ekki talizt viðurkenning á því, að vörusala til Rafveitunnar fari fram innan lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar.

2. Um aðra vörusölu í Neskaupstað gerir gerðarþoli eftirfarandi athugasemdir:

Með samningi á rsk. nr. 9 milli gerðarþola og Olíusamlags útvegsmanna var ákveðið, að allar olíur til húsakyndingar og aðrar olíur til landviðskipta í Neskaupstað skyldu keyptar hjá gerðarþola og var þar ákveðið, að hráolía til húsakyndinga skyldi keypt af gerðarþola með c.i.f. skilmálum, en greiðsla fyrir ákveðið olíumagn, sem keypt væri hverju sinni, skyldi greidd, áður en olían var sett á land í Neskaupstað. Í sama samningi var einnig ákvæði um, að Olíusamlagið tæki að sér dreifingu og sölu á benzíni í Neskaupstað og að Olíusamlagið skyldi kaupa benzínið og taka það frá birgðastöð Shell á hverjum tíma, enda sé benzínið ávallt greitt fyrir fram, áður en bílfarmur sé tekinn, en sérstakt samkomulag var milli h.f. Shell á Íslandi og gerðarþola um, að gerðarþoli gæti jafnan fengið nægilegt magn af benzíni h.f. Shell á staðnum til afnota fyrir Olíusamlag útvegsmanna. Ennfremur var ákveðið í samningnum, að smurningsolíur allar, benzín og aðrar olíur, er Olíusamlagið skyldi yfirtaka að kvöldi hins 31. júlí 1952, skyldu greiðast samdægurs. Olía til landviðskipta í Neskaupstað var seld samkvæmt þessum samningi á árinu 1953.

Með sameiginlegum samningi gerðarþola og h.f. Shell á Íslandi annars vegar og Olíusamlags útvegsmanna hins vegar, rsk. nr. 16, sbr. rsk. nr. 17, var samið um sölu á hráolíu til útgerðarfyrirtækja og skipa í Neskaupstað. Olíusamlagið skyldi kaupa alla hráolíu af seljanda, komna að bryggju í Neskaupstað, með c.i.f. skilmálum, en gerðarþoli og h.f. Shell skuldbundu sig til að selja ekki olíur til skipa eða báta í Neskaupstað, meðan á samningstímabilinu stendur, og skyldi öll slík sala vera í höndum Olíusamlags útvegsmanna. Þá veitti gerðarþoli Olíusamlaginu afnot olíustöðvar B.P. á Norðfirði til geymslu á olíum samkvæmt samningi þessum. Samkvæmt þessum samningi fóru fram þau olíuviðskipti í Neskaupstað, er hér hefur verið rætt um, á árinu 1953, en auk þess keypti Bæjarútgerð Neskaupstaðar nokkuð af brennsluolíu á c.i.f. grundvelli gegn fyrirframgreiðslu eða tryggingu með ábyrgð í gegnum útibú Landsbankans á Eskifirði.

Loks leggur gerðarþoli áherzlu á eftirfarandi:

Gerðarþoli greiddi útsvör til Neskaupstaðar, meðan hann starfrækti þar útibú eða umboð í eigin nafni, en slíkri starfsemi gerðarþola var endanlega hætt á árinu 1952. Það sé því með

öllu útilokað, að gerðarþoli sé útsvarsskyldur í Neskaupstað frá og með árinu 1954.

Gerðarþoli á alls engar fasteignir í Neskaupstað. Olíustöðin er eign h.f. B.P. á Íslandi. Gerðarþoli hefur hins vegar afnot þessarar stöðvar, en hefur framselt þau Olíusamlagi útvegsmanna. Olíuleiðsla sú, er um ræðir í 3. gr. samningsins á rsk. nr. 8, er eign B.P. á Íslandi, þrátt fyrir orðalag greinarinnar. Benzíngeymir á lóð Pöntunarfélags alþýðu er eign Hafnarstræti 21 h.f. í Reykjavík svo og bifreið sú, er um getur í 6. gr. samningsins á rsk. nr. 9, þrátt fyrir orðalag greinarinnar.

Gerðarþoli er ekki hluthafi í B.P. á Íslandi h.f. og B.P. á Íslandi h.f. er ekki heldur hluthafi í Olíuverzlun Íslands h.f.

Samkvæmt 8. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945, sbr. lög nr. 59/1947, er það aðalreglan, að þar skal leggja útsvar á félag, sem það hefur skrásett heimilisfang, en samkvæmt a-lið sömu gr. má þó leggja á það útsvar á fleiri en einum stað, ef það hefur heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit. Nú er það óumdeilt í máli þessu, að gerðarþoli hafi ekki skráð útibú í Neskaupstað, hafði þar ekki skrifstofu, starfsmenn né nokkurn skráðan starfsrekstur á útsvarsárinu 1953. Hann er því ekki útsvarsskyldur í Neskaupstað á gjaldárinu 1954 samkvæmt útsvarslögum, nema leitt sé í ljós, að viðskipti hans þar á útsvarsárinu 1953 hafi verið með þeim hætti að jafna megi til heimilisfastrar atvinnustofnunar þar. Eftir því sem fyrir liggur í máli þessu, hafa viðskipti gerðarþola í Neskaupstað á útsvarsárinu 1953 aðallega verið við þrjá aðilja. Bygggjast þau viðskipti á fjórum samningum, og mun rétturinn hér á eftir víkja að þeim hverjum fyrir sig og rekja aðalatriði þeirra.

1. Viðskipti gerðarþola og Rafveitu Neskaupstaðar, en um þau gildir samningur á rsk. nr. 8. Aðalinntak samningsins er á þessa leið:

Gerðarþoli skuldbindur sig til að selja Rafveitu Neskaupstaðar hráolíu á 3 geyma (ca. 50—60 tn.). Geymarnir eru tengdir við rafstöðvarhúsið. Verð olíunnar skal vera almennt útsöluverð gerðarþola eða h.f. Shell á Íslandi til báta á Norðfirði og Seyðisfirði. Afslátt skal gerðarþoli gefa, 7%, ef viðskiptin nema á 12 mánuðum 350—600 tn., en 10% að ári liðnu, ef viðskiptin nema yfir 600 tn. Af smurningsolíum skal gefinn 10% afsláttur frá gildandi verðlagi gerðarþola á Norðfirði. Rafveitan skuldbatt sig til að kaupa alla olíu og olíuafurðir hjá gerðarþola. Bæjarstjórnin veitti gerðarþola leyfi til lagningar olíuleiðslu á bryggju, er taka

mætti aftur að samningstímabili loknu, ef ekki næst samkomulag um að bæjarstjórnin kaupi leiðsluna. Greiðslufyrirkomulag skal vera með þeim hætti, að greiðsla skal fara fram mánaðarlega eftir á og skal hún innt af hendi fyrir 10. dag næsta mánaðar á eftir.

2. Viðskipti gerðarþola og Pöntunarfélags alþýðu, en um þau gildir samningur í rsk. nr. 12. Er aðalinntak hans, sem hér segir:

Gerðarþoli skuldbindur sig til að selja Pöntunarfélagi alþýðu allt benzín og smurolíur, sem það þarfnast, og Pöntunarfélag alþýðu skuldbindur sig til þess að kaupa þessar vörur eingöngu af gerðarþola. Gerðarþoli skal annast flutning á benzíninu á smásölugeymi hjá Pöntunarfélagi alþýðu og fylla á hann, eftir því sem kaupandi óskar. Gerðarþoli selur benzínið kontant og er það eign kaupanda eftir móttöku og ber hann alla ábyrgð af rýrnun þess. Kaupanda skal þó heimilt að skulda gerðarþola sem svarar andvirði þess magns, er benzíngeymirinn tekur einu sinni. Verð benzínsins skal vera 12 aurum lægra á líterinn en útsöluverð á sölustað. Af smurningsolíum skal kaupandi fá 12½% afslátt frá reikningsverði vörunnar í Reykjavík.

3. Um viðskipti gerðarþola og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað. Um þau gilda samningur í rskj. nr. 9, og er aðalinntak hans á þessa leið:

Olíusamlagið tekur að sér að selja olíur til húsakyndinga og aðrar olíur til landviðskipta í Neskaupstað og kaupir olíur af gerðarþola í því skyni. Ennfremur tekur Olíusamlagið að sér að selja benzín, smurningsolíur og aðrar olíuafurðir. Gerðarþoli leyfir Olíusamlaginu endurgjaldslaus afnot af Olíustöð B.P. á Norðfirði út samningstímabilið, en Olíusamlagið skal annast viðhald stöðvarinnar og tækja. Hráolía til húsakyndinga skal keypt af gerðarþola með c.i.f. skilmálum, og skal lagt til grundvallar almennt útsöluverð til báta í Neskaupstað samkvæmt úrskurði verðlagseftirlitsins, en frá því dragast kr. 105.00 pr. tonn. Skal greiðsla fyrir ákveðið magn af olíu, sem keypt er hverju sinni, greiðast áður en olían er sett á land í Neskaupstað. Olíusamlagið skal mánaðarlega gefa upp selt magn af olíu til húsa og landviðskipta. Olíusamlagið tekur að sér dreifingu og sölu á benzíni í Neskaupstað og skal það kaupa benzínið, sem það skal taka af birgðastöð h.f. Shell, og greiða ávallt fyrirfram áður en bílfarmur er tekinn. Verð á benzíni skal vera almennt útsöluverð á benzíni í Neskaupstað á hverjum tíma, að frádregnum 16 aurum af lítra. Til að annast þessa dreifingu, skal Olíusam-

lagið fá endurgjaldslaus afnot bifreiðar, er gerðarþoli á hjá Olíusamlaginu, en það kostar rekstur bílsins. Þá skal Olíusamlagið að kvöldi hins 31. júlí 1952 yfirtaka allar birgðir gerðarþola á Norðfirði af smurningsolíum, feiti, benzíni og öðrum olíum, er þar eru þá til sölu og greiða þær samdægurs. Verð á smurningsolíum skal vera hið almenna útsöluverð í Reykjavík, að frádregnum 15%, og skal öll smurningsolía greidd fyrirfram. Gerðarþoli yfirtekur skuldalista vegna fyrra umboðs á sölu húsaolíu og öðrum umboðsvörum. Skal Olíusamlagið skila reikningum, viðurkenndum af skuldunautum eða öðrum sannanlegum skuldum fyrir 15. ágúst 1952. Skal sama gilda um skuldir viðskiptamanna vegna olíugeyma. Reikningar þessir og skuldalistar skulu teljast greiðsla, þegar sannað er, að skuldirnar séu rétt taldar. Gerðarþoli innheimtir skuldirnar fyrir eigin reikning. Olíusamlagið tekur hins vegar að sér að innheimta skuldir fyrir benzínsölu, og skulu þær greiddar eða umsamdar fyrir ágústlok.

4. Um viðskipti gerðarþola og h/f Shell á Íslandi annars vegar og Olíusamlags útvegsmanna hins vegar gildir samningur á rskj. nr. 16, sbr. rskj. nr 10, og er aðalinntak hans á þessa leið:

Olíusamlagið skuldbindur sig til að kaupa vörur þær, er um er samið í samningi þessum, eingöngu frá seljendum. Það fær endurgjaldslaus afnot af olíustöð B.P. á Norðfirði til geymslu á olíum samkvæmt þessum samningi, ásamt með olíum, sem nota skal til húsakyndinga samkvæmt samningi á rskj. nr. 9, en viðhald stöðvarinnar skal það annast. Það skuldbindur sig til að kaupa alla hráolíu (gasolíu) af gerðarþola og h/f Shell á Íslandi, komna að bryggju í Neskaupstað, með c.i.f. skilmálum. Skal olían greidd, áður en byrjað er að skipa henni upp í Neskaupstað og skal samið um magn fyrirfram í hverju tilfelli, en reynist magn það, sem upp var skipað til kaupanda, annað en um var samið, skal það leiðrétt þegar í stað, er tölur liggja fyrir um raunverulegt magn, mælt í geymum á olíustöðinni. Olíusamlagið skal gefa upp mánaðarlega, hve mikið magn er selt af olíu til báta og landviðskipta Verð á hráolíu skal miðað við almennt útsöluverð til báta á Norðfirði, að frádregnum heildsöluafslætti, kr. 105.00 pr. tonn. Olíusamlagið skal kaupa upp birgðir, eins og þær eru að morgni hins 1. ágúst 1952, að frádregnum ofangreindum afslætti, en að viðbættu hafnargjaldi á það magn, sem fyrir er. Skulu birgðirnar greiddar að fullu áður en olíusamlagið byrjar á sölu samkvæmt samningum. Smurningsolíur skulu seldar Olíusamlaginu c.i.f. Norðfirði á almennu útsöluverði seljanda í Reykjavík, að frá-

dregnum 15% afslætti. Samið er um ógreiddar skuldir kaupenda við seljendur frá fyrri viðskiptum.

Ef litið er á efni framangreindra samninga og það, sem fyrir liggur í málsskjölum um framkvæmd þeirra, þá fær rétturinn ekki séð, að þau viðskipti, er þar er fjallað um, séu það frábrugðin venjulegum heildsöluviðskiptum, að þeim megi jafna til heimilisfastrar atvinnustofnunar gerðarþola í Neskaupstað á þeim tíma, er máli skiptir fyrir úrslit þessa máls, nema fleiri rök hnigi að því. Af hálfu gerðarbeiðanda hefur því verið haldið fram, að náið samband gerðarþola við h/f B.P. á Íslandi og Hafnarstræti 21 h/f renni einnig rökum undir það, að um dulbúinn atvinnurekstur gerðarþola í Neskaupstað sé að ræða. Upplýst er í málinu og óumdeilt, að félög þessi eru sjálfstæð hlutafélög og að gerðarþoli er ekki hluthafi í hinu fyrrnefnda, en á hins vegar verulegan hlut í hinu síðarnefnda. Það er enn fremur upplýst í málinu, að h/f B.P. á olíustöð B.P. í Neskaupstað, er gerðarþoli hefur afnotarétt til, og að hann hefur framselt þann rétt til Olíusamlags útvegsmanna og að Hafnarstræti 21 h/f á yfirleitt olíugeyma og benzíndælur þær, er söluvörur gerðarþola eru afgreiddar frá, þ. á. m. dælur þá og geymi, er Pöntunarfélag alþýðu í Neskaupstað hefur til notkunar. Loks hefur því verið haldið fram af hálfu gerðarþola við munnlegan flutning málsins og var því ekki mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda, að olíuleiðsla sú, er lögð hefur verið samkvæmt heimild í 3. gr., rskj. nr. 8, sé eign h/f B.P. á Íslandi og að bifreið sú, er um getur í rskj. nr. 9, 6. gr., sé eign Hafnarstrætis 21 h/f.

Þegar litið er á það, er hér hefur verið rakið um viðskipti gerðarþola í Neskaupstað á útsvarsárinu 1953, telur rétturinn, að ekki séu efni til að telja þessi viðskipti þess eðlis að jafna megi þeim til fastrar atvinnustofnunar og fái þau því ekki réttlætt umdeilda útsvarsálagningu. Niðurstaða réttarins verður því sú, að synja ber um framkvæmd hins umbeðna lögtaks. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 18. apríl 1958.

Nr. 8/1958. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Ragnari Guðjóni Karlssyni
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Líkamsárás. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ragnar Guðjón Karlsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar og Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. nóvember 1957.

Ár 1957, mánudaginn 18. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrasyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5247/1957: Ákæruvaldið gegn Ragnari Guðjóni Karlssyni, en mál þetta var að afloknum munnlegum málflutningi tekið til dóms 14. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 29. ágúst s.l. er Ragnar Guðjón Karlsson sjómaður, Höfðaborg 21, hér í bæ, ákærður fyrir að hafa á tíunda tímanum mánudagsmorguninn

29. júlí s.l. í sundi við Varðarhúsið, hér í bænum, barið Jón Ingvar Árnason verkamann, Njálsgötu 83, fæddan í Reykjavík 27. júlí 1924, með krepptum hnefa í andlitið, svo að hann féll aftur yfir sig, skall með höfuðið í jörðina og slasaðist svo mjög, að hann beið bana af, en hann lézt um klukkan 23.30 miðvikudaginn 31. júlí s.l.

Telst brot þetta aðallega varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 218. gr. og 215. gr. laga þessara.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 2. janúar 1920 að Stóra-Hofi á Rangárvöllum. Hann hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1936 3/12 Áminning fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.
1937 28/11 Kærður fyrir að brjóta sig inn í hús til kvenna. Látið falla niður.
1938 19/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 27/5 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 27/5 Undirgekkst að greiða 25 kr. skaðabætur fyrir árás.
1939 24/5 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir skjalafals.
— 16/10 Dómur sama réttar, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.
1941 17/4 Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 30/4 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 4/7 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 16/10 Sátt, 300 kr. sekt fyrir áfengissmygl.
— 26/10 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 20/11 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og 14 kr. skaðabætur til Hótel Ísland.
1942 22/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
— 26/5 Sátt, 200 kr. sekt, 200 kr. skaðabætur fyrir árás og óspektir í veitingahúsi.
— 20/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 26/1 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi, fyir brot gegn 248., 259. og 217. gr. hegningarlaganna og bifreiðalögunum, áfengislögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur, sviptur kosningarétti og kjörgengi og ævilangt sviptur réttindum til þess að öðlast ökuskírteini bifreiðarstjóra.

— 6/11 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
1944 9/1 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
— 9/3 Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
— 27/5 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 27/8 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 18/12 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 23/12 Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot gegn 117. gr. hegningarlaganna, ölvun og slagsmál.
1945 5/1 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 31/1 Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 117. gr. hegningarlaganna, bifreiðalögunum, áfengislögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
— 16/7 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 1. mgr. 78. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
— 28/8 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 29/9 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 8/10 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 16/10 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 22/10 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1946 5/2 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 2/8 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 3/8 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 11/12 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1947 22/2 Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 22/2 Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir og brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
— 8/3 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
— 1/5 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun, 55 kr. skaðabætur í sama máli.
— 28/9 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
— 8/10 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 23/11 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
— 25/11 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1948 29/1 Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og áflog.
— 17/3 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 18/5 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
— 20/5 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.

— 20/6 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
— 28/7 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 7/10 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1949 11/1 Reykjavík. Kærður af Indíönu Garibaldadóttur fyrir líkamsárás. Afturkallað.
— 26/3 Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 26/4 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
— 13/7 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 19/8 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 2/9 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og brot á 4. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
— 27/10 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
— 29/10 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1950 12/3 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 10/6 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun á bifreið. Fellt niður.
— 4/11 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1951 15/2 Reykjavík. Málssókn vegna kæru fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga felld niður samkvæmt fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins. Kæran frá 9/4 1948.
— 16/9 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
— 28/10 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
1952 2/2 Reykjavík. Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
— 5/11 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
1953 5/7 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
1954 21/5 Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
— 13/7 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1955 8/1 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
— 13/1 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 20. gr. áfengislaga.

Málsatvik eru þessi:

Mánudagsmorgun 29. júlí s.l. um kl. 8,30 um morgunin hittust þeir Þorvaldur Marínó Sigurbjörnsson verkamaður, til heimilis að Sólvallagötu 40, hér í bæ, og Jón Ingvar Árnason verkamaður, Njálsgötu 83, fæddur 27. júlí 1924, hér niðri í bæ, en þeir munu kvöldið áður hafa verið sama nokkuð við áfengisdrykkju. Að sögn Þorvaldar Marínós var Jón Ingvar þá hreifur af víni, er þeir hittust um morguninn, en Þorvaldur kveðst þá engra áhrifa hafa kennt sér. Þorvaldur segir hins vegar, að ekki hafi verið sýnilegt, að Jón Ingvar kenndi sér þá nokkurs meins og enga sýnilega áverka hafi hann borið og það enn fremur, að hann hafi ekki átt í neinum erjum eða átökum við nokkurn mann þá um morguninn fyrr en þeir atburðir urðu, síðar verður vikið að. Þeir félagar dreyptu nokkuð á áfengisblöndu, sem Jón Ingvar var með, og gerðist Jón Ingvar brátt alldrukkinn, en Þorvaldur Marínó kveðst þá hafa drukkið mun minna en Jón Ingvar, enda verið lítið með áfengisáhrifum.

Á tíunda tímanum seint eða um tíu-leytið um morguninn voru þeir staddir við Verkamannaskýlið eða nánar tiltekið í sundinu milli þess og Varðarhússins. Ragnar Guðjón Karlsson, ákærði í máli þessu, átti þá leið þar um. Þeir voru allir kunnugir og heilsuðust þeir. Þorvaldur Marinó, sem þá var með áfengið með höndum, bauð ákærða sopa, en ákærði vildi ekki. Ákærði var snöggklipptur og mun hafa verið berhöfðaður. Jón Ingvar mun þá hafa verið á tali við annan eða aðra menn, er Þorvaldur bauð ákærða að súpa á áfenginu. Hann sneri sér nú að ákærða, gekk til hans og ávarpaði hann: „Hvað segir Karlsson," eða eitthvað í þá átt, og síðan „að hann (þ. e. ákærði) væri ekki í sama „stuði" og hann hefði verið síðast", en þeir ákærði og Jón Ingvar munu hafa verið á kendiríi saman þá ekki alls fyrir löngu, eftir því sem ákærði heldur fram. Síðan tók Jón Ingvar að fálma framan í ákærða og framan á hann og mun hafa strokið honum um höfuðið. Í því sambandi heldur ákærði því fram, að Jón Ingvar hafi löðrungað hann sitt undir hvorn, en þó ekki fast. Tvö vitni, sem atburði þessa sáu, áðurnefndur Þorvaldur Marinó og Guðný Kristjánsdóttir, matreiðslukona í Verkamannaskýlinu, sem stödd var þar í eldhúsi, staðhæfa bæði, að Jón Ingvar hafi ekkert slegið ákærða, heldur einungis fálmað fram-

an í hann og um höfuð hans, enda og að framan segir, en Þorvaldur segir þó, að Jón Ingvar hafi einungis fálmað framan í ákærða og blakað við honum máttlausri hendi, en ekki slegið hann.

Ákærði bað Jón Ingvar vera ekki að þessu og stjakaði við honum um leið, en er Jón Ingvar hélt áfram ertni sinni, skipti það engum togum, að ákærði sló hann í höfuðið með krepptum hnefa hægri handar, og var signetshringur af silfri á litlafingri handarinnar. Jón Ingvar féll þegar af högginu og í falli sínu mun hann hafa komið niður á rassinn fyrst, en síðan skollið á hnakkann. Lá hann hreyfingarlaus eftir. Framangreind vitni sáu ekki, hvar höggið lenti á höfði Jóns Ingvars né heldur kveðst ákærði geta gert sér grein fyrir því. Hvorugt vitnanna sáu ákærða greiða Jóni Ingvari nema þetta eina högg, er hann féll af. Ákærði kveðst ekki hafa slegið hann nema þetta eina högg.

Eftir að Jón Ingvar var fallinn, kveðst Þorvaldur Marinó hafa spurt ákærða að því, hvað hann meinti með þessu, og hafi hann þá svarað: „Hvað átti ég að gera? Maður er skelþunnur," eða „Hvað er hann líka að þessu fálmi og hvað getur maður gert, maður er skelþunnur og ómögulegur", eins og ákærði kveðst hafa svarað.

Ekki sinnti ákærði Jóni Ingvari, þar sem hann lá hreyfingarlaus. Kveðst hann hafa talið, að meginástæða þess, að Jón reis ekki á fætur þá, að hann væri svo ölvaður. Hélt ákærði síðan brott vestur Tryggvagötu.

Þorvaldur Marinó fór nú að stumra yfir Jóni Ingvari, án þess að hann kæmi til meðvitundar. Brátt kom þar að Svavar Guðni Svavarsson múrari, Camp Knox C-25, og hjálpaði hann Þorvaldi Marinó að flytja Jón Ingvar til og hagræða honum við hlið, sem þarna er á portsgirðingunni. Ekki verður séð, að Jón Ingvar hafi þarna orðið fyrir neinu harðræði ellegar hnjaski við þessar tilfæringar. Er alllöng stund leið, án þess að Jón Ingvar kæmi til meðvitundar, gerði Þorvaldur Marinó ráðstafanir til þess að fá bifreið að flytja Jón Ingvar heim til hans. Í því skyni pantaði hann sendiferðabifreið, sem koma að vörmu spori á staðinn. Var þá fleira fólk komið á vettvang, en áður en Jón Ingvar yrði látinn í sendiferðabifreiðina, voru menn komnir á eitt mál um að réttara yrði að kveðja til lögregluna, með því meðvitundarleysi mannsins gæti stafað af öðru en áfengisdauða hans. Kom lögreglan síðan á vettvang um kl. 10,40 og flutti

Jón Ingvar á slysavarðstofuna. Ekki verður séð, að hann hafi við þann flutning orðið fyrir neinu hnaski eða harðræði.

Þegar komið var með Jón Ingvar í slysavarðstofuna, var hann meðvitundarlaus og kom eigi til meðvitundar, meðan hann dvaldi þar. Kl. 15.00 um daginn var hann fluttur í handlækningadeild Landspítalans, og segir deildarlæknir Friðrik Einarsson svo frá ástandi hans, meðan hann dvaldi í deildinni: „.... Við komuna hingað er sjúkl. meðvitundarlaus. Hann bröltir um í rúminu og ruglar ýmislegt, en getur engar upplýsingar gefið og svarar ekki af viti. Vínþefur er úr vitum sjúklingsins. Storkið blóð er í nefi og blóð vætlar úr vinstra eyra.

Sjúkl. hefur ekki komið til meðvitundar. Hann hefur verið mjög órólegur, bylt sér til og kastað af sér sænginni og reynt að fara fram úr rúminu. Hann svaraði lengi vel, þegar kallað var til hans, en svaraði aldrei af neinu viti. Í gærkvöldi og nótt hefur sjúkl. versnað mjög mikið. Hann á erfitt um andardrátt, hiti er yfir 40° og þegar þetta er ritað kl. 14.00 (31. júlí) er ekki útlit fyrir, að sjúkl. muni halda lífi. Ástandið bendir á mar og blæðingu á heila."

Jón Ingvar lézt á handlækningadeildinni kl. 23.30 hinn 31. júlí s.l., eftir að honum hafði hrakað jafnt og þétt.

Prófessor Níels Dungal krufði lík Jóns Ingvars, til þess að staðreyna dánarorsök. Niðurstaða prófessorins er þessi: „Við krufninguna fannst mikil blæðing milli beins og heilabasts vinstra megin utan á heilanum. Er sýnilegt, að arteria meningea media hefur sprungið þarna og blætt út frá henni, en sú sprunga hefur stafað af höggi, sem maðurinn hefur fengið vinstra megin og framan til á gagnaugasvæðið, þar sem allmikið mar var undir höfuðsverðinum. Brotið í kúpubotninum vinstra megin hefur einnig stafað frá þessu höggi. Annað högg hefur maðurinn fengið aftan á hvirfilsvæðinu hægra megin og út frá því höggi hefur komið sprungan, sem var hægra megin á kúpubotninum. Þriðja höggið hefur maðurinn fengið á hægra auga, og út frá því hefur komið sprungan í augnþak ennisbeinsins hægra megin. Banameinið hefur verið blæðingin milli heilabasts og beins út frá sprungunni á æðinni, sem þar hefur komið af högginu vinstra megin á höfuðið ásamt marinu neðan á heilanum, sem einnig hefur átt sinn þátt í dauða mannsins. Við innri líffæri fannst ekkert áberandi athugavert."

Af því, sem að framan hefur verið rakið, verður að telja fullsannað, að Jón Ingvar hafi fengið þau lemstur, sem getið er í

niðurstöðu prófessors Níelsar Dungals, er ákærði sló hann í umrætt sinn, svo og er hann féll til jarðar við högg ákærða og ennfremur, að lemstur þau hafi leitt til bana hans.

Engin rök liggja að því, að ákærði hafi viljað dauða Jóns Ingvars með árás sinni né heldur verður gerð krafa til hans um, að hann hafi átt að sjá fyrir sem mjög sennilegar afleiðingar verknaðar síns dauða Jóns Ingvars, og verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna ákærða af ákærunni um brot á 211. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Árás ákærða án Jón Ingvar í umrætt sinn verður að telja vísvitandi gerða. Hún réttlætist ekki af ertni þeirri, er Jón Ingvar hafði áður sýnt ákærða með fálmi sínu. Afleiðingar hennar ber að virða ákærða sem gáleysi. Þykir brot ákærða réttilega heimfært undir ákvæði 218. gr. og 215. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Eftir málalokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Ragnars Jónssonar hrl., og skipaðs verjanda, Gústafs A. Sveinssonar hrl., kr. 2.000 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ragnar Guðjón Karlsson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Ragnars Jónssonar hrl., og verjanda, Gústafs A. Sveinssonar hrl., kr. 2.000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. apríl 1958.

Nr. 109/1957. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Andreas Ansgar Joensen
(Áki Jakobsson hrl.).
og gagnsök

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1957. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Til vara krefst hann lækkunar á dæmdum fjárhæðum, að vextir reiknist frá 8. nóvember 1955 og hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hendi til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1957. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 344.741.00 með 6% ársvöxtum frá 7. október 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa nokkur ný gögn verið lögð fram í málinu. Þar á meðal hefur Bergþór Smári læknir skoðað gagnáfrýjanda 22. f. m., og telur læknirinn ástand gagnáfrýjanda óbreytt, þannig að hann metur örorku hans eins og áður 75%. Einnig hefur tryggingafræðingur sá, er getur í héraðsdómi, reiknað af nýju atvinnutjón gagnáfrýjanda, og nemur það tjón samkvæmt þeirri áætlun kr. 386.720.00. Verðmæti örorkulífeyris til handa gagnáfrýjanda frá Tryggingastofnun ríkisins telst tryggingafræðingn-

um nema kr. 63.306.00, en auk þess hefur gagnáfrýjandi fengið þaðan dagpeninga, samtals kr. 5.375.00.

Telja verður, að það hafi verið mikið gáleysi af gagnáfrýjanda að vera uppi á palli vörubifreiðarinnar, eins og farmi hennar var háttað og aðstæður voru. Á hinn bóginn skorti og á varúð af hendi stjórnanda bifreiðar aðaláfrýjanda. Þykir eftir atvikum rétt, að gagnáfrýjandi beri tjón sitt sjálfur að ⅜ hlutum, en aðaláfrýjanda verður dæmt að bæta það að ⅝ hlutum.

Örorkutjón gagnáfrýjanda, er frá hafa verið dregnar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, þykir eftir atvikum hæfilega metið kr. 130.000.00. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta mat héraðsdómara á tjóni gagnáfrýjanda samkvæmt 2. og 3. kröfulið í héraði.

Úrslit málsins verða því þau, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda ⅝ hluta af kr. 130.000.00 + kr. 30.000.00 + kr. 16.702.30, þ. e. kr. 70.680,92, að frádregnum kr. 30.000.00, sem gagnáfrýjandi hefur fengið frá vátryggingafélagi því, sem bifreið aðaláfrýjanda var tryggð hjá, eða kr. 40.680.92, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 13.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði gagnáfrýjanda, Andreas Ansgar Joensen, kr. 40.680.92 með 6% ársvöxtum frá 7. október 1951 til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 29. maí 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 23. þ. m., er höfðað eftir árangurslausa sáttaumleitan af Ansgari Andreas Joensen, Steinum, Austur-Eyjafjöllum, með stefnu útgefinni 28. október 1955, birtri 8. nóvember 1955, á hendur Helga Benediktssyni kaupmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu bóta vegna áverka, er stefnandi hlaut af völdum bifreiðar stefnda, V 93, þann 24. apríl 1951.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til

að greiða honum kr. 378.513.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 24. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins. Hann gerði þá varakröfu, að kröfur stefnanda yrðu stórlega lækkaður og ef hann yrði talinn bótaskyldur, yrði sök skipt og stefnandi látinn bera meginhluta tjónsins og málskostnaður látinn falla niður.

Um allmörg ár vann stefnandi hjá stefnda við ýmis störf. Hinn 24. apríl 1951 vann hann við flutninga á bifreið stefnda, V 93, ásamt öðrum starfsmönnum stefnda. Nokkru fyrir hádegið var bifreiðin hlaðin ýmsum vörum í vörugeymsluhúsi stefnda, Bjarmasteini. Stóð stefndi á palli bifreiðarinnar og veitti vörunum móttöku. Er hleðslunni var lokið, var stefnandi kyrr á pallinum, en bifreiðarstjórinn settist undir stýrið og ók bifreiðinni út úr húsinu. Þegar ekið var út úr húsinu, nam eitthvað af vörunum við bitann ofan við dyrnar og sópuðust þær aftur af bifreiðinni og tóku stefnanda með sér, og féll hann niður á gólfið í vörugeymsluhúsinu. Meiddist hann við fallið og var skömmu síðar fluttur heim til sín. Hvorki hann né aðrir, er þarna voru viðstaddir, héldu, að um alvarleg meiðsli væri að ræða. Lá hann síðan heima í 5 daga, en þar sem líðan hans batnaði ekki, var læknis vitjað hinn 29. apríl. Ákvað læknirinn, að hann skyldi fluttur á sjúkrahús til umönnunar og rannsóknar. Var hann svo fluttur á sjúkrahús Vestmannaeyja daginn eftir, þann 30. apríl. Samkvæmt læknisvottorði var þá hægri mjöðm og hægra hné mjög bólgið og marið, fóturinn lá „útróteraður", og gat slasaði sig lítt hreyft og ekki lyft fætinum beinum. Röntgenmynd sýndi brot á lærleggshálsi hægra megin (á collum nærri trochanter major og á ská niður í trochanter minor). Brotið var neglt saman með Smith-Petersens-nagla. Stefnandi hafðist vel við eftir aðgerðina, en skurðarsárið gréri seint og bólga sótti á hægra hné. Í nóvember-desember 1951 var hann í nuddi og rafmagni, en var síðan látinn hætta, þar eð hann þoldi þetta ekki vel. Hinn 10. marz 1952 var gerður prófskurður á hægra hné, en ekkert óeðlilegt fannst. Í júlí 1952 var stefnandi orðinn sæmilega gangfær, gekk hækjulaust og gat lyft beinum fæti í liggjandi stöðu. En um mánaðamótin júlí-ágúst versnaði honum

aftur. Hann fór af sjúkrahúsinu 28. ágúst 1952. Gekk hann þá við hækjur og kvartaði um verki framan í mjöðminni. Fóturinn sneri þá út á við og hafði stytzt um 1 cm. Hverfihreyfing í mjöðm var ákaflega lítil, um 10°. Bólga var í hægra hné og ummál þess um 1 cm meira en vinstra hnés. Sveigja í hnéliðnum um 25%.

Eftir að stefnandi fór af sjúkrahúsinu, hélt hann til Reykjavíkur og var þar undir læknishendi um skeið. En um lítinn bata var að ræða. Hinn 21. júlí 1953 framkvæmdi Bergþór Smári tryggingalæknir skoðun á stefnanda og lýsir ástandi hans í skýrslu, dagsettri 27. júlí 1953, á þessa leið:

„Slasaði gengur mikið haltur. Gengur við staf. Hálfs annars cm stytting mælist vera á hægri ganglim. Hægri mjaðmarliður er stífur og hægri hnéliður beygist aðeins ca. 30° frá fullri réttingu. Hægri mjöðm er allmiklu fyrirferðarmeiri en vinstri og slasaði heldur ganglimum sínum snúnum út á við. Hverfihreyfing inn á við engin. Engin mælanleg rýrnun er á hægri kálfa, en hægra læri er 6 cm rýrara en vinstra, 15 cm ofan efri brúnar hnéskeljar. Röntgenskoðun 21. júlí 1933 sýnir, að í hægri mjöðm liggur Smith-Petersens nagli fyrir neðan trochanter major og nær hann upp í lærleggshálsinn. Lærleggshöfuð og efri hluti hálsins er að mestu horfið og eytt, þannig að efri endi naglans nær inn í liðskálina og liggur rétt fyrir neðan efstu brún hennar. Liðbil sést ekki með vissu. Slasaði hefur þannig hlotið slæmt brot á hægri lærleggshálsi, er ekki hefur viljað gróa, og hefur lærleggshöfuð og hluti af hálsinum sennilega dáið af næringarskorti. Slasaði hefur litla hreyfingu í mjaðmar- og hnélið og má heita lítt fær til flestrar vinnu. Batahorfur eru taldar slæmar, en ekki er þó talið alveg útilokað, að eitthvað megi bæta ástand slasaða með skurðaðgerð, sem þó er tæplega talin tímabær enn sem komið er. Að þessu athuguðu þykir ekki rétt að meta endanlega örorku slasaða vegna slyssins 24. apríl 1951 að svo stöddu. Örorka hans telst hæfilega metin 75—80% p.t. Endurmat að ári liðnu."

Rúmu ári síðar framkvæmdi tryggingarlæknirinn nýja skoðun og mat á örorku stefnanda og segir svo í skýrslu læknisins, dagsettri 25. sept. 1954.

„Skoðun í dag er alveg óbreytt frá því, sem var við skoðunina 21. júlí 1953 ..... Hreyfing í mjaðmarlið er engin og lítil í hnélið. Má slasaði heita lítt fær til flestrar vinnu. Bata-

horfur eru ekki taldar neinar úr þessu, og þykir því tímabært að meta varanlega örorku slasaða af völdum nefnds slyss og þykir hún hæfilega metin: 75%."

Enn framkvæmdi tryggingarlæknir skoðun á stefnanda hinn 19. marz 1957. Segir svo í vottorði hans, dagsettu 20. marz 1957: „.... kom í örorkumat 25. sept. 1954. Skoðun í dag leiðir ekki neitt nýtt í ljós, og virðist mér ástand hans óbreytt frá því sem var þá. Finnst mér því rétt að láta örorkumat haldast óbreytt eða 75%."

Kristján G. Guðmundsson tryggingafræðingur hefur með líkindatölum reiknað út atvinnutjón stefnanda vegna örorkunnar. Leggur hann til grundvallar vinnutekjur hans á árinu 1950 og 1951 samkvæmt skattaframtölum hans, en árin á undan, 1948 og 1949, hafði stefnandi ekki talið fram, heldur voru tekjur hans áætlaðar af skattayfirvöldum. Samkvæmt framtali sínu 1950 var stefnandi óvinnufær í 3 mánuði þess árs og á árinu 1951 var hann að sjálfsögðu óvinnufær, er hann hafði orðið fyrir slysinu. Samanlagðar vinnutekjur hans á árunum 1950 og 1951 námu kr. 28.886.00, og var þeirra aflað samkvæmt því, sem fyrr segir, á 13 mánuðum. Umreiknað í grunnkaup svarar það til kr. 23.634.30 á ári, og er það tæpum 1500 kr. hærra en kaup Dagsbrúnarmanna (með orlofsfé) í 48 vikur á þeim tíma. Mismunurinn svarar til rúmlega 2 eftirvinnustunda á viku. Í kaupáætlun sinni miðar tryggingafræðingurinn við þessar árstekjur, og er það rökstutt með því, að hin síðari ár hafi verið algengt, að verkamenn ynnu 1 til 2 eftirvinnustundir á dag. Síðan bætir hann við grunnkaupið vísitöluuppbót eftir þeim reglum, sem beitt var á hverjum tíma um kaup verkamanna. Einnig bætti hann við grunnkaupshækkun, er samið var um 1953, og breytingar á greiðslu orlofsfjár 1952 og 1954, og varð þá kaupáætlun hans þannig:

1. ár eftir slysið	..... kr.	32.722.97
2. — — —	..... —	36.230.91
3. — — —	..... —	37.561.99
4. — — —	..... —	37.880.11
Síðan árlega	..... —	43.087.93

Miðað við 75% örorkumissi frá slysdegi reiknaðist honum örorkutapið nema kr. 401.933.00. Væri hins vegar miðað við 100% örorku fram á vor 1953, en til þess tíma taldi hann, að stefnandi hefði verið algerlega óvinnufær samkvæmt framlögðum gögnum,

bæri að hækka upphæðina um kr. 16.362.00, og yrði þá heildarvinnutjónið kr. 418.295.00.

Við útreikninginn var miðað við 4% ársvexti, dánarlíkur eftir reynslu um íslenzka karla á árunum 1921—1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Enginn frádráttur var gerður frá áætluðum vinnutekjum vegna opinberra gjalda.

Áætlun þessa taldi hann rétt að lækka um nokkra hundraðshluta vegna sennilegs atvinnuleysis í framtíðinni. Svo benti hann á, að stefnandi hefði þegar fengið kr. 5.375.40 í dagpeninga fyrir tímabilið frá 1. maí 1951 til 29. október 1951 og eftir það hefði hann fengið örorkulífeyri frá Tryggingarstofnun ríkisins. Verðmæti örorkulífeyrisins reiknaði hann út og taldi hann nema kr. 64.987.00, miðað við slysdag.

Stefnandi heldur því fram, að vegna mistaka og óaðgæzlu af hálfu bifreiðarstjórans og annarra starfsmanna stefnda hafi slysið átt sér stað. Af því leiði, að stefndi beri ábyrgð á því tjóni, sem slysið olli, og beri honum að greiða bætur, sem nemi hinni umstefndu fjárhæð.

Stefndi telur aftur á móti, að stefnandi megi að öllu leyti sjálfum sér um kenna, hvernig til tókst í umrætt sinn. Hann hafi sjálfur hlaðið vörunum á bifreiðina og stjórnað fermingunni og hafi ekki hlýðnast fyrirmælum verkstjórans, sem hafi sagt honum að láta minna á bifreiðina en gert var. Svo hafi og stefnandi setið á palli bifreiðarinnar í forboði bifreiðastjórans, er ekið var út úr húsinu og hann hafi kallað til bifreiðarstjórans og sagt, að allt væri í lagi, er bifreiðinni var ekið út um dyrnar. Síðan hafi stefnandi neitað að verða fluttur á sjúkrahús eftir slysið, en í stað þess látið flytja sig heim til sín og legið þar í 5 daga, án þess að láta sækja lækni. Með þessu framferði hefðu afleiðingar slyssins orðið meiri, því sennilega myndi hafa verið unnt að græða meiðsli hans fljótlega, ef læknis hefði verið vitjað strax. Loks telur stefndi, að krafa stefnanda sé fyrnd eða að minnsta kosti sé hún niðurfallin fyrir vangeymslu.

Réttarrannsókn út af slysinu var ekki framkvæmd strax á eftir að það hefði átt sér stað, enda mun hafa verið búizt við, að stefnandi myndi ná sér áður en langt liði. Leið svo á annað ár eða þar til síðari hluta septembermánaðar 1952, en þá voru fyrstu réttarskýrslur teknar. Síðan hafa allir þeir, sem viðstaddir voru, að einum undanskildum, er ekki hefur náðst til, gefið skýrslur fyrir

réttinum um tildrög slyssins. Verða vitnisburðir þeirra og skýrslur raktar hér á eftir.

Stefnandi skýrir svo frá, að um morguninn 24. apríl 1951 hafi hann ásamt fleirum starfsmönnum stefnda unnið við flutninga á vörum o. fl. Fóru þeir fyrst upp að Hábæ á bifreið stefnda, V 93, og síðan niður í Hraðfrystistöð og sóttu þangað mjólkurbrúsa, er þeir fluttu í mjólkurbúð stefnda. Að því loknu var ákveðið að fara niður í pakkhús stefnda, Bjarmastein, og taka þar vörur og flytja í búð stefnda á Njarðarstíg 4, sem er þar rétt hjá.

Er búið var að skila mjólkurbrúsunum, fór stefnandi í kaffi og sonur hans, Marinó Hafstein Andreasson, með honum. Að því loknu gengu þeir niður að Bjarmasteini. Var þá bifreiðin komin inn í pakkhúsið og þegar byrjað að hlaða hana. Við það unnu Sveinbjörn Guðlaugsson, verzlunarsstjóri í búð stefnda á Njarðarstíg 4, Gunnlaugur Sigurðsson í Hruna og Bjarni Hilmir Sigurðsson, sem var bifreiðarstjórinn. Auk þess var verkstjóri stefnda, Eiríkur Ögmundsson, nærstaddur. Stefnandi og sonur hans fóru þegar að vinna með þeim við hleðslu bifreiðarinnar. Að því er stefnanda minnti, beiddi Sveinbjörn Guðlaugsson hann að fara upp á pall bifreiðarinnar og taka við vörunum og raða þeim. Stefnandi kvaðst svo hafa farið upp á pallinn og tekið við og raðað vörunum, sem hinir réttu. Vann hann að þessu einn og kom enginn upp á pall bifreiðarinnar honum til aðstoðar. Sérstaklega tók hann fram, að bifreiðarstjórinn hefði ekki komið upp á pall bifreiðarinnar, eftir að hann var kominn þangað. Mikið kvað hann hafa verið látið á bifreiðina og voru það margs konar vörur, fiskpakkar og ýmsar léttar kassavörur. Gerði hann ráð fyrir, að eitthvað af vörunum hafi náð upp fyrir stýrishúsið. Engan heyrði hann minnast á, að bifreiðin væri ofhlaðin, hvorki Eiríks Ögmundsson né annan. Er búið var að hlaða bifreiðina, kvaðst hann hafa verið beðinn að vera áfram uppi á pallinum, til þess að styðja vörurnar, og hélt hann ábyggilega, að Sveinbjörn Guðlaugsson hefði beðið hann um þetta. Var stefnandi því kyrr uppi á pallinum. Bifreiðarstjórinn ók svo af stað og fór frekar hægt. En þegar bifreiðin fór yfir þröskuldinn, nam vöruhlaðinn við bitann ofan við dyrnar. Sópuðust þá vörurnar, sem efstar voru, niður af bifreiðinni og hrundu stefnanda með sér niður af pallinum og niður á gólfið. Ekki varð hann þess var, að neitt af vörunum félli ofan á hann. Hann kveðst ekki hafa fundið mikið til, er hann kom niður, en ekki gat hann risið upp af sjálfsdáðun. Var honum hjálpað til að standa upp og setjast á ölkassa inni í pakkhúsinu. Að því er hann

minnti, voru það sonur hans og Sveinbjörn Guðlaugsson, er hjálpuðu honum. Síðan ók bifreiðin burtu og fóru samstarfsmenn hans með honum, en hann varð einn eftir. Skömmu eftir að þeir fóru kom maður inn í pakkhúsið til þess að sækja ölkassa. Ætlaði þá stefnandi að standa upp, en við áreynsluna lá við að liði yfir hann og tók þá maðurinn í hann og studdi hann. Að því er hann hélt, missti hann meðvitund allra snöggvast. Síðan kom bifreiðarstjórinn aftur og Marinó sonur hans og Gunnlaugur Sigurðsson í Hruna. Ekki minntist hann þess, að neinn hefði haft á orði, að bezt væri að hann yrði fluttur á sjúkrahús, en sjálfur kvaðst hann hafa sagt við bifreiðarstjórann og son sinn: „Ætli sé ekki bezt, að ég fari heim.“ Eftir þetta ók bifreiðarstjórinn honum heim til sín og fór sonur stefnanda með þeim og bar hann upp á herbergi hans.

Sonur stefnanda, Marinó Hafsteinn Andreasson, kvaðst hafa verið viðstaddur, er faðir hans slasaðist. Vann hann einnig við að hlaða bifreiðina. Sagði hann, að faðir sinn hefði staðið einn á palli bifreiðarinnar og veitt vörunum móttöku, sem hinir réttu. Taldi hann, að Sveinbjörn Guðlaugsson muni hafa stjórnað fermingunni, enda hafi vörurnar átt að fara í búðina, sem hann veitti forstöðu. Ekki kvaðst hann hafa tekið eftir Eiríki Ögmundssyni, meðan verið var að hlaða bifreiðina, og kvaðst telja útilokað, að Eiríkur hefði skipt sér nokkuð af hleðslunni. Þó kunni að vera, að Eiríkur hafi verið staddur einhvers staðar í húsinu, þótt hann veitti honum ekki athygli. Hann sagði, að mikið af varningi hafi verið látið á bifreiðina, þannið að hleðslan náði upp fyrir stýrishúsið. Að því er hann minnti, voru þetta saltfiskpakkar, kartöflupokar, pappakassar og aðrir léttir kassar. Var þyngri varningurinn undir, en sá léttari ofan á. Er búið var að hlaða bifreiðina, kvað hann föður sinn hafa verið beðinn að vera kyrran uppi á palli bifreiðarinnar og styðja við vörurnar, svo að þær dyttu ekki niður, er ekið væri út úr húsinu. Kvað hann sig minna, að Sveinbjörn Guðlaugsson hafi beðið stefnanda að gera þetta, en þó þorði hann ekki að fullyrða það. Hitt kvaðst hann muna fyrir víst, að einhver beiddi stefnanda að vera uppi á pallinum og styðja vörurnar. Í þessu sambandi tók hann fram, að jafnan hafi verið venja, er vörur voru fluttar úr pakkhúinu til verzlana stefnda, að einhver þeirra, er þar unnu, hafi staðið uppi á bifreiðinni til þess að styðja vörurnar, er ekið var burtu, og hafi yfirleitt aldrei verið vikið frá þessu. Stefnandi hafi svo verið kyrr uppi og stóð aftast á pallinum og studdi við varninginn, er bifreiðinni var ekið af stað. Var bif-

reiðinni ekið gætilega, ekki hratt og ekki mjög hægt heldur. Er stýrishúsið var komið út úr dyrunum, nam farangurinn við bitann ofan við hurðina og sópaðist þá ofan af hleðslunni niður á gólfið og tók stefnanda með sér. Féll hann niður á gólfið í pakkhúsinu og saltfiskpakki ofan á hann, en ekki taldi hann, að pakkinn hefði gert honum neitt mein. Kvaðst hann þá hafa gengið til föður síns og lyft honum upp með aðstoð Sveinbjarnar Guðlaugssonar og látið hann setjast á kassa, sem var þarna inni í pakkhúsinu. Gerðu þeir ráð fyrir, að meiðsli hans væru ekki alvarleg og skildu hann eftir og fóru burt með bifreiðinni. Eftir um hálftíma komu þeir aftur og var þá stefnandi bleikur í andliti og sjúklegur og sagði þeim, að liðið hefði yfir sig, eftir að þeir fóru. Báru þeir hann þá út í bifreiðina og var honum svo ekið heim til sín. Engan heyrði hann hafa á orði, hvorki Eiríks Ögmundsson né annan, að réttast væri, að stefnandi yrði fluttur á sjúkrahús.

Eiríkur Ögmundsson, pakkhúsmaður og verkstjóri hjá stefnda, kvaðst hafa verið nærstaddur, en ekki áhorfandi að slysinu. Sá hann, að bifreiðin var hlaðin inni í pakkhúsinu, og stóð stefnandi á pallinum og tók við vörunum og raðaði þeim. Meðan á hleðslu stóð, kvaðst hann hafa gengið fram hjá bifreiðinni og sagt: „Látið ekki meira á bifreiðina," og kvaðst hann viss um, að bæði stefnandi og Sveinbjörn Guðlaugsson heyrðu þessi orð hans. Síðan gekk hann burtu til þess að afgreiða aðra, er komnir voru í pakkhúsið, og fylgdist eftir það lítið með bifreiðinni eða hleðslu hennar, en þó kvaðst hann viss um, að mikið af vörum var látið á bifreiðina, eftir að hann sagði ofangreind orð. Svo leið dálítill tími, en þá heyrði hann skruðning og er hann leit við, sá hann stefnanda liggjandi á gólfinu innan um hrúgu af varningi, sem fallið hafði niður af bifreiðinni, er hún ók gegnum dyrnar. Var stefnandi reistur upp og studdur að kassa og látinn setjast þar. Síðan kvaðst hann hafa fylgzt með bifreiðinni austur að Njarðarstíg 4 ásamt öðrum, sem þarna voru, nema stefnandi varð einn eftir. Er þeir komu aftur í pakkhúsið, leið stefnanda sjáanlega illa, og kvaðst hann þá hafa lagt til, að stefnandi yrði fluttur á sjúkrahús. En stefnandi hafi viljað fara heim til sín og var hann fluttur þangað. Eiríkur kvaðst gera ráð fyrir, að Sveinbjörn Guðlaugsson hafi stjórnað hleðslunni á bifreiðinni, frekar en það hafi verið stefnandi sjálfur. Sjálfur kvaðst hann ekki hafa stjórnað hleðslunni og ekki ætlað sér að gera það. Ekki kvaðst hann vita, hvort stefnandi hefði verið beðinn að vera uppi á pallinum og styðja við vörurnar.

Sveinbjörn Guðlaugsson kvaðst telja, að hann hefði stjórnað hleðslu bifreiðarinnar í umrætt sinn, enda hafi vörurnar átt að fara í búðina, er hann veitti forstöðu. Tók hann fram, að bifreiðin hefði ekki verið hlaðin meira en venjulegt var, að hans áliti. Hins vegar kvað hann hafa verið vandkvæðum bundið að sjá fyrir, hvort hleðslan myndi sleppa út um dyrnar, því að svo hagi til í pakkhúsinu, að gólfið sé lægra en þröskuldurinn og jarðvegurinn fyrir utan. Atvikum að slysinu lýsir hann á líkan veg og stefnandi og sonur hans. Hafi stefnandi staðið á palli bifreiðarinnar, er hleðsla fór fram, og fór ekki niður, er hleðslu var lokið og bifreiðin ók út úr húsinu. Hafi bifreiðinni verið ekið hægt af stað, en eitthvert stykkið í hleðslunni var of hátt fyrir dyrnar og nam við karminn fyrir ofan þær. Sópaðist þá ofan af farangrinum og niður gólfið og tók stefnanda með sér. Stefnandi kallaði upp um leið og hann féll og nam þá bifreiðin strax staðar. Kvaðst hann hafa gengið til stefnanda ásamt syni hans og hafi þeir stutt hann að ölkassa, sem var þar inni og látið hann setjast. Ekki kvað hann sér hafa dottið í hug, að stefnandi væri mikið meiddur. Síðan kvaðst hann hafa farið burtu með bifreiðinni og fylgdust allir með, nema stefnandi, er varð einn eftir. Eftir þetta sá hann stefnanda ekki meira þann daginn, enda fór hann ekki aftur í pakkhúsið. Síðan frétti hann, að meiðsli stefnanda hefðu reynzt meiri en þeir hugðu í upphafi. Sveinbjörn kvaðst ekki minnast þess, að hann eða aðrir hafi beðið stefnanda að vera uppi á pallinum og styðja vörurnar, er bifreiðinni væri ekið út úr húsinu. Sagði hann, að yfirleitt hefði ekki verið venjulegt, er slíkir vöruflutningar áttu sér stað, að maður hefði verið látinn vera uppi á pallinum í þessu skyni, en oft hafi maður verið þar uppi, en í mörgum tilfellum var það einungis vegna þess, að viðkomandi þótti ekki taka því að fara niður af bifreiðinni, þar sem hann þurfti að rétta niður varninginn, er á ákvörðunarstað var komið. Hann kvaðst ekki muna eftir Eiríki Ögmundssyni í pakkhúsinu í umrætt sinn, og því síður minntist hann þess, að Eiríkur hefði komið að, meðan þeir voru að hlaða bifreiðina og sagt þeim að láta ekki meira á hana. Í því sambandi tók hann fram, að í mörg ár hefðu þeir unnið saman, og minntist hann þess ekki, að í nokkurt skipti hafi Eiríkur skipt sér af hleðslu á bifreiðum.

Bifreiðarstjórinn Bjarni Hilmar Sigurðsson kvaðst um þessar mundir hafa unnið hjá stefnda og ekið bifreiðinni V 93. Bifreið þessi er Chevrolet vörubifreið af venjulegri gerð og var í góðu lagi, að hans sögn. Henni var ekið inn í pakkhúsið í umrætt sinn

og var hún hlaðin þar. Hann treysti sér ekki til að segja um, hver hefði stjórnað hleðslunni, en tók fram, að Eiríkur Ögmundsson hafi verið yfirmaður í pakkhúsinu og sagt til um, hvað láta skyldi á bifreiðina. Hvort Eiríkur hafi fylgzt með hleðslunni kvaðst hann ekki muna og eins minntist hann þess ekki, að Eiríkur hafi, meðan á hleðslu stóð, sagt þeim að láta ekki meira á bifreiðina. Ekki vildi hann þó fortaka, að Eiríkur kunni að hafa látið slík orð falla, en hafi svo verið, taldi hann ósennilegt, að hleðslu hefði verið haldið áfram, því að jafnan var venja að hlýða fyrirmælum hans. Hann kvaðst halda, að hann hefði sjálfur staðið á palli bifreiðarinnar og veitt vörunum móttöku, og einhver annar var einnig á pallinum honum til aðstoðar, en hvort það var stefnandi eða einhver annar kvaðst hann ekki muna. Mikið kvað hann hafa verið látið á bifreiðina, svo að á henni var háfermi, sem náði eitthvað upp fyrir stýrishúsið, en aðallega hafi þetta verið léttur varningur. Þegar búið var að hlaða bifreiðina, þurfti að færa hana fram í dyrnar, til þess að láta á hana hálftunnu af skyri, er þar stóð. Fór hann þá niður af palli bifreiðarinnar og kvað sig minna ábyggilega, að hinn maðurinn hefði gert það einnig. Settist hann svo undir stýrið og ók fram í dyrnar og nam þar staðar. Hagaði þá svo til, að stýrishúsið var í sjálfum dyrunum og því ekki unnt að opna dyrnar vinstra megin eða þeim megin, sem hann sat. Skyrtunnan var svo látin á bifreiðina og tók það skamman tíma, en að því loknu var kallað til hans og sagt, að allt væri í lagi. Ekki vissi hann, hver það var, sem kallaði, en hélt, að það hefði verið Eiríkur Ögmundsson. Ekki kveðst hann hafa vitað af stefnanda upp á palli bifreiðarinnar og hélt, að enginn væri þar uppi, enda hafði hann ekki aðstöðu til að fylgjast með því. Ók hann svo út um dyrnar og fór mjög hægt á 1. gír, enda er þröskuldurinn nokkuð hærri en gólfið. Ekki minntist hann þess, hvort hann hafi orðið var við, að eitthvað hrundi af bifreiðinni, er hann ók í gegn um dyrnar, en taldi það þó sennilegt. En þegar út kom, nam hann staðar og fór út úr bifreiðinni, og sá þá stefnanda liggja á gólfinu í pakkhúsinu, og voru einhverjir að stumra yfir honum. Vissi hann þá fyrst, að stefnandi hafði verið uppi á palli bifreiðarinnar. Kvað hann stefnanda hafa kvartað yfir verk í fæti, og hafi þeir Eiríkur Ögmundssson og Sveinbjörn Guðlaugsson viljað flytja hann á sjúkrahús, en það hafi stefnandi ekki viljað og talið, að meiðsli sín væru lítil. Síðen kveðst hann hafa ekið bifreiðinni að verzluninni á Njarðarstíg 4 og var hún þar losuð og síðan ekið aftur að pakkhúsinu.

Vildi stefnandi þá fara heim til sín og var hann fluttur þangað. — Bifreiðarstjórinn kvaðst ekki treysta sér til að segja neitt um, hvort venja hafi verið að maður stæði uppi á palli bifreiðarinnar, er vörur voru fluttar úr pakkhúsinu út í búðir í bænum.

Eins og framanritaðar skýrslur bera með sér, eru upplýsingar þeirra, er viðstaddir voru slysið, ekki eins glöggar og æskilegt væri og nokkurs ósamræmis gætir í framburðunum um veigamikil atriði. Má gera ráð fyrir, að þetta stafi að mestu leyti af því, að langt var um liðið frá atburðurinn gerðist og þar til réttarskýslurnar voru teknar. Allir eru sammála um, að bifreiðin var mikið hlaðin og slysið vildi til með þeim hætti, að efsti hluti farmsins nam við bitann ofan við dyrnar, er bifreiðinni var ekið út úr pakkhúsinu. Stefnandi vann sjálfur við hleðslu bifreiðarinnar, en upplýst má telja, að hann vann undir stjórn annars, bæði Sveinbjarnar Guðlaugssonar verzlunarstjóra svo og bifreiðarstjórans, er skylt var að fylgjast með hleðslunni. Ósannað er, að stefnandi hafi verið beinlínis lagt fyrir að hafast við áfram uppi á palli bifreiðarinnar til þess að styðja við vörurnar, er ekið var út úr húsinu, en ljóst er, að yfirmenn hans gerðu engar athugasemdir út af veru hans þar, enda má telja upplýst, að algengt var, þegar slíkir vöruflutningar áttu sér stað, að einhver starfsmanna stefnda var uppi á pallinum og að því er virðist ýmist í því skyni að styðja við farangurinn eða þá til að vera til taks, er afferming færi fram.

Af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, virðist mega ráða, að allmikið hafi skort á, að fullrar varúðar hafi verið gætt og unnt hefði verið að afstýra slysinu, ef tilhlýðileg aðgæzla hefði verið viðhöfð. Bifreiðin var ofhlaðin og hvorki bifreiðarstjórinn né aðrir vöktu athygli stefnanda á, að varhugavert væri að hafast við uppi á palli hennar. Þá virðist og svo sem bifreiðarstjóranum hafi verið unnt að fylgjast með því, hvort farmurinn næmi við dyrabitann, er hann ók í gegn um dyrnar, en þetta gerir hann ekki, — og var honum þó kunnugt um, að háfermi var á bifreiðinni, — heldur ekur hann viðstöðulaust, en raunar á hægri ferð, út úr húsinu og nemur fyrst staðar, er komið var út á götuna eða svæðið framan við húsið. Með þessum mistökum hefur bifreiðarstjórinn orðið valdur að slysinu og bakað stefnanda ábyrgð á tjóninu, er af því hefur hlotizt. Að öðrum þræði átti stefndi sjálfur sök að slysinu, þar sem hann raðaði vörunum á bifreiðina og mátti sjá fyrir, að varhugavert var að hafast við uppi á pall-

inum. Þykir eftir atvikum rétt, að stefnandi beri tjón sitt að ⅓ hluta, en stefndi greiði bætur fyrir tjónið að ⅔ hlutum.

Stefndi hefur, eins og fyrr segir, haldið því fram og lagt á það mikla áherzlu, að stefnandi hafi með hátterni sínu valdið því, að afleiðingar slyssins hafi orðið miklu meiri og alvarlegri en efni hafi staðið til, þar eð hann hafi neitað að láta flytja sig á sjúkrahús eftir slysið og hann hafi ekki látið sækja lækni fyrr en á 5. degi eftir slysið. Framangreindar skýrslur sýna ekki fram á, að þessar staðhæfingar séu réttar. Í skjölum málsins liggur hins vegar eftirrit af tilkynningu um slysið, undirrituð af stefnda, og segir þar, að læknis hafi verið vitjað um 2 tímum eftir slysið. Meira máli skiptir, að fyrir liggur umsögn læknis, sem segir, að ekki sé ástæða til að ætla, að stefnandi hafi beðið tjón af, þótt dregizt hafi, að hann kæmist til aðgerðar — og á hann þar við, er brotið var neglt saman —, því svona aðgerðir séu oftast gerðar eftir nokkra daga frá slysinu. Þessar varnarástæður stefnda virðast því ekki eiga við rök að styðjast.

Bótakrafan, sem hér liggur fyrir, fyrnist á 10 árum samkvæmt 4. gr. 2. tölulið fyrningarlaga. Krafan var því ekki fyrnd, er málið var höfðað. Ekki hafa heldur verið leidd að því rök, að krafan væri niðurfallin fyrir vangeymslu. Sýknukröfur stefnda, sem eru byggðar á þessum ástæðum, verða því ekki heldur teknar til greina.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi á þessa leið:

1.	Örorkutjón	kr. 418.295.00		
	Þar frá dregst:			
	Greiddir dagpeningar	— 5.375.40		
	Kapitaliseraðar örorkubætur..	— 64.987.00		
	Bætur frá Samvinnutryggingum	— 30.000.00	kr.	317.932.60
2.	Bætur fyrir sársauka, vanlíðan og lýti		—	40.000.00
3.	Kröfur bæjarstjórnar Vestannaeyjabæjar		—	20.180.90
4.	Fyrir vottorð o. fl.		—	400.00
			Samtals kr.	378.513.50

Um 1. Örorkutjón, kr. 317.932.60.

Krafa þessi er byggð á útreikningum Kr. G. Guðmundssonar tryggingafræðings og álitsgerð hans, sem hér að framan er rakin. Auk þeirra gagna um tekjur stefnanda, sem útreikningurinn er byggður á, liggur fyrir vottorð frá bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum, dagsett 21. október 1952, þar sem upplýst er, að stefnandi skuldi þá bæjarstjóranum tugi þúsunda í framfærslustyrki og árin

1949—1951 hafi niðurjöfnunarnefnd áætlað honum tekjur, vegna þess að hann taldi ekki fram, og var áætlunin á þessa leið:

Árið 1949 er lagt á kr. 10.000.00
— 1950 — — - — 25.000.00
— 1951 — — - — 18.600.00

Upplýsingar þessar benda til, að við útreikninginn á örorkutjóninu hafi tekjur stefnanda verið áætlaðar öllu hærri en efni stóðu til. Með tilliti til þessa og þegar frá eru dregnir greiddir dagpeningar, kapitaliseraðar örorkubætur og bætur frá Samvinnutryggingum samkvæmt ofanrituðu og þess jafnframt gætt, að vextir eru nú almennt hærri en 4% og örorkubætur eru útsvars- og skattfrjálsar svo og annars, er hér verður talið skipta máli, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega áætlaðar kr. 180.000.00.

Um 2. Bætur fyrir sársauka, vanlíðan og lýti, kr. 40.000.00.

Þegar tillit er tekið til þess, sem hér að framan segir um meiðsli stefnanda og afleiðingar þeirra, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 30.000.00.

Um 3. Kröfur bæjarstjórnar Vestmannaeyja, kr. 20.180.90.

Krafa þessi er sundurliðuð þannig:

1. Legukostnaður á sjúkrahúsi Vestmannaeyja frá 30/4 1951 til 28/8 1952, röntgenmyndir og lyf ÷ greitt af Slysatryggingu ríkisins	kr. 6.670.00	kr.	14.587.30
2. Ferðakostnaður til að leita læknishjálpar í Reykjavík		—	1.200.00
3. Greitt Helga Benediktssyni fyrir fatnað o. fl.		—	3.478.60
4. Skuld við Einar Guttormsson lækni		—	915.00
		Samtals kr.	20.180.90

Kröfur þessar hefur bæjarsjóður Vestmannaeyja framselt stefnanda og Einar Guttormsson læknir hefur ritað á framsalið samþykki sitt.

Kröfur þessar hafa sætt andmælum af hálfu stefnda. Kröfuliðir nr. 1 og 2 virðast vera fyllilega réttmætir og sama er að segja um lið nr. 4. Öðru máli er að gegna um kröfulið nr. 3. Hann virðist ekki geta talizt til kostnaðar, er var eðlileg afleiðing af slysinu.

Verður hann því ekki tekin til greina. Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið lækkar því niður í kr. 16.702.30.

Um 4. Fyrir vottorð, kr. 400.00.

Hér er um að ræða greiðslu til Kr. G. Guðmundssonar tryggingafræðings fyrir útreikning á orkutjóni, og liggur fyrir kvittaður reikningur. Krafa þessi er réttmæt, en virðist tilheyra málskostnaði og verður tekið tillit til hennar, er málskostnaður verður ákveðinn.

Samkvæmt ofanrituðu verða teknar til greina af kröfum stefnanda kr. 180.000.00, kr. 30.000.00 og kr. 16.702.30 eða alls kr. 226.702.30. Af fjárhæð þessari verður stefndi dæmdur til að greiða ⅔ hluta eða kr. 151.134.86 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. október 1951 til greiðsludags, þar eð vextir lengra aftur í tímann eru fyrndir.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 12.000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Andreas Ansgar Joensen, kr. 151.134.86 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. október 1951 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. apríl 1958.

Nr. 40/1958. **Páll Þorgeirsson**
og
dánarbú Sverris Sigurðssonar
gegn
Halldóri Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. marz þ. á., sem hingað barst 19. s. m., hafa sóknaraðiljar kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms bæjarþings Kópavogs 6. marz þ. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja og Gísla Hannessyni. Krefjast sóknaraðiljar málskostnaðar í héraði úr hendi varnaraðilja og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Eftir atvikum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðiljum málskostnað í héraði, kr. 1000.00. Þá ber og að dæma hann til að greiða þeim kærumálskostnað, er ákveðst kr. 400.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, Halldór Guðmundsson, greiði sóknaraðiljum, Páli Þorgeirssyni og dánarbúi Sverris Sigurðssonar, kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og kr. 400.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 6. marz 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 11. febrúar 1957 af Halldóri Guðmundssyni trésmið, Kirkjuvegi 5, Keflavík, gegn Páli Þorgeirssyni, Flókagötu 66 í Reykjavík, Gísla Hannessyni, Laugarásvegi 53 í Reykjavík, og Emilíu Sigurðardóttur f. h. dánarbús Sverris Sigurðssonar, Bergi við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Dómkröfur

stefnanda eru þær, að viðurkenndur verði leiguréttur hans að 10000 fermetra landsspildu nr. 110 úr landi jarðarinnar Vatnsenda og að stefndu verði gert að greiða honum in solidum málskostnað að skaðlausu.

Stefndu krefjast öll algerrar sýknu af kröfu stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður með hliðsjón af, að þeim er stefnt í annað lögsagnarumdæmi.

Með dómi sama dóms, uppkveðnum 2. janúar s.l., var máli þessu vísað frá dómi ex officio, en niðurstaðan var kærð til Hæstaréttar, sem með dómi uppkveðnum 3. f. m. felldi úr gildi héraðsdóminn og lagði fyrir héraðsdómarann að taka málið fyrir af nýju og leggja dóm á það.

Málavextir eru þeir, að með leigusamningi, dagsettum 15. nóvember 1942, leigir Lárus Hjaltested, ábúandi og umráðamaður jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi (nú Kópavogskaupstað), þeim Páli Þorgeirssyni, Gísla Hannessyni og Sverri Sigurðssyni, Reykjavík, 10000 fermetra spildu úr landi jarðarinnar Vatnsenda til 50 ára. Leiguskilmálar voru m. a. þessir: Leigan er kr. 225.00 á ári og greiðist 1. apríl ár hvert. Landeigandi hefur forkaups- og leigurétt að mannvirkjum á landinu, en falli hann frá þeim rétti, má leigutaki selja eða leigja landið öðrum með sömu réttindum og um getur í samningnum. Þurfi landeigandi einhverra orsaka vegna að nota landið sjálfur, er honum heimilt að segja upp leigusamningnum með 1 árs fyrirvara, en skyldur er hann þá að kaupa hús og önnur mannvirki eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður tilnefnir.

Einn leigutakanna, Sverrir Sigurðsson, er látinn, en samkvæmt vottorði ekkju hans, Emilíu Sigurðardóttur, á rskj. nr. 15, lét hann á árinu 1945 samrétthöfum sínum eftir sinn hluta leiguréttarins, þannig, að frá þeim tíma höfðu stefndu Páll og Gísli réttinn einir. Samkvæmt skýrslu stefnda Gísla Hannessonar var landinu fyrst skipt í 3 hluta, en eftir að Sverrir gekk út úr samningnum, kveður hann þá Pál hafa skipt því í tvennt. Engin merki voru þó gerð og engin teikning af þeim skiptum fyrirfinnst. Bæði Páll og Gísli byggðu sumarbústaði á landinu. Páll seldi sinn sumarbústað 5. júlí 1947 ásamt leiguréttindum að 5000 fermetrum úr landsspildu nr. 110 úr Vatnsendalandi og er í afsali vitnað til leigusamningsins frá 15. nóvember 1942 og nöfn leigutaka nefnd (dskj. nr. 16). Kaupandi var Eyjólfur Guðmundsson, þá til heimilis að Bergstaðastræti 32 í Reykjavík, en nú til heimilis að Akurgerði 36 í Reykjavík. Hinn 20. apríl 1953 selur Eyjólfur Guðmundsson Birni

Jóhannessyni, Barónsstíg 53 í Reykjavík, sumarbústað sinn í Vatnsendalandi nr. 110 „ásamt leiguréttindum á landi því, er sumarbústaðurinn stendur á, samkvæmt leigusamningi við og yfirlýsingu frá landeiganda, Lárusi Hjaltested, bónda að Vatnsendalandi. Sumarbústaðurinn er seldur í því ástandi, sem hann nú er í, og hefur kaupandi kynnt sér það. Á eign þessari er engin kvöð önnur en um ræðir í landsleigusamningi, enda svarar seljandi til vanheimilar ...“ (dskj. nr. 5). Yfirlýsing sú frá landsdrottni, sem afsalið vísar til, er svohljóðandi: „Eftir beiðni lýsi ég því hér með yfir, að Eyjólfur Guðmundsson á land nr. 110 hér í Vatnsenda, stærð 1 ha. og er melbungan í landinu tilheyrandi landinu. Vatnsenda 18/4 1953. L. Hjeltested“. Hinn 11. september 1954 selur Björn Jóhannesson síðan stefnanda máls þessa sumarbústað sinn í Vatnsendalandi nr. 110 „ásamt leiguréttindum á landi því, sem sumarbústaðurinn stendur á, samkvæmt leigusamningi við og yfirlýsingu frá Lárusi Hjaltested bónda að Vatnsendalandi.“ Stefndi Gísli Hannesson byggði einnig sumarbústað á landinu, en flutti hann burt árið 1951 með leyfi landsdrottins. Hann telur eigi hafa verið sett önnur skilyrði fyrir brottflutningnum en að skemmdir yrðu bættar, sem yrðu af brottflutningi bústaðarins á vegum o. þ. h. Upplýst er, að Gísli greiddi landsleigu að sínum hluta allan tímann, sem sumarbústaður hans stóð á landinu, og einnig fyrir árin 1951 og 1952, en ekki síðan. Gísli kveðst hafa ætlað að greiða Eyjólfi sinn hluta leigunnar fyrir árið 1953, en þá hafi Eyjólfur verið búinn að selja. Þetta er staðfest af Eyjólfi. Stefndi Gísli kveðst ekki hafa greitt leigu síðan, þar sem hann hafi ekki getað átt neinar viðræður við samrétthafa sinn að landinu. Býður hann í greinargerð fram greiðslu allrar áfallinnar leigu ásamt vöxtum.

Samkvæmt aðiljaskýrslu stefnanda kveðst hann hafa talið landið 10000 fermetra, er hann keypti landið samkvæmt afsalinu frá Eyjólfi á dskj. nr. 5 og yfirlýsingu Lárusar Hjaltesteds á dskj. nr. 4. Hann kveðst ekki mundu hafa keypt bústaðinn, ef ekki hefði fylgt honum þessi landsstærð, þ. á. m. melbungan. Hann segir Lárus Hjaltested hafa mælt út fyrir sig landið og melbungan verið þá innan marka.

Er stefnandi vildi selja vorið 1955, kveðst hann hafa farið til Lárusar Hjaltesteds til að sjá lóðarsamning, en Lárus þá sagt, að eftir að hann hefði athugað sín skjöl, hefði komið í ljós, að lóðarsamningur væri til fyrir þessu landi, útgefinn til Páls Þorgeirssonar, Gísla Hannessonar og Sverris Sigurðssonar.

Engu hefur verið þinglýst varðandi Vatnsendaland nr. 110.

Stefndi Gísli Hannesson kveðst hafa orðið þess var vorið 1955, að búið væri að girða allt landið og hafi hann því talað um þetta við Lárus Hjaltested, sem hafi lofað að kippa þessu í lag.

Í greinargerð af hálfu stefnanda er því haldið fram, að eigi sé hann bundinn við samning um, að aðeins helmingur landsins fylgi sumarbústaðnum og eigi heldur landeigandi, þar sem óheimilt sé að skipta slíkum leigulöndum. Í munnlegum málflutningi var því haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hefði öðlazt rétt til alls landsins fyrir traustfang.

Af hálfu stefndu Páls Þorgeirssonar og Emilíu Sigurðardóttur vegna dánarbús Sverris Sigurðssonar er því haldið fram, að málið sé þeim með öllu óviðkomandi. Páll hafi aðeins afsalað sínum hluta leiguréttindanna, þ. e. helmingi, en Sverrir hafi áður verið búinn að afsala sínum hluta til samrétthafa sinna. Þá var því haldið fram við flutning málsins, að ekki sé í leigusamningi neitt bann við skiptingu leiguréttindanna, sem raunar hafi aldrei farið fram, meðan þau voru rétthafar, heldur hafi réttindi til landsins verið óskipt sameign, fyrst þeirra þriggja, en síðan tveggja.

Af hálfu stefnda Gísla er því haldið fram, að hann hafi aldrei afsalað sér þeim réttindum, sem hann öðlaðist með leigusamningnum upphaflega og réttindaafsali Sverris heitins, samningnum hafi aldrei verið sagt upp og hann aldrei aðhafzt neitt, sem riftun samningsins geti valdið. Hann sé því rétthafi að hálfu landinu.

Eigi verður fallizt á þá skoðun stefnanda, að hann geti öðlazt rétt til alls landsins vegna sé þess að óheimilt sé að skipta því. Engin skipti hafa farið fram á landi þessu og með afsali Páls Þorgeirssonar til Eyjólfs Guðmundssonar er eigi afsalað öðrum rétti til lands en hlutdeild afsalsgjafa í hinni óskiptu sameign að leiguréttindunum. Þótt formleg skipti á landinu hefði farið fram án samþykkis landsdrottins, myndi heimildarleysi til skipta eigi heldur auka rétt afsalshafa, sem byggði rétt sinn á rétti eins samrétthafa.

Kemur þá til athugunar, hvort kröfur stefnanda verði byggðar á traustfangsreglunni.

Enda þótt vottorð landsdrottins á dskj. nr. 4 verði að telja til þess fallið að vekja traust stefnanda og fyrirrennara hans á, að hver afsalsgjafi nyti þess réttar, er hann vildi afsala, verður þó eigi talið, að réttur stefnda Gísla Hannessonar til marggreindrar fasteignar verði án samþykkis hans af honum tekinn nema til

komi lögmæt uppsögn leigusamningsins eða með öðrum leigusamningi eða afsali frá landsdrottni, er þinglýst hefði verið til handa afsalshafa í góðri trú á undan leigusamningnum á dskj. nr. 17. Krafa stefnanda til hluta stefnda Gísla Hannessonar að rétti til marggreinds lands þykir eigi verða byggð á reglum íslenzks réttar um traustfang.

Upplýst þykir, að stefnandi hafi með afsali til hans öðlazt allan þann rétt, sem stefndi Páll Þorgeirsson átti til landsins samkvæmt upphaflega leigusamningnum og réttindaafsali Sverris Sigurðssonar að hálfu. Hinn helming réttinda Sverris Sigurðssonar hefur stefndi Gísli Hannesson eignazt.

Samkvæmt því, er hér hefur verið rakið, þykir bera að sýkna öll hin stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Páll Þorgeirsson, Emilía Sigurðardóttir f. h. dánarbús Sverris Sigurðssonar og Gísil Hannesson, skulu sýkn af kröfum stefnanda, Halldórs Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 21. apríl 1958.

Nr. 45/1958. **Sumarliði Betúelsson**
gegn
Skúla Benediktssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vanreifun máls. Frávísun frá héraðsdómi. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 21. f. m., sem hingað barst 31. s. m., hefur sóknaraðili kært frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur 18. s. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst hann þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 300.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sumarliði Betúelsson, greiði varnaraðilja, Skúla Benediktssyni, kr. 300.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. marz 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f. m., hefur Sumarliði Betúelsson, Grundarstíg 15B, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. október 1957 gegn Skúla Benediktssyni, Langholtsvegi 133, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 12.600.00 með 7% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 27. september 1957, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Stefnandi hefur lagt fram til stuðnings kröfu sinni svohljóðandi skuldarviðurkenningu:

„Ég undirritaður viðurkenni, að ég er skuldugur Sumarliða Betúelssyni, Grundarstíg 13B, Reykjavík, fyrir húsaleigu og heitavatn, síðan ég leigði hjá honum á Grundarstíg 15B, kr. 12650.00. Ég skuldbind mig til að greiða þessa skuld á þeim gjalddaga, er við komum okkur saman um.

Skúli Benediktsson."

Í sáttakærunni segir svo:

„Hinn 24. apríl s.l. sendi Páll S. Pálsson hrl. svohljóðandi bréf til Skúla Benediktssonar, Óðinsgötu 11, Reykjavík. „Hr. Sumarliði Betúelsson, Grundarstíg 15B í Reykjavík, hefur afhent mér skuldarviðurkenningu frá yður fyrir kr. 12.650.00 og falið mér jafnframt að semja við yður um greiðslu skuldarinnar.

Óska ég þess, að þér komið til viðræðu um málið fyrir næstkomandi mánaðamót. Ekkert svar hefur borizt við bréfi þessu. Lít ég þannig á, að skuld þessi sé eindöguð, og get ég ekki lengur látið þar við sitja."

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á skuldaryfirlýsingunni og telur skuldina eindagaða samkvæmt framansögðu.

Stefndi skýrir þannig frá málavöxtum, að hann hafi tekið íbúð á leigu í húsi stefnanda í septembermánuði 1953 og hafi hann greitt kr. 900.00 á mánuði í húsaleigu á tímabilinu frá því að hann tók við íbúðinni og til aprílloka 1955 eða samtals kr. 17.550.00, en síðustu 13 mánuði kveðst hann enga húsaleigu hafa greitt. Þá kveðst hann hafa greitt hitakostnað fyrir íbúðina til ágústloka 1955, en telur sig skulda hitakostnað síðustu 9 mánuðina. Sýknukröfuna í máli þessu byggir hann á því, að húsaleigan hafi verið úr hófi há og eftir höfðun máls þessa fékk hann húsaleigunefnd Reykjavíkur til þess að meta leigu eftir húsnæðið. Mat nefndarinnar, sem dagsett er 19. nóvember s.l., ákveður leiguna kr. 295.00 á mánuði og telur stefndi því, að leigan fyrir allt tímabilið hefði ekki átt að nema meiru en kr. 9.587.50. Stefndi neitar því algerlega að greiða meiri húsaleigu en hann hefur þegar gert, en viðurkennir, eins og fyrr segir, að skulda hitakostnað og hefur skorað á stefnanda að leggja fram reikning um hann. Af hálfu stefnanda hefur ekki verið mótmælt skýrslum stefnda um leigufjárhæð og leigugreiðslur.

Framangreint mat húsaleigunefndar er í samræmi við ákvæði laga nr. 30 frá 1952 um hámark húsaleigu o. fl. Stefnandi á því ekki lögverndaða kröfu samkvæmt skuldarviðurkenningunni, að því er til húsaleigu kemur. Hins vegar hefur hann ekki, þrátt fyrir áskorun stefnda, lagt fram gögn, er sýni, hversu mikill hluti skuldarinnar sé sprottinn af hitakostnaði. Þykir kröfugerð stefnanda í heild vera svo vanreifuð, að ekki verður komizt hjá að vísa málinu frá dómi sjálfkrafa. Eftir þeim málalokum ber samkvæmt ákvæðum 180. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, er ákveðst kr. 600.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Stefnandi, Sumarliði Betúelsson greiði stefnda, Skúla Benediktssyni kr. 600.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. apríl 1958.

Nr. 115/1956. **Sigurður Einarsson** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Akureyrarkaupstað (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Hækkun leigu samkvæmt lóðarsamningi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að málinu verði vísað heim í hérað og nýtt leigumat látið fram fara. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að héraðsdómur gekk, hafa hinir dómkvöddu matsmenn lýst því, að það hefði í engu breytt matinu, þó að lagt hefði verið fyrir þá að meta leiguna til 10 ára. Af hálfu áfrýjanda hefur því verið haldið fram hér fyrir dómi, að jafnvel þótt hækkun leigu yrði talin heimil, þá hefði hún ekki átt að koma til framkvæmdar fyrr en frá áramótum 1954—1955. Í héraði var ekki, svo að séð verði, hreyft neinum athugasemdum um þetta, og er því þessi mótbára of seint fram komin gegn andmælum stefnda.

Með framangreindum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þar á meðal ákvæði hans um vexti, enda hefur upphæð þeirra ekki verið andmælt sérstaklega.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hvor aðilja ber sjálfur málskostnað sinn fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 24. nóvember 1906 gaf stjórnarnefnd Gránufélagsins á Akureyri út lóðarsamning til handa Halldóri Þorgrímssyni þurrabúðarmanni um lóðina nr. 8 við Lundargötu, Oddeyri á Akureyri, en lóð þessi er ca. 236,8 fermetrar að stærð. Í ssamningnum segir m. a.: „1. Leigutaki skal greiða til Gránufélagsins fyrir lok hvers árs umsamda leigu, sem er að upphæð átta krónur“ og „4. Samningur þessi er óuppsegjanlegur frá beggja hálfu, en leigan hvílir sem kvöð á lóðinni“.

Árið 1927 eignaðist stefndi þann hluta Oddeyrar, þar sem lóðin er. Leiga eftir lóðina hefur verið greidd eftir samningum frá 1906, unz stefndi lét í júní 1954 tvo dómkvadda menn meta eftirgjald eftir lóðina. Mátu þeir ársleigu á kr. 180.00. Krefst stefndi í máli þessu leigu fyrir árin 1953 og 1954 eftir matinu.

Það er meginregla, að menn verða að standa við gerða samninga, þótt gagngreiðslur, sem þeir hafa áskilið sér, rýrni vegna verðfalls peninga. Verður eigi talið, að dómstólum sé rétt að víkja frá henni nema í mjög afmörkuðum tilvikum. En það er á valdi löggjafans eins að setja ákvæði almenns eðlis um gengi peninga og áhrif verðfalls þeirra á viðskipti manna. Nú hefur löggjafinn með 8. gr. laga nr. 22/1950 sagt skýrt og skorinort, að manni sé eigi skylt, þrátt fyrir gengisfellingu að greiða skuld sína með hærri fjárhæð en skuldabréf tilskilur í íslenzkum krónum og það jafnvel þótt þar sé ákveðið, að skuldin sé háð skráðu gengi erlendis gjaldeyris. Eigi verður séð, að efni séu til

að undanþiggja sakarefni það, sem nú skal dæma, ótvíræðum ákvæðum lagagreinar þessarar. Hækkun leigu samkvæmt mati, framkvæmdu eftir gildistöku 8. gr. laga nr. 22/1950, verður því eigi tekin til greina. Er þannig eigi rétt að leyfa stefnda að ganga frá gerðum samningum.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, ber að taka kröfu áfrýjanda um sýknu til greina.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2.500.00.

Dómsorð mitt verður því:

Áfrýjandi, Sigurður Einarsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Akureyrarkaupstaðar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2.500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 15. desember 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 9. þ. m., hefur Steinn Steinsen bæjarstjóri, f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. okt. s.l., á hendur Sigurði Einarssyni iðnverkamanni, Lundargötu 8, Akureyri. Er málið höfðað til viðurkenningar á rétti Akureyrarkaupstaðar til hækkunar á ársleigugjaldi eftir leigulóðina nr. 8 við Lundargötu, suðurhluta, eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna, þar eð stefnandi telur upphæð ársleigunnar, sem verið hefur átta krónur á ári, sé orðin óhæfilega lág vegna breytts verðgildis peninga frá því leigusamningur var gerður um lóðina árið 1906. Telur stefnandi sig ekki bundinn af óuppsegjanlegum leigusamningi um leiguupphæð þessa um ófyrirsjáanlegan tíma.

Gerir hann þær kröfur, að dómur viðurkenni, að honum sé heimilt að hækka leigu eftir nefnda lóð og stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 360.00 auk 7% ársvaxta frá 1. okt. 1954 til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi eða mati dómara. Upphæð þessa kveður hann vera leigu eftir lóðina árin 1953 og 1954, kr. 180.000 hvort ár, eins og hún hafi þegar verið metin af dómkvöddum mönnum, og er matsgerðin, sem dagsett er 16. júní 1954, lögð fram í málinu.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Til vara krefst hann þess, að leigan verði einungis hækkuð um upphæð, er samsvarar rýrnun á gildi peninga, miðað við gullkrónu og seðlakrónu.

Lóðarsamningur sá, er hér ræðir um, er gefinn út af stjórnarnefnd Gránufélagsins á Akureyri til handa Halldóri Þorgrímssyni þurrabúðarmanni, og er lóðin ca. 236,8 fermetrar að stærð. Er hún á Oddeyri. Árið 1927 eignaðist stefnandi hluta af Oddeyri, og er lóðin nr. 8 við Lundargötu á því svæði. Stefndi er nú þinglesinn eigandi lóðarréttinda þeirra, sem hér ræðir um, og húss, er á lóðinni stendur. Lóðarsamningurinn er óuppsegjanlegur af hendi beggja aðilja, en lóðargjaldið hvílir sem kvöð á lóðinni.

Stefndi telur, að heimild bresti til þess að hækka lóðargjaldið, enda sé lóðarsamningurinn í heild óuppsegjanlegur og þá einnig einstakir liðir hans, svo sem ákvæðið um leigugjaldið. Í öðru lagi telur hann, að eigendur Oddeyrar hafi með aðgerðarleysi firrt sig rétti til breytinga á gjaldi þessu, þar sem eigi hafi verið hafizt handa með kröfu um breytingu á leigunni fyrr en 1953, en 27. marz það ár ritaði stefnandi bréf til stefnda og krafðist hækkunar á leiguupphæðinni. Þá telur stefndi og, að með setningu 2. gr. laga nr. 75/1917 um útmælingu á verzlunarlóðum hafi löggjafinn sýnt vilja sinn um, að samningar um aðrar lóðir ætti að haldast, enda mundi það valda óheppilegum glundroða, ef svo skyldi ekki vera.

Ekki verður á það fallizt, að rétt sé að leggja þann skilning í lagagrein þessa. Og þar sem leigusamningur sá, er hér ræðir um, er óuppsegjanlegur og á að gilda um ótakmarkaðan tíma, þykir ákvæði hans um upphæð leigugjaldsins ekki eiga að binda leigusala um aldur og ævi. Þótt leigugjaldið hafi verið óbreytt um nær hálfrar aldar skeið, án þess að við hafi verið hreyft, og það hafi raunar meiri hluta þess tíma verið lægra en eðlilegt var, miðað við verðlagsbreytingar frá 1906, þykir þó verða að viðurkenna rétt stefnanda til þess að fá endurskoðað ákvæðið um leiguupphæðina. Ekki þykja lagarök til þess, að miða eigi leigugjaldið við hlutfall milli verðgildis gullkrónu og seðlakrónu. Hins vegar er hér rétt að beita 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1917 með lögjöfnun, þannig að hvorum aðilja sé rétt að láta dómkvadda menn meta leigugjaldið, þegar a.m.k. 10 ár eru liðin frá því það var ákveðið (síðast). Þar sem slíkt mat hefur nú farið fram, og ekki verður séð annað en það sé löglega gert, verður krafa stefnanda talin réttmæt.

Málsúrslit verða því þau, að viðurkennt er að hækkun framangreinds leigugjalds sé heimil, og ber stefnda að greiða stefnanda kr. 360.00 auk 7% ársvaxta frá 1. janúar 1955, en vaxtakröfunni breytti stefnandi í það horf við munnlegan flutning málsins. Eins og á stendur, þykir þó málskostnaður eiga að falla niður.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Viðurkennt er, að framangreind hækkun á leigugjaldi er heimil.

Stefndi, Sigurður Einarsson, greiði stefnanda, bæjarstjóranum á Akureyri f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, kr. 360.00, auk 7% ársvaxta frá 1. janúar 1955 til greiðsludags. Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1958.

Nr. 136/1955. **Ingibergur Jens Guðjónssson**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Keflavíkurkaupstað
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. september 1955. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 81.069.00 með 6% ársvöxtum frá 4. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram nokkur

ný vottorð lækna um heilsufar áfrýjanda. Hafa þau vottorð verið borin undir Þórarin Sveinsson lækni, sem telur, að þau veiti ekki efni til breytinga á álitsgerð.

Ökumaður G 106 ók hinni stóru áætlunarbifreið of hratt og án þess að gefa hljóðmerki, er hann nálgaðist bugðuna við hraunhól þann, sem í málinu greinir, en þar var skafl og hálka á veginum. Á hinn bóginn skorti og nokkuð á, að áfrýjandi stillti hraða bifreiðar sinnar í hóf, miðað við aðstæður, og ekki gaf hann heldur hljóðmerki. Þykir eftir atvikum rétt, að stefndi bæti áfrýjanda tjón hans að ¾ hlutum, en ¼ hluta þess beri hann sjálfur.

Atvinnutjón áfrýjanda er hæfilega metið í héraðsdómi. Tjón hans vegna þjáninga og lýta ber að ákveða kr. 8.000.00. Þriðji kröfuliður, 200 króna bílkostnaður, er viðurkenndur og verður því tekinn til greina. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að taka til greina kr. 869.00 af fjórða kröfulið. Fjárhæðir þessar nema samanlagt kr. 21.069.00, og ber stefnda að greiða áfrýjanda ¾ hluta þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 15.801.75, að frádregnum ¼ hluta af þeim kr. 5.545.00, sem í héraðsdómi getur, eða kr. 14.415.50 með vöxtum, eins og krafizt er. Þá verður stefnda og dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Keflavíkurkaupstaður, greiði áfrýjanda, Ingibergi Jens Guðjónssyni, kr. 14.415.50 með 6% ársvöxtum frá 4. janúar 1948 til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. september 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Ingibergur Jens Guðjónsson bifreiðarstjóri, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. febrúar 1953, gegn Keflavíkurkaupstað til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 81.200.00 með 6% ársvöxt-

um frá 4. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Þá hefur Almennum tryggingum h/f, hér í bæ, verið stefnt til rættargæzlu í málinu, en engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Stefndi hefur í greinargerð krafizt verulegrar lækkunar á stefnukröfunni og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Við munnlegan flutning krafðist hann aðallega sýknu, en til vara lækkunar á stefnukröfunni í kr. 5.197.00 án vaxta og málskostnaður yrði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Hinn 4. janúar 1948 ók stefnandi bifreiðinni R 683, sem er fólksflutningabifreið, frá Reykjavík áleiðis til Keflavíkurflugvallar. Skýrir stefnandi svo frá, að er hann kom á móts við Höfða á Vatnsleysuströnd, um kl. 14,45, hafi hann ekið með um 35 km hraða miðað við klst. Þannig hagar til þarna, að sjávar megin við veginn er hraunhóll, og beygir vegurinn fyrir hól þennan. Utan í hólnum og yfir veginnn lá snjóskafl, og voru hjólför í snjónum. Kveðst stefnandi hafa ekið þarna á vinstri vegarbrún og hemlað, er hann sá bugðuna. Hann hafi séð bifreiðina G 106 koma á móti sér, er hann var rétt kominn að skaflinum og þá hemlað enn betur. En er R 683 hafi um það bil verið að stöðvast, hafi G 106 rekizt framan á hana og kastað henni aftur á bak.

Stjórnandi G 106 hefur skýrt svo frá, að umræddan dag hafi hann ekið bifreiðinni G 106 frá Keflavík áleiðis til Reykjavíkur, en bifreið þessi, sem er stór fólks- og vöruflutningabifreið, er eign stefnda. Er hann hafi komið að bugðunni hjá nefndum hól, hafi hann ekið út í skaflinn eftir hjólförunum, sem þar voru fyrir. Hann hafi verið kominn út í miðjan skaflinn, er hann sá til ferða R 683. Kveðst hann þá hafa ekið með 20—30 km hraða, miðað við klst. og hemlað þegar í stað, en þar sem vegurinn hafi verið mjög háll, hafi bifreiðin runnið áfram, enda þótt snjókeðjur væru á afturhjólum, og bifreiðarnar rekizt á. Stjórnandi G 106 telur, að hraði R 683 hafi verið mun meiri en stefnandi hefur talið og R 683 hafi ekki hrokkið nema þrjá til fjóra metra aftur á bak við árekstur inn. Farþegi, sem var í bifreiðinni 683 og sat við hlið ökumanns, hefur skýrt svo frá, að er bifreiðin kom að nefndum hól, hafi henni verið ekið með á að gizka 40 km hraða, miðað við klst. Er ökumaðurinn hafi séð skaflinn og bugðuna, hafi hann dregið úr hraðanum. Kveðst

maður þessi í því hafa séð G 106 koma í ljós á móti þeim. Ökumaður R 683 hafi þá skipt í annað ganghraðastig og dregið enn úr hraðanum, en þá hafi bifreiðarnar skollið saman. Maður þessi hefur gizkað á, að ekki hafi verið meira en 25—30 m milli bifreiðanna, er G 106 kom fyrst í ljós. Þá telur hann, að R 683 muni hafa runnið 4—6 metra aftur á bak við árekstur inn og 3 til 4 metra bil hafi verið milli bifreiðanna, er þær staðnæmdust.

Nokkru eftir árekstur inn kom lögreglan í Hafnarfirði á vettvang. Hafði G 106 þá verið flutt á brott. R 683 var hins vegar enn á vettvangi, en hafði þó verið flutt til, svo að hún hindraði eigi umferð. Í skýrslu lögreglunnar er staðháttum svo lýst: Á hægri hönd, þegar farið er til Keflavíkur, er hraunhóll fast við veginn. Hann er nokkuð hár og nú hefur snjór fokið í skafl af hólnum og þvert yfir veginn.. Skaflinn er þó ekki þykkri en um eitt fet. Vegna skaflsins verður vegurinn mjórri en annars, en hann er 6 metra breiður. Gegnum skaflinn eru traðir tvær og geiri af skaflinum eftir, sem verður milli hjóla bifreiðanna, sem um veginn fara. Geirinn er 20 metra langur. Við eystri sporð geirans er vegurinn 4,80 metra breiður. Í skaflinum 4,10 metra. Árekstur inn hefur orðið við eystri sporð geirans. Það sást af ýmsum brotnum hlutum, sem lágu þar á veginum. R 683 hefur runnið aftur á bak, minnst 4 til 6 metra við árekstur inn.“

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stjórnandi G 106 eigi alla sök á slysinu og beri stefnda því að greiða honum bætur fyrir það tjón, er hann hafi orðið fyrir.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að ökumaður R 683 eigi alla sök á árekstrinum. Hann hafi ekið óhæfilega hratt í bugðunni og auk þess haft fulla ástæðu til þess að nema staðar, áður en hann ók út í skaflinn, en þar hafi verið nægilegt rúm, til að bifreiðarnar gætu ekið hvor fram hjá annari. Varakröfu sína reisir stefndi á því, að stefnandi sé meðvaldur að árekstrinum með ógætilegum akstri og eigi a.m.k. ⅓ hluta sakarinnar.

Þegar virt eru gögn þau, sem að framan eru rakin, bendir margt til þess, að hraði bifreiðanna, annarrar hvorrar eða beggja, hafi verið nokkru meiri en ökumenn þeirra telja. Í 5. mgr. 36. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 segir m. a., að þar sem ökumaður sjái stutt fram á veginn, í kröppum bugðum við vega- og gatnamót og þar sem vegurinn sé sleipur, megi ekki aka hraðar en svo, að bifreiðarnar megi stöðva þegar í stað. Við árekstur inn kastaðist R 683 alllangan spöl aftur á bak, en ökumaður G 106 hefur viðurkennt að hafa ekki getað stöðvað bifreiðina

áður en áreksturinn varð, enda þótt töluvert bil væri á milli bifreiðanna, þegar hann sá til ferða R 683. Af þessu þykir mega ráða, að ökumaður G 106 hafi ekið óhæfilega hratt, eins og á stóð, auk þess sem hann gaf ekki hljóðmerki, sbr. 1. mgr. 28. gr. bifreiðalaganna. Með vísan til þessa verður að telja hann eiga meginhluta sakar.

Ökumaður R 683 hefur einnig brotið gegn ákvæðum 5. mgr. 36. gr. bifreiðalaganna, þar sem ljóst er, að hann hefur ekið það hratt, að hann gat ekki stöðvað bifreið sína þegar í stað. Verður hann því einnig talin eiga nokkra sök á hvernig fór.

Samkvæmt þessu og því öðru, sem hér að framan er rakið, þykir ökumaður G 106 eiga ⅔ hluta sakar, en ökumaður R 683 ⅓ hluta. Ber stefnda Keflavíkurhreppi því að bæta stefnanda ⅔ hluta þess tjóns, sem hann hefur beðið við áreksturinn.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1.	Örorku og atvinnutjón	kr. 60.000.00
2.	Þjáninga- og lýtabætur	— 20.000.00
3.	Bílkostnaður	— 200.00
4.	Læknisvottorð o. fl.	— 1.000.00
		Samtals kr. 81.200.00

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð dómkröfunnar í kr. 81.069.00, en hélt fast við kröfur sínar um vexti og málskostnað.

Verða nú einstakir kröfuliðir teknir til athugunar.

Um 1. Stefnandi var fluttur í bifreið af slysstaðnum í Landspítalann, þar sem gert var að sárum hans, en síðan var hann fluttur heim. Í vottorði læknis þess, sem gerði að sárum hans í Landspítalanum, segir svo: „Við athugun hér sýndi það sig, að hann hafði fengið léttan heilahristing, 3ja cm langt sár á enni og 1½ cm langan skurð á nefrót, blæddi allmikið úr sárunum og voru þau saumuð saman ....“ Vottorð þetta er dagsett 12. janúar 1948.

Í vottorði Þórarins Sveinssonar læknis, dagsettu 3. okt. 1952, er sjúkrasaga stefnanda rakin og örorka vegna slyssins metin. Segir svo orðrétt í vottorði læknisins: „Slasaði lá rúmfastur um 3 vikna skeið heima hjá sér. Fór upp úr því að stjáka um. Eftir rúma 2 mánuði fór hann að byrja að vinna við akstur. Hann segist hafa haft mjög slæman höfuðverk eftir slysið við meiri háttar áreynslu og finnur hann til þess ennþá.

Slasaði hefur leitað sérfræðings í taugasjúkdómum vegna þessa sjúkleika síns. Samkvæmt vottorði Kristjáns Þorvarðar-

sonar læknis, dagsettu 13/3 1952, hefur slasaði verið til rannsóknar hjá honum 4/3—13/3 '52 og þá vegna svima, höfuðþyngsla og flökurleika. Álitsgerð læknisins: „.... taugaskoðun (nú) er eðlileg, nema eymsli eru við snertingu og bank á höfuðið h. megin. Rtg. af höfði eðlil. Augnsk.: eðlileg. Diagnosis: Post-traumatiskt syndrom (afleiðingar af slysi)."

Slasaði telur sig ennþá ekki jafngóðan eftir slysið, þó aðallega vegna höfuðþyngsla og úthaldsleysis við akstur og áreynslustörf. Þó segist hann hafa s.l. sumar unnið við trillubát og gengið sæmilega.

Skoðun: Maður í meðalholdum. Greinir eðlilega frá atburðum. Við athugun á höfði sést örlítið votta fyrir öri í andliti á miðju enni, ca. 1,2 cm. á lengd, og er 4 mm. ör rétt við nefrótina. Sjón er talin góð, að því er hann sjálfur segir eftir Kristjáni Sveinssyni augnlækni. Heyrnin er eðlileg. Reflexar í andliti einnig eðlilegar.

Við athugun á bol var ekkert sjúklegt að finna. Hjartahljóð voru eðlileg og blóðþrýstingurinn mældist 125/75. Útlimir voru eðlilegir, en reflexar voru mjög líflegir.

Ályktun: Um er að ræða höfuðáverka, sem er afleiðing bílslyss. Útlit er fyrir, að slasaði hafi fengið nokkurn heilahristing, er síðan hafi valdið höfuðverk (í köstum) og slappleika. Taugaslen hefur síðan orðið fylgifiskur þess sjúkleika.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir	1	mánuð	fyrst eftir slysið	.....	100%	örorka
—	1	—	þar á eftir	.....	75%	—
—	1	—	— - —	.....	40%	—
—	1	—	— - —	.....	20%	—
—	1	—	— - —	.....	15%	—
—	1	—	— - —	.....	10%	—

Úr því 8% örorka um ca. 3ja ára tímabil".

Í vottorði sama læknis, dagsettu 9. september 1954, segir svo orðrétt m. a.: „Slasaði skýrir mér svo frá, að hann hafi ennþá periodisk höfuðverkjarköst og telur sig úthaldslausan til áreynslustarfa. Vegna þess að mér fannst nauðsynlegt að fyrir lægi umsögn taugasérfræðings um slasaða, sendi ég hann til Kjartans Guðmundssonar læknis til rannsóknar. Samkvæmt vottorði hans, dagsettu 2. september 1954, telur hann, að engin einkenni finnist hjá slasaða, er bendi á, að marið blóð (subduralt hæmatom) eða heilaskemmdir séu á eða í heila, heldur bendi ástand slasaða til þess, að um taugaslensbreytingar sé að ræða.

Þar sem ekki kom í ljós af vottorði Kjartans læknis, hvort at-

hugun hefði farið fram á augunum, sendi ég hann til Guðmundar Björnssonar augnlæknis, sbr. vottorð hans, dagsett 13. september 1954. Samkvæmt því er aðhæfni augnanna (convergens insufficens) nokkuð áfátt, af hvaða rótum sem það er runnið.

Slasaði segist á undanförnum árum hafa stundað akstur. Segist hann þreytast, ef hann reyni mikið á sig og kemur þá strax fram höfuðþraut og vanlíðan, sem hann segir, að dragi mjög úr þreki sínu. Enn fremur segist hann stöku sinnum hafa unnið erfiðisvinnu og telur sig vera mjög úthaldslausan til slíkra starfa.

Skoðun: Ég get í fáum orðum sagt, að við almenna skoðun fannst ekkert athugavert við manninn, nema að reflexar voru yfirleitt líflegir (+ +). Blóðþrýstingurinn mældist 120/80 og voru hjartahljóð eðlileg og regluleg.

Aðeins vottar fyrir örum á enninu, en það þarf aðgætni til að taka eftir þeim. Hann segir, að þau verði mjög greinileg í kulda og má það rétt vera.

Ályktun: Ég hefi litlu við álit mitt, sem fram kemur í vottorði mínu, dagsettu 3. október 1952, að bæta. Allar líkur benda til þess, að núverandi höfuðþreyta og uppgjafartilfinning eigi rót sína að rekja til vanhæfni innvöðva augnanna (mm. recti oculi medialis). Ég hefi leitað álits hr. augnlæknis Guðm. Björnssonar varðandi þetta atriði, og telur hann, að þetta sé vel þekkt fyrirbæri. Að hinu leytinu er ekki unnt að útiloka, að við kúpubrot gæti fram komið blæðing í vöðvana eða við þá, er síðan yllu vangetu þeirra til fullkomins starfs. Engar upplýsingar liggja fyrir um „glóðaraugu" eða blæðingar í augntóftir og ekki hafa komið fram sprungur í kúpubroti við myndatökur af höfði. Ég tel því, að fyrrnefnt mat mitt varðandi slysið muni vera nálægt réttu.

Sé aftur á móti lagður sá dómur á málið, að vanhæfni augnanna sé orsökuð af slysinu, má ætla, að 5% varanleg örorka sé hæfilegt mat".

Tryggingafræðingur hefur reiknað út áætlað vinnutekjutjón stefnanda vegna slyssins. Samkvæmt skýrslu hans, sem er dagsett 23. desember 1954, er stefnandi talinn fæddur 13. september 1925, og var hann þá 22 ára að aldri, er slysið varð. Við útreikning sinn hafði tryggingafræðingurinn afrit af skattframtölum stefnanda fyrir tekjur áranna 1946 og 1947, og hefur hann byggt tekjuáætlunina eingöngu á þeim tekjum. Í skýrslu tryggingafræðingsins segir síðan orðrétt á þessa leið: „Árið 1946 hafa hreinar vinnutekjur verið kr. 1100.00, tekjur af atvinnurekstri (vörubifreið) kr. 29.666.30, sem er að sjálfsögðu aðallega vinnutekjur.

Þó tel ég rétt að draga frá 4% vexti af framtöldu verði bifreiðarinnar eða kr. 628.00. Teljast þá vinnutekjur ársins 1946 kr. 30.138.30. Árið 1947 eru tekjur af vinnu með bifreiðina taldar kr. 3.435.00 og er það fyrir rúma tvo mánuði. Frá því tel ég rétt að draga vexti af bifreiðinni fyrir þann tíma. Verð hennar reikna ég eins og fyrra árið að frádreginni afskrift eða kr. 13.000.00. Vextir verða þá 87 kr. Skattstofan hefur bætt kr. 4.269.00 við framtaldar vinnutekjur fyrir þetta ár. Ingibergur mun hafa unnið sjálfur að viðgerð á bifreið sinni, en taldi ekki fram neinar tekjur af því. Ég held þess vegna sé rétt að telja vinnutekjurnar, eins og Skattstofan hefur gert, eða kr. 24.511.00". Síðan umreiknar tryggingarfræðingurinn kaup þetta í grunnkaup og tekur meðaltal. Verður útkoman þá kr. 27.114.00 í árskaup. Út frá útreikningi þessum og framangreindu örorkumati gerir hann síðan áætlun um vinnutekjutjón stefnanda, og reiknast honum verðmæti þess á slysdegi kr. 12.018.00 fyrir tímabilið 4/1 1948—3/7 1951, en kr. 30.598.00 eftir 3/7 1951. Þá bætir hann 4% ársvöxtum við fjárhæðir þessar frá slysdegi til 1. janúar 1955 og eru það af fyrri fjárhæðinni kr. 3.797.00, en kr. 9.667.00 af þeirri síðari.

Grundvöllur þessa útreiknings er 4% vextir p. a., dánarlíkur íslenzkra karla eftir reynslu áranna 1921—1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem allt of háum. Bendir hann á, að meðaltekjur stefnanda árin 1945, 1946 og 1947, þ. e. síðustu 3 árin fyrir slysið, hafi numið kr. 18.933.33, en árið 1950 séu meðaltekjur hans orðnar hærri eða kr. 19.630.00. Mótmælir hann því, að stefnandi hafi beðið varanlegt heilsutjón, en telur hins vegar hæfilegt, að kröfuliður þessi verði tekinn til greina með kr. 5.000.00.

Þegar virt eru framangeind læknisvottorð, verður eigi talið, að líkur séu fyrir því, að hinn þráláti höfuðverkur, vanlíðan og úthaldsleysi, sem stefnandi kveðst þjást af, ef hann reyni á sig, séu afleiðingar þeirra meiðsla, er hann hlaut við slysið, að unnt sé að gera ráð fyrir varanlegri örorku. Verður því eingöngu eldra örorkumatið lagt til grundvallar.

Með skírskotun til þessa svo og annars þess, sem að framan er rakið, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega áætlaðar kr. 12.000.00.

Um 2.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum, en við munn-

legan flutning taldi hann hæfilegar bætur til stefnanda samkvæmt honum kr. 4.500.00. Eftir meiðslum þeim, sem stefnandi hlaut við slysið, og afleiðingum þeirra, en hvorutveggja hefur verið lýst allnákvæmlega hér að framan, þykja bætur til stefnanda fyrir þjáningar, óþægindi og lýti hæfilega ákveðnar kr. 5.000.00.

Um 3.

Við munnlegan flutning viðurkenndi stefndi lið þennan, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 4.

Stefndi hefur viðurkennt kr. 869.00 af þessum kröfulið, en stefnandi hefur eigi fært rök að hærri fjárhæð. Verður kröfuliður þessi því einungis tekinn til greina að því leyti.

Samanlagðar fjárhæðir, sem dæmdar verða samkvæmt þessum fjórum liðum, verða þá kr. 18.069.00, sem stefnda ber að bæta að ⅔ hlutum, eða kr. 12.046.00.

Stefndi hefur krafizt þess, að til frádráttar þeim fjárhæðum, sem stefnanda kunni að verða dæmdar í máli þessu, komi til skuldajafnaðar kostnaðurinn við viðgerð á skemmdum, er orðið hafi á bifreið hans, G 106, í margnefndum árekstri. Nemi kostnaður þessi kr. 5.545.00, og er hann sundurliðaður þannig:

1.	Bretti	kr.	1.445.00
2.	Grind við bretti	—	675.00
3.	Vatnskassi	—	1.440.00
4.	2 luktir og umb.	—	750.00
5.	Húdd	—	735.00
6.	Vinna 2 manna í 2 daga	—	500.00
		Samtals kr.	5.545.00

Til vara hefur stefnandi krafizt þess, að kostnaður þessi komi til frádráttar að ⅓ hluta.

Eigi hefur stefnandi andmælt fjárhæð gagnkröfunnar, og verður hún því tekin til greina.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 12.046.00, að frádregnum ⅓ af kr. 5.545.00 (kr. 1.848.33) eða samtals kr. 10.197.67 með 6% ársvöxtum frá 4. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.500.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Keflavíkurkaupstaður, greiði stefnanda, Ingibergi Jens Guðjónssyni, kr. 10.197.67 með 6% ársvöxtum frá 4. janúar 1948 til greiðsludags og kr. 1.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1958.

Nr. 39/1958. **Kvenfélagið Hringurinn**
gegn
Kristni Magnússyni,
Maríu Magnúsdóttur,
Sigríði Kristinsdóttur,
Margréti Kristinsdóttur,
Magnúsi Sverrissyni,
Gunnari Sverrissyni
og
Birni Gunnlaugssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Vitnaskylda læknis. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Borgarfógetinn í Reykjavík, Kristján Kristjánsson, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. marz 1958, sem barst hingað 18. s. m. Krefst hann, að þess verði synjað, að Björn Gunnlaugsson læknir staðfesti fyrir dómi vottorð sitt á dskj. 21 og að hann beri að öðru leyti vitni í málinu. Hann krefst og, að varnaraðiljunum Kristni Magnússyni og Maríu Magnúsdóttur verði dæmt að greiða honum kostnað af kærumálinu eftir mati dómsins.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Samkvæmt sjónarmiðum 24. og 26. gr. laga nr. 42/1949 skal leiða í ljós, hvort arfleiðandi hafi verið svo andlega heill heilsu, að hann hafi verið fær um að gera erfðaskrá. Er því heimilt að leita vættis læknis arfleifanda um efni þau, sem í máli þessu greinir. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðiljum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Kvenfélagið Hringurinn, greiði varnaraðiljum, Kristni Magnússyni, Maríu Magnúsdóttur, Sigríði Kristinsdóttur, Margréti Kristinsdóttur, Magnúsi Sverrissyni, Gunnari Sverrissyni og Birni Gunnlaugssyni, kærumálskostnað, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 1. marz 1958.

Í réttarhaldi í máli þessu, sem háð var hinn 25. f. mán., ítrekaði umboðsmaður sóknaraðilja, Gunnar A. Pálsson hrl., gerða kröfu þess efnis, að Björn Gunnlaugsson læknir yrði leiddur sem vitni í máli þessu. Hann krafðist þess og, að sóknaraðiljum yrði úrskurðaður málskostnaður úr hendi varnaraðilja fyrir þenna þátt málsins út af fyrir sig.

Umboðsmaður varnaraðilja, Gústaf A. Sveinsson hrl., endurtók áður fram komin mótmæli við því, að vitnaleiðsla þessi yrði látin fara fram. Hann mótmælti málskostnaðarkröfu umboðsmanns sóknaraðiljanna, en tók fram, að hann hefði ekki uppi málskostnaðarkröfu vegna þessa atriðis sérstaklega.

Munnlegur flutningur fór þegar í stað fram um atriði þetta, og er það hér til úrskurðar.

Með arfleiðsluskrá, dagsettri 21. ágúst 1954 og staðfestri notari-

aliter, gerði frú Sigríður Einarsdóttir, Ásvallagötu 1, þá ráðstöfun eigna sinna eftir sinn dag, að kjörbörn hennar og Magnúsar Benjamínssonar úrsmíðameistara, sem þá var látinn, þau Kristinn E. Magnússon, Þingholtsstræti 23, og María Magnúsdóttir, Ægissíðu 46, skyldu hljóta í arf eftir sig kr. 200.000.00 hvort, en kjörbarnabörnin skyldu hvort um sig fá kr. 25.000.00. Það, sem afgangs yrði af eignunum, skyldi renna til Kvenfélagsins Hringsins, og með þeim stofna „Minningarsjóð Magnúsar Benjamínssonar úrsmíðameistara og Sigríðar Einarsdóttur".

Ágreiningur hefur orðið um gildi arfleiðsluskrárinnar. Hafa kjörbörn og kjörbarnabörn frú Sigríðar meðal annars mótmælt því, að hún hafi getað verið svo andlega heil, er hún undirritaði skrána, að hún hafi getað gert sér grein fyrir því, sem hún var að gera. Er hér m. a. stuðzt við vottorð Björns Gunnlaugssonar læknis, heimilislæknis hinnar látnu, en vottorð þetta er lagt fram í málinu sem rskj. nr. 21.

Af hálfu varnaraðilja hefur vottorði þessu verið mótmælt sem röngu og óstaðfestu. Mætti Björn Gunnlaugsson læknir hér í réttinum hinn 2. desember s.l., en af hálfu varnaraðilja voru þá þegar höfð uppi mótmæli við því, að hann bæri vitni í málinu. Þegar daginn eftir mætti kjördóttir hinnar látnu, María Magnúsdóttir, í réttinum og lýsti því yfir, að það væri vilji sinn, að Björn Gunnlaugsson yrði leiddur sem vitni í erfðamáli þessu um þau atriði. sem snertu heilsufar hinnar látnu, sérstaklega á þeim tíma, sem hún undirritaði skrána. Í sama réttarhaldi var lögð fram yfirlýsing Kristins E. Magnússonar, þar sem hann samþykkir og krefst jafnframt, að Björn beri vitni um líkamlegt og andlegt heilsufar hinnar látnu. — Í réttarhaldi í máli þessu hinn 20. janúar s.l. ítrekaði Kristinn samþykki þetta og kröfu.

Er skiptamál þetta var fyrir hinn 25. f. m., hafði umboðsmaður sóknaraðilja enn uppi þá kröfu, að tekin yrði vitnaskýrsla af Birni lækni Gunnlaugssyni. Því er haldið fram, þessari kröfu til styrktar, að Björn, sem hafði verið heimilislæknir hinnar látnu um margra ára skeið, hafi manna bezt og einn lækna fylgzt með heilsufari hennar, en eins og áður greinir, byggist kröfugerð sóknaraðilja máls þessa m. a. á því, að hina látnu hafi skort andlegt heilbrigði til þess, að hún gæti gert bindandi arfleiðsluskrá. Sé því óumflýjanlegt, að vitnisburðar læknisins verði aflað. Stoði nú ekki í þessu sambandi að vitna til lagaákvæða um þagnarskyldu læknis, þar eð bæði kjörbörn hinnar látnu hafi samþykkt, að heimilislæknir hennar verði leiddur sem vitni um atriði þetta.

Umboðsmaður varnaraðilja hefur enn sem fyrr mótmælt því, að vitnaleiðsla þessi fari fram. Vitnar hann til ákvæða 126. gr. laga nr. 85 frá 1936 um þagnarskyldu vitnis almennt svo og til ákvæða 10. gr. laga nr. 47 frá 1932 um þagnarskyldu læknis. Með tilliti til ákvæða þessara heldur hann því fram, að Björn Gunnlaugsson hafi rofið ótvíræða þagnarskyldu sína með því að gefa vottorðið á rskj. nr. 21. Aðeins hin látna hefði getað leyst hann frá þessari þagnarskyldu, en samþykki kjörbarnanna sé alls einskis nýtt. Ekki sé heldur um það að ræða, að honum hafi borið skylda til að láta uppi trúnaðarmál sem þetta, hvorki vegna almenningsheilla eða frá því sjónarmiði, að úrslit mikilvægs máls geti á því oltið. Þannig geti heldur ekki komið til mála að leyfa vitnaleiðslu þessa.

Þar sem komin er fram krafa frá kjörbörnum hinnar látnu um það, að Björn Gunnlaugsson heimilislæknir hennar, verði leiddur sem vitni um heilsufar hennar um það leyti, sem hún gerði arfleiðsluskrá þá, sem hér um ræðir, og þar sem ekki er útilokað, að vitnaframburður hans geti haft þýðingu fyrir úrslit þessa máls, þykir rétt að leyfa hina umbeðnu vitnaleiðslu.

Ekki þykir rétt að taka til greina málskostnaðarkröfu sóknaraðilja vegna atriðis þessa sérstaklega.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna vitnaleiðsla skal fara fram.

Málskostnaðarkrafa sóknaraðilja vegna atriðis þessa verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 25. apríl 1958.

Nr. 7/1958. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Borgþóri Árnasyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
og
Þorsteini Gunnarssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, Theódór S. Georgsson, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Ekkert er fram komið, er bendi til þess, að þeir Magnús Jónsson skipstjóri og Jón Magnússon vélstjóri hafi átt upptök að ryskingum þeim, sem mál þetta er af risið. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa og hvor ákærðu greiði laun verjanda síns í héraði.

Ákærðu greiði hvor um sig laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 1.500.00. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærðu, Borgþórs Árnasonar og Þorsteins Gunnarssonar, eiga að vera óröskuð að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Borgþór Árnason greiði laun verjanda síns í héraði, Jóns Eiríkssonar héraðsdómslögmanns, kr.

800.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00.

Ákærði Þorsteinn Gunnarsson greiði laun verjanda síns í héraði, Jóns Hjaltasonar héraðsdómslögmanns, kr. 800.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00.

Ákærðu greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda í héraði, Friðþjófs G. Johnsens héraðsdómslögmanns, kr. 1000.00, og laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 4. nóvember 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. mán., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, útgefnu 21. ágúst 1956, af dómsmálaráðherra gegn Borgþóri Árnasyni vélstjóra, Kirkjuvegi 20, Vestmannaeyjum, fyrir líkamsárás samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og Þorsteini Gunnarssyni vélstjóra, Vestmannabraut 1, Vestmannaeyjum, fyrir líkamsárás samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga, „þykja ákærðu hafa gerzt brotlegir við téð hegningarlagaákvæði aðfaranótt sunnudagsins 28. ágúst 1955, um kl. 02.30.

1. Ákærði Borgþór með því að hafa ráðizt að Magnúsi Jónssyni frá Ísafirði á Vestmannabraut í Vestmannaeyjum, móts við Nýja Bíó og barið hann í höfuðið með þeim afleiðingum, að hann hlaut alvarlega áverka.
2. Ákærði Þorsteinn með því að veitast að Jóni Magnússyni frá Ísafirði á sama stað og í nr. 1 greinir og slá hann í höfuðið og síðuna, þannig að hann hlaut áverka af."

Ákærist því framangreindur Borgþór Árnason til að sæta refsingu samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og framangreindur Þorsteinn Gunnarsson til að sæta refsingu samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá ákærast þeir báðir til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Borgþór Árnason er fæddur 27. október 1932 í Vest-

mannaeyjum og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Í Vestmannaeyjum:

1948 11/6 Sátt, 100 kr. sekt fyrir óleyfilegan bifreiðarakstur.
— 28/10 Sátt, 100 kr. sekt fyrir óspektir.
1949 15/2 Kærður fyrir líkamsárás. Afgreitt með áminningu og greiðslu 300 kr. í skaðabætur.

Á Siglufirði:

1952 10/8 Sátt, 150 kr. fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

Ákærði Þorsteinn Gunnarsson er fæddur 1. nóvember 1932 í Vestmannaeyjum og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Í Vestmannaeyjum:

1949 21/11 Sátt, 300 kr. sekt fyrir bifreiðarakstur án réttinda.
1951 20/5 Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
1953 3/3 Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 176. gr. hegningarlaga. Greiddi 825 kr. í skaðabætur.
— 22/12 Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 26. og 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, 4. og 7. sbr. 14. gr. umferðarlaga, 49. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudagsins 28. ágúst 1955 um kl. 02.30 hringdi Einar Þorsteinsson rakarameistari, Vestmannabraut 31, á lögreglustofuna og tilkynnti, að menn væru í ryskingum á Vestmannabraut fyrir framan Nýja Bíó. Lögregluþjónarnir Sigurgeir Kristjánsson og Óskar Einarsson fóru á staðinn og hittu þar fyrir Magnús Jónsson, Mjallargötu 8, Ísafirði, og Jón Magnússon, son hans. Ákærði Borgþór og Magnús Jónsson voru í erjum, er lögregluþjónarnir komu að, en ákærði Þorsteinn Gunnarsson stóð þar hjá. Magnús og Jón voru báðir blóðugir í andliti og allæstir. Kváðu þeir ákærðu hafa ráðizt á þá án nokkurs tilefnis og veitt þeim áverka. Magnús og Jón voru báðir undir áhrifum áfengis og fylgdi Sigurgeir Kristjánsson þeim niður að höfn um borð í v/b Erling V, en þeir feðgar bjuggu um borð í nefndum bát. Ákærði Þorsteinn Gunnarsson skýrði lögregluþjónunum svo frá, að hann hefði átt þarna leið um og séð þá, hvar þeir Magnús og Jón voru í illindum við ákærða Borgþór Árnason. Kvaðst Þorsteinn þá hafa lagt Jón í götuna og lentu þeir í ryskingum. Lögregluþjónarnir gátu ekki séð, að Þorsteinn væri undir áhrifum víns, en kváðu Borgþór hafa verið ölvaðan.

Ákærðu og Magnús Jónsson og Jón Magnússon greinir mjög á um málavexti og skulu nú raktir í höfuðatriðum framburðir viðstaddra.

Magnús Jónsson skipstjóri skýrir svo frá, að hann hafi farið á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja laugardagskvöldið 27. ágúst 1955. Jón sonur Magnúsar var með honum á dansleiknum ásamt öðrum manni. Að sögn Magnúsar neyttu þeir allir nokkurs áfengis á dansleiknum. Eftir að dansleiknum lauk kl. 02.00 héldu Magnús og Jón áleiðis inn í Friðarhöfn, þar sem bátur þeirra, Erlingur V, lá við bryggju. Magnús segir, að þeir hafi haldið frá Samkomuhúsinu vestur Vestmannabraut. Er þeir komu á móts við Nýja Bíó, kveður Magnús mann allt í einu hafa ráðizt á sig og slegið sig umsvifalaust í andlitið, svo að hann féll í götuna. Skuggsýnt var á götunni, er þessi atburður átti sér stað, og kveðst Magnús ekki hafa veitt því athygli, hvort nokkur var með árásarmanninum, er hann réðst á Magnús. Kveður Magnús árásarmanninn hafa verið ákærða Borgþór Árnason vélstjóra. Magnús segir, að Borgþór hafi slegið sig á hægri kinn, og kveðst Magnús þá hafa borið hendur fyrir höfuð sér, en Borgþór sló hann aftur og aftur, unz Magnús féll í götuna. Magnús kveðst ekki hafa slegið Borgþór eða tekið á móti honum, heldur aðeins borið hendur fyrir andlit sér. Hann kveðst hafa misst meðvitund að nokkru, er hann féll í götuna. Þegar hann stóð upp, kveðst hann hafa séð, að Jón sonur hans var í ryskingum við mann þar á götunni, en þær ryskingar hættu strax, er lögregluþjónarnir komu. Magnús kveðst ekki hafa þekkt mann þann, er Jón var í átökum við, né tók hann eftir, hvernig þau átök byrjuðu eða hversu þeim var að öðru leyti varið.

Jón Magnússon skýrir svo frá, að hann hafi að loknum dansleiknum gengið ásamt föður sínum Magnúsi Jónssyni skipstjóra eftir Vestmannabraut og voru þeir á leið til skips. Þegar þeir komu á móts við Nýja Bíó, réðst ákærði Bergþór Árnason fyrirvaralaust á Magnús og hrinti honum í götuna. Jón kveðst ekki hafa orðið Borgþórs var fyrr en hann réðst á Magnús án nokkurs tilefnis. Álítur Jón, að Borgþór hafi verið við Nýja Bíó-húsið, er þá feðga bar þar að. Magnús stóð á fætur eftir að Borgþór hafði hrint honum í götuna og ætlaði þá Borgþór að ráðast á hann á nýjan leik. Jón kveðst þá hafa ætlað að stilla til friðar og ganga á milli þeirra, en segir, að Þorsteinn Gunnarsson hafi allt í einu ráðizt á sig. Kveður Jón Þorstein hafa komið þarna að í þessu. Jón og Þorsteinn tókust á og féllu báðir og varð Þorsteinn undir. Jón segist þá hafa sleppt Þorsteini, en þegar Þorsteinn var staðinn upp aftur,

réðst hann umsvifalaust á Jón að nýju, felldi hann til jarðar, barði hann í andlitið og þjarmaði að honum, með því að þrýsta öðru hnénu á bringu hans. Jón segir, að Þorsteinn hafi slegið sig a. m. k. eitt högg í andlitið og hlaut hann áverka af. Þorsteinn sleppti Jóni stuttu áður en lögreglan kom á vettvang og lauk þar með þessum átökum. Jón kveðst ekki hafa tekið eftir Þorsteini fyrr en Þorsteinn réðst á hann fyrirvaralaust. Hann segir, að Borgþór hafi ekkert veitzt að sér og kveðst ekki hafa veitt átökum Magnúsar og Borgþórs frekari athygli.

Í áðurnefndum átökum hlutu þeir Magnús og Jón báðir meiðsli. Baldur Johnsen héraðslæknir skoðaði þá feðga þann 28. ágúst 1955 og segir svo í vottorði hans, sem er dagsett 30. ágúst:

„Ég undirritaður framkvæmdi hinn 28. ágúst s.l. læknisskoðun á Magnúsi Jónssyni, heimilisföstum Mjallargötu 8, Ísafirði, svo og á Jóni Magnússyni frá sama stað.

Læknisskoðun fór fram um borð í m/b Erlingi V, sem lá hér í Friðarhöfn.

Þeir Magnús og Jón kváðust hafa orðið fyrir árás nóttina áður, og haft varanlegt mein af.

1. Hjá Magnúsi leiddi læknisskoðunin þetta í ljós:
   Hægri kinn var þrútin og dofin, og byrjandi glóðarauga þeim megin. Skoðun á Magnúsi í dag leiddi í ljós blæðingu í slímhúð augans svo og viðvarandi nefblæðingu.
   Kinn og nefvængur var enn dofinn og kaldur og allmikill höfuðverkur h. megin.
2. Hjá Jóni leiddi læknisskoðun þetta í ljós:
   Varir voru sprungnar og blóðhlaupnar, og hafði blætt úr, og mar var á kinn. Einnig var allmikill verkur í síðu, eins og undan höggi eða eftir fall á skarpan kannt, en ekki gat sjúkl. gert grein fyrir, hvernig það hafði viljað til.
   Seinna gekk blóð upp úr slasaða að sögn Magnúsar."

Þá hefur Úlfur Gunnarsson læknir, Ísafirði, skoðað Magnús Jónsson, og segir svo í vottorði hans, dagsettu 12. september 1955:

„Skipstjóri Magnús Jónsson, fæddur 5. janúar 1909, heimili Mjallargötu 8, Ísafirði, fékk áverka í andliti þ. 28. ágúst 1955. Það var ráðizt á Magnús og var hann sleginn í andlitið. Sama dag var sjúklingurinn skoðaður af lækni í Vestmannaeyjum og fékk hjá honum vottorð.

Síðan hefur Magnús stöðugt verið með eymsli í hægra kinnbeini og dofa í hægri efri vör, hægra megin á nefi og hægra neðra augnloki.

Við skoðun í dag kom í ljós tilfinningaleysi á ofangreindum stöðum, en aftur á móti voru hreyfingar á vör og augnaloki eðlilegar. Einnig fundust greinileg eymsli í hægra kinnbeini.

Röntgenmynd af höfði sýnir skugga í hægri kjálkaholu og línu, sem getur verið brot á hægra kinnbeini. Allt bendir þannig til, að Magnús Jónsson hafi fengið á hægri efri kjálka og kinnbein með blæðingu í kjálkaholi og skyntaugarlömun á svæðinu neðan við hægra auga."

Í vottorði sama læknis frá 12. marz 1956 segir:

„Herra skipstjóri Magnús Jónsson, Mjallarg. 8, Ísafirði, varð fyrir áverka um 1. september s.l. Við læknisskoðun kom í ljós lömun á andlitstaug (paresis nervi infraorbitalis), sem hann hefur haft óþægindi af hingað til." Ekki hefur tekizt að hafa upp á öðrum sjónarvottum að átökum þessum en Finnboga Friðfinnssyni verzlunarmanni, sem sá þau að einhverju leyti.

Vitnið Finnbogi Friðfinnsson, sem var gæzlumaður í Samkomuhúsinu á nefndum dansleik, skýrir svo frá, að það hafi gengið vestur Vestmannabraut um kl. 02.30. Þegar vitnið kom að Nýja Bíóhúsinu, kveðst það hafa séð, hvar þeir feðgar Magnús og Jón sonur hans voru í átökum við Þorstein Gunnarsson. Vitnið kveðst ekki geta lýst átökum þessum, en segir, að Borgþór Árnason hafi komið þar að, sem hinir voru í átökunum. Borgþór var mikið ölvaður og lenti í áðurgreindum átökum, en vitnið vissi ekki, hvernig það atvikaðist. Áttust þeir síðan aðallega við Borgþór og annar þeirra feðga. Vitnið kveðst aðeins hafa stanzað þarna stutta stund og haldið síðan leiðar sinnar, og sá því ekki meira af viðureign þessari. Vitnið segist hafa veitt því athygli á dansleiknum, að Magnús og Jón voru þar mikið ölvaðir.

Vitnið Einar Þorsteinsson rakarameistari, Vestmannabraut 35, ber, að það hafi heyrt mikil læti fyrir utan hús sitt um það leyti, sem dansleiknum var að ljúka. Heyrðist vitninu einhver kalla á hjálp. Vitnið leit út um glugga og sá allmarga menn í þvögu við Nýja Bíó-húsið hinum megin við götuna. Taldi vitnið víst, að þar væru menn í áflogum, en ekki sá vitnið þó nein áflog, enda var þvagan nokkuð langt í burtu. Vitnið hringdi þá til lögreglunnar, og komu lögregluþjónarnir fljótt á staðinn, og fylgdist vitnið síðan ekki frekar með því, sem þarna fór fram.

Vitnið Sigurgeir Kristjánsson lögregluþjónn skýrir svo frá, að Einar Þorsteinsson rakarameistari hafi hringt á lögreglustöðina kl. 02.30 og tilkynnt, að ryskingar ættu sér stað á Vestmannabraut á móts við Nýja Bíó. Vitnið fór á staðinn ásamt Óskari Einarssyni

lögregluþjóni. Þar voru ákærðu Borgþór og Þorsteinn og þeir feðgar Magnús og Jón. Ekki voru mennirnir í átökum, en voru að rífast og einkum þó Borgþór og þeir feðgar. Jón og Magnús voru allæstir, og fylgdi vitnið þeim til skips.

Vitnið Óskar Einarsson lögregluþjónn ber, að er það og Sigurgeir komu að Nýja Bíó, hafi ákærði verið þar ásamt feðgunum Magnúsi og Jóni. Borgþór og Magnús voru í erjum, en Þorsteinn stóð þar hjá aðgerðarlaus. Vitnið segir, að Borgþór hafi verið mjög drukkinn, en kveðst ekki hafa séð vín á Þorsteini. Að sögn vitnisins voru Magnús og Jón töluvert drukknir.

Ákærði Þorsteinn Gunnarsson kveðst hafa gengið að heiman frá sér sunnudaginn 28. ágúst og haldið vestur Vestmannabraut. Hann kveðst ekki hafa bragðað áfengi. Þegar hann kom að Nýja Bíó, sá hann hvar menn voru í áflogum. Mætti fór að huga að þessu og sá hvar tveir menn, sem hann þekkti ekki, voru í áflogum við Borgþór Árnason. Borgþór var sýnilega mikið drukkinn, að sögn Þorsteins, og var í átökum við annan manninn, en hinn maðurinn stóð fyrir aftan Borgþór og var að reyna að hrinda Borgþóri frá eða ná tökum á honum. Þorsteinn kveðst hafa gengið að manni þessum og kippt honum frá Borgþóri og minnir, að hann tæki í axlir mannsins. Segist Þorsteinn hafa spurt manninn, hvað hann væri að skipta sér af því, þótt hinir tveir væru í áflogum. Maðurinn, sem reyndist vera Jón Magnússon vélstjóri, brást illa við þessu og kvaðst hafa slegið Þorstein áður og gæti hann eins gert það aftur. Kveður Þorsteinn Jón síðan rokið á sig, og tók Þorsteinn þá á móti. Þorsteinn segist hafa náð „haustaki" á Jóni og hélt honum þannig, án þess að leggja hann í götuna. Í þessum svifum kom hinn maðurinn, Magnús Jónsson, til þeirra og segir Þorsteinn, að Magnús hafi ætlað í sig og sló Þorsteinn til hans og kom höggið á brjóstkassa Magnúsar. Hörfaði Magnús þá frá og skipti sér ekki meira af Þorsteini. Jón og Þorsteinn duttu í götuna í þessum sviptingum að sögn Þorsteins. Kveðst Þorsteinn hafa dottið aftur fyrir sig og lenti Jón ofan á hann og þannig láu þeir, unz einhverjir menn, sem að komu, tók Jón ofan af honum. Þorsteinn neitar því að hafa slegið Jón í þessum átökum. Hann kveðst ekki hafa orðið fyrir neinum meiðslum eða fataskemmdum í átökum þessum.

Ákærði Borgþór Árnason skýrir svo frá, að hann hafi gengið vestur Vestmannabraut umrædda nótt um kl. 02.30. Hann kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis, en þó ekki mikið. Þegar hann kom að sundinu milli Apóteks Vestmannaeyja og Nýja Bíó, kveðst

hann hafa séð tvo menn í áflogum við Þorstein Gunnarsson. Menn þessir voru Magnús Jónsson skipstjóri og sonur hans. Borgþór segir, að þeir feðgar hafi legið ofan á Þorsteini, er hann kom þar að, og kveðst strax hafa skorizt í leikinn og beðið þá að hætta áflogunum, og segir þá hafa hætt þeim rétt strax fyrir hans orð. Borgþór hefur eindregið neitað því að hafa lagt hendur á Jón og Magnús og kveðst ekki vita, hvernig átökin byrjuðu.

Hefur nú verið rakið það í framburði ákærða og vitna, sem talið er skipta máli í þessu sambandi.

Þrátt fyrir ýtarlega eftirgrennslan lögreglunnar, hefur ekki tekizt að hafa upp á fleiri vitnum í málinu.

Svo sem framangreindir framburðir bera með sér, hefur ekki tekizt að upplýsa nægilega, hvernig margnefnd átök byrjuðu og hvernig þeim var að öðru leyti háttað í verulegum atriðum. Þegar til þess er litið, að Magnús, Jón og ákærði Þorsteinn Gunnarsson hafa allir borið, að ákærði Borgþór Árnason hafi verið í átökum við Magnús Jónsson, að ákærði Borgþór var mikið ölvaður og að ekkert liggur fyrir í málinu, sem bendi til þess, að Magnús gæti hafa hlotið nefnda áverka vegna annarra atvika, verður að telja næga sönnun framkomna fyrir því, þrátt fyrir neitun ákærða, að hann sé valdur að áverkum þeim, er Magnús Jónsson hlaut nefnda nótt. Hefur ákærði Borgþór Árnason með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem greint er í ákæruskjali.

Ekki eru aðrir til frásagnar um átök ákærða Þorsteins Gunnarssonar og Jóns Magnússonar en þeir tveir. Rétturinn lítur svo á, að með því að ákærði Þorsteinn hefur viðurkennt að hafa verið í átökum við Jón í samrætt sinn og upplýst er, að Jón var með áverka að viðureigninni lokinni, verði að telja nægilega upplýst, að ákærði Þorsteinn Gunnarsson sé valdur að nefndum áverkum á Jóni og hafi hann með því gerzt brotlegur við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með framferði sínu.

Þykir refsing ákærða Borgþórs Árnasonar samkvæmt 218. gr. menna hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 20 daga varðhald, en fresta þykir mega fullnustu refsingarinnar og láta hana niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, verði skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldin.

Refsing ákærða Þorsteins Gunnarssonar þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga 800 króna sekt til

ríkissjóðs og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Magnús Jónsson hefur krafizt þess, að ákærði Borgþór Árnason verði dæmdur til að greiða honum 5.000 krónur í bætur fyrir miska, líkamsmeiðsl og fataskemmdir svo og kr. 10.000.00 í bætur fyrir atvinnutjón. Krafa þessi er ósundurliðuð og órökstudd og hefur ekki verið úr því bætt, þótt Magnúsi væri gefinn kostur á því. Verður því að vísa kröfunni frá dóminum.

Jón Magnússon hefur gert þá kröfu, að ákærði Þorsteinn Gunnarsson verði dæmdur til að greiða honum kr. 4000.00 í bætur fyrir læknishjálp, fataskemmdir og miska. Þar eð krafa þessi er ósundurliðuð og órökstudd og hefur ekki verið úr því bætt, þótt Jóni væri gefinn kostur á, verður því að vísa henni frá dóminum.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til skipaðs sækjanda, Friðþjófs G. Johnsens hdl., kr. 1000.00 og málsvarnarlaun til skipaðra verjenda, Jóns Hjaltasonar hdl. og Jóns Eiríkssonar hdl., kr. 800.00 til hvors.

Töluverður dráttur hefur orðið á rekstri málsins, sem stafar fyrst og fremst af því, að kærendurnir Magnús Jónsson og Jón Magnússon eru báðir sjómenn búsettir á Ísafirði og hefur oft verið vandkvæðum bundið að ná til þeirra. Þá eru ákærðu báðir starfandi sjómenn og hafa oft verið lengi fjarverandi vegna atvinnu sinnar.

Dómsorð:

Ákærði Borgþór Árnason sæti varðhaldi í 20 daga, en fullnustu refsingar hans skal frestað og niður skal hún falla að 2 ár liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldin.

Ákærði Þorsteinn Gunnarsson greiði 800 kr. sekt til ríkissjóðs og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Skaðabótakröfum Magnúsar Jónssonar og Jóns Magnússon er vísað frá dóminum.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Friðþjófs G. Johnsens hdl., kr. 1000.00 og málsvarnarlaun skipaðra verjenda, Jóns Hjaltasonar hdl. og Jóns Eiríkssonar hdl., kr. 800.00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. apríl 1958.

Nr. 29/1958. **Ákæruvaldið** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Guðmanni Skæringssyni
(Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, Theódór S. Georgsson, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að refsing ákærða ákveðst 2000 króna sekt, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmann Skæringsson, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar og Vilhjálms Jónssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 8. nóvember 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. mán., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Guðmanni Skæringssyni verkamanni, Vesturvegi 5 í Vestmannaeyjum, með ákæruskjali útgefnu af dómsmálaráðherra 29. marz 1957 „fyrir að hafa síðdegis sunnudaginn 30. september s.l., ekið bifreiðinni V 158 frá Laugavatni áleiðis til Reykjavíkur, þótt hann væri undir áhrifum áfengis, svo og fyrir að hafa ekið bifreiðinni án nægjanlegrar aðgæzlu umrætt sinn með þeim afleiðingum, að bifreið hans lenti utan í bifreiðinni G. 1349, sem stóð á Suðurlandsvegi skammt frá Lögbergi, á hægri vegarbrún frá ákærða séð." Telst þetta varða við 1. mgr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. og 1. gr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Að því er aksturinn varðar, er mál þetta til vara höfðað gegn ákærða fyrir að hafa verið svo miður sín sökum undanfarandi áfengisneyzlu, að hann gat eigi stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt, en það telst varða við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga."

Ákærist því framangreindur Guðmann Skæringsson til að sæta refsingu samkvæmt 45. gr. laga nr. 58/1954, 38. gr. laga nr. 23/1941 sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 og 14. gr. laga nr. 24/1941, til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. nóvember 1925 að Rauðafelli, Austur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1950 16/3 Vestmannaeyjar. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1953 16/7 Vestmannaeyjar. Sátt, 160 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 18/6 Áminning. Sekt fyrir ölvun og óspektir.
1956 16/5 Áminning. Dómur 1000 kr. sekt, sviptur rétti til ökuleyfis í 6 mánuði fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 30. september kl. 21.30 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að bifreiðaárekstur hefði orðið við Lögberg. Lögreglan fór þegar á staðinn og kom í ljós, að bifreiðin V 158, sem kom akandi að austan, hafði rekizt á bifreiðina G 1349, þar sem hún stóð á Austurlandsvegi fyrir framan Lögberg. Afturhögghlíf

G 1349 brotnaði af við áreksturinn og hægra afturbretti dældaðist. Hægra frambrettið á V 158 dældaðist, en aðrar skemmdir urðu ekki á bifreiðinni. Lögregluþjónarnir, sem komu á staðinn, urðu þess fljótlega varir, að bifreiðarstjórinn á V 158, ákærði Guðmann Skæringsson, myndi hafa neytt áfengis, þar sem hann var dapur til augnanna og áfengislykt af honum. Var farið með ákærða niður á lögreglustöð og tekið þar úr honum blóðsýnishorn. Ákærði viðurkenndi þar að hafa um kl. 13.00 þá um daginn drukkið þrjá bolla af kaffi, sem koníaki hefði verið blandað í.

Vitnið Hallgrímur Pétursson verkamaður, Stóra-Ási, Seltjarnarnesi, ber, að það hafi stöðvað bifreið sína G 1349 á Suðurlandsvegi hjá Lögbergi. Vél bifreiðarinnar var í gangi, og sat vitnið undir stýri. Kveikt var á lægri ljósum bifreiðarinnar. Vitnið kveðst hafa séð bifreiðina V 158 hafa komið akandi á talsverðri ferð, að því er vitninu virtist, í áttina að bifreið vitnisins. Skipti það síðan engum togum, að bifreiðin rakst á hægra afturbretti bifreiðar vitnisins. Ákærði, sem ók bifreiðinni V 158, stöðvaði bifreið sína nokkurn spöl frá bifreið vitnisins. Vitnið kveðst hafa fundið daufa áfengislykt úr bifreið ákærða, en segist ekki hafa séð áfengisáhrif á ákærða.

Vitnið Leifur Jónsson lögregluþjónn, sem kom á staðinn eftir áreksturinn, ber, að það hafi fundið áfengislykt af ákærða, er hann kom inn í lögreglubifreiðina, enda viðurkenndi ákærði að hafa drukkið fyrr um daginn. Vitnið kveðst ekki þora að fullyrða neitt um það, hvort ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis.

Vitnið Gísli Guðmundsson lögregluþjónn kveðst telja, að ákærði hafi verið lítilsháttar undir áhrifum áfengis, er hann var handtekinn. Vitnið kveður útlit ákærða hafa bent til þess. Var óeðlilegur roði í andliti ákærða og hann rauður til augnanna. Þá kveðst vitnið hafa fundið vínlykt af ákærða.

Vitnið Ólafur Guðmundsson lögregluþjónn, sem yfirheyrði ákærða kvöldið, sem hann var handtekinn, kveðst ekki þora að fullyrða um það, hvort ákærði var með áfengisáhrifum eða ekki, en segir ákærða hafa verið voteygðan, rauðan til augna og rjóðan í andliti. Hins vegar var ákærði öruggur í gangi og málfar hans var skýrt.

Vitnið Guðmundur Sigurbergsson, Selfossi, ber, að ákærði hafi beðið sig að koma með honum í bifreið hans til Reykjavíkur, en vitnið var þá á Laugarvatni. Vitnið segir, að þeir hafi síðan haldið til Reykjavíkur með viðkomu á Selfossi. Ákærði ók bifreiðinni. Rétt neðan við Lögberg rakst bifreiðin á bifreiðina G 1349, sem

vitninu virtist vera nokkuð innarlega á veginum. Vitnið kveðst hafa haft áfengi með sér í bifreiðinni og drakk það eitthvað af því á leiðinni til Reykjavíkur. Vitnið neitaði því, að ákærði hafi neytt áfengis í bifreiðinni.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi verið að koma á bifreið sinni V 158 frá Laugarvatni áleiðis til Reykjavíkur, er bifreið hans rakst á bifreiðina G 1349 við Lögberg. Ákærði kveðst ekki hafa séð, er hann nálgaðist hina bifreiðina, hvort hún var á ferð eða ekki. Ákærði kveður afturhluta G 1349 hafa verið meira inn á götunni en framhluti bifreiðarinnar og segist ekki hafa varað sig á þessu. Rakst hægra framhorn V 158 utan í hægra afturbretti G 1349 og endann á afturhögghlíf bifreiðarinnar. Ákærði kveðst hafa ekið eftir miðjum veginum með 30 km. hraða á klst., er áreksturinn varð. Ákærði kveðst hafa drukkið þrjá bolla af kaffi blandað saman við koníak um kl. 13.00 þennan dag. Ákærði kveðst hafa fundið til áfengisáhrifa, eftir að hann hafði drukkið þessa þrjá bolla, en segir, að áhrifin hafi liðið hjá eftir skamma stund og hélt ákærði, að hann væri alveg laus við áfengið kl. 17.00, er hann ók bifreið sinni áleiðis til Reykjavíkur. Ákærði neitar því að hafa neytt áfengis í bifreiðinni eða hafa fundið til áfengisáhrifa, eftir að hann fór að aka bifreiðinni. Hann kveður vitnið Guðmund Sigurbergsson hafa haft áfengi um hönd í bifreiðinni og geti það skýrt áfengislyktina, sem vitnið Hallgrímur Pétursson taldi sig finna úr bifreið ákærða.

Í blóðsýnishorni úr ákærða fundust reducerandi efni, sem samsvara 0.87‰ af alkóhóli.

Samkvæmt atvikalýsingu hér að framan telst, þrátt fyrir alkóhólmagnið í blóði ákærða, er hann var handtekinn, ekki nægilega sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni V 158 frá Laugarvatni áleiðis til Reykjavíkur 30. september 1956, enda hefur ekkert vitnanna, sem sáu ákærða eftir margnefndan árekstur, þorað að fullyrða, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis. Ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot á 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Hins vegar verður að telja nægilega sannað, að ákærði hafi verið svo miður sín umrætt sinn sökum undanfarandi áfengisneyzlu, að hann hafi eigi getað stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt. Hefur ákærði því með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur við 3. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941

og 2. gr. og 2. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, svo sem greint er í ákæruskjali.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, og 14. gr. umferðarlaga og með tilliti til þess, að hann hefur áður verið dæmdur fyrir að aka bifreið undir áhrifum áfengis, hæfilega ákveðin 3000 kr. sekt til ríkissjóðs og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 3 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmann Skæringsson, greiði 3000 kr. sekt til ríkissjóðs og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur réttindum til að aka bifreið í 3 ár frá birtingu dómsins að telja, og frestar áfrýjun dómsins ekki verkun hans að því leyti.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 700.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 5. maí 1958.

Nr. 108/1957. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Sigurgeiri Kristjánssyni
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 18. júní 1957 og skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí s. á. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. maí 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst áfrýjandi þess, að kostnaður hans af málinu, þ. á. m. málsvarnarlaun umboðsmanns hans fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, verði greiddur úr ríkissjóði, sbr. 3. tölulið 154. gr. laga nr. 27/1951, enda þótt gjafsóknarleyfi hafi eigi verið gefið út honum til handa.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.500.00.

Eigi eru efni til að taka til greina kröfu áfrýjanda um greiðslu málskostnaðar úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði stefnda, Sigurgeiri Kristjánssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. nóvember 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., hefur Helgi Benediktsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. maí 1954, gegn Gunnari A. Pálssyni setudómara, Blómvallagötu 13, hér í bæ, Sigurgeiri Kristjánssyni lögregluþjóni, Boðaslóð, og Torfa Jóhannssyni bæjarfógeta, Sólhlíð, báðum í Vestmannaeyjum, til greiðslu in solidum á skaðabótum fyrir líkamsspjöll og varanleg meiðsli, ásamt sársauka og miska, er því var samfara, að fjárhæð kr. 72.000.00, auk 6% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaði að mati dómarans.

Stefndi Gunnar A. Pálsson krafðist þess, að málinu yrði vísað frá dómi, að því er hann varðaði. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 27. október 1954 var málinu vísað frá dómi, að því er hann varðaði, og var sá dómur staðfestur með dómi Hæstaréttar 17. nóvember s. á.

Stefndi Torfi og Sigurgeir hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá kröfum sínum á hendur stefnda Torfa, en krafðist skaðabóta úr hendi stefnda Sigurgeirs að fjárhæð kr. 25.000.00, auk vaxta og málskostnaðar, eins og krafizt er í stefnu.

Stefndi Torfi krafðist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavexti kveður stefnanda þá, að í júlímánuði 1953 hafi stefndi Gunnar Pálsson haldið dómþing í máli, sem ákæruvaldið hafði höfðað á hendur sér. Að fyrirskipan stefnda Gunnars hafi stefndi Sigurgeir með valdi flutt hann í dómþingið, þannig að hann hafi snúið hendur hans aftur fyrir bak og ýtt honum inn í dómsalinn. Er inn í dómsalinn var komið, hafi stefnandi tekið lítið viðbragð. Við það hafi Sigurgeir misst tak sitt og þá snúið upp á þumalfingur vinstri handar hans með þeim afleiðingum, að þumalfingurinn er varanlega liðhlaupinn og hendin lítt nothæf.

Eins og fyrr greinir, hefur stefnandi fallið frá kröfum á hendur stefnda Torfa, en hinn síðarnefndi hefur krafizt málskostnaðar. Þykir verða að telja stefnda Torfa eiga rétt til málskostnaðar úr hendi stefnanda. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að stefndi Sigurgeir hafi á óforsvaranlegan hátt framkvæmt starf sitt við að færa hann í dómþingið og beri hann því fébótaábyrgð á því tjóni, er stefnandi varð fyrir. Hefur stefnandi lagt fram tvö læknisvottorð. Hið fyrra frá Ólafi Halldórssyni lækni, dagsett 24. apríl 1954, en þar segir:

„Samkvæmt beiðni Helga Benediktssonar hef ég litið á v. þumalfingur hans. Í art. metacarpophalangea pallicis sin. er hægt að yfirextendera mjög áberandi fingurinn, sem ekki er hægt á h. þumli. Virðist þetta stafa af áverka. Hann telur notagildi v. handar allverulega rýrt, sem ekki virðist óeðlilegt, og kemur einkum fram, er hann tekur á hlut milli þumals og vísifingurs, en þá kemur spontant hin umtalaða yfirextension og veldur því, að hann missir tangarhald á hlutnum. Einnig kvartar hann um sársauka í liðnum, er fingurinn yfirextenderast." Í hinu síðara vottorði, sem er frá Baldri Johnsen héraðslækni, dagsettu 26. apríl 1954, segir m. a.: „Við skoðun á vinstri þumalfingri kom í ljós óeðlilegur hreyfanleiki í efri eða aðal þumalfingursliðnum, þannig að hægt var að beygja hann aftur (extender í ca. 100 gráðu horn). Að öðru leyti var ekkert við fingurinn að athuga. Aftursveigja hægri þumalfingurs var eðlileg, ca. 160 gráður. Röntgenmynd af v. þumalfingri sýndi ekkert athugavert við bein, spec. engin merki um ársgamalt brot, en liðbilið var stækkað, og þar með capsulan óeðlilega víð."

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi á engan hátt beitt harðræði við stefnanda, er hann flutti hann í dómsalinn. Hafi hann fært framhandlegg stefnanda aftur fyrir bak honum, þannig að framhandleggurinn hafi myndað rétt horn um olnbogann. Hafi hann aldrei fært handlegginn í óþægilega stöðu og ekkert snúið upp á hann. Hafi hann haldið um úlnlið stefnanda, en aldrei tekið um fingur hans og hljóti þeir því að vera óskemmdir af hans völdum. Hefur stefndi Sigurgeir lagt fram viðbótarvottorð frá fyrrgreindum læknum. Í viðbótarvottorði Ólafs Halldórssonar, dagsettu 26. maí 1954, segir: „Í framhaldi af vottorði vegna fingurs Helga Benediktssonar vil ég taka fram, að ómögulegt er að ákvarða, hvenær þessi breyting á liðnum hefur skeð. Gæti það alveg eins hafa skeð fyrir 50 árum eins og nú." Í viðbótarvottorði Baldurs Johnsens, dagsettu 12. október 1954, segir: „Samkvæmt fyrirspurn skal fram tekið, að, eins og vottorðið raunar ber með sér, er ómögulegt að fullyrða neitt um orsakir hins óeðlilega hreyfanleika vinstri þumalsfingurs H. B. né hversu gamalt fyrirbrigðið kunni að vera."

Samkvæmt því, sem rakið er hér að framan, hafa liðið um níu mánuðir frá því stefnandi kveður sig hafa orðið fyrir umræddum meiðslum og þar til hann vitjar lækna vegna þeirra. Enn fremur verður ekki ráðið samkvæmt framangreindum vottorðum læknanna, hvenær meiðslin hafi átt sér stað. Með tilliti til þessa þykir

stefnandi ekki gegn eindregnum mótmælum stefnda Sigurgeirs hafa fært sönnur að því, að meiðslin séu af völdum stefnda Sigurgeirs, er hann færði stefnanda í dómþing í júlímánuði 1953. Verður því þegar af þeirri ástæðu eigi unnt að taka kröfu stefnanda til greina í málinu, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Niðurstaða dóms þessa verður því sú, að stefndi Sigurgeir á að vera sýkn af kröfum stefnanda. Stefnandi verður dæmdur til að greiða stefnda Torfa kr. 300.00 í málskostnað, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurgeir Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Helga Benediktssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda, Torfa Jóhannssyni, kr. 300.00 í málskostnað. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. maí 1958.

Nr. 100/1957. **Björn Mekkinósson**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Vigfúsi Sigurðssyni
og
Sigurbjarti Vilhjálmssyni
(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Endurgreiðslukrafa. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1957. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefur því verið haldið fram af hálfu hinna stefndu, að þeir hafi aðeins tekið við skuldakröfunum á hendur Magnúsi Guðmundssyni í innheimtuskyni, en ekki sem endanlegri greiðslu á andvirði bifreiðarinnar. Í kröfubréfi því, er lögfræðingur stefndu sendi áfrýjanda 7. október 1955, er því hins vegar lýst, að hluti af kaupverði bifreiðarinnar hafi verið greiddur með skuldakröfunum, og sama orðalag er haft í héraðsstefnu. Ofangreind málsástæða er ekki höfð uppi í greinargerð stefndu í héraði, og ekki verður séð, að hún hafi komið fram við munnlegan málflutning þar. Verður því að telja þessa málsástæðu of seint fram komna hér fyrir dómi gegn andmælum áfrýjanda.

Áfrýjandi hafði átt og haft í fórum sínum frá því sumarið 1954 skuldaskilríki þau á hendur Magnúsi Guðmundssyni, sem hann afhenti stefndu í sambandi við bifreiðarkaupin

hinn 15. júní 1955. Sannað er í máli þessu, að Magnús Guðmundsson var kominn í stórfelld vanskil við lánardrottna sína þegar á árinu 1954 og að hann var kominn í alger greiðsluþrot snemma í júnímánuði 1955. Áfrýjandi, sem var kunningi Magnúsar, hafði tvívegis á árinu 1955 reynt að koma af sér skuldakröfunum á Magnús í viðskiptum við aðra aðilja, en án árangurs. Af þessu og öðrum atvikum málsins, sem rakin eru í héraðsdómi, er ljóst, að áfrýjandi hefur ekki gengið þess dulinn, þegar kaupin gerðust, að skuldakröfurnar á hendur Magnúsi voru lítils eða einskis virði. Þrátt fyrir það gat hann þess að engu við stefndu, hvernig högum Magnúsar var komið. Ber því með skírskotun til 30. gr. laga nr. 7/1936 að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Björn Mekkínósson, greiði stefndu, Vigfúsi Sigurðssyni og Sigurbjarti Vilhjálmssysni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Svo sem í héraðsdómi segir, seldu stefndu í júní 1955 áfrýjanda bifreið, G 908, fyrir kr. 25.000.00. Fyrir kr. 21.260.00 afhenti áfrýjandi þeim „víxla", sem nafngreindur þriðji maður hafði samþykkt, en „víxlarnir" voru þá útgefnir og án útgáfudags. Eigi hefur tekizt að innheimta víxla þessa, og sækja stefndu því áfrýjanda til greiðslu á þeim hluta bílverðsins, sem greiðast skyldi með víxlunum, auk kostnaðar af málaferlum stefndu á hendur víxilsamþykkjanda, alls kr. 22.860.00, auk 6% vaxta frá 14. nóvember 1955.

Stefndu hafa m. a. stutt mál sitt þeim rökum í Hæstarétti,

að þeir hafi eigi tekið við „víxlunum“ á hendur hinum nafngreinda manni sem fullnaðargreiðslu án tillits til greiðslugetu hans. Þar sem hann hafi reynzt ógjaldfær, sé sá hluti bílverðsins, sem greiða skyldi með „víxlunum“, enn ógreiddur. Það þykir mega leggja dóm á þessa varnarástæðu samkvæmt analogiu 113. gr. laga nr. 85/1936. Eigi hafa verið færðar sönnur á það af hendi áfrýjanda, að stefndu hafi tekið „víxlunum“ sem fullnaðargreiðslu á andvirði bílsins. Víxlarnir reyndust óinnheimtanlegir. Áfrýjandi hefur því enn eigi staðið skil á andvirði bílsins. Eiga stefndu þannig kröfu á hendur áfrýjanda til þess og svo kostnaðar af málaferlum vegna víxlanna.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, er ég samþykkur niðurstöðu hæstaréttardómsins.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 19. marz 1957.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 31. október 1955, af Vigfúsi Sigurðssyni forstjóra og Sigurbjarti Vilhjálmssyni trésmið, báðum hér í bæ, gegn Birni Mekkinóssyni, Skólabraut 15, Seltjarnarnesi, til greiðslu á kr. 20.360.00 auk 6% ársvaxta frá birtingardegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins leiðrétti umboðsmaður stefnenda samlagningarskekkju að upphæð kr. 2.500.00, sem stefnukrafan á að hækka um, í kr. 22.860.00, og samþykkti umboðsmaður stefnda þá leiðréttingu.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra.

Málavextir eru þessir:

Í júnímánuði 1955 seldu stefnendur máls þesa stefnda Birni Mekkinóssyni bifreið sína G 908 fyrir kr. 25.000.00.

Af kaupverðinu segja stefnendur, að kr. 21.260.00 hafi verið greitt með víxlum, sem Magnús Guðmundsson, kaupmaður í Reykjavík, hafði skrifað nafn sitt á sem samþykkjandi, en víxlar þessir voru þá óútgefnir og án útgáfudags.

Víxlarnir voru ekki greiddir á réttum gjalddögum og engin greiðsla hefur fengizt á þeim síðar, þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Stefnendurnir reyndu þá að fá stefnda til að leysa til sín aftur víxla þessa, en þar sem hann neitaði að verða við því, hafa þeir

höfðað mál þetta til greiðslu á kr. 21.260.00, sem er upphæð umræddra víxla, og innheimtukostnaði við dóm og fjárnám hjá Magnúsi Guðmundssyni, kr. 1.600.00, eða samtals kr. 22.860.00, sem er dómkrafan í máli þessu.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að hér hafi verið um að ræða svik af hálfu stefnda, sbr. 30. eða 32. gr. laga nr. 7/1936, því stefnda hafi verið fullkunnugt um, að Magnús Guðmundsson, samþykkjandi umræddra víxla, hafi verið „insolvent", þegar kaup þessi gerðust. Hafi stefndi keypt bifreiðina af stefnendum eingöngu í þeim tilgangi að koma víxlum þessum inn á þá, enda selt bifreiðina aftur nokkrum dögum síðar með halla. Hins vegar hafi stefndi talið samþykkjanda víxlanna í viðtali öruggan og látið ógetið, að hann vildi ekki gefa þá út.

Af hálfu stefnda er haldið fram, að stefnendur hefðu þekkt Magnús Guðmundsson og verið fúsir að taka umrædda víxla, eins og þeir voru, sem hluta af andvirði bifreiðarinnar.

Stefndi hefði tekið fram, að hann vildi ekki ábyrgjast greiðslu víxlanna og því ekki gefið þá út. Hins vegar hefði hann að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að víxlarnir yrðu greiddir í gjalddaga, því stefnda hefði alls ekki verið kunnugt um greiðsluvandræði hjá samþykkjanda um það leyti. Stefndi hefði þekkt Magnús Guðmundsson vel, frá því þeir voru bekkjarbræður í Verzlunarskóla Íslands. Þeir hefðu átt nokkur viðskipti saman og stefndi oft áður átt víxla á hendur Magnúsi og jafnan fengið þá greidda, og síðast í ársbyrjun 1954, að hann minnti.

Þá mótmælti stefndi sérstaklega, að Magnús Guðmundsson hafi verið „insolvent", er umrædd viðskipti áttu sér stað, og ekkert liggi fyrir um það enn, að hann sé „insolvent", því bú Magnúsar hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Þá skal vikið að öðrum upplýsingum, sem fram hafa komið og máli skipta.

Þann 2. júní 1955 fór fram fjárnám hjá Magnúsi Guðmundssyni fyrir sáttum að upphæð kr. 16.500.00, auk vaxta og kostnaðar. Voru þá skrifaðir upp þessir munir í verzluninni Áhöld: Peningaskápur, peningakassi, búðardiskar, veggskápur og ritvél, enda mun verzluninni hafa verið lokað eftir þetta.

Þann 26. apríl 1956 fór fram árangurslaust fjárnám hjá sama Magnúsi Guðmundssyni fyrir dómsskuld vegna tveggja fyrrgreindra víxla, kr. 5.000.00, og gat Magnús þá hvorki greitt né vísað á neinar eignir.

Sumarið 1954 hafði Magnús Guðmundsson keypt af stefnda bif-

reið á 40 þús. kr., að Magnús minnti, og var andvirði bílsins greitt með víxlum, þar á meðal víxlum þeim, sem um er að ræða í máli þessu.

Síðari hluta aprílmánaðar 1955 gerði stefndi tilraun til að losna við víxla þessa sem greiðslu í sambandi við húsakaup, sem hann hugði á, en það strandaði á, að stefndi vildi hvorki ábyrgjast víxlana sjálfur né útvega ábyrgðarmann á þá, sem seljandi hússins tæki gilda.

Svo sem mánuði áður en kaup þau gerðust, sem mál þetta snýst um, reyndi stefndi aftur að koma út víxlunum. Stóð hann í samningum um bílakaup, en vildi greiða kaupverðið, kr. 40 eða 45 þús., að verulegu leyti með umræddum víxlum, en ekki varð úr kaupum, vegna þess að seljanda leizt ekki á víxlana, enda voru víxlarnir þá óútgefnir, en stefndi neitaði að gefa þá út.

Upplýst er í málinu, að stefndi hefur verið fastur áskrifandi að Kaupsýslutíðindum frá því um haustið 1954.

Eru lögð fram sex mismunandi tölublöð, sem út komu á tímabilinu 25. september 1954 til 14. júní 1955, og eru birtir þar skuldadómar á hendur Magnúsi Guðmundssyni eða verzluninni Áhöld, sem hann átti, einn í hverju blaði, nema þrír í blaðinu, sem kom út 6. október 1954.

Í máli þessu er og upplýst, að lögfræðingur Magnúsar Guðmundssonar hafði leitað nauðasamninga fyrir hann í ágústmánuði 1955, en það mun ekki hafa borið árangur.

Þá hefur stefndi skýrt svo frá, að hann hafi selt aftur bifreið þá, er hann keypti af stefnendum nokkrum dögum síðar, fyrir svipað eða sama verð og hann hafði keypt hana, því hann hafi talið, að bifreiðin mundi ekki henta sér.

Af því, sem hér hefur verið rakið um efni málsins, telur dómarinn fram komnar ástæður til að ætla, að stefndi hafi haft vitneskju um, að víxlar þeir, sem hann greiddi mikinn hluta af andvirði umræddrar bifreiðar með, væri ótrygg greiðsla, en hann mátti vita, að kaupin byggðust á því af hálfu seljanda, að um örugga greiðslu væri að ræða, og ber því með vísan til 30. gr. sbr. 32. gr. laga nr. 7/1936 að dæma stefnda til endurgreiðslu umræddra víxla, kostnaðar og vaxta, eins og dómkrafan hljóðar, enda enginn ágreiningur um hana reikningslega.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Björn Mekkinósson, greiði stefnendunum, Vigfúsi Sigurðssyni og Sigurbjarti Vilhjálmssyni, kr. 22.860.00, auk 6% ársvaxta frá 14. nóvember 1955 til greiðsludags og kr. 2.000.00 í málskostnað allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. maí 1958.

Nr. 178/1957. **Högni Jónsson** (sjálfur)
gegn
Hólmfríði Kristjánsdóttur. (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1957. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir dóm í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinum áfrýjaða dómi, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Stefndi hafði áfrýjað málinu af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera héraðsdóminn undir Hæstarétt. Er því rétt að dæma áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda, er ákveðst kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi, Hólmfríður Kristjánsdóttir, greiði áfrýjanda,

Högna Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. september 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. f. m., hefur Högni Jónsson hdl., hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 26. febrúar s.l. gegn Hólmfríði Kristjánsdóttur, Kjartansgötu 8, hér í bænum, til greiðslu á víxilskuld að fjárhæð kr. 34.500.00 með 7% ársvöxtum frá 16. nóvember 1956 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnaði að mati dómarans.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 34.500.00, útgefnum af Brandi Brynjólfssyni, Baldursgötu 12, hinn 16. október 1956 og samþykktum af stefndu til greiðslu hinn 16. nóvember 1956.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi máls þessa sé ekki eigandi umræddrar kröfu, heldur sé útgefandi víxilsins, Brandur Brynjólfsson lögfræðingur, hér í bæ, eigandi hennar. Kveður umboðsmaður stefnda stefnanda hafa tjáð sér þetta. Þá reisir stefndi sýknukröfu sína jafnframt á því, að efni víxilsins sé ekki rétt. Kveður hún hvorki stefnanda né neinn annan vera heimildarmann að víxli þessum og sé hér eigi um að ræða neina kröfu á hendur henni, þrátt fyrir efni víxilsins. Í greinargerð stefnda er því lýst yfir, að hún hafi þegar kært meðferð víxilsins til sakadómarans í Reykjavík og krafizt rannsóknar á tilorðningu hans og öðru, er meðferð víxilsins varðar.

Með úrskurði, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 27. maí s.l., var stefndu synjað um frekari frest til að leggja fram endurrit af framangreindri sakadómsrannsókn. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum hinn 22. júní s.l., var þessi úrskurður bæjarþingsins staðfestur.

Við munnlegan flutning málsins lagði umboðsmaður stefnda fram endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur varðandi rannsókn út af fyrrgreindri kæru stefnda. Lýsti hann því jafnframt yfir, að rannsókn málsins hefði verið haldið áfram og væri enn eigi lokið, en ekki hefði tekizt að afla endurrits af þeirri framhaldsrannsókn.

Við munnlegan flutning málsins gerði umboðsmaður stefnda þá varakröfu, að málinu yrði frestað ex officio um óákveðinn tíma.

Fyrir sakadómi heldur stefndi því fram, að í júní- eða júlímán-

uði 1956 hafi hún ritað samþykki sitt á óútfyllt víxileyðublað og afhent það manni þeim, er tjáði sig vera útgefanda þess, Brandi Brynjólfssyni lögfræðingi. Hafi það átt að vera til framlengingar á víxli að fjárhæð kr. 30.000.00, sem hún hafi talið vera í höndum lögfræðingsins. Síðar hafi komið í ljós, að lögfræðingurinn hafi verið búinn að láta þann víxil af hendi, ásamt tryggingarbréfi, sem honum hafi fylgt. Þá hafi víxileyðublaðið, sem hún hafði ritað samþykki sitt á, en það er víxill sá, sem mál þetta fjallar um, verið fyllt út á annan veg en um hafi verið samið, m. a. hafi fjárhæð sú, sem tilgreind er á víxileyðublaðinu, kr. 34.500.00, aldrei komið til tals milli hennar og lögfræðingsins.

Stefnandi hefur neitað því, að annar sé eigandi hins umstefnda víxils en hann sjálfur.

Þegar virt er það, sem fram er komið við umrædda sakadómsrannsókn, verður ekki talið, að fyrir hendi séu skilyrði 2. mgr. 117. gr. einkamálalaganna til þess að dómarinn fresti málinu af sjálfsdáðum.

Stefnandi hefur formlega löglega heimild að hinum umstefnda víxli og gegn mótmælum hans er það ósannað, að hann sé ekki réttur eigandi víxilsins og þar sem stefndi hefur ekki gegn andmælum stefnanda fært sönnur á varnarástæður þær, sem hún reisir sýknukröfur sínar á, þá verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda kr. 34.000.00 með 7% ársvöxtum frá 16. nóvember 1956 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.200.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt sökum anna við önnur störf í þágu borgardómaraembættisins.

Dómsorð:

Stefndi, Hólmfríður Kristjánsdóttir, greiði stefnanda, Högna Jónssyni, kr. 34.500.00 með 7% ársvöxtum frá 16. nóvember 1956 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 3.200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. maí 1958.

Nr. 37/1958. **Stefán Friðriksson**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Árna J. Hafstað, Sigurði Hafstað, Hauki Hafstað og Halldóri Hafstað (Sigurður Hafstað)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Theódór B. Líndal prófessor og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Landskiptagerð ómerkt.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. marz 1958. Hann krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum gagnáfrýjenda og að yfirskiptagerðin frá 15. júní 1957 sé staðfest svo og að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. apríl 1958, áfrýjað málinu með stefnu 21. s. m.

Þeir krefjast þess, að yfirlandsskiptin frá 15. nóvember 1956 og 15. júní 1957 verði felld úr gildi, að tillit sé tekið við landsskiptin til þess, að Höllin, 45 ha, séu beitiland í eðli sínu og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í Hæstarétti og svo í héraði, eins og málið hefði þar eigi verið gjafsóknarmál.

Samkomulag aðilja frá 15. nóvember 1956, að beitiland Víkur austan Sæmundarár skuli teljast við skiptin 160 ha, var gert fyrirvaralaust, eftir að aðiljum voru kunn ákvæði dóms Hæstaréttar frá 10. janúar 1956. Eru því eigi efni til að fella samkomulag þetta úr gildi. Yfirlandskiptamenn hafa beitt réttri aðferð, er þeir mátu, hversu margra hektara ígildi í Flóagirðingu land þetta skuli teljast, þá er gæði þess eru borin saman við gæði lands í Flóagirðingu. Með sama hætti bar yfirlandskiptamönnum að meta, hversu margra hektara

ígildi í Flóagirðingu allt landið í Höllunum væri, þá er samanburður er gerður á gæðum þessara landspildna, og skipta síðan Flóagirðingunni á grundvelli þeirra eininga, sem þá væru fengnar, þannig að skiptin séu í heild í hlutfallinu 1 handa Glæsibæ og 2 handa Vík, en um skiptingu lands vestan Skagfirðingabrautar er eigi ágreiningur. Þetta hafa yfirlandskiptamenn eigi gert. Verður þegar af þeirri ástæðu að fella yfirlandskiptin frá 15. nóvember 1956 og 15. júní 1957 úr gildi og skylda yfirlandskiptamenn til að framkvæma yfirlandskiptin eftir þeirri aðferð, sem nú var tilgreind.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði staðfestast.

Rétt er, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu í Hæstarétti.

Dómsorð:

Landskiptagerð yfirlandskiptamanna frá 15. nóvember 1956 og 15. júní 1957 á sameiginlegu beitilandi Glæsibæjar og Víkur í svonefndri Flóagirðingu er úr gildi felld og ber yfirlandskiptamönnum að framkvæma skiptin eftir þeim reglum, sem að framan eru greindar.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur merkjadóms Skagafjarðarsýslu 27. desember 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., er höfðað með stefnu 17. ágúst s.l. af Árna J. Hafstað, Sigurði Hafstað, Hauki Hafstað og Halldóri Hafstað, eigendum og ábúendum jarðarinnar Víkur í Staðarhreppi, gegn Stefáni Friðrikssyni, eiganda og ábúanda Glæsibæjar í sama hreppi, til ógildingar landskipta milli téðra jarða. Var málið þingfest í aukadómþingi Skagafjarðarsýslu 17. ágúst s. l. af Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, dómara samkvæmt umboðsskrá, og tóku þeir Snorri Árnason fulltrúi og Sigurður Reynir Pétursson hæstaréttarlögmaður síðan sæti í merkjadómi, er þá tók við málinu, sbr. lög nr. 41/1919. Hafa þeir kveðið upp dóm þenna.

I.

Jarðir þær, sem hér um ræðir, tilheyra ásamt fleiri jörðum og hjáleigum hinni svokölluðu Víkurtorfu í Skagafirði, og er aðaljörðin Vík talin í Johnsens jarðabók 40 hundruð að dýrleika, en Glæsibær 20 hundruð. Landskipti hafa fyrir alllöngu farið fram milli þessara jarða, að því er tún, engi og fleira séreignarland jarðanna snertir, og eru þau merki óumdeild. Hins vegar var sameiginlegu beitilandi jarðanna ekki skipt fyrr en í októbermánuði 1948, er undirlandskipti fóru fram, en þeim skiptum var síðan skotið til yfirskiptanefndar 1949, er vísaði málinu frá sér, þar eð ágreiningur væri um eignarhlutföll hins óskipta lands. Höfðuðu þá eigendur Víkur mál til ógildingar undirlandskiptunum, og féll dómur í héraði 24. september 1953 og því næst í Hæstarétti 10. janúar 1956 með þeim úrslitum, að undirlandskiptunum var rift og jafnframt gefin fyrirmæli um grundvöll nýrra skipta. Fóru nú fram ný undirlandskipti í maí 1956 og því næst yfirlandskipti í nóvember s. á. Loks tók yfirlandskiptalandsnefndin skipti þessi upp á ný í júnímánuði þ. á. Töldu Víkurbændur sig ekki geta unað niðurstöðum yfirlandskiptagerða þessara og höfðuðu því mál þetta.

Land það, sem skipta á, er annars vegar vestan Skagfirðingabrautar, mestmegnis fjalllendi, um 960 ha. að stærð, og enn fremur svonefnd Flóagirðing austan brautar, sem er ræktanlegt beitiland, 90 ha. að stærð. Í rauninni er ekki ágreiningur um að skipta beri fjalllendinu eftir hlutföllunum 2:1 (Vík: Glæsibær), en hins vegar hefur aðiljum ekki komið ásamt um skipti Flóagirðingarinnar. Ber það til m. a., að Hæstiréttur hefur með dóminum 10. janúar f. á. kveðið svo á, að við endanleg skipti hins sameiginlega beitilands jarðanna skuli tekið tillit til þess beitilands, sem áður hefur fallið í hlut hvorrar þeirra við fyrri skipti séreignarlandsins. Kemur þar tvennt til greina, svonefnd Höll, (Glæsibæjarland), austur af Flóagirðingunni, og enn fremur víðáttumikil mýralönd, (Víkurland), milli Sæmundarár og Héraðsvatna. Samkomulag hafði náðst við landskiptin um að telja 160 ha. af Víkurmýrum til beitilands, en hins vegar er ágreiningur um, hvort eða að hve miklu leyti Höllin skuli teljast beitiland og hversu skilja beri dóm Hæstaréttar, að því er það atriði snertir.

Við yfirlandskiptagerðina 1957, eins og endanlega var frá henni gengið, voru 10 ha. í Höllunum talið beitiland, en (160 ha.) beitiland í Víkurmýrum ígildi 80 ha. samsvarandi lands. Varð niðurstaða yfirskiptamannanna síðan á þá leið, miðað við þessar lands-

stærðir, sem og heildarhlutfallið 2:1, að Vík fengi 40 ha. af Flóagirðingunni, en Glæsibær 50 ha., en landinu vestan Skagfirðingabrautar skyldi skipta sérstaklega eftir fyrrgreindum heildarhlutföllum.

Báðir aðiljar þóttust mjög vanhaldnir við landskipti þessi, einkum stefnendur, sem telja, að Vík beri að réttu lagi 72—73 ha. af Flóagirðingunni. Sömuleiðis telur stefndi sig hafa orðið vanhluta við skiptin, þótt hann vildi fyrir sitt leyti eftir atvikum við þau una.

II.

Kröfur aðilja, er báðir hafa fengið gjafsókn í málinu, eru þessar:

Stefnendur krefjast þess, að yfirlandskiptagerðir, dagsettar 15. nóvember 1956 og 15. júní 1957, um beitiland Víkur og Glæsibæjar verði dæmdar ógildar. Enn fremur, að ný skipti verði byggð á því, að öll Höllin, 45 ha. að stærð, verði metin sem bithagi, eins og gert sé ráð fyrir í dómi Hæstaréttar 10. janúar 1956.

Stefndi krafðist þess aðallega, að kröfum stefnanda verði að öllu eða langmestu leyti vísað frá dómi. Til vara krefst stefndi þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda, en sú krafa feli í sér staðfestingu á yfirskiptagerð þeirri, sem fyrir liggi í málinu. Til þrautavara krefst stefndi, að ef komi til nýrra landskipta, verði á því byggt, að Höllin sé að langmestu leyti engi, en ekki bithagi, og að hann verði ekki bundinn af því samkomulagi, að beitiland Víkur austan Sæmundarár sé 160 ha.

Báðir aðiljar krefjast málskostnaðar úr hendi mótaðilja, eins og málið væri ekki gjafsóknar- og gjafvarnarmál.

Ítrekaðar sáttatilraunir voru gerðar með aðiljum, en án árangurs. Áreið fór fram 28. september s.l., sérstaklega á landið milli Skagfirðingabrautar og Héraðsvatna, sem eru þau landsvæði, sem um er deilt einkum og máli skipta.

III.

Stefnendur halda því fram, að Hæstiréttur hafi í forsendum dómsins 10. janúar f. á. slegið því föstu, að Höllin séu öll beitiland, enda sé það augljóst við skoðun landsins, að þau geti alls ekki talizt engi, allra sízt miðað við nútíma búnaðarhætti. Sé þetta álit réttarins bindandi úrlausn að þessu leyti, og þar sem yfirskiptamenn gangi af misskilningi eða vitandi vits á svig við álit eða ákvörðun Hæstaréttar um þetta verulega atriði skiptanna, hljóti það að varða riftun þeirra. Þá hafi yfirskiptamenn einnig borið af réttri leið, er þeir létu engjastærðir jarðanna hafa áhrif á skipt-

ing beitilandsins, en til þess hafi enginn heimild verið. Þá séu skiptin bersýnilega ranglát efnislega, bæði að því leyti að telja Höllin engi að mestum hluta, en enn fremur að því er snertir gæðahlutfall beitilands í Víkurmýrum annars vegar og í Flóagirðingu og Höllunum hins vegar, sem yfirskiptamenn hafa metið 1:2, en sérfræðingur landnáms ríkisins talið rétt hlutfall vera 1:3 eftir gæðum landsins og aðstöðu. Loks hafi þau vinnubrögð yfirskiptamanna ekki stoð í lögum að taka yfirskiptin upp að sex mánuðum liðnum og gera þá ný skipti og allsendis á nýjum grundvelli og sjónarmiðum, í stað þess að þeim hafi í mesta lagi verið heimilt að leiðrétta auðsæar tölu- eða útreikningsskekkjur. Telja stefnendur, að yfirskiptagerðirnar séu þannig, bæði að formi, grundvelli og efni, algerlega lögum andstæðar, og beri því að fella þær úr gildi. En kröfugerð stefnenda við það miðuð, og jafnframt gerðar kröfur um tilhögun og grundvöll nýrra yfirskipta, nefnilega, að Höllin verði öll talin til bithaga.

Stefndi mótmælir öllum þessum málsástæðum og kröfum stefnenda. Hann telur stefnukröfurnar þannig vaxnar, að ýmist hafi þegar gengið dómur um þær í héraði og Hæstarétti eða þær séu þess eðlis, að dómstólar eigi ekki úrskurð um þær. Beri því að vísa kröfunum frá dómi, og var það aðalkrafa stefnda. Í þessu sambandi leggur stefndi áherzlu á það, að yfirskiptagerðirnar séu að öllu rétt og löglega framkvæmdar og á þann hátt, sem fyrir sé mælt í dómi Hæstaréttar. Að vísu hafi stefndi borið all mjög skarðan hlut frá borði, en þeirri úrlausn verði aðiljar þó að sæta. Að því er Höllin snertir, telur stefndi, að einungis eigi að koma til frádráttar við skipti hins sameiginlega beitilands það land innan þeirra, sem yfirskiptamenn gerðu sér grein fyrir að væri beitiland, og sé fráleitt, að Hæstiréttur hafi viljað taka fram fyrir hendur þeirra í því efni. Enda sé hvergi svo fyrir mælt í dóminum, að öll Höllin skyldu teljast beitiland, sbr. þvert á móti orðalagið „nokkurt ræktanlegt beitiland“ í forsendum dómsins. Slíkt væri algerlega lagt á vald yfirskiptamannanna að meta, sem og gæðahlutfall landsins. Þá bendir stefndi og á landamerkjabréf Glæsibæjar frá 18. júlí 1923, en það telji Höllin til engja. Rétt hafi skiptamönnum verið og skylt að leiðrétta villur í fyrri skiptum, og haggi það engu um gildi skiptagerðarinnar, eins og frá henni var gengið, enda stefnendur ekkert haft við það að athuga. Loks bendir stefndi á, að stefnendur geri nú allt aðrar kröfur og meiri en þeir hafi áður gert og dæmdar hafi verið í héraði og Hæstarétti í málum þessum. Allar leiði ástæður þessar að áliti

stefnda til frávísunar málsins, en til vara, að yfirskiptagerðirnar verði staðfestar. Þrautavarakrafan er síðan sett fram til þess að rétta hlut Glæsibæjar, ef til þess kynni að koma, að yfirskiptagerðunum yrði rift. Sé beitiland í Víkurmýrum og langtum meira en 160 ha., og samkomulagið um þá landstærð ekki lengur bindandi, úr því sem nú er komið.

IV.

Samkvæmt fyrirmælum 108. gr. 2. mgr. laga nr. 85/1936 tók dómurinn hina framkomnu frávísunarkröfu sérstaklega til meðferðar. Taldi merkjadómurinn, að stefnendur ættu rétt á efnisúrlausn um það, hvort löglega hafi verið farið að umræddum skiptum og hvort þau hafi verið á réttum grundvelli byggð. Þá þótti kröfugerð stefnenda heldur ekki á þann veg áfátt, að það gæti út af fyrir sig leitt til frávísunar málsins, enda hefðu kröfurnar, eins og þær liggja fyrir í þessu máli, sbr. dómskjal nr. 9, ekki fyrr komið til kasta dómstóla né á þær dómur lagður. Var því frávísunarkröfunni hrundið, en málskostnaður í þeim hluta málsins látinn falla niður, annar en laun talsmanna málsaðilja.

V.

Skulu nú rakin nokkuð helztu málsatriði og gögn, sem máli geta skipt til efnisdóms um riftun yfirskiptanna eða staðfesting, og þá sérstaklega ákvæði skiptagerðanna sjálfra og hæstaréttardómsins 10. janúar 1956, sem yfirskiptagerðirnar eru byggðar á.

Í fyrri yfirskiptagerðinni, 15. nóvember 1956, segir m. a. þetta:

„Samkomulag fékkst um það, eins og að framan segir, að beitiland Víkur austan Sæmundarár skuli teljast vera 160 ha. Vegna legu og gæðamunar telur skiptanefndin, að 2 hektarar þessa beitilands samsvari að verðgildi 1 ha. í Flóagirðingunni, sem er nærtækt, ræktanlegt land. Þannig teljast 160 ha. í beitilandi Víkur samsvara 80 ha. í Flóagirðingunni. Af þeim 80 ha. kæmi ⅓ eða 26,7 ha. í hlut Glæsibæjar. Af þeim 66,3, sem þá væru eftir af Flóagirðingunni, kæmu 22,1 ha. í hlut Glæsibæjar eða samtals í hlut Glæsibæjar 48,8 ha. Er þá eftir að taka tillit til þess beitilands, sem Hæstiréttur telur vera í Höllunum, sem að vísu er lítið, en verður þó að telja að rýra megi hlut Glæsibæjar um a. m. k. 2,3 ha., svo að Flóagirðingin megi skiptast að jöfnu milli jarðanna Glæsibæjar og Víkur."

Í síðari skiptagerðinni frá 15. júní 1957 segir:

„Skiptin verður að byggja á landamerkjabréfi Glæsibæjar frá 18. júlí 1923 og til viðbótar á hæstaréttardómi nr. 193/1953. Koma þá fyrst og fremst til athugunar 2 mikilsverð atriði landamerkjabréfsins, er Hæstiréttur tekur afstöðu til. Annars vegar það, að því er slegið föstu, bæði í landamerkjabréfinu og í dómi Hæstaréttar, að beitiland Glæsibæjar liggi allt vestan Sæmundarár. Leiðir af því, að Vík á allt beitiland austan árinnar. Þetta ákvæði landamerkjabréfsins mátti skilja svo, að Vík væri með því ívilnað allverulega, ef gengið var út frá, að skiptahlutföll beitilandsins vestan Sæmundarár, 2:1, héldust óbreytt; og þannig var á málið litið í dómi undirréttar. En Hæstiréttur hefur komizt að þeirri niðurstöðu, „að ekki hafi verið leiddar að því nægar sönnur, að eigandi Glæsibæjar hafi gefið upp rétt til þess, að við fullnaðarskipti á milli Glæsibæjar og Víkur komi svo mikið beitiland vestan Sæmundarár í hlut Glæsibæjar, að beitiland Glæsibæjar sé alls ⅓ að dýrleika, miðað við allt beitiland Glæsibæjar og Víkur vestan Sæmundarár og beitiland Víkur austan sömu ár og að beitiland Víkur sé alls ⅔ að dýrleika." Virðist með þessari niðurstöðu Hæstaréttar úr því skorið, að með landamerkjabréfi Glæsibæjar sé ekki gerð nein efnisbreyting á landstærðarhlutföllum jarðanna Víkur og Glæsibæjar, þannig að enn eigi Glæsibær 1 hluta lands af hverjum 3, eins og áður var.

Hins vegar eru hin svokölluðu „Höll". Samkvæmt landamerkjabréfi Glæsibæjar eru dregnar merkjalínur túns og engja. Falla Höllin alveg innan þeirra merkja og er þannig talin vera engi Glæsibæjar, enda þótt það fái að vísu ekki staðizt bókstaflega, þar sem í þeim eru holt og hólar, er ekki geta með nokkru móti talizt slægjuland.

Í forsendum dóm Hæstaréttar segir: „Land það, sem Glæsibæ er úthlutað með landamerkjaskránni ..... Er það auk túns Glæsibæjar 20 ha. engi og ræktanlegt beitiland, svonefnd Höllin, 45 ha. að stærð." Síðar í forsendum segir svo: „Við ný skipti á nefndu beitilandi ber að taka tillit til þess, að í hlut Glæsibæjar hefur komið nokkurt ræktanlegt beitiland í svonefndum Höllum og í hlut Víkur beitiland austan Sæmundarár." Hér virðist ekki vera um nákvæmlega sama sjónarmið að ræða á báðum hinum tilfærðu stöðum varðandi Höllin. Telur yfirskiptanefndin hin síðar tilfærðu orð vera nær orðalagi og anda landamerkjaskrárinnar og meir í samræmi

við rétt hlutfallaskipti á engjum beggja jarðanna, sem þegar hafa verið framkvæmd, m. a. með því samkomulagi, sem gert var 15. nóvember f. á. og undirrituð af báðum aðiljum, að beitiland Víkur austan Sæmundarár skuli teljast vera 160 ha. Hins vegar segir ekki í hæstaréttardóminum, hve mikið beitiland sé í Höllunum og verður það atriði því að ákveðast af yfirskiptanefndinni, meðfram með hliðsjón af því, hve mikið og verðmætt engjasvæði hvor jörðin hefur fengið í sinn hlut. Virðist yfirskiptanefndinni hæfilegt að telja vera í Höllunum 10 ha. beitilands.

Sem beitiland kemur þá til skipta milli jarðanna:

1. Flóagirðingin 90 ha.
2. Í Höllunum 10 ha.
3. Beitilandi vestan Skagfirðingabrautar, sem telja verður lítt og að mestu ekki ræktanlegt, þykir rétt að skipta sérstaklega í hlutföllum 2:1 milli Víkur og Glæsibæjar.

Eins og áður segir, telst beitiland Víkur austan Sæmundarár vera 160 ha. Þar sem hér er um lítt eða ekki ræktanlegt land að ræða, sökum þess hvað landið liggur lágt, svo og í annan stað með tilliti til þess, hvað landið liggur fjarri, þykir rétt að meta land þetta í hálfu gildi á móti nærtæku, ræktanlegu landi í Flóagirðingu og Höllum, enda þótt þar sé einnig um nokkurt óræktanlegt land að ræða. Telst þetta umrædda beitiland Víkur því aðeins ígildi 80 ha. með tilliti til skiptanna, svo sem gert var af undirskiptanefnd. Jafngildi ⅓ þessa lands eða 26,67 eiga að dregast frá úrskiptu beitilandi Víkur, vestan Sæmundarár, nánar tiltekið úr hlut Víkur af Flóagirðingunni.

Samkvæmt framansögðu ákveðast skipti beitilands jarðanna þannig:

Af Flóagirðingunni og beitilandi úr Höllunum, samtals 100 ha., fái Glæsibær ⅓ = 33,3 ha., þar af 10 ha. í Höllunum, en 23,3 ha. austan af Flóagirðingunni Af þeim 66,7 ha., sem eftir eru í Flóagirðingunni og sem koma í fyrstu umferð í hlut Víkur, falli 26,7 ha. í hlut Glæsibæjar, sem jafngildi ⅓ þess beitilands, sem Vík á austan Sæmundarár. Verða þá eftir 40 ha. af Flóagirðingunni, sem tilfalla Vík. Skal það vera sá hluti Flóagirðingarinnar sem næstur liggur Skagfirðingabraut, og sé afmarkaður með beinni línu, er hugsast dregin í stefnu þjóðvegarins og í jafnri fjarlægð frá honum að norðan og sunnan, og sett verði upp merki við endamörk þeirrar línu.

Vestan Skagfirðingabrautar skiptist beitilandið þannig í samræmi við niðurstöður undirlandskiptanefndarinnar o. s. frv."

Þá segir enn fremur í sömu skiptagerð:

„Framangreind skipti beitilands jarðanna Víkur og Glæsibæjar með tilliti til þess hluta Glæsibæjarlands, sem kallast „Höllin" og sem yfirskiptanefndin telur að verði að mestu að telja engi þeirrar jarðar, eru meðfram ákveðin þann veg, sem gert er, svo að engi Glæsibæjar verði ekki minni en sem næst ¼ alls engis beggja jarðanna (áður en land var selt undan Vík), sem skiptanefndin telur að vel geti staðizt með tilliti til gæða engjanna og legu, en að jöfnum gæðum ætti að vera ⅓.

Er ekki unnt að komast hjá að taka tillit til þessa, þar sem yfirskiptanefndin hefur orðið öðrum þræði að greina í sundur engi og beitiland, enda þótt aðalviðfangsefnið væri skipti beitilandsins. Náðist samkomulag, eins og áður segir, um skipti engja og beitilands austan Sæmundarár, en ekkert samkomulag var fáanlegt um sams konar skipti í Höllunum."

Í landamerkjabréfi því fyrir Glæsibæ frá 1923, sem rætt er um í yfirskiptagerðunum, segir svo:

„... Þaðan ræður Glæsibæjarborgin norður, eins og hún nær. Þá ræður bein stefna norður í Tröllhöfða, og er á þessu svæði gamalt garðlag og nú vírgirðing, sem aðskilur Glæsibæjarengi frá bithaga ..... Beitiland Glæsibæjar er sameiginlegt við Vík vestan Sæmundarár, ofan þeirra merkja, sem áður er talin ... "

Þá segir loks í dómi Hæstaréttar frá 10. janúar 1956, en skilningur eða skýring á dóminum er megin ágreiningsefni aðilja málsins:

„... Segir í upphafi landamerkjaskrárinnar, að jörðin Glæsibær sé að fornu mati einn fjórði hluti Víkurtorfunnar og hafi úrskipt tún og engi með þeim merkjum, sem síðan greinir í skránni. Land það, sem Glæsibæ er úthlutað með landamerkjaskránni, liggur, að litlum hólma undanskildum, fram með Sæmundará að vestan og takmarkast að sunnan af Ögmundarstaðalandi. Er það auk túns Glæsibæjar 20 ha. engi og ræktanlegt beitiland, svonefnd Höllin, 45 ha. að stærð." „... Óskipt land Glæsibæjar og Víkur er svonefnd Flóagirðing, sem talin er um 93 ha. að stærð, og fjalllendi um 960 ha. að stærð. Flóagirðing er austan Skagfirðingabrautar og fyrir vestan áður-

nefnd Höll. Er hún ræktanlegt beitiland.“ „... Samkvæmt því, sem nú er sagt, ber skiptum á sameiginlegu beitilandi jarðanna Glæsibæjar og Víkur, því er liggur vestan garðlags, nú girðingar frá Glæsibæjarborg og norður í Tröllhöfða, að haga þannig, að beitiland Glæsibæjar verði alls einn þriðji að dýrleika, þá er miðað er við allt beitiland Glæsibæjar og Víkur vestan Sæmundarár og beitiland Víkur austan sömu ár, og að beitiland Víkur verði alls tveir þriðju að dýrleika. Við ný skipti á nefndu beitilandi ber að taka tillit til þess, að í hlut Glæsibæjar hefur komið nokkurt ræktanlegt beitiland í svonefndum Höllum og í hlut Víkur beitiland austan Sæmundarár.“

Þess má geta, að í dómi Hæstaréttar, sem og í fyrri yfirskiptagerðinni, er gengið út frá því, að Flóagirðingin sé 93 ha. að stærð. Nú er hún hins vegar samkvæmt nýrri mælingu talin aðeins 90 ha., og er við það miðað í síðari skiptagerðinni.

VI.

Í yfirskiptagerðinni 15. nóvember 1956 höfðu landskiptamenn þann hátt á að taka uppbótarland Glæsibæjar vegna beitilands í Víkurmýrum af Flóagirðingunni óskiptri, í stað þess að draga það frá landstærð þeirri, sem Vík yrði úthlutað þar að réttum dýrleikahlutföllum. Er því auðsætt, að útreikningar skiptagerðar þessarar eru alrangir og þar með skipting landsins þegar af þeim sökum. Þykir því einsýnt, að sá hluti kröfugerðar stefnenda, sem lýtur að riftingu fyrri skiptagerðarinnar, hljóti að ná fram að ganga þegar af þessum ástæðum.

Að því er síðari yfirskiptagerðina snertir, var skiptamönnum að vísu rétt og heimilt að taka skiptin upp aftur, en þó einungis til leiðréttingar hinna röngu útreikninga, sbr. lögjöfnun frá 195. gr. laga nr. 85/1936. En nú er augljóst, að síðari skiptagerðin er að verulegu leyti nýsmíði frá grunni, byggð á öðrum grundvelli en hin fyrri, enda niðurstöður hennar allt aðrar en töluleiðréttingar einar á fyrri skiptaútreikningum gefa tilefni til. Meðal nýmæla, sem máli skipta, má t. d. nefna það, að bithagi í Höllunum er í síðari skiptagerðinni talinn vera 10 ha., í stað ótiltekinnar, en þó miklu minni landstærðar í fyrri skiptunum, og tekið er tillit til engjastærða jarðanna í síðari skiptunum, sem ekki var gert í þeim fyrri.

Það verður ekki á það fallizt, að lögjöfnun frá 195. gr. einkamálalaga veiti heimild til þeirra vinnubragða, sem yfirskipta-

menn höfðu við síðari skiptin og nú hafa verið rakin. Er þess og að geta, að skiptamenn voru ekki allir til staðar við síðari skiptin, en meiri hluti þeirra gekk frá skiptagerðinni „með þeim fyrirvara", að hinn fjarverandi skiptamaður samþykkti þau eftir á. Þegar þess er gætt, að skiptamenn gerðu nýja áreið á landið og létu aðilja setja á ný fram kröfur sínar og sjónarmið við skiptin, var nauðsynlegt, að allir skiptamenn tækju þátt í skiptum þessum, sbr. til hliðsjónar 192. gr. laga nr. 85/1936.

Þá greinir aðilja mjög á um það, eins og fyrr er sagt, hvort skiptin hafi verið framkvæmd, efnislega séð, í samræmi við dóm Hæstaréttar frá 10. janúar 1956, einkum að því er Höllin snertir. Í forsendum dómsins segir, að Höllin séu „ræktanlegt beitiland, 45 ha. að stærð", og jafnframt tekið fram, að engjar Glæsibæjar séu 20 ha., en það svarar nokkurn veginn til svokallaðs „Flatengis" meðfram Sæmundará ásamt engjahólma austan ár. Ljóst er af þessu, að Hæstiréttur telur Höllin ekki til engja, sem og væri heldur ekki í samræmi við staðreyndir, því engin tök eru á að telja Höllin engi, nema þá að mjög litlu leyti. Þau eru nokkurn veginn samskonar land og Flóagirðingin, svo sem Hæstiréttur og staðfestir í forsendum dómsins. Sjálfur virðist eigandi Glæsibæjar varla eða ekki hafa litið á Höllin sem engi eftir framtölum engjaheyskapar til fasteignamats að dæma, enda þótt stundum hafi verið heyjað þar nokkuð.

Þrátt fyrir þetta, kváðu skiptamenn svo á við hin síðari skiptin, að 35 ha. í Höllunum skyldu teljast engi, en aðeins 10 ha. beitiland. Ekki sýnist sú niðurstaða hafa verið byggð á eiginlegu mati landsins, eðli þess og gæðum, heldur að því er virðist á óljósu orðalagi landamerkjaskrárinnar frá 1923, sem talar um „Glæsibæjarengi" á þessum slóðum, og jafnframt er þessi ákvörðun skiptamanna gerð með hliðsjón af engjastærðum jarðanna í heild, þótt ekki komi að vísu greinilega fram, hvernig eða að hve miklu leyti þær ráði niðurstöðum. Hvorugt þetta sjónarmið virðist fá staðizt, enda bersýnilega andstætt öllum staðháttum að telja svo mikinn hluta Hallanna til engja. Orðalag landamerkjabréfsins 1923 hlýtur að þoka fyrir ótvíræðri ákvörðun Hæstaréttar varðandi Höllin, sem fyrr var getið, og enda þótt síðar í forsendum sé talað um „nokkurt" ræktanlegt beitiland, verður að skýra það orðalag til samræmis við það, sem þar er áður sagt um stærð hins ræktanlega beitilands, sem hér um ræðir. Ekki verður heldur talið, að heimilt sé að láta engjastærðir jarðanna út af fyrir sig hafa áhrif á skipti beitilandsins. Hafi skiptamenn með því viljað fá réttlátari

fullnaðarskipti milli jarðanna, þá hefur það ekki tekizt allt að einu, því augljóst er, að Vík er einmitt mjög vanhaldin við skiptin í heild, að því er snertir það land, sem verðmætast er, hið nærtæka ræktunarland torfunnar.

Samkvæmt þessu, sérstaklega orðalagi hæstaréttardómsins 10. janúar 1956, og með tilliti til staðhátta á landinu, þykir augljóst, að yfirskiptamenn hafi ekki byggt þá niðurstöðu á réttum grundvelli, að telja 35 ha. í Höllunum til engja. Leiðir af þessu, sem og annmörkum þeim, er fyrr var getið, varðandi aðferðir yfirskiptamanna við starf sitt, að fella verður yfirskiptagerðina 15. júní 1957 úr gildi og þá um leið fyrri skiptagerðina 15. nóvember 1956, eins og áður er sagt. Verður fyrri dómkrafa stefnenda þannig tekin til greina, og leiðir þá af því jafnframt, að hrinda verður varakröfu stefnda.

VII.

Af sömu ástæðum og nú hafa verið greindar, sérstaklega orðalagi eða ákvörðun hæstaréttardómsins 10. janúar 1956, og með tilliti til þess, hvers konar land hér er um að ræða (Höllin), þykir síðari dómkrafa stefnenda eiga að ná fram að ganga, þannig, að ný yfirskiptagerð verði á því byggð, að sem næst öll Höllin séu beitiland. Leiðir og af þessu það að hrinda verður þrautavarakröfu stefnda, að því er Höllin snertir.

Stefndi hefur gert kröfu í málinu, að verði yfirskiptagerðunum hrundið, teljist hann ekki lengur bundinn af samkomulagi því, sem gert var við yfirskiptin um, að beitiland í Víkurmýrum skuli talið 160 ha. Hafi það verið forsenda af hans hálfu, að Glæsibær þyrfti engan frádrátt að þola í Flóagirðingunni vegna beitilands í Höllunum. Stefnendur segjast að hinu leytinu hafa gengið út frá, að Höllin yrði öll talin beitiland og í því trausti gengið að nefndu samkomulagi, sem þó hafi verið neyðarúrræði, þar sem ella hefði verið hætta á, að landskiptin lentu í sjálfheldu eða drægjust ófyrirsjáanlega á langinn. Þeir mótmæla því þess vegna, að samkomulaginu verði rift. Enda þótt að vísu sé ekki upplýst um nein ákveðin skilyrði af hálfu málsaðilja fyrir samkomulagi þessu, þykir ekki áhorfsmál, um leið og skiptagerðir þær eru felldar úr gildi, sem samkomulag þetta var hluti af og bundið við, að því er ganga verður út frá, að leysa aðilja frá samkomulaginu, enda verður ekki séð, að væntanlegum skiptamönnum sé meiri vandi á höndum að ákveða stærð þessa beitilands og gæði en ann-

ars lands, sem meta þarf í sambandi við landskiptin. Ber því að taka hér greinda kröfu stefnda til greina.

VIII.

Eftir atvikum öllum og málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Laun talsmanna málsaðilja, að meðtöldum kostnaði þeirra Sigurðar Hafstaðs deildarstjóra og Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Landskiptagerðir yfirlandskiptanefndar frá 15. nóvember 1956 og 15. júní 1957 á sameiginlegu beitilandi Glæsibæjar og Víkur eru úr gildi felldar.

Við ný skipti á sameiginlegu beitilandi téðra jarða ber að taka tillit til þess, að svonefnd Höllin eru næstum öll beitiland. Þá skal og samkomulag aðilja frá 15. nóvember 1956 um, að beitiland Víkur austan Sæmundarár sé 100 ha., ekki lengur bindandi.

Málskostnaður fellur niður. Málflutningslaun hinna skipuðu talsmanna málsaðilja, Sigurðar Hafstaðs deildarstjóra og Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00 til hvors, greiðast úr ríkissjóði.

Föstudaginn 9. maí 1958.

Nr. 36/1957. **Vigfús Einarsson**
gegn
Sverri Aðalbjörnssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm 30. apríl þ. á., óskaði áfrýjandi enn eftir mánaðarfresti í málinu, en honum hafði með úrskurði Hæstaréttar 17. marz s.l. verið veittur frestur í því til aprílmánaðar þ. á. Áfrýjandi hefur ekki enn aflað dómsgerða í málinu.

Stefndi synjar um frekari frest í málinu, krefst frávísunar þess og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fógetadómsskjöl í máli þessu, þingmerkt nr. 1 og 4—8, hafa glatazt, og reyndi fógeti á dómþingi 27. janúar þ. á. að fá samkomulag málsaðilja um aðalefni skjala þessara. Var meginefni skjalanna þá fært til bókar, og samþykkti umboðsmaður stefnda þá bókun. Eftir áfrýjanda var þetta bókað og staðfesti hann það með undirskrift sinni: „Gerðarþoli tekur fram, að að svo komnu máli telji hann ekki rangt með farið í framangreindri bókun, heldur einmitt rétt með farið, en þó áskilur hann sér rétt til að athuga enn nánar, hvort hann eigi ekki endurrit af skjölum málsins, þannig að þau geti upplýst nánar um efni framangreindra skjala, auk þess áskilur hann sér rétt til að krefjast ómerkingar á úrskurði fógeta vegna glötunar skjala þessara og til að koma fram ábyrgð á hendur fógetaembættinu af sömu sökum.“

Málið hefur síðar verið tekið nokkrum sinnum fyrir í fógetadómi, en ekki hafa komið fram nein ný gögn, og hvorki hefur áfrýjandi þar né í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti bent á nein atriði í framangreindri bókun um meginefni hinna

glötuðu skjala, er hann telji rangt greind. Og þótt hann dragi í efa, að æðri dómur geti fjallað um málið vegna glötunar skjalanna, hefur hann ekki, þótt nægur tími hafi verið til, gert neinar ráðstafanir til að fá úrskurð Hæstaréttar um það efni. Að svo vöxnu máli þykja ekki lengur efni til að fresta málinu hér fyrir dómi gegn andmælum stefnda, og ber því að vísa því frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 500.00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Vigfús Einarsson, greiði stefnda, Sverri Aðalbjörnssyni, kr. 500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. maí 1958.

Nr. 131/1957. **Bernhard Petersen**
(Kristján Guðlaugsson hrl.)
gegn
Birni Gottskálkssyni (Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. júlí s. á. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Það er ósannað gegn andmælum áfrýjanda, að hann hafi

keypt af stefnda hrogn þau, er í málinu greinir, og verður því við það að miða, að um umsýslusölu hafi verið að tefla. En fram er komið, að eftir að áfrýjandi hafði tjáð stefnda, að hrognin hefðu reynzt skemmd og stefndi hafði í lok maímánaðar 1953 skoðað nokkurn hluta hrognanna í Svíþjóð, óskaði hann riftunar á samningi málsaðilja og bauðst til að taka hrognin aftur gegn greiðslu cif-kostnaðarins, sem áfrýjandi hafði innt af hendi. Þessu neitaði áfrýjandi og seldi hrognin alllöngu síðar fyrir sænskar kr. 4050.00, í stað sænskra króna 5265.00, sem áfrýjandi greindi í upphafi, að mundu fást fyrir hrognin. Vegna þessarar synjunar áfrýjanda um að afhenda stefnda aftur hrognin og þar sem ekki eru leiddar að því lögfullar sönnur gegn andmælum stefnda, sem ekki var veittur kostur á að gæta hagsmuna sinna við þá skoðun á hrognunum, er í héraðsdómi greinir, að hrognin hafi þá verið svo skemmd, að stefndi hefði eigi getað selt þau fyrir það verð, sem upphaflega var gert ráð fyrir, ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda andvirði hrognanna, miðað við það verð, að frádregnum kostnaði áfrýjanda, sem samkvæmt gögnum málsins þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.000.00, svo og þegar greiddum kr. 9.894.71. Stefndi telur andvirði hrognanna nema ísl. kr. 15.921.36, og ber því að dæma áfrýjanda til að greiða þá fjárhæð, að frádregnum kr. 11.894.71, eða kr. 3.936.65 með vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bernhard Petersen, greiði stefnda, Birni Gottskálkssyni, kr. 3936.65 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1954 til greiðsludags og kr. 2.300.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 6. desember 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., hefur Björn Gottskálks-

son útgerðarmaður, Skálavík á Seltjarnarnesi, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 4. febrúar 1954, gegn Bernhard Petersen stórkaupmanni, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 4.376.73, auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavexti kveður stefnandi þá, að um miðjan apríl 1953 hafi hann selt stefnda 39 tunnur af sykursöltuðum hrognum fyrir sænskar kr. 135.00 tunnuna cif Gautaborg. Hrognin hafi verið send utan með v/s Brúarfossi 16. apríl 1953. Andvirði þeirra hafi numið ísl. kr. 15.921.36, en frá því beri að draga cif-kostnað, kr. 1.649.92, er stefndi hafi greitt, svo og kr. 9.894.71, er greiddar hafi verið upp í andvirðið, og standi þá hin umstefnda fjárhæð eftir.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og gert þá nánari grein fyrir tildrögum þessara viðskipta, að sonur stefnda, Gunnar Petersen, hafi hringt til sín í síma svo og sent til sín og falazt eftir hrognum til kaups. Kveðst stefnandi hafa svarað því til, að hann væri búinn að selja öll sín hrogn Gísla Vilhjálmssyni útgerðarmanni á Akranesi og yrði því að fá samþykki hans, ef hann ætti að geta látið stefnda nokkur hrogn í té. Síðan hafi hann hringt til Gísla, er hafi samþykkt, að hann mætti selja stefnda þau sykursöltuðu hrogn, er þá voru fyrir hendi hjá honum. Munnlegur samningur hafi síðan komizt á milli sín og Gunnars, að hann seldi stefnda 39 tunnur sykursaltaðra hrogna fyrir s. kr. 135.00 tunnuna, cif einhverri höfn í Svíþjóð.

Hefur stefnandi máli sínu til stuðnings lagt fram vottorð frá nefndum Gísla. Segir þar, að stefnandi hafi skuldbundið sig til að selja honum öll þau hrogn, er stefnandi verkaði á vetrarvertíðinni 1953. Í byrjun apríl þetta ár hafi stefnandi hringt til hans og beðið hann að gefa sér eftir nokkuð af sykursöltuðum hrognum, sem stefndi vildi kaupa, og hafi hann samþykkt þetta.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að hann hafi ekki keypt umrædd hrogn, heldur tekið þau í umboðssölu af stefnanda. Þegar til Svíþjóðar kom, hafi hrognin reynzt skemmd og hafi loksins tekizt að selja þau fyrir samtals s. kr. 4.050.00 eða íslenzkar kr. 12.735.23. Frá söluverðinu beri að draga cif-kostnaðinn, kr. 1.649.92, kostnað við geymslu síldarinnar í Svíþjóð og annan kostnað þar, kr. 935.90, og loks umboðslaun, 2% söluþóknun eða kr. 254.70. Mismuninn, kr. 9.894.71, hafi hann þegar greitt stefnanda.

Sonur stefnda, Gunnar, hefur komið fyrir dóm sem vitni. Skýrir hann svo frá, að hann hafi unnið við fyrirtæki stefnda síðastliðin 14 ár og á þeim tíma hafi hrognaviðskiptum stefnda undantekningarlaust verið þannig háttað, að stefndi hafi tekið verkuð hrogn í umboðssölu af framleiðendum gegn 2% söluþóknun. Hins vegar hafi það komið fyrir, að stefndi hafi keypt óverkuð hrogn og látið verka þau sjálfur. Gunnar telur víst, að hann hafi samið við stefnanda um viðskipti þau, er mál þetta snýst um, en ekki kveðst hann muna sérstaklega eftir, hvað þeim fór á milli. Þó telur hann víst, að ekki hafi verið samið öðruvísi um þessi viðskipti en önnur hrognaviðskipti stefnda, það er að segja, að umrædd hrogn hafi verið tekin af stefnanda í umboðssölu. Segir Gunnar, að venjulega fari hrognaviðskipti stefnda þannig fram, að stefndi fái pöntun á ákveðnu magni erlendis frá fyrir tiltekið verð. Síðan sé leitað til framleiðenda og þeirra oft margra um það, hve mikið magn hver þeirra vilji láta og þeim jafnframt skýrt frá hinu uppgefnu verði. Kveðst Gunnar venjulega annast þetta og gerir ráð fyrir, að hann hafi leitað til stefnanda um þátttöku í hrognasölu á apríl 1953.

Vísar stefndi til framburðar þessa til stuðnings þeirri staðhæfingu sinni, að ekki hafi af hans hálfu verið um kaup á umræddum hrognum að ræða, heldur hafi hann tekið þau í umboðssölu af stefnanda, en framburðinum hefur stefnandi mótmælt sem röngum og vilhöllum.

Í málinu kemur fram, að í maímánuði 1953 tók stefndi 30 tunnur af sykursöltuðum hrognum af stefnanda í umboðssölu, og telur stefndi, að þetta styðji það, að einnig hin fyrri viðskipti hafi verið umboðssala.

Telja verður, að sönnunarbyrðin varðandi það, að hér hafi verið um umboðssölu að ræða, hvíli á stefnda, en hann hefur ekki gegn mótmælum stefnanda sannað nægilega, að svo hafi verið, enda liggur næst að leggja skýrslu stefnanda fyrir dómi til grundvallar um það, hvernig samizt hafi um viðskiptin, þar sem viðsemjandi hans man ekki sérstaklega eftir því, hvað þeim fór á milli. Verður því við úrlausn málsins á því byggt, að stefnandi hafi selt stefnda umræddar 39 tunnur af sykursöltuðum hrognum fyrir s. kr. 135.00 tunnuna, cif Gautaborg, en að því er verðið snertir, er viðurkennt, að gangverð á óskemmdum sykursöltuðum hrognum hafi í Svíþjóð á þeim tíma, er hér skiptir máli, verið s. kr. 135,00 tunnan.

Eftir 64. gr. sbr. 63. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39 frá 1922

er vara komin í ábyrgð kaupanda, þegar hún hefur verið afhent flutningsmanni eða henni komið á skipsfjöl samkvæmt fyrirmælum 10. gr. sömu laga. Afhendingarstaður umræddrar hrognasendingar var því á skipsfjöl hér, og það er allsendis ósannað, að hrognin hafi verið skemmd eða gölluð, þegar þau voru afhent. Engin skoðun á þeim fór þá fram.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 800.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, ásamt meðdómsmönnunum Jóhanni Ólafssyni og dr. Jakobi Sigurðssyni forstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Bernhard Petersen, greiði stefnanda, Birni Gottskálkssyni, kr. 4.376.73 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1954 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 13. maí 1958.

Nr. 119/1956. **Jón Guðmundsson** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Sigurði Hjálmtýssyni
(Gústaf A. Sveinsson hrl)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Skulda- og skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Hann krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 90.307.60 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. apríl 1953

til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 11. janúar 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að rétt þykir að dæma aðaláfrýjanda vexti frá 26. apríl 1953, eins og hann hefur krafizt.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af áfrýjun málsins.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Sigurður Hjálmtýsson, greiði aðaláfrýjanda, Jóni Guðmundssyni, kr. 10.000.00 með 6% ársvöxtum frá 26. apríl 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði, kr. 1500.00.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af áfrýjun málsins.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. marz 1956.

Mál þetta, sem var dómtekið 3. f. m., hefur Jón Guðmundsson bifreiðarstjóri, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. desember 1953 gegn Sigurði forstjóra Hjálmtýssyni, Sólvallagötu 33, hér í bænum, og haft uppi þær dómkröfur aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 103.307.60 með 6% ársvöxtum frá 23. apríl 1953 til greiðlusdags og málskoslnað að skaðlausu, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 28.000.00 auk vaxta og málskostnaðar, eins og fyrr greindi.

Stefndi hefur aðallega kfafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að málsúrslit verði látin koma undir synjunareiði hans og til þrautavara, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að vorið 1951 hafi stefndi

boðið sér til kaups sendiferðabifreið, en fyrr hafi þeir ekki verið kunnugir hvor öðrum. Bifreið þessi hafi verið Chevrolet, smíðuð 1949—1950, og hafi stefndi tjáð sér, að hann hefði keypt bifreiðina af A.O.A. flugfélaginu fyrir milligöngu amerísks verkfræðings, er vann á Keflavíkurflugvelli. Hafi stefndi skýrt svo frá, að bifreiðin fengizt ekki skrásett, þar eð nauðsynlegt leyfi til þess væri enn ófengið, en víst væri, að það fengist bráðlega. Var kaupverð bifreiðarinnar ákveðið kr. 16.000.00, og skyldi stefndi afhenda hana 4. júlí 1951, en stefnandi skyldi greiða upp í kaupverðið kr. 10.000.00 fljótlega, en afganginn síðar eftir samkomulagi aðilja. Hinn 4. júní 1951 hafi stefndi óskað eftir 10 þúsund króna greiðslunni og fengið hana og samtímis afhent stefnanda viðurkenningu (dómsskjal nr. 9), er hljóðar svo:

„Ég undirritaður hef meðtekið kr. 10.000.00 — tíu þúsund — upp í kaupverð á bifreið, er selja skal á 16.000.00 — sextán þúsund —. Bifreiðin er Chevrolet smíðuð 1949—50. Stærð eitt tonn. Hér með kvittast fyrir.

Reykjvík, 4. jún. 1951,
Sigurður Hjálmtýsson
Suðurgötu 23,
Hafnarfirði."

Er þetta gerðist, kveður stefnandi bifreiðina hafa verið geymda að Brattholti nálægt Stokkseyri, og 4. júlí næst á eftir var hún þar enn, enda sagði stefndi veginn þangað ófæran bifreiðum. Leyfi til skrásetningar bifreiðarinnar var þá og ókomið. Stefnandi skýrir enn svo frá, að hinn 15. júlí 1951 hafi aðiljar hitzt og stefndi þá sagt að greiða þyrfti þann dag toll af bifreiðinni og óskað þess, að stefnandi greiddi helming eftirstöðva kaupverðsins, kr. 3.000.00. Kveðst stefnandi hafa gert það, en vegna annríkis stefnda hafi hann ekki gefið stefnanda neina viðurkenningu fyrir móttöku þeirrar greiðslu. Nokkru síðar kveðst stefnandi hafa komið að máli við stefnda í því skyni að taka við bifreiðinni, en stefndi hafi þá sagt, að tollstjórinn í Reykjavík hefði tekið hana í sína vörzlu, í stað þess að heimila skrásetning hennar. Hefði svo farið um fleiri bifreiðar, sem keyptar voru, án þess að innflutningsleyfi væri fengið áður. Vegna þessa gæti dregizt nokkuð, að bifreiðin yrði tiltæk. Þegar komið var fram í september, án þess að stefnandi fengi bifreiðina eða ætti kost á að skoða hana, þrátt fyrir ósk sína um það, kvaðst hann sjálfur vilja ræða málið við tollstjóra, en fyrir fortölur stefnda hætti hann við þá fyrirætlan.

Nokkru síðar stakk stefndi upp á því við stefnanda, að þeir stofnuðu í félagi sendibílastöð. Kvaðst hann vera búinn að undirbúa stofnun slíks fyrirtækis, er myndi fá rekstrar- og atvinnuleyfi til sendibílaaksturs. Leyfi myndi þá fást til innflutnings framangreindrar bifreiðar, ef tryggt yrði, að hún yrði notuð á slíkri stöð. Stefnandi var tregur til þess í fyrstu, enda átti hann hlut í sams konar bifreiðastöð (að Ingólfsstræti 11, hér í bænum), en stefndi benti honum á, að hin fyrirhugaða stöð yrði sú eina, sem hefði fullkomið atvinnuleyfi og myndi aðrar slíkar stöðvar því verða lagðar niður. Varð það úr, að aðiljar stofnuðu fyrirtæki þetta í desember 1951 og um áramótin keyptu þeir fasteignina nr. 1 við Faxagötu og greiddu andvirði hennar í marz 1952. Hinn 15. október 1952 er dagsettur félagssamningur aðilja um fyrirtæki þeirra, sem þeir nefndu Sendibílastöðina Þór, og ráku þeir það í félagi, þar til stefnandi seldi stefnda sinn hluta með afsali, dagsettu 26. apríl 1953.

Hinn 26. október 1953 lét lögmaður stefnanda dómkveðja tvo menn til þess að meta til fjár tjón stefnanda það, er hann hefði beðið af því að fá ekki framangreinda sendiferðabifreið. Með bréfi til matsmannanna, dagsettu 5. nóvember s. á., óskaði lögmaðurinn þess, að þeir sundurliðuðu tjónið svo:

1. Verðmunur á umsömdu verði og gangverði á nýrri bifreið, sams konar.

2. Atvinnutjón af að nota gamla bifreið, er stefnandi tafðist við að gera við sjálfur, auk útlagðs kostnaðar af viðgerðum.

3. Tjón af því að hafa farið af bílastöðinni í Ingólfsstræti á sendibílastöðina Þór.

Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dagsett 25. nóvember 1953 og fer hér á eftir meginefni hennar:

„Mat okkar fer hér á eftir sundurliðað, eftir því sem um er beðið:

I. Verð á sambærilegum bíl og um ræðir mun hafa verið ca. kr. 35.000.00—40.000.00 á árinu 1950, miðað við innlendan markað.

II. Bifreið matsbeiðanda var Ford sendiferðabifreið, model 1942. Miðað við stöðuga notkun á 9 ára gamalli bifreið, mundum við telja, að viðhaldskostnaður á ári væri varla undir 15.000.00 —18.000.00 kr., vinna og efni. Auk þess mismunur á benzíneyðslu á umræddum bifreiðum, sem mun vera sem næst ca. 3 l. á 100 km., sem Fordinn eyðir meira. Aftur á móti teljum við, að hæfilegt mundi vera að áætla kr. 3.000.00 sem viðhaldskostnað á Chevrolet bifreiðinni í eitt og hálft ár.

III. Eftir þeim upplýsingum, er við höfum getað fengið beztar, munu meðaltekjur hjá bíl á dag á sendibílastöðinni í Ingólfsstræit á umræddu tímabili hafa verið ca. kr. 350.00—400.00, en á sendibílastöðinni Þór ekki nema ca. kr. 250.00.

Um atvinnutjón að öðru leyti teljum við okkur ekki geta staðhæft neitt. Teljum, að matsbeiðandi verði sjálfur að upplýsa það."

Höfðaði stefnandi síðan mál þetta, eins og fyrr var greint. Aðalkröfu sína sundurliðar hann svo:

1. Verðmunur bifreiða	kr.	37.500.00
2. Aukinn viðhaldskostnaður	—	26.245.00
3. Aukin benzíneyðsla	—	1.662.60
4. Atvinnutjón frá 15. desember 1951 til 25. apríl 1953	—	40.900.00
Alls	kr.	106.307.60

Frá þessarri fjárhæð dregur stefnandi þær kr. 3.000.00, sem hann telur sig eiga eftir að greiða af kaupverði bifreiðarinnar, og kemur þá út stefnukrafan.

Varakrafan er um endurgreiðslu á kr. 13.000.00, sem stefnandi kveðst hafa greitt upp í andvirði bifreiðarinnar, auk bóta að fjárhæð kr. 15.000.00 fyrir annað tjón og miska.

Stefndi reisir aðalkröfu sína á því, að hann hafi aldrei lofað að selja stefnanda sendiferðabifreið, slíka, er greinir hér að framan, enda kveðst hann aldrei hafa átt slíka bifreið. Hann kannast við nafnritun sína á dskj. nr. 9, en staðhæfir að texti yfirlýsingarinnar hafi þá ekki verið á skjalinu, og byggir hann varakröfu sína á þeirri staðhæfingu, þannig að hann krefst þess að fá að staðfesta hana með eiði. Þrautavarakrafan er á því byggð, að matsgerðin sé ógild vegna galla á framkvæmd hennar og að ýmist hafi matsmenn byggt á röngum grundvelli eða að metin séu atriði, sem ekki standi í eðlilegu sambandi við bifreiðakaup.

Fyrr var frá því sagt, að aðiljar hófu saman starfrækslu bifreiðastöðvar sinnar mörgum mánuðum eftir að liðinn var sá dagur, sem stefnandi kveður hafa verið ákveðinn til afhendingar bifreiðarinnar. Sameign aðilja og samvinna um stöðina stóð í 16 mánuði, án þess að séð verði, að stefnandi hafi hreyft kröfum um afhendingu, og ekkert er upp komið um það, að hann hafi gert það fyrr en langt var liðið frá sameignarslitum. Stefnandi þykir, eins og á stóð um samband aðilja, hafa svipt sig með þeirri háttsemi þeim rétti, sem hann kann að hafa átt til að

krefja stefnda um bætur vegna þessara skipta, og er þegar af þeirri ástæðu ekki unnt að taka aðalkröfu hans til greina.

Hins vegar verður að telja dómskjal nr. 9 fulla sönnun þess, að stefndi hafi veitt viðtöku kr. 10.000.00 upp í kaupverð bifreiðar, enda hefur hann að engu leyti gert svo sennilega staðhæfingu sína, þá, er fyrr greinir, að fært þyki að veita honum kost á að staðfesta hana með eiði. Skjal þetta ber ekki með sér, hver hafi afhent stefnda fjárhæð þessa, en eins og háttað var samskiptum aðilja um þær mundir, þykir handhöfn þess nægja til að veita stefnanda aðild að endurgreiðslukröfu. Ber samkvæmt þessu að dæma stefnda til að greiða stefnanda fjárhæð þessa. Stefndi hefur eindregið neitað að hafa tekið við þessari eða annari fjárhæð úr hendi stefnanda upp í andvirði bifreiðar. Vegna þeirrar eindregnu synjunar, verður ekki unnt að taka til greina kröfu stefnanda um endurgreiðslu á þeim kr. 3.000.00, er hann kveðst hafa greitt hinn 15. júlí 1951, þar eð allar sönnur brestur á staðhæfingu hans að þessu leyti. Krafa hans um kr. 15.000.00 í bætur fyrir tjón og miska er eigi svo rökstudd, að unnt sé að taka hana til greina gegn mótmælum stefnda.

Úrslit málsins verða þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 10.000.00 með 6% ársvöxtum, er telja ber frá stefnudegi, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.500.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn. Veikindaforföll dómara hafa valdið nokkrum drætti á dómsuppsögn.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Hjálmtýsson, greiði stefnanda, Jóni Guðmundssyni, kr. 10.000.00 með 6% ársvöxtum frá 12. desember 1953 til greiðsludags og kr. 1.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. maí 1958.

Nr. 56/1958. **Þorlákur Jónsson**
gegn
Sigurði Berndsen.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Synjað um frest. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. apríl 1958, er barst dóminum hinn 25. s. m. Krefst sóknaraðili frests í aðalmálinu og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þorlákur Jónsson, greiði varnaraðilja, Sigurði Berndsen, kærumálskostnað, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 2. apríl 1958

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 28. f. m., hefur Sigurður Berndsen, Flókagötu 57, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu útgefinni 30. janúar 1956 gegn Þorláki Jónssyni, þá að Flókagötu 57, en nú að Baldursgötu 12, hér í bænum, til greiðslu á kr. 7983.50 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að mati dómsins. Einnig krafðist stefnandi staðfestingar löghalds, er fram fór hjá stefnda hinn 26. janúar 1956 til tryggingar stefnukröfunum.

Í greinargerð frá 16. febrúar 1956 krafðist stefndi sýknu að

svo stöddu gegn greiðslu á kr. 4000.00. Einnig krafðist hann þess, að löghaldsgerðin yrði felld úr gildi og loks krafðist hann málskostnaðar vegna tilefnislausrar málshöfðunar og löghaldsgerðar.

Með gagnstefnu, útgefinni 3. maí 1956, höfðaði stefndi gagnsök á hendur aðalstefnanda til greiðslu á kr. 17.000.00 með 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Greinargerð gagnstefnda í gagnsök var lögð fram 28. júní 1956 og krafðist gagnstefndi algerrar sýknu og málskostnaðar.

Loks höfðaði aðalstefnandi framhaldssök á hendur gagnstefnanda með stefnu, útgefinni 20. marz 1957, og var framhaldssök þingfest næsta dag. Breyttust kröfur aðalstefnanda þá í það horf, að samanlagðar kröfur hans í aðalsök og framhaldssök námu kr. 10.540.16 með 6% ársvöxtum af kr. 983.50 frá stefnudegi aðalsakar til 20. maí 1956, en af kr. 10.540.16 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði í báðum sökum, auk staðfestingar fyrrgreinds löghalds.

Framhaldsstefndi hefur aðallega krafizt sýknu, en til vara lækkunar á kröfum framhaldsstefnanda og málskostnaðar úr hendi hans í báðum tilvikum. Þessi kröfugerð kom fram á bæjarþinginu hinn 4. apríl 1957.

Málsatvik eru í skemmstu máli þau, að málsaðiljar gerðu með sér húsaleigusamning, dagsettan 11. apríl 1953. Aðalstefnandi lofaði þá að leigja gagnstefnanda „neðri aðal íbúðarhæð hússins nr. 57 við Flókagötu, hér í bænum, ásamt sér ytriforstofu, geymslu í kjallara, aðgangi að miðstöð og þvottahúsi, en sér-bílskúr og aðgangi að lóð hússins". Á því eintaki leigusamnings þess, sem lagt hefur verið fram í málinu, er strikað yfir orðin „en sér-bílskúr", en einnig strikað undir þau orð. Leigan skyldi hefjast 14. maí 1953. Fjárhæð leigunnar var ákveðin kr. 2000.00 á mánuði og skyldi greidd þannig: Við undirskrift leigusamningsins kr. 7.000.00, hinn 14. maí 1956 skyldi leigutaki greiða kr. 29.000.00, er hann flytti inn í íbúðina, en síðan skyldi hann greiða kr. 1.000.00 á mánuði eftir á. Hitunarkostnað skyldi leigutaki greiða í samræmi við aðra íbúa hússins eftir elementafjölda. Rafmagnskostnað skyldi leigutaki greiða samkvæmt sérmæli fyrir íbúð sína svo og sameiginlega rafmagnseyðslu í réttu hlutfalli. Leigusali lofaði að hafa gert íbúðina leigufæra 14. maí 1953, en greiða kostnað af vanefndum eftir reikningi. Ennfremur lofaði leigusali að hafa byggt bílskúrinn og lagfært lóðina fyrir haustið

1953 og gert gangstétt að húsinu 14. maí s. á. Leigusali skyldi halda íbúðinni við, meðan leigutíminn stæði yfir, en honum var áskilinn réttur til að „upphefja samninginn og krefjast skaðabóta, ef leigutaki vanefndi verulega mánaðargreiðslurnar". Gagnstefnandi fluttist í íbúðina 14. maí 1953 og greiddi þá hina tilskildu fjárhæð.

Aðalstefnandi höfðaði mál þetta til heimtu leigugreiðslna fyrir mánuðina október 1955 til janúar 1956, að báðum dögum meðtöldum, samtals kr. 4.000.00, auk ógreidds hitunarkostnaðar fyrir tímabilið frá 14. okt. 1955 til 21. janúar 1956, samtals kr. 1.983.50. Auk þess krafðist hann bóta fyrir áætlaðan kostnað vegna viðgerðar á brotnum hurðum og dyraumbúnaði, kr. 2.000.00, er hann taldi aðalstefnda skylt að greiða. Lét hann leggja löghald í ísskáp, sófasett og radíófón í íbúð aðalstefnanda til tryggingar kröfum sínum.

Kröfur aðalstefnda voru í upphafi byggðar á því, að hann viðurkenndi húsaleiguskuldina, kr. 4.000.00, en krafðist sýknu að svo stöddu af kröfunni um hitunarkostnað, þar eð hann hefði eigi fyrr verið krafinn um hana og því ekki átt þess kost að sannreyna réttmæti hennar. Hann mótmælti eindregið viðgerðarkostnaði og benti á, að húsmunir þeir, sem kyrrsettir voru, væru séreign eiginkonu hans samkvæmt kaupmála.

Eftir höfðun máls þessa óskaði aðalstefnandi útburðar á aðalstefnda. Undir rekstri þess máls fyrir fógetarétti greiddi aðalstefndi kr. 5.000.00 af skuld sinni. Þá fór og fram mat húsaleigunefndar, er mat hæfilega leigu eftir húsnæði þetta kr. 1730.00 á mánuði. Matið er dagsett 15. marz 1956.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsök eru sundurliðaðar svo:

1.	Bætur fyrir óþægindi og kostnað vegna ófullnægjandi hita	kr. 4.000.00
2.	Bætur fyriir óþægindi vegna ítrekaðrar lokunar þvottahúss	— 1.500.00
3.	Bætur vegna undandráttar á að ganga frá lóð hússins	— 3.000.00
4.	Bætur vegna undandráttar á að byggja bílskúr og þar af leiðandi algers geymsluleysis í íbúðinni	— 5.000.00
5.	Oftekin húsaleiga fyrir tímabilið 1. júní 1953 — 1. október 1955	— 7.695.00
		Kr. 21.195.00

Frá dregst:

1. Ógreidd húsaleiga frá 1. október 1955 til 14. maí 1956	kr. 475.00		
2. Hiti fyrir sama tíma, ca. kr. 500.00 á mánuði	— 3.750.00	kr.	4.225.00
		Kr.	16.970.00

Þykir kröfugerðin eftir atvikum nægilega skýrð í sundurliðun þessari. Gagnstefndi mótmælti öllum þessum kröfuliðum ýmist sem röngum og ósönnuðum eða ókræfum.

Kröfugerðin í framhaldssök er þannig skýrð:

1. Húsaleiga 1. febrúar 1956 til 20. maí 1956, kr. 1000.00 á mánuði	kr.	3.666.66
2. Hiti frá febrúar 1956 til 20. maí 1956, 5×320.00	—	1.600.00
3. Rafmagnskostnaður vegna þvottapotts sama tíma	—	135.00
4. Skaðabætur vegna skemmda á íbúðinni samkvæmt mati	—	4.155.00
	Kr.	9.556.66

Fyrr var skýrt frá því, að aðalstefndi greiddi kr. 5.000.00, er koma til frádráttar kröfum aðalstefnanda í aðalsök, og auk þess fellur niður liðurinn að fjárhæð kr. 2.000.00 þar, en í stað hans kemur 4. kröfuliður framhaldssakar. Kröfur aðalstefnanda í heild nema því kr. 983.50+9.556.66 eða alls kr. 10.540.16, eins og fyrr var sagt.

Á bæjarþingi hinn 11. apríl 1957 var því lýst yfir af hálfu lögmanna málsaðilja, að þeir teldu gagnasöfnun lokið í málinu og var ekki frekar aðhafzt í málinu fyrr en það skyldi tekið til munnlegs málflutnings hinn 14. f. m. Þá voru lögð fram tvö skjöl, og varð samkomulag um að fresta málinu eina viku til sáttaumleitana og aukinnar gagnaöflunar. Hinn 21. f. m. var málið því tekið fyrir enn, og komu nú fyrir dóm tvö vitni og gagnstefnandi. Lögmenn aðilja fengu þá einnar viku framhaldsfrest í sama skyni sem fyrr. Var málið næst tekið fyrir 28. f. m. og kom þá eitt vitni fyrir dóminn. Að yfirheyrslu þess lokinni óskaði lögmaður gagnstefnenda enn eftir fresti til frekari gagnaöflunar. Kvað hann gagnstefnanda hafa litið svo á, að sættir myndu takast í málinu og væri hann því ekki tilbúinn með frekari gögn, er hann teldi sig þurfa að afla til sönnunar kröfum sínum í gagnsök og mótmælum sínum í aðalsök og framhalds-

sök. Nefndi hann til nokkur vitni, er hann taldi þörf á að kveðja fyrir dóm.

Lögmaður aðalstefnanda mótmælti eindregið frekari frestun málsins og vísaði til þess, að gagnaöflun var talið lokið í apríl fyrra árs, en gagnsök þingfest í maí 1956.

Af framanritaðri lýsingu á málavöxtum og málsmeðferð þykir ljóst, að frestir þeir, sem þegar hafa verið veittir aðiljum, hafa verið þeim nægilegir til öflunar gagna til stuðnings kröfunum í öllum sökum. Er því eigi unnt gegn mótmælum af hálfu aðalstefnanda að veita gagnaðilja hans frekari frest og ber því að synja beiðni hans.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:
Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 14. maí 1958.

Nr. 57/1958. **Ísfell h/f**
gegn
Kristni Á. Kristjánssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Synjað um frávísun máls. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. apríl 1958, er barst dóminum 25. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að máli varnaraðilja gegn honum verði vísað frá héraðsdómi og að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ísfell h/f, greiði varnaraðilja, Kristni Á. Kristjánssyni, kærumálskostnað, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 16. apríl 1958.

Ár 1958, miðvikudaginn 16. apríl, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, uppkveðinn úrskurður í framangreindu máli, en atriðið var tekið til úrskurðar í gær.

Málavextir eru þessir:

Með utanréttarstefnu, útgefinni 31. marz s.l., höfðaði Árni Gunnlaugsson hdl. f. h. Kristins A. Kristjánssonar, Reykjavíkurvegi 25, hér í bæ, mál á hendur Ísfelli hf., Flateyri, til greiðslu á skuld félags þessa við netagerð stefnandans hér að upphæð kr. 61.135.50, auk vaxta og málskostnaðar.

Stefnandi telur, að kr. 55.963.00 af skuldinni sé andvirði netavinnu og netaefnis, kr. 2.172.50 útlagður flutningskostnaður vegna 11 neta, kr. 3.000.00 tjón stefnanda vegna vanefnda stefnda á að innleysa net þessi, sem hafi verið endursend, kr. 2.400.00 kostnaður við að breyta netunum aftur og gera þau söluhæf fyrir sama verð, en þau hafi verið sérhnýtt fyrir stefnda og loks kr. 600.00 fyrir skemmdir, sem orðið hafi á netunum.

Þegar mál þetta var þingfest hér í rétti 15. apríl s.l., mætti formaður stjórnar hlutafélagsins, Einar Sigurðsson, og hafði uppi kröfu um frávísun málsins á þeim grundvelli, að rangt væri stefnt í málinu, þar sem einn stjórnarmeðlimur, Páll Þórðarson, eigi ekki lengur heimili á Flateyri, þar sem honum sé stefnt, heldur sé hann fyrir nokkru fluttur til Sauðárkróks og honum hafi eigi verið birt stefnan. Enn fremur sé stefnufresturinn einni viku of stuttur, þar sem hlutafélagið eigi lögheimili úti á landi. Af hálfu stefnandans er hins vegar haldið fram, að stefnan sé birt á lögmætan hátt og með löglegum stefnufresti.

Samkvæmt 99. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 skal stefnufrest-

ur vera 1—6 vikur, ef stefndi á heimili eða dvalarstað hér á landi, en utan sýslufélags, þar sem mál skal þingfesta. Eftir 95. gr. sömu laga má birting stefnu á hendur félagi fara fram á heimili formanns stjórnar þess. Enn fremur segir samkvæmt 101. gr. téðra laga, að mæti stefndi, enda þótt stefnufrestur hafi verið settur eða verði of skammur, skuli ekki vísa máli frá dómi.

Með vísun til þeirra greina einkamálalaganna, sem hér hafa verið tilfærðar, getur dómurinn ekki fallizt á kröfu formanns stjórnar hins stefnda hlutafélags, enda verður að telja, að honum hefði verið innan handar að gæta réttar félagsins og koma að þeim vörnum, er hann óskaði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir heldur ekki verða tekin til greina krafa formannsins um málskostnaðargreiðslu honum til handa.

Því úrskurðast:

Krafa formanns stjórnar hins stefnda hlutafélags, Einars Sigurðssonar, um frávísun máls þessa verður eigi tekin til greina né heldur krafa hans um greiðslu málskostnaður honum til handa.

Þriðjudaginn 20. maí 1958.

Nr. 150/1957. **Lúðvík Eggertsson, eigandi jarðarinnar Hliðs**
(Jónas Thoroddsen hrl.)
gegn
Auðbjörgu Jónsdóttur, fyrirsvarsmanni jarðarinnar Vestri-Skógtjarnar
(Kristinn Gunnarsson hrl.).
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1957. Krefst hann þess, að merki milli jarðanna Hliðs og Vestri-Skógtjarnar verði ákveðin þannig: Frá tilteknum steini austanvert við Gömlu-Hliðsvör bein lína í íbúðarhúsið á Hliðsnesi. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 23. september 1957. Krefst hann aðallega, að merki milli framangreindra jarða verði ákveðin þannig: Úr merktum steini vestan við Gömlu-Hliðsvör í svonefndan Steinboga (Steinboga II). Til vara krefst hann þess, að ákvörðun héraðsdóms um merkin verði staðfest. Svo krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar af aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Árið 1929 ákváðu þáverandi eigendur jarðanna Hliðs og Vestri-Skógtjarnar, hvar vera skyldu merki milli jarðanna. Í samræmi við það samkomulag hlóðu þáverandi eigendur Hliðs markagarð þann milli jarðanna, sem greint er frá í héraðsdómi. Aðaláfrýjandi telur, að samkvæmt þinglesinni landamerkjaskrá fyrir jörðina Hlið frá 4. júní 1890 séu merki milli jarðanna nokkurn spöl fyrir austan markagarð-

inn. Vill hann láta þá landamerkjaskrá ráða merkjum, enda hafi merkjasetningin frá 1929 ekki verið þinglesin, og sé hann því ekki bundinn við þá breytingu, sem með henni hafi verið gerð á merkjunum.

Það er ljóst, að merkjasetningin frá 1929 var bindandi fyrir þáverandi eigendur jarðanna. Eftir það virðist jörðin Hlið hafa skipt nokkrum sinnum um eigendur, unz aðaláfrýjandi keypti hana með gerningi, dagsettum 30. maí 1954. Var framangreindur markagarður þá sýnilegur, svo sem hann er enn. Þá hafði og skömmu áður verið reist iðnhýsi á þrætusvæðinu á vegum eigenda Vestri- Skógtjarnar. Gat aðaláfrýjandi af þessum sökum ekki verið grandlaus um, að merki milli jarðanna væru önnur en þau, sem garðurinn sýndi. Verður krafa hans þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina. Og þar sem fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að aðalkröfu gagnáfrýjanda var hrundið, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Lúðvíg Eggertsson, greiði gagnáfrýjanda, Auðbjörgu Jónsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómum landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 2. júlí 1957.

Ár 1957, þriðjudaginn 2. júlí, var landamerkjadómur Gullbringu- og Kjósarsýslu settur af Kristni Ólafssyni dómsformanni og meðdómendum Birni Konráðssyni og Guðmanni Magnússyni og upp kveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 22. júní s.l.

Mál þetta er höfðað samkvæmt 8. gr. landamerkjalaga nr. 41 frá 28. nóvember 1919, og eru tildrög þess sem hér skal rakið:

Með erindi, dagsettu 12. júní 1956, sneri sér til sýslumannsins

í Gullbringu- og Kjósarsýslu eigandi jarðarinnar Hliðs í Bessastaðahreppi, Lúðvíg Eggertsson kaupmaður, Hverfisgötu 42, Reykjavík, og fór þess á leit, að landamerkjadómur setti út merki milli jarðanna Hliðs og Vestri-Skógtjarnar, beggja á Álftanesi í Bessastaðahreppi, og krafðist hann jafnframt, að merkin yrðu dregin í beina línu milli steins í fjörunni austanvert við gömlu Hliðsvör, en vestanvert við Brekkuvör, í íbúðarhúsið á Hliðsnesi, en sú lína liggi yfir svonefndan Steinboga í ós á milli Hliðs og Hliðsness, og fylgdi með uppdráttur, er miðaður var við þetta. Til vara krafðist hann, að merkjalínan yrði dregin um annan stað, sem merkjadómsmenn kynnu að álíta réttari.

Málsaðiljar voru kvaddir á dómþing út af framangreindu erindi þann 4. júlí 1956.

Eigandi Hliðs hafði þar uppi sömu kröfur og hér eru bókaðar að framan, en þeim var mótmælt af hálfu eiganda Vestri-Skógtjarnar, en þeir eru erfingjar í dánarbúi Klemensar Jónssonar oddvita og eftirlifandi ekkju hans, Auðbjargar Jónsdóttur.

Sáttaumleitun fór síðan fram í málinu, en bar ekki árangur, og var því samkvæmt 9. gr. fyrrgreindra laga nr. 41 frá 1919 skipaður landamerkjadómur, sem síðan hefur farið með málið. Uppdráttur hefur síðan verið gerður af svæði því, sem um er deilt í málinu, miðað við kröfur þær, sem gerðar eru af hálfu aðilja (dómskjal nr. 10). Mörg vitni hafa verið leidd og dómendur ásamt málsaðiljum og vitnum gengið á merkin, eins og lög gera ráð fyrir.

Í málinu gerir sóknaraðili, Lúðvík Eggertsson, þær dómkröfur, að merkjalínan milli jarðanna Hliðs og Vestri-Skógtjarnar verði dregin, eins og krafizt er í bréfi hans frá 12. júní 1956, en til vara, að línan verði dregin á öðrum stað, sem dómurinn telji vera rétt merki, ef skilningur sóknaraðilja reynist rangur.

Þá er krafizt málskostnaðar úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Af hálfu varnaraðilja, eiganda Vestri-Skógtjarnar, eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að mörk milli jarðanna Hliðs og Vestri-Skógtjarnar verði ákveðin úr merktum steini vestan við gömlu Hliðsvör í svonefndan Steinboga, sem sé grjóthryggur, sem liggur í vestur neðst frá ósnum milli Vestri-Skógtjarnar og Hliðs annars vegar og Hliðsness hins vegar.

Til vara, að svonefndur Markagarður, sem liggur milli áðurnefndra jarða, yrði látinn ráða mörkunum, sem hingað til. Þá er krafizt málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, eiganda Hliðs, til handa varnaraðilja.

Um kröfur þessar fór fram árangurslaus sáttaumleitun, eins og áður er getið.

Í þinglesinni landamerkjaskrá fyrir jörðina Hlið í Bessastaðahreppi, gerðri af þáverandi eiganda og ábúanda á Hliði, Jóni Þórðarsyni, dagsettri 4. júní 1890, og samþykktri af eigendum jarðanna Brekku, Brekkukots og Hliðsness, segir svo, að jörðin sé á alla vegu umflotin sjó, nema að granda þeim, sem liggur upp frá bænum Gamlahliði. Mörk á þeim granda séu: Lína þvert yfir grandann frá merktum steini austanvert við Gömluhliðsvör og beina línu á Hliðsnes í miðjan ós eða svonefndan Steinboga. Á þessari landamerkjaskrá reisir sóknaraðili fyrst og fremst aðalkröfur sínar í málinu, og er eins og sýnt er á dómskjali nr. 10, lína dregin úr steini A í Hliðsnes (skorstein). Er við þetta að athuga, að ekki hefur fundizt á þessum slóðum merktur steinn, er benda mætti á sem markastein, en sóknaraðili vísar þar á stóran stein, sem hann telur vera markastein (steinn A á dómskjali 10).

Þessu er mótmælt af hálfu varnaraðilja og bent á stóran stein vestanvert við Gömluhliðsvör, sem sé umræddur markasteinn, enda þótt ekki hafi fundizt heldur á honum merki, er sanni það. Hins vegar er það stutt framburði margra vitna, kunnugra á staðnum, að sá steinn hafi almennt verið álitinn vera markasteinn milli Hliðs og Skógartjarnar.

Árið 1927 keyptu þeir bræðurnir, Sigurður og Ásbjörn Lárussynir, ásamt föður sínum, Lárusi Ásbjörnssyni, jörðina Hlið af hreppnum. Lárus og Ásbjörn, sonur hans, eru látnir, en Sigurður og bróðir hans, Júlíus, hafa mætt sem vitni í málinu. Upplýsa þeir, að Lárusi og sonum hans hafi verið seld jörðin þannig, að þeir ættu allt land innan línu úr merktum steini vestan við Hliðsvör beina stefnu í bæinn á Hliðsnesi. Árið 1929 réðust þeir í að gera landamerkjagarð milli Hliðs og Vestri-Skógtjarnar, og stendur sá garður enn uppi.

Áður en garður þessi var byggður, segjast þeir hafa gengið úr skugga um, að hann væri settur á rétt landamerki milli jarðanna. Kölluðu þeir til þá Klemens Jónsson oddvita, eiganda jarðarinnar Vestri-Skógtjarnar, og Ólaf Bjarnason, bónda og hreppsnefndarmann í Gesthúsum, til að fá staðfestingu þeirra á landamerkjunum. Var markagarðurinn síðan byggður, eftir því sem þeir töldu vera rétt merki og í fullu samkomulagi milli allra, sem hlut áttu að máli, að því er Sigurður og Júlíus herma. Á dómskjali 10 er sýnt garðlag, sem er umræddur markagarður, og

fellur hann inn í beina línu, sem dregin er úr steini B í Hliðsnesi (skorsteinninn).

Í landamerkjskránni frá 1890 er talað um Steinboga, og hefur í máli þessu verið reynt að upplýsa, hvar hann sé að finna, enda miðar stefndur aðalkröfu sína í málinu við stað, sem hann telur vera þennan Steinboga. Hins vegar verður dómurinn að telja enn leika vafa á, hvar Steinbogi hefur verið, og steinaröð sú, sem kölluð hefur verið Steinbogi II á uppdrættinum, dómskjali 10, og stefndu viljað miða við, er of stór um sig til að nægilega nákvæm miðun fengist við það. Verður því ekki miðað við Steinboga sem landamerki í þessu máli.

Það skal fram tekið, að í máli þessu er samkomulag milli aðilja, að þar sem talað er um Hliðsnes sem endamark, er miðað við skorsteininn á íbúðarhúsi því, er þar stendur nú, eins og sýnt er á uppdrættinum á dómskjali 10.

Eins og ljóst er af því, sem hér hefur verið rakið, hefur sóknaraðili ekki fært fram fullnægjandi sönnunargögn fyrir því, að steinn sá, sem hann hefur bent á austanvert við Gömluhliðsvör sé markasteinninn milli Hliðs og Vestri-Skógtjarnar, og verður aðalkrafa sóknaraðilja í máli þessu því ekki tekin til greina.

Eins og áður er fram tekið, voru árið 1929 af eigendum Hliðs og Vestri-Skógtjarnar ákveðin landamerki milli jarðanna og byggður þar markagarður, sem enn er við lýði, og sýnir svo ekki verður um deilt, hvar þau landamerki voru þá ákveðin. Dómurinn álítur, að hlutaðeigendur hafi haft fullan rétt til að ákveða merki milli jarða sinna, svo að bindandi sé fyrir þá, er síðar hafa eignazt jarðir þessar. Auk þess má benda á, að síðan er liðinn fullur hefðartími og skilyrði til hefðar fyrir hendi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu skal fyrrgreindur markagarður ráða landamerkjum eða, eins og sýnt er á dómskjali 10, lína dregin úr steini B í Hliðsnes (skorstein).

Þá ber að taka til greina kröfu varnaraðilja um greiðslu málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, og þykir hann hæfilega metinn kr. 3.500.00.

Ennfremur greiði sóknaraðili meðdómendum merkjadómsins, þeim Birni Konráðssyni og Guðmanni Magnússyni, þóknun og ferðakostnað, kr. 750.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Landamerkjum milli jarðanna Hliðs og Vestri-Skógtjarnar skal ráða svonefndur Markagarður, sem fellur inn í beina

línu, sem hugsast dregin úr áðurgreindum steini vestanvert við Gömluhliðsvör og í reykháf íbúðarhússins í Hliðsnesi.

Þá greiði sóknaraðili, Lúðvig Eggertsson, eigendum Vestri-Skógtjarnar, málskostnað með kr 3.500.00 svo og þóknun og ferðakostnað meðdómendum, Guðmanni Magnússyni kr. 750.00 og Birni Konráðssyni kr. 750.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. maí 1958.

Nr. 64/1958. **Sigrún Einarsdóttir**
gegn
Kjartani Arnfinnssyni,
Margréti Friðriksdóttur
og
Fjólu Christhiansen.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. apríl 1958, en eigi varð sóknaraðilja kunn uppsaga héraðsdóms fyrr en þann dag. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 2. maí 1958. Sóknaraðili hefur hvorki sent dóminum greinargerð né kröfur, en í kærubréfi sínu lýsir hann því, að hann kæri málskostnaðarákvæði héraðsdóms, enda geti hann ekki unað því, að honum hafi verið dæmt að bera málskostnað sinn í héraði. Verður því að ætla, að sóknaraðili vilji fá sér dæmdan málskostnað í héraði úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðiljum hafi eigi borizt kröfur né greinargerð.

Eftir atvikum ber að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Dómsorð:

Ákærði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. apríl 1958.

Mál þetta, sem var dómtekið 21. f. m., hafa þau Kjartan Arnfinnsson, Margrét Friðriksdóttir og Fjóla Christhiansen, öll til heimilis að Barónsstíg 12, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu útgefinni 25. september 1957 gegn Sigrúnu Einarsdóttur, Vesturbrún 14, hér í bænum, og gert þær kröfur, að viðurkennt verði með dómi, að miðstöðvarherbergi hússins nr. 12 við Barónsstíg, ásamt miðstöðvarkatli og hitunartækjum öðrum, sem í þessu herbergi eru, séu óskipt sameign málsaðilja, og fari eignarréttur hvers eins í þessari sameign eftir þinglýstri hlutdeild í allri húseigninni, þannig að stefnandi Margrét eigi 11,5%, stefnandi Kjartan eigi 13,5%, stefnandi Fjóla eigi 60% og stefnda eigi 15%. Ennfremur krefjast stefnendur málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að stefnda keypti alla húseignina nr. 12 við Barónsstíg, með afsali dagsettu 12. febrúar 1954. Hinn 23. desember 1955 seldi hún rishæð hússsins, sem talin var 25% allrar eignarinnar, og er hinu selda nánar lýst svo: „Rishæð húseignarinnar nr. 12 við Barónsstíg, hér í bæ, með öllu múr- og naglföstu og 25% tilheyrandi eignarlóðar, ásamt rétti til tveggja geymsla í skúr þeim, sem í byggingu er á lóðinni, og rétti til 25% þvottahúss þess, er þar er fyrirhugað, enda skal eignin teljast 25% alls hússins.

Kaupandi kostar byggingu, bæði geymslna og þvottahúss, að sínum hluta frá því sem nú er."

Rishæðin, sem er tvær litlar tveggja herbergja íbúðir, hefur sameiginlegan stigauppgang í ytri bakdyraforstofu móti neðri hæðinni, en auk þess hefur kjallari aðgang að forstofu niðri og geymslu þar. Kaupendurnir seldu rishæðina síðar í tvennu lagi og keypti stefnandinn, Kjartan, annan hlutann með afsali dagsettu 21. janúar 1957, en stefnandi Margrét hinn hlutann með afsali dagsettu 21. marz 1957. Hluta stefnanda Kjartans er þannig lýst í afsalinu til hans: „Tveggja herbergja íbúð til hægri í rishæð húseignarinnar nr. 12 við Barónsstíg hér í bæ, með öllu

múr- og naglföstu og tilheyrandi hluta eignarlóðar í samræmi við eignarhlutfall íbúðarinnar í öllu húsinu.

Íbúðinni skal fylgja réttur til einnar geymslu í skúr þeim, sem í byggingu er á lóðinni og réttur til 13½% þvottahúss þess, er þar er gert ráð fyrir að verði, enda skal íbúðin teljast 13½% alls hússins.

Kaupandi kostar byggingu bæði geymslu og þvottahúss að sínum hluta frá því, sem nú er.

Íbúðin hefur sameiginlegan stigauppgang í ytra bakdyraforstofu móti neðri hæðinni og íbúðinni vinstra megin í risinu, en auk þess hefur kjallarinn aðgang að bakdyraforstofu niðri og geymslu þar. Ennfremur er innri forstofa sameiginleg fyrir báðar íbúðirnar í risinu, svo og það og klósett". Hluta stefnanda Margrétar er þannig lýst í afsalinu til hennar: „Eign þessi er nánar tiltekið íbúð til vinstri í rishæð hússins, 2 herbergi og eldhús og sameiginlegt salerni við íbúðina til hægri í rishæðinni, ásamt öllu múr- og naglföstu, sem íbúðinni fylgir og fylgja ber, svo og hlutdeild í meðfylgjandi eignarlóð í samræmi við eignarhlutfall íbúðarinnar í öllu húsinu.

Íbúðinni skal fylgja réttur til einnar geymslu í skúr þeim, sem í byggingu er á lóðinni, og réttur til 11½% þvottahúss þess, er þar er gert ráð fyrir að verði, enda skal íbúðin teljast 11½% alls hússins.

Kaupandi kostar byggingu bæði geymslu og þvottahúss að sínum hluta frá því, sem nú er.

Íbúðin hefur sameiginlegan stigagang í ytri bakdyraforstofu móti neðri hæðinni og íbúðinni vinstra megin í risinu, en auk þess hefur kjallarinn aðgang að bakdyraforstofu niðri og geymslu þar. Enn fremur er innri forstofa sameiginleg fyrir báðar íbúðirnar í risinu, svo og sameiginlegt það og klósett."

Með afsali dagsettu 19. október 1956 seldi stefnda stefnanda Fjólu hluta húseignarinnar, og er honum svo lýst í afsalinu: „Alla I. hæð hússins, tvö herbergi í suðurenda kjallara og geymslu undir stiga í kjallara götumegin, ásamt 60/100 hlutum af óskiptri eignarlóð. Inngangur inn í kjallara og upp á hæðina götumegin verður séreign kaupanda, en inngangur bakdyramegin er sameiginlegur með risi og hinum óselda hluta kjallarans.

Hið selda er selt með öllu múr- og naglföstu og öðru venjulegu fylgifé, svo sem rafmagnseldavél, og í því ástandi, sem það nú er í og kaupandi hefur kynnt sér við skoðun. Er hinn seldi eignarhluti talinn 60/100 hlutar allrar fasteignarinnar og greiðir

kaupandi skatta og gjöld og tekur að sér sameiginlegar veðskuldir í samræmi við það."

Af hálfu stefnenda er því haldið fram í málinu, að þau hafi gengið út frá því sem sjálfsögðu, er þau festu kaup á húshlutunum hvert um sig, að hverri íbúð fylgdi hlutdeild í miðstöðvarklefanum og hitunartækjum í honum, þar eð allt hafi verið selt, er íbúðunum bar að fylgja, og klefinn og tækin voru ekki sérstaklega undanskilin. Hins vegar hafi þeim smám saman orðið ljóst, að stefnda telur sig einkaeiganda og umráðahafa miðstöðvarklefa og tækja. Stefnendur fóru þess á leit við stefndu, að hún viðurkenndi eignarrétt þeirra að herberginu og tækjunum í hlutfalli við eign þeirra í húseigninni, en höfðuðu mál þetta, er hún fékkst ekki til þess. Telja stefnendur, að algild venja ríki um það hér í bæ, að miðstöðvarklefar og tæki séu sameign allra húseigenda.

Stefnda staðhæfir, að það hafi aldrei verið ætlan sín að selja stefnendum hluta af miðstöðvarherberginu eða tækjunum í því, enda sé ekki á það minnzt í afsölunum til þeirra, sem hafi að geyma tæmandi upptalningu á öllu því, sem selt var hverju sinni. Hún bendir og á það, að innar af miðstöðvarklefanum sé lítið herbergi, sem einnig sé hennar eign og ekki verði komizt inn í nema um miðstöðvarherbergið eða eignarhluta stefnandi Fjólu, en eignarhluti stefnda nái ekki 15% allrar eignarinnar, nema þessi tvö herbergi séu talin með. Stefnda mótmælir eindregið þeim staðhæfingum stefnenda, að nokkur gagnstæð venja ríki hér um þetta efni. Þá hefur hún og bent á, að hún hafi hvorki selt stefnendunum Kjartani né Margréti eignarhluta þeirra og geti þau því engar kröfur borið fram gegn sér. Loks hefur hún talið að hugsanlegur réttur stefnenda að þessu leyti sé niður fallinn fyrir vangeymslu, þar eð þau hafi ekki hreyft neinum kröfum í þessa átt fyrr en í júní 1957.

Ljóst er af því, sem rakið er hér að framan um efni afsalanna til stefnenda, að miðstöðvarklefinn og tækin eru þar ekki talin meðal þess, sem selt var. Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnenda, að stefnda hefði á engan hátt torveldað þeim afnot miðstöðvarklefans né meinað þeim aðgang að honum, og af hálfu stefndu var því lýst yfir við sama tækifæri, að hún mundi aldrei gera neinar ráðstafanir í þá átt. Stefnendur hafa því eigi getað sýnt fram á, að þeir hafi með afsölunum fengið eignarrétt yfir miðstöðvarklefanum og tækjunum, né heldur að þeim sé nauðsyn á slíkum rétti og eigi er kunnugt um venju, er

þeir geti byggt þann rétt á. Þykir því verða að taka sýknukröfu stefndu til greina, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnda, Sigrún Einarsdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Kjartans Arnfinnssonar, Margrétar Friðriksdóttur og Fjólu Christhiansen, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. maí 1958.

Nr. 6/1958. **Kaupfélag Hafnfirðinga**
(Vilhjálmur Jónsson hrl.)
gegn
h/f Fiski (Baldvin Jónsson hrl.).
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. janúar þ. á. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 39.407.81 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 19. þ. m., að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 16. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, er ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Kaupfélag Hafnfirðinga, greiði gagnáfrýjanda, h/f Fiski, kr. 1500.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 21. desember 1957.

Ár 1957, laugardaginn 21. desember, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar af Jóni Finnssyni, fulltrúa bæjarfógeta, og meðdómendunum Sigurði Guðnasyni og Birni Helgasyni kveðinn upp dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var hinn 6. þ. m.

Mál þetta hefur stefnandinn, Kaupfélag Hafnfirðinga, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar með stefnu útgefinni í apríl 1956 gegn Fiski h/f, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 39.407.81 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að áður en vetrarvertíð 1955 hófst hafi þáverandi forstjóri hins stefnda félags, Óskar Jónsson, beðið um að afgreiddar yrðu, meðan á vertíð stæði, vörur úr verzlunum stefnanda til fiskibáta, er legðu upp afla sinn hjá stefnda. Voru bátar þessir m. a. v/b Stjarnan, v/b Örn Arnarson og v/b Hafdís. Enn fremur hafi á sama hátt verið beðið um vörur til matarfélags, er starfað hafi á vegum stefnda undir nafninu „Kostfélagið í Svendborg".

Kveðst stefnandi hafa gengið út frá því, er beðið var um úttekt þessa, að stefndi greiddi hana, enda hefðu slík viðskipti milli stefnanda og stefnda átt sér stað árum saman og hafi stefndi ætíð greitt úttekt, er beðið var um vegna báta, sem lögðu upp afla sinn hjá honum á vertíðum. Það sama gilti einnig um mötuneytið. Veturinn 1955 greiddi stefndi einnig úttekt þessara báta, þar til að lokauppgjöri kom. Síðustu reikningana frá vertíðinni hafi stefndi hins vegar neitað að greiða, en fyrir þeim fjárhæðum er krafizt dóms í máli þessu.

Telur stefnandi, að venja hafi skapazt milli hans og stefnda

um viðskipti þessi og samkvæmt henni og því, að forstjóri stefnda bað um úttektina, beri stefnda að greiða fjárhæðir þessar, er sundurliðast þannig:

Vegna	v/b Stjörnunnar	kr.	9.578.24
—	— Arnar Arnarsonar	—	14.901.80
—	— Hafdísar	—	9.976.16
—	Kostfélags í Svendborg	—	4.951.61
	Samtals	kr.	39.407.81

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að vöruúttekt þessi sé honum algerlega óviðkomandi, þar sem útgerð skipa þessara hafi ekki verið á hans vegum. Hefur verið lögð fram í málinu yfirlýsing Óskars Jónssonar, er var forstjóri hins stefnda félags, er úttekt þessi fór fram, en hann hefur ekki mætt fyrir dómi í máli þessu samkvæmt læknisráði, þar sem hann er með chroniskan hjartasjúkdóm.

Í yfirlýsingu þessari segir, að Óskar hafi á þeim tíma, er úttektin fór fram, veitt framkvæmdarstjórn félögunum: Fiski h/f, Gísla Súrssyni h/f og Leifi heppna h/f.

Var afgreiðsla allra þessara félaga í sömu skrifstofu, en bókhald aðskilið. Kveðst Óskar ekki hafa beðið um úttekt þessa fyrir Fisk h/f eða í nafni þess félags.

Útgerð þeirra báta, sem úttektina fengu, hafi ekki verið á vegum Fisks h/f, heldur Leifs heppna h/f, sem var eigandi v/b Arnar Arnarssonar og Gísla Súrssonar h/f, sem var eigandi v/ Hafdísar og leigutaki v/b Stjörnunnar.

Þá er því einnig haldið fram af hálfu stefnda, að Kostfélagið í Svendborg sé honum óviðkomandi og vöruúttekt þess félags hjá stefnanda því ekki á ábyrgð stefnda.

Vitnið Gísli Ólafsson, er hafði verið skrifstofumaður hjá Fiski h.f. s.l. 10 ár, hefur skýrt svo frá, að þarna á sömu skrifstofunni hafi verið bókhald fyrir félögin Gísla Súrsson h/f og Leif heppna h/f, en því verið haldið algerlega aðskildu frá öðru bókhaldi þar. Afgreiðsla stefnda og áðurgreindra félaga hafi verið á þessari sömu skrifstofu og er inneign var fyrir hendi hjá Fiski h/f, hafi verið greiddir reikningar fyrir hin félögin og einnig í þeim tilvikum, er forstjórinn, Óskar Jónsson, hafi sérstaklega lagt svo fyrir. Þá skýrir vitnið og frá því, að Kostfélagið í Svendborg hafi verið á vegum Gísla Súrssonar h/f og Leifs heppna h/f og einnig bátar þeir, sem um ræðir í máli þessu. Segir vitnið, að reikningar Kostfélagsinns hafi verið sundurliðaðir og reiknaðir

út á skrifstofunni, til þess að hægt væri að sjá, hvað hver maður ætti að borga og hvað tilheyrði hverjum báti. Minnist vitnið þess ekki, að neitað hafi verið að greiða reikninga frá stefnanda á þessi félög fyrr en vorið 1955, en það muni hafa stafað af því, að bátarnir áttu þá ekki inneign hjá Fiski h/f. Vitnið hafði á hendi gjaldkerastörf fyrir umrædd þrjú félög og var einn „kassi" sameiginlegur fyrir öll félögin, en aðeins haldinn sjóður hjá Fiski h/f, en fært í viðskiptareikninga fyrir Leif heppna h/f og Gísla Súrsson h/f inneign eða skuldir þeirra hvors um sig hjá Fiski h/f.

Vitnið Einar Halldór Hallgrímsson, er verið hafði starfsmaður Leifs heppna h/f og Gísli Súrssonar h/f og tekið laun hjá þeim félögum, skýrir svo frá, að framkvæmdastjórinn, Óskar Jónsson, hafi sagt því fyrir, hvar verzla ætti fyrir bátana og falið því hverju sinni, þegar úttekt fór fram. Voru nóturnar ávallt stílaðar á viðkomandi báta.

Þá hefur mætt í málinu sem vitni Ragnar Pétursson, forstjóri stefnanda. Skýrir vitnið svo frá, að það hafi ekki vitað betur en að v/b Stjarnan, v/b Hafdís og v/b Örn Arnarson væru á vegum Fisks h/f og byggði það á margra ára viðskiptum, þar sem Fiskur h/f hafði alltaf greitt reikninga bátanna. Því hafi hins vegar verið ókunnugt um, af hvaða bátum þeir menn voru, er stóðu að Kostfélaginu í Svendborg, en stefndi hefði ávallt borgað þá reikninga líka. Vitninu var kunnugt um, að hlutafélögin Leifur heppni og Gísli Súrsson voru eigendur v/b Arnar Arnarsonar og v/b Hafdísar, en vissi ekki, hver var eigandi v/b Stjörnunnar og hvort eigendur eða Fiskur h/f gerðu út báta þessa. Taldi vitnið þetta ekki skipta máli, þar sem það áleit, að Fiskur h/f bæri ábyrgð á úttektinni.

Það verður að telja, að almennt megi ganga út frá því, að eigendur vélbáta geri þá út sjálfir á sinn kostnað og ábyrgð, nema annað sé upplýst. Í máli þessu er upplýst, að forstjóra stefnanda var kunnugt um það, að vélbátarnir Örn Arnarsson G.K. 123 og Hafdís G.K. 20 voru eign hlutafélagsins Leifs heppna og Gísla Súrssonar h/f og að hið stefnda félag, sem átti og rak hraðfrystihús, var einnig félag með takmarkaðri ábyrgð. Þá mátti forstjóra stefnanda enn fremur vera ljóst, þar sem hann hafði haft viðskipti við félög þessi um árabil, að sami maðurinn hafði á hendi stjórn þeirra allra og að afgreiðsla þeirra var á einum og sama stað.

Af framangreindum ástæðum verður því ekki talið, að forstjóra stefnanda hafi verið rétt að ganga út frá því sem vísu, að Fiskur

h/f myndi taka að sér að greiða úttekt þessara báta, nema félögin, sem þá áttu, ættu inneign hjá Fiski h/f eða það félag hefði sérstaklega tekið á sig ábyrgð á úttekt bátanna hjá stefnanda, en fram á það var ekki farið af hans hálfu.

Sama máli gegnir um svonefnt Kostfélag í Svendborg, þar sem það kemur fram í vitnisburði forstjóra stefnanda, að honum var kunnugt um, að félag þetta eða mötuneyti var starfrækt í sambandi við útgerð bátanna, enda þótt honum væri ókunnugt um, af hvaða bátum mennirnir voru, sem að Kostfélaginu stóðu.

Að því er úttekt Stjörnunnar R.E. 3 varðar, gegnir nokkuð öðru máli, þar sem hér var um aðkomubát að ræða, er eitt hinna þriggja félaga, Gísli Súrsson h/f, hafði á leigu. Af hálfu stefnda hafa ekki verið færðar sönnur á það, að athygli stefnanda hafi verið vakin á því, hvaða félag gerði bát þennan út, þegar um úttektina var beðið og þykir rétt, að stefndi beri hallan af þeim sönnunarskorti.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða máls þessa sú, að sýkna ber stefnda af kröfu stefnanda, að því er varðar ábyrgð á úttekt vegna v/b Arnar Arnarssonar, v/b Hafdísar og Kostfélagsins í Svendborg, en taka kröfur hans um ábyrgð stefnda á úttekt v/b Stjörnunnar til greina. Í máli þessu er enginn ágreiningur um fjárhæðir.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda, Fisk h/f, til að greiða stefnanda, Kaupfélagi Hafnfirðinga, kr. 9.578.24 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1955 til greiðsludags og málskostnað, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskur h/f, greiði stefnanda, Kaupfélagi Hafnfirðinga, kr. 9.578.24 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1955 til greiðsludags og málskostnað með kr. 2.000.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. maí 1958.

Nr. 216/1957. **Ákæruvaldið**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Gunnari Valgeiri Kristjánssyni
(Lárus Jóhannesson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Fallast má á ákvörðun héraðsdóms um 300 króna sekt til ríkissjóðs á hendur verjanda ákærða í héraði, og komi varðhald 2 daga í stað sektar hans, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Að öðru leyti þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Valgeir Kristjánsson, greiði 3000.00 króna sekt í Menningarsjóð, og komi varðhald 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þorvaldur Þórarinsson héraðsdómslögmaður greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 2 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greiddi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 17. október 1957.

Ár 1957, fimmtudaginn 17. október, kl. 14.00, var í sakadómi Keflavíkurflugvallar af Magnúsi E. Guðjónssyni, fulltrúa lögreglustjóra, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 373/1957: Ákæruvaldið gegn Gunnari Valgeiri Kristjánssyni, en mál þetta var dómtekið 17. f. m.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Gunnari Valgeiri Kristjánssyni, Sólbakka, Ytri-Njarðvík, með ákæruskjali, útgefnu í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins 17. ágúst s.l., birtu ákærða 2. f. m. Er nefndur Gunnar Valgeir ákærður fyrir áfengis- og gjaldeyrislagabrot samkvæmt 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., með því að hafa föstudaginn 5. apríl s.l. um kl. 21.30 selt varnarliðsmanninum Jesse Rivera, A/1C, eina flösku af gin, merkta Áfengisverzlun ríkisins, fyrir $10.00 í svokölluðum hermannagjaldeyri, en viðskipti þessi fóru fram á Keflavíkurflugvelli í bifreið ákærða, G 333. Er hann ákærður til að sæta refsingu samkvæmt 39. gr. áfengislaganna og 11. gr. áðurgreindra laga nr. 88/1953 svo og til upptöku hins ólöglega móttekna gjaldeyris samkvæmt 11. gr. sömu laga, nr. 88/1953, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 22. marz 1928. Hann hefur því náð sakhæfisaldri og er sakhæfur að öðru leyti.

Hann hefur áður sætt eftirtöldum refsingum:

Í Hafnarfirði:

1948 7/10 Sátt, kr. 100.00 sekt fyrir brot gegn bifreiðalögum.

1956 19/3 Sátt, kr. 75.00 sekt fyrir ökuhraða.

Á Keflavíkurflugvelli:

1956 26/7 Áminning fyrir tolllagabrot.

Málsatvik eru þau, að föstudagskvöldið 5. apríl s.l. um kl. 21.00

hringdi varðstjóri í lögreglu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, Robert W. Morse að nafni, til Lárusar Kristjáns Péturssonar, varðstjóra í íslenzku lögreglunni þar, og bað hann að koma til viðtals við sig til lögreglustöðvar varnarliðsins. Er þangað kom, skýrði nefndur Morse Lárusi Kristjáni frá því, að varnarliðsmaður nokkur hefði gefið herlögreglunni upplýsingar um, að hann hefði keypt áfengi af ökumanni bifreiðarinnar G 333, ákærða í máli þessu. Einnig hafði Lárusi Kristjáni borizt til eyrna annars staðar frá orðrómur um, að ákærði seldi áfengi.

Lárus Kristján Pétursson varðstjóri hefur borið, að hann hafi talið rétt að ganga þá þegar úr skugga um, hvort upplýsingar þær, er hann hafði fengið um hinn ólöglegu háttsemi ákærða, væru réttar, og að hann hefði talið eðlilegt og sjálfsagt undir þessum kringumstæðum að nota þá uppljóstrunaraðferð, sem almennt væri notuð til að upplýsa leynivínsölu, þ. e. að fá einhvern til að kaupa áfengi af ákærða.

Fór Lárus Kristján þess á leið við Robert W. Morse, að hann fengi varnarliðsmann til samvinnu við íslenzku lögregluna við rannsókn málsins. Fékk nefndur Morse herlögreglumann af nafni Jesse Rivera til aðstoðar íslenzku lögreglunni í þessu skyni og fékk honum í hendur tvo 5 dollaraseðla í varnarliðsgjaldeyri (Military Payment Certificates), en áður höfðu þeir Lárus Kristján og Morse ritað hjá sér númer seðlanna. Var lagt fyrir Jesse Rivera að fara til útibús Aðalstöðvarinnar á flugvellinum gegnt flugvallarhótelinu og falast eftir að kaupa þar áfengi af ákærða. Ef kaup tækjust, skyldi hann láta aka sér að skála T 32 á vellinum, en þar hugðust Lárus Kristján og Morse bíða.

Hefur vitnið Jesse Rivera skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi umrætt sinn hitt mann utan dyra téðrar bifreiðastöðvar og hafi hann innt mann þenna eftir áfengi til kaups. Maðurinn hafi beðið sig að doka við, en síðan brugðið sér inn í stöðvarbygginguna. Innan stundar hafi annar maður komið út úr byggingunni og gengið rakleitt í átt til vitnisins. Síðar kom í ljós, að maður þessi var ákærði. Bar vitnið upp sama erindi við mann þenna. Kveður vitnið ákærða hafa svarað: „O.K." og bent sér að setjast inn í framsæti bifreiðarinnar G 333, er stóð þarna á bifreiðastæðinu, en sjálfur hafi ákærði setzt við hlið hans í framsæti bifreiðarinar G 333. Hafi ákærði aðeins sagzt hafa gin og dregið undan framsæti bifreiðarinnar eina flösku af gin og sagt, að hún kostaði $ 10.00. Kvaðst vitnið hafa fengið honum hina tvo merktu $ 5.00 seðla sem greiðslu og tekið um leið við flöskunni og stung-

ið henni inn á sig. Bað vitnið ákærða síðan að aka að skála T 32. Á leiðinni þangað kveður vitnið ákærða hafa farið að tala við sig. Hafi hann spurt sig, hve lengi hann (vitnið) væri búinn að dvelja hérlendis. Kvaðst vitnið hafa sagt honum, að hann væri nýkominn til landsins frá Flórida. Ekki kvað vitnið aðrar samræður hafa farið fram þeirra á milli. Vitnið kveður ákærða hafa stöðvað bifreiðina við skála T 32. Er vitnið var í þann veginn að stíga út úr bifreiðinni, komu þeir Lárus Kristján og Morse á vettvang og settust inn í bifreiðina. Ekki kvaðst vitnið hafa talað frekar við ákærða, en fylgzt með til lögreglustöðvar varnarliðsins og fengið Lárusi Kristjáni ginflöskuna, er þangað var komið.

Vitnið Lárus Kristján Pétursson hefur skýrt svo frá samskiptum sínum og ákærða umrætt sinn, að hann hafi ásamt áðurgreindum Morse verið búinn að bíða örskamma stund við skála T 32, er bifreiðina G 333 bar þar að. Kvaðst hann ásamt Morse hafa gengið að bifreiðinni, opnað afturhurð hennar og setzt í aftursætið. Sá hann, að Rivera, er sat í framsætinu, var með áfengisflösku innanklæða. Kvað vitnið ákærða hafa ávarpað sig á ensku og spurt, hvert aka skyldi, en vitnið kvaðst þá hafa sagt til nafns og hafi ákærði þá sagzt skilja, hvernig málum væri komið og hafi hann þá strax viðurkennt að hafa selt varnarliðsmanninum eina flösku af gin fyrir $ 10.00. Bað vitnið ákærða að aka til lögreglustöðvar varnarliðsins og koma þar inn. Þar yfirheyrði vitnið ákærða, sem viðurkenndi, að hann hefði selt umræddum varnarliðsmanni eina gin-flösku fyrir $ 10.00 í hermannagjaldeyri, en flösku þessa hefði hann geymt í bifreiðinni.

Vitnið Gunnar Albertsson lögregluþjónn hefur borið, að hann hafi hlýtt á ákærða, er hann endurtók viðurkenningu sína um áfengissölu á lögreglustöð varnarliðsins.

Vitnið Lárus Kristján Pétursson hefur enn fremur borið, að ákærði hafi afhent sér alls $ 11.00 í hermannagjaldeyri, $ 10.00 andvirði áfengisflöskunnar og $ 1.00, er ákærði kvaðst hafa fundið í bifreið sinni. Er leitað hafði verið á ákærða og í bifreið hans með hans leyfi, var honum leyft að fara.

Ákærði hefur fyrir dómi skýrt svo frá málavöxtum, að hann hafi umrædd sinn verið staddur inni í byggingu Aðalstöðvarinnar, er Lárus Guðbrandsson bifreiðarstjóri kom inn og kvað mann, sem vantaði bifreið, bíða úti. Kvaðst ákærði hafa farið út og hitt þar fyrir varnarliðsmann, sem strax hafi hafið máls á því, að sér væri kalt. Hafi hann þá boðið manninum inn í bifreið sína, G 333. Hafi maðurinn, eftir að inn í bifreiðina var komið, haldið áfram

að tala um kuldann og að hann væri nýkominn til landsins og fleira í sama dúr. Kvaðst ákærði í fyrstunni hafa haldið, að maðurinn væri með áfengisáhrifum. Hafi nú maðurinn hafið máls á því, hvort hann gæti ekki fengið keypta flösku af einhvers konar áfengi, svo að hann gæti sofnað. Kvaðst ákærði hafa færzt undan þessari bón mannsins og sagt honum, að hann gæti ekki orðið við henni. Bað nú maðurinn ákærða að aka að skála T 32. Kvaðst ákærði þá hafa farið að vorkenna manninum og hafi hann ákveðið að láta manninn fá ginflösku, er hann hafði keypt í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og hafði geymda undir framsæti bifreiðarinnar, en ákærði kvaðst hafa ætlað áfengi þetta til að veita gestum, er hann átti von á í heimsókn til sín þá um kvöldið. Lét hann manninn því hafa flösku þessa. Hafi maðurinn þá spurt, hvað hann skuldaði mikið, ef hermannadollar væru lagðir til grundvallar. Þar eð í ljóst hafi komið, að maðurinn hafði enga íslenzka peninga meðferðis, kvaðst ákærði hafa sagt manninum, að „þetta" kostaði $ 10.00. En ákærði kvað það hafa verið meiningu sína, að þessir $ 10.00 í hermannagjaldeyri yrðu greiðsla bæði fyrir ökuferðina og áfengisflöskuna. Fékk maður ákærða síðan tvo 5 dollara seðla í hermannagjaldeyri.

Ákærði kvaðst hafa afhent Lárusi Kristjáni, er komið var á herlögreglustöðina og áður en farið var að leita á honum, $ 11.00 í hermannagjaldeyri. Þá kvaðst hann hafa látið tilleiðast að undirritia játningu um áfengissölu og játað hana rétta í viðurvist 3 íslenzkra lögregluþjóna, enda verið mjög miður sín.

Ákærði viðurkenndi við yfirheyrslu í sakadómi, að hann hefði selt téðum varnarliðsmanni ginflösku, sökum þess að hann hefði kennt í brjósti um manninn og viljað gera honum greiða.

Undir rekstri málsins hefur ákærði og rétttargæzlumaður hans og síðar skipaður verjandi, Þorvaldur Þórarinsson hdl., haldið því fram, að ekki hafi umrætt sinn verið um sölu eða verzlun með áfengi að ræða í skilningi áfengislaga, heldur hafi ákærði afhent varnarliðsmanninum flöskuna í greiðaskyni og tekið við títtnefndum $ 10.00 í varnarliðsgjaldeyri sem tryggingu, en ekki sem greiðslu, enda sé hermannagjaldeyrir ekki gjaldmiðill og skráð mynt í skilningi íslenzkra laga og geti því ekki skoðazt sem greiðsla af neinu tagi. Enn fremur, að gjaldmiðill þessi sé verðlaus með öllu, nema sem ávísun á vörur í sérverzlunum varnarliðsins, sem engir aðrir en varnarliðsmenn eigi aðgang að. Og að ekki sé hægt með löglegum hætti að skipta gjaldmiðli þessum í mynt nokkurs lands. Skipaður verjandi ákærða hefur krafizt

sýknu honum til handa af ákæru fyrir brot á áfengislögum og það jafnvel þótt ákærði hafi eitthvert augnablik talið, að um refsivert atferli hafi verið að ræða af hans hálfu, en ímynduð brot og ónothæf tilraun til brots sé refsilaus.

Þá hefur skipaður verjandi ákærða einnig krafizt sýknu hans af ákæru vegna gjaldeyrislagabrots samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 á þeim grundvelli, að hermannagjaldeyrir sé ekki sú tegund gjaldeyris, sem við sé átt í téðu lagafyrirmæli, heldur muni lögin eiga við gjaldmiðil, er sæti skráningu hér á landi. Verjandinn hefur haldið því fram, að ákærði hafi ekki verzlað, ekki keypt umræddan gjaldmiðil. Og jafnvel þótt umræddur gjaldmiðill yrði talinn erlendur gjaldeyrir í skilningi íslenzkra laga, sem verjandinn mótmælir kröftuglega, eigi að gefast hæfilegur tími til að skila gjaldeyrinum, þar eð móttaka hans ein saman feli ekki í sér brot.

Loks hefur verjandi ákærða krafizt þess, að ákærukröfu um upptöku ólöglega móttekins gjaldeyris verði hafnað, þar eð móttaka gjaldmiðilsins hafi ekki verið ólögleg.

Ákærði krefst þess, að sakarkostnaður allur verði greiddur af almannafé.

Samkvæmt játningu ákærða, er styðst við framburð vitnisins Jesse Rivera og önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði lét af hendi við greint vitni eina 3 pela flösku af gin, merkta Áfengisverzlun ríkisins, gegn $ 10.00 í varnarliðsgjaldeyri.

Dómarinn lítur svo á, að endurgjaldið, varnarliðsgjaldeyririnn, sé verðmæti, enda er gjaldmiðill þessi notaður sem jafngildi bandaríkskra dala í skiptum meðal varnarliðs Bandaríkjanna á varnarsvæðum hérlendis og enn fremur er fram komið, að ákærði hefur litið á gjaldmiðil þennan sem verðmæti, þar eð hann kveðst hafa veitt honum viðtöku sem tryggingu.

Með því að láta af hendi áfengi gegn verðmætum hefur ákærði gerzt brotlegur við 18. gr. áfengislaga nr. 58/1954, svo sem greint er í ákæruskjali.

Dómurinn lítur svo á, að ákærði hafi ekki, með því að veita viðtöku gegn verðmæti téðum $ 10.00 í varnarliðsgjaldeyri „verzlað" með gjaldeyri í merkingu 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 212/1953, þar eð kaup eða móttaka erlendis gjaldeyris ein saman fela ekki í sér brot. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna af broti á 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Sýkna ber ákærða samkvæmt framansögðu um kröfu ákæruvaldsins um upptöku ólöglega móttekins gjaldeyris.

Refsing ákærða samkvæmt 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954 þykir hæfilega ákveðin 1.000.00 króna sekt til Menningarsjóðs og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Í skriflegri vörn sinni, dskj. nnr. 7, hefur skipaður verjandi ákærða, Þorvaldur Þórarinsson hdl., viðhaft meðal annars svohljóðandi ummæli um störf Lárusar Kristjáns Péturssonar lögregluvarðstjóra við rannsókn máls þessa: „Tel ég, að hér sé um geðbilunarkennda ofsókn að ræða ...". Þykja hin tilvitnuðu ummæli verjandans mjög ósæmileg og þykir rétt samkvæmt heimild í 160. gr. sbr. 159. gr. laga nr. 27/1951 að dæma hann til greiðslu 300.00 króna sektar til ríkissjóðs vegna téðra ummæla.

Eftir atvikum þykir rétt, sbr. 2. mgr. 141. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, að skipta greiðslu sakarkostnaðar í máli þessu, þannig að ákærði greiði helming sakarkostnaðar, þ. á m. málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvaldar Þórarinssonar hdl., kr. 1.500.00, en helmingur sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms í máli þessu. Stafar dráttur þessi af miklum önnum við embættið.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Valgeir Kristjánsson, greiði 1.000.00 króna sekt í Menningarsjóð, en sæti varðhaldi í 7 daga, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði helming sakarkostnaðar í máli þessu, þ. á. m. málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvaldar Þórarinssonar hdl., kr. 1.500.00, en helmingur sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Skipaður verjandi, Þorvaldur Þórarinsson hdl, greiði 300.00 króna réttarfarssekt, er renni í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. maí 1958.

Nr. 66/1955. **Ákæruvaldið** (Lárus Jóhannesson hrl.)
gegn
James Stanley Harper (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur gefið álitsgerð í málinu. Hann hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir varðskipsins Þórs hinn 23. marz 1955. Samkvæmt því reyndist staður togara ákærða tæplega 0.9 sm fyrir innan fiskveiðimörkin kl. 12.48, um 0.8 sm innan þessara marka kl. 12.55 og um 0.6 sm innan sömu marka til kl. 13.00. Staður dufls þess, sem varðskipið setti út kl. 13.08 við togarann, reyndist vera rúmlega 0.5 sm innan markanna.

Þá hefur skólastjórinn hinn 7. október 1957 markað sömu staðarákvarðanir á sjókort, þannig að reiknað er með $2\frac{1}{2}°$ skekkju í miðunum til togarans og 2.5% fjarlægðarskekkju á notaðan mælikvarða ratsjárinnar, en framangreindar skekkjur höfðu fundizt við rannsókn á ratsjám varðskipsins Ægis og fleiri skipa. Skólastjórinn miðaði útsendingar sínar við mælingar á 12 sm ratsjár-mælikvarða. Samkvæmt því verður fjarlægðarskekkjan 0.3 sm og sé reiknað með því, að hún hafi verið +, þ. e. ákærða í vil, verða staðir togara ákærða innan fiskveiðimarkanna sem hér segir: Um 0.5 sm kl. 12.48, um 0.46 sm kl. 12.55 og um 0.3 sm kl. 13.00. Síðar hefur komið í ljós, að ratsjár varðskipsins Þórs hafa 10 sm, en eigi 12 sm fjarlægðarkvarða. Verða nefndar niðurstöður skólastjórans þeim mun hagstæðari ákærða.

Að tilhlutun Hæstaréttar voru í sakadómi Reykjavíkur hinn 16. október 1957 dómkvaddir þeir Sigurður Þorkelsson, yfirverkfræðingur í radíódeild Landssíma Íslands, Sigurður Halldórsson rafmagnsverkfræðingur, Ingólfur Þórðarson, siglingafræðikennari við Stýrimannaskólann í Reykjavík, og Jónas Sigurðsson, siglingafræðikennari við sama skóla, til þess að sannreyna á sem ýtarlegastan og tryggilegastan hátt nákvæmni ratsjáa varðskipsins Þórs, sem eru af Decca og Kelvin-Hughes gerðum og voru settar í varðskipið í lok janúar 1955.

Tveir hinna dómkvöddu manna, þeir Jónas Sigurðsson og Ingólfur Þórðarson, kennarar við Stýrimannaskólann, hafa markað staðarákvarðanirnar á sjókort, þannig að reiknað er með ± 2% fjarlægðarskekkju á 10 sm kvarða Decca-tækisins og ± 3° skekkju í miðun til togarans. Við þessa aðferð koma fram staðarmarghyrningar í sjókortinu, og innan þeirra takmarka hafa staðið togara ákærða verið, þá er varðskipið framkvæmdi mælingar sínar.

Staður togara ákærða kl. 12.48 er innan marghyrnings X og liggur sá marghyrningur frá 0.5—0.6 sm til 1.2—1.3 sm innan fiskveiðimarkanna.

Staður togarans kl. 12.55 er innan marghyrnings Y, en hann liggur frá 0.6—0.7 sm til um 0.9 sm innan sömu marka.

Staður togarans kl. 13.00 er innan marghyrnings Z, en hann liggur frá 0.4—0.5 sm til 0.7—0.8 sm innan nefndra marka.

Loks hefur skólastjóri Stýrimannaskólans hinn 31. desember 1957 markað staðarákvarðanir á sjókort samkvæmt téðum skekkjum á ratsjám varðskipsins Þórs. Eru niðurstöður skólastjórans nærfellt hinar sömu og hinna dómkvöddu manna.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja, að staðarákvarðanir löggæzlumanna veiti örugga sönnun fyrir því, að ákærði hafi verið í landhelgi á nefndum tíma. Sannað er og, að hann var þar að veiðum. Með því hefur hann gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr.

laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952 sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skírskotun til þessa og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því að héraðsdómur gekk, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, James Stanley Harper, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar og Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmanna, kr. 10.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. marz 1955

Ár 1955, föstudaginn 25. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1225/1955: Ákæruvaldið gegn James Stanley Harper, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærði er James Stanley Harper, skipstjóri á brezka togaranum Wyre Gleaner, F.D. 23, til heimilis í 14 Broadway West í Fleetwood, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. 1. gr. laga nr. 82 8. desember 1952 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara miðvikudaginn 23. marz 1955 um kl. 13.00 vestur af Vestmannaeyjum innan markalínu þeirra, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21, 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952.

Ákærist hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 2. apríl 1904 í Lowestoft, og hefur hvorki sætt ákæru eða refsingu, svo kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu Eiríks Kristóferssonar, skipherra á varðskipinu Þór, var varðskipið hinn 23. þ. m. á eftirlitsferð austur Selvogsbanka og sást þá togari, sem virtist vera á landhelgissvæðinu.

Kl. 12.48 gerðu skipherrann og III. stýrimaður varðskipsins þessa staðarákvörðun: Dalfjall △ ≠ Einidrang, fjarlægð 7,6 sjómílur, togarinn miðast í réttvísandi 116°, fjarlægð 4,4 sjómílur.

Kl. 12.55 gerðu skipherrann og allir þrír stýrimenn varðskipsins þessa staðarákvörðun: Ystiklettur # Einidrang, fjarlægð 6,5 sjómílur, togarinn þá að bera vel norðan við Hellisey, fjarlægð 2,6 sjómílur.

Kl. 12.57 sneri togarinn vestur um meira.

Kl. 13.00 gerðu sömu menn þessa staðarákvörðun: Elliðaey ≠ Einidrang, fjarlægð 5,5 sjómílur. Þá var togarinn að sjá vel laust N úr Hellisey, fjarlægð 1,0 sjómíla.

Kl. 13.05 sást, að togarinn var að veiðum og var honum þá strax gefið stöðvunarmerki. Kl. 13.06 nam varðskipið staðar við togarann, sem var að veiðum með stjórnborðsvörpu. Beðið var til kl. 13.08, meðan varpa togarans fjarlægðist, og þá sett út ljósdufl, en togarinn hélt áfram beint út.

Kl. 13.08 gerðu skipherrann og stýrimenn varðskipsins þessa staðarákvörðun við duflið: Fjarlægð í Einidrang 4,78 sjómílur og í Geirfuglasker 11,0 sjómílur, dýpi 92 metrar, sem gefur stað duflsins 0,4 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 13.15 dró togarinn inn vörpu sína og var í henni dálítið af fiski. Kl. 13.25 var bátur settur út frá varðskipinu og skipstjóri togarans, ákærði, sóttur yfir í skip sitt, sem reyndist vera Wyre Gleaner, F.D. 23. Voru síðan mældir sömu staðir og kl. 13.08 og mældust þeir nákvæmlega eins og áður.

Sjór ASA 4—6, veður A 7—9, en var að bráðhvessa.

Kl. 14.05 var báturinn tekinn upp, eftir ýtarlegar mælingar með ákærða.

Þar sem vindur var orðinn A 10—11, fóru nú skipin í var upp undir Vestmannaeyjar og var ákærði fluttur aftur yfir í skip sitt.

Frá Vestmannaeyjum var haldið til duflsins aftur og staður þess mældur að nýju kl. 18.55 og reyndist hinn sami og áður. Allar mælingar varðskipsins voru gerðar með ratsjám á víxl til samanburðar.

Varðskipið beið með togaranum á þessum slóðum eftir tilmælum ákærða, meðan hann reyndi að ná sambandi við brezka eftirlitsskipið hér við land, en þær tilraunir hans báru ekki árangur.

Kl. 23.34 héldu skipin af stað til Reykjavíkur og komu þangað kl. 10.10 í gær.

Skýrslu þessa hafa skipherra varðskipsins og stýrimenn þess staðfest með eiði.

Þegar ákærða hafði hér fyrir dómi verið kunngerð skýrsla sú, sem nú hefur verið rakin, skýrði hann svo frá, að hann gæti raunar ekkert við henni sagt, en tók jafnframt fram, að ef hann hafi verið innan fiskveiðitakmarkanna, hafi það eigi verið viljandi. Hann skýrir annars svo frá, að um 50 mínútur áður en varðskipið kom að togaranum, hafi hann kastað stjórnborðsvörpu í 8 sjómílna fjarlægð frá Geirfuglaskeri, en lítið eitt sunnan línunnar Þrídrangar í Einidrang. Hann kastaði í norðlæga stefnu, og togaði í NNW allt þar til varðskipið kom að honum, og þegar hann var vel byrjaður að toga, báru Þrídrangar og Einidrangur næstum saman og var fjarlægð togarans frá Einidrang þá samkvæmt ratsjármælingu ákærða 4,5 sjómílur. Síðustu hálfu klukkustund togsins sá ákærði á dýptarmæli togarans, að dýpið var 52 faðmar, og það dýpi var þar sem varðskipið stöðvaði hann. Af þessu dýpi og því einu réði hann, að hann væri utan fiskveiðitakmarkalínunnar, því að aðrar mælingar í þessu tilliti gerði hann ekki. Ratsjá togarans hafði hann í gangi, en hafði hennar ekki not, því að vegna stefnu togarans sást Einidrangur ekki að neinu gagni í henni vegna reykhafs togarans. Ákærði heldur því fram, að sér hafi gefizt kostur á að gera mælingar með ratsjá varðskipsins, eins og skipherrann hefur frá skýrt, en sér hafi ekki notazt af því vegna geðshræringar sinnar, þegar þar við bættist, að vonzkuveður var og sjógangur.

Vegna staðhæfingar ákærða um dýpið hefur skipherrann tekiðherrann tekið fram, að mjög litlu muni á dýptarmælingu sinni og ákærða, sjór hafi verið um hálffallinn og vera megi, að sjógangur hafi haft einhver áhrif á dýptarmælinguna.

Með framangreindum skýrslum skipherra og stýrimanna varðskipsins, sem ákærði hefur eigi treyst sér til að véfengja, enda þótt hann hafi álitið sig vera utan fiskveiðitakmarkanna, telst

sannað, að ákærði hafi í umrætt sinn verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna og hefur hann þannig gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nnr. 81/1952.

Með tilliti til stærðar togarans, 433,53 brúttó rúmlestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Wyre Gleaner, F.D. 23, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dóm þennan kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, James Stanley Harper, greiði kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með talin dragstrengir, togarans Wyre Gleaner, F.D. 23, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnralaun verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. maí 1958.

Nr. 132/1955. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
James Stanley Harper (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt stað togara ákærða 6. maí 1955 samkvæmt staðarákvörðun varðskipsins v/s Sæbjargar, og reyndist hann vera um 1.2 sm innan fiskveiðitakmarkanna.

Með skírskotun til þessa, forsendna héraðsdóms og svo þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því héraðsdómur gekk, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, James Stanley Harper, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmanna, kr. 5000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. maí 1955.

Ár 1955, laugardaginn 7. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1786/1955: Ákæruvaldið gegn James Stanley Harper, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er James Stanley Harper, skipstjóri á brezka togaranum Wyre Gleaner, F.D. 23, til heimilis í 14 Broadway West í Fleetwood, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. 1. gr. laga nr. 82 8. desember 1952 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara í gærmorgun vestur af Reykjanesi innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952.

Ákærist hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. og 5. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og 1. gr. laga nr. 81/1952, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 2. apríl 1904 í Lowestoft. Hinn 25. marz 1955 var hann hér í sakadóminum dæmdur í 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952 og afli og veiðarfæri togarans Wyre Gleaner, F.D. 23, gerð upptæk, en sá dómur er nú undir áfrýjun.

Að öðru leyti hefur ákærði eigi, svo kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Samkvæmt skýrslu Jóns Jónssonar skipstjóra og Eyjólfs Hafsteins, I. stýrimanns á björgunar- og varðskipinu Sæbjörg, var varðskipið í gærmorgun á eftirlitsferð með landhelgislínunni norðvestur frá Eldey. Kl. 07.27 sást grunsamlegur togari, sem stefndi suður um, og var þá gerð þessi staðarákvörðun:

Keflavíkurflugvallarviti
Reykjarnesviti $>$ 29° 15′
Eldey $>$ 32° 45′

og $>$ Kefavíkurflugvallarvitinn í togaranum 56° 26′. Varðskipið var nú sett á fulla ferð og haldið í áttina til togarans. Kl. 07.49 beygði togarinn til vesturs. Var þá dregið upp stöðvunarmerki á varðskipinu og skotið þremur lausum skotum, og gaf þá togarinn merki um, að hann hefði numið staðar. Kl. 07.52 kom varðskipið að togaranum og voru hlerarnir þá að koma í gálgana.

Varðskipið setti þá út dufl rétt við hlið togarans og kl. 07.55 var gerð þessi staðarákvörðun við duflið:

Keflavíkurflugvallarviti		
Reykjanesviti	>	33° 24′
Eldey	>	36° 21′

og gefur það stað togarans 1,2 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Dýpi var 133 metrar. Varðskipið lagðist nú upp að togaranum og stökk II. stýrimaður þess um borð í hann. Síðan var settur út bátur og ákærði sóttur í togarann og fluttur yfir í varðskipið þar sem honum var tilkynnt, að hann hefði verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna og sýndur staðurinn á sjókortinu. Hann vefengdi ekki staðarákvörðunina, en tók fram, að hann hefði ekki verið viljandi innan fiskveiðitakmarkanna. Honum var boðið að mæla með sextant, en hann neitaði því, sagðist hafa sofið og líklega hefði vindur og straumur borið togarann inn fyrir markalínuna. Enn fremur nefndi hann ratsjármiðun af Eldey í misvísandi SSA 9 sjómílna fjarlægð. Ákærða var tilkynnt, að hann yrði að fara til Reykjavíkur til frekari rannsóknar og síðan fluttur yfir í togarann. Þegar varpan var innbyrt, kom í ljós, að 2—3 körfur fiskjar voru í pokanum og enn fremur voru á þilfarinu um 20 körfur fiskjar. II. stýrimaður og háseti af varðskipinu voru á verði í togaranum á leið til hafnar. Kl. 09.15 var duflið tekið upp, og héldu síðan bæði skipin til Reykjavíkur, en þangað var komið kl. 14.30. Veður var NV 3, sjór NV 2, léttskýjað.

Skipstjóri og I. stýrimaður varðskipsins gerðu framangreindar staðarákvarðanir í sameiningu og hafa þeir báðir staðfest skýrslur sínar með eiði.

Ákærði hefur eigi vefengt staðarákvörðunina.

Hann skýrir svo frá, að kl. 07.15 hafi hann byrjað að draga inn vörpuna úr næsta togi áður en varðskipið kom að togaranum. Þá gerði hann staðarákvörðun þannig, að dýpið var 74 faðmar og Eldey í a. m. k. 9 sjómílna fjarlægð og í áttina SAa S ¾ S. Þegar varpan hafði verið innbyrt, kom í ljós gat á henni. Farið var að gera við það og stóð sú viðgerð yfir í 25—30 mínútur og lá togarinn ferðlaus á meðan. Ákærði sá til ferða varðskipsins, en vissi þó ekki, að það var varðskip. Voru veiðarfæri togarans þá tilbúin til kasts, vörpupokinn og vængirnir úti. Ákærði ákvað nú að kasta að nýju og gerði það, þegar Eldey var 9 sjómílur í misvísandi SSA frá togaranum. Varpa og hlerar fóru í sjó og gefnir voru út um 50 faðmar af togvírum, en þá skaut varðskipið aðvör-

unarskotunum þremur. Hætti ákærði þá að kasta og fór að draga inn veiðarfærin, eins fljótt og hann þorði vegna hættu á, að togvírarnir færu í skrúfuna og hafði hann ekki lokið við að innbyrða vörpuna, þegar varðskipið kom að togaranum og hann hafði numið staðar. Hann staðfestir, að duflið hafi verið sett út alveg við hlið togarans og að sér hafi verið gefinn kostur á að gera sextantmælingar í varðskipinu, en hann hafi ekki notfært sér það, vegna þess að hann hafi ekki þekkt staðina í landi, en bæði hann og varðskipsforingjarnir eru á einu máli um, að skyggnið hafi verið gott og þannig góð mælingarskilyrði.

Varðskipsmenn álíta, að togarinn hafi verið að innbyrða vörpuna úr togi, þegar varðskipið kom að honum, en því hefur ákærði neitað, en lýst aðgerðum sínum, eins og rakið hefur verið, og er eiðfest skýrsla bátsmanns togarans í samræmi við það. Eitthvað af fiski var í vörpupokanum ófráleystum, þegar varðskipsmenn komu um borð í togarann, en eigi geta þeir um það borið, hvort sá fiskur var dauður eða lifandi, og er ósannað, að athafnir togarans hafi verið aðrar en ákærði hefur frá skýrt.

Ákærði fullyrðir, að hafi hann verið innan fiskveiðitakmarkanna, hafi það verið án síns vilja og muni vindur og straumur hafa borið togarann inn fyrir mörkin til suðausturs.

Skipstjóri og I. stýrimaður tóku ekki eftir straumnum og telja hann hafa verið lítinn, en I. stýrimaður hefur skýrt frá því, að eftir að duflið hafi verið sett út, hafi skipið rekið dálítið undan vindi og báru í suðaustlæga átt.

Þar sem aðgerðir ákærða, þegar varðskipið kom að togaranum, eru veiðiaðgerðir í skilningi laga nr. 5/1920, og sannað er með skýrslum skipstjóra og I. stýrimanns varðskipsins óvéfengdum af ákærða, að togarinn var þá innan fiskveiðitakmarkanna, hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og 1. gr. laga nr. 81/1952, en þar sem eigi er sannað, að hann hafi framið brot sitt af ásettu ráði, verður honum eigi dæmd fangelsisrefsing fyrir það eftir 5. gr. laga nr. 5/1920.

Þar sem um ítrekað brot ákærða er að ræða, þykir refsing hans með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu og stærðar togarans, 443.53 brúttó rúmlestir, hæfilega ákveðin 90.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi varðhald í 9 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar

með taldir dragstrengir togarans Wyre Gleaner, F.D. 23, vera upptæk til handa sama sjóði.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dóm þenna kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, James Stanley Harper, greiði 90.000.00 kr. í sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi varðhald í 9 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Wyre Gleaner skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. maí 1958.

Nr. 5/1957. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
Má Sveinssyni (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

Dómendur: .. .. hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds borgardómari.

Tilraun til nauðgunar. Bifreiðalaga- og áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Voru þá m. a. heitfest vitni, sem áður höfðu borið vætti í málinu, en ekki staðfest framburð sinn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að ákærði skal sviptur ævilangt rétti til að aka bifreið.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 5000.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa var ekki rekin með nægilegri röksemd í héraði, og sérstaklega er það aðfinnsluvert, að ekki var hlutazt til um, að nægilega ýtarleg læknisskoðun færi fram á X, þegar eftir að lögreglumenn höfðu tekið skýrslu af henni og ákærða hinn 29. október 1955.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að ákærði, Már Sveinsson, er sviptur ævilangt rétti til að aka bifreið.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 5000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. október 1956.

Ár 1956, þriðjudaginn 30. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4253/1956: Ákæruvaldið gegn Má Sveinssyni, sem tekið var til dóms 17. þ. m.

Með ákæruskjali, útgefnu 1. febrúar s.l., er Már Sveinsson verkamaður, Laugarnesvegi 81, ákærður fyrir nauðgunartilraun samkvæmt 1. mgr. 194. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og ölvun við akstur samkvæmt 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 um breyting á bifreiðalögum, og 2. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Þykir ákærði hafa brotið téð ákvæði, með því að aka bifreið sinni með áfengisáhrifum aðfaranótt laugardagsins 29. október s.l. frá Vetrargarðinum upp á Vatnsendahæð og reyna þar í bifreiðinni að hafa holdlegt samræði við X gegn vilja hennar.

Til vara er mál þetta höfðað gegn ákærða, að því er árás hans á X varðar, fyrir að hafa slegið hana í andlitið og tekið fyrir kverkar henni umrætt sinn, en það telst varða við 217. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt; a) að ákærði verði dæmdur til refsingar, b) að hann verði sviptur kosningarétti og kjörgengi samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, c) að hann verði sviptur ökuleyfi samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, d) að hann verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, ef krafizt verður, og e) að hann verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 16. nóvember 1933, hefur áður sætt þessum ákærum og refsingum:

1949 10/6 Reykjavík. Áminning fyrir ölvun á almennafæri.
— 11/7 Reykjavík. Áminning fyrir rangstefnuakstur á reiðhjóli.
— 22/9 Reykjavík. Áminning fyrir akstur á bifhjóli án réttinda.
1950 20/9 Reykjavík. Uppvís að ólöglegri töku gluggatjalda. Málssókn felld niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 21.10. 1950.
— 23/10 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1952 29/3 Reykjavík. Dómur: 2 mánaða fangelsi, 8781 kr. í skaðabætur fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaga.

— 29/7 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
— 28/7 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 29. gr. og 30. gr. lögreglusamþykktarinnar.
1955 1/10 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 30. og 34. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktarinnar.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt laugardagsins 29. október f. á., kl. 4.05, var lögreglunni símleiðis gert aðvart um það frá Stuttbylgjustöðinni á Vatnsendahæð, að þangað væri komin stúlka, illa til reika, er teldi sig hafa orðið fyrir árás af hálfu leigubifreiðarstjóra. Lögreglumenn fóru á staðinn. Var þar fyrir umrædd stúlka, X, (f. 9. okt. 1934). Skýrði hún lögregluþjónunum frá því, að leigubifreiðarstjóri hefði gert tilraun til að nauðga sér í bifreið sinni þar í grenndinni, en sér tekizt að sleppa út úr bifreiðinni og flýja frá honum. Ekki kvaðst hún hafa þekkt ökumanninn. Lögregluþjónarnir fluttu X heim til sín.

Daginn eftir kom maður heim til kunningjafólks X og hafði með sér kápu hennar, tösku og skó, er orðið höfðu eftir í umræddri bifreið. Upplýsti maður þess, að hann væri bróðir þess, er ekið hefði bifreiðinni kvöldið áður, og héti sá maður Már Sveinsson.

Vitnið X lýsir atvikum svo, að hún hafi föstudagskvöldið 28. október verið á dansleik í Vetrargarðinum (Tívoli). Í fylgd með henni hafi verið vinkona hennar, Vígdögg Björgvinsdóttir hjúkrunarnemi, Kristján Pétursson og Sæmundur Sveinsson, báðir til heimilis í Tjarnargötu 10 B.

Um kl. 1 hefði hún hugsað til brottfarar. Hún hafi farið og náð í kápu sína og Vígdögg einnig. Karlmennirnir hafi orðið eitthvað seinni. Þá hafi ákærði orðið á vegi hennar. Hún kveðst hafa verið búinn að dansa við hann eina eða tvær dansasyrpur á ballinu. Að öðru leyti hafi hann verið henni með öllu ókunnur. Hann hafi boðið henni að koma í bifreið sína. Bifreiðin hafi verið þarna fyrir utan, og kveðst hún hafa séð, að stöðvarmerki var á henni. Hún hafi því setzt inn í framsætið hjá ákærða og ætlað sér að bíða eftir samferðafólkinu. Nokkru áður en dansleiknum lauk, hafði X hringt til kunningja síns, Y, og höfðu þau ákveðið að hittast þarna fyrir utan. Er mætt var setzt inn í bifreið ákærða, bar Y þar að. Kveðst X hafa sagt Y að koma í bifreiðina, en hann þá farið til þess að borga leigubifreið, er hann hafði komið í. Þá hafi ákærði ekið af stað umsvifalaust. Hún kveðst hafa beðið hann að bíða, en hann ekki sinnt því.

Hafi hann síðan ekið áfram, án þess að sinna fortölum hennar, og ekki stanzað, fyrr en komið var eitthvað út fyrir bæinn, en ekki kveðst hún hafa gert sér grein fyrir, hvert þau fóru.

X segir, að eftir að ákærði hafi stöðvað bifreiðina, hafi hann strax tekið að leita á hana. Hún kveðst hafa tekið þessu fjarri og reynt að losna við ákærða, en hann hafi espazt upp og tekið að beita hana ofbeldi. Hún kveðst hafa streitzt á móti og hafi nú komið til harðra sviptinga milli þeirra. Leikurinn hafi nú borizt í aftursætið. Telur hún, að það hafi gerzt með þeim hætti, að ákærði hafi farið yfir sætisbakið og tekið sig þar yfir á eftir. Fullyrðir hún, að hvorugt hafi farið út úr bifreiðinni á leið milli sætanna. Þarna hafi ákærði lagt hana niður í sætið og reynt að þröngva henni til samfara, en hún barizt á móti eftir megni. Ákærði hafi tekið fyrir kverkar henni og slegið hana í andlitið og reynt að fletta upp um hana. Hann hafi hótað henni öllu illu, ef hún léti eigi undan honum. X kveðst hafa reynt með öllu móti að telja ákærða hughvarf og í því skyni sagt honum m. a., að hún væri gift og ætti börn, þótt hvorugt væri rétt. Ákærði hafi ekki látið sér segjast. Loks kveðst X hafa komizt út úr bifreiðinni með einhverjum hætti, en kveðst eiga mjög erfitt með að gera sér grein fyrir þessu í smáatriðum. Þó muni hún að henni hafi tekizt að grípa í hurðarhúninn og opna og sleppa út. Hún hafi hlaupið út í náttmyrkrið og falið sig fyrst í skurði og ekki látið á sér bæra. Hún kveðst hafa heyrt ákærða kalla nokkrum sinnum til hennar, en hún hafi ekki anzað, og loks hafi ákærði ekið á burt. Henni hafi þó heyrzt, að bifreiðin væri stöðvuð brátt aftur. Hún hafi því ekki þorað upp á veginn aftur, heldur læðzt burt í áttina að ljósum, er hún hafi greint í fjarska. Hélt hún yfir vegleysur í, að hún telur, ½ klst. Kom hún þá að Stuttbylgjustöðinni og knúði dyra.

Vitnið X hefur frá því, er hún í upphafi máls þessa skýrði rannsóknarlögreglu frá atvikum, haldið fast við framburð sinn í öllum meginatriðum.

Ákærði skýrði frá atvikum mjög á annan hátt en X. Hann kveðst hafa verið á umræddum dansleik og hafa verið eitthvað við skál. Hann hafi dansað við X, en hana þekkti hann ekkert áður. Segir hann, að X hafi verið mjög ástleitin við sig í dansinum, jafnvel áleitin svo, að honum hafi þótt nóg um. Hann kveðst hafa mælzt til þess að þau yrðu samferða af dansleiknum og hún tekið vel í það. Þegar kl. var að verða 1, kveðst ákærði hafa hitt hana aftur og spurt hana, hvort hún væri ekki

að koma. Hafi nú játað því, farið í kápuna og fylgzt út með honum. Hún hafi áður kvatt vinstúlku sína, er verið hafi með henni frammi í fatageymslu, en vinstúlkan hafi virzt hafa á móti því, að Ingibjörg færi með ákærða. Bifreið sú, er mættur var með, stóð skammt frá útgöngudyrum. Var þetta 6 manna fólksbifreið, merkt stöðvarmerki Bæjarleiða, en þar ók ákærði stundum sem leigubílstjóri. Nú kveður ákærði þau hafa setzt inn í framsæti bifreiðarinnar. Ekkert hafi verið á það minnzt, að samferðafólk kæmi með þeim. Hafi nú komið einhver maður að bifreiðinni og kallað með nafni til X og sagt, að hann væri með bíl. Kveðst ákærði hafa sagt við manninn, hvort hann þyrfti tvo bíla, og hvort hann vildi ekki fara og borga hinn bílinn. Er maðurinn hafi farið burt, kveðst hann hafa stungið upp á því við X, að þau styngju manninn af, og hafi hún fallizt á það. Hafi hann síðan ekið af stað og fyrst upp á Smáragötu. Þar hafi hann numið staðar. Hann kveðst nú hafa kysst X, og hafi hún tekið vægast sagt vel og hressilega á móti. Kveðst hann hafa ályktað, að hún mundi tilleiðanleg til kynferðilegra maka og ákveðið að fara á afvikinn stað og ekið upp að Vatnsenda. Hafi X haft við orð, af hverju hann færi svona langt, en ekki hreyft neinum mótmælum. Hann hafi síðan stöðvað bifreiðina og snúið sér að X. Hafi þau látið vel hvort að öðru um stund og hafi X tekið vel ástarhótum hans. Síðan hafi þau fengið sér sígarettu og setið í framsæti, meðan þau reyktu, en síðan kveðst ákærði hafa mælzt til þess, að þau færðu sig í aftursætið. Ekki hafi staðið á X. Þau hafi farið út úr bifreiðinni hvort sín megin, og síðan inn í aftursætið. Þá hafi þau um stund látið vel hvort að öðru, en síðan hafi þau haft samfarir í sætinu með fullu samþykki X. En ákærði segir, að sér hafi orðið sáðfall þegar í byrjun samfaranna. Ákærði kveðst hafa tekið fötin upp um X, áður en samfarirnar fóru fram, en eigi hafi hann þurft að færa hana úr buxunum, með því að buxur hennar hafi verið svo víðar. Hann segir, að eftir samfarirnar hafi X sagt, að hún mætti þetta ekki, hún væri gift og tveggja barna móðir. Þau hafi nú enn verið þarna um stund í sætinu og vel farið á með þeim. Nú kveðst ákærði hafa fengið löngun til samfara af nýju og í fyrstu hafi ekkert virzt því til fyrirstöðu. Hann hafi verið búinn að leggja hana niður í sætið og verið í þann veginn að byrja samfarirnar, er X hafi skyndilega æstst upp, brotizt um, rifið í hár hans og klórað hann í andlitið, og jafnframt sagt: „Hættu, ég má þetta ekki," eða eitthvað á þá leið. Segir ákærði,

að nú hafi fokið í sig og hafi hann tekið um kverkar henni og haldið henni niðri í sætinu og jafnframt hafi hann slegið hana „sinn undir hvorn". Hann kveðst hafa sleppt X, sem verið hafi mjög æst. Hún hafi skipað honum að aka strax í bæinn, en ákærði kvaðst ekki hafa viljað það og verið að reyna að stilla hana, en hún hafi þá stokkið út úr bifreiðinni og horfið. Kápa hennar, taska og skór urðu eftir í bifreiðinni. Ákærði kveðst nú hafa leitað stúlkunnar, en ekki fundið hana. Síðan kveðst hann hafa ekið nokkuð þarna um í bifreiðinni, og er hann hafi verið að snúa henni við, hafi hann fezt hana í mel og ekki náð henni upp aftur. Fór hann til Reykjavíkur og fékk bíl til að ná upp bifreið sinni.

Hefur ákærði með öllu neitað því, að hann hafi reynt að taka X nauðuga og haldið fast við þá frásögn, er að framan er rakin.

Samkvæmt því ber margt á milli í meginatriðum í framburðum ákærða og X. Hún segir, að ákærði hafi ekið burt frá Tívoli án samráðs við sig og ekið áfram þrátt fyrir mótmæli hennar. Hann hafi aldrei numið staðar á Smáragötu. Loks hafi hún aldrei sýnt honum neitt tillæti, eftir að komið var á leiðarenda, hvað þá að hún hafi leyft honum samfarir, eins og hann heldur fram.

Engir sjónarvottar voru að atburðum þeim, sem eru þungamiðja máls þessa, en nokkur vitni hafa borið um atriði, er varða málið, og verða vætti þeirra nú rakin.

Vitnið Vígdögg Björgvinsdóttir, 22 ára, var með X á dansleiknum. Hún segir, að þær hafi tvær orðið samferða fram í fatageymslu, er dansleiknum var að ljúka, og hafi ákærði þá orðið á vegi þeirra og boðizt til að aka þeim heim, en þær hafi engu svarað. Þær hafi svo náð í kápur sínar. Kveðst Vígdögg hafa séð, að X fór út ein saman, en sjálf hafi hún farið inn að ná í karlmennina, er með þeim voru og höfðu eitthvað tafizt inni, enda hafi ætlunin verið sú, að þau yrðu öll samferða af dansleiknum. Þegar þau hafi komið út, hafi X verið horfin.

Vitnið Kristján Pétursson segir, að undir lok dansleiksins hafi verið farið að ræða um brottför og þær X og Vígdögg hafi farið farið til að ná í kápur sínar. Vígdögg hafi svo komið inn aftur og þeir Sæmundur orðið henni samferða út. Þá hafi X verið farin og hafi þeim öllum komið það á óvart.

Vitnið Y segir, að Ingibjörg hafi hringt til sín um kl. hálf eitt, en þau X séu kunnug. Þau hafi þá mælt sér mót utan við Vetrargarðinn þá þegar á eftir. Hann kveðst hafa náð sér í leigubíl og ekið suður eftir. Hann hafi komið þar auga á X, sem setið

hafi inni í framsæti leigubifreiðar, og maður hjá henni undir stýrinu. Hann kveðst hafa setzt inn í bifreiðina til X og spurt hana, hvort hún væri ekki að koma, hann væri með bíl. X hafi þá svarað eitthvað á þá leið, að hún væri þegar búin að ná þarna í bíl. Kveðst Y hafa tekið það svo, að hún væri þarna í leigubíl og farið burt til að skila bíl þeim, er hann hafði komið í, en er hann hafi komið aftur, hafi bíllinn, sem X sat í, verið allur á burt.

Vitnið Þóra Ingibjörg Gísladóttir húsfreyja, Stuttbylgjustöðinni við Vatnsenda, 49 ára að aldri, greinir svo frá atvikum, að hún hafi verið á fótum þessa nótt og um kl. hálf fjögur hafi verið barið í glugga á svefnherbergi hennar. Jafnframt kveðst hún hafa heyrt grát utan við húsið. Hún kveðst hafa opnað útidyrnar og hafi stúlka þá fallið inn úr dyrunum. Stúlkan hafi verið í uppnámi, grátandi og ekki mátt mæla fyrst í stað, en eftir drjúga stund, ca. hálftíma, hafi hún verið búin að ná sér svo, að hún hafi getað skýrt frá því, sem gerzt hafði. Þóra kveður X hafa verið kápu- og skólausa. Hún hafi verið rispuð á fótum og blóðblettir á andliti hennar, en eftir að búið hafi verið að þvo henni í framan, hafi ekki séð áverka á henni. Varalitur á henni hafi verið út fyrir varirnar og hafi þetta getað bent til þess, að hún hafi verið kysst. Þóra segir, að hún hafi sagt henni, að hún hefði verið í Tívolí, farið inn í bíl, er búið hefði verið að panta, og bílstjórinn þá þegar ekið af stað og eitthvað út fyrir bæinn. Þá hefði bílstjórinn ráðizt á hana og reynt að þröngva henni til samfara. Hún hefði varizt eftir mætti. Þessi viðureign hafi staðið yfir fram að klukkutíma, en þá hefði henni einhvern veginn heppnazt að sleppa frá manninum. Þá segir Þóra, að X hafi ekki viljað fara með leigubíl til bæjarins, en fallizt á það, að lögreglan yrði kvödd til. Þóra kveðst hafa fundið vínlykt af X, en engin ölvunarmerki séð á henni.

Vitnið Gísli Guðmundsson lögregluþjónn, sem sótti X, segir, að hún hafi verið stillt og búin að jafna sig að miklu leyti, er hann kom. Hún hafi skýrt frá því, hvað gerzt hefði, eitthvað á þá leið, að hún hefði verið í Tívolí, farið út til að ná í leigubifreið og setzt í framsæti hjá bílstjóra einum. Bílstjórinn hefði ekið af stað, enda þótt hún segði honum, að fleira fólk biði. Hann hefði svo ekið áfram, unz hann nam staðar, og vissi hún ekki gerla, hvar það var eða hvaða leið þau fóru. Þá hefði bílstjórinn tekið að leita mjög á hana og ætlað að nauðga henni. Henni hefði loks heppnazt að sleppa frá honum.

Ingibjörg var skoðuð af lækni kl. 14 hinn 29. október að til-

hlutan rannsóknarlögreglunnar. Í vottorði læknisins, Ólafs Jónssonar, segir svo m. a.:

„Við athugun sjást marblettir á nefi upp undir nefrót, sömuleiðis eru marblettir á h. kinn og grunn rispa, ca. 1 cm. löng, fyrir neðan h. auga. Á efra augnloki h. m. er marblettur og á conjunctiva v. auga eru tveir blæðingablettir. Neðan við v. eyra er ca. tveggjakrónu stór marblettur. Á efri vör er ca. tíueyrings stórt grunnt sár.

Framan á hálsinum eru nokkrar grunnar rispur og roði í húðinni í kring, auk þess er lateralt og aftan á hálsinum h. m. smáhrufl og rispur.

Hálsinn er allur aumur við palpation og sömuleiðis h. kinn.

Hreyfingar í hnjáliðum eru dálítið sárar.

Framan á h. hné er smá fleiður og þrír gómstórir marblettir innan á há læri, auk þess grunn rispa í húð. Medialt á v. ökla er ca. tveggjakrónu penings stór marblettur og gómstórt fleiður. Framan á v. hné eru þrír gómstórir marblettir og grunn rispa ca. 5 cm. löng innan á v. læri.

Á h. framhandlegg eru fjórir gómstórir marblettir, og h. handarbak marið ofan við matacarpo-phalangeal-liðina.

Stúlkan kvartar um eymsli á rófubeini og segist eiga bágt með að sitja. Við palpation eru smá eymsli yfir rófuliðnum."

Ákærði skýrði svo frá í skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni, að hann hefði neytt lítilsháttar af áfengi á dansleiknum og verið aðeins undir áhrifum áfengis, er hann fór þaðan. Sama segir ákærði og í fyrsta þinghaldi í máli þessu. Í þinghaldi 27. febrúar segir ákærði hins vegar, að hann hafi að vísu verið búinn að neyta áfengis og fundið til áhrifa þeirra á dansleiknum, en áhrifin hafi verið rokin, er hann hóf akstur eftir dansleikinn.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, ber mjög á milli í framburðum X og ákærða, þar sem X kveður ákærða hafa ekið með sig burt frá Vetrargarðinum gegn vilja hennar og síðan reynt að þvinga hana til samfara við sig í bifreiðinni, en ákærði heldur því fram, að Ingibjörg hafi verið fús til að koma með honum og síðan leyft honum samfarir við sig í bifreiðinni, en snúizt fyrst öndverð gegn ákærða, er hann vildi hafa samfarir við hana í annað sinn. Upplýst er, að X kallaði kunningja sinn til fundar við sig að Vetrargarðinum undir lok dansleiksins, og bendir það gegn því, að hún hafi ætlað sér að fara þaðan með ákærða. Ingibjörg kom yfirkomin af angist og mjög illa til reika frá ákærða. Verulegir áverkar komu fram á henni. Áverkana á fótleggjum kann

hún að hafa fengið á leið sinni frá bílnum að Stuttbylgjustöðinni, en auk þeirra hafði hún verulega áverka á höfði og hálsi, og verður að rekja þá til misþyrminga ákærða á henni, enda hefur ákærði játað, að hann hafi tekið fyrir kverkar henni og slegið hana utan undir. X hefur haldið mjög fast við framburð sinn og verið sjálfri sér samkvæm í frásögn. Að þessu athuguðu þykir verða að telja nægilega sannað, að ákærði hafi gert tilraun til þess að þröngva henni til samræðis með ofbeldi. Hefur ákærði með því gerzt brotlegur við 1. mgr. 194. gr. sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940.

Telja verður sannað, að ákærði hafi í umrætt skipti ekið bifreið með áhrifum áfengis, enda kannaðist hann afdráttarlaust við það í upphafi rannsóknar, og getur það engu um breytt, þótt ákærði hafi síðar í málinu viljað víkja nokkuð frá framburði sínum um þetta atriði. Hefur ákærði þannig brotið þau ákvæði áfengislaga, bifreiðalaga og umferðarlaga, er ákæra greinir.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði. Rétt þykir samkvæmt 3. mgr. 68. gr., að ákærði skuli sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Þá þykir rétt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga, 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, að ákærði skuli sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra í 1 ár frá birtingu dóms þessa, og ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Skaðabótakrafa var ekki gerð í máli þessu.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda, héraðsdómslögmannanna Loga Einarssonar og Jóns P. Emils, kr. 1800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Már Sveinsson, sæti fangelsi 15 mánuði. Hann er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra 1 ár, og frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að því leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, héraðsdómslögmannanna Loga Einarssonar og Jóns P. Emils, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 27. maí 1958.

Nr. 25/1958. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
Sveini Adolf Sigurjónssyni
(Vilhjálmur Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Brot gegn 142. gr. hegningarlaga. Bifreiða- og umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, Theódór S. Georgsson, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Sakaratriðum er rétt lýst í forsendum héraðsdóms, og er hegðun ákærða færð þar til réttra refsiákvæða, sbr. 77. gr. laga nr. 19/1940. Þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öllu leyti, enda kemur svipting réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 eigi til álita í skilorðsdómi, sbr. 8. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.800.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sveinn Adolf Sigurjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Jóns N. Sigurðssonar og Vilhjálms Jónssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1.800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 12. nóvember 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Sveini Adólf Sigurjónssyni bifreiðastjóra, Boðaslóð 1 í Vestmannaeyjum, með ákæruskjali útgefnu af dómsmálaráðherra 19. febrúar 1957 „fyrir að hafa miðvikudaginn 14. nóvember s.l. um kl. 14.00 eigi sýnt nægilega aðgæzlu, er hann ók vörubifreiðinni V 182 norður Skólaveg og inn í gatnamót Hásteinsvegar svo og fyrir að hafa eigi virt umferðarrétt bifreiðarinnar R 8220, sem ekið var eftir Hásteinsvegi, ákærða á vinstri hönd, með þeim afleiðingum, að nefndar bifreiðar lentu í árekstri á fyrrgreindum gatnamótum. Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Enn fremur er mál þetta höfðað gegn ákærða fyrir að hafa haft tvo farþega hjá sér í stýrishúsi bifreiðarinnar, er fyrrnefndur árekstur átti sér stað, þau Hallgrím Þorgrímsson og Oddnýju Benónýsdóttur, svo og fyrir að hafa laugardaginn 15. desember s.l., um kl. 24.00, ekið með tvo farþega í stýrishúsi oftnefndrar bifreiðar frá Samkomuhúsi Vestmannaeyja að verkstæði Haraldar Eiríkssonar h/f. Þetta telst varða við 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaga.

Loks er málið höfðað gegn ákærða fyrir að hafa fengið Hallgrím Þorgrímsson til þess að skýra ranglega frá því fyrir rétti, að einungis einn farþegi hafi verið í bifreiðinni V 182, er áðurnefndur bifreiðaárekstur átti sér stað svo og fyrir að hafa reynt að fá Oddnýju Benónýsdóttur til þess að skýra frá á sömu lund fyrir rétti. Telst þetta varða við 142. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 annars vegar og hins vegar við sömu ákvæði, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga."

Ákærist því framangreindur Sveinn Adólf Sigurjónsson til að sæta refsingu samkvæmt 38. gr. laga nr. 23/1941, 14. gr. laga nr. 24/1941 og 142. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 19/1940, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. sbr. 2. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 2. apríl 1934 í Vestmannaeyjum, og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt öðrum kærum og refsingum en 150 kr. sekt 7/2 1955 fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 14. nóvember 1956 kl. 16.00 var lögreglunni í

Vestmannaeyjum tilkynnt, að bifreiðarárekstur hefði þá nýskeð orðið á gatnamótum Hásteinsvegs og Skólavegs milli bifreiðanna V 182 og R 8220. Vörubifreiðin V 182 hafði komið akandi niður Skólaveg, en sendiferðabifreiðin R 8220 hafði komið akandi frá vinstri og ætlaði inn á Skólaveg. Ákærði Sveinn Adólf Sigurjónsson, sem ók bifreiðinni V 182, nam ekki staðar við nefnt horn fyrr en of seint með þeim afleiðingum, að R 8220 rakst á pallinn á V 182.

Við yfirheyrslur út af nefndum árekstri skýrði ákærði svo frá, að einn farþegi, Hallgrímur Þorgrímsson, hefði verið í stýrishúsi bifreiðarinnar hjá ákærða, er áreksturinn varð, en samkvæmt skoðunarbók bifreiðarinnar V 182 má hún flytja einn farþega hjá ökumanni. Hallgrímur bar það og fyrst, að einungis þeir tveir, ákærði og hann, hefðu verið í húsi bifreiðarinnar. Hins vegar upplýstist, að stúlkan Oddný Benónýsdóttir hefði einnig verið inni í bifreiðinni hjá ákærða og Hallgrími, er áreksturinn varð. Hallgrímur Þorgrímsson, sem hafði mætt sem vitni í málinu, viðurkenndi þá, að ákærði hefði fengið sig til að bera rangt um þetta atriði fyrir réttinum, og stúlkan Oddný Benónýsdóttir bar það einnig, að ákærði hefði beðið sig að segja fyrir réttinum, að hún hefði ekki verið í bifreiðinni, er áreksturinn varð.

Vitnið Sveinn Ármann Valtýsson ber, að það hafi komið akandi í bifreiðinni R 8220 austur Hásteinsveg. Vitnið ók með um 10 km. hraða að gatnamótum Hásteinsvegs og Skólavegs og kveðst hafa ekið meira á vinstri helmingi götunnar. Þegar vitnið kom að gatnamótunum, ók vörubifreiðin V 182 þvert fyrir bifreið vitnisins. Vitnið hemlaði strax, en V 182 var þá svo nálægt bifreið vitnisins, að hún rakst undir pallinn á V 182 fyrir framan vinstra afturhjól. Við áreksturinn belgdist framhögghlíf á R 8220, enn fremur rimlarnir fyrir ofan högghlífina svo og vélarhúshlífin og hægra aurbretti. Einnig brotnaði hægra framljós. Að sögn vitnisins voru auk ákærða tveir farþegar í húsi bifreiðarinnar.

Vitnið Hallgrímur Þorgrímsson, sem var í bifreiðinni með ákærða, bar fyrst fyrir réttinum, að aðrir hefðu ekki verið í bifreiðinni en vitnið og ákærði. Síðar breytti vitnið framburði sínum og kvað Oddnýju Benónýsdóttur einnig hafa verið í stýrishúsi bifreiðarinnar. Kveður vitnið ákærða hafa beðið sig að segja, ef vitnið yrði yfirheyrt vegna ákeyrslunnar, að stúlkan hefði ekki verið með þeim í bifreiðinni.

Vitnið Oddný Benónýsdóttir ber, að það hafi setið inn í húsi bifreiðarinnar hjá ákærða og Hallgrími, er áreksturinn varð. Bif-

reiðin ók hægt niður Skólaveg, en er hún kom að gatnamótum Skólavegs og Hásteinsvegs, kveðst vitnið allt í einu hafa fundið, að bifreiðin varð fyrir þungu höggi, og tók þá eftir því, að bifreiðin R 8220 hafði ekið á pallinn vinstra megin á V 182. Vitnið segir ákærða strax hafa hemlað, en segir, að sér hafi virzt koma fát á ákærða og rann bifreiðin aðeins áfram, áður en hún nam alveg staðar. Nokkrum dögum eftir áreksturinn kom ákærði til vitnisins og bað það að bera það, yrði vitnið kallað fyrir rétt vegna árekstursins, að vitnið hefði ekki verið í bifreiðinni, er áreksturinn varð.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi komið akandi á vörubifreiðinni V 182 niður Skólaveg og telur, að hann hafi ekið með um 15—20 km hraða á klst. Hann kveðst hafa ekið vel á vinstra helmingi götunnar eða um ½—1 m frá gangstéttarbrún. Þegar ákærði kom að gatnamótum Skólavegs og Hásteinsvegs, kveðst hann hafa litið til vinstri áður en hann ók áfram, en sá enga bifreið koma eftir Hásteinsvegi. Ákærði var kominn um hálfa bíllengd fram fyrir hornið, er hann tók eftir bifreiðinni R 8220, sem kom akandi af Hásteinsvegi, og nam þá strax staðar, en þrátt fyrir það rakst bifreiðin R 8220 á vinstra afturhjól V 182. Ákærði skýrði frá því í fyrstu, að ekki hefðu aðrir verið í bifreiðinni en hann og vitnið Hallgrímur Þorgrímsson. Við síðari yfirheyrslu viðurkenndi ákærði að hafa skýrt rangt frá áður fyrir réttinum varðandi farþegafjöldann í húsi bifreiðarinnar. Skýrði ákærði nú svo frá, að Oddný Benónýsdóttir hafi verið í húsi bifreiðarinnar, er áreksturinn varð. Ákærði kveðst hafa tekið stúlkuna upp í bifreiðina annaðhvort á Miðstræti eða Vestmannabraut, en Hallgrímur var þá í bifreiðinni hjá ákærða. Ók ákærði síðan upp Kirkjuveg og um Hvítingaveg inn á Skólaveg. Ákærði hefur neitað því að hafa beðið Oddnýju og Hallgrím að bera rangt fyrir réttinum, en kveðst einungis hafa beðið þau að skýra rétt frá, yrðu þau yfirheyrð í máli þessu.

Laugardaginn 15. desember 1956 stöðvaði lögreglan bifreið ákærða á Urðavegi og var hann þá með tvo farþega í stýrishúsi bifreiðarinnar og hafði ekið þeim frá Samkomuhúsi Vestmannaeyja eftir Kirkjuvegi og að verkstæði Haraldar Eiríkssonar h/f við Urðaveg.

Með eigin játningu ákærða og framburði vitna verður að telja nægilega sannað, að ákærði hafi með framangreindum akstri sínum og með því að hafa tvo farþega í húsi bifreiðarinnar gerzt

brotlegur við 3. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 3. mgr. 4. gr., og 1. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Þegar þau atriði eru virt, að tvö vitni hafa borið, að ákærði hafi beðið þau að bera fyrir réttinum, að Oddný Benónýsdóttir hafi ekki verið í bifreiðinni og að ákærði hélt því fyrst sjálfur fram, að stúlkan hafi ekki verið í bifreiðinni, verður að telja, þrátt fyrir neitun ákærða, að nægileg sönnun sé komin fram fyrir því, að ákærði hafi gerzt brotlegur við 142. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hvetja Hallgrím Þorgrímsson til að bera rangt fyrir rétti og við sömu ákvæði sbr. 1. mgr. 20. gr. með því að reyna að fá Oddnýju Benónýsdóttur til að gera slíkt hið sama.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga, 14. gr. umferðarlaga og 142. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Með tilliti til ungs aldurs ákærða og góðrar hegðunar hans undanfarið þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans skuli frestað og hún falla niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, verði skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldin.

Ekki þykir nóg ástæða til að svipta ákærða réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 og 1. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940, 1. mgr. 39. gr. sbr. 2. mgr. 20. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 700.00.

Atferli Hallgríms Þorgrímssonar hefur verið afgreitt sérstaklega.

Dómsorð:

Ákærði, Sveinn Adólf Sigurjónsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal frestað og niður skal hún falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Hjaltasonar hdl., kr. 700.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. maí 1958.

Nr. 69/1958. **Stefnir h/f og Lýsi & Mjöl h/f**
gegn
Bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, Kristni Ólafssyni, Ísleifi Árnasyni og Ragnari Péturssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds borgardómari.

Synjað um, að héraðsdómendur víki sæti. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa kært mál þetta til Hæstaréttar með kæru 8. þ. m., er barst dóminum 14. s. m. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og kveðið verði á um, að dómendur þeir, er greinir í úrskurðinum, víki sæti í máli varnaraðilja gegn sóknaraðiljum.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Í dómi Hæstaréttar 25. október f. á. í máli Lýsis & Mjöls h/f gegn bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar er tekið fram, að þegar af þeirri ástæðu, að félagsstjórn Lýsis & Mjöls h/f hafi gengið fram hjá ákvæðum 5. gr. samþykkta félagsins um forkaupsrétt hlufhafa, sé þar greint loforð um sölu á nýjum hlutum í félaginu ógilt. Þótt héraðsdómendur í því máli hafi í dómi sínum auk þessarar röksemdar greint fleiri ástæður, er þeir töldu styðja sömu niðurstöðu, og þau atriði kunni að snerta mál það, sem rekið er í héraði milli aðilja kærumáls þessa, eru þeir ekki af þeim sökum vanhæfir til að fara með mál þetta og dæma það. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Vita ber tilefnislausa kæru framangreinds úrskurðar til Hæstaréttar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 8. maí 1958.

Ár 1958, fimmtudaginn 8. maí, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar af Birni Sveinbjörnssyni, settum bæjarfógeta, upp kveðinn úrskurður í framangreindu máli um málsatriði, sem tekið var til úrskurðar 29. apríl s.l.

Lögmaður stefnda, Páll Ásg. Tryggvason hrl., hefur krafizt f. h. Stefnis h/f og Lýsis & Mjöls h/f, að dómarar þeir, Kristinn Ólafsson dómsforseti og meðdómendurnir Ísleifur Árnason og Ragnar Pétursson, sem dæmdu á sínum tíma í sjó- og verzlunardómsmálinu Bæjarsjóður Hafnarfjarðar gegn Jóni Gíslasyni og Lýsi & Mjöl h/f, viku dómarasæti í máli þessu, sem hér liggur fyrir, og mótmælt, að þeir þingi í málinu eða hafi önnur afskipti af því.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 5. febrúar s.l., af bæjarsjóði Hafnarfjarðar og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar gegn Stefni h/f og Lýsi & Mjöl h/f, báðum í Hafnarfirði, til ógildingar á hlutafjárloforði stjórnar Lýsis & Mjöls h/f til Stefnis h/f að upphæð kr. 33.000.00, sem ógreitt var 31. desember 1952, að hlutabréfin fyrir þessu hlutafé verði dæmd ógild og stjórn Stefnis h/f dæmd til að skila aftur hinum ógildu hlutabréfum til Lýsis & Mjöls h/f gegn greiðslu nafnverðs þeirra. Enn fremur, að stjórn Lýsis & Mjöls h/f verði dæmd til að veita viðtöku hlutabréfum í Lýsi & Mjöli h/f að upphæð kr. 33.000.00 frá Stefni h/f, sem út voru gefin af stjórn félagsins fyrir ógreiddu hlutafé til Stefnis h/f þann 31. desember 1952 og greiða Stefni h/f nafnverð hlutabréfanna.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu. Umrædd hlutafjárloforð hafi verið gefin 1948 í sambandi við almenna hlutafjársöfnun og ávallt verið ætlunin að efna greiðsluloforðið, enda hefðu þeir aldrei samþykkt, að það félli niður. Auk þess séu allar kröfur út af þessum lögskiptum löngu niður fallnar fyrir aldurs sakir.

Kröfu sína um, að framangreindir dómarar víki sæti í máli þessu rökstyður umboðsmaður stefndu með því, að þeir sem dómarar í málinu Bæjarsjóður Hafnarfjarðar gegn Jóni Gíslasyni og Lýsi & Mjöli h/f, uppkveðnum 26/11 1955, hafi látið í ljós skoðun sína á atriði því, sem fyrir liggur til úrlausnar í þessu máli, þannig að augljóst virðist, hvernig þeir nú myndu dæma um þetta

atriði, og vitnar umboðsmaður stefndu þessu til sönnunar í eftirfarandi kafla úr fyrrgreindum dómi:

„Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, telur dómurinn, að umrædd samþykkt framhaldsaðalfundarins þann 5. júní 1952 verði ekki skilin öðruvísi en svo, að þeim hluthöfum, sem þá höfðu enn ekki greitt að einhverju eða öllu leyti hlutafjárloforð sín, væri veittur lokafrestur til greiðslu þeirra í peningum til 31. desember 1952, það sem þá væri ógreitt af hlutafjárloforðum félli niður og þar með væri hlutafjársöfnun lokið.

Verður því að telja, að samþykkt stjórnarinnar á fundi hennar 31. desember 1952 á nýjum gjaldfresti til handa hluthöfunum Stefni h/f, Fiskakletti h/f og Sæmundi Sigurðssyni svo og sala stjórnarinnar á hlutafé til þeirra Jóns Gíslasonar, Ingólfs Flygering og Bernharðs Petersen og með þeim kjörum, sem þeir fengu, sé beint brot á umræddri samþykkt framhaldsaðalfundarins 5. júní 1952".

Og enn fremur:

„Samkvæmt því, sem að framan segir, hefur stjórn Lýsis & Mjöls h/f með sölu hlutafjár, kr. 267.000.00, til stefnda Jóns Gíslasonar á fundi sínum 31. desember 1952 brotið gegn margnefndri samþykkt framhaldsaðalfundarins 5. júní 1952, 5. gr. samþykkta félagsins og f-lið 2. mgr. 31. gr. hlutafélagalaganna. Ber þegar af þessum ástæðum að taka kröfur stefnanda um ógildingu á téðri hlutafélagssölu til greina".

Með vísun til framanritaðs verður ekki fallizt á, að dómarar þeir, sem dæmdu í hinu fyrra máli, hafi þar tekið afstöðu til þeirra deiluatriða, sem nú liggja fyrir til úrlausnar í þessu máli, þannig að ástæða sé nægileg til að þeir víki dómarasæti, og verður krafa umboðsmanns stefnda því ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Mótmæli umboðsmanns stefnda gegn dómsetu framangreindra dómara í máli þessu verður eigi tekin til greina.

Föstudaginn 30. maí 1958.

Nr. 35/1958. **Ákæruvaldið** (Sigurður Reynir Pétursson hrl.)
gegn
Curtis Roy Mc Mahan (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds borgardómari.

Bifreiðalagabrot. Líkamsáverkar.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Ingvarsson, lögreglustjóri Keflavíkurflugvallar, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð Kjartans R. Guðmundssonar læknis, dagsett 10. apríl s.l., um heilsu drengsins Friðriks Ingvarssonar, er hlaut áverka í umferðarslysi því, er mál þetta er risið af. Segir þar, að líkur séu ekki á því, að drengurinn hljóti varanleg mein af völdum slyssins.

Fallast má á mat héraðsdómara á sakaratriðum, sem réttilega er lýst í héraðsdómi. Varðar hegðun ákærða við refsiboð þau, sem greind eru í ákæruskjali, önnur en ákvæði áfengislaga og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Curtis Roy McMahan, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda

fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurðar Reynis Péturssonar og Páls S. Pálssonar, kr. 3.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 17. febrúar 1958.

Ár 1958, mánudaginn 17. febrúar, kl. 10.00, var sakadómur Keflavíkurflugvallar settur í skrifstofu dómsins og haldinn af lögreglustjóra, Birni Ingvarssyni, með undirrituðum vottum og uppkveðinn svofelldur dómur í sakadómsmálinu nr. 1174/1957: Ákæruvaldið gegn Curtis Roy McMahan.

Mál þetta var dómtekið 31. f. m., en þar sem dómari sá, er með málið fór, hefur látið af störfum, varð nokkur dráttur á uppkvaðningu dómsins.

Með ákæruskjali, útgefnu í dómsmálaráðuneytinu 13. f. m., er ákærði, Curtis Roy McMahan, yfirverkstjóri hjá Trans World Airlines flugfélaginu á Keflavíkurflugvelli, til heimilis Hringbraut 82, Keflavík, ákærður fyrir að hafa um kl. 17.45 mánudaginn 11. nóvember s.l. ekið bifreiðinni J 67 frá Keflavíkurflugvelli áleiðis heim til sín í Keflavík, þótt hann væri undir áhrifum áfengis svo og fyrir að hafa ekið bifreiðinni of hratt miðað við aðstæður og án nægjanlegar aðgæzlu norður Hafnargötu í Keflavík umrætt sinn með þeim afleiðingum, að 5 ára drengur, Friðrik Ingvarsson, varð fyrir bifreiðinni skammt fyrir innan Aðalstöðina og hlaut alvarleg meiðsli. Þykir þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., 1., 4. og 5. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, 2. gr., 2. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 48. gr., sbr. 111 gr. lögreglusamþykktar Keflavíkurkaupstaðar nr. 121/1953.

Til vara er málið höfðað gegn ákærða, að því er ástand hans varðar við framangreindan akstur, fyrir að hafa verið haldinn slíkri þreytu og sljóleika sökum undanfarandi áfengisneyzlu, að hann gat eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni. Telst það varða við 3. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 28. júlí 1917 í Oklahoma í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Hann hefur ekki sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot hérlendis, svo kunnugt sé.

Málavextir:

Mánudaginn 11. nóvember 1957 um kl. 17.45 fékk lögreglan í Keflavík tilkynningu frá leigubílastöðinni Aðalstöðinni í Keflavík, að slys hefði orðið þá rétt áður á Hafnargötu, rétt fyrir innan Aðalstöðina.

Yfirlögregluþjónninn í Keflavík, Sigtryggur Árnason, fór þegar á vettvang ásamt lögregluþjóni nr. 2.

Var þar fyrir bifreiðin J 67, fólksbifreið af Chevroletgerð, smíðaár 1957, og utan við malbik götunnar lá slasaður drengur, Friðrik Ingvarsson, Faxabraut 16, Keflavík, fæddur 16. desember 1951. Sneri höfuð drengsins að bílnum. Breitt hafði verið yfir barnið. Héraðslæknir var kallaður á staðinn þegar, og að athugun hans lokinni var drengurinn fluttur í sjúkrahús Keflavíkur. Lögreglan mældi upp slysstaðinn, tók ljósmyndir, ökumann bifreiðarinnar, J 67, ákærða, til yfirheyrslu og blóðtöku og ráðstafanir gerðar til þess að láta bifreiðaeftirlitsmenn skoða bifreið ákærða. Er slysið skeði, var myrkur, malbik Hafnargötu blautt, raflýsing á slysstað slæm, að sögn lögreglu.

Ekkert vitni fannst að hafa séð, er slysið bar að, utan 8 ára drengur.

Ákærði greinir svo frá atvikum fyrir dómi, að hann hafði ekið bifreiðinni J 67 í umrætt sinn, sem er eign félags þess, er hann starfar við. Var hann á leið heim til sín frá skrifstofu félags síns hér og ók um svonefndan Turner-veg út af vellinum.

Er hann kom að gatnamótum Reykjanesbrautar, stanzaði hann, en ók síðan út á brautina og í átt til Keflavíkur, sem er stutt frá vegamótum þessum. Var hann kominn skammt áleiðis frá vegamótunum, er hann sá tvo drengi við brún malbikuðu akbrautarinnar, vinstra megin frá honum séð, í nokkurri fjarlægð. Andartaki síðar segist hann hafa orðið þess var, að annar drengurinn hljóp inn á götuna þvert í veg fyrir bifreiðina. Ákærði kveðst þegar hafa hemlað, en varð þess var, að bifreiðin rakst á eitthvað. Féll drengurinn til hliðar út af veginum og eftir slysið lá hann rétt utan við malbikið á brautinni vinstra megin. Ákærði ætlar hraða bifreiðarinnar hafa verið 25 km. á klst., en í skýrslu lögreglunnar var hermt eftir honum 25 mílur, miðað við sama tíma. Ekki gat ákærði gert sér grein fyrir, hve bifreiðin rann langt,

frá því að hann fyrst hemlaði henni eftir að árekstur inn varð, með því að allt þetta gerðist með svo skjótum hætti.

Ákærði lét bifreið sína óhreyfða og hraðaði sér til Aðalstöðvarinnar til að tilkynna slysið, en beið síðan á vettvangi þar til lögreglan kom. Ákærði segir, að myrkur hafi verið, vegur blautur og ætlar, að hann hafi ekið með lágu ljósgeislunum.

Ákærði játar að hafa setið að drykkju daginn fyrir slys þetta og til kl. 03.00—04.00 að morgni slysdagsins og drukkið allmikið. Segist hafa farið á fætur kl. 09.00 um morguninn og unnið allan daginn. Ekki kveðst hann hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur umrætt sinn né eftirköst vínd rykkju (timburmanna) og ekki að heldur verið syfjaður eða þreyttur.

Uppdráttur lögreglunnar af slysstað telur ákærði, að sé ekki réttur, telur framenda bifreiðarinnar hafa vísað til vinstri, en ekki hægri, sem er á uppdrættinum, og að hann hafi ekið bifreiðinni a. m. k. í eins metra fjarlægð frá vegarbrún.

Niðurstöður alkóhólrannsóknar ákærða sýna 1.07‰ af alkóhóli, en prufan var tekin um kl. 19.35 slysdaginn eða nær tveim tímum eftir slysið.

Hinn slasaði, Friðrik Ingvarsson, og bróðir hans, Ingvar, fæddur 3. júlí 1949, hafa fyrir dómi lýst því yfir, að þeir hafi í umrætt sinn verið að leik rétt hjá Aðalstöðinni. Hafði Friðrik verið með stöng meðferðis og borið um öxl sér. Segja þeir Ingvar hafa verið á undan Friðrik, nær Aðalstöðinni, og „þeir bara verið að labba", en ekki hlaupið út á götuna.

Samkvæmt vottorði Bjarna Sigurðssonar sjúkrahúslæknis segir svo um meiðsli Friðriks Ingvarssonar: „Meiðsli hans voru: Heilahristingur. 3 skurðir á höfði, hvor þeirra ca. 2 cm. langur Skurðirnir voru á hægri augabrún fyrir ofan hægra eyra og 3 hægra megin á enni upp við hársvörðinn. Gleraugna haematon á hægra auga. Mikið mar og bólga á enninu hægra megin. Húðafrifur og rispur á hægri kinn. Bólga og eymsli á vinstri fótlegg rétt ofan við öklann. Röntgenmynd sýndi, að annað beinið var brákað. Bólga og eymsli fyrir ofan hægra eyra. Sjúklingur var meðvitundarlaus ca. hálfa klst. eftir að hann slasaðist, og var rænulítill, er hann kom á sjúkrahúsið. Sjúklingur var rænulítill fyrstu vikuna, sem hann lá á sjúkrahúsinu, og kastaði upp fyrstu tvo dagana, var mjög þungt haldinn fyrstu vikuna. Sjúkl. útskrifaðist af sjúkrahúsinu þann 2. 12. Hafði þá haft fótavist í nokkra daga, var í gipsumbúðum á vinstra fæti, skurðirnir á höfði voru grónir. Líðan sjúkl. var sæmilega góð, nema að hann kvartaði stundum

um höfuðverk. Hvort sjúkl. muni hafa eftirköst eftir meiðsli þetta, er ekki hægt að segja um nú."

Sigtryggur Árnason, yfirlögregluþjónn í Keflavík, skýrir svo frá, að hann hafi komið á vettvang nokkru eftir að slysið skeði ásamt lögreglumanni. Sjúkrabifreið var þá ókomin að ná í hið slasaða barn, fór þá vitnið að ná til hennar, en í millitíð var barnið flutt af föður sínum í sjúkrahús. Vitnið gerði uppdrátt og mælingu á vettvangi og segir hjólför bifreiðarinnar J 67 hafa verið greinileg og staðfestir mælingu og uppdráttinn vera réttan, þrátt fyrir að honum væri gert kunnugt um athugasemdir ákærða þar að lútandi.

Vitnið segir, að vinstra megin að framan var vélarhlíf bifreiðarinnar dæld uð og áleit vitnið það vera ákomustaðinn við slysið. Það segir, að annar vettlingur hins slasaða drengs hafi fundizt aftan við bifreiðina og 1 metra utan akbrautar. Vitnið segir ákærða hafa verið rauðan og þrútinn í framan og drykkjulegan og áleit vitnið hann vera undir áfengisáhrifum eða að hann hefði sólarhringinn á undan setið að drykkju.

Karl Hólm, lögregluþjónn í Keflavík, er kom á vettvang í umrætt skipti og flutti ákærða til læknis til blóðtöku, segir, að fyrst hafi hann flutt hann til sjúkrahúss Keflavíkur, en að ákærði hafi verið svo órólegur og æstur, að læknirinn gat eigi tekið honum blóð. Var þá farið með hann til lögreglustöðvarinnar hér, en síðan til héraðslæknis, er tók honum blóð nær tveim tímum eftir slysið eða kl. 19.35.

Vitnið segir ákærða hafa verið rauðan og þrútinn í andliti og augu lítið eitt blóðhlaupin. Göngulag ákærða var eðlilegt og vitnið fann ekki vínlykt af vitum hans, en það lyktaði heldur eigi af andardrætti hans. Vitnið segir, að ákærði hafi patað mikið með höndunum í allar áttir. Vitnið ályktaði, að hann væri undir áfengisáhrifum eftir útliti og framkomu ákærða.

Björn Jóhannsson, lögregluþjónn í Keflavík, er kom á vettvang, segist hafa verið viðstaddur, er yfirlögregluþjónninn mældi upp vettvang. Það sá ákærða á staðnum og veitti því athygli, að hann klemmdi saman varirnar, er það kom í nálægð hans. Ekki fann vitnið vínlykt af honum, en því virtist hann vera þrútinn og slappur í andliti. Það áleit ákærða ekki vera áberandi ölvaðan, en áleit hann hafa neytt einhvers áfengis eða vera með „timburmenn".

Hin síðasttöldu tvö vitni hafa unnið eið að framburði sínum.

Bifreiðaeftirlitsmennirnir Jón Sumarliðason og Magnús Wium

skoðaði bifreið ákærða eftir slysið og reyndu í akstri og reyndist hún í fullkomnu lagi.

Af því sem nú hefur verið rakið, ók ákærði bifreiðinni J 67, sem er ný og í fullkomnu lagi, umrætt sinn norður Reykjanesbraut til Keflavíkur í myrkri, á blautu malbiki og á svæði, sem er illa upplýst. Ákærði segist hafa ekið á um 25 km. hraða á klukkustund og skammt eftir að hann kom inn á brautina kom hann auga á tvo drengi við vinstri brún hinnar malbikuðu brautar og í nokkurri fjarlægð. Ákærði segir hinn slasaða dreng hafa hlaupið fyrir bifreiðina, en hinn slasaði og bróðir hans átta ára segja hins vegar, að þeir hafi verið á gangi þarna og ekkert hlaupið út á götuna.

Við þær aðstæður, er nú hefur verið lýst, bar ákærða að sýna fyllstu varkárni í akstri og þar sem bifreið hans var í fullkomnu lagi, átti að vera auðvelt að stöðva hana þegar, hafi hraði hennar eigi verið meiri en ákærði segir. Hins vegar benda hemlaför og hjólför bifreiðarinnar, sem uppdráttur sýnir, og staða bifreiðarinnar á veginum eftir slysið, að aðgæzla ákærða hafi eigi verið nægileg, miðað við allar aðstæður, og að hann orðið meðvaldur að meiðslum drengsins og því orðið brotlegur við ákvæði 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gegn eindreginni neitun ákærða verður ekki talið, að sönnun sé fram komin, að hann hafi verið undir áfengisáhrifum við akstur í umrætt skipti, en hins vegar þykir sannað af framburði vitna, niðurstöðu alkóhólsrannsóknar og játningu ákærða að hafa drukkið allmikið nóttina fyrir slysið, að hann hafi verið haldinn þreytu og sljóleika og því eigi mátt stjórna bifreið tryggilega. Varðar brot þetta við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Refsing ákærða þykir eftir framangreindu hegningarlagaákvæði og 38. gr. bifreiðalaga hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 20 daga varðhaldi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Eftir atvikum þykir rétt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða ökuréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar kr. 1.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Stefáns Guðjohnsens hdl.

Dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa og er ástæðna að framan getið.

Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Curtis Roy McMahan, greiði 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 20 daga varðhaldi, sé sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal frá sama tíma sviptur ökuréttindum í eitt ár.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun talsmans síns, Stefáns Guðjohnsens hdl., kr. 1.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1958.

Nr. 10/1958. **Brandur Brynjólfsson**
gegn
Kristjáni Lárussyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Brandur Brynjólfsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 í útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Kristjáni Lárussyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 200.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1958.

nr. 11/1958. **Þorbjörn G. Gunnarsson**
gegn
Guðmundi Oddssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorbjörn G. Gunnarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. maí 1958.

Nr. 12/1958. **Brandur Brynjólfsson**
gegn
Sæmundi Þórðarsyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Brandur Brynjólfsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. maí 1958.

Nr. 34/1958. **Árni Þ. Jónsson og Benedikt Guðmundsson**
gegn
Aðalheiði Bergþóru Líkafrónsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Árni Þ. Jónsson og Benedikt Guðmundsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. júní 1958.

Nr. 158/1957. **Hafþór Guðmundsson**
(Kristinn Gunnarsson hrl.)
gegn
Agnari Bogasyni (Sigurður Ólason hrl).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Meiðyrða- og skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjadi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. september 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s. m. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa:

1. að öll þau ummæli, sem stefnt var fyrir í héraði, verði dæmd ómerk,
2. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 50.000.00 í bætur fyrir miska, óþægindi, atvinnutjón og

fyrir röskun á stöðu og högum eða aðra fjárhæð að mati Hæstaréttar,

3. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 250.00 til að standast kostnað af birtingu dómsniðurstöðu í Hæstarétti og dómsforsendna í héraði og Hæstarétti í einu blaði öðru en Mánudagsblaðinu,
4. að stefndi verði dæmdur til að birta dómsniðurstöðu Hæstaréttar ásamt dómsforsendum í héraði og Hæstarétti í fyrsta tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur, eftir að dómur er upp kveðinn í Hæstarétti, að viðlögðum 100 króna dagsektum, er renni til áfrýjanda, og
5. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda allan kostnað málsins fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Varakrafa:

að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Um 1. Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla ber að staðfesta.

Um 2. Eftir atvikum þykja bætur til handa áfrýjanda hæfilega ákveðnar af héraðsdómara kr. 5.000.00.

Um 3. Kröfulið þenna þykir mega taka til greina að fullu, sbr. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Um 4. Rétt þykir samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 að skylda stefnda til að birta þenna dóm Hæstaréttar ásamt forsendum héraðsdóms í fyrsta tölublaði Mánudagsblaðsins, er út kemur eftir birtingu hæstaréttardómsins fyrir stefnda. En fallast má á það með héraðsdómara, að dagsektir verði eigi dæmdar.

Um 5. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað. Stefndi hafði áfrýjað málinu af sinni hendi, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hinn áfrýjaða dóm undir Hæstarétt. Þykir því rétt

að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.800.00.

Dómsorð:

Ákærði héraðsdóms um ómerkingu ummæla og fébætur eiga að vera óröskuð.

Stefndi, Agnar Bogason, greiði áfrýjanda, Hafþóri Guðmundssyni, birtingarkostnað samkvæmt framangreindu, kr. 250.00.

Stefnda er skylt að birta dóm þenna ásamt forsendum héraðsdóms í fyrsta tölublaði Mánudagsblaðsins, er út kemur eftir birtingu dómsins fyrir stefnda.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júní 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Hafþór Guðmundsson lögfræðingur, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 24. apríl 1956, gegn Agnari Bogasyni ritstjóra, Tjarnargötu 39, Reykjavík, vegna ummæla um stefnanda í tveim greinum, er birtust í „Mánudagsblaðinu", sem út kom 9. apríl og 16. apríl 1956.

Ummæli þau, er stefnandi stefnir út af málinu, eru þessi:

Mánudagsblaðið 9. apríl: „Hér er um svo blygðunarlausa ósvífni að ræða, að furðu gegnir, þegar í hlut á doktor í lögum". — — „Öll meðferð rukkara fyrirtækisins er svo fyrir neðan allt velsæmi, að slík fyrirtæki ættu að hugsa sig vandlega um, áður en þau láta hann fara fleiri kröfuferðir á hendur viðskiptavinum sínum".

Mánudagsblaðið 16. apríl 1956: „Svarar grein blaðsins með tilhæfulausum og meiðandi dylgjum í garð viðskiptavinar fyrirtækisins, en ýkir svo í eyðurnar, eftir því sem bezt hentar og „ló frá víða". eins og þar hermir" „— — því ástæðulaust væri, að það fengi leitt orð á sig vegna misheppnaðs innheimtumanns". — — „Og lýgur upp frá rótum atriði, sem aldrei hefur skeð, og

fáir mundu setja á prent, ef með fullu viti teldust". — — „Nokkuð grannvitur, kemur heldur kjánalega fyrir sjónir og fær delusion of grandeur, þegar á hann er yrt hastarlega og sækir þá jafnan um opinberar stöður". „og um praxis hans er það að segja, að aðalstarf hans er „rukkari", þrátt fyrir doktorsnafnbótina, en hana ku sumir fá með andlegum afborgunum úti í Parísarborg".

Stefnandi telur ummæli þessi stórlega móðgandi og meiðandi fyrir sig. Hefur hann gert þær dómkröfur:

að hin tilvitnuðu ummæli verði dæmd ómerk,

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 50.000.00 í bætur fyrir miska, óþægindi, atvinnutjón og fyrir röskun á stöðu og högun,

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 250.00 til að standast kostnað af birtingu dómsniðurstöður og forsendna dóms í einu öðru blaði en Mánudagsblaðinu,

að stefndi verði dæmdur til að birta dómsniðurstöðuna ásamt dómsforsendum í fyrsta tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur, eftir að stefnda hefur verið birtur dómurinn, að viðlögðum 100.00 króna dagsektum, og

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Tildrög máls þessa eru þau, að stefnandi, sem hefur málflutnings- og lögfræðistörf að aðalatvinnu, hafði til innheimtu kröfu fyrirtækis eins hér í bænum á hendur manni nokkrum í Keflavík. All nokkur kostnaður varð við innheimtu þessa, og voru framangreindar greinar í Mánudagsblaðinu ritaðar af því tilefni.

Stefndi styður kröfu sína um sýknu þeim rökum, að fyrri grein blaðsins hafi eingöngu verið almenn gagnrýni á stefnanda vegna þess kostnaðar, sem hafi orðið við innheimtu stefnanda á umgetinni kröfu. Stefnandi hafi skilið grein blaðsins á verri veg en efni hafi staðið til. Tildrög síðari greinar blaðsins hafi verið svargrein stefnanda í dagblaðinu Vísi, er út hafi komið 9. apríl 1956, en í þeirri grein hafi stefnandi freklega móðgað stefnda. Stefndi viðurkennir, að í umgetnum greinum blaðsins hafi að vísu verið nokkuð sterkt að orði komizt um stefnanda, en mótmælir því, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna þessara skrifa blaðsins.

Fallast má á það með stefnanda, að framangreind ummæli séu

móðgandi og meiðandi fyrir hann. Ber því að ómerkja þau með vísan til 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi orðið fyrir margs konar óþægindum vegna framangreindra skrifa Mánudagsblaðsins. Jafnframt séu greinar blaðsins mjög til þess fallnar að valda stefnanda hneisu og álitshnekki sem starfandi lögmanni.

Það þykist mega fallast á það með stefnanda, að hin umstefndu ummæli séu til þess fallin að baka honum álitshnekki og valda honum á þann hátt tjóni í starfi hans. Með hliðsjón af þessu og vísan til 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda bætur af þessum sökum. Þykja þær bætur hæfilega ákveðnar kr. 5.000.00.

Þá þykir samkvæmt 2. gr. 241. gr. hegningarlaganna bera að dæma stefnda til greiðslu kostnaðar við birtingu forsendna og niðurstöðu dómsins í opinberu blaði. Þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn kr. 150.00. Enn fremur þykir bera samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 að dæma stefnda skylt að birta forsendur og niðurstöður dómsins í fyrsta eða öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, en með hliðsjón af síðustu málsgrein fyrrgreinds lagaákvæðis verða dagsektir ekki dæmdar.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 1.200.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Agnar Bogason, greiði stefnanda, Hafþóri Guðmundssyni, fébætur að fjárhæð kr. 5.000.00.

Stefndi greiði stefnanda kr. 150.00 til að standast kostnað af birtingu dómsniðurstöðu ásamt forsendum í opinberu blaði.

Stefnda er skylt að birta forsendur og niðurstöður dómsins í fyrsta eða öðru tölublaði Mánudagsblaðsins, er út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda kr. 1.200.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 3. júní 1958.

Nr. 71/1958. **Bjarni Guðbjartsson**
gegn
Ræktunarsambandi Suðurdala.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Gallar á málatilbúnaði. Frávísun. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. apríl 1958, er barst dóminum hinn 20. maí s. á. Hann krefst þess, að héraðsdómurinn verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 1.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Bjarni Guðbjartsson, greiði varnaraðilja, Ræktunarsambandi Suðurdala, kærumálskostnað, kr. 1.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. apríl 1958.

Mál þetta höfðaði Bjarni Guðbjartsson vélaviðgerðarmaður, Holtsgötu 41 í Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 29. október 1953, gegn Ræktunarsambandi Suðurdala í Dalasýslu, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 8.800.00 fyrir viðgerð á jarðýtu (eftirstöðvar), eins og segir í stefnu, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1952 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Við þingfestingu málsins hinn 19. nóvember 1953 lagði stefnandi fram stefnu eingöngu og fékk tveggja vikna frest til ritunar greinargerðar. Fékk hann síðan nokkra fresti til viðbótar í sama skyni og í þinghaldi hinn 21. janúar 1954 lagði stefnandi fram greinargerð. Í greinargerðinni lækkaði hann dómkröfu sína í kr. 8.300.00. Í sama þinghaldi lagði hann fram „reikning", dagsettann 8. janúar 1954. „Reikningur" þessi er sagður vera:

„Vinna í febr. til júlí 1952 samkv. fylgiskj. lögðum fram í bæjarþingi Reykjavíkur í nóv. 1953	kr.	21.670.00
Reikningur yfir varahluti	—	1.847.72
Reikningur yfir olíur	—	282.28
Samtals kr.		23.800.00".

Á „reikningnum" eru færðar greiðslur til stefnanda, samtals að fjárhæð kr. 15.500.00, og síðan tilfærð skuld kr. 8.300.00. Jafnframt lagði stefnandi fram annan „reikning", þar sem hann sundurliðar tímafjölda vinnukröfu sinnar eftir mánuðum.

Í greinargerð sinni vísar lögmaður stefnanda um málavöxtu til skýrslu stefnanda (dskj. 16), er lögð var fram um leið og greinargerðin. Í þeirri skýrslu, sem er bréf til lögmannsins, dagsett 8. janúar 1954, segir m. a.: „Reikningur sá, sem ég upphaflega lagði fram, var að upphæð kr. 23.800.00 og sendi ég yður uppkast af honum, eftir því sem ég hygg hann verið hafa."

Engin frekari grein er gerð fyrir kröfum stefnanda í greinargerðinni.

Engin fylgiskjöl voru með hinum framlögðu „reikningum" önnur en afrit kvittana frá stefnanda fyrir móttöku greiðslna frá stefnda.

Jafnframt þessum framangreindum skjölum lagði stefnandi fram í sama þinghaldi afrit af kröfubréfi lögmanns síns til stefnda, dagsett 9. júní 1953, þar sem stefndi er krafinn um greiðslu á kr. 8.800.00 kröfu án frekari skýringa. Einnig svarbréf Gísla Þorsteinssonar f. h. stefnda, dagsett 24. júní s. á., þar sem segir: „Hvergi kemur fram, hvernig krafa þessi er til orðin, en mótteknir reikningar Bjarna Guðbjartssonar yfir viðskipti hans við Ræktunarsamband Suðurdala eru alls endis ófullnægjandi og virðast jafnvel ekki vera allskostar réttir, verður því af ofangreindum ástæðum að neita kröfu yðar, að minnsta kosti fyrst um sinn". Þá lagði stefnandi og fram afrit af bréfi lögmanns síns, dagsett 16. júlí s. á., þar sem þess er farið á leit, að sendir yrðu reikning-

ar þeir á hendur stefnda, sem í hans vörzlu væru og stefnandi hafði afhent.

Stefndi fékk nú nokkra fresti til ritunar greinargerðar. Í þinghaldi hinn 8. apríl 1954 þingfestir hann gagnsök á hendur aðalstefnanda og krefst greiðslu úr hans hendi á kr. 18.935.65 með 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans. Gerði gagnstefnandi þá grein fyrir gagnsakarkröfu sinni í stefnunni, að hún væri fjárverðmæti olíuverks, tveggja lyklasetta og olíuspíssa, samtals kr. 9.905.65, er aðalstefnandi hafi eigi skilað gagnstefnanda, svo og bætur að fjárhæð kr. 9.030.00, þar sem gagnstefnandi hafi orðið að leigja jarðýtu fyrir þá fjárhæð, vegna dráttar aðalstefnanda á því að ljúka viðgerð á jarðýtu þeirri, er hann hafði tekið að sér að framkvæma.

Gagnstefnandi lagði fram greinargerð jafnframt gagnstefnunni. Krafðist hann þar sýknu í aðalsökinni og málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda að mati dómarans, auk þess sem hann ítrekaði kröfur sínar í gagnstefnunni. Í greinargerð þessari vísaði gagnstefnandi um málavöxtu til þriggja bréfa frá Gísla Þorsteinssyni f. h. gagnstefnanda, dagsett 30. október 1953, 9. janúar 1954 og 20. marz s. á.

Aðalstefnandi hafði nú allmarga fresti til ritunar greinargerðar í gagnsökinni og lagði hann greinargerð sína eigi fram, fyrr en í þinghaldi hinn 19. janúar 1956. Gagnstefnandi hafði þó áður, í þinghaldi 18. nóvember 1954, lagt fram eina skýrslu til viðbótar frá Gísla Þorsteinssyni f. h. gagnstefnanda.

Aðalstefnandi krafðist sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans. Lögmaður aðalstefnanda afsakaði í greinargerðinni drátt þann, er orðið hafði á framlagningu hennar, er hann kvað stafa af flutningi aðalstefnanda til Aðalvíkur.

Aðiljar höfðu því næst sameiginlega fresti til gagnaöflunar. Engin gögn voru lögð fram, og í þinghaldi hinn 17. maí 1956 var lýst yfir lokinni gagnasöfnun.

Hinn 11. september 1956 var málið að ósk aðilja endurupptekið til frekari öflunar gagna. Gagnstefnandi lagði þá fram m. a. enn eitt bréf frá Gísla Þorsteinssyni, dagsett 19. marz 1956, þar sem hann tekur að mestu leyti til andsvara gegn ýmsum atriðum í greinargerð aðalstefnanda í gagnsökinni. Í þessu sama þinghaldi kom fyrir dóminn aðalstefnandi málsins og gerði nokkra grein fyrir málavöxtum. Í lok þinghalds þessa lýstu aðiljar yfir gagnasöfnun lokið í málinu.

Munnlegur flutningur málsins var síðan ákveðinn hinn 11. apríl 1958. Þá óskaði lögmaður gagnstefnanda eftir tveggja vikna fresti í málinu til þess að fá staðfest fyrir dómi skýrslur og skjöl, sem mótmælt hafði verið sem óstaðfestum. Lögmaður aðalstefnanda mótmælti frestsbeiðni gagnstefnanda á þeim forsendum, að hann hefði þegar haft nægan tíma til að láta staðfestingar þessar fara fram. Var málið tekið til úrskurðar, að því er þetta atriði varðaði.

Þegar það er virt, sem að framan hefur verið rakið, er ljóst, að málatilbúnaði aðilja hafi verið mjög áfátt í ýmsum mikilvægum atriðum og málið allt mjög vanreifað af hálfu beggja aðilja. Þessi meðferð á málinu brýtur svo mjög í bág við ákvæði laga nr. 85/1936, að málinu í heild ber að vísa frá dómi af sjálfsdáðum.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu í heild er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 6. júní 1958.

Nr. 167/1957. **Sigurlaug Lárusdóttir**
(Lárus Jóhannesson hrl.)
gegn
Skuldheimtumönnum í dánarbúi Péturs H. Lárussonar, þeim Grími Valdimarssyni, Finnboga Jónassyni, Vigfúsi Þ. Jónssyni, Útibúi Búnaðarbanka Íslands, Akureyri, Sameinuðu verksmiðjuafgreiðslunni, Reykjavík og Herði Ólafssyni (Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Séreign maka. Skiptaréttarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. október 1957. Hefur hún fengið gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 3. febrúar 1958. Hún krefst þess, að bókasafn það, sem í málinu greinir, og íbúðin á Skipagötu 1, Akureyri, verði dæmd séreign hennar og því eigi tekin undir skipti á dánarbúi manns hennar. Hún krefst og, að stefndu verði dæmt að greiða henni in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og að skipuðum talsmanni hennar fyrir Hæstarétti verði dæmd málssóknarlaun eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um húsmuni hefur eigi verið áfrýjað.

Áfrýjandi hefur eigi leitt sönnur að því, að bókasafnið sé séreign hennar. Ber því að staðfesta ákvæði úrskurðarins um, að það komi til skipta í dánarbúi Péturs H. Lárussonar.

Áfrýjandi hlaut stórfé í arf eftir foreldra sína á árunum 1919 og 1921. Varð fé þetta séreign hennar samkvæmt kaupmála þeirra hjóna frá 29. september 1920 og þinglesnum 30. s. m. Hún hafði því miklu meiri fjárráð en maður hennar, þótt hann hlyti nokkurn arf eftir föður sinn 1936. Gild rök styðja þá frásögn hennar, að húskaup hennar á Akureyri 1927 hafi verið gerð fyrir séreignarfé hennar, enda var húsinu þinglýst á hennar nafn. Engin efni eru til að véfengja þá frásögn hennar, að íbúðin í húsinu nr. 1 við Skipagötu sé keypt fyrir séreignarfé hennar þ. e. brunabætur fyrir hluta hennar af fyrri húseign hennar. Er áfrýjandi og þinglesinn eigandi íbúðarinnar á Skipagötu. Samkvæmt þessu verður að telja íbúð þessa séreign áfrýjanda, og ber því eigi að taka íbúðina undir skipti í dánarbúi Péturs heitins Lárussonar, sbr. 21. gr. laga nr. 3/1900.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndu greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og hljóti áfrýjandi kr. 5.000.00 af þeim, en talsmaður hennar fyrir Hæstarétti kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Óraskað á að vera ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um, að ofangreint bókasafn skuli taka undir skipti í dánarbúi Péturs heitins Lárussonar.

Íbúðin í húsinu nr. 1 við Skipagötu, þinglýst eign áfrýjanda, Sigurlaugar Lárusdóttur, er séreign hennar og verður eigi tekin undir nefnd skipti.

Stefndu, Grímur Valdimarsson, Finnbogi Jónasson, Vigfús Þ. Jónsson, Útibú Búnaðarbanka Íslands, Akureyri, Sameinaða verksmiðjuafgreiðslan, Reykjavík, og Hörður Ólafsson, greiði in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og hljóti áfrýjandi af þeim kr. 5.000.00, en talsmaður hennar fyrir Hæstarétti, Lárus Jóhannesson hæstaréttarlögmaður, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Akureyrar 16. september 1957.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 13. þ. m., eftir að árangurslaus sáttatilraun hafði farið fram og málið hafði verið sótt og varið með venjulegum hætti. Í málinu er deilt um það, hvort réttmæt sé sú krafa sóknaraðilja, að undir skipti í dánarbúi Péturs heitins H. Lárussonar sé dregið innbú þeirra hjóna, bókasafn og íbúð í Skipagötu 1 hér í bæ. Kröfu þessari er mótmælt af varnaraðilja í öllum greinum með tilvísun til framlagðs kaupmála og annarra gagna málsins, með því að allar þessar eignir séu hennar séreign, sem eigi komi búinu við. Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Upphaf þessa máls er það, að á skiptafundi í dánarbúi Péturs H. Lárussonar 26. apríl s.l., þar sem lagt var fram endurrit af uppskriftargerð í búinu og kaupmáli milli hjónanna Péturs H. Lárussonar og Sigurlaugar Lárusdóttur, að Guðmundur Skaftason hdl. krafðist þess fyrir hönd kröfuhafanna í búinu, Gríms Valdimarssonar, Finnboga Jónassonar, Vigfúsar Þ. Jónssonar, allra á Akureyri, og Sameinuðu verksmiðjuafgreiðslunnar, Reykjavík, Harðar Ólafssonar hdl., Reykjavík og síðar f. h. Búnaðarbanka Íslands, útibúsins á Akureyri, að dregin verði undir skiptin íbúð í Skipagötu 1 og bókasafn og innanstokksmunir hjónanna Péturs H. Lárussonar og Sigurlaugar Lárusdóttur og að uppskrift yrði gerð á eignum þessum í búinu, en samkvæmt hinni framlögðu uppskriftargerð hafði ekkert af þessu verið skrifað upp. Umboðsmaður Sigurlaugar Lárusdóttur, varnaraðilja í máli þessu, mótmælti kröfum þessum og krafðist úrskurðar um þær.

Í kaupmála milli hjónanna Péturs H. Lárussonar og Sigurlaugar Lárusdóttur, dagsettum 29. september 1920, er svo kveðið á:

1) Öll „innanhúsgögn", bæði þau, er til eru, er þau setja heimili, og þau, sem síðar bætast við, skulu vera séreign konunnar.. Verðið er áætlað kr. 15.000.00,
2) að sama gildi um fallinn föðurarf konunnar, sem samkvæmt skiptagerningi 7. maí 1919 hafði numið kr. 25.865.86 ½,
3) að væntanlegur arfur hvors hjóna um sig verði séreign þess, er arfurinn ber undir.

Nokkru síðar þetta sama haust gengu þau Pétur H. Lárusson og varnaraðili í máli þessu í hjónaband og settu bú saman í

Reykjavík. Með kaupsamningi, dagsettum 14. september 1922, keyptu þau hjón jörðina Eskiholt í Borgarhreppi og hófu þar búskap um vorið. Kaupverð jarðarinnar var 36 þúsund krónur og skyldu 14.300 krónur af því greiðast áður en afsal væri gefið. Að öðru leyti skyldi kaupandi taka að sér áhvílandi skuldir á jörðinni. Kaupsamningar og afsal fyrir jörðinni eru hvoru tveggja á nafni Péturs H. Lárussonar. Eigi að síður hefur varnaraðili haldið því fram, að jörðin og búið í Eskiholti hafi verið hennar séreign, þar sem hún hafi lagt til af arfi sínum, sem hafi verið hennar séreign, alla útborgunina í jörðina og allan kostnað við endurbætur á staðnum og við að koma upp stóru búi á jörðinni. Kveður varnaraðili mann sinn hafa veikzt af berklum skömmu eftir að þau gengu í hjónaband, svo hann hafi orðið að fara til útlanda til að leita sér lækninga og hafi hann verið með öllu eignalaus, þegar hann giftist og þegar þau keyptu Eskiholtið. Vorið 1925 seldu þau Eskiholtið, og var söluverð kr. 45.000.00. Af því voru samkvæmt skýrslu varnaraðilja greiddar kr. 23.500.00 í peningum, kaupandi gaf út veðskuldabréf til varnaraðilja, kr. 10.000.00, og yfirtók áhvílandi lán fyrir því, sem eftir var. Kveðst varnaraðili með nefndu veðskuldabréfi hafa fengið aftur fé, sem hún hafi verið búin að leggja í jörðina. Sama vorið voru áhöld búsins og bústofn selt og kveður varnaraðili allt andvirðið hafa runnið til hennar.

Eftir að þau hjónin Pétur H. Lárusson og varnaraðili hættu búskap í Eskiholti, fluttu þau til Akureyrar og keyptu þar árið 1927 húseignina nr. 66 við Hafnarstræti fyrir kr. 27.000.00, sbr. dskj. nr. 4. Er afsalið gefið út á nafn varnaraðilja þessa máls. Kaupverðið var greitt þannig, að kr. 5.000.00 greiddust við afsal, en afgangurinn með því að yfirtaka reikningslán við Útibú Íslandsbanka á Akureyri. Reikningslán þetta kveður varnaraðili sig hafa greitt af séreign sinni og hafi það verið greitt upp 25. febrúar 1928, sbr. dskj. nr. 8. Allt andvirði þessa húss og allar endurbætur á því kveður varnaraðili sig hafa greitt af séreign sinni og hafi húseignin því algerlega verið hennar eign. Með skiptagerningi, dagsettum 10. desember 1921, hlotnaðist varnaraðilja arfur eftir móður sína, er látizt hafði þá um haustið, og var hann að upphæð kr. 47.038.84. Allan þennan arf svo og arfinn eftir föður sinn kveður varnaraðili sig hafa fengið útborgaðan. Samkvæmt skiptagerningi, dagsettum 12. júní 1936, sbr. dskj. nr. 24, hlotnaðist Pétri H. Lárussyni arfur að upphæð kr. 20.625.00 eftir föður sinn. Hefur varnaraðili skýrt svo frá, að til þess tíma hafi maður henn-

ar haft umboðssölu frá Skóverzlun Lárusar G. Lúðvígssonar í Reykjavík, en þegar honum hafi hlotnazt arfurinn hafi hann hætt umboðssölunni og farið að verzla algerlega sjálfstætt og hafi hann þá þurft á auknu rekstursfé að halda og hafi arfur hans gengið til þess. Á árinu 1943 afsalaði varnaraðili 2 íbúðum í húsinu Hafnarstræti 66, en hélt eftir einni íbúð fyrir fjölskyldu sína. Var önnur þessara íbúða seld á kr. 15.000.00, en hin á kr. 16.500.00. Árið 1952 brann allt húsið og fékk varnaraðili þá greiddar kr. 241 þús. í brunabætur fyrir þeirra hluta hússins, sbr. dskj. nr. 11, og kr. 20.000.00 fyrir lóðina. Í þessum bruna eyðilagðist einnig mikið af innbúi þeirra hjóna og fengu þau greiddar kr. 35.000.00 fyrir það. Haustið 1952 festu þau kaup á 3 herbergja íbúð í Skipagötu 1, hér í bæ, fyrir kr. 147.500.00, dskj. nr. 12, á nafni varnaraðilja, enda kveður varnaraðili íbúðina hafa eingöngu verið keypta fyrir hennar fé, það er brunabætur fyrir Hafnarstræti 66, og hafi allt kaupverðið verið greitt, að undanskildum kr. 15.850.00, sem hvíldu á húseigninni. Húseign þessa eiga þau enn. Varnaraðili byggir mótmæli sín gegn því, að húseignin tilheyri félagsbúi þeirra þeim rökum, að hún sé þinglýstur eigandi hennar og sé það beinlínis af því, að húsið sé hennar séreign, enda hafi sama gilt um húsið, er þau áttu á undan, og sama hafi gilt um jörðina Eskiholt, þótt hún væri skráð á nafn Péturs heitins. Kveður varnaraðili sig hafa eignazt allar fasteignirnar fyrir erfðafé sitt, sem verið hafi séreign hennar samkvæmt kaupmála. Hins vegar telur hún mann sinn ekkert hafa lagt til kaupanna, þar sem hann hafi verið með öllu eignalaus. Einnig hefur varnaraðili stutt kröfu sína við það, að maður hennar hafi a. m. k. sum árin getið þess á framtalsskýrslum sínum, að húsið væri hennar séreign og eitt árið 1935 hafi hún talið sjálf fram fyrir sig og þá talið húseignina fram sem sína séreign, enda hafi Pétur heitinn þá ekki talið húseignina fram, sbr. dskj. nr. 32 og 33. Einnig hefur varnaraðili fært það fram, að maður hennar hafi jafnan látið nokkra fjárupphæð ganga til hennar í húsaleigu, sem nægt hafi til þess, að hún gæti staðið undir skuldbindingum sínum vegna húsanna.

Umboðsmaður sóknaraðilja hefur haldið því fram, að það sé ósannað með öllu, að fasteignirnar séu eða hafi verið séreign varnaraðilja. Hann telur, að það skeri þannig ekki að neinu leyti úr um þetta, þótt húseignin sé þinglýst á nafn sóknaraðilja. Telur hann, að þótt varnaraðili kunni að hafa sett séreignarfé sitt í kaupin á Eskiholti á sínum tíma, þá hafi því ekki verið haldið nægilega aðgreindu til að það gæti verið séreign áfram, þar sem jarðarinnar

hafi eigi verið getið sem séreignar hennar í kaupmála né hún þinglýst á hennar nafni. Ekki telur hann heldur, að það geti neitt skorið úr, þótt Pétur heitinn hafi sum árin talið húsið séreign konunnar í framtali sínu, enda hafi hann ekki gert það mörg undanfarin ár. Ekki telur hann heldur, að það stoði varnaraðilja neitt í þessu efni, þótt maður hennar kunni að hafa látið henni í té eitthvert fé sem húsaleigu, vegna þess að engin stoð sé fyrir því, að arður af fasteignunum hafi átt að verða séreign konunnar.

Það verður að teljast líklegt, að skýrsla varnaraðilja um tillag hennar til fasteignakaupa upphaflega sé rétt með tilliti til þess, sem upplýst er um fjárhag þeirra hjóna hvors um sig, og er sú skýrsla að nokkru studd með því að kaupandi jarðarinnar gefur út til hennar skuldabréf í sambandi við söluna, en þar sem jarðarinnar er eigi getið í kaupmála milli hjónanna og jörðin eigi þinglýst eign varnaraðilja, verður eigi litið svo á gegn eindregnum andmælum gagnaðilja, að fasteign þessi hafi verið séreign varnaraðilja. Um húseignirnar á Akureyri er þetta að segja: Þær hafa báðar verið þinglýstar á nafn varnaraðilja, eins og áður greinir, en þeirra hefur aldrei verið getið í kaupmála. Lögð hafa verið fram í málinu skattframtöl Péturs H. Lárussonar frá 1931, en á því tímabili hefur Pétur heitinn talið fram 12 sinnum, að því er virðist. Á framtölunum 1934, 1936 og 1937 og 1946 er húsið talið séreign varnaraðilja. 1935 telja þau hjónin fram hvort í sínu lagi, eins og áður greinir. Eftir 1946 virðist Pétur heitinn hafa talið fram fimm sinnum, en ekki er þá getið séreignar konunnar, en þess skal getið, að 1954 og síðan hefur enginn liður verið á eyðublöðum fyrir skattframtöl fyrir séreign konu. Þar sem framtölin eru svo mjög á reiki um þetta efni og húseignin er eigi tilgreind í kaupmála og varnaraðilja hefur eigi tekizt að sanna nægilega, að húseignin hafi verið keypt fyrir hennar séreignarfé, telur rétturinn, að varnaraðilja hafi ekki tekizt að færa nægilega sönnur á, að nefnd húseign sé hennar séreign og verður því að líta svo á, að hún hafi verið sameign þeirra hjóna og beri því að skrifa hana upp sem eign dánarbús Péturs H. Lárussonar.

Að því er innanstokksmunina snertir, hefur varnaraðili fyrst og fremst byggt kröfur sínar á efni kaupmálans, sbr. að framan. Þá hefur hún skýrt svo frá, að þegar hún gekk í hjónaband hafi móðir hennar gefið henni húsgögn í 3 herbergi og yfirleitt allan búnað til heimilisstofnunar og síðan hafi sárafáir munir komið inn á heimili þeirra fyrr en eftir brunann í Hafnarstræti 66, en þar hafi tvisvar skemmzt af bruna og hafi vátryggingarféð verið

notað til að endurnýja innbúið. Skýrsla varnaraðilja um framangreinda gjöf móður hennar er studd af vottorði Hallgríms Tuliniusar. Einnig byggir hún kröfu sína í þessu efni á því, að á framtölum þeirra hafi innbúið þrásinnis verið tilgreint sem séreign konunnar, en svo hefur jafnan verið gert, þar sem svo hefur verið með húsið, sbr. að framan.

Sóknaraðili hefur einkum byggt kröfu sína um, að húsmunir verði teknir undir skiptin, á því, að orðalag kaupmálans sé svo óljóst, að því er þetta atriði snertir, enda sé engin skrá til yfir munina og hafi aldrei verið til. Gerði hann þá varakröfu, að krafa varnaraðilja yrði aðeins tekin til greina þannig, að undanskilin frá búskiptunum yrðu húsgögn fyrir kr. 15 þúsund.

Eins og áður greinir, nefnir kaupmálinn öll innanhúsgögn, er þau eiga og kunna að eignast. Telja verður, að hægt sé að leggja þá skýrslu varnaraðilja til grundvallar, sem studd er af vottorði Hallgríms Tuliniusar, að móðir hennar hafi gefið henni innbú það, er að framan greinir.

Einnig þykir mega byggja á því, að brunabætur fyrir eyðilögð húsgögn af bruna hafi gengið til endurnýjunar á húsmunum þeirra hjóna, enda er upplýst, að allmiklar fjárhæðir hafa verið greiddar af þessum sökum frá viðkomandi tryggingarfélögum, sbr. dskj. nr. 27 og 29. Þykir með tilvísun til þess, sem nú er sagt, og að hér koma lög nr. 3/1900 fyrst og fremst til greina svo og þess, sem upplýst er um núverandi eign þeirra í innanstokksmunum, mega fallast á þá kröfu varnaraðilja, að húsgöng þau, er tilheyra heimili hennar, skuli teljast séreign hennar og eigi því ekki að skrifa þau upp með búi Péturs heitins. Þykir það ekki geta hnekkt þessari niðurstöðu, þótt innbúið hafi verið þar til á s.l. vori vátryggt á nafni Péturs heitins.

Kröfu sína um, að bókasafnið teljist séreign hennar, byggir varnaraðili á sömu rökum og innbúið, með því að hún telur það felast í orðinu innanhúsgögn, enda hafi alltaf verið litið svo á, að hún ætti safnið. Þá hefur hún haldið því fram, að bækurnar hafi eingöngu verið keyptar fyrir hennar fé.

Sóknaraðili hefur haldið því fram, að það væri andstætt málvenju að telja, að bækur geti fallið undir orðalagið „innanhúsgögn", enda mætti upplýst telja, að Pétur heitinn hefði aðallega keypt bækurnar, enda væri með öllu ósannað, að bækurnar væru keyptar fyrir séreignarfé varnaraðilja. Einnig hefur hann haldið því fram, að nokkuð af bókunum hefðu þau eignazt í arf eftir föður Péturs heitins, Lárus H. Bjarnason hæstaréttardómara, og

hefur stuðzt þar við dskj. nr. 43. Fallast má á þá skoðun sóknaraðilja, að bækur falli ekki undir orðalagið „innanhúsgögn" í kaupmálanum, enda má telja líkur fyrir, að minnst af bókunum hafi verið í eigu þeirra hjóna, þegar kaupmálinn var gerður, og þar sem eigi verður talið, að varnaraðili hafi fært nægilegar sönnur á það, að hún hafi lagt fram fé af sinni séreign til kaupa á bókunum, verður ekki fallizt á þá skoðun hennar, að bókasafnið sé séreign hennar, og ber að skrifa það upp með búinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Allir húsmunir í búi Péturs heitins Lárussonar og Sigurlaugar Lárusdóttur skuli teljast séreign konunnar og óviðkomandi dánarbúi Péturs heitins. Bókasafn tilheyrandi Pétri heitnum H. Lárussyni og konu hans ber að taka undir skiptin. Íbúðin í Skipagötu 1, þinglesin á nafni Sigurlaugar Lárusdóttur, telst hafa verið sameign hjónanna og ber að taka hana undir búskiptin.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 6. júní 1958.

Nr. 136/1957. **Síldarverksmiðjur ríkisins**
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Jóhanni Braga Friðbjarnarsyni
(Jón N. Sigurðsson hrl.). **og gagnsök.**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. september 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. ágúst s. á. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti

að mati dómsins. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 19. september 1957, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 16. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 1.192.218.00 með 6% ársvöxtum af kr. 1.152.365.00 frá 18. júlí 1951 til 26. marz 1956 og af kr. 1.192.218.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna í málinu.

Læknarnir Þórður Möller og Kjartan R. Guðmundsson og prófessor Símon Jóh. Ágústsson voru hinn 22. marz þ. á. dómkvaddir til að rannsaka og gefa skýrslu um líkamlegt og andlegt heilsufar gagnáfrýjanda. Framkvæmdu þeir rannsókn þessa í aprílmánuði þ. á. og rannsökuðu gagnáfrýjanda hver í sínu lagi. Að beiðni prófessors Símons framkvæmdi prófessor Matthías Jónasson og rannsókn á greinarþroska gagnáfrýjanda. Hinir dómkvöddu menn skiluðu því næst álitsgerð 5. f. m., þar sem læknarnir og sálfræðingurinn greina fyrst hver fyrir sig frá rannsókn sinni og niðurstöðu og gefa að lokum svofellda sameiginlega álitsgerð: „Ekki er um það að villast, að sjúklingurinn hefur orðið fyrir vefrænum heilaskemmdum við slysið, og hafa þær haft í för með sér djúptækar breytingar á skapgerð hans og persónuleika. Áður var hann andlega heilbrigður, umgengnisgóður, verkfús, áhugasamur um ýmis mál. Nú er hann áhugalaus á öllum sviðum, tekur sér ekkert fyrir hendur, vanstilltur og erfiður í umgengni. Hann þjáist af svefnleysi. Hann sækir í vín, og virðast viðbrögð hans undir áhrifum þess vera óvenjuleg og sjúkleg (pathologisk reaction). Engar líkur virðast á því, að ástand sjúklings batni svo að neinu nemi, en hins vegar verða að teljast nokkur líkindi til þess að heilsu hans hraki. Fyrirsjáanlegt þykir, að sjúklingurinn muni þurfa stöðugrar umönnunar og eftirlits".

Þá hefur Bergþór Smári læknir athugað gagnáfrýjanda af

nýju 28. apríl þ. á., kynnt sér framangreinda álitsgerð og því næst staðfest fyrra mat sitt á varanlegri örorku gagnáfrýjanda, þ. e. 90%.

Loks hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur áætlað af nýju atvinnutjón gagnáfrýjanda, miðað við þá 5% hækkun á grunnkaupi og örorkulífeyri, sem ákveðin er með lögum nr. 33/1958, svo og þá hækkun á framfærsluvísitölu, sem orðið hefur frá því að tryggingafræðingurinn samdi áætlun sína 29. apríl 1957, sem lýst er í héraðsdómi. Samkvæmt þessari síðustu áætlun telur tryggingafræðingurinn atvinnutjón gagnáfrýjanda nema samtals kr. 706.203.00, ef miðað er við meðalatvinnutekjur giftra daglaunamanna, iðnverkamanna og sjómanna, en kr. 454.007.00, ef miðað er við Dagsbrúnarkaup. Þá telur hann og, að verðmæti örorkulífeyris gagnáfrýjanda hækki í kr. 68.323.00.

Af ástæðum þeim, er greinir í héraðsdómi, þykir aðaláfrýjandi eiga að bæta gagnáfrýjanda að fullu tjón hans vegna nefnds slyss.

Bætur til handa gagnáfrýjanda samkvæmt 1. kröfulið þykja hæfilega ákveðnar kr. 400.000.00, og hefur þá verið dreginn frá örorkulífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins. Bætur samkvæmt 2. lið ákveðast kr. 125.000.00 og samkvæmt 3. lið kr. 35.000.00. Verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða gagnáfrýjanda samtals kr. 560.000.00, ásamt 6% ársvöxtum af kr. 525.000.00 frá 18. júlí 1951 til 26. marz 1956 og af kr. 560.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber og að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Jóhanni Braga Friðbjarnarsyni, kr. 560.000.00 með 6% ársvöxtum af kr. 525.000.00 frá 18. júlí 1951 til 26. marz 1956 og af kr. 560.000.00 frá þeim degi til greiðsludags. Aðaláfrýjandi greiði og gagnáfrýjanda kr.

40.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. f. m., hefur Jóhann Bragi Friðbjarnarson, Grundarstíg 16, Siglufirði, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. janúar 1953, gegn Síldarverksmiðjum ríkisins, Siglufirði, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 300.000.00, auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Með stefnu, útgefinni 26. marz 1956, höfðaði stefnandi framhaldssök í málinu til hækkunar kröfu sinni í frumsök í kr. 1.193.218.00. Krefst hann nú jafnframt 6% ársvaxta af kr. 1.152.365.00 frá 18. júlí 1951 til greiðsludags, en af kr. 40.853.00 frá útgáfudegi framhaldsstefnu til greiðsludags. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar, svo sem í frumsök.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar bæði í frumsök og framhaldssök. Í framhaldssök hefur hann jafnframt krafizt þess til vara, að meginhluti fébótaábyrgðar á síðargreindu slysi verði lagður á stefnanda sjálfan.

Málsatvik eru þessi:

Í júlí 1951 var unnið að því á vegum stefnda að skafa og mála utan einn af lýsisgeymum hans á Siglufirði. Við verk þetta voru meðal annars notaðir tveir stólar, sem héngu í köðlum utan á geyminum. Stólar þessir voru að lögun einna líkastir aflöngum kassa. Var botninn trefleki, 3 metra langur og 80 cm. breiður, en á jöðrum hans var lóðrétt, meters há trégrind, sem myndaði handrið. Utan um stólinn þveran, alveg út við enda sitt hvoru megin, var brugðið 2 kaðallykkjum, en þær voru hengdar á málmkróka tvo, sem festir voru við sína hvora blökkina. Í gegnum blakkir þessar voru dregnir kaðlar, og lágu þeir jafnframt í gegnum aðrar tvær blakkir uppi við þakbrún geymisins. Voru einnig krókar á þeim blökkum, en þeir vissu upp og héngu í kaðallykkjum, sem bundnar voru við málmhandrið á þakbrún geymisins. Niður úr efri blökkunum héngu 2 lausir kaðlar, sem náðu alveg til jarðar, en með þeim var stóllinn færður niður eftir því, sem þurfti, og dreginn upp aftur, er hann var kominn niður á jörð. Þess á milli var köðlum þessum bundið um stólgrindina og stóllinn þannig festur í þeirri hæð, sem unnið var í hverju sinni. Þrír

menn unnu í hvorum stól, og stigu þeir niður í hann ofan af þaki geymisins, er stólnum hafði verið fest á þann hátt, sem að framan er lýst. „Slökuðu“ þeir sjálfir á köðlunum, eftir því sem verkinu miðaði og lækka þurfti stólinn. Er stóllinn var kominn niður á jörð, stigu mennirnir úr honum, fóru upp á þak geymisins og færðu efri blakkirnar til. Að því búnu fóru tveir þeirra niður aftur og drógu stólinn upp. Er hann var kominn að þakbrún, steig þriðji maðurinn, sem eftir hafði orðið uppi á þakinu, niður í stólinn, og festi hann með lausum köðlunum. Fóru þeir tveir, sem niðri voru, þá aftur upp á þak geymisins og stigu einnig niður í stólinn. Hófst að því búnu ferð stólsins niður geyminn á nýjan leik og þannig koll af kolli.

Er vinna hófst að morgni hins 18. júlí, voru 6 unglingar settir til vinnu í stólunum, en enginn þeirra mun áður hafa unnið í slíkum stóli. Að sögn vitnisins Eiðs Hafsteins Indriðasonar voru fjórir þessara unglinga um 15 ára að aldri, en tveir um tvítugt. Er eigi annað fram komið en þær upplýsingar séu réttar. Einn í hópnum var stefnandi, er þá var 15 ára að aldri. Um kl. 11 um morguninn, er stóll sá, sem stefnandi vann í, var á jörðu niðri, voru piltar þeir, sem með honum unnu í stólnum, kvaddir frá þessu verki um stund, en stefnandi varð eftir. Bað hann tvo pilta, Einar Grétar Adólfsson, 15 ára að aldri, og Dúa Karlsson, 14 ára, sem einnig unnu þarna, að draga upp stólinn. Urðu þeir við þeirri beiðni, en áður en stefnandi steig niður í stólinn til að festa hann, kölluðu Einar og Dúi á þriðja piltinn, Eið H. Indriðason, sem fyrr var nefndur, og leituðu aðstoðar hans til að halda í kaðlana, er stóllinn var kominn upp. Hélt hann í kaðalinn með Eiði, en Dúi brá sínum kaðli til öryggis um þungt járnstykki, er þarna var. Stefnandi steig nú niður í stólinn í því skyni að festa hann. Er hann var kominn í stólinn, losnaði hann frá blökkinni þeim megin, sem Dúi hélt. Sporðreistist stóllinn við þetta, og féll stefnandi niður. Kom hann niður á auða jörð við geyminn. Er allur þungi stólsins var þannig kominn yfir kaðalinn, sem Einar og Eiður héldu í, reyndist þeim um megn að halda í við kaðalinn, og rann stóllinn því niður og allt til jarðar. Lenti annar endi hans á steinbrún, sem var umhverfis geyminn, en hinn endinn lenti á járnstykki því, sem Dúi hafði bundið kaðalendann um. Lá stefnandi undir stólnum, sem þó mun hvergi hafa komið við hann. Svo sem áður er getið, var stóllinn efst uppi, er hann féll niður, og mun fall stefnanda hafa verið 8—9 metrar, eftir því sem næst verður komizt. Hlaut stefnandi mikil lemstur af slysi þessu.

Á þriðja degi eftir slysið hófst rannsókn þess í lögreglurétti Siglufjarðar. Voru þá yfirheyrðir unglingar þeir, sem nafngreindir eru hér að framan. Eftir það lá rannsóknin niðri, þar til í janúar 1952, er henni var látið lokið. Meðan á gagnaöflun í máli þessu stóð, hafa ýmis þeirra vitna, sem yfirheyrð voru við hina opinberu rannsókn, komið fyrir dóm að nýju. Hefur einkum verið leitazt við að leiða í ljós, hvernig háttað var öryggisútbúnaði stóls þess, sem um ræðir. Atvikalýsingin hér að framan er á hinn bóginn að mestu leyti byggð á framburðum fyrrgreindra þriggja unglinga, en eigi er kunnugt um aðra sjónarvotta að slysinu. Eru framburðir þeirra um tildrög slyssins mjög á einn veg, en þó er framburður Einars G. Adólfssonar nokkru gleggri en hinna. Skýrir vitni þetta svo frá, að er stefnandi var kominn niður í stólinn, hafi hann fest hann þeim megin, sem vitnið og Eiður héldu, en gengið að því búnu yfir í hinn enda stólsins. Hafi þá stóllinn losnað skyndilega frá þeim megin með framangreindum afleiðingum.

Það er leitt í ljós, að á krókum þeim, sem kaðallykkjur stólsins héngu í, var brugðið bandlykkjum eða benzlum yfir krókkverkarnar, til þess að varna því, að kaðallykkjurnar færu upp úr krókunum. Hins vegar greinir vitni mjög á um það, hvort benzl eða vafningur hafi verið á kaðallykkjunum sjálfum neðan króksins og myndað þar litla lykkju, en slíkt hefði verið mjög til öryggis, þar sem í kaðallykkjum þessum mun hafa verið allt að þumlungs sver kaðall. Verða nú rakin meginatriði í framburðum vitna, bæði um þetta atriði og önnur, sem máli skipta.

Vitnið Jóel Friðgeir Hjálmarsson, verkstjóri stefnda, skýrir svo frá, að það hafi falið Jónasi nokkrum Jónassyni málara að hafa umsjón með því verki að skafa og mála lýsisgeymana. Hafi honum jafnframt verið fengnir 6 unglingar til að vinna að verki þessu. Vitnið kveðst umræddan morgun hafa gengið að lýsisgeymi þeim, sem slysið varð við, til þess að athuga annað verk, sem þar var verið að vinna. Er það gekk fram hjá geyminum, hafi það allt í einu heyrt að baki sér hviss í blökkunum á geyminum. Hafi það þá litið við og séð stefnanda vera að falla til jarðar. Kveðst vitnið telja sennilegt, að orsök slyssins hafi verið sú, að benzlið á krók þeim, sem kaðallykkja stólsins hékk í, hafi bilað eða verið bilað, að minnsta kosti hafi benzli þetta ekki verið á króknum eftir slysið. Önnur benzli hafi hins vegar verið í lagi. Ekki kveðst vitnið muna, hvort það athugaði útbúnað stólsins um morguninn áður en vinna hófst. Geti það því ekkert um það segt, hvort benzli þetta hafi þá verið á króknum. Eigi kveðst vitnið heldur minn-

ast þess, hvort benzli var á kaðallykkju stólsins neðan við krókinn í umrætt sinn, en það sé venja, þegar útbúnaður er slíkur og hann var hér. Kveðst vitnið og engin dæmi vita þess, að eigi væri benzlað neðan króksins.

Vitnið Jónas Jónsson, sem fyrr var nefnt, skýrir svo frá, að það hafi á þessum tíma unnið að því að mála innanhúss í skrifstofubyggingu stefnda. Að morgni hins 18. júlí, er vinna var að hefjast, kveðst vitnið hafa gengið að umræddum geymi á leið til vinnu sinnar. Hafi það þá staldrað við litla stund hjá unglingum þeim, er voru að byrja að vinna í stólunum, og sýnt þeim helztu handtök við verkið, en haldið að því búnu áfram til síns starfs. Vitnið kveður, að vinna við geyminn hafi verið búin að standa yfir í um það bil viku, er hér var komið, en að morgni slysdagsins hafi umræddir unglingar verið settir til þess starfs í fyrsta sinn. Hafi Jóel verkstjóri ráðið því, hverjir völdust til verksins, og kveðst vitnið telja, að verkið hafi verið unnið undir umsjón Jóels sem verkstjóra. Á hinn bóginn kveðst vitnið sjálft enga verkstjórn hafa haft á hendi við geyminn umræddan dag, en eftir slysið hafi því verið falið að líta eftir verkinu. Vitnið kveðst hafa sent þá tvo, sem með stefnanda unnu, út í bæ tiltekinna erinda skömmu áður en slysið varð. Hafi það gert þetta að fyrirlagi Jóels verkstjóra. Kveðst vitnið hafa kallað fyrirmæli þessa efnis upp á geyminn til þeirra félaga, en haldið að því búnu áfram vinnu sinni. Kveðst vitnið halda, að það hafi ekki minnzt á í þessu sambandi, að sá þeirra, sem eftir yrði, mætti ekki fara í stólinn, meðan aðstoðarmenn hans væru fjarverandi, enda hafi það ekki búizt við slíku. Vitnið kveðst hafa athugað öryggisútbúnað stólanna, áður en vinna hófst að morgni slysdagsins. Muni það, að benzli hafi verið á króknum, sem kaðallykkja stólsins hékk í, svo og á kaðallykkjunni sjálfri neðan við krókinn. Þá minni það og, að hvort tveggja benzlin hafi verið úr trollgarni. Að lokum getur vitnið þess, að er búið hafi verið að benzla um krókinn, hafi kaðallinn frá stólnum rétt komizt undir benzlið.

Vitnið Herbert Sigfússon málarameistari skýrir svo frá, að það hafi að tilhlutan bæjarfógetans á Siglufirði athugað umræddan stól nokkrum dögum eftir slysið ásamt Snorra Stefánssyni, vélaeftirlitsmanni ríkisins á Siglufirði. Hafi þá verið búið að endurbæta stólinn mikið, en vitnið kveðst vita, hvernig útbúnaði hans var háttað áður. Búið hafði verið að setja á stólinn öryggisbönd, þannig að ef sá, sem í stólnum var, kynni ekki að festa hann og stóllinn byrjaði að síga, væri samt tryggt, að stóllinn færi ekki

lengra niður en um það bil breidd sína, þar eð þá tækju öryggisböndin í. Enn fremur hafi verið búið að breyta um króka þá, sem kaðallykkjur stólsins hanga í, og setja svonefnda „kósa“ úr járni innan í lykkjurnar, þar sem þær eru hengdar á krókana. Áður hafi krókarnir verið mikið minni og svo grunnir, að kaðallykkjurnar, er verið hafi úr þumlungs sverum kaðli, hafi næstum „fyllt út í“ þá. Kveðst vitnið telja, að eins og frá þessu var gengið áður, hafi það getað komið fyrir, væri stóllinn dreginn snögglega upp og stöðvaðist á einhverju uppi, og benzlið yfir krókkverkunum slitnaði eða smokkaðist upp af króknefinu, ef kaðallykkjurnar færu upp úr krókkverkunum sakir þess, hve óþjáll kaðallinn var.

Vitnið Snorri Stefánsson, sem getið er um hér að framan, skýrir svo frá, að það hafi að beiðni framkvæmdastjóra stefnda skoðað umbúnað stólsins þegar eftir slysið, áður en hróflað hafi verið við honum. Stóllinn hafi verið „húkkaður úr“ öðrum megin og blakkirnar verið uppi. Benzlið hafi legið hjá króknum óslitið, en upprakið. Hafi benzli þetta verið úr bindigarni. Hafi svo virzt sem bindingin hafi bilað, en eigi verði fullyrt, hvort það hafi gerzt áður en slysið varð eða eftir það. Vitni þetta fullyrðir, að benzli hafi einnig verið á kaðallykkju stólsins neðan við krókinn. Kveðst það telja, að benzli þetta hafi verið úr trollgarni. Hafi verið ógerningur að nota kaðallykkju um stólinn, án þess að hafa benzli á henni neðan við krókinn. Mestu máli skipti þó, að benzlið yfir króknum sé tryggilega útbúið, en það kveður vitnið, svo sem áður getur, hafa verið upprakið, er það skoðaði stólinn. Ekki kveðst vitnið geta gert sér grein fyrir því, hvað slysinu olli, en fullyrða megi þó, að benzlið hafi gefið eftir og kaðallykkjan smeygzt af króknum. Vitnið kveðst aftur hafa athugað stólinn nokkrum dögum síðar ásamt Herberti Sigfússyni. Hafi þá verið vel frá stólnum gengið. Búið hafi verið að setja á hann öryggisbönd, bora króknefið, benzla með vír og setja „kósa“ í kaðallykkjuna.

Vitnið Sveinn Björnsson, sem unnið hafði í sama stóli og stefnandi áður en slysið varð, skýrir svo frá, að það hafi ekki athugað umbúnað stólsins, áður en vinna hófst um morguninn. Á hinn bóginn hafi það athugað stólinn, eftir að slysið var orðið, og séð þá, „hvað frágangur var slæmur“, sérstaklega þar sem stólnum var kræ kt á krókana. Kveður það trolltvinna hafa verið vafið um krókinn, en ekki hafi verið benzli á kaðallykkjunni neðan við krókinn. Vitnið kveður Jóel verkstjóra hafa sagt þeim félögum um morguninn, er vinna hófst, hvað þeir ættu að vinna. Kveðst

vitnið ekki minnast þess, að hann færi nokkrum aðvörunarorðum um verkið, áður en það hófst. Hins vegar hafi Jónas Jónsson málari verið staddur við geyminn um morguninn og hafi hann sagt þeim nokkuð, hvernig verkið skyldi unnið, en farið burt að því búnu.

Vitnið Vilhjálmur Guðmundsson, framkvæmdastjóri stefnda, skýrir svo frá, að ávallt sé benzli á kaðallykkju stólsins neðan við krókinn, sem hún hangir í. Svo hafi og verið í umrætt sinn. Kveður vitnið sig fastlega minna, að kaðallykkjan hafi verið bundin saman neðan við krókinn. Hafi það verið gert með trollgarni, en eigi hafi verið notaður járn-„kósi". Vitni þetta hefur gert uppdrátt af umbúnaði stólsins, eins og hann telur, að hann hafi verið fyrir slysið. Liggur uppdráttur þessi fyrir í málinu (dskj. 16).

Vitnið Níels Friðbjarnarson, bróðir stefnanda, hefur komið fyrir dóm í málinu. Skýrir vitni þetta svo frá, að það hafi komið á slysstaðinn einum eða tveim dögum eftir slysið og athugað verksummerki. Jafnframt kveðst það hafa gert uppdrátt af umbúnaði stólsins. Liggur þessi uppdráttur frammi í málinu (dskj. 17). Vitnið kveður ekki hafa verið benzli á kaðallykkjunni, sem brugðið var um stólinn, en einungis hafi verið vafið með trolltvinna utan um krókinn. Vitnið kveður þá kaðallykkjuna, sem enn hékk í krók sínum, hafa verið undna, er það skoðaði stólinn umrætt sinn. Kveður það skoðun sína, að orsök slyssins megi ef til vill rekja til þess, að kaðallykkja sú, sem af króknum fór, hafi einnig verið undin, og er stóllinn af einhverjum ástæðum hafi létzt öðrum megin, hafi kaðallykkja þessi undið „ofan af sér", lent upp úr krókkverkinni og á benzlinu..

Stefnandi kom fyrir dóm og gaf skýrslu um atvik að slysinu í janúar 1952. Kvaðst hann þá vera búinn að heyra svo mikið rætt um slysið, að stundum viti hann ekki, hvað sér hafi verið sagt af öðrum og hvað raunverulega hafi komið fyrir. Er slysið varð, kveðst hann hafa verið búinn að vinna 4 daga hjá stefnda. Hafi hann á þeim tíma unnið ýmis störf. Stefndi kveðst halda, að Jóel Hjálmarsson hafi skipað honum og félögum hans til verks að morgni slyssdagsins, en Jónas Jónsson hafi verið þarna nærstaddur fyrst um morguninn, er þeir voru að byrja verkið. Annað en það, sem nú var rakið, kveðst stefnandi ekki muna að greina frá aðdraganda slyssins. Hafi hann jafnvel ekki munað það fyrst eftir slysið, en það sé þó að smáskýrast í huga sínum. Lítið kveðst stefnandi hafa athugað stólinn og umbúnað hans um morguninn, áður

en vinna hófst. Þó muni hann, að kaðallykkjurnar, sem brugðið var um stólinn, hafi verið svo sverar, að þær hafi sem næst fyllt út í krókana, sem þær héngu í. Trollgarnsspotta kveður hann hafa verið bundinn yfir krókkverkarnar.

Auk uppdrátta þeirra, sem getið var hér að framan, hafa einnig verið lagðar fram í málinu nokkrar ljósmyndir af sams konar stól og hér ræðir um, teknar vorið 1956. Eru ljósmyndir þessar mjög til glöggvunar um það, hvernig vinna fer fram í stólum þessum.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að slys það, sem um ræðir, hafi orsakazt af ófullnægjandi útbúnaði vinnutækja þeirra, er honum voru fengin til notkunar við starf sitt, svo og af ófullnægjandi eftirliti á vinnustað, en á þessu hvort tveggja beri stefndi ábyrgð. Leiði af því, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlauzt. Hefur stefnandi skírskotað í þessu sambandi til 5. gr. laga nr. 24/1928, sem í gildi voru, er slysið varð, svo og til 5. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, er nú gilda um það efni.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að slysið verði eingöngu rakið til óvarfærni og gáleysis stefnanda sjálfs, en af því leiði, að hann verði sjálfur að bera tjón það, er hann beið. Varðandi þá málsástæðu stefnanda, að orsakir slyssins megi rekja til ófullnægjandi útbúnaðar vinnutækja, vekur stefndi athygli á því, að vinnustóllinn hafi einungis verið notaður í örfáa daga, er slysið varð, og hafi búnaður allur verið nýr. Skírskotar hann í því efni til framburða Snorra Stefánssonar og Vilhjálms Guðmundssonar, er raktir voru hér að framan, en báðir þessir menn telja, að ekkert hafi verið athugavert við stólinn. Sönnunarbyrðin um þetta atriði hvíli að sjálfsögðu á stefnanda, en því fari fjarri, að honum hafi tekizt að leiða sönnur að því, að nokkrir gallar hafi verið á vinnustólnum eða tækjum þeim, sem notuð voru í sambandi við hann. Þvert á móti megi segja, að leitt sé í ljós, að stóllinn ásamt þeim tækjum, er honum fylgdu, hafi verið í fullkomnu lagi. Varðandi þá málsástæðu stefnanda, að ófullnægjandi eftirlit hafi verið á vinnustað, bendir stefndi á, að fram sé komið í málinu, að stefnandi hafi unnið í vinnuflokki Jóels Hjálmarssonar verkstjóra og undir hans stjórn og Jónasar Jónssonar málarameistara, sem einnig hafi haft á hendi leiðbeiningar við framkvæmd verksins. Það sé því á fullkomnum misskilningi byggt hjá stefnanda, er hann haldi því fram, að enginn vanur maður eða verkstjóri hafi haft umsjón með verkinu eða tækjum þeim, er notuð voru við verkið,

en báðir þessir menn, Jóel og Jónas, séu þaulvanir störfum svipuðum þeim og stefnandi vann. Þá sé það leitt í ljós, að verkstjórinn hafi verið á vinnustaðnum um morguninn. Hafi stefnanda að sjálfsögðu borið að snúa sér til hans og fá aðstoð frá honum til að flytja stólinn. Þetta hafi stefnandi þó ekki gert, en beðið í þess stað tvo unglinga, er þarna unnu, um aðstoð við að flytja stólinn. Þessum piltum hafi ekki verið ætlað að starfa við vinnustólana, heldur að öðru og léttara verki, enda hafi þeir verið þreklitlir unglingar. Að lokum ber stefndi fram tvær skýringar, er hann telur sennilegastar á orsökum slyssins: Í fyrsta lagi, að stefnandi hafi misst tak á kaðli þeim, er hann átti að taka við af Dúa Karlssyni og festa í vinnustólinn, með þeim afleiðingum, að stóllinn hafi hrapað í þann endann og stefnandi hrokkið úr honum. Við fall stólsins hafi kaðallykkjan í króknum rofið krókbenzlið og kræxt úr króknum við þann rykk, sem komið hafi á stólinn, er annar endi hans hrapaði, á meðan hinn endinn var enn fastur. Í öðru lagi, að Dúi Karlsson hafi ekki haft nógu öruggt hald á kaðalenda sínum með sömu afleiðingum og að framan greinir.

Varakröfu sína í málinu kveðst stefndi styðja sömu rökum og sýknukröfuna.

Hér að framan er því lýst, hvernig gengið var frá krókunum, sem kaðallykkjur þær, er brugðið var um stólinn, héngu í. Er og ekki ágreiningur um það í málinu, hvernig þeim umbúnaði var háttað. Verður að telja, að umbúnaður þessi hafi verið allsendis ónógur og fjarri því að fullnægja þeim kröfum um öruggi, sem gera verður til umbúnaðar slíks tækis sem þessa, þar sem látið var nægja að loka kverkum krókanna með bandlykkju, sem hæglega gat látið undan, ef á reyndi. Þykja og allar líkur benda til þess, að orsök þess, að stóllinn sporðreistist undir stefnanda, sé til þess að rekja. Þá er og ljóst, að frágangi kaðallykkjanna, þar sem þær voru hengdar á krókana, hafi verið áfátt. Hefði verið nauðsynlegt að koma þar fyrir í lykkjunum „kósa“ úr málmi, svo sem gert mun hafa verið, eftir að slysið var orðið.

Það er fram komið í málinu, að stefnandi og að minnsta kosti annar þeirra, sem falið hafði verið að vinna með honum í stólnum, voru 15 ára gamlir, en gera verður ráð fyrir með skírskotun til framburðar vitnisins Eiðs H. Indriðasonar, að hinn þriðji hafi ekki verið eldri en um tvítugt. Verður að telja, að mjög hafi verið óvarlegt af þeim forráðamönnum stefnda, sem hér áttu hlut að máli, að láta svo unga menn og alls óvana vinna á eindæmi sitt

í slíku tæki við svo hættulegar aðstæður, sem þarna voru. Var þess og naumast að vænta, að unglingar á aldri stefnanda gerðu sér þess grein, í hverju öryggisútbúnaði stólsins kynni að vera áfátt.

Að þessu athuguðu er augljóst, að stefndi ber fébótaábyrgð á slysinu.

Telja verður, að varlegra hefði verið af stefnanda að bíða átekta eða leita fulltingis verkstjóra síns, er félagar hans hurfu frá verkinu um stund, í stað þess að kveðja fyrrnefnda unglinga til aðstoðar sér, sem ekki unnu við stólana. En þar eð eigi er í ljós leitt, að slysið verði á nokkurn hátt rakið til gáleysis þeirra eða mistaka né óaðgæzlu stefnanda sjálfs, eftir að hann var kominn niður í stólinn, þá eru ekki efni til að skipta fébótaábyrgð á slysinu. Samkvæmt því og með skírskotun til þess, sem áður sagði um ábyrgð stefnda, verður að leggja á hann óskorað fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi beið við slysið.

Kröfu sína í málinu sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Bætur fyrir atvinnutjón vegna örorku	kr.	652.365.00
2.	Bætur fyrir sársauka, þjáningar, lýti og röskun á persónuleika, stöðu og högum	—	500.000.00
3.	Ýmis kostnaður	—	40.853.00
		Kr.	1.193.218.00

Í hinum munnlega málflutningi lækkaði stefnandi 3. lið kröfunnar í kr. 39.853.00. Nemur endanleg krafa hans í málinu því kr. 1.192.218.00.

Verða einstakir liðir kröfunnar nú teknir til athugunar hver fyrir sig.

Um 1.

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur í sjúkrahúsið í Siglufirði, þar sem hann lá til 1. september 1951. Hinn 15. sama mánaðar lagðist hann aftur í sjúkrahúsið og lá þar nú í þrjá mánuði. Í vottorði sjúkrahússlæknisins, Ólafs Þ. Þorsteinssonar, dagsettu 20. júlí 1951, er meiðslum þeim, sem stefnandi hlaut við slysið, lýst svo:

„Sjúkl. meðvitundarlaus. Skurð og höggsár á vinstri reg. temp. og parietalis. Blóð vall út um vinstra eyra. Brot á v. clavicula. Brot á vinstri ulna. Cranium: Sprunga frá vinstri eyrnagangi upp og aftur og grunur um krónupeningsstórt dalað stykki ofarlega á kúpunni."

Í vottorði sama læknis, dagsettu 10. nóvember 1952, er því lýst, hvernig meiðsli stefnanda hafast við svo og afleiðingum þeirra, sem þá eru fram komnar. Í vottorðinu segir á þessa leið:

„Ekki verul. höfuðverkur + svimi (nema helzt við snögga hreyf. með höfði). Hryggbrotið er gróið og engir verkir í hrygg við venjul. gang og í hvíld. Við hlaup eða sérstaka áreynslu á bakið fær hann verki. Hreyf. í columna eru dál. stirðar, en að öðru leyti eðlil. Engin verul. deformitet (létt kyphosis í neðstu th. liðum) ÷ eymsli (direkte eða indirekte). Clavicularbrotið gróið í góðum situs og óþægindalaust. Ulna-brotið var sprengt ... Þar er mikill callus og brotið sennil. gróið. Engir verkir eða óþ. í handl. Töluverð vöðvarýrnun á v. handlegg."

Svo sem fram kemur í vottorðum þessum, hlaut stefnandi m. a. brot á vinstri ölnarbeini (ulna). Myndaðist falskur liður í broti þessu. Lagðist stefnandi af þeim sökum í Landakotsspítala hinn 7. marz 1952. Var gert að beininu 21. marz s. á., og fór stefnandi af sjúkrahúsinu í gipsumbúðum hinn 23. apríl s. á., sbr. vottorð Bjarna læknis Jónssonar, dagsettu 13. júní 1957. Samkvæmt vottorði sama læknis, dagsettu 19. marz 1956, greri brotið ekki, þrátt fyrir aðgerð þessa, og var það því spengt. að nýju. Lá stefnandi í Landakotsspítala af þeim sökum frá 23. júní 1953 til 31. júlí s. á. Röntgenskoðun í Landspítalanum 8. september 1955 sýndi, að ölnarbrotið var vel gróið.

Í vottorði Gríms læknis Magnússonar, dagsettu 10. apríl 1952, segir á þessa leið um heilsufar stefnanda:

„... Sjúklingurinn kvartar nú lítið um subjectiv sjúkdómseinkenni, segist ekki hafa höfuðverk, aðeins lítilsháttar svima við snöggar hreyfingar, kveðst þola hávaða sæmilega, en sé vanstilltari en áður og úthaldslaus til allra verka, bæði andlegra og líkamlegra.

Móðir sjúklingsins telur hins vegar, að allmikil breyting hafi orðið á hátterni hans og lund. Áður hafi hann verið dagfarsgóður, ljúfur og duglegur til vinnu og náms, nú megi varla orði halla, svo að hann stökkvi ekki upp á nef sér; hann hafi ekki staðfestu í sér til neins, hvorki lærdóms né annars, sé með ýmiss skringilegheit og smáhrekki, feli t. d. hluti og segi ekki til þeirra, þótt þeirra sé leitað, en gangist oft seint og síðar meir við hvarfi þeirra eftir sínum eigin duttlungum. Hátterni hans sé að ýmsu öðru undarlegt; þegar hann ætli eitthvað, gangi hann t. d. nokkur skref frá húsinu og inn aftur, hvað eftir annað, án þess að hægt sé að

skilja neinn tilgang með slíku ráfi. Hún kveður hann vera stríðinn við sig og flesta aðra, sem hann umgengst.

Við kliniska rannsókn finnst smágibbus á miðri col. thoracalis og á að gizka tveggja krónupenings dæld í os occipitalis vinstra megin.

Neurologiskt er sensibilitet, reflexar og coordination eðlileg, engar paresur og engir pathologiskir reflexar. Röntgenmyndir sýnt fract. col. thorac. seq., pseudarthrosis ulnae og defect. í os occipit . . ., en fragment úr þeim defect sjást ekki á myndinni.

Psychiskt er sjúklingurinn seinlátur í hugsun og máli, áhugalítill og kærulaus.

Að þessu athuguðu álít ég, að Jóhann hafi auk commotio cerebri hlotið allverulega contusio cerebri, sem ætla má eftir fracturu defect á cranium. Psychiskar breytingar líkar þeim, sem um getur í anamnesis, eru mjög tíðar eftir stór cranium trauma, svo að engin ástæða er til að efast um, að upplýsingar móður sjúklingsins séu réttar. Það kemur einnig í ljós af anamnesis, að sjúklingurinn hefir á tímabili haft compressionseinkenni frá columna fracturu, þótt þau séu nú horfin.

Ég álít, að Jóhann hafi beðið verulegt heilsutjón við slysið og sé hvergi nærri jafngóður ennþá. Ekki er hægt að fullyrða, hvort aðrar afleiðingar af slysinu (svo sem epilepsia) eigi eftir að koma í ljós, né heldur hvort eða hvenær vænta megi að psychiskar truflanir hans hverfi. Um restitution ad integrum hvað viðvíkur hrygg hans getur varla verið að ræða. Socialt getur hann þó náð fullum bata, og verður það að metast síðar."

Hinn 21. janúar 1954 mætti stefnandi aftur hjá Grími lækni Magnússyni til skoðunar. Í vottorði læknisins um þá skoðun, dagsettu 3. febrúar s. á., segir meðal annars á þessa leið:

„. . . Sjúklingurinn segist sæmilegur í baki og vinstri handlegg, sem nú er tvíópereraður, fer mjög batnandi. Aftur á móti kvartar sjúklingurinn nú um höfuðverk, sem fer vaxandi og sem hann hafði ekki haft árið áður, er hann kom til mín. Höfuðverkurinn kemur á öllum tímum dags og án vitaðra ytri orsaka, er mest framan til í höfði og fylgir honum oft svimatilkenning. Höfuðverkurinn hverfur við svefn. Sjúklingurinn segist lítið geta lesið og aldrei nema stund og stund í einu, hann kveðst vera áhugalaus fyrir öllu og finna aldrei til vellíðanar. Hann er hræddur við fólk og fer aldrei á skemmtanir, langar ekki í félagsskap og er fullur minnimáttarkenndar. Heima fyrir er hann með ýmsar kenjar, er órólegur, uppstökkur og vanstilltur.

Objektivt finnst eins og áður segir gat á hnakkabeini, en engin sjúkleg neurologisk einkenni. Sálarlega ber mest á mikilli deyfð og þunglyndisdrunga, allar hreyfingar eru silalegar og enginn fjörneisti, sem annars væri eðlilegur á hans aldri. Tal sjúklingsins er skynsamlegt og laust við málalengingar, en markast mjög af áhugaleysi og deyfð.

Enginn vafi leikur á því, að heili Jóhanns hefur orðið fyrir miklu áfalli við byltuna 1951. Auk varanlegs tjóns og minnkandi starfsorku af handleggs- og hryggbroti hans (einkum við erfiðisvinnu), er þó höfuðbrot og meðfylgjandi hnjask á heila hans miklu alvarlegra. Auk höfuðverkjar og svima, sem gerir sjúklinginn nú algerlega óstarfshæfan, eru hinar andlegu breytingar með þeim hætti að ekki er hægt að meta, hverjum skaða þær geta valdið. Vera má, að líkamleg óþægindi sjúklingsins hverfi að mestu og hann verði að nokkru leyti vinnufær. Það er einnig mögulegt, að hinn andlegi vesaldómur hans réni til muna á nokkrum árum, en hefði þá að öllum líkindum rænt hann möguleika til náms og þroska, sem hann annars hefði getað aflað sér.

Eins og nú standa sakir er Jóhann alger öryrki. Ekki er hægt að segja með neinni vissu, hve lengi hann verður óvinnufær, en ekki er hægt að gera ráð fyrir að það verði skemmri tími en þrjú ár."

Hinn 5. febrúar 1954 mætti stefnandi á skrifstofu tryggingayfirlæknis til viðtals og skoðunar. Var hann þar skoðaður af Bergþóri Smára lækni. Í vottorði læknisins, dagsettu 16. s. m., segir svo um þá skoðun:

„... Skoðun: Svarar skynsamlega, en er áhugalaus og daufur. Á hnakkabeini finnst ca. tveggja krónu penings stór dæld. Augu: Eðlileg. Vinstri handleggur: Olnbogalið vantar ca. 35° upp á fulla réttingu, og ca. 30° upp á fulla beygingu. Hverfihreyfing dálítið minnkuð. Ör eftir uppskurð er á handleggnum, ölnarmegin, og nær það frá olnboga og nær því niður undir úlnlið. Kraftar í handleggnum eru góðir. Hlustun á lungum og hjarta: Eðlileg. Blóðþrýstingur 120/80. Kviður: Eðlilegur. Á báðum sköflungum eru ör eftir uppskurð (tekin bein til spengingar). Sinaviðbrögð eru eðlileg. Hryggur: Hreyfingar góðar, óþægindalausar.

Niðurstaða: Slasaði hefur verið öryrki frá slyssdegi og til þessa dags. Ekki er unnt að segja til um það með neinni vissu, að svo komnu máli, hvernig heilsufar hans muni reynast í framtíðinni, og verður að teljast alveg ótímabært að meta varanlega örorku hans af völdum nefnds slyss.

Örorka: 80—90% p. t. Endurmat að ári liðnu."

Í þriðja vottorðinu frá Grími lækni Magnússyni um heilsufar stefnanda, dagsettu 27. október 1954, kveðst læknirinn síðast hafa skoðað stefnanda 16. september 1954. Í vottorði þessu segir meðal annars svo:

„... Sljóleiki hans (stefnanda), hegðunarvandkvæði og subjektiv vanlíðan gera hann með öllu ófæran til þess að sjá sér farborða, auk þess þarf hann allmikla umönnun og pössun í daglegu lífi.

Með tilliti til þess, hve meiðslin voru alvarleg og hinna mjög litlu framfara, sem orðið hafa á andlegri heilsu Braga á þeim þremur árum, sem liðin eru síðan slysið vildi til, álít ég, að hér sé um permanent ástand að ræða, og að engar líkur séu fyrir því, að hann verði sjálfbjarga, þó að subjektiv líðan hans geti batnað nokkuð. Hins vegar eru möguleikar á því, að fleiri eftirköst af slysinu (t. d. epilepsi) geti gert vart við sig og gert hann sjúkari en hann er nú.

Af þessu verður séð, að heilsutjón Braga er mjög tilfinnanlegt, þar sem það rænir hann bæði möguleika til sjálfbjargar og eins til andlegs þroska og ánægju.

Ég tel örorku Braga Friðbjarnarsonar vera 100%."

Hinn 4. nóvember 1955 var stefnandi aftur skoðaður af Bergþóri lækni Smára, sem jafnframt mat nú örorku hans af völdum slyssins. Í vottorði læknisins, dagsettu 12. nóvember 1955, segir svo í niðurlagi:

„... Aðalörorkuorsökina verður að telja hinar andlegu breytingar, sem orðið hafa á slasaða, og verður að telja tímabært að meta varanlega örorku slasaða nú, þar eð svo langur tími er liðinn síðan slysið varð, og litlar breytingar hafa orðið á ástandi hans í mjög langan tíma.

Örorkan þykir hæfilega metin: 90%."

Hinn 29. sama mánaðar mat sami læknir örorku stefnanda allt frá slysdegi til þess tíma, er hann telur, að varanlegu örorkunnar einnar byrji að gæta. Metur hann örorku þessa þannig:

Frá	18. júlí 1951—31. des. '51	100%
—	1. jan. 1952—6. marz '52	90%
—	7. marz 1952—30. júní '52	100%
—	1. júlí 1952—22. júní '53	90%
—	23. júní 1953—31. des. '53	100%
—	1. jan. 1954—	90%

Að lokum liggur fyrir í málinu vottorð frá Kristjáni Þorvarðs-

syni lækni um heilsufar stefnanda. Vottorð þetta, sem dagsett er 2. janúar 1957, hljóðar svo:

„Afleiðingar þær, er Jóhann Bragi Friðbjarnarson hlaut af slysi því, er hann lenti í þann 18. júlí 1951, tel ég alvarlegastar og örlagaríkastar fyrir hann persónuleika-(skapgerðar-) breytingarnar. Hann hefir orðið ertinn, uppstökkur, hræddur við fólk, og forðast samneyti við flók. Þessar breytingar á persónuleika hans, gera honum lífið örðugt og gleðisnautt. Þá hefir og borið á smáhnupli hjá honum. Skapgerðarbreytingar þessar eru alvarlegs eðlis og gætu leitt til árekstra við lög og rétt þjóðfélagsins. Þess má geta, að slasaði hefir einu sinni brotizt inn og stolið, gerðist það á síðastliðnu ári og þá sennilega undir áhrifum víns. Ekki ber að leggja mikið upp úr þessu eina atviki, en þó gæti þetta afbrot verið afleiðing af persónuleikabreytingum slasaða, sem eru afleiðingar slyssins. Á það skal bent, að slasaði var talinn andlega heilbrigður áður en slysið varð og hafði þá ekki orðið vart neinnar skapgerðarveilu eða geðveilu (psykopathiskra einkenna) hjá honum, og hefði þó mátt vænta þess, að ef slasaði hefði verið geðveill að upplagi, að slíkt hefði þegar gert vart við sig, áður en hann slasaðist."

Svo sem fyrr greinir, var stefnandi 15 ára að aldri, er hann slasaðist, fæddur 30. nóvember 1935. Hafði hann þá stundað nám í Gagnfræðaskóla Siglufjarðar í tvo vetur og lokið prófi upp úr öðrum bekk skólans. Hefur skólastjórinn, Jóhann Jóhannsson, gefið honum þann vitnisburð í vottorði, dagsettu 22. maí 1952, að hann hafi verið greindur og vel hæfur til náms.

Þess var áður getið, að fjárhæð sú, sem krafizt er undir þessum kröfulið, nemur 652.365.00. Fær stefnandi hana þannig fram, að hann leggur til grundvallar útreikning K. G. Guðmundssonar tryggingafræðings á atvinnutjóni hans, dagsettu 16. janúar 1956. Í útreikningi þessum, sem miðaður er við slysdag, framangreinda örorku stefnanda og 4% ársvexti, reiknast hinum sérfróða manni, að verðmæti áætlaðs vinnutekjutjóns stefnanda nemi alls kr. 725.970.00. Frá þeirri fjárhæð dregur stefnandi verðmæti örorkulífeyris, sem hann hefur fengið og mun fá í framtíðinni frá Tryggingastofnun ríkisins, en það nemur samkvæmt sama útreikningi kr. 73.605.00. Mismunurinn er 652.365.00. Að tilhlutan dómsins var hinn sérfróði maður fenginn til að reikna atvinnutjón stefnanda út af nýju og nú miðað við 6% ársvexti. Er sá útreikningur dagsettur 25. apríl 1957. Að öðru leyti eru forsendur útreikningsins hinar sömu og áður. Tryggingafræðingurinn kveðst byggja

útreikninginn á vinnutekjuáætlun, er gerð hafi verið út frá meðalvinnutekjum kvæntra daglaunamanna, iðnaðarmanna og sjómanna í kaupstöðum landsins á árunum 1951 til 1955. Eftir þann tíma sé vinnutekjuáætlunin gerð út frá meðaltali grunnvinnutekna framangreinds tímabils. Með þessu móti reiknast honum verðmæti vinnutekjutjónsins fyrir tímabilið 26. júlí 1951—25. júlí 1957 nema kr. 173.831.00 og fyrir tímann eftir það kr. 496.064.00, eða samtals kr. 669.895.00. Er þá miðað við slysdag, svo sem áður greinir.

Tryggingafræðingurinn getur þess, að vinnutekjuáætlun þessi sé nokkru hærri en vinnutekjur með Dagsbrúnarkaupi og 8 stunda vinnu á dag alla virka daga ársins. Kveðst hann telja, að fleiri og sterkari rök séu fyrir því að nota framangreinda áætlun en kaupgjaldsskrá Dagsbrúnar. Þó telji hann, að þessi rök séu ekki eins sterk, að því er framtíðina varði, eins og liðna tímann. Svo virðist, að það sé staðreynd, að allt frá því, er stefnandi slasaðist, og fram til þessa, hafi daglaunamenn yfirleitt náð mun hærri ársvinnutekjum en svari til venjulegrar dagvinnu allt árið. Á hinn bóginn sé hæpið að reikna um langa framtíð með jafn mikilli atvinnu og hér hafi verið á árunum 1951—'55. Reynsla fortíðarinnar sýni, að á skiptist tímabil mikillar atvinnu og atvinnuleysis. Á móti líkunum fyrir atvinnuleysistímabilum í framtíðinni komi hins vegar líkurnar fyrir því, að stefnandi hefði getað náð hærri tekjum en meðaltekjum verkamanns. Að lokum getur tryggingafræðingurinn þess, að hefði vinnutekjuáætlunin eftir 25. júlí 1957 verið byggð á Dagsbrúnarkaupi með fullri dagvinnu allt árið, en engri eftirvinnu, hefði verðmæti áætlaðs vinnutekjutjóns eftir þann tíma lækkað úr kr. 496.064.00 í kr. 423.043.00.

Verðmæti árlegs örorkulífeyris stefnanda reiknast hinum sérfróða manni nú nema kr. 64.675.00.

Auk þess, sem áður greinir, eru forsendur útreikninga þessara dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1941—'50 og líkur fyrir missi starfsorku í lifandi lífi eftir sænskri reynslu.

Enginn frádráttur hefur verið gerður frá áætluðum vinnutekjum vegna opinberra gjalda.

Þess er getið í upphafi dómsins, að stefnandi krafðist þess í stefnu frumsakar, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 300.000.00, auk vaxta og málskostnaðar. Síðan segir í stefnunni meðal annars á þá leið, að enn sé eigi vitað með vissu um varanleg áhrif slyssins á stefnanda og treysti læknar sér eigi til að meta varanlega örorku hans ennþá. Gizki þeir þó á, að hún

verði ekki undir 40—50%. Af hendi stefnda er því haldið fram, að telja verði öruggt, að í þessari fjárhæð frumstefnu felist krafa um örorkubætur og bætur fyrir þjáningar og lýti o. fl. Hyggur hann, að ekki sé óvarlegt að sundurliða þessa fjárhæð þannig, að kr. 250.000.00 af henni sé krafa um örorkubætur, en kr. 50.000.00 krafa fyrir þjáningar o. fl. Samkvæmt íslenzku réttarfari sé það aðalregla, að stefnukrafa sé hámarkskrafa, þannig að hún verði ekki síður hækkuð, nema því aðeins að sérstök atvik leyfi. Vísar hann í því efni til 88. gr. laga nr. 85/1936 svo og meginreglna þeirra, sem gilda um meðferð einkamála. Að vísu sé það rétt hjá stefnanda, að eigi hafi verið tímabært að meta örorku hans, er frumsök málsins var höfðuð. Hins vegar beri á það að líta, að kröfur í frumstefnu séu byggðar á 50% örorku. Verði því að telja vafalaust, að stefnandi geti ekki með framhaldsstefnu hækkað kröfur sínar um hærri fjárhæð en sem svari hækkun örorkumats. Samkvæmt þessu mótmælir stefndi því, að stefnandi geti komið að í málinu hærri kröfu um örorkubætur en kr. 450.000.00.

Svo sem fram kemur í sjúkrasögu stefnanda hér að framan, var ekki unnt að meta endanlega örorku hans vegna slyssins fyrr en haustið 1955, en fyrr en endanlegt örorkumat lá fyrir, var að sjálfsögðu ekki unnt að gera sér grein fyrir því, hvert atvinnutjón hans myndi vera. Að þessu athuguðu verður ekki talið, að framangreind málsástæða stefnda hafi við rök að styðjast.

Stefndi hefur mótmælt örorkumatinu á stefnanda, en þar sem því hefur ekki verið hnekkt, ber að leggja það til grundvallar. Þá hefur stefndi og mótmælt útreikningi tryggingafræðingsins á atvinnutjóni stefnanda. Telur hann, að grundvöllur útreikningsins sé svo ótryggur, að ekki sé unnt að viðurkenna hann. Bendir stefndi og á, að eins og peningamálum sé nú háttað, virðist honum rétt, að reiknað sé með 8% vöxtum p. a. í stað 6%, svo sem tryggingafræðingurinn gerir. Að lokum vekur stefndi athygli á því, að enginn frádráttur sé gerður í útreikningnum vegna kostnaðar við öflun tekna né vegna opinberra gjalda.

Með hliðsjón af öllu því, sem að framan er rakið, svo og öðrum þeim atriðum, sem hér verða talin skipta máli, ákveðast bætur til stefnanda samkvæmt þessum kröfulið kr. 500.000.00. Hefur þá verðmæti örorkulífeyris þess, sem hann hefur fengið og mun fá frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt áætlun tryggingafræðingsins, verið dregið frá.

Um 2.

Stefnandi hefur gert allýtarlega grein fyrir þessum kröfulið í greinargerð framhaldssakar. Skírskotar hann þar aðallega til framlagðra læknisvottorða, en meginefni þeirra er rakið hér að framan.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem hreinni fjarstæðu. Telur hann, að ekki sé hægt að gera hvort tveggja, að meta örorku, svo sem hér er gert, og bera að auki fram svo geysiháa kröfu um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón.

Telur hann, að hámark bóta samkvæmt þessum kröfulið geti vart farið fram úr kr. 50.000.00 til 75.000.00.

Af sjúkrasögu stefnanda, sem rakin er hér að framan, er ljóst, að hann hefur ekki einasta orðið fyrir mjög miklum líkamlegum meiðslum, heldur og alvarlegri röskun og skerðingu á persónuleika og andlegri hæfni. Með hliðsjón af þessu þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 150.000.00.

Um 3.

Fjárhæð þessa kröfuliðs er, svo sem áður greinir, kr. 39.853.00. Er hún byggð á framlögðum reikningum (dskj. 28 — 35, 41 og 44) fyrir ferðakostnað stefnanda og móður hans til og frá Reykjavík, dvalarkostnað þeirra hér í bænum, lækniskostnað, kostnað við útreikning örorkutjóns, kostnað við vökur yfir stefnanda fyrst eftir slysið og kostnað við heimilisaðstoð á heimili stefnanda vegna fjarveru móður hans af heimilinu, er hún dvaldist með honum hér í bænum. Er því haldið fram, að óhugsandi hafi verið að sleppa hendinni af stefnanda og hann hafi verið alls ófær um að ferðast til Reykjavíkur á eindæmi sitt. Í málinu liggur frammi vottorð Ólafs Þ. Þosteinssonar læknis, dagsett 5. febrúar 1955, þar sem þess er getið, að fyrsta hálfan mánuðinn, sem stefnandi lá í sjúkrahúsi eftir slysið, hafi kona ein og þrír synir hennar vakað yfir stefnanda til skiptis. Kveður læknirinn stefnanda hafa verið meðvitundarlausan og með óráði þenna tíma og því nauðsynlegt að vaka yfir honum allan sólarhringinn. Af hendi stefnanda er því haldið fram, að útlagður kostnaður hans vegna slyssins hafi verið mun hærri en fjárhæð sú, sem hér er krafizt. Á hinn bóginn hafi móðir sín ekki haldið reikningum yfir allan þann kostnað saman og muni ekki, hve mikill hann var.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem óhæfilega háum. Telur hann, að ekki sé heimilt að reikna með í kostnaðinum fæði og húsnæði fyrir stefnanda og móður hans. Sá kostnaður standi

að sjálfsögðu ekki í neinu sambandi við slysið. Bætur samkvæmt þessum kröfulið geti vart farið fram úr kr. 10.000.00.

Eftir öllum atvikum þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 25.000.00.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 675.000.00 (kr. 500.000.00 + 150.000.00 + kr. 25.000.00) auk 6% ársvaxta af kr. 650.000.00 frá 18. júlí 1951 til 26. marz 1956, en af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 23.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm ásamt meðdómsmönnunum Einari B. Kristjánssyni húsasmíðameistara og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi. Hefur dómsuppsaga dregizt nokkuð um venju fram vegna páskahelginnar og þess, að mál þetta er all umfangsmikið.

Dómsorð:

Stefndi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði stefnanda, Jóhanni Braga Friðbjarnarsyni, kr. 675.000.00 auk 6% ársvaxta af kr. 650.000.00 frá 18. júlí 1951 til 26. marz 1956, en af kr. 675.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 23.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. júní 1958.

Nr. 176/1955. **Ákæruvaldið** (Guttormur Erlendsson hrl.)
gegn
John Oliver Emmons (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Varðskipið Þór kom að togara ákærða kl. 00.07 hinn 28. október 1955. Var togarinn þá að veiðum með stjórnborðsvörpu í sjó. Varðskipsmenn settu samtímis út dufl við aftur-

enda togarans. Jafnframt var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Bjargtangar miðast í réttvísandi 359°, fjarlægð frá Bjargtöngum 11 sm., dýpi 76 m.

Nokkru síðar gerðu yfirmenn varðskipsins aðra staðarákvörðun við duflið í viðurvist ákærða. Var hún sem hér segir: Bjargtangar miðast í réttvísandi 359°, fjarlægð frá Bjargtöngum 11 sm. og fjarlægð frá Skor 15 sm. Dýpi 76 m.

Miðanir varðskipsins voru gerðar með gyro-áttavita og tveimur ratsjám til samprófunar. Fjarlægðarmælingar voru gerðar með ratsjám. Ratsjárnar voru af Decca og Kelvin-Hughes gerðum. Höfðu þær verið settar í skipið í lok janúar 1955.

Eftir að máli þessu hafði verið áfrýjað, þótti Hæstarétti nauðsyn bera til að sannreyna á sem rækilegastan og tryggilegastan hátt nákvæmni framangreindra ratsjártækja varðskipsins. Til þess starfs voru dómkvaddir í sakadómi Reykjavíkur hinn 16. október 1957 þeir Sigurður Þorkelsson, yfirverkfræðingur í radíódeild Landssíma Íslands, Sigurður Halldórsson rafmagnsverkfræðingur, Ingólfur Þórðarson, siglingafræðikennari við Stýrimannaskólann í Reykjavík, og Jónas Sigurðsson, siglingafræðikennari við sama skóla.

Hinir dómkvöddu menn fóru á varðskipinu Þór út á Faxaflóa og framkvæmdu þar ýmsar mælingar. Mælt var til landmiða á ýmsum fjarlægðum með báðum ratsjám varðskipsins, og voru ratsjármiðin valin þannig, að þau væru ótvíræð, Samtímis ratsjármælingunum var skipið staðsett með sextantmælingum og staðarmælingarnar merktar á sjókort. Síðan var gerður samanburður á fjarlægðum til mælistaðanna, annars vegar fundnum með ratsjármælingum og hins vegar með sextantmælingum og gerðar töflur yfir útkomuna.

Samkvæmt þeim töflum reyndist mesta fjarlægðarskekkja í 10 sm. kvarða Kelvin-Hughes ratsjárinnar + 3% og á 10 sm. kvarða Decca ratsjárinnar + 2%. Samtímis fannst á Kelvin-Hughes ratsjánni frá — 0.3° til + 0.7° miðunarskekkja í sem næst 9 sm. fjarlægð og á Decca ratsjánni frá — 1.5°

til — 3° miðunarskekkja í 3 sm. fjarlægð. Þá var Decca ratsjáin prófuð sérstaklega á 25 sm. kvarða. Reyndist fjarlægðarskekkja á þann kvarða — 0.2%, en miðunarskekkjur frá — 2° og til — 2.6° í sem næst 13 sm. fjarlægð.

Skipherra varðskipsins markaði báðar staðarákvarðanirnar á sjókort það, sem lagt var fram í héraðsdómi, þ. e. annars vegar samkvæmt miðun til Bjargtanga réttvísandi 359° og fjarlægð frá Bjargtöngum 11 sm. og hins vegar miðað við fjarlægð frá Bjargtöngum 11 sm. og fjarlægð frá Skor 15 sm. Samkvæmt þeirri mörkun féllu báðar staðarákvarðanirnar í sama punkt, sem sýndi stað duflsins 0.9 sm. innan fiskveiðimarkanna. Var þá ekki gert ráð fyrir neinum skekkjum í miðun eða fjarlægðarmælingum.

Með nýjum mörkunum á sjókort eftir uppsögu héraðsdóms, sem gerðar voru annars vegar af Friðriki V. Ólafssyni, skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, og hins vegar hinum dómkvöddu mönnum, Jónasi Sigurðssyni og Ingólfi Þórðarsyni, var leitt í ljós, að staðarákvörðun samkvæmt fjarlægðarmælingunum til Bjargartanga og Skorar sýndi stað duflsins nokkru innan og nær landi en staðarákvörðun samkvæmt miðun til Bjargtanga og fjarlægð frá Bjargtöngum. Var þá Friðrik V. Ólafssyni skólastjóra falið að reikna út hnattstöðu duflsins, bæði samkvæmt staðarákvörðunum varðskipsins óbreyttum og einnig miðað við mestu skekkjur, sem fundust við áðurgreindar athuganir, og enn fremur miðað við 5% skekkjur á fjarlægðarmælingum. Skyldu umræddar hámarksskekkjur vera látnar koma fram bæði + og —, þ. e. ákærða bæði í óhag og í vil. Niðurstöður af hnattstöðuútreikningi skólastjórans, sem hann markaði með sama hætti á tvö sjókort, nr. 41 og nr. 42, eru sem hér segir:

A. Staður duflsins samkvæmt miðun til Bjargtanga réttvísandi 359° og fjarlægð frá Bjargtöngum 11 sm. reyndist um 0.8 sm. innan fiskveiðimarkanna á sjókorti nr. 41, en um 0.9 sm innan sömu marka á sjókorti nr. 42.

B. Staður duflsins samkvæmt sömu staðarákvörðun, en með + 3° miðunarskekkju, reyndist um 0.3 sm innan fisk-

veiðimarkanna á sjókorti nr. 41, en um 0.4 sm. innan sömu marka á sjókorti nr. 42.

C. Staður duflsins samkvæmt sömu staðarákvörðun, en með — 3° miðunarskekkju, reyndist um 1.3 sm. innan fiskveiðimarkanna á sjókorti nr. 41, en um 0.4 sm innan sömu marka á sjókorti nr. 42.

D. Staður duflsins samkvæmt fjarlægð frá Bjargtöngum 11 sm. og fjarlægð frá Skor 15 sm. reyndist um 1.2 sm. innan fiskveiðimarkanna á sjókorti nr. 41, en um 1.3 sm. innan sömu marka á sjókorti nr. 42.

D1. Staður duflsins samkvæmt sömu staðarákvörðun, en með + 5% fjarlægðarskekkju á notuðum (25 sm.) mælikvarða ratsjárinnar, reyndist um 0.2 sm. innan fiskveiðimarkanna bæði á sjókorti nr. 41 og nr. 42.

D2. Staður duflsins samkvæmt sömu staðarákvörðun, en með — 5% fjarlægðarskekkju reyndist um 2.4 sm. innan fiskveiðimarkanna á sjókorti nr. 41, en um 2.5 sm. innan sömu marka á sjókorti nr. 42.

Með því að talið var hugsanlegt, að mismunur sá, sem fram hafði komið á staðsetningum við markanir á sjókort, kynni að stafa af því, að pappír í kortunum hefði orpizt í prentun, var aflað nýrra korta nr. 41 og nr. 42, sem víst þótti um, að ekki hefðu slíkan annmarka. Friðrik V. Ólafsson skólastjóri markaði staðarákvarðanirnar á sjókort þessi og fylgdi þar sömu reglum og um áðurgreindar markanir samkvæmt hnattstöðuútreikningi. Reyndust allir staðir eftir þessari nýju mörkun innan fiskveiðimarkanna, svo sem hér segir:

Staður A um 0.9 sm., bæði á sjókorti nr. 41 og nr. 42.

Staður B um 0.4 sm. á sjókorti nr. 41, en um 0.3—0.4 sm. á sjókorti nr. 42.

Staður C um 1.4 —1.5 sm. bæði á sjókorti nr. 41 og nr. 42.

Staður D um 1.2 sm. á sjókorti nr. 41, en um 1.2—1.3 sm. á sjókorti nr. 42.

Staður D1 um 0.1 sm. á sjókorti nr. 41, en um 0.1—0.2 sm. á sjókorti nr. 42.

Staður D2 um 2.4 sm. á sjókorti nr. 41, en um 2.4—2.5 sm á sjókorti nr. 42.

Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 4. marz 1958 voru í sakadómi Reykjavíkur hinn 6. s. m. dómkvaddir þeir Friðrik V. Ólafsson skólastjóri, Páll Ragnarsson sjómælingamaður og Sigurður Þorkelsson yfirverkfræðingur til að láta uppi álit um atriði þau, sem greinir í úrskurði Hæstaréttar. Er álitsgerð þeirra dagsett 17. marz 1958.

Fyrra atriðinu í úrskurði Hæstaréttar svara hinir dómkvöddu menn þannig, að þegar um sé að ræða annars vegar staðarlínu, fundna með ratsjármiðun til staðar A í sambandi við Gyro-áttavita, og hins vegar staðarlínu, fundna með ratsjárfjarlægð til sama staðar, muni yfirleitt færri líkur fyrir skekkjum í staðarlínunni, sem fundin er með ratsjárfjarlægðinni, en í þeirri, sem fundin er með ratsjármiðun.

Síðara atriðinu, þ. e. öryggi mælinga varðskipsins frá siglingafræðilegu sjónarmiði, svara hinir dómkvöddu menn á þá leið, að mismunur sá, um 0.4 sm., sem kemur fram í staðarákvörðun varðskipsins, annars vegar samkvæmt miðun til Bjargtanga (Látrabjargs) og fjarlægð frá Bjargtöngum og hins vegar samkvæmt fjarlægðarmælingum til Bjargtanga og Skorar, samsvari því, að annaðhvort geti verið um að ræða kringum 2° skekkju í miðuninni til Bjargtanga eða 1.6% skekkju af notuðum ratsjármælikvarða í fjarlægðinni til Skorar. Enda þótt þeir álíti, að misræmi þetta skiptist með einhverju móti milli beggja þessara mælingaraðferða, þá telji þeir hvoruga skekkjuna, 2° í miðun eða 1.6% í fjarlægð, það mikla út af fyrir sig, að þær geti talizt óeðlilegar eftir ástæðum. Samkvæmt þessu kveðast hinir dómkvöddu menn telja staðarákvarðanir varðskipsmanna viðhlítandi frá siglingafræðilegu sjónarmiði.

Samkvæmt því, að framan er rakið, verður að telja, að staðarákvarðanir varðskipanna veita örugga sönnun fyrir því, að togari ákærða hafi verið innan fiskveiðimarkanna, er varðskipið kom að honum á fyrrgreindum tíma. Sannað er og, að hann var að veiðum. Með þessu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. sbr. 3 gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skírskotun til þessa, og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því héraðsdómur gekk, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 17.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, John Oliver Emmons, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Guttorms Erlendssonar og Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmanna, kr. 17.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 29. október 1955.

Ár 1955, laugardaginn 29. október, var í sakadómi Barðastrandarsýslu, sem haldinn var á skrifstofu embættisins á Patreksfirði, kveðinn upp dómur í málinu nr. 14/1955: Ákæruvaldið gegn John Oliver Emmons, sem tekið var til dóms í dag.

Ákærði er John Oliver Emmons, skipstjóri á brezka togaranum Pataudi, GY 104, til heimilis í 6 Twining Place, Chleethorpes í Englandi, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82 frá 8. des. 1952 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara föstudaginn 28. október 1955, um kl. 00.07, suður af Bjargtöngum innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 frá 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952. Er þess krafizt, að ákærði sæti refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, svo

og að upptæk verði gerð afli og veiðarfæri nefnds togara og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. desember 1899 að Wallingford, Berkshire, Englandi, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu Eiríks Kristóferssonar, skipherra á varðskipinu Þór, og eiðfestum framburði þriggja stýrimanna varðskipsins, eru málavextir þessir:

Fimmtudagskvöldið 27. október 1955 var varðskipið Þór í eftirlitsferð suður með Bjargtöngum. Kl. 23.30 sást alljósaður togari, er virtist vera nokkuð innan fiskveiðitakmarkanna. Var þá haldið til hans. Klukkan 00.07 eftir miðnætti þann 28. október var stöðvað fast við afturenda nefnds togara, er var að toga með stjórnborðsvörpu. Strax var sett út ljósdufl og togaranum sagt að nema staðar. Um leið var gerð eftirgreind staðarákvörðun: Bjargtangar miðast í réttvísandi 359°, fjarlægð 11,0 sjómílur, dýpi 76 metrar, er gefur stað duflsins 0,9 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Þótt togarinn hefði fengið fyrirmæli um að stöðva, gerði hann það ekki.

Kl. 00.27 var skotið aðvörunarskoti að togaranum, og stöðvaðist hann þá og byrjaði að vinda inn vörpu sína.

Síðan var skipstjóri togarans sóttur og honum tilkynnt, að hann hefði verið að landhelgisveiðum. Skipið reyndist vera togarinn Pataudi, GY 104, frá Grimsby, skipstjóri Oliver Emmons.

Í viðurvist skipstjóra togarans var gerð eftirgreind staðarákvörðun við duflið:

Bjargstangar miðast í réttvísandi 359°, fjarlægð 11.0 sjómílur. Og fjarlægð í Skor 15 sjómílur, dýpi 76 metrar, en gaf sama og áður.

Skipstjóri togarans viðurkennir mælingarnar réttar og einnig, að hann hefði verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, án þess þó að hafa vitað það.

Skipstjóranum var þá tilkynnt, að farið yrði með hann til dómara og óskaði hann eindregið eftir að fara til Patreksfjarðar. Einnig var honum boðið að bíða birtu, en hann vildi fara inn strax og ljúka málinu.

Skipstjórinn lét þess getið, að hann teldi ratsjá sína ekki í góðu lagi.

Síðan var duflið tekið upp og haldið af stað klukkan 03.23.

Veður var: V 6. Sjór V 4. Skúrir. Klukkan 06.48 var komið til Patreksfjarðar.

Ákærði hefur viðurkennt skýrslu skipstjórans rétta í öllum greinum, en heldur því fram, að sér hafi alls ekki verið það ljóst, þegar varðskipið kom að togaranum, að hann væri innan fiskveiðitakmarkanna. Ratsjá hans var í ólagi og hann hafði aðeins seguláttavita í brúarþakinu. Mælingar hans um borð í togaranum gáfu því nokkuð aðra staðarákvörðun en mælingar, sem gerðar voru um borð í varðskipinu með fullkomnari áhöldum, gyro-áttavita og tveimur ratsjám.

Það þykir því sannað með skýrslu skipherrans á varðskipinu, eiðfestum framburði stýrimanna varðskipsins, sem í öllum greinum eru samhljóða skýrslunni, og viðurkenningu ákærða á því, að mælingarnar um borð í varðskipinu séu réttar, að ákærði hafi á þeim tíma, sem í skýrslu skipherrans greinir, verið að botnvörpuveiðum 0,9 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, og varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru.

Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 422,17 brúttó smálestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Pataudi, GY 104, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þenna kváðu upp Jóhann Skaptason sýslumaður og meðdómsmennirnir Gísli Bjarnason skipstjóri og Kristján Júlíus Ólafsson stýrimaður.

Dómsorð:

Ákærði, John Oliver Emmons, greiði 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Pataudi, GY 104, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. júní 1958.

Nr. 50/1957. **Jóhann Valdimarsson** (sjálfur)
gegn
Alfreð Guðmundssyni og Kára Guðmundssyni
(Vagn E. Jónsson hdl.).
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Einnig hefur hann fengið novaleyfi, dagsett 4. þ. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjenda, en til vara verulegrar lækkunar á dómkröfum þeirra svo og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hendi til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt áðurnefndu novaleyfi hefur aðaláfrýjandi lagt fram í Hæstarétti tvö ný vottorð. Í öðru þeirra, dagsettu 17. maí þ. á., skýrir pípulagningarmaður sá, Helgi Jasonarson, sem lagði skolplögn þá í húsi gagnáfrýjanda, er í málinu greinir, svo frá, að hann hafi að loknu starfi tilkynnt gagnáfrýjandanum Alfreð, að tappa vantaði í frárennslispípuna og hafi Alfreð þá sagzt mundu útvega tappann og festa hann í. Samkvæmt hinu vottorðinu, sem sonur aðaláfrýjanda hefur gefið og dagsett er 17. maí þ. á., kveður hann sig síðar hafa sett tappa í nefnda pípu og hafi þá enginn leki sézt á samskeytum hennar. Hafa vottorðsgefendur staðfest vottorð sín fyrir dómi, og einnig hefur gagnáfrýjandinn Alfreð komið fyrir dóm og neitað því eindregið, að framangreind frásögn Helga Jasonarsonar sé rétt.

Af hálfu gagnáfrýjenda er því mótmælt, að þær varnar-

ástæður, sem aðaláfrýjandi reisir á vætti framangreindra manna og hann hefur ekki hreyft fyrr en fyrir Hæstarétti, verði teknar til greina. Með vísun til 110. gr. laga nr. 85/1936 verður og að fallast á, að málsástæður þessar komi ekki til álita hér fyrir dómi.

Telja verður, að gagnáfrýjendur geti sótt aðaláfrýjanda til heimtu bóta fyrir hjón það, sem leiddi af þeim mistökum starfsmanns hans, sem lýst er í héraðsdómi. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Jóhann Valdimarsson, greiði gagnáfrýjendum, Alfreð Guðmundssyni og Kára Guðmundssyni, kr. 2.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. október 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hafa Alfreð Guðmundsson, Mánagötu 4, og Kári Guðmundsson, Sogamýrarbletti 4, báðir hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, útgefinni 16. júní 1953, gegn Jóhanni Valdimarssyni vélstjóra, Ránargötu 10, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 4.907.96 með 6% ársvöxtum frá 15. júní 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt aðallega sýknu af kröfum stefnenda, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð. Svo og krefst stefndi málskostnaðar í báðum tilvikum að mati dómsins.

Málavöxtum lýsa stefnendur þannig, að árið 1949 hafi stefndi framkvæmt vatns- og skolplögn í húsi þeirra að Sogamýrarbletti 59. Er frá leið, hafi farið að bera á bleytu á eldhúsvegg undir vaski í eldhúsborði. Ágerðist þetta svo, að nauðsyn hafi

verið að brjóta upp vegginn til að finna orsakir bleytunnar. Þá hafi komið í ljós, að ofan á frárennslispípu frá eldhúsvaskinum var stútur, er staðið hafi opinn. Hefur stúturinn verið opinn inn í múrvegginn frá upphafi og þannig runnið vatn út í steininn. Einnig hafi komið í ljós dálítill leki með samskeytum í vatnslögn í sama vegg. Stefndi hafi verið kvaddur til og sýnt þetta. Hafi hann lagfært það, og hefur síðan ekki borið á bleytu. Stefndi hafi þá boðizt til að greiða kr. 500.00 í bætur, en því boði hafi stefnendur hafnað.

Stefnendur byggja kröfu sína á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, er þeir urðu fyrir vegna gallaðra lagna stefnda.

Stefnendur fengu dómkvadda matsmenn til að meta til peningaverðmætis viðgerðarkostnað tjónsins. Í matsgerð matsmannanna, dagsettri 26. maí 1953, er viðgerðarkostnaður metinn á kr. 4.007.96. Byggja stefnendur stefnufjárhæð sína í málinu á þeirri fjárhæð, að viðbættum kr. 900.00, er var kostnaður við matið samkvæmt reikningi.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann beri ekki ábyrgð á umræddu tjóni. Um það leyti, er lögnin var lögð, hafi verið mikill skortur á efni til pípulagna. Í hér um ræddu tilviki hafi vantað tappa í stút á frárennslispípunni. Hafi það verið sjáanlegt hverjum sem var. Þrátt fyrir það hafi stefnendur látið múra yfir stútinn. Sé því um að ræða aðgæzluleysi stefnenda sjálfra eða þeirra, er múruðu yfir stútinn. Varakröfu sína reisir stefndi á því, að viðgerðarkostnaðurinn sé allt of hátt metinn, hafi tjónið af völdum pípulagnarinnar ekki verið svo mikið, sem matsmennirnir telja. Hafi hann látið trésmið meta tjónið og hafi sá metið það á kr. 500.00, og hafi hann boðizt til að greiða stefnendum þá fjárhæð.

Stefnendur hafa skýrt svo frá fyrir dómi, að stefndi hafi ekki getið þess eða vakið athygli á því, að umræddur stútur væri opinn, áður en vaskurinn var tekinn í notkun.

Magnús Árnason múrarameistari, er sá um framkvæmd múrverksins, hefur skýrt svo frá, að honum hafi ekki verið kunnugt um annað en að algerlega hafi verið búið að ganga frá pípulögn, er hann hóf múrverkið og hann hafi ekki á neinn hátt verið aðvaraður um það, að ekki mætti ljúka múrverkinu.

Eins og hér að framan hefur verið rakið, hefur stefndi viðurkennt, að umræddur stútur hafi verið opinn, þannig að ekki hafi verið fullgengið frá lögninni, er múrverkið var hafið. Þykir bera að telja stefnda bera fébótaábyrgð á tjóni því, er af því leiddi,

enda verður ekki séð, að hann hafi vakið athygli stefnenda á því, að lögninni væri ekki fullu lokið og ekki mætti múra yfir hana. Eins og fyrr greinir, mátu dómkvaddir matsmenn tjón stefnenda kr. 4.007.96.

Stefndi hefur á engan hátt hnekkt mati matsmannanna og þykir því verða að leggja það til grundvallar í málinu. Samkvæmt því verður stefndi dæmdur til að greiða stefnendum kr. 4.007.96 með 6% ársvöxtum frá 15. júní 1953 til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.600.00, og er þá tekið tillit til kostnaðar við mat.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Sighvati Einarssyni pípulagningarmeistara og Einari Sveinssyni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Valdimarsson, greiði stefnendum, Alfreð Guðmundssyni og Kára Guðmundssyni, kr. 4.007.96, með 6% ársvöxtum frá 15. júní 1953 til greiðsludags og kr. 1.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. júní 1958.

Nr. 76/1958. **Samvinnufélagið Björg**
gegn
Kristni Ó. Karlssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vanreifun máls. Frávísun frá héraðsdómi. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 2. maí 1958, sem hingað barst 30. s. m., skotið til Hæstaréttar hinum kærða frávísunardómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 30. apríl 1958. Krefst hann þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.

Svo sem greinir í hinum kærða dómi, skortir mjög á fullnægjandi greinargerð fyrir kröfum gagnstefnanda í héraði. Ber því að staðfesta hinn kærða frávísunardóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 1.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Samvinnufélagið Björg, greiði varnaraðilja, Kristni Ó. Karlssyni, kærumálskostnað, kr. 1.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 30. apríl 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., höfðaði Kristinn Ó. Karlsson, Hafnarfirði, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 24. september 1956, gegn Samvinnufélaginu Björg, Drangsnesi. Samvinnufélagið höfðaði gagnsök á hendur aðalstefnda einnig fyrir bæjarþinginu. Í þinghaldi 11. þ. m. var málið flutt úr bæjarþinginu í sjó- og verzlunardóminn og verður nú dæmt í þeim dómi.

Í aðalsök gerir aðalstefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 54.910.56 með 6% ársvöxtum af kr. 28.500.00 frá 3. júní 1956 til greiðsludags, af kr. 28.500.00 frá 3. september 1956 til 2. janúar 1957 og af kr. 26.410.56 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað að mati dómsins.

Aðalstefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum aðalstefnanda í aðalsök, en til vara lækkunar á stefnukröfunni að mati dómsins. Í báðum tilvikum krefst aðalstefndi málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi þær kröfur, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 62.886.11 með 6% ársvöxtum frá 3. marz 1956 og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu í gagnsökinni og málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda að mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að í ársbyrjun 1956 varð að samkomulagi með aðalstefnanda og Njáli Gunnlaugssyni, þáverandi framkvæmdastjóra gagnstefnanda, að gagnstefnandi tæki á leigu v/b Villa, G.K. 61, sem var 23 brúttósmálestir að stærð, eign aðalstefnanda. Hinn 3. marz 1956 var gerður leigusamningur og er undirritaður af aðalstefnanda og Njáli Gunnlaugssyni sem prókúruhafa gagnstefnanda. Leigutímabilið var ákveðið frá 3. marz 1956 til desember s. á. Leigan var tiltekin kr. 9.500.00 á mánuði og skyldi greiðast fyrir þrjá mánuði fyrirfram. Þá voru ákvæði í leigusamningnum um það, að leigutaki tæki við bátnum í Hafnarfirði í siglinga- og sjófæru ásigkomulagi og skilaði honum á sama stað eða eftir nánara samkomulagi við leigusala að leigutímanum loknum og þá í jafngóðu ásigkomulagi og við upphaf leigutímans. Gagnstefnandi notaði síðan bátinn út vetrarvertíðina 1956, en eftir það var hann látinn ónotaður eða þar til aðalstefnandi tók hann til sín nokkru eftir að hinu samningsákveðna leigutímabili var lokið.

Aðalstefnandi byggir kröfur sínar í aðalsök á því, að aðalstefndi hafi eigi greitt leigu fyrir bátinn nema fyrir fyrstu þrjá mánuði leigutímabilsins. Leiguskuld aðalstefnda nemi kr. 57.000.00, en frá þeirri fjárhæð beri hins vegar að draga kr. 2.089.44, sem aðalstefndi hafi greitt vegna bátsins fyrir aðalstefnanda (fyrir bjargbelti kr. 337.000 og fyrir lagfæringu á áttavita kr. 1.752.44).

Kröfur sínar í aðalsökinni byggir aðalstefndi á því, að Njáll Gunnlaugsson hafi eigi haft heimild til að gera margnefndan leigusamning við aðalstefnanda.

Kröfur gagnstefnda í gagnsökinni eru byggðar á því, að hann

hafi orðið fyrir ýmsum fjárgreiðslum vegna umræddrar leigu á bát gagnstefnda, sem gagnstefnda hafi borið að greiða.

Gagnstefndi viðurkennir, að honum beri að greiða tvær af greiðslum þessum og lækkaði hann því kröfu sína á aðalsökinni, sem þeim nam, við munnlegan flutning málsins. Að öðru leyti mótmælir hann kröfum gagnstefnanda.

Þar sem dómurinn telur frávísunaratriði koma fram í gagnsökinni, þykir með skískotun til 108. gr. laga nr. 85/1936 rétt að taka það atriði fyrst til úrlausnar.

Í stefnu gagnsakar lýsir gagnstefnandi kröfu sinni sem „skuld vegna ýmis konar kostnaðar, sem gagnstefnandi verði fyrir í sambandi við leigu á v/b Villa, eign gagnstefnda, á vetrarvertíðinni 1956. Er það bæði kostnaður við lagfæringu á bátnum, sem átti að vera í fullkomnu lagi, er leigutíminn hófst, og stefndur átti að sjá um, og mannakaup, sem gagnstefnandi varð að greiða."

Gagnsök er þingfest á bæjarþinginu hinn 10. janúar 1957. Í þinghaldi 7. s. m. lagði gagnstefnandi fram endurrit úr aukadómþingsbók Strandasýslu. Greinargerð í gagnsökinni lagði gagnstefnandi fram í þinghaldi 17. janúar s. á. Í henni vísar lögmaður gagnstefnanda um rökstuðning fyrir kröfum sínum til yfirheyrzlu yfir stjórn félags gagnstefnanda fyrir aukadómþingi Strandasýslu og yfirlits yfir greiðslur, sem gagnstefnandi kvaðst hafa orðið að greiða til að koma bátnum í lag og sem fram var lagt við umræddar yfirheyrslur. Yfirlit þetta, sem nú er dómskjal nr. 26, telur upp ýmsar greiðslur í 10 liðum, samtals að fjárhæð kr. 33.157.51. Engin gögn fylgdu yfirlitinu og engin skýring var fyrir því í framangreindum framburðum stjórnarmeðlima félags gagnstefnanda. Auk tilvísunar til þessa yfirlits kvað lögmaður gagnstefnanda í greinargerð sinni gagnstefnda skulda:

„Mannakaup vegna biðtíma fyrir 2 menn	kr.	12.132.80,
Greitt vegna niðursetnings á spili	—	3.988.80,
Keypt spil (þar af greitt í peningum kr. 2.500.00, með víxli 3.500.00)	—	6.000.00,
Greitt Kristjáni Gíslasyni	—	3.500.00,
Kostnaður við björgun á v/b Villa, krafa frá Jóh. Guðmundssyni	—	4.107.60,
	Skuld kr.	29.728.60"

Gagnstefndi lagði fram greinargerð í gagnsökinni í þinghaldi 31. janúar s. á. Í greinargerðinni viðurkenndi hann tvo liði í

margnefndu yfirliti, en mótmælti öðrum liðum í gagnkröfu gagnstefnanda. Við munnlegan flutning málsins lækkaði gagnstefndi kröfu sína í aðalsök, sem svaraði þeim liðum, er hann viðurkenndi í gagnsökinni.

Í þinghaldi hinn 28. febrúar 1957 lagði gagnstefnandi fram nokkra reikninga og nótur fyrir þeim fjárhæðum, sem taldar eru í fyrrnefndu yfirliti á dskj. nr. 26, en engin gögn fylgdu til stuðnings öðrum kröfuliðum. Í þinghaldi þessu óskaði lögmaður gagnstefnanda eftir 8 vikna fresti, þar sem „greinargerð gagnstefnda gefur tilefni til frekari gegnöflunar af hálfu umbjóðanda míns vegna ýmissa mótmæla, sem þar koma fram.“

Gagnstefnanda var með úrskurði veittur 4 vikna frestur í þessu skyni, en engin frekari gögn voru fram lögð á þeim fresti, og lýstu aðiljar yfir gagnsöfnun í málinu lokið við lok hans.

Af því, sem rakið hefur verið, er ljóst, að gagnsök í máli þessu hefur verið rekin og flutt með þeim hætti, að mjög brýtur í bág við ákvæði laga nr. 85/1936 um skýran málatilbúnað, rækilega gagnasöfnun og fullnægjandi reifun máls.

Ber því að vísa gagnsökinni frá dómi ex officio.

Afstaða til málskostnaðar í þessum hluta málsins verður tekin við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Óskari Gíslasyni skipamiðlara.

Dómsorð:

Gagnsök í máli þessu er vísað frá dómi ex efficio.

Mánudaginn 16. júní 1958.

Nr. 74/1958. **Skattstjórinn í Reykjavík**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Guðjóni H. Sæmundssyni
(Gunnar J. Möller hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr og Kristán Kristjánsson borgarfógeti.

Um rétt skattgreiðanda til að kynna sér stóreignaskattskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Setudómari í málinu, Theódór B. Líndal prófessor, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí þ. á. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Ákvæði 37. gr. laga nr. 46/1954 um skattskrár gilda, eftir því sem við á, um framkvæmd laga um skatt á stóreignir nr. 44/1957, sbr. 2. mgr. 10. gr. þeirra laga. Samkvæmt þessu ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um framlagningu skattskrár að öðru leyti en því, að frestur til framlagningar verði ein vika frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi f. h. ríkissjóðs greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, skattstjórinn í Reykjavík, er skyldur til að veita stefnda, Guðjóni H. Sæmundssyni, og trúnaðarmanni hans, Svavari Pálssyni, löggiltum endurskoðanda, færi á því að kynna sér heildarskrá um stóreignaskatt, álagðan samkvæmt lögum nr. 44 3. júní 1957, annað

tveggja í skrifstofu sinni í Reykjavík eða þinghúsi bæjarins virka daga, kl. 10—12 og 13—16, nema laugardaga, kl. 10—12.

Stefndi hefur þessa heimild 14 daga, eftir að vika er liðin frá birtingu dóms þessa.

Áfrýjandi, f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 6. maí 1958, hefur Guðjón H. Sæmundsson húsasmíðameistari, Tjarnargötu 10 í Reykjavík, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 14. apríl 1958, gegn Halldóri Sigfússyni skattstjóra í Reykjavík. Málsaðiljar hafa samið um, að eigi þurfi að leggja málið til sátta hjá sáttanefnd.

Stefnandi hefur krafizt þess aðallega, að stefndi verði með dómi skyldaður til að veita stefnanda og umboðsmanni hans, Svavari Pálssyni, löggiltum endurskoðanda, færi á að skoða skrá um stóreignaskatt, álagðan samkvæmt lögum nr. 44 3. júní 1957, hvenær sem er í a. m. k. tvær vikur í Skattstofunni á venjulegum skrifstofutíma hennar eða í bæjarþingsstofunni. Til vara krefst stefnandi með sama hætti aðgangs að stóreignaskattskrá fyrir Reykjavík.

Í báðum þessum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins. Til vara krefst hann, að einungis stefnanda persónulega verði um tveggja vikna skeið veittur kostur á aðgangi að stóreignaskattskrá fyrir Reykjavík og málskostnaður verði látinn niður falla. Til þrautavara krefst hann, að einungis stefnanda persónulega verði veittur slíkur aðgangur að heildarskrá yfir stóreignaskattsgreiðendur og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að stefnanda hefur verið gert að greiða stóreignaskatt samkvæmt lögum nr. 44 3. júní 1957. Hann hefur falið ráðunaut sínum og umboðsmanni, Svavari Pálssyni, löggiltum endurskoðanda, að gæta réttar síns í þessu sambandi. Af því tilefni hefur endurskoðandinn óskað að fá að kynna sér

stóreignaskattskrána, en verið algerlega synjað um það. Telur stefnandi synjun þessa andstæða lögum.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að í 10. gr. 2. mgr. laga nr. 44 3. júní 1957 er svo kveðið á, að um „.... og önnur þau atriði, sem ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim" skuli fara eftir ákvæðum laga nr. 46 14. apríl 1954 um tekju- og eignarskatt, eftir því sem við eigi.

Í lögum nr. 44/1957 séu engin ákvæði um framlagningu stóreignaskattskrár og slík ákvæði séu ekki heldur í reglugerð nr. 95 3. júní 1957. Þar sé einungis mælt svo fyrir, að tilkynning um skattinn skuli send hverjum gjaldanda í ábyrgðarbréfi, sbr. 22. gr. reglugerðarinnar.

Stefnandi telur, að af þessu hljóti að leiða, að ákvæði 37. og 38. gr. laga nr. 46/1954 gildi um stóreignaskattinn, að því er framlagningu stóreignaskattskrárinnar varðar. Einkum leggur stefnandi áherzlu á, að samkvæmt ákvæðum 38. gr. hafi hver gjaldandi rétt til að bera sig saman við aðra og kæra álagningu á aðra. Ennfremur það, að öðrum sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans.

Stefnandi telur, að þessi sömu sjónarmið hljóti að ráða um framlagningu stóreignaskattskrár og sé því brýnt hagsmunamál fyrir hann og aðra stóreignaskattsgreiðendur, að skráin sé lögð fram, svo að sjá megi, hvernig skatturinn kemur niður og hvort hann fái staðizt að lögum. Hann bendir og á, að skattkerfið sé orðið mjög flókið og stóreignaskattur mjög sérstæður. Bæði sér og öðrum stóreignaskattsgreiðendum sé því nauðsyn að leita aðstoðar sérfróðra manna til þess að geta notið framnangreinds réttar síns.

Varakrafan er miðuð við það, að vafi kynni að leika á því, hvort tilvitnuð ákvæði laga nr. 46/1954 veiti efni til þess, að stefnandi geti krafizt aðgangs að öðrum skattskrám en skattskránni í Reykjavík, þar sem skattur er lagður á hann.

Stefndi telur hins vegar, að reglur 37. og 38. gr. laga nr. 46/1954 um skattskrár séu að stofni til runnar frá lögum 14. desember 1877. Ástæður fyrir reglum þessum muni einkum hafa verið þær að tryggja það, að gjaldþegnar gætu örugglega fengið vitneskju um skatta sína og skattstofna og til þess að miða við, hvenær kærufrestir skyldu hefjast. Ekki hafi verið siður og ekki

sé skylda að senda þinggjaldsseðla, enda hafi þeir verið afhentir á manntalsþingum og sú sé venja enn, nema í Reykjavík. Sérstakar ástæður séu þar til ákvæðanna um skattskrár. Þessar reglur 37. og 38. gr. geti ekki átt við um stóreignaskattinn, því að þar sé öllum hlutaðeigendum send tilkynning um skattinn og þess vegna engin þörf á skattskrá. Um þessi efni séu ákvæði í reglugerð nr. 95/1957. Telur stefndi sér skylt að fara eftir þeim og með öllu óheimilt að víkja þar frá. Ákvæði um stóreignaskatt í lögum nr. 22/1950, sbr. lög nr. 117/1950 séu og sama efnis. Auk þessa séu í stóreignaskattskránni upplýsingar, sem sér sé með öllu óheimilt að veita, og gæti slíkt jafnvel bakað sér refsiábyrgð.

Varakröfur sínar rökstyður stefndi með því, að samkvæmt ákvæðum 37. og 38. gr. laga nr. 46/1954 eigi stefnandi aðeins persónulegan rétt á því að fá að kynna sér skrá um stóreignaskattsgreiðendur í Reykjavík.

Þá hefur stefndi sérstaklega mótmælt því, að sér verði gert að greiða málskostnað, þar sem lögmæltum fyrirsvarsmanni ríkissjóðs hafi ekki verið stefnt í málinu, enda hafi stefndi engin sjálfstæð fjárráð fyrir ríkissjóð.

Það er ljóst af ákvæðum laga nr. 46 14. apríl 1954, sbr. einkum 38. gr., að gjaldþegnum er þar veitt almenn heimild til þess að kynna sér heildarniðurstöðu skattálagningarinnar.

Þeir eiga því eigi aðeins rétt á að kynna sér álagningu á sjálfa sig, heldur og aðra, enda er það nauðsynlegt til þess að gjaldþegn geti gengið úr skugga um, hvort álagning á aðra gengur á hagsmuni hans. Loks bera ákvæðin með sér, að rétturinn til þess að kynna sér skrána er eigi bundinn við gjaldþegna eina, heldur ber hann hverjum sem er, og þá einnig sérfróðum aðstoðarmönnum gjaldþegna. Kemur hér fram sú skoðun, að almenningur eigi rétt á færi til þess að koma fram aðhaldi gagnvart skattyfirvöldum. Þau sjónarmið, sem hér hafa verið rakin, eiga að fullu við um stóreignaskattinn og ber því að beita þeim um hann, sbr. 10. gr. 2. mgr. laga nr. 44/1957.

Framkvæmd laga nr. 22/1950, sbr. lög nr. 117/1950, raskar hér engu né heldur 22. gr. reglugerðar nr. 95/1957, sem telja verður verklagsreglu skattyfirvöldum og gjaldþegnum til hægðarauka, en ekki reglu, er tryggi réttarstöðu gjaldþegna nægilega vel.

Ekki er í ljós leitt, að stóreignaskattskráin hafi þau leyndarmál að geyma, er geri stefnda óheimilt að leggja hana fram. Í 37. gr. laga nr. 46/1954 eru taldar fram ákveðnar upplýsing-

ar, sem að dómi lögggjafans eru ekki þess eðlis, að almanna- eða einkahagsmunir krefjist þess, að þær skuli leynt fara. Þessi sjónarmið eiga einnig við um stóreignaskattinn, og getur leyndarskylda stefda, að því er hann snertir, ekki verið ríkari heldur en að því er snertir hinn almenna tekju- og eignaskatt.

Í 10. gr. laga nr. 44/1957 segir, að skattur samkvæmt lögunum skuli ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík og að hann skuli úrskurða skattkærur. Því er ljóst, að skattstjóri Reykjavíkur hefur framkvæmd þessara mála með höndum, einnig utan Reykjavíkur og að sérsjónarmið laga nr. 46/1954, sem leiða mætti af því, að samkvæmt þeim lögum er landinu skipt í skattumdæmi, eiga ekki við um stóreignaskattinn.

Samkvæmt framangreindu verður aðalkrafa stefnanda tekin til greina.

Við munnlegan flutning málsins kom það fram, að stefndi synjaði um framlagningu skrárinnar í samráði við ráðamenn fjármálaráðuneytisins. Þegar af þeirri ástæðu verður að telja stefnda aðilja að málskostnaðargreiðslu. Samkvæmt úrslitum málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Stefndi, skattstjórinn í Reykjavík, er skyldur til þess að veita stefnanda, Guðjóni H. Sæmundssyni, eða trúnaðarmanni hans, Svavari Pálssyni, löggiltum endurskoðanda í í Reykjavík, færi á því að kynna sér heildarskrá um stóreignaskatt, álagðan samkvæmt lögum nr. 44 3. júní 1957, annað tveggja á skrifstofu sinni í Reykjavík eða þinghúsi bæjarins alla virka daga kl. 10—12 og 13—16, laugardaga 10—12.

Stefnandi hefur þessa heimild 14 daga eftir að vika er liðin frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefndi, skattstjórinn í Reykjavík, greiði fyrir hönd ríkissjóðs stefnanda málskostnað kr. 1500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júní 1958.

Nr. 85/1958. **Ákæruvaldið**
gegn
Herði Ólafssyni

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um lögmæti beiðni um niðurfellingu saksóknar. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. júní 1958, og hefur dómsmálaráðherra veitt samþykki sitt til kærunnar. Ákærði hefur eigi gert neinar kröfur hér fyrir dómi, en ætla verður, að hann kæri í því skyni, að úrskurður héraðsdómara verði úr gildi felldur.

Ráðherra ákveður, hvort umsókn um niðurfelling saksóknar skuli borin upp í ríkisráði eða tillaga um hana lögð fyrir forseta lýðveldisins, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 24. gr. laga nr. 27/1951. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 9. júní 1958.

Með bréfi, dagsettu 19. f. m., fór ákærði, Hörður Ólafsson hdl., fam á það, að dómarinn legði til við dómsmálaráðherra, að saksóknin gegn sér í máli þessu félli niður. Um leið og dómari sendi ráðuneytinu skjöl málsins, til þess að því gæfist kostur á að tjá sig um frávísunarkröfu ákærða, vakti hann athygli ráðuneytisins á bréfi ákærða, þar sem framangreind tilmæli til dómarans voru sett fram.

Í dskj. nr. 27 tekur dómsmálaráðuneytið fram, að það geti eigi orðið við tilmælum ákærða um að saksókn gegn honum verði felld niður.

Ákærði hefur haldið því fram, að eigi hafi verið gætt réttrar aðferðar um afgreiðslu beiðni sinnar um lausn undan saksókn. Telur hann, að leggja hafi átt málið fyrir forseta ríkisins og

það síðan að hljóta afgreiðlsu í ríkisráði. Krafðist hann þess, að málið yrði á ný vegna þessara atriða sent dómsmálaráðuneytinu til fyrirgreiðslu um þá meðferð, sem hann teldi lögum samkvæma.

Eftir að dómari hafði synjað um sendingu málsins á ný til dómsmálaráðuneytisins, hefur ákærði krafizt frávísunar málsins með tilvísun til framanritaðs og þess, að hann telji það venju, að beiðni um náðun og niðurfellingu saksóknar sé send dómara málsins til umsagnar.

Málefni þetta hefur verið borið undir dómsmálaráðuneytið, sem hefur látið uppi það álit sitt, sbr. dskj. nr. 28, að eigi beri að taka til greina hina nýju frávísunarkröfu ákærða.

Þar sem dómari telur, að meðferð dómsmálaráðuneytisins á máli þessu sé lögmæt, tekur hann eigi þessa frávísunarkröfu ákærða til greina.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa ákærða verður eigi tekin til greina.

Mánudaginn 16. júní 1958.

Nr. 82/1958. **Ákæruvaldið**
gegn
Herði Ólafssyni

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um lögmæti ákæru. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. júní 1958, og hefur dómsmálaráðherra veitt samþykki sitt til kærunnar. Hér fyrir dómi hefur ákærði eigi gert neinar kröfur, en ætla verður, að hann kæri í því skyni, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur.

Dómsmálaráðherra hefur eigi með höfðun aðalmálsins farið út fyrir valdmörk sín, sbr. 20. gr. laga nr. 27/1951. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 6. júní 1958.

Í máli þessu, sem höfðað er gegn ákærða, Herði Ólafssyni héraðsdómslögmanni, Smiðjustíg 4, hér í bæ, með ákæruskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra hinn 29. nóvember 1957, er honum gefið að sök, að hafa á árunum 1953 og 1954 keypt allmarga víxla af Gunnari Hall, Víðimel 64, hér í bæ, þáverandi framkvæmdastjóra og prókúruhafa Ragnars Blöndal h.f., hér í bæ, samþykkta af Gunnari Hall f. h. fyrirtækisins, en útgefna og framselda af honum persónulega, með hærri vöxtum en leyfðir eru í lögum nr. 73/1933.

Var mál ákærða rannsakað í sambandi við rannsókn í fjárþrotamáli Ragnars Blöndal h.f., og komu í þeirri rannsókn fram fjölmargar fjárútveganir Gunnars Hall fyrir fyrirtækið og með ýmsum kjörum.

Nú hefur ákærði krafizt þess, að máli þessu gegn sér verði vísað frá dómi og byggir hann þá kröfu á því, að í rannsókninni komi fram, að allmargir menn hafi átt viðskipti við Gunnar Hall, sem jafna megi til þeirrar háttsemi, sem hann er ákærður fyrir, en gegn þeim hafi eigi verið höfðað mál, svo sér sé kunnugt. Nafngreinir hann tíu menn í þessu sambandi og heldur því fram, að í þessu efni hljóti að gilda sama meginregla og fram kemur í 27. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940. Virðist hann halda því fram, að annaðhvort hafi átt að ákæra sig og alla þessa menn eða þá engan.

Krafa þessi hefur verið borin undir dómsmálaráðueytið, sem hefur lýst því áliti sínu, að eigi beri að taka kröfuna til greina.

Rannsókn fjárþrotamáls Ragnars Blöndal h.f. var á sínum tíma send dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar, og höfðaði ákæruvaldið mál gegn ákærða og fjórum öðrum mönnum fyrir brot gegn lögum nr. 73/1933 í viðskiptum við fyrirtækið og Gunnar Hall. Verður eigi annað séð en að ákæruvaldið hafi haft heimild til útgáfu ákæruskjalsins í máli þessu, og verður frávísunarkrafan því eigi tekin til greina.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa ákærða verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 16. júní 1958.

Nr. 134/1957. **Aðalsteinn Jósefsson**
(Vilhjálmur Jónsson hrl.)
gegn
Ágústi Sæmundssyni og Rögnu J. Jónsdóttur
(Jóhann Steinason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1957, gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmd að greiða honum 7.107.88 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur bifreiðarstjórinn í R 3172, Hafsteinn Þorbergsson, komið fyrir dóm og borið vætti í málinu. Skýrir hann svo frá, að sér hafi virzt bifreiðin R 4235 vera að nema staðar, er hún var komin nálægt Suðurlandsbraut, en þá kveðst hann hafa verið kominn mjög nærri gatnamótum Seljalandsvegar og Suðurlandsbrautar. Segist hann þá hafa sveigt frá vinstri vegarbrún og sleppt augunum af R 4235. Leit hann ekki til hennar aftur, fyrr en hann varð árekstursins var. Telur hann, að R 4235 hafi þá verið kominn hálf inn á Suðurlandsbraut. Kveður hann hana hafa lent aftan til á vinstri frambretti R 3172 og síðan beyglað þá hlið bifreiðarinnar aftur úr.

Þá hefur stefnda Ragna J. Jónsdóttir, sem stýrði bifreiðinni R 4235, komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína, þá er í héraðsdómi greinir. Hún kveðst hafa numið staðar „eitt augnablik", til þess að koma vél bifreiðarinnar í fyrsta gangstig, áður en hún ók inn á Suðurlandsbraut. Hraða R 3172 telur hún hafa verið meiri en 30—35 km. á klst., en treystir sér ekki til að áætla hann nánar. Hún kveðst ekki hafa fylgzt

með ferðum þeirrar bifreiðar, eftir að hún skipti vélinni í fyrsta gangstig og beygði inn á Suðurlandsbraut.

Af skýrslum þessum er ljóst, að stefnda Ragna ók í umrætt skipti bifreiðinni R 4235 af Seljalandsvegi inn á Suðurlandsbraut, sem er aðalbraut, eftir að hafa séð til ferða R 3172 og án þess að veita henni frekari athygli fyrr en bifreiðarnar rákust á. Á hún því meginsök á árekstrinum. Á hinn bóginn þykir einnig nokkuð hafa skort á nauðsynlega varkárni af hálfu ökumanns R 3172, er hann hugaði ekki frekar að bifreiðinni R 4235, eftir að honum virtist hún vera að nema staðar. Hlaut hann þó að hafa aðstöðu til að sjá, að hún hélt áfram leiðar sinnar inn á Suðurlandsbraut. Þá var honum og unnt að sveigja meir frá vinstri vegarbrún en raun bar vitni, þar eð vegurinn er breiður og engin önnur umferð var þá á honum, en R 4235 virðist hafa verið ekið hægt inn á veginn. Þykir hæfilegt að skipta sök þannig, að stefnda Ragna beri ¾ hluta hennar, en ökumaður R 3172 einn fjórða hluta.

Fjárhæð tjónbóta vegna skemmda á bifreiðinni R 3172, kr. 5.067.88, er viðurkennd af stefndu, en krafa áfrýjanda um kr. 120.00 bætur á dag fyrir afnotamissi bifreiðarinnar hefur sætt andmælum. Áfrýjandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að bifreiðin hafi á þessum tíma verið notuð sem leigubifreið til fólksflutninga, og hefur vitnið Hafsteinn Þorbergsson staðfest, að svo hafi verið. Hefur þessu ekki verið mótmælt. Þykir því bera að taka að fullu til greina kröfu áfrýjanda um kr. 120.00 bætur fyrir afnotamissi bifreiðarinnar á dag í 17 daga, samtals kr. 2.040.00.

Samkvæmt framanskráðu ber stefndu að greiða áfrýjanda ¾ af kr. 7.107.88 (kr. 5.067.88 + kr. 2.040.00), þ. e. kr. 5.330.91, ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 18. júlí 1955 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndu greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Stefndu, Ágúst Sæmundsson og Ragna J. Jónsdóttir,

greiði áfrýjanda, Aðalsteini Jósefssyni, kr. 5.330.91 auk 6% ársvaxta frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og samtals kr. 3.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Jónatans Hallvarðssonar og Þórðar Eyjólfssonar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu.

Hafsteinn Þorbergsson, sem ók bifreiðinni R 3172, hefur komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína um, að hann hafi ekið vestur Suðurlandsbraut á 30—35 km. hraða miðað við klst. Hann kveðst hafa séð til ferða bifreiðarinnar R 4235, er hún kom eftir Seljalandsveginum, og virtist honum, að hún væri að stöðvast við vegamótin. Hafi hann því ekið áfram, en sveigt jafnframt inn á veginn.

Stefnda Ragna Jónsdóttir hefur einnig komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Hún kveðst hafa séð til ferða bifreiðarinnar R 3172, en talið sig hafa tíma til að beygja inn á Suðurlandsbraut, áður en hana bæri að. Kveðst hún hafa numið staðar augnablik við vegamótin til þess að koma vélinni í fyrsta ganghraðastig og ekið síðan inn á Suðurlandsbrautina, en ekki hafi hún fylgzt með ferðum R 3172, eftir að hún hafði skipt um ganghraðastig og fór að beygja inn á Suðurlandsbraut. Í skýrslu til lögreglunnar kvaðst hún ekki geta sagt um hraða R 3172, en er hún kom fyrir dóm, taldi hún hraðann hafa verið yfir 35 km. miðað við klst., án þess að geta áætlað hann nánar.

Það er viðurkennt af Rögnu Jónsdóttur, að hún hafi numið staðar við vegamótin, eins og bifreiðarstjóri R 3172 taldi sig hafa séð, en ekið síðan inn á aðalbrautina, án þess að fylgjast þá með ferðum R 3172, sem þá hlýtur að hafa verið komin nálægt vegamótunum. Bifreiðarstjóri R 3172 hafði ástæðu

til að ætla, að ökumaður R 4235 hefði stöðvað bifreið sína í því skyni að bíða, meðan bifreiðin á aðalbrautinni æki fram hjá. Og með því enn fremur, að engar sönnur eru komnar fram fyrir því, að bifreiðinni R 3172 hafi verið ekið of hratt eða með öðrum hætti ótilhlýðilega eftir aðstæðum, þá verður ökumanni hennar ekki gefin nein sök á árekstrinum, og ber stefndu því að bæta tjón áfrýjanda að fullu.

Fyrri kröfuliður áfrýjanda, þ. e. viðgerðarkostnaður, kr. 5.067.88, er viðurkenndur, eins og í héraðsdómi getur. Síðari kröfuliðurinn, kr. 2.040.00, fjallar um bætur fyrir atvinnutjón. Þykir honum í hóf stillt. Stefndu ber því að greiða áfrýjanda samtals kr. 7.107.88 með vöxtum, eins og krafizt er.

Samkvæmt þessu ber stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 3.500.00.

Dómsorð okkar verður þannig:

Stefndu, Ágúst Sæmundsson og Ragna Jónsdóttir, greiði in solidum áfrýjanda, Aðalsteini Jósefssyni, kr. 7.107.88 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. júní 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 20. þ. m., hefur Aðalsteinn Jósefssson, Akurgerði 17, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. marz 1957, gegn Ágústi Sæmundssyni og Rögnu Jónsdóttur, báðum til heimilis að Seljalandsvegi 14, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 7.107.88 auk 6% ársvaxta frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega.

Vátryggingarfélaginu h.f., hér í bæ, hefur verið stefnt til að gæta réttar síns í málinu. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Mánudaginn 18. júlí 1955, rétt fyrir kl. 21,30, varð árekstur

á Suðurlandsbraut hér í bænum við mót hennar og Seljalandsvegar, hliðargötu, er liggur að Suðurlandsbraut frá suðri. Rákust þar saman tvær fólksflutningabifreiðar, R 3172, eign stefnanda, og R 4235, eign stefnda Ágústs.

Bifreið stefnanda ók í umrætt sinn Hafsteinn Þorbergsson. Skýrir hann svo frá, að hann hafi ekið vestur Suðurlandsbraut á 30—35 km hraða, miðað við klukkustund. Er hann nálgaðist umgetin gatnamót, hafi hann séð til ferða R 4235 og hafi sér virzt bifreiðin vera að nema staðar. Hafi hann því ekið áfram. Hann „vissi svo ekki fyrr" en R 4235 rakst á bifreið þá, er hann ók, framan til vinstra megin. Kveður hann þetta hafa komið sér svo óvart, að fát hafi komið á sig, og því hafi hann ekki hemlað fyrr en hann var komin talsverðan spöl frá gatnamótunum.

Stefnda Ragna ók R 4235 í umrætt sinn. Skýrir hún svo frá, að hún hafi ekið eftir Seljalandsvegi að Suðurlandsbraut. Hún hafi séð til ferða R 3172, en sér hafi virzt bifreið þessi svo langt í burtu, að hún hefði tíma til að beygja inn á Suðurlandsbraut, áður en hún kæmi að gatnamótunum. Hafi hún því ekið áfram á mjög hægri ferð í fyrsta ganghraðastigi og sveigt bifreið sinni til vinstri inn á Suðurlandsbraut, en skyndilega hafi árekstur-inn orðið. Kveðst hún þá samstundis hafa hemlað og bifreiðin stöðvazt, eins og framlagður uppdráttur af árekstursstaðnum sýnir.

Ekki er vitað um sjónarvotta að árekstri þessum, en skömmu eftir að hann var afstaðinn komu löggæzlumenn á vettvang, og gerði einn þeirra uppdrátt af árekstursstaðnum. Samkvæmt honum er Suðurlandsbraut tæpir 11 metrar á breidd á þessum slóðum. Þar af er sjálf akbrautin, sem er malbikuð, 6½ meter á breidd, en með fram henni beggja megin eru malbornir stígar, ætlaðir gangandi vegfarendum, og er hvor stígur um 2 metrar á breidd. Á uppdrættinum er árekstursstaðurinn sýndur rétt vestan við vesturmörk gatnamótanna, yzt á vinstra helmingi hinnar malbikuðu akbrautar, miðað við aksturs-stefnu bifreiðanna. Samkvæmt uppdrættinum hefur R 4235 numið staðar eftir árekstur-inn 2—3 metra vestan við árekstursstaðinn, yzt á sínum vinstra götuhelmingi, en eigi sést, hvar bifreið stefnanda hefur staðnæmzt. Hins vegar er þess getið á uppdrættinum, að hún hafi numið staðar á akbrautinni í 30½ meters fjarlægð frá R 4235.

Uppdráttur þessi, sem borinn hefur verið undir ökumenn beggja bifreiðanna, hefur verið véfengdur.

Samkvæmt skýrslu löggæzlumanna urðu þær skemmdir á bif-

reið stefnanda við árekstur inn, að öll vinstri hlið bifreiðarinnar beyglaðist. Í skýrslunni er skemmda á bifreið stefnda Ágústs getið þeirra, að hægri framaurhlíf og ljósker hafi beyglazt. Jafnframt þeim skemmdum kveður stefnda Ragna, að leki hafi komið að kælivatnskassa bifreiðarinnar við árekstur inn.

Dómarinn hefur farið á árekstursstaðinn og kynnt sér staðhætti þar.

Kröfu sína í málinu reisir stefnandi á því, að stefnda Ragna hafi átt alla sök á árekstrinum. Beri því hún og eigandi bifreiðarinnar, meðstefndi Ágúst, fulla fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi beið við árekstur inn.

Stefndu reisa sýknukröfuna á því, að bifreið stefnanda hafi verið ekið á geysilegum hraða. Hefði þeirri bifreið verið ekið á löglegum hraða, hefði R 4235 haft nægan tíma til að aka inn á Suðurlandsbraut. Skýring ökumanns R 3172 á því, hvers vegna bifreið hans nam ekki staðar fyrr en svo fjarri árekstursstaðnum, sem raun varð á, sé bersýnilega röng og sett fram til að dylja þá staðreynd, að hann ók á ofsahraða.

Suðurlandsbraut er aðalbraut í merkingu 7. gr. 2. mgr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941. Leiðir af því, að farartækjum, sem koma eftir hliðargötum, er að henni liggja, ber að víkja fyrir umferð um hana. Þetta vanrækti stefnda Ragna, og má að nokkru rekja árekstur inn til þess gáleysis hennar. Á hinn bóginn er ekki annað fram komið en að stefnda Ragna hafi verið byrjuð að beygja bifreið sinni inn á Suðurlandsbraut, er bifreið stefnanda bar að og árekstur inn varð, svo sem hún staðhæfir. Þykir því sýnt, að bifreið stefnanda hafi haft nóg svigrúm til að komast klakklaust fram hjá henni, hefði maður sá, er henni ók, ekið á hóflegum hraða og sýnt að öðru leyti fulla aðgát í akstri sínum, þar sem akbrautin var vel breið þarna og akursskilyrði góð, en engin farartæki komu á móti, að því er séð verður.

Með hliðsjón af öllum atvikum, þykir rétt að líta svo á, að hvor ökumannanna hafi átt sök á árekstrinum að helmingi. Ber því stefnda Ragna sem ökumaður R 4235 í umrætt sinn og stefndi Ágúst sem eigandi bifreiðarinnar fébótaábyrgð að hálfu á tjóni því, er stefnandi telst hafa beðið við árekstur inn.

Kröfu sína í málinu sundurliðar stefnandi þannig:

1. Kostnaður við viðgerð á R 3172 ..... kr. 5.067.88
2. Atvinnutjón í 17 daga ..... — 2.040.00

Samtals kr. 7.107.88

Um 1.

Fjárhæð þessa kröfuliðs er ekki véfengd. Verður hann því lagður til grundvallar óbreyttur.

Um 2.

Stefndu mótmæla kröfulið þessum sem of háum, en véfengja hins vegar ekki, að viðgerð á bifreið stefnanda hafi tekið 17 daga.

Stefnandi heldur því fram, að bifreið sín hafi á þessum tíma verið notuð sem leigubifreið til mannflutninga, en því er ákveðið mótmælt af hendi stefndu. Hefur stefnandi þessu til styrktar lagt fram yfirlýsingu frá réttargæzlustefnda þess efnis, að bifreiðin hafi verið vátryggð sem slík á þessum tíma. Reiknar hann tjón sitt vegna afnotamissis kr. 120.00 á dag.

Gegn mótmælum stefndu verður ekki talið, að stefnandi hafi leitt að því haldbær rök, að bifreið hans hafi verið notuð sem leigubifreið til mannflutninga á umgetnum tíma. Er því ekki unnt að taka kröfulið þenna til greina að fullu. Hins vegar þykir stefnandi eiga rétt á nokkrum bótum samkvæmt honum. Þykja þær, miðað við tímann, sem tók að gera við bifreiðina, hæfilega ákveðnar kr. 800.00.

Samkvæmt framansögðu telst tjón stefnanda nema alls kr. 5.867.88 (kr. 5.067.88 + kr. 800.00). Verða stefndu dæmd til að greiða honum helming þeirrar fjárhæðar eða kr. 2.933.94 auk vaxta, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 650.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndu, Ágúst Sæmundsson og Ragna Jónsdóttir, greiði stefnanda, Aðalsteini Jósefssyni, kr. 2.933.94 auk 6% ársvaxta frá 18. júlí 1955 til greiðsludags og kr. 650.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júní 1958.

Nr. 3/1958. **Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu f. h. sýslusjóðs Austur- Húnavatnssýslu**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Þorgeiri Magnússyni
(Þorvaldur Þórarinsson hdl.).
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Gallar á málsmeðferð. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. janúar 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi og gjafsóknarleyfi 28. desember 1957.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 27. febrúar 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi og gjafsóknarleyfi 21. febrúar s. á.

Í héraði krafðist gagnáfrýjandi fébóta úr hendi aðaláfrýjanda vegna slyss af völdum vélar, er gagnáfrýjandi stjórnaði í sambandi við byggingarframkvæmdir á vegum aðaláfrýjanda. Taldi gagnáfrýjandi slys þetta hafa hlotizt af skorti öryggisbúnaðar um vélina. Aðaláfrýjandi taldi slys gagnáfrýjanda hins vegar einungis verða rakið til gáleysis hans sjálfs. Málinu var því þannig háttað, að nauðsyn bar til, að héraðsdómari kveddi sérfróða menn til að dæma málið með sér, sbr. 3. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936. Hefðu þeir sérstaklega átt að kynna sér gerð vélarinnar, öryggisbúnað hennar, aðstöðu á vinnustað og svo stjórn gagnáfrýjanda á vélinni og aðferð hans við lagfæringu hennar, er slysið varð.

Þar sem málið hefur eigi sætt þeirri meðferð, sem nú var lýst, þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Aðiljar hafa krafizt málskostnaðar hér fyrir dómi og málflutningslauna talsmönnum sínum til handa. Rétt þykir, að

hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti. Málflutningslaun talsmanna aðilja fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, kr. 7.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun talsmanna aðilja fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns og Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 7.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 2. september 1957.

Ár 1957, mánudaginn 2. september, var í aukadómþingi Húnavatnssýslu af Kristni Ólafssyni sem setudómara upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 29. ágúst síðastliðinn. Það var höfðað fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu með stefnu, útgefinni 20. október 1956, af Þorvaldi Þórarinssyni hdl. í Reykjavík f. h. Þorgeirs Magnússonar verkamanns frá Njálsstöðum í Vindhælishreppi, nú til heimilis Lönguhlíð 23, Reykjavík, gegn Guðbrandi Ísberg sýslumanni, Blönduósi, oddvita sýslunefndar Húnavatnssýslu, f. h. sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu vegna Héraðsspítalans á Blönduósi til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 257.779.73 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Til vara aðra bótafjárhæð eftir mati dómarans, ef svo yrði litið á, að stefnandinn hefði ekki sýnt fulla aðgæzlu, og málskostnaðarkröfu, sem að framan.

Af hálfu stefnda, sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu, er aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og til vara verulegrar lækkunar á kröfunum og jafnframt í báðum tilfellum málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Af hálfu stefnda hefur verið fallið frá andmælum um, að réttum aðilja hafi verið stefnt, enda upplýst í málinu, að stefnandinn og eigandi spilsins, sem slysinu olli og mál þetta er af risið, voru þá báðir starfsmenn í þjónustu stefnda, sem því telst réttur aðili að slíku máli, sem hér er um að ræða.

Með því að hinn reglulegi dómari, Guðbrandur Ísberg sýslumaður, er oddviti sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, en málið höfðað gegn sýslusjóði Austur-Húnavatnssýslu, hefur hann með úrskurði, dagsettum 18. október 1956, vikið dómarasæti í málinu, en í hans stað verið af Dómsmálaráðuneytinu skipaður setudómari Kristinn Ólafsson, fulltrúi í Hafnarfirði, sem því hefur farið með mál þetta og dæmt það.

Stefnandi máls þessa, Þorgeir Magnússon, bifreiðarstjóri, réði sig til vinnu við byggingu héraðssjúkrahússins á Blönduósi. Byggingarmeistarinn, sem yfirverkstjórn hafði með höndum þar, segir, að Þorgeir hafi verið ráðinn fyrir milligöngu héraðslæknisins, því Þorgeir hafi verið sjúklingur hans skömmu áður, og læknirinn óskað eftir, að Þorgeir fengi eitthvert létt starf, því hann væri heilsutæpur. Þorgeir hefði sjálfur óskað eftir vinnu við spil, sem notað var til að hala upp steypu, þegar steypt var í byggingunni. Kveðst verkstjórinn hafa látið Þorgeir fá starfið, bæði vegna þess að það var létt og einnig sökum þess, að hann hefði talið sig vanan vélum, þar sem hann áður hafði starfað með skurðgröfum og hefði bílpróf. Síðan hefði Þorgeir unnið við spilið fram að slysdegi eða eitthvað á annan mánuð og reynzt ágætlega í starfinu. En starf Þorgeirs var í því fólgið að standa við spil, sem lyfti tunnu, sem steypan var látin í, og gerði hann ýmist að lyfta eða slaka, eftir því sem við átti, og stjórnaði því með tveim stöngum. Spilið var knúið af lítilli, sambyggðri benzínvél og var öxull vélarinnar tengdur við upphölunarásinn með nálega tveggja metra langri keðjureim og önnur styttri reim tengdi spilið við vélina. Vélin var ræst með sveif, en enginn straumrofi var til að stöðva hana. Segir Þorgeir, að aðferðir, sem notaðar voru til að stöðva vélina, hafi verið að kæfa á henni með fullu innsogi, það er fylla sprengihólfin með óblönduðu benzíni og loka fyrir loftið eða skrúfa fyrir aðrennslið að blöndungnum og láta vélina ganga, þar til hann var orðinn tómur. En fyrri aðferðinni hafi verið hættulegt að beita vegna sprengihættu, enda ekki öruggt, að vélin stöðvaðist þegar í stað, og með síðari aðferðinni hefði getað tekið alllangan tíma að stöðva vélina, og þar að auki gangsetning á eftir erfið og seinleg. Af þessum

ástæðum kveðst Þorgeir hafa jafnan reynt að gera við eitt og annað smávegis, án þess að stöðva vélina, en tekið spilásinn úr sambandi á meðan. Hafi þetta sérstaklega komið fyrir, þegar hagræða þurfti vírum eða galli kom á tengilínuna, sem ekki hafi verið óalgengt. Jafnframt getur Þorgeir þess, að ekki hafi verið tryggilega gengið frá benzíngjöf eða innsogi, því að hvort tveggja hafi verið fest með snærum og vír. Vélin var óvarin og báðar drifkeðjur hlífarlausar.

Þegar svo stefnandinn Þorgeir Magnússon var að starfi sínu 21. júlí 1953 kl. 18.20 vildi til slys það, sem mál þetta er af risið. Lýsir Þorgeir atvikum að því, eins og nú skal rakið og kemur heim við önnur gögn í málinu.

Þorgeir kveðst hafa orðið þess var, þar sem hann stóð við spilið, sem var í fullum gangi, að nagli, sem átti að halda föstu tannhjóli og minni keðjan lá á, hafði losnað og taldi nauðsynlegt að festa hann þegar í stað. Hann stöðvaði upphölunina, en lét vél spilsins ganga í lausagangi, þannig að hann tók upphölunarásinn úr tengingu, en keðjudrifásarnir héldu áfram að snúast. Gekk Þorgeir aftur með vélinni og inn fyrir hana hinu megin, en bilið frá veggnum, þar sem stytzt var, mun hafa verið um 50 cm. Hann beygði sig síðan standandi ofan að naglanum, sem losnað hafði, kom honum fyrir á sinn stað og fór að festa rónni á hann með vinstri hendi, en hann er örvhentur, en í hægri hendi hélt hann skiptilykli, tilbúinn að herða róna að lokum. Að venju var hann með vinnuvettlinga á báðum höndum, en það voru þunnir léreftsvettlingar. Taldi hann sig hafa fyllilega nóg svigrúm til að ljúka þarna verkinu, enda lokið því, sem hann taldi seinlegast og erfiðast, að koma naglanum á sinn stað, en bilið frá honum að litlu drifreiminni var aðeins 4,5 cm. Skyndilega vissi Þorgeir ekki fyrri til en vinstri höndin var orðin föst undir keðjureiminni á tannhjólinu, og kippti hann þá hendinni að sér í ofboði, án þess að gera sér grein fyrir, hvað skeð hafði og ætlaði að halda áfram að skrúfa róna fasta. Varð honum þá bráðlega ljóst, að þrír fingur höfðu farið í vélina og skaddazt stórkostlega. Að öðru leyti kveðst hann ekki geta gert sér grein fyrir, hvernig slysið bar að, en telur, að hann hafi annað hvort hrasað eða óvæntur sláttur hafi komið á minni keðjuna, sem snerist með miklum hraða, eða á tannhjólið, sem var hálf laust, vegna þess að naglinn hafði losnað úr legusætinu og vettlingurinn farið milli tannhjólsins og reimarinnar.

Umrædd vél er nú geymd á Siglufirði, og fór dómarinn þangað

ásamt umboðsmönnum aðilja og stefnanda til athugunar á vélinni og aðstöðu stefnanda, er hann vann við hana. Voru teknar ljósmyndir af vélinni og sýna þær alla aðstöðu greinilega. Eru þær lagðar fram í málinu til skýringar. En þess má geta, að þá var búið að smíða hlífar um stærri og minni reimina, svo vélin var nú alveg varin á þeim stöðum.

Stefnandi var þegar eftir slysið fluttur á sjúkrahúsið á Blönduósi og gert að sárum hans.

Verkstjórinn við sjúkrahússbygginguna, sem var eigandi umræddrar vélar, telur, að hún hafi verið auðveld í meðferð og tekur fram, að hún hafi verið margtekin út af vélaeftirliti ríkisins aðfinnslulaust, áður en slysið varð.

Stefnandinn telur stefnda bera fébótaábyrgð á slysi þessu, bæði samkvæmt almennum reglum um ábyrgð atvinnurekenda á lífi og limum starfsmanna sinna, er þeir eru að gegna skyldustörfum sínum, svo og vegna hins, að öryggisútbúnaður og annað ástand þessa spils hafi ekki verið sem skyldi samkvæmt reglum um öryggi véla á vinnustað.

Af hálfu stefnda er bótaskyldu hans algerlega mótmælt, því að stefnandinn hafi sjálfur orðið valdur að slysinu með mjög vítaverðu gáleysi.

Fyrst og fremst hefði spilið með vilja verið staðsett svo nærri vegg, til þess að enginn óviðkomandi gæti komizt að því án vitundar stjórnandans, meðan það væri í gangi. Hefði stefnanda orðið sú stórskyssa á, í stað þess að stöðva vélina, sem hægt hefði verið með einu handbragði, hefði hann troðið sér milli veggs og vélar, meðan hún var í gangi, bograð þar niður og seilzt inn undir keðjudrifið, sem snerist á ásnum, til að festa nagla, sem losnað hafði. Við það bætist, að hann var með vettling á hendinni og auk þess örvhentur, sem geri alla aðstöðu verri. Skorti á öryggisútbúnaði verði alls ekki um kennt, því stefnandi hefði eftir sem áður getað seilzt þannig inn á hættusvæðið, inn undir keðjudrifið. Auk þessa hefði stefnandinn verið þaulvanur meðferð véla, m. a. árin á undan stjórnað jarðýtu og haft próf sem bifreiðarstjóri, og ennfremur unnið við þetta verk nokkurn tíma eða frá því að byrjað var að steypa hælið. Verði því heldur ekki um kennt, að ógætilega hafi verið valið í starf þetta.

Ef sýknukrafa stefnda verið hins vegar ekki tekin fullkomlega til greina, beri að skipta bótum í hlutfalli við sök tjónþolans á tjóninu og aðeins lítið brot sakar verði þannig lagt á stefnda.

Er því varakrafa stefnda, að bótakröfur stefnanda verði lækkaðar til mikilla muna.

Dómarinn verður að fallast á þá skoðun stefnanda, að stefndi beri samkvæmt almennum skaðabótareglum bótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandinn hlaut við slysið, með því að ófullkominn öryggisútbúnaður hafi átt sinn þátt í slysinu. Á hinn bóginn verður að telja, að stefnandinn hafi sýnt mikla óvarkárni að fara þannig með höndina inn í vélina í gangi, eins og hann gerði. Þegar þetta hvorttveggja er virt, þykir rétt að skipta ábyrgðinni á fébótum þannig, að stefndi beri 3/5 hluta, en stefnandinn 2/5 hluta.

Stefnandinn sundurliðar kröfur sínar í stefnu sem hér segir:

1.	Örorkubætur samkvæmt útreikningi tryggingafræðings K. G. Guðmundssonar, dagsettum 23/12 1953, kr. 198.830.00, að viðbættum 25% vegna hækkana, sem orðið hefðu síðan á grunnkaupi, vísitölu o. s. frv., kr. 49.707.50, eða samtals	kr. 248.537.50
2.	Skaðabætur fyrir þjáningar, varanleg lýti, röskun á stöðu og högum o. s. frv.	— 50.000.00
3.	Bótaútreikningur samkvæmt kvittun	— 300.00
	Samtals	kr. 298.837.50
	En frá þessari fjárhæg dregur stefnandi greiddar örorkubætur Tryggingastofnunar ríkisins, eingreiðslu	— 41.057.77
	Og kemur þannig út stefnufjárhæðin	kr. 257.779.73

Skal þá vikið nánar að hinum einstöku kröfuliðum.

Um 1. Stefnandinn hefur látið tryggingafræðinginn K. G. Guðmundsson reikna af nýju atvinnutjón stefnanda með hliðsjón af þeim breytingum, sem orðið hefðu á atvinnutekjum verkamanna frá að hinn fyrri útreikningur, sem lagður var fram í málinu, hafði farið fram og dagsettur er 23/12 1953, til 13. ágúst 1957, að hinn síðari útreikningur er dagsettur, en verðmæti hins áætlaða vinnutekjutaps er þar reiknað kr. 198.418.00, miðað við slysdag.

Af hálfu stefnda er þessum lið mótmælt sem of háum og haldið fram, að tekjugrundvöllur fyrir matinu sé rangur og réttara væri að leggja til grundvallar tekjur stefnanda á umliðnum árum

fyrir slysið. Skal því upplýst nánar um grundvöll þann, sem á er byggt, og röksemdir stefnanda fyrir þessum kröfulið.

Stefnandi var, strax eftir slysið, fluttur á sjúkrahúsið á Blönduósi og þar gert að sárum hans. Lá hann þar tíu daga, en tryggingafræðingurinn telur, að hann hafi ekki verið orðinn vinnufær fyrr en 21. september.

Í vottorði tryggingalæknisins B. Smára, dagsettu 28. september 1953, segir svo um meiðslin: Tættust þrír miðfingur vinstri handar, svo nauðsynlegt reyndist að taka baugfingur og löngutöng alveg af og allan vísifingur, nema hálfan efsta köggul. Auku þess kom sár á litlafingur innanverðan um efri liðamótin. Sárin voru gróin í byrjun september, en slasaði hefur ekki byrjað starf ennþá, þar eð hann hefur ekki fengið neina vinnu við sitt hæfi. Skoðun 28/9 1953:

Vinstri hönd (maðurinn er örvhentur), þriðji og fjórði fingur numdir brott að fullu. Annar fingur: Eftir er hálfur efsti köggull. Örin eru vel gróin, en dálítið aum. Fimmti fingur kreppist ekki alveg í lófa, vantar ca. 1½ cm. á að gómurinn nái lófanum. Á fingrinum er ör um næst fremsta lið.

Ekki þykir mega búast við því, að ástand slasaða taki neinum verulegum breytingum úr þessu og má því teljast tímabært að meta varanlega örorku hans vegna nefnds slyss og telst hún hæfilega metin 34%.

Stefnandi er talinn fæddur 23. desember 1927.

Tryggingafræðingurinn hefur reiknað vinnutekjutap stefnanda vegna slyssins með því að byggja á tekjum hans samkvæmt framtali 1952 og upplýsingum um tekjur hans sumarið 1953.

Ekki virðast hafa legið fyrir upplýsingar um tekjur stefnanda frá eldri tíma, enda telur tryggingafræðingurinn, að ekki hefði verið hægt hvort eð var að byggja á tekjum hans fyrir 1952 vegna þess, hve ungur hann var þá, nema að litlu leyti.

Áætlaðar vinnutekjur verða eftir síðari útreikingi tryggingafræðingsins þannig:

1. ár eftir slysið	kr.	31.214.45
2. — — —	—	35.807.61
3. — — —	—	38.637.24
4. — — —	—	40.587.11
Síðan árlega	—	41.344.32

Með því að reikna með 34% af áætluðum vinnutekjum, verður verðmæti hins áætlaða vinnutekjutaps kr. 198.418.00, miðað

við slysdag. Reiknað er með 6% vöxtum p. a., dánarlíkum íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1941—1950 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Enginn frádráttur er gerður vegna opinberra gjalda, enda liggja engar upplýsingar fyrir í málinu í því efni. Hins vegar telur tryggingafræðingurinn að bæta eigi nokkru við framangreinda niðurstöðu fyrir því, sem örorkan hefur verið umfram 34% fyrst eftir slysið. Með því að reikna með 100% örorku þann tíma, þ. e. til 21. september, áætlar tryggingafræðingurinn það kr. 4.700.00 og reiknast honum þannig allt atvinnutjón stefnandans kr. 203.118.00. Hér koma til frádráttar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, örorkubætur kr. 41.057.77 og dagpeningar frá slysatryggingadeild kr. 2.142.25 eða samtals kr. 43.200.02, og verða þá eftir kr. 159.917.98.

Með vísun til þess, sem hér hefur verið rakið, og með hliðsjón af röksemdafærslu tryggingafræðingsins, sem ekki hefur verið hnekkt, þykir mega leggja þennan útreikning til grundvallar í málinu.

Þá hefur stefnandi bætt 25% við hinn fyrri útreikning tryggingafræðingsins vegna hækkunar á grunnkaupi, vísitölu o. s. frv. Við hinn síðari útreikning hefur verið tekið tillit til þessa, en að öðru leyti hefur stefnandi ekki lagt fram gögn fyrir þessari viðbót, sem því verður ekki frekar tekin til greina.

Um 2. Þessum kröfulið hefur einnig verður mótmælt af hálfu stefnda sem allt of háum. Eftir meiðslum þeim, sem stefnandi hlaut, og afleiðingum þeirra, sem lýst hefur verið greinilega hér að framan, þykja bætur stefnanda fyrir þjáningar, röskun á stöðu og högum og varanleg lýti hæfilega metnar kr. 30.000.00.

Um 3. Enginn ágreingur er um þessa upphæð, og verður hún því tekin til greina, eins og hún liggur fyrir.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að stefnda, sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu f. h. sýslusjóðs vegna héraðsspítalans á Blönduósi, verður dæmd til að greiða stefnandanum Þorgeiri Magnússyni, framangreindar upphæðir (kr. 159.917.98 + 30.000.00 + 300.00) að þrem fimmtu hlutum eða kr. 114.130.78, auk vaxta, eins og krafizt hefur verið.

Þá greiði stefndi stefnandanum málskostnað með kr. 15.000.00. Þar sem mál þetta er einnig gjafvarnarmál, er málskostnaður til handa skipuðum lögmanni stefnda jafnframt metinn kr. 12.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðbrandur Ísberg f. h. sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu, greiði stefnandum, Þorvaldi Þórarinssyni f. h. Þorgeirs Magnússonar, kr. 114.130.78 auk 6% ársvaxta frá 21. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnaðar, kr. 15.000.00.

Jafnframt er málskostnaður skipaðs lögmanns stefnda, Guðmundar Péturssonar, ákveðinn kr. 12.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. júní 1958.

Nr. 124/1957. **Garður h/f** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Kjartani Steingrímssyni
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Domur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júlí 1957. Krefst hann sýknu af dómkröfum stefnda gegn greiðslu á kr. 7.623.86, án vaxta. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa fyrrverandi framkvæmdastjóri áfrýjanda og stefndi gefið aðiljaskýrslur í málinu.

Gegn andmælum stefnda er ekki sannað, að áfrýjandi hafi haft heimild til að færa stefnda til skuldar fjárhæð þá, kr. 53.414.92, sem lýst er í héraðsdómi, og þar sem hinn hluti dómkröfu stefnda, kr. 7.623.86, er viðurkenndur, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Garður h/f, greiði stefnda, Kjartani Steingrímssyni, kr. 7.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 18. maí 1957.

Ár 1957, laugardaginn 18. maí, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, upp kveðinn dómur í greindu máli, sem dómtekið var 14. þ. m.

Mál þetta var höfðað fyrir aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu, útgefinni 9. apríl 1957 af Kjartani Steingrímsssyni útgerðarmanni, Keflavík, gegn Ingimar Einarssyni forstjóra, f. h. h.f. Garðs, Sandgerði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 61.038.78, auk 6% ársvaxta frá 11. maí 1954 til greiðsludags og greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Er mál þetta var þingfest, var fenginn frestur af hálfu stefnda og málið flutt í bæjarþing Hafnarfjarðar, en er það kom fyrir í bæjarþinginu, var ekki mætt af hálfu stefnda né skilað greinargerð.

Verður málið því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefndi hefur lagt fram í málinu sundurliðan reikning yfir viðskipti hans við stefnt hlutafélag, útgefinn af Garði h.f., og sýnir inneign stefnandi kr. 7.623.86. Þá heldur stefnandinn fram, að stefndi hafi ranglega og í heimildarleysi greitt af innstæðu stefnandans til Hraðfrystihúss Keflavíkur kr. 53.414.92, og er upphæð þessi færð til skuldar í reikninginn 24. maí 1954. Báðar þessar upphæðir nema samtals kr. 61.038.78, sem kemur heim við stefnukröfuna.

Þar sem stefnandinn hefur þannig gert nægilega grein fyrir kröfum sínum í málinu, verða þær teknar til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 7.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Ingimar Einarsson f. h. Garðs h.f., greiði stefnandanum, Kjartani Steingrímssyni, kr. 61.038.78 auk 6% ársvaxta frá 11. maí 1954 til greiðsludags og málskostnað

með kr. 7.000.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. júní 1958.

Nr. 27/1958. **Ákæruvaldið** (Tómas Jónsson hrl.)
gegn
Magnúsi Grímssyni (Lárus Jóhannesson hrl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og lýst er í héraðsdómi, var ákærði að veiðum með dragnót á Skarðsvík á þeim tímum, sem í ákæruskjali greinir. Í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952 eru allar dragnótaveiðar bannaðar umhverfis Ísland innan þeirra marka, sem ákveðin eru í reglugerðinni. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms um niðurfall refsingar og greiðslu sakarkostnaðar ber að staðfesta hann að niðurstöðu til.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Magnús Grímsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 3.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. janúar 1958.

Ár 1958, mánudaginn 6. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrasyni og meðdómsmönnunum Pétri Björnssyni og Jónasi Jónassyni, skipstjórum, kveðinn upp dómur í málinu nr. 6/1958: Ákæruvaldið gegn Magnúsi Grímssyni, en mál þetta var dómtekið að afloknum munnlegum málflutningi hinn 19. f. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 30. október 1957, er Magnús Grímsson skipstjóri, Ferjuvogi 21, hér í bæ, ákærður fyrir:

I. Að hafa verið að dragnótaveiðum á v.b. Sæborg RE 328 á Skarðsvík á Snæfellsnesi í ágústmánuði 1956 innan takmarkalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948, á þann hátt, að nótin var dregin með vindum, sem staðsettar voru í landi, eftir að henni hafði verið kastað af bátnum, og fiskurinn síðan innbyrtur í bátinn, en nótin ekki dregin í fjöru,

II. að hafa verið að dragnótaveiðum á sama bát og á sama stað þriðjudaginn 27. ágúst 1957 um hádegisbilið á þann hátt, að nótin var dregin að bátnum með vindu bátsins, er fastur var við dufl ca. 35 faðma frá fjöruborði, og fiskurinn síðan innbyrtur í bátinn, en nótin ekki dregin í fjöru.

Brot þau, er í I og II greinir, þykja varða við reglugerð nr. 21/1952, 1. gr., sbr. 5. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 45/1937, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1951.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt nefndum lagagreinum og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 11. desember 1919 í Súðavík. Hann hefur áður sætt þessum kærum og refsingum:

1945 6/12 Á Ísafirði. Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot á 9. gr. hafnarreglugerðar Ísafjarðar.

1951 29/6 Í Reykjavík. Dómur Siglingadóms: 1000 kr. sekt, sviptur skipstjóra- og stýrimannsréttindum í 3 mánuði fyrir brot á 261. gr. sbr. 37. gr. og 31. gr. og 1. mgr. 48. gr. siglingalaga.

1952 4/11 Í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1953 7/3 Í Reykjavík. Áminning fyrir umferðarlagabrot.

— 14/10 Í Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 14. gr. bifreiðalaga.

Málsatvik eru þessi:

Með bréfi sínu, dagsettu 21. marz 1953, til vitamálastjóra féllst samgöngumálaráðuneytið á að heimila þeim Þorláki Jónssyni fulltrúa, Baldursgötu 12, og Skapta Sigurðssyni í Njarðvík að stunda veiðar með fyrirdrætti og landnót fyrir landi jarðarinnar Öndverðarness á Snæfellsnesi, þó ekki lengur en um 5 ára skeið. Þau skilyrði setur ráðuneytið þó fyrir leyfinu í bréfi sínu 29. apríl 1953, að 1) leyfið nái ekki til annarrar veiði en þeirrar, er heimil sé samkvæmt lögum og reglum, 2) á gildistíma leyfisins muni ráðuneytið ekki veita öðrum veiðirétt fyrir landi jarðarinnar en væntanlegum ábúanda jarðarinnar auk leyfishafa, og í 3) er ekki talin ástæða til að taka gjald fyrir leyfið, þar sem hér sé um að ræða tilraun með veiðiaðferð, sem þýðingu geti haft fyrir sjávarútveginn.

Þá er þar næst að greina frá því, að sumarið 1956 gerðu þeir Þorlákur Jónsson og Sveinbjörn Finnsson hagfræðingur með sér félag í því skyni að stunda veiðar samkvæmt framansögðu, og skyldi Sveinbjörn hafa á hendi alla framkvæmd fyrir þá félaga. Áður en veiðar hófust, kveðst Sveinbjörn hafa leitað sér álits ýmissa aðilja, hvort nokkuð geti verið til fyrirstöðu veiðunum, eins og hann hefði hugsað sér þær. Jón Jónsson fiskifræðingur tjáði Sveinbirni, að frá þjóðhagslegu sjónarmiði væri æskilegt, ef hægt væri að nýta fiskimergð þá, er nú væri orðin á grunnmiðum, einnig væri það álit sitt, að slíkar ádráttarvélar, sem Sveinbjörn lýsti fyrir honum sem fyrirhuguðum, þyrftu ekki að hafa nein skaðleg áhrif á fiskistofninn. Á hinn bóginn kveðst fiskifræðingurinn ekki hafa látið neitt í ljósi álit sitt á lögmæti veiðanna, enda skildist honum Sveinbjörn fyrst ætla að útvega sér heimild eða úrskurð ráðuneytisins um veiðarnar.

Þessu næst skýrði Sveinbjörn Finnsson ráðuneytisstjóra Gunnlaugi Briem frá hinum fyrirhuguðu veiðum og lýsti fyrir honum veiðiaðferðinni. Segir Sveinbjörn, að ráðuneytisstjórinn hafi ekki látið í ljós álit sitt á lögmæti veiðanna beint, en hann hafi a. m. k. ekki lýst því yfir, að hann teldi þær ólöglegar. Að lokum kveðst Sveinbjörn Finnsson hafa leitað álits þekkts lögfræðings um lögmæti veiðanna, og hafi það verið álit hans, að þær væru löglegar.

Að svo búnu réði Sveinbjörn ákærða, Magnús Grímsson skipstjóra, til þess að stunda veiðarnar fyrir þá félaga á báti sínum, v/b Sæborgu RE 328, sem er 22 rúmlesta brúttó. Hófust veiðarnar í ágústbyrjun 1956. Hafði Sveinbjörn áður fullvissað ákærða um, að veiðarnar væru löglegar.

Við veiðar þessar var notuð venjuleg dragnót, sem ákærði átti. og voru engar breytingar gerðar á nótinni. Dragstrengir voru og svo sem tíðkast við dragnótaveiðar. Veiðum var hins vegar hagað á þann veg, að kastað var frá dufli einu, sem staðsett var í um 35 faðma fjarlægð frá fjöruborði Öndverðarnesjarðar, og kastinu sjálfu hagað á sama veg og við venjulegar dragnótaveiðar. Notuð voru eftir atvikum sjö tó hvoru megin eða eftir því sem þurfa þótti hverju sinni, þannig að sjálfri voðinni var kastað á annan og stundum upp undir tvo kílómetra frá fjöruborði, en í stað þess að draga nótina á vindum bátsins, svo sem venja er um dragnótaveiðar, voru vindur hafðar í landi og voðin dregin að landi á þeim. Voru tóin síðan dregin jafnóðum aftur í bátinn og lögð þar, þannig að tilbúin væru til næsta kasts. Lá báturinn við duflið, meðan dregið var. Er voðin var komin í netlög eða að duflinu, sem báturinn lá við, var veiðin innbyrt í bátinn þar í netlögum, en ekki dregin á land.

Héldu þeir þannig áfram veiðum um hríð, en 6. ágúst 1956 kom varðskipið Óðinn á vettvang, þar sem ákærði hafði verið að veiðum. Kvað ákærði þar vera um ádráttarveiðar að ræða, en eigi dragnótaveiðar og lýsti fyrir skipherranum veiðiaðferðinni. Hinn 19. ágúst kom vitaskipið Hermóður einnig á vettvang og sáu skipverjar veiðarnar.

Er þeir höfðu síðan nokkrar veiðiferðir farið, barst ákærða skipun forstjóra landhelgisgæzlunnar með hreppstjóranum á Hellissandi um, að ákærði hætti veiðunum tafarlaust. Það kveðst hann þegar hafa gert.

Forstjóri landhelgisgæzlunnar og aðrir starfsmenn hennar munu hafa talið mjög hæpið, að veiðar þessar væru löglegar, og taldi forstjórinn nauðsyn á því, að úrskurður gengi þá um lögmæti þeirra. Kom mál þetta þá til athugunar hjá dómsmálaráðuneytinu. Leitaði dómsmálaráðuneytið þá álits atvinnumálaráðuneytisins um veiðar þessar, en niðurstaðan í álitsgerð deildarstjóra atvinnumálaráðuneytisins virðist gefa til kynna, að hann telji veiðarnar ekki bannaðar, a. m. k. hefur landhelgisgæzlan lagt þann skilning í álitsgerðina, og í samræmi þar við hlutaðist dómsmálaráðuneytið til um, að landhelgisgæzlan stöðvaði ekki veiðarnar að svo stöddu. Segir svo í bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 17. f. m., að Sveinbirni Finnssyni hafi þá jafnframt verið skýrt frá því, að í þessum aðgerðum fælist ekki fyrirheit um, að ekki yrði síðar kært yfir þessum veiðiaðgerðum og mál höfðað, ef rétt þætti að at-

huguðu máli. Segir svo enn fremur í sama bréfi, að ástæðan fyrir framangreindri ráðstöfun hafi verið sú, að ekki hafi þótt liggja ljóst fyrir, hverjar væru gildandi reglur um svokallaða ádráttarveiði og ekki þótt óhentugt, að nokkur reynsla fengist í þessu efni, áður en afstaða yrði tekin til frekari aðgerða. Kom þetta mál því eigi til kasta dómstóla á því stigi.

Ekki verður séð, að ákærði hafi viljað halda á veiðar þessar á ný, fyrr en eftir að hreppstjóri hafði tilkynnt honum um fyrirmæli dómsmálaráðuneytisins til landhelgisgæzlunnar um að láta veiðarnar afskiptalausar. Hélt ákærði þá áfram veiðunum það, sem eftir var leigutímans, eða út ágústmánuð 1956. Var afli yfirleitt góður eða allt upp í 7.220 kg. í róðri.

Ekki var ákærða bannað að halda áfram veiðunum af landhelgisgæzlunni eða öðrum löggæzluaðiljum að sinni og kveðst hann hafa álitið, að þær væru fyllilega löglegar. Gerði hann sér og ekkert far um að leyna veiðunum eða veiðiaðferðinni. Úrlausnar dómstóla um lögmæti veiða þessara hefur eigi verið krafizt fyrr en nú.

Dómurinn telur, að veiðarfæri það, sem notað var við veiðar þær, er hér um ræðir og að framan hefur verið lýst, sé dragnót í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/1937 um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi. Enn fremur telur dómurinn, að bannákvæði laganna taki til allra veiða með þeim tækjum, sem til dragnóta teljast samkvæmt þeirri skilgreiningu, er greinir í síðasttalda ákvæðinu, þar með til ádráttarveiða, að svo miklu leyti, sem undantekningarákvæði 3. gr. laganna veitir eigi heimild til hins gagnstæða. Tilgangur löggjafans með undantekningarákvæði 3. gr. laganna var að banna ekki ádráttarveiðar eða fyrirdrátt úr landi, „þar sem þar er um „nótlög" að ræða, er liggja innan við almennings landhelgi ...", sbr. Alþingistíðindi A, 1928 þskj. 312, bls. 532. Veitir ákvæðið þannig aðeins heimild til að veiða í nótlögum eða netlögum, en ekki utan þeirra.

Ákærði varpaði voð sinni við framangreindar veiðar utan netlaga, þ. e. fjær landi en 60 faðma frá stórstraumsfjöruborði, og var veiðarfærið síðan dregið með botni, mestmegnis utan netalaga. 3. gr. margnefndra laga, um bann við dragnótaveiðum í landhelgi, veitir eigi heimild til slíkra veiða. Hefur ákærði því með veiðiaðgerðum þessum orðið brotlegur við þau lagaboð, er í ákæruskjali greinir.

II. Eftir að leigutími við þá félaga, Sveinbjörn og Þorlák, var útrunninn, aflaði ákærði sér leyfis nothafa jarðarinnar Gufuskála

á Snæfellsnesi, póst- og símamálastjórnarinnar, til þess að stunda ádráttarveiðar fyrir landi jarðarinnar. Hóf hann síðan veiðar í júnímánuði s.l. og stundaði þær óslitið síðan, þar til í lok ágústmánaðar s.l., þegar frá er talið hálfsmánaðar hlé, sem varð vegna vélbilunar í júní. Hagaði hann veiðum á sama veg og að framan er lýst, nema því, að í stað þess að draga voðina með vindum úr landi, var dregið með vindum bátsins, eftir að báturinn hafði verið festur við dufl það, er kastað var frá og staðsett var í netlögum, þ. e. innan 60 faðma frá stórstraumsfjöruborði. Auk þess gerði ákærði smábreytingu á voðinni, en hún var þó eftir sem áður dregin með botni.

Þriðjudaginn 27. ágúst 1957 flaug gæzluflugvélin Rán yfir bát ákærða, þar sem hann var bundinn við áðurnefnt dufl fyrir Gufuskálalandi, og voru skipverjar í fiskaðgerð.

Hinn 2. september s.l. var dóminum send kæra um veiðar ákærða, og hófst rannsókn þegar hinn 4. september. Ákærði viðurkenndi þegar að hafa verið að veiðum, eins og að framan hefur verið lýst. Þykir hann með háttsemi sinni hafa brotið sömu ákvæði og lýst er í I hér að framan.

III. Við ákvörðun refsingar þykir mega hafa hliðsjón af eftirfarandi: Ákærði gerði sér ekkert far um að leyna verknaði sínum, og eftir að kæra barst, skýrði hann hreinskilnislega frá öllum atvikum. Hann kvaðst hafa verið sannfærður um lögmæti veiðanna, áður en þær hófust, og hefur sú sannfæring styrkzt enn meira við aðgerðir og aðgerðarleysi stjórnvalda þeirra, sem um þessi mál fjölluðu, sbr. I hér að framan. Þykir því samkvæmt 2. mgr. 74. gr. sbr. 3. og 9. tl. 1. mgr. sömu gr. hegningarlaganna nr. 19/1940 mega láta refsingu niður falla í máli þessu.

Ákærði hélt áfram veiðum sínum s.l. sumar, þrátt fyrir fyrirmæli forstjóra landhelgisgæzlunnar um að hætta þeim, enda taldi hann nauðsyn til bera að fá skorið úr lögmæti veiðanna. Með hliðsjón af því þykir eftir atvikum rétt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Stefánssonar hdl., kr. 1.500.00. Skipaður sækjandi málsins, Þorvaldur Ari Arason cand. juris, afsalaði sér rétti til málssóknarlauna, enda flutti hann málið sem síðustu prófraun til að öðlast málflutningsréttindi fyrir héraðsdómum.

Dómsorð:

Refsing í máli þessu fellur niður.

Ákærði, Magnús Grímsson, greiði allan kostnað sakarinnar,

þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Stefánssonar hdl., kr. 1.500.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. júní 1958.

Nr. 2/1958. **Jón Arinbjörnsson**
gegn
Halldóri Halldórssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjun um frest. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm í dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti í málinu til septembermánaðar næstkomandi.

Stefndi synjar um frekari frest í málinu.

Mál þetta var þingfest í Hæstarétti í aprílmánuði þ. á., en áfrýjandi hefur ekki enn beðið héraðsdómara um afgreiðslu dómsgerða. Að svo vöxnu máli þykir ekki fært að fresta málinu lengur gegn andmælum stefnda. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1.200.00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Jón Arinbjörnsson, greiði stefnda, Halldóri Halldórssyni, kr. 1.200.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. júní 1958.

Nr. 89/1958. **Magnús Thorlacius f. h. Rysxard Górka**
gegn
Unni Jónsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Meðalganga heimiluð. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. maí þ. á., er barst dóminum hinn 16. þ. m. Hann krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins..

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum og atvikum málsins er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Magnús Thorlacius f. h. Ryszard Górka, greiði varnaraðilja, Unni Jónsdóttur, kærumálskostnað, kr. 1.500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 19. maí 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 23. f. m., hefur Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius f. h. Ryszard Górka, Varsjá í Póllandi, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. júlí 1957, gegn Finnboga stórkaupmanni Kjartanssyni, Háteigsvegi 54, hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð $ 44.000.00 með 6% ársvöxtum af $ 4.500.00 frá 31. desember 1950 til 31. desember 1951, af $ 11.250.00 frá þeim degi til 31. desember 1952, af $ 14.375.00 frá þeim degi til 31. desember 1953, af $ 21.225.00 frá þeim degi til 31. desember 1954, af $ 26.150.00 frá þeim degi til 31. desember 1955, af $ 31.525.00 frá þeim degi til 31. desember 1956 og af $ 44.000.00 frá þeim degi til greiðsludags,

auk 17% af höfuðstól og vöxtum í yfirfærslugjald, svo og til greiðslu málskostnaðar, þ. á m: löghaldskostnaðar að skaðlausu og loks til staðfestingar löghaldsgerð, er fram fór hjá stefnda hinn 13. júní 1957.

Í framhaldsstefnu, útgefinni 30. júlí 1957, krefst stefnandi þess, að staðfest verði löghald, er gert var hjá stefnda 29. s. m., svo og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í framhaldssök.

Stefnandi kveður skuld þá, sem um er stefnt, vera lán, er umbjóðandi hans veitti stefnda á árunum 1950—1956. Löghaldsgerðirnar voru báðar framkvæmdar til tryggingar skuld þessari og var með hinni fyrri lagt löghald á eignarhluta stefnda í húsinu nr. 54 við Háteigsveg, en með hinni síðari á ýms húsgögn og áhöld í skrifstofu stefnda að Austurstræti 12. Áður en síðari gerðinni lauk, kom eiginkona stefnda, Unnur Jónsdóttir, í fógetadóminn og með henni Kristinn hæstaréttarlögmaður Gunnarsson, sem mótmælti löghaldskröfunum sem röngum. Þegar frumsök og framhaldssök voru þingfestar 3. september f. á., lét Sveinbjörn hæstaréttarlögmaður Jónsson umboðsmann sinn sækja þing af hálfu stefnda, og var honum veittur 2 vikna frestur til greinargerðar. Áður en sá frestur var liðinn eða hinn 13. s. m., tilkynnti stefndi stefnanda, að hæstaréttarlögmenn þeir, er nú voru nefndir, hefðu ekki fengið umboð til að sækja þing fyrir hann og að þeir hefðu gert það í heimildarleysi og án hans vitundar. Er málið kom fyrir bæjarþing hinn 17. september s.l., sótti stefndi þing sjálfur og viðurkenndi kröfur stefnanda í báðum sökum, en stefnandi fékk þá viku frest til að leggja fram sókn í málinu. Hinn 24. s. m. kom málið því enn fyrir bæjarþingið og var þá einnig sótt þing af hálfu fyrrnefndrar Unnar Jónsdóttur og þingfest meðalgöngusök hennar. Er stefna í henni gefin út og birt 20. september s.l. gegn báðum aðiljum frumsakar og framhaldssakar og þess krafizt, að meðalgöngustefnanda verði leyfð meðalgangan og sökin sameinuð aðalmálinu svo og að meðalgöngustefnandi og aðalstefnandi verði sýknuð af öllum kröfum aðalstefnanda og að honum verði gert að greiða meðalgöngustefnanda hæfilegan málskostnað að mati dómsins og loks, að löghaldið verði fellt úr gildi. Umboðsmenn meðalgöngustefndu beggja fengu þá tveggja vikna frest til greinargerðar í meðalgöngusök og voru þær lagðar fram á bæjarþinginu 8. okt. s.l. Krafðist aðalstefnandi þess aðallega, að meðalgöngusökinni yrði vísað frá dómi, en til vara, að dómkröfum

meðalgöngustefnanda, að því er varðar aðalstefnanda, yrði vísað frá dómi og að dómkröfum hennar, að því er hana sjálfa varðar, hrundið. Einnig krafðist hann málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefnanda, hvernig sem málið færi. Ennfremur lagði stefnandi fram sókn í aðalmálinu og krafðist dóms um kröfur sínar, er aðalstefnandi hefði viðurkennt. Í greinargerð aðalstefnanda var ítrekuð viðurkenning hans á kröfum aðalstefnanda, nema 17% yfirfærslugjaldi, en að því leyti var krafizt sýknu að svo stöddu. Þess var og vænzt, að málskostnaður félli niður. Meðalgöngunni var mótmælt sem löglausri og þýðingarlausri og málskostnaðar krafizt úr hendi meðalgöngustefnanda svo og, að hugsanlegum málskostnaði til aðalstefnanda yrði skipt á aðalstefnanda og meðalgöngustefnanda.

Í þinghaldi þessu fengu allir aðiljar sameiginlega viku frest til gagnaöflunar um frávísunarkröfuna, og umboðsmenn aðalstefnanda og meðalgöngustefnandi samþykktu, að aðalstefnanda yrði heimilað að taka til varna í málinu. Hinn 15. október s.l. töldu lögmenn aðilja gagnasöfnun lokið um hina framkomnu frávísunarkröfu. Í bréfi, dagsettu 25. s. m., fór ið, að það útvegaði henni málflutningsmann í Varsjá til að gangast fyrir og sjá um nánari rannsókn á kröfum umbjóðanda stefnanda, þar eð hún vefengi tilvist og réttmæti þeirra. Hinn 4. febrúar hafði slíkur málflutningsmaður verið valinn, en ekkert liggur fyrir í málinu um árangur af störfum hans.

Frávísunarkrafa aðalstefnanda er fyrst og fremst á því reist, að hinir upphaflegu aðiljar þurfi ekki að sæta því, að aukamál sé dregið inn í mál þeirra eftir þingfestingu aðalmálsins, nema sérstaklega sé ástatt. Meðalgöngustefnanda hafi verið kunnugt um málshöfðun þessa löngu fyrir þingfestingu, eins og sjá megi af þingsókn hennar í fógetadómi hinn 29. júlí s.l. og því, að stefna í framhaldssök var birt henni sjálfri. Hefði henni því verið innan handar að höfða meðalgöngusök svo tímanlega, að sameina mætti hana aðalmálinu við þingfestingu þess. Í annan stað telur aðalstefnandi, að hér sé um að ræða deilumál hjónanna, aðalstefnanda og meðalgöngustefnanda, sem heyri beint undir skiptadóm, þar eð bú þeirra sé í opinberum skiptum. Loks telur aðalstefnandi, að meðalgöngustefnanda bresti alla heimild til að bera fram kröfu um, að aðalstefndi verði sýknaður.

Af hálfu aðalstefnda var tekið undir frávísunarkröfu aðalstefnanda.

Er málaferli þessi hófust með lögtaksgerðum þeim, er að fram-

an greinir, stóð yfir hjónaskilnaðarmál meðalgöngustefnanda og aðalstefnda, og gaf dómsmálaráðuneytið út leyfi til skilnaðar þeirra að borði og sæng hinn 30. júlí s.l. Með bréfi, dagsettu 2. ágúst s.l. fór meðalgöngustefnandi þess á leit við skiptaráðandann í Reykjavík, að bú þeirra hjónanna yrði tekið til opinberra skipta og var sú beiðni tekin fyrir í skiptadómi 22. s. m. Hinn 16. september s.l. kom aðalstefndi fyrir skiptadóm, svo og Kristinn hæstaréttarlögmaður Gunnarsson af hálfu meðalgöngustefnanda. Skýrðu þeir skiptaráðanda frá því, að mál væri rekið á bæjarþinginu gegn aðalstefnanda til heimtu $ 44.000.00, og kvað umboðsmaður meðalgöngustefnanda hana véfengja réttmæti kröfu þessarar, en aðalstefndi kvað kröfuna rétta. Var þetta síðan bókað: „Sjálfsagt þótti að heimila konunni að ganga inn í málið og halda uppi vörnum í því, enda greiði hún þann aukakostnað, sem af andmælum hennar kann að leiða.“ Aðalstefndi undirritaði bókun þessa athugasemdalaust.

Í meðalgöngusökinni véfengir meðalgöngustefnandi réttmæti stefnukröfunnar í aðalsök og kveður engin gögn fram komin um réttmæti hennar. Hún kveður sér ávallt hafa verið ókunnugt, að skuld þessi væri fyrir hendi, enda sé hennar að engu getið í framtölum aðalstefnanda til skatts á undanförnum árum. Einnig telur hún skuldina, ef nokkur sé, fyrnda að verulegu leyti og véfengir einnig, að greiða beri í Bandaríkjagjaldeyri.

Þegar þess er gætt, að dómsúrslit aðalsakar hljóta að hafa veruleg áhrif á hag félagsbús meðalgöngustefnanda og aðalstefnda, sem er nú í skiptum, þykir meðalganga heimil samkvæmt ákvæðum 50. gr. laga nr. 85 frá 1936. Meðalgöngusök virðist höfðuð án ástæðulausrar tafar, þegar eftir að ljóst varð, að aðalstefndi hugðist ekki halda uppi vörnum í aðalsök, og sýknukröfu meðalgöngustefnanda þykir verða að skilja sem kröfu um sýknu félagsbúsins. Þegar allt þetta er virt, þykir ekki sýnt fram á það, að vísa beri meðalgöngusök frá dómi, og ber því að hrinda kröfum meðalgöngustefnda. Rétt er, að ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms í málinu.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn. Nokkur dráttur varð á uppsögn hans, er stafar af annríki við önnur dómstörf.

Því úrskurðast:

Hinar framkomnu kröfur um frávísun meðalgöngusakar verða ekki teknar til greina.

Mánudaginn 23. júní 1958.

Nr. 87/1958. **Guðmundur Tryggvason**
gegn
Jarðkaupasjóði ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Gallar á málatilbúnaði. Frávísun frá héraðsdómi. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 19. maí þ. á., sem barst Hæstarétti 13. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til dómsins frávísunardómi þeim, sem upp var kveðinn í máli aðilja 16. f. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum, þar á meðal launa til talsmanns síns, en sóknaraðilja hefur verið veitt gjafsókn í málinu.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Samkvæmt rökum þeim, er greinir í hinum kærða dómi, og þar sem sóknaraðili hefur ekki haft uppi dómkröfu ákveðinnar fjárhæðar í þessum þætti málsins, ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum er rétt að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 800.00.

Laun talsmanns sóknaraðilja hér fyrir dómi, kr. 800,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðmundur Tryggvason, greiði varnaraðiljum, Jarðkaupasjóði ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 800.00 í kærumálskostnað.

Laun talsmanns sóknaraðilja, Sigurður Ólasonar

hæstaréttarlögmanns, kr. 800.00, greiðist úr ríkissjóði. Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. maí 1958.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. f. m., hefur Guðmundur Tryggvason, bóndi í Kollafirði, Kjalarnesshreppi, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. febrúar 1955, gegn landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Stefnanda var veitt gjafsókn hinn 22. jan. 1953 í öðru máli af sama tilefni og með bréfi, dagsettu 3. desember 1955, hefur dómsmálaráðuneytið staðfest, að það gjafsóknarleyfi nái einnig til þessa máls.

Stefnukrafan var sú, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða skaðabætur að fjárhæð kr. 900.000.00 eða aðra fjárhæð að mati dómsins auk 6% ársvaxta frá 7. september 1949 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Málinu var skipt þannig, að málflutningur fór fram um bótaskyldu stefndu. Kröfur stefnanda í þeim þætti málsins voru sem hér segir: Aðallega, að stefndu yrðu in solidum dæmdir skyldir til að greiða stefnanda hæfilegar bætur fyrir jarðhita þann og námuréttindi, sem haldið var undan við afsalsgerð 7. september 1949, er stefnanda var seld jörðin Kollafjörður í Kjalarneshreppi, en til vara, að stefndi Jarðakaupasjóður yrði dæmdu skyldur til að greiða ofangreindar bætur að réttri tiltölu við það, sem hin undanskildu verðmæti teldust mikill hluti heildarverðmætis jarðarinnar á fyrrgreindum afsalsdegi. Einnig krafðist stefnandi málskostnaðar.

Í stefnunni sagði ennfremur svo: „Verður þess a.m.k. krafizt til ýtrustu vara, að sjóðurinn endurgreiði hluta kaupverðsins að tiltölu við það, sem hin undanskildu verðmæti metast mikill hluti heildarverðmætis jarðarinnar". Krafa þessi, sem þannig var boðuð í stefnu, var ekki sett fram með ákveðnara orðalagi í greinargerð stefndanda og kom yfirleitt ekki frekar til úrlausnar á bæjarþinginu vegna skiptingar sakar, sem fyrr greindi.

Dómur bæjarþingsins um bótaskyldu stefndu var upp kveðinn 4. júlí 1956 og voru stefndu báðir sýknaðir af kröfum stefnanda, sem áfrýjaði málinu til Hæstaréttar. Bar hann þar fram sömu aðalkröfuna sem í héraði, en í stað varakröfunnar í héraði bar hann fram sem varakröfu í Hæstarétti endurgreiðslukröfu þá, sem hann hafði boðað í stefnu, en ekki lagt undir dóm bæjar-

þingsins. Var henni því vísað frá Hæstarétti, en stefndu sýknaðir af aðalkröfunni. Að ósk stefnanda hefur málið nú verið tekið upp til meðferðar nefndrar kröfu.

Í þessum þætti málsins krefst stefnandi þess, að stefndi Jarðakaupasjóður verði dæmdur til að endurgreiða hluta kaupverðsins að réttri tiltölu við það, sem hin undanskildu verðmæti teljast mikill hluti heildarverðmætis jarðarinnar á afsalsdegi. Einnig er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda og málssóknarlauna.

Af hálfu stefnda var krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að með afsali, dagsettu 26. apríl 1940, seldi tengdafaðir stefnanda, Kolbeinn heitinn Högnason, Jarðakaupasjóði ríkisins eignar- og ábýlisjörð sína, Kollafjörð á Kjalarnesi, og tók hana síðan á erfðaleigu samkvæmt áskilnaði í afsalinu og gerði hana að erfðaleigu- og ættarjörð samkvæmt ákvæðum laga nr. 8/1936. Söluverð jarðarinnar var fasteignamatsverð hennar og í afsalinu áskildi seljandi sér endurkaupsrétt samkvæmt ákvæðum 27. gr. nefndra laga.

Stefnandi skýrir svo frá, að löngu fyrir 1949 hafi verið ákveðið að neyta endurkaupsréttarins, en ekki hafi verið gerð að því gangskör fyrr en á því ári. Þáverandi ráðherra hafi samþykkt söluna, og gengið var frá afsali 7. september 1949. Í afsalinu til stefnanda var svo ákveðið, að námur og námaréttindi í landi jarðarinnar og sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi um heimilisþarfir fram væru undanskilin sölunni. Segir stefnandi, að þessum ákvæðum hafi verið mótmælt af sinni hálfu, en það varð að samkomulagi að ganga á þennan hátt frá afsali, en athuga atriði þessi nánar síðar. Stefnandi undirritaði afsalið með fyrirvara, að því er varðar hitaréttindi. Er ekki tókust samningar um breytingu skilmála þessara, höfðaði stefnandi mál á bæjarþinginu gegn Jarðakaupasjóði til ógildingar nefndra ákvæða afsalsins, en kröfum hans var hrundið með bæjarþingsdómi, uppkveðnum 24. júlí 1953, og var sá dómur staðfestur í hæstaréttardómi, uppkveðnum 10. nóvember 1954. Í framhaldi þeirra málaferla hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu skaðabóta aðallega, en þegar var lýst því, að stefndu hafa verið sýknaðir af bótakröfunum.

Krafa stefnanda sú, sem nú er til úrlausnar, virðist á því byggð, að hann keypti jörðina á fasteignamatsverði, án þess að henni fylgdu jarðhitaréttindi þau, sem talin eru til verðmæta hennar í fasteignamatinu. Þess hefur þegar verið getið, hversu óákveðin krafa þessi var í upphafi málssóknarinnar og síðan hef-

ur stefnandi eigi aflað neinna gagna til stuðnings henni eða skýringa á henni né heldur leitazt við að ákveða fjárhæð hennar. Þykir krafan því svo mjög vanreifuð af hálfu stefnanda, að eigi verður komizt hjá að vísa henni sjálfkrafa frá dómi, en þar eð hún virðist hafa verið mjög lítill hluti málsins í heild, þykir málskostnaður mega falla niður. Eftir þessum málalokum þykja ekki efni til að dæma hinum skipaða talsmanni stefnanda málssóknarlaun.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn. Dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð lengi vegna annríkis við önnur dómstörf.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá dómi sjálfkrafa. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 23. júní 1958.

Nr. 88/1958. **Stefán Sigurðsson**
gegn
Stjórn Lífeyrissjóðs barnakennara og ekkna þeirra.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um dómhæfi kröfu. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. maí 1958, sem hingað barst 16. júní s. á. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Varnaraðili tekur undir kröfu sóknaraðilja um þenna þátt málsins.

Aðiljar hafa eigi gert kröfur um kærumálskostnað.

Það skiptir sóknaraðilja miklu að fá þegar dómsúrlausn um, hver sé réttur hans á hendur varnaraðilja og hver séu skilyrði þess réttar. Ber því að leggja nú dóm á efniskröfur sókn-

araðilja, enda sé öðrum réttarfarsskilyrðum til þess fullnægt. Samkvæmt þessu ber að fella héraðsdóminn úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. maí 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Stefán Sigurðsson, Hjallavegi 31, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. marz 1958, gegn Lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra og haft uppi þessar kröfur: „Að viðurkennt verði að honum sé óskylt að greiða iðgjöld til stefnda eftir 1. október 1955, en eigi samt rétt til að hætta störfum og njóta hæstu eftirlauna samkvæmt reglum 10. gr. laga nr. 66 frá 1955, er samanlagður aldur hans og þjónustutími sé orðinn 95 ár ..... að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða honum ofgreidd iðgjöld að fjárhæð kr. 4.709.36 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til greiðsludags. Ennfremur krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómarans".

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem kveðst vera fæddur 14. marz 1901, telur sig hafa starfað sem barnakennari frá því um haustið 1923 og greitt iðgjöld til stefnda síðan, þó þannig að úr hafi fallið einhver tími. Hinn 30. september 1955 hafi stefnandi greitt iðgjöld til stefnda í 30 ár. Er stefnandi hóf kennarastarfið, giltu um lífeyrisssjóð barnakennara og ekkna þeirra lög nr. 33 frá 1921. Í 3. gr. þeirra laga var ákveðið, að hver kennari skyldi kaupa lífeyri í sjóðnum og verja til þess 7% af árslaunum sínum, en í 3. mgr. 4. gr. laganna var sagt, að þegar barnakennari væri orðinn 70 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími væri 95 ár, ætti hann rétt á að leggja kennslustarf sitt niður og taka lífeyri samkvæmt lögunum. Þessi lög voru numin úr gildi með lögum nr. 102 frá 1943, en í 8. gr. þeirra segir, að sjóðfélagar, þ. e. allir barnakennarar, sem laun taka eftir launalögum barnakennara, skuli greiða ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins og í 10. gr. 1. mgr. segir svo: „Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins

í 10 ár eða lengur og annaðhvort er orðinn fullra 65 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum". Í 15. gr. laganna var þess getið, að þeir, sem keypt hefðu sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 33 frá 1921, skyldu öðlast réttindi samkvæmt nýrri lögunum, ef þeir greiddu iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá gildistöku þeirra (þ. e. 1. júlí 1944). Á Alþingi 1954 kom fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 102 frá 1943 og segir í upphafi athugasemda við lagafrumvarp þetta, að meiri hluti stjórnar stefnda hafi tjáð sig samþykkan breytingartillögunum. Í 6. gr. frumvarpsins var gert ráð fyrir, að iðgjaldagreiðslur féllu niður, þegar hann hefði greitt iðgjöld í 30 ár. Í athugasemdunum segir svo um þessa tillögu: „Samkvæmt 10. gr. laga nr. 102/1943 er hámarkseftirlaunarétti náð, þegar iðgjöld hafa verið greidd í 30 ár. Nú getur staðið svo á, að sjóðfélagi hafi lokið 30 ára iðgjaldagreiðslu nokkrum árum áður en hann öðlast rétt til að hætta störfum og fá eftirlaun. Engin réttindi fást fyrir þau iðgjöld, sem greidd eru eftir að 30 ára iðgjaldagreiðslu er lokið. Iðgjaldagreiðsla, sem engin réttindi veitir, eru óréttlát, og er því lagt til að iðgjaldagreiðslur standi ekki lengur en 30 ár". Í 7. gr. frumvarpsins var gert ráð fyrir, að niður félli ákvæðin um það, að sjóðfélagar ættu rétt á ellilífeyri úr sjóðnum, þegar samanlagður aldur sjóðfélaga og þjónustutími væri 95 ár. Um þessa grein frumvarpsins segir m. a. svo í athugasemdunum: „Hér er gert ráð fyrir að fella niður ákvæði um, að sjóðfélagi, sem hefur náð 95 ára samanlögðum aldri og þjónustutíma, megi hætta störfum og taka eftirlaun. Breyting þessi getur þó ekki tekið til þeirra, sem orðnir eru sjóðfélagar fyrir gildistöku hennar".

Frumvarp þetta varð að lögum (nr. 35 frá 1955) og ákvæði þeirra voru síðan felld inn í lög nr. 102 frá 1943 og þau gefin út af nýju sem lög nr. 66 frá 1955. Ekki voru allir á einu máli um það, hvernig beita skyldi hinum nýju lagaákvæðum og í fundargerðarbók Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hinn 9. janúar 1956 er það bókað, að meiri hluti stjórnar þess sjóðs og öll stjórn stefnda samþykki að beita 4. mgr. 8. gr. laganna um stefnda, að því er varðar greiðslu iðgjalda (þ. e. að greiðsla hætti eftir 30 ár), en gefa jafnframt sjóðfélaga kost á að greiða áfram, vilji hann njóta réttar þess, sem 95 ára samanlagður aldur og þjónustutími veitir samkvæmt 10. gr. laga nr. 102 frá 1943. Stefnandi hafði, þegar þetta gerðist, greitt iðgjöld til

stefnda í 30 ár og taldi sér heimilt að hætta greiðslum, en þegar hann varð þess vísari, að stjórn stefnda taldi hann verða að halda þeim áfram, ef hann vildi halda rétti til að notfæra sér margnefnda 95 ára reglu, hélt hann áfram greiðslum með fyrirvara um endurheimtu, enda vildi hann ekki eiga á hættu réttindamissi. Hins vegar bar hann málið undir Samband íslenzkra barnakennara, sem skrifaði stjórn stefnda um það hinn 9. maí 1957. Tryggingastofnun ríkisins svaraði bréfinu fyrir hönd stefnda hinn 2. júlí 1957 og segir m. a. svo í svarinu:

„Samkvæmt hinu nýja ákvæði í. 6. gr. laga nr. 35 frá 14. maí 1955 falla iðgjaldagreiðslur niður eftir 30 ár, og er það skoðun sjóðsstjórnarinnar, að þá fari um rétt til að hætta störfum og eftirlaun eftir þeim sömu lögum. Hins vegar telur stjórnin, að þeim sjóðfélögum, sem þess óska, sé heimilt að njóta réttar þess, sem 95 ára samanlagður aldur og starfsaldur veitti samkvæmt 10. gr. laga nr. 102/1943, enda greiði þeir þá iðgjöld eins og áður skv. þeim lögum". Höfðaði stefnandi síðan mál þetta.

Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hann hafi frá upphafi greitt iðgjöld til stefnda á þeim forsendum, að hann ætti rétt á að hætta störfum og taka lífeyri, þegar samanlagður aldur hans og þjónustutími væri orðinn 95 ár. Telur hann, að þessi réttur verði ekki af sér tekinn bótalaust, enda sé ótvírætt gert ráð fyrir því í fyrrgreindu lagafrumvarpi, að þeir menn haldi rétti þessum, sem voru orðnir sjóðfélagar fyrir gildistöku laga nr. 35 frá 1955. Stefnandi kveður hámarkseftirlaunarétti náð, þegar greidd hafi verið iðgjöld til stefnda í 30 ár, sbr. 10. gr. laga nr. 66 frá 1955, og með ákvæðum 6. gr. laga nr. 35 frá 1955 hafi verið ákveðið, að enginn sjóðfélagi þyrfti að greiða iðgjöld lengur en 30 ár. Ákvæðið um niðurfellingu iðgjaldagreiðslu sé skilyrðislaust, enda byggt á því, að iðgjaldagreiðsla, sem engin réttindi veiti, sé óréttlát. Telur hann af þessu ljóst, að með öllu sé heimildarlaus framangreind samþykkt stefnda um að gera framhaldsgreiðslu af hans hálfu skilyrði þess, að hann haldi rétti sínum, er miðaður sé við 95 ára samanlagðan aldur og þjónustutíma. Á tímabilinu frá 1. október 1955 til 31. desember 1957 hefur stefnandi greitt stefnda iðgjöld að fjárhæð samtals kr. 4.709.36, og er á því byggð endurgreiðslukrafan.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að rétt sé og eðlilegt, að þeir menn, sem njóta vilja hlunninda 95 ára reglunnar samkvæmt hinum eldri lögum (nr. 33 frá 1921 og 102 frá 1943), efni þær skyldur, er sömu lög lögðu þeim á herðar, þ. e. að greiða

iðgjöld sín þar til 95 ára markinu sé náð, enda geti þeir ekki vænzt þess að njóta að auki hlunninda nýrra laga, sem veitt séu öðrum þræði til þess að vega upp á móti afnámi hinna fyrri. Bendir hann á það, að margir þeirra manna, er njóta réttar 95 ára reglunnar, muni eiga kost á að hætta störfum og taka lífeyri löngu áður en þeir verða 65 ára að aldri og á meðan starfsfjör þeirra er óskert. Kjósi þeir þá að fresta heimtu lífeyris og starfa áfram, taki lífeyrisréttur þeirra þá þegar að hækka um 2% á ári hverju, þótt aðrir sjóðfélagar verði að bíða eftir hvoru tveggja til 65 ára aldurs síns. Þessar aðstæður telur stefndi ganga í berhögg við yfirlýstan tilgang laganna frá 1955, en þar segir m. a. í athugasemdum við 7. gr. frumvarps til laga nr. 35 frá 1955: „En það er alls ekki tilgangur laganna um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra að skapa starfshæfu fólki aðstöðu til að hætta störfum og taka eftirlaun, heldur hitt að tryggja þeim mönnum lífeyri, sem vegna elli eða örorku verða að hætta störfum og missa þar með vinnutekjur sínar". Einnig bendir stefndi á það, að fram kom á Alþingi 1953 frumvarp um að fella niður greiðslu iðgjalda hjá þeim, sem greitt hefðu í 30 ár svo og um 2% árlega aukningu lífeyris, samkynja þeirri, er nefnd var hér að framan. Þetta frumvarp var til breytinga á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (nr. 101 frá 1943) og var síðari tillagan samþykkt þá, en hin fyrri felld, en jafnframt samþykkt svohljóðandi bráðabirgðaákvæði: „Ríkisstjórnin lætur fara fram endurskoðun á lögum nr. 101 30. des. 1945, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, í samráði við stjórn sjóðsins. Verði m. a. athugað, hvort ekki sé rétt með hliðsjón af breyttum aðstæðum að hækka aldurstakmark frá því, sem nú er um rétt til fullrar lífeyrisgreiðslu, svo og annað það, sem af slíkri breytingu kann að leiða. Skal endurskoðuninni lokið á þessu ári". Telur stefndi, að hér sé átt við hækkun á aldurstakmarki þeirra manna, sem njóta hagræðis 95 ára reglunnar, enda hafi sú regla verið úr gildi felld á næsta þingi og jafnframt ákveðið 30 ára hámarkið um iðgjaldagreiðslu. Stefndi telur framangreinda endurskoðun hafa verið framkvæmda á lögum beggja sjóða, enda séu þeir hliðstæðir í öllum aðalatriðum og því gildi sama um niðurstöðu endurskoðunarinnar að því er báða varðar. Loks fullyrðir stefndi, að valda muni víðtækri röskun á fjárhag sjóðanna, ef kröfur stefnanda verði til greina teknar.

Einn af þáttunum í kröfugerð stefnanda er sá, að viðurkennt

verði, að hann eigi rétt til að hætta störfum og njóta hæstu eftirlauna samkvæmt reglu 10. gr. laga nr. 66 frá 1955, er samanlagður aldur hans og þjónustutími sé orðinn 95 ár. Af gögnum málsins er ljóst, að sá tími er ekki enn kominn, að því er stefnanda varðar, og getur hann því eigi krafizt úrlausnar um þessi réttindi nú. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85 frá 1936 ber að vísa þessari kröfu stefnanda frá dómi, en með hliðsjón af ákvæðum 108. gr. sömu laga verður frestað að leggja dóm á hinar kröfur stefnanda svo og ákvörðun um málskostnað.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Mánudaginn 23. júní 1958.

Nr. 110/1957. **Ólafur P. Ólafsson**
gegn
Magnúsi Thorlacius f. h. Georgs Johs. Nielsen.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur P. Ólafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Magnúsi Thorlacius f. h. Georgs Johs. Nielsen, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 1.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. júní 1958.

Nr. 47/1958. **Ruth Einarsdóttir**
gegn
Guðmundi Magnússyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ruth Einarsdóttir, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hún stefnda, Guðmundi Magnússyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 300.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. júní 1958.

Nr. 49/1958. **Henry Franzson**
gegn
Snorra Jóhannessyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Henry Franzson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 25. júní 1958.

Nr. 78/1958. **Magnús Thorlacius f. h. Russel M. Arthur**
gegn
Gústaf A. Sveinssyni f. h. Thelma De Costa Neilsen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kært ákvæði um ómaksþóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Ingvarsson, lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Það athugast, að varnaraðili, sem áður bar nafnið Arthur, ber nú nafnið Neilsen, eftir því sem segir í greinargerð lögmanns hennar hér fyrir dómi.

Sóknaraðili hefur með kæru 22. maí 1958 skotið til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði héraðsdómsins. Krefst hann þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kr. 12.806.00 í málskostnað í héraði og auk þess kostnað af kæru þessari.

Varnaraðili krefst staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Samkvæmt gögnum máls þessa eru báðir málsaðiljar ríkisborgarar Bandaríkja Norður-Ameríku, og hefur hvorugt þeirra fasta búsetu á Íslandi. Varnaraðili er sögð heimilisföst í Honolulu á Hawaii, en sóknaraðili er í liði Bandaríkjanna, sem hér dvelst vegna framkvæmda á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, og fer um réttarstöðu hans hér á landi samkvæmt viðbæti við nefndan samning frá 8. maí 1951, sbr. lög nr. 110/1951. Lögskipti þau, sem aðalmálið var risið af, gerðust með málsaðiljum í Bandaríkjunum. Verður ekki séð, eins og aðalmálinu var háttað samkvæmt framansögðu, að það hafi átt undir lögsögu íslenzkra dómstóla. Frávísun frá héraðsdómi kemur þó ekki nú til greina, þar sem málið hefur þegar verið fellt niður í héraði.

Með því að sóknaraðili lét sækja dómþing í héraði af sinni hálfu samkvæmt stefnu, ber honum ómaksþóknun úr hendi varnaraðilja, og þykir hún nægilega hátt ákveðin í héraðsdómi. Verður krafa hans í kærumáli þessu því ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu telst rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um ómaksþóknun á að vera óraskað.

Sóknaraðili, Magnús Thorlacius, f. h. Russel M. Arthur, greiði varnaraðilja, Gústaf A. Sveinssyni f. h. Thelma De Costa Neilsen, kr. 700.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Keflavíkurflugvallar 20. maí 1958.

Mál þetta var tekið til dóms 8. þ. m.

Með stefnu, dagsettri 19. júní 1957, höfðar Gústaf A. Sveinsson hrl., Reykjavík, fyrir hönd frú Thelmu De Costa Arthur, til heimilis Honululu, Hawaii, mál þetta var fyrir aukadómþingi Keflavíkurflugvallar á hendur Russel M. Arthur, í 1400 Transportation Squadron, Keflavíkurflugvelli, til greiðslu á framfærslulífeyri með fyrrverandi konu sinni, stefnanda, og tveggja barna þeirra, Charles G. Arthur, fæddur 12. maí 1945 og Wellene M. Arthur, fædd 11. maí 1946, alls að upphæð $ 7.335.00 auk 6% ársvaxta frá stefnubirtingu, er var 21. júní 1957, til greiðsludags og greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur sótt þing í máli þessu og Magnús Thorlacius hrl. verið lögmaður hans.

Hefur stefndi krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað eftir mati dómsins.

Lögmenn málsaðilja hafa sótt eða látið sækja hér dómþing 27. júní, 6. september 3. október, 31. október og 28. nóvember á árinu 1957 og 28. marz 1958, en er dómþing var háð 8. þ. m., sótti lögmaður stefnanda eigi þing né tilkynnti lögmæt forföll. Krafðist

lögmaður stefnda þá, að málið yrði hafið og honum dæmdur málskostnaður samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, alls kr. 12.806.00.

Þar sem lögmaður stefnanda hefur eigi sótt þing og ekki tilkynnt lögmæt forföll, verður krafa lögmanns stefnda tekin til greina og málið hafið, sbr. 1. mgr. 118. greinar og 2. tölulið 119. greinar laga nr. 85/1936.

Stefndi hefur sjö sinnum látið sækja þing í máli þessu og þykja ómaksbætur (málskostnaður) honum til handa, þar með tekið tillit til ferðakostnaðar lögmanns hans hingað úr Reykjavík, hæfilega ákveðnar kr. 3.500.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögu dóms þessa vegna embættisanna.

Því dæmist rétt vera:

Mál þetta er hafið.

Stefnandi, Thelma De Costa Arthur, greiði stefnda, Russel M. Arthur, ómaksbætur, kr. 3.500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. júní 1958.

Nr. 210/1957. **X** (Einar Ásmundsson hrl.)
gegn
Y (Sigurður Ólason hrl.).
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Ingvarsson, lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1957 að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Hann krefst þess, aðallega að honum verði dæmd sýkna, en til vara, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði hans.

Hann krefst og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Hefur hann fengið gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 16. júní 1958. Hún krefst þess, aðallega að aðaláfrýjandi verði dæmdur faðir meybarns þess, sem hún ól 13. febrúar 1957, og til að greiða meðlag með því, barnsfaðerniskostnað og tryggingargjald, allt eftir úrskurði yfirvalda, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Loks krefst hún málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Aðiljar eru samsaga um, að þau hafi upphaflega kynnzt á dansleik í skemmtigarðinum Tivoli. Gagnáfrýjandi ber, að þessi fundur þeirra hafi orðið um miðjan maí 1956, en aðaláfrýjandi kveður, að kynning þeirra hafi orðið 18. apríl 1956. Aðiljar eru á einu máli um, að þau hafi á dansleiknum í Tivoli sett sér stefnumót nokkrum dögum síðar í Hressingarskálanum og haldið þaðan út í bæ og þá haft fullkomnar samfarir. Gagnáfrýjandi telur, að stefnumót þetta hafi verið viku eftir kynni þeirra í maí, en aðaláfrýjandi fullyrðir, að mót þeirra og samfarir hafi átt sér stað 21. apríl 1956. Hann bendir á máli sínu til stuðnings, að hann hafi verið sviptur útivistarleyfi frá herstöðinni um einn mánuð frá 2. maí 1956 að telja.

Maður sá, sem léði aðiljum húsaskjól nefnt skipti, getur eigi tilgreint tíma.

Tveir varnarliðsmanna skýra svo frá, að þeir hafi verið staddir í Tivoli 18. apríl 1956 og hafi fundum aðilja borið saman. Annar nefndra varnarliðsmanna kveðst hafa verið þarna með nafngreindri íslenzkri stúlku, en stúlka þessi fullyrðir hins vegar, að þessi samvist hennar og varnarliðsmannsins hafi eigi verið í apríl, heldur í maí 1956. Eigi rekur hana minni til, að hún hafi séð gagnáfrýjanda á dansleiknum. Þá eru aðiljar ásátt um, að þau hafi sett sér stefnumót síðar á árinu 1956 í Hressingarskálanum, haldið þaðan og haft fullkomnar samfarir í tilteknu húsi hér í

bæ. Gagnáfrýjandi telur, að stefnumót þetta hafi verið 20. ágúst, en aðaláfrýjandi ber, að það hafi verið um miðjan júlí 1956. Húsráðandinn í téðu húsi getur eigi tilgreint tíma.

Samkvæmt vottorði yfirlæknisins á Fæðingardeild Landspítalans er skráð í sjúkraskýrslur spítalans eftir gagnáfrýjanda, að hún hafi fyrir barnsburðinn síðast haft tíðir 1.—5. maí 1956, og fyrir héraðsdómi bar hún, að hún hafi haft reglulega á klæðum og síðast um mánaðamótin apríl-maí 1956. Frásögn gagnáfrýjanda um tíðir hennar kemur mjög vel heim við líklegastan getnaðartíma barnsins, og verður að leggja hana til grundvallar. Kunningsskapur málsaðilja bæði fyrir og eftir getnaðartíma barnsins skapar að vísu nokkrar líkur gegn aðaláfrýjanda, en þar á móti koma nokkrar líkur fyrir kynferðismökum gagnáfrýjanda við aðra en aðaláfrýjanda og óvissa um farir hans til Reykjavíkur í maí 1956.

Með hliðsjón af þessu þykir eigi verða í máli þessu skorið úr um faðerni barnsins, heldur einungis um fjárgreiðslur á hendur aðaláfrýjanda vegna barnsins og barnshafnar gagnáfrýjanda. Þykir verða að láta greiðsluskyldu aðaláfrýjanda velta á eiði hans, þannig að hann sé sýkn af kröfu gagnáfrýjanda, ef hann synjar fyrir það með eiði á varnarþingi sínu samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936 og áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við gagnáfrýjanda á tímabilinu frá 5. maí 1956 til .1 júní s. á., að báðum dögum meðtöldum. En ef aðaláfrýjanda verður eiðfall, skal hann greiða meðlag með barni því, sem gagnáfrýjandi ól hinn 13. febrúar 1957, barnsfararstyrk og tryggingariðgjald til gagnáfrýjanda, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu. Málssóknarlaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti,, kr. 3.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, X, á að vera sýkn af kröfu gagnáfrýj-

anda, Y, ef hann synjar fyrir það með eiði sínum eftir lögmætan undirbúning á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936 og áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við gagnáfrýjanda á tímabilinu frá 5. maí 1956 til 1. júní s. á., að báðum dögum meðtöldum.

Ef aðaláfrýjanda verður eiðfall, skal hann greiða meðlag með barni því, sem gagnáfrýjandi ól hinn 13. febrúar 1957, barnsfararstyrk og tryggingariðgjald, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Keflavíkurflugvallar 8. apríl 1957.

Mál þetta er dómtekið 4. þ. m.

Hinn 13. febrúar 1957 ól ógift verkakona, sóknaraðili máls þessa, Y, Reykjavík, óskilgetið meybarn, er samkvæmt vottorði Guðrúnar Magnúsdóttur, ljósmóður á fæðingardeild Landspítalans, var 2830 gr. að þyngd, 48 cm. að lengd og höfuðmál 31/33 cm.

Sóknaraðili lýsti föður að barni sínu varnarliðsmanninn X, sem er í flugliði Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli.

Hann hefur eigi við faðernið viljað kannazt.

Sóknaraðili hefur því höfðað mál þetta gegn varnaraðilja, X, krafizt þess, að hann verði dæmdur faðir barnsins, greiði henni meðlag með barninu frá fæðingu til fullnaðs sextán ára aldurs þess, greiði henni fæðingarstyrk og tryggingariðgjald fyrir yfirstandandi ár, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Til vara hefur hún krafizt fyllingareiðs.

Sóknaraðili hefur krafizt málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur krafizt sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og til vara gert kröfu, að honum verði dæmdur synjunareiður.

Málskostnaðar hefur hann krafizt frá sóknaraðilja.

Sóknaraðili skýrir svo frá, að á miðvikudagskvöldi um miðjan maímánuð s.l. hafi hún verið stödd á dansleik í Tivoli í Reykjavík. Hitti sóknaraðili þar nokkra varnarliðsmenn, þar á meðal varnaraðilja. Dönsuðu þau þar saman og mæltu sér mót viku síðar á Hressingarskálanum í Reykjavík. Þaðan héldu þau í herskála í Múla Camp, sænguðu þar og áttu fullkomnar samfarir. Ekki voru notaðar getnaðarverjur.

Sóknaraðili segir, að Karl Sigurður Jónasson læknir hafi skoðað sig um miðjan ágústmánuð s.l. og sagði hann, að hún væri barnshafandi, en sóknaraðili segir, að vikuna á undan hafi hún legið heima hjá sér í uppköstum.

Sóknaraðili reyndi að ná til varnaraðilja hér á flugvellinum, en hann hafði gefið henni upp símanúmer sitt. Að lokum tókst sóknaraðilja að ná til varnaraðilja og bað hann finna sig til Reykjavíkur og gerði hann svo, og heldur sóknaraðili, að fundum þeirra hafi borið saman um 20. ágúst s.l. Hittust þau á Hressingarskálanum, en héldu þaðan að Grettisgötu 38 og áttu þar fullkomnar samfarir og þar greindi hún honum frá högum sínum.

Sóknaraðili segir, að varnaraðili hafi sagt sér, að hann væri kvæntur og ætti barn, en áður hafði hann sagt henni, að hann væri ókvæntur. Var þetta á heimili T, en þar var sóknaraðili stödd með varnaraðilja í heimsókn hjá vinkonu sinni, Ó, er þá var þénandi þar. Segir sóknaraðili sér hafi sinnazt við varnaraðilja vegna skröks hans, rekið honum kinnhest og farið brott.

Sóknaraðili segir þetta vera sitt fyrsta barn. Hún hafi haft reglulega á klæðum, síðast fyrir barnsburð um mánaðamótin apríl/maí 1956.

Sérstaklega aðspurð af dómaranum segist sóknaraðili hafa átt samfarir við ónefndan karlmann í aprílmánuði s.l., en hafa haft á klæðum eftir það.

Varnaraðili játar að hafa hitt sóknaraðilja á dansleik í Tivoli, hafi það verið á miðvikudagskvöldi 18. apríl s.l. Næsta laugardag segir hann þau hafa átt stefnumót á Blue Front (Hressingarskálanum). Þau hafi farið á heimili óþekkts manns og átt þar fullkomnar samfarir og eigi notað getnaðarverjur.

Varnaraðili segir, að um miðjan júlímánuð hafi hann átt stefnumót við sóknaraðilja í Reykjavík, síðan haldið að Grettisgötu 38 og átt þar samfarir.

Þá gat sóknaraðili um, að hún væri þunguð af hans völdum, en varnaraðili segist ekkert hafa sagt. Hann segist þá hafa sagt henni, að hann væri kvæntur og ætti eitt barn, en áður hafði hann sagt henni, að hann væri skilinn. Grét þá sóknaraðili sáran og hljóp burt frá honum.

Varnaraðili segir, að hann álíti sóknaraðilja hafa átt samfarir við aðra karlmenn á hugsanlegum getnaðartíma barns hennar, en getur þó eigi tilnefnt neina.

Varnaraðili hefur sýnt á dómþinginu bæjarleyfabók herdeildar sinnar og samkvæmt henni fær hann fyrst bæjarleyfi til Reykjavíkur 18. apríl s.l., en hann kom hingað fyrst til lands 25. febrúar 1956.

Þann 21. apríl s.l. fær hann bæjarleyfi og segist þá hafa átt sínar fyrstu samfarir við sóknaraðilja. Næst fær hann bæjarleyfi 2. maí s.l. og fór þá á dansleik í Tivoli, en segist ekki hafa hitt sóknaraðilja. Hann segist hafa verið á dansleiknum of lengi, braut bæjarleyfisreglur varnarliðsins, var tekinn af herlögreglunni og var refsað með því að fá eigi bæjarleyfi í einn mánuð. Eftir miðjan maí s.l. var varnaraðili fluttur í nýja herdeild, og er eigi til nú bæjarleyfabók þeirrar herdeildar.

Varnarliðsmennirnir R og W hafa borið vætti í máli þessu.

Þeir segjast hafa farið með varnaraðilja til Reykjavíkur í umrætt skipti og á dansleik í Tivoli. Hafi varnaraðili hitt þar 18. apríl stúlku, er kölluð var Y, og hafa þeir lýst henni.

W segir, að varnaraðili hafi farið 2. maí s.l. á dansleik í Tivoli, hafi varnaraðili verið mjög ölvaður og á kvennafari, en ekki sá vitnið Y þar. Í það skipti var varnaraðili tekinn af herlögreglunni.

Vitnið segist hafa hitt stúlkuna H á dansleik í Tivoli 18. apríl s.l.

Vitnið H hefur borið vætti, að W hafi hún ekki kynnzt á dansleik í Tivoli fyrr en síðara hluta maímánaðar s.l. Vitnið segir, að sóknaraðili hafi sagt sér í september s.l., en hana þekkir hún frá bernsku, að hún væri þunguð af völdum varnaraðilja.

Blóðrannsókn hefur farið fram á málsaðiljum og barni sóknaraðilja.

Árangur var þessi:

	Aðalflokkur	Undirflokkur	C	D	E	c
Sóknaraðili	A_2	M	+	+	+	+
Barn hennar	0	M	÷	+	+	+
Varnaraðili	A_1	MM	÷	+	÷	+

Samkvæmt þessari rannsókn er ekki unnt að útiloka varnaraðilja frá faðerninu.

Héraðslæknirinn í Keflavík hefur gefið svofellt álit:

„Meðgöngutími er talinn 270—280 dagar, en frávik er hugsanlegt allmikið eða svo, að meðgöngutími sé 240—320 dagar. En almennt er talið, að barn fæðist 9 mán + 4—7 dögum eftir að móðirin hefur síðast haft eðlilegar tíðir. Umrætt barn er fætt 13. II. 1957, síðustu reglulegar tíðir hefðu þá átt að vera 6.—9. maí 1956 og getnaður þá farið fram á tímabilinu frá síðustu eðlilegum tíðum, þar til næstu reglulegar tíðir hefðu átt að byrja eða á tímabilinu 6.—9. maí til 6.—9. júní 1956".

Eins og atvikum er lýst, þykir rétt samkvæmt 213. gr. laga nr. 85/1936 að láta úrslit málsins velta á fyllingareiði sóknaraðilja.

Vinni sóknaraðili eið að því á lögmæltu varnarþingi eftir lögmæltan undirbúning, að hún hafi á tímabilinu 6.—9. maí til 6.—9. júní 1956 haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, X, einan karlmanna, þá skal hann talinn faðir barns hennar, meybarns, er hún ól 13. febrúar 1957, enda greiði hann meðlag með barninu, fæðingarstyrk, tryggingariðgjald barnsmóður fyrir yfirstandandi ár, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Vinni sóknaraðili eiðinn, greiði varnaraðili henni málskostnað.

Fallizt sóknaraðili á eiðnum, skal varnaraðili sýkn af kröfum hennar í málinu, enda greiði hún honum þá málskostnað, kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Vinni sóknaraðili, Y, innan 4 vikna frá dómsbirtingu og eftir lögmæltan undirbúning á lögmæltu varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi á tímabilinu 6. maí til 9. júní 1956 haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, X, einan karlmanna, skal hann talinn faðir að meybarni því, er hún ól 13. febrúar 1957, enda greiði hann meðlag með barninu, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar fyrir yfirstandandi ár, allt eftir yfirvaldsúrskurði. Varnaraðili greiði sóknaraðilja þá málskostnað, er telst hæfilegur kr. 500.00.

Fallizt sóknaraðili á eiðnum, skal varnaraðili sýkn af kröfum hennar, enda greiði hún honum þá málskostnað, kr. 500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför laga.

Miðvikudaginn 24. september 1958.

Nr. 113/1958. **Björn Bjarnason**
gegn
Hilmari Welding.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar:

Með kæru 26. júní þ. á., er barst Hæstarétti 1. ágúst þ. á., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja og Sigurði Péturssyni, en dómur þessi var upp kveðinn 24. júní þ. á. Krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði úr hendi varnaraðilja svo og kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Eftir málavöxtum þykir mega staðfesta úrlausn héraðsdóms um málskostnað.

Dómsorð:

Hið kærða málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. júní 1958.

Ár 1958, þriðjudaginn 24. júní, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, ásamt meðdómsmönnum þeim Sigurgeiri Guðmundssyni byggingarfræðingi og Þóroddi Hreinssyni húsameistara upp kveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 18. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. apríl 1957, af Hilmari Welding, þá til heimilis Hraunbrekku 10, hér, gegn þeim Birni Bjarnasyni, Norðurbraut 27 B og Sigurði Péturssyni bifreiðarstjóra, Lækjarkinn 20, báðum í Hafnarfirði, in solidum til að fá þá dæmda til að þola riftun á kaupum stefnanda á íbúð í húsinu nr. 10 við Hraunbrekku í Hafnarfirði, er fram fóru hinn 16/10 1956, svo og að fá þá dæmda til að endurgreiða andvirði hins selda í peningum, kr. 40.000.00, til að skila aftur skuldabréfi, er stefnandi gaf út til greiðslu

á hluta af andvirði íbúðarinnar, kr. 38.000.00, og til að losa stefnanda undan þeirri skyldu að borga áhvílandi skuldir á íbúðinni, en þær voru við afsalsgerð kr. 11.700.00. Þá er krafizt vaxta 7% p. a. af kr. 40.000.00 frá 16/10 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefndu er krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Í októbermánuði 1956 keypti stefnandinn, Hilmar Welding, íbúð í neðri hæð hússins nr. 10 við Hraunbrekku hér (kjallara) á kr. 90.000.00 samkvæmt tilboði, sem hann hafði gert fáum dögum fyrr. Greiddi hann 40 þús. kr. í peningum, gaf út skuldabréf kr. 38.300.00 og tók að sér greiðslu áhvílandi skuldar, kr. 11.700.00.

Telur stefnandi, að húsið hafi þá litið vel út, er hann flutti inn í það, nýir dúkar verið á gólfum og raki ekki sjáanlegur, enda hafði þurrkatíð þá verið búin að ganga lengi. Hins vegar hafi fljótt komið í ljós, að íbúðin hafi verið stórgölluð, því gólf og veggir hafi lekið og allt runnið út í slaga. Hafi svo mikil brögð verið að þessu, að íbúðin hafi ekki reynzt forsvaranlegur mannabústaður. Stefnandi hefur látið meta galla íbúðarinnar, og niðurstaða þessa mats varð sú, að til þess að gera íbúðina nothæfa þurfti að kosta upp á hana kringum 20.000.00 kr. eða meira en fimmta hluta kaupverðs. Stefnandi telur svo verulega galla á íbúðinni, að hann krefst riftunar á kaupum þessum.

Raunverulegur eigandi að umræddri íbúð var stefndi Björn Bjarnason, en skráður eigandi Sigurður Pétursson, sem gaf því út afsal fyrir henni til handa stefnanda.

Af hálfu stefnda er haldið fram, að stefnandi hafi skoðað íbúðina utan og innan áður en hann gerði kaupin og sætt sig við ástand hennar að öllu leyti, þó hann vissi, að einangrun í veggjum og gólfi væri áfátt. Jafnframt er því alveg neitað, að íbúðin hafi lekið, en hitt hafi verið stefnanda fullkunnugt, að raki hafi verið áður í íbúðinni. Enda hafi það ekki leynt sér. Stefnanda hafi því við kaupin verið kunnugt um þá galla, sem voru á íbúðinni, og engu leyndur í því efni.

Af gögnum, sem fram hafa verið lögð í málinu, svo og af framburðum vitna virðist ljóst, að í íbúðinni hafi verið mikill raki og bleyta, eftir að stefnandi fór að búa þar. Eitthvað virðist og hafa borið á leka, sennilega gegnum sprungur í veggjum, en hins vegar ekki fundizt lekastaðir í gólfi.

Þegar stefnandi keypti íbúðina, var honum kunnugt, að einangrun hennar væri áfátt og að húsið væri byggt úr holsteini, enda virðist verð íbúðarinnar hafa verið sett lægra vegna þess.

Í framlagðri matsgerð er á það bent, að einangrun vanti í gólf, því steypa þar, sem annars er fullnægjandi að þykkt, væri steypt beint á hraunið, án þess að sérstök einangrun væri gerð þar á milli. Í þessu sambandi vill dómurinn sérstaklega benda á, að slíkur frágangur á neðsta gólfi hafi tíðkazt hér í bæ í íbúðarhúsum til skamms tíma, þegar byggt var á hrauni, og er talið, að slíkt hafi ekki komið að sök.

Dómurinn telur, að gallar þeir, sem komið hafa fram í umræddri íbúð, séu ekki óeðlilega miklir, þegar það er haft í huga, að einangrun er mjög ófullkomin, húsið byggt úr holsteini, og gólf steypt beint á hraun, að því viðbættu, að nauðsynlegt viðhald hefur verið vanrækt, einkum utanhúss.

Telur dómurinn, að með góðri einangrun á veggjum og gólfi og betra viðhaldi utan húss og ef til vill lítils háttar endurbótum megi búast við, að gallar þeir, sem nú eru á íbúðinni vegna raka og bleytu, hyrfu a. m. k. að verulegu leyti.

Með vísun til þessa og með hliðsjón af því, að stefnanda var kunnugt um hina ófullkomnu einangrun, telur dómurinn, að eigi séu fyrir hendi fullnægjandi ástæður til riftunar á kaupum og verður krafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Björn Bjarnason og Sigurður Pétursson, skulu sýknir vera af kröfum stefnanda, Hilmars Weldings, í málinu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 24. september 1958.

Nr. 91/1958. **Ingi Ingimundarson**
gegn
Hermanni Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um lögmæti stefnufrests. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar:

Með kæru 18. júní þ. á., sem barst Hæstarétti 20. s. m., hefur sóknaraðili kært frávísunardóm uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 18. júní þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Héraðsdómsstefna í máli þessu er birt á réttum tíma dags og á 7 nátta fresti. Stefnubirting er því lögleg. Ber þess vegna að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 800.00.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varnaraðili, Hermann Sigurðsson, greiði sóknaraðilja, Inga Ingimundarsyni, kr. 800.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. júní 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Ingi Ingimundarson hdl., hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu birtri 5. þ. m. gegn Hermanni Sigurðssyni, Vesturbæ, Höfnum, Gullbringusýslu, til greiðslu víxils að fjárhæð kr. 1.700.00, útgefins 9. október 1957 af Hjálmtý Péturssyni, Barðavogi 36, og samþykkts af stefnda til greiðslu hinn 19. janúar 1958.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 1.700.00, auk 7% ársvaxta frá 19. janúar 1958 til greiðsludags, ½% víxilfjárhæðarinnar í þóknun og málskostnað að skaðlausu. Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið.

Í stefnu er stefnufrestur ákveðinn ein vika og er þingfesting málsins þar jafnframt ákveðin fimmtudaginn 12. þ. m. kl. 10. Stefna í máli þessu var birt fimmtudaginn 5. júní kl. 14.30. Verður að tela, að stefndi hafi samkvæmt þessu ekki haft fulla viku í stefnufrest. Þykir því bera að vísa máli þessu frá dómi ex officio, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Miðvikudaginn 24. september 1958.

Nr. 94/1958. **Gróa Jónasdóttir**
gegn
Elku G. Aradóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kært málskostnaðarákvæði fógetaréttarúrskurðar.

Dómur Hæstaréttar:

Páll Hallgrímsson sýslumaður hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 4. júní þ. á., er barst Hæstarétti 23. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði úrskurðar fógetadóms Árnessýslu, er upp var kveðinn 30. maí þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar á málskostnaðarákvæði í úrskurði fógeta og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 1500.00 í málskostnað í héraði. Þá ber og að dæma varnaraðilja til að greiða kærumálskostnað, er ákveðst kr. 1000.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, Elka G. Aradóttir, greiði sóknaraðilja, Gróu Jónasdóttur, kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og kr. 1000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Árnessýslu 30. maí 1958.

Í máli þessu hefur gerðarbeiðandi, frú Gróa Jónasdóttir, Eskihlíð 12B, Reykjavík, krafizt þess, að gerðarþoli, frú Elka G. Aradóttir, verði borin út af jörðinni Efri-Gröf í Villingaholtshreppi. Gerðarbeiðandi hefur einnig krafizt ómerkingar ummæla um hana í greinargerð talsmanns gerðarþola. Loks hefur gerðarbeiðandi krafizt málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar og ómerkingarkröfum gerðarbeiðanda og krafizt málskostunaðar að skaðlausu úr hendi gerðarbeiðanda.

Málið var eftir munnlegan flutning lagt undir úrskurð fógetaréttarins hinn 23. þ. m.

Hinn 11. júlí 1957 gerðu málsaðiljar, gerðarbeiðandi sem seljandi og gerðarþoli sem kaupandi, kaupsamning um jörðina Efri-Gröf í Villingaholtshreppi. Kaupverðið var ákveðið 200 þús. kr., er kaupandi skyldi greiða með því að:

1) taka að sér tvær tilgreindar veðskuldir á jörðinni, samtals að upphæð kr. 57.467.30, 2) greiða 35 þús. kr. hinn 1. október 1957, 3) greiða 40 þús. kr. hinn 15. desember 1957 og 4) gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum, kr. 67.532.70, með veði í jörðinni, til greiðslu á 7 árum með jöfnum afborgunum og 7% ársvöxtum. Í kaupsamningnum er einnig meðal annars fram tekið, að geti kaupandinn ekki staðið við samninginn, þá verði hún að flytja af jörðinni, þegar seljandi krefjist og þó aldrei síðar en 14. maí 1958.

Þegar að gerðum þessum kaupsamningi flutti gerðarþoli á jörðina, en komst áður en langt um leið að raun um, að auk framangreindra veðskulda hvíldi einnig á jörðinni þinglesin

löghaldsgerð, að fjárhæð kr. 49.549.03, auk vaxta frá 21. september 1955. Gerðarþoli leitaði þá til fyrirtækisins „Sala og samningar" í Reykjavík, — en það hafði aðstoðað hana við kaupsamningsgerðina — og lét fyrirtæki þetta með bréfi hinn 30. september 1957 tilkynna Pétri Jakobssyni fasteignasala sem umboðsmanni gerðarbeiðanda riftun kaupsamningsins og að umsamin greiðsla hinn 1. október yrði ekki innt af hendi. Aðalástæðan til riftunar var í bréfinu talin sú, að gerðarþoli hefði verið við samningsgerðina dulin þess, að löghaldið hvíldi á jörðinni. Í bréfinu var einnig tilkynnt, að gerðarþoli teldi sig hafa búseturétt á jörðinni til næsta vors og mundi hún hinn 14. maí 1958 flytja þaðan burtu, nema samningar um kaup jarðarinnar hefðu þá tekizt að nýju. Gerðarþoli hefur fyrir fógetaréttinum kannazt við, að bréf þetta hafi verið ritað og sent með vilja hennar og vitund.

Enda þótt báðir málsaðiljar hafi látið líklega um nýja kaupsamninsgerð um jörðina (gerðarþoli í bréfi 30. september 1957, dskj. 5), og gerðarbeiðandi í bréfi 21. febrúar 1958 (dskj. 4), virðist hvorug þeirra hafa aðhafzt neitt framar til þess að slíkt samkomulag næðist.

Gerðarbeiðandi styður kröfu sína með vísun til þess ákvæðis umrædds kaupsamnings, sem segir, að gerðarþoli skuli víkja af jörðinni í síðasta lagi 14. maí 1958, ef hún geti ekki staðið við samninginn, svo og til yfirlýsingar gerðarþola í bréfinu frá 30. september 1957 um, að hún mundi flytja af jörðinni nefndan dag, nema nýir samningar um jarðarkaupin hefðu þá tekizt.

Gerðarþoli byggir vörn sína á því, að hún hafi riftað kaupsamningnum, — ekki fyrir vangetu sjálfrar sín, — heldur fyrir stórlega rangar upplýsingar gerðarbeiðanda við samningsgerðina og sé hún (gerðarþoli) þess vegna óbundin af því ákvæði kaupsamningsins, sem ræðir um skyldu hennar til brottflutnings af jörðinni í síðasta lagi 14. maí 1958, sem af öðrum ástæðum samningsins. Gerðarþoli kveðst með tilkynningu sinni um brottflutning nefndan dag hafa viljað láta gerðarbeiðanda hafa óbundnar hendur um ráðstöfun jarðarinnar til sölu eða leigu, en þar sem undir rekstri málsins sé upplýst, að jörðinni sé með öllu óráðstafað og jarðeigendum sé að landslögum óheimilt að láta jarðir fara í eyði að nauðsynjalausu, þá krefjist hún þess að fá jörðina til leiguábúðar gegn hæfilegu eftirgjaldi, t. d. samkvæmt mati úttektarmanna, og að framgangi gerðarinnar verði því synjað.

Fógetadómurinn verður að líta svo á, að gerðarbeiðandi hafi átt að mega treysta því, að gerðarþoli flytti jörðinni samkvæmt yfirlýsingu hennar sjálfrar í bréfinu frá 30. september 1957, enda verður ekki séð, að gerðarþoli hafi gert neitt til að koma á samkomulagi af nýju um kaup jarðarinnar. Ekki verður heldur á það fallizt, að ákvæði ábúðarlaga um skyldu jarðeiganda til þess að byggja jarðir sínar veiti gerðarþola rétt til þess að fá ábúð jarðarinnar, enda órökstutt, að jörðin hljóti að fara í eyði við brottför hennar þaðan. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu útburðargerðar.

Ummæli þau í greinargerð talsmanns gerðarþola, sem gerðarbeiðandi hefur krafizt, að dæmd verði dauð og ómerk, eru rituð breyttu letri í eftirfarandi kafla úr greinargerðinni: „Í stað þess að gerðarbeiðandi iðraðist framkomu sinnar í sambandi við umrædd kaup, sendi hún umbj. m. ÓKURTEIST BRÉF MEÐ ÓSVÍFNUM FJÁRKRÖFUM. Umbj. m. virðist þessi framkoma gerðarbeiðanda geta til kynna að ÆTLUN HENNAR MEÐ FYRRGREINDRI BLEKKINGARSTARFSEMI HAFI VERIÐ SÚ AÐ HAFA ÚT ÚR SÉR FÉ — — — “

Ummæli þessi þykja ekki hafa verið réttlætt og ber því að dæma þau dauð og ómerk.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð á að ná fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Framangreind ummæli í greinargerð talsmanns gerðarþola, Jóhanns Steinasonar hdl., skulu vera dauð og ómerk.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 112/1958. **Halldór Kjartansson**
gegn
Steindóri Hjaltalín
og
Oddi Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vitni synjað að staðfesta vætti sitt. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar:

Með kæru 23. júní þ. á., sem hingað barst 28. júlí s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 19. júní þ. á. í máli varnaraðilja Steindórs Hjaltalíns gegn sóknaraðilja, þar sem synjað var kröfu um staðfestingu vættis varnaraðiljans Odds Sigurðssonar. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðiljanum Oddi heimilað að staðfesta vætti sitt. Sóknaraðili krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðiljans Steindórs Hjaltalíns eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili Steindór Hjaltalín krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Af hendi varnaraðiljans Odds Sigurðssonar hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu.

Svo sem í hinum kærða úrskurði greinir, seldi Steindór Hjaltalín f. h. Transport s/f, með samningi 28. júlí 1950, E. B. Malmqvist f. h. Landssambands blandaðra kóra flugvélina TF-CUB fyrir kr. 60.000.00. Skyldi kaupverðið greiðast þannig: Kr. 10.000.00 við undirritun samningsins, kr. 10.000.00 á hverjum gjalddaganna 15. september 1950, 5. janúar 1951 og 5. apríl 1951 og loks kr. 20.000.00 hinn 20. júní 1951. Af skuldinni, eins og hún væri á hverjum tíma, skyldu greiðast 5% vextir. Hinn 13. nóvember 1950 undirritaði sóknaraðili, Halldór Kjartansson, skjal, þar sem því er lýst, að Transport s/f skuldi varnaraðilja Steindóri

Hjaltalín kr. 10.000.00 vegna sölu flugvélarinnar, sem verði gjaldkræfar, þá er Landssamband blandaðra kóra greiði síðustu afborgun af kaupverði flugvélarinnar. Í máli þessu sækir varnaraðili Steindór Hjaltalín sóknaraðilja til greiðslu nefndra sölulauna, enda hafi Transport s/f verið máð úr firmaskrá Reykjavíkur hinn 18. maí 1950. Sóknaraðili reisir vörn sína gegn kröfunni á atriðum, sem komu fram í vætti Odds Sigurðssonar, starfsmanns hans, en Oddur hafði á hendi innheimtu á söluverði flugvélarinnar. Oddur kveður, að Malmquist hafi einungis verið búinn að greiða kr. 50.000.00, þá er félagi sóknaraðilja, Friðþjófur O. Johnson, sem nú er andaður, ritaði fullnaðarkvittun á kaupsamning flugvélarinnar hinn 19. september 1951. Hafi Malmquist fengið kaupsamninginn kvittaðan gegn því, að hann, Malmquist, gerði varnaraðilja Steindóri Hjaltalín skil á hans sölulaunum. Þessu munnlega samkomulagi hafi Malmquist gengið frá síðar og barið því við, að hann hafi greitt flugvélina að fullu. Malmquist hefur fyrir dómi neitað því, að þess hafi verið farið á leit við hann, þá er honum var gefin fullnaðarkvittun fyrir kaupverði flugvélarinnar, að hann tæki að sér greiðslur til varnaraðilja Steindórs Hjaltalíns af söluverði vélarinnar. Verður það helzt ráðið af framburði Malmquists, að hann telji sig hafa staðið full skil á andvirði flugvélarinnar.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hefur vitnið Oddur Sigurðsson svo mikilla siðferðislegra og fjárhagslegra hagsmuna sinna að gæta í málinu, að varhugavert telst, að hann staðfesti vætti sitt með eiði eða drengskaparheiti, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja Steindóri Hjaltalín kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Halldór Kjartansson, greiði varnaraðilja

Steindóri Hjaltalín kr. 1000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1958.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 24. marz s.l., hefur Steindór Hjaltalín, Flókagötu 16, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. nóvember 1953, gegn Halldóri Kjartanssyni, Ásvallagötu 77, hér í bænum, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 10.000.00 með 6% ársvöxtum frá 19. október 1951 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt skuldayfirlýsingu, dagsettri 13. nóvember 1950, undirritaðri af stefnda f. h. Transport s/f. Stefnandi kveður Transport s/f hafa verið afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur 18. maí 1950.

Málavextir eru þessir: Með samningi, dagsettum 28. júlí 1950, seldi Transport s/f Landssambandi blandaðra kóra flugvélina TF-CUB fyrir kr. 60.000.00. Er samningur þessi undirritaður af stefnda f. h. seljanda og af E. B. Malmquist f. h. kaupanda. Um greiðslu kaupverðs segir svo í samningi þessum: „Kr. tíu þúsund krónur 00/100 við undirskrift þessa samnings. Síðan tíu þúsund krónur 00/100 í hvert skipti þann 15. september 1950, 5. janúar 1951, 5. apríl 1951 og loks tuttugu þúsund krónur 00/100 20. júní 1951. Af skuldinni, eins og hún er á hverjum tíma, greiðast vextir 5% p. a." Hinn 19. september 1951, að því er bezt verður séð, var af hálfu seljanda rituð fullnaðarkvittun á kaupsamninginn og mun hann síðan hafa verið afhentur E. B. Malmquist f. h. kaupanda. Af hálfu seljanda var fullnaðarkvittun þessi undirrituð af Friðþjófi O. Johnson, sem nú er látinn.

Stefndi reisir varnir sínar á því, að á milli stefnanda og umboðsmanns kaupanda flugvélarinnar hafi komizt á samkomulag um að skipta umræddum kr. 10.000.00 að jöfnu milli þeirra tveggja. Hafi umboðsmaður kaupanda, E. B. Malmquist, fengið umrædda fullnaðarkvittun gegn því að greiða aðeins kr. 50.000.00 af kaupverðinu á þeirri forsendu, að þær kr. 10.000.00, sem eftir stæðu, yrðu greiddar stefnanda og umræddum E. B. Malmquist.

Í máli þessu hefur verið lagt fram ýtarlegt vottorð Odds Sigurðssonar, fulltrúa stefnda, um afskipti hans af viðskiptum þessum. Kemur þar fram, að Oddur hefur af hálfu seljanda að mestu

leyti tekið við greiðslum afborgana kaupverðsins og samið um breytingar á þeim, þó í samráði við eigendur Transport s/f. Einnig kemur fram í vottorðinu, að fullnaðaruppgjör á greiðslum kaupverðsins muni að einhverju leyti hafa farið fram samkvæmt upplýsingum Odds um eftirstöðvar kaupverðsins.

Oddur Sigurðsson hefur komið fyrir dóm í máli þessu og borið vitni um þessi afskipti hans af viðskiptum þessum.

Af hálfu stefnanda hefur framburði vitnisins Odds verið mótmælt sem röngum, vilhöllum og óstaðfestum. Af hálfu stefnda hefur verið krafizt, að vitninu Oddi verði heimilað að staðfesta vætti sitt hér fyrir dómi með eiði eða drengskaparheiti. Af hálfu stefnanda hefur því verið mótmælt, að vitninu verði heimiluð staðfestingin, þar sem það sé háð stefnda og úrslit málsins kunni að skipta máli fyrir það. Af hálfu stefnda hefur því verið mótmælt, að vitnið sé óvilhallt eða þannig riðið við mál þetta að synja beri því um heimild til staðfestingarinnar.

Var atriðið tekið til úrskurðar.

Þegar virt eru afskipti vitnisins Odds Sigurðssonar af viðskiptum þeim, sem liggja til grundvallar máli þessu, þá þykir vitnið svo við mál þetta riðið og afstaða þess gagnvart stefnda slík, að varhugavert sé að heimila því að staðfesta vætti sitt í máli þessu. Verða því mótmæli lögmanns stefnanda gegn staðfestingunni tekin til greina.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Vitninu Oddi Sigurðssyni verður eigi leyft að staðfesta vætti sitt í máli þessu.

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 92/1958. **Ingolf Petersen**
gegn
Lúðvíg Eggertssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun frá Hæstarétti. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar:

Með kæru 19. júní þ. á., er barst Hæstarétti 21. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 12. s. m., í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja og Sælgætisgerðinni Fríðu. Sóknaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Kæra máls þessa er nægilega snemma fram komin.

Þar sem sóknaraðili hefur látið hjá líða að hafa uppi kröfur í kærumáli þessu og senda greinargerð, vísast málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti. Þá verður sóknaraðilja og dæmt að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Sýnt er, að kæra máls þessa er gerð í því einu skyni að tefja héraðsdómsmál aðilja að óþörfu. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 14/1948, verður því kæranda, Ingolf Petersen, dæmt að greiða 600 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Kærumáli þessu vísast frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Ingolf Petersen, greiði varnaraðilja, Lúðvíg Eggertssyni, kr. 1500.00 í kærumálskostnað.

Ingolf Petersen greiði 600 króna sekt í ríkissjóð, og

komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1958.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 10. þ. m., hefur Lúðvíg Eggertsson kaupmaður, Hverfisgötu 32, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 31. f. m., gegn Ingolf Petersen, Ingólfsstræti 13, Reykjavík, persónulega svo og gegn Ingolf Petersen f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð kr. 12.870.00, útgefins 1. maí 1958 af Ingolf Petersen og samþykkts af honum f. h. Sælgætisgerðarinnar Fríðu til greiðslu í Útvegsbankanum í Reykjavík hinn 15. maíi 1958, en á víxli þessum, sem afsagður var vegna greiðslufalls hinn 17. maí 1958, er útgefandi ábekingur.

Stefnandi hefur krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða honum fjárhæð víxilsins, kr. 12.870.00, með 7% ársvöxtum frá 15. maí 1958 til greiðsludags, kr. 31.00 í stimpilkostnað, kr. 116.00 í banka- og afsagnarkostnað og málskostnað eftir mati dómsins.

Mál þetta var þingfest 3. þ. m. Af hálfu stefnanda var þá lagt fram stefna og fyrrgreindur víxill. Stefndi, Ingolf Petersen, sótti sjálfur þing og fékk hann viku frest til ritunar greinargerðar. Er málið var tekið fyrir á ný hinn 10. þ. m., mætti stefndi ekki sjálfur, en sendi umboðsmann fyrir sig. Óskaði umboðsmaðurinn eftir tveggja vikna framhaldsfresti til greinargerðar. Umboðsmaður stefnanda neitaði að veita frekari frest í málinu. Var atriðið þá tekið til úrskurðar samkvæmt kröfu umboðsmanns stefnda.

Mál það, sem hér er um að ræða, er víxilmál, sem höfðað er samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936. Varnir, sem hafðar verða uppi í málinu, eru því takmarkaðar. Af hálfu varnaraðilja hefur ekki verið gerð nein grein fyrir því, hvers vegna þegar veittur frestur hefur ekki nýtzt, en hann þykir, eins og atvikum er háttað, nægjanlegur. Af þessum sökum er ekki unnt, gegn mótmælum stefnanda, að veita hinn umbeðna frest.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktarorð:
Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 96/1958. **Karl Sawitsky**
gegn
Inga B. Ársælssyni og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærð ákvæði héraðsdóms um frávísun og málskostnað.

Dómur Hæstaréttar:

Með kæru 19. júní 1958, er barst Hæstarétti 23. s. m., hefur aðalkærandi kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Kópavogs frá 12. s. m., en með dómi þessum var gagnsök aðalkæranda í máli gagnkæranda á hendur honum vísað frá dómi, en málskostnaður skyldi falla niður. Krefst aðalkærandi þess, að hinn kærði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar bæði úr hendi gagnkæranda persónulega og fyrir hönd umboðs- og heildverzlunarinnar Orbis.

Gagnkærandi hefur fyrir sitt leyti kært málskostnaðarákvæði framangreinds frávísunardóms með kæru 19. júní 1958, sem barst Hæstarétti ásamt aðalkærunni. Krefst hann málskostnaðar að skaðlausu í gagnsök í héraði, en að hinn kærði dómur verði að öðru leyti staðfestur. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi aðalkæranda.

Með skírskotun til raka hins kærða dóms ber að staðfesta frávísun frá héraðsdómi á kröfu aðalkæranda um kr. 3600.00, sem hann telur töpuð laun sín sumarið 1957, og á kr. 4139.64 af kr. 4524.19, sem hann telur útlagt fé af sinni hálfu. Hins vegar þykja ekki næg rök til að vísa frá héraðsdómi kr. 384.55 (þ. e. jafnvirði 84.74 þýzkra marka) af hinni síðargreindu fjárhæð, sem aðalkærandi telur sig

hafa lagt út vegna fatakaupa fyrir gagnkæranda, né kr. 130.00, sem hann telur sig hafa greitt í þágu gagnkæranda fyrir leikhúsmiða.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðalkærandi greiði gagnkæranda kr. 1200.00 í málskostnað í héraði í þeim þáttum gagnsakar, sem vísað er frá héraðsdómi, en að hvor aðilja beri sjálfur kostnað sinn af kærumáli þessu.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar kr. 7739.64 af fjárhæð gagnsakar í héraði. Að öðru leyti er gagnsökinni vísað heim í hérað til dómsálagningar að efni til.

Aðalkærandi, Karl Sawitsky, greiði gagnkæranda, Inga B. Ársælssyni, kr. 1200.00 í málskostnað í héraði að viðlagðri aðför að lögum.

Hvor aðilja beri sjálfur kostnað sinn af kærumáli þessu.

Dómur bæjarþings Kópavogs 12. júní 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Ingi B. Ársælsson, Öldugötu 18 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. febrúar 1958, gegn Karli Sawitzky, Borgarholtsbraut 35, hér í bæ, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 6.500.00 með 6% ársvöxtum frá 4. febrúar 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómsins.

Með gagnstefnu, útgefinni 2. apríl 1958, höfðaði stefndi gagnsök og sakaukamál. Gerði gagnstefnandi þær dómkröfur, að gagnstefndi (aðalstefnandi) yrði persónulega og fyrir hönd Orbis Trading Company dæmdur til að greiða honum kr. 8.254.19 með 6% ársvöxtum af kr. 8.121.19 frá 1. ágúst 1957 til 31. desember 1957 og af kr. 8.254.19 frá þeim tíma til greiðsludags, ásamt málskostnaði að skaðlausu.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu í gagnsök og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnstefnanda.

Málsatvik eru samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, að aðalstefndi hefur undirritað skuldaryfirlýsingu, dagsetta 4. febrúar 1957, um að hafa þann dag móttekið kr. 6.500.00 frá aðalstefnanda og jafnframt viðurkennir hann að skulda aðalstefnanda þá uphæð. Aðalstefnandi kveðst hafa kynnzt aðalstefnda, sem er þýzkur, og hafa veitt honum ráð og leiðbeiningar. Í desember 1956 kveður hann aðalstefnda hafa beðið sig um lán og hafi hann veitt það. Þetta lán kveður hann aðalstefnda hafa endurgreitt á gjalddaga. Um mánaðamótin janúar og febrúar 1957 kveður aðalstefnandi aðalstefnda hafa falazt eftir 6500 króna láni, sem greiðast átti eftir 1—2 mánuði, og hafi hann veitt honum það gegn einfaldri kvittun, enda hafi hann þá treyst aðalstefnda. Síðar kveðst aðalstefnandi hafa lánað aðalstefnda kr. 5.000.00, sem hann hafi sett fulla tryggingu fyrir og greitt í tvennu lagi 28. ágúst 1957 og 27. september 1957. Kveður aðalstefnandi sér þá hafa verið ljóst, að aðalstefndi væri varhugaverður í viðskiptum og því hafa útbúið skuldaryfirlýsinguna á dskj. nr. 2, sem aðalstefndi hafi skrifað undir af fúsum vilja, eftir að hafa athugað efni hennar, gegn afhendingu upphaflegu greiðslukvittunarinnar. Kveðst aðalstefnandi þá hafa marg-krafið aðalstefnda um greiðslu þessarar skuldar, en hann hafi alltaf beðið um fresti. Hafi hann síðan neyðzt til að stefna honum.

Aðalstefndi kveðst ekki hafa fengið 6500 íslenzkar krónur hjá aðalstefnanda í desember 1956. Hins vegar viðurkennir hann að hafa fengið 6500 íslenzkar krónur hjá aðalstefnanda hinn 4. febrúar 1957. Hann kveðst hafa undirritað skuldaryfirlýsingu á dskj. nr. 2. Hann kveðst hafa skilið efni þeirrar yfirlýsingar nokkurn veginn og spurt aðalstefnanda um innihaldið og hafi hann svarað, að þetta væri skuldayfirlýsing fyrir þessari ákveðnu upphæð fyrir eitthvað ótiltekið. Aðalstefndi heldur því fram, að fjárgreiðslan 4. febrúar 1957 hafi ekki verið lán, heldur greiðsla, en hefur ekki viljað skýra frá fyrir hvað greiðslan hafi verið né lagt fram gögn um það.

Skal nú vikið að gagnsök og sakaukamáli.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsök og sakaaukmáli eru sundurliðaðar þannig, að töpuð laun séu kr. 3.600.00, útlagt fé kr. 4.524.19 og lán til gagnstefnda kr. 130.00, samtals kr. 8.254.19.

Gagnstefnandi rökstyður kröfur sínar þannig, að hann hafi farið til Þýzkalands 1. júlí 1957 og ætlað að koma aftur eftir 2—3 vikur. Hins vegar hafi erindi, er hann hafi rekið fyrir

gagnstefnda og firma hans, Orbis Trading Company, valdið 2—3 vikna töf hans í Vestur-Þýzkalandi, en það hafi verið sá tími, sem nauðsynlegur hafi verið til að ljúka erindum fyrir Orbis Trading Company og gagnstefnda. Launatap hans fyrir þetta tímabil hjá vinnuveitanda hans, Efnalauginni Glæsi, hafi orðið kr. 3.600.00. Útlagt fé fyrir gagnstefnda og Orbis Trading Company telur gagnstefnandi D.M. 996.72 eða ísl. kr. 4.524.19. Þar af hafi D.M. 84.72 verið vegna fatakaupa fyrir gagnstefnda. Síðasta lið kröfunnar telur gagnstefnandi útlagt fé fyrir leikhúsmiða fyrir gagnstefnda.

Í gagnsökinni og aukamáli eru, eins og að framan greinir, kröfur gerðar á hendur gagnstefnda sjálfum og gegn Orbis Trading Company. Í gagnstefnu kemur fram, að hluti stefnukröfunnar, þ. e. kr. 130.00, og jafnvirði D.M. 84.72, eru vegna gagnstefnda persónulega, en að öðru leyti verður ekki séð af stefnu eða öðrum skjölum málsins, að hve miklu leyti stefnukröfur eru vegna krafna á gagnstefnda persónulega og að hve miklu leyti vegna Orbis Trading Company. Virðast málsaðiljar fara með málið svo sem gagnstefndi og Orbis Trading Company sé einn og sami aðilinn. Eru þó engin gögn færð fyrir, að svo sé. Í málinu hafa komið fram atriði, sem benda til að Orbis Trading Company sé félagsskapur fleiri manna, en engar fullnægjandi upplýsingar hafa komið fram um, hvers konar fyrirtæki Orbis Trading Company sé, hverjir sé eigendur þess eða fyrirsvarsmenn. Eigi eru heldur neinar upplýsingar um, hvort Orbis Trading Company sé skráð firma eða ekki.

Framangreind vanreifun málsins, sem m. a. þykir útiloka að afstaða verði tekin til, hvort uppfyllt hafi verið skilyrði 1. og 2. málsliðs 46. gr. laga nr. 85/1936, þykir eiga að varða frávísun gagnsakar og sakaukamáls frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök og aukamáli falli niður.

Að öðru leyti þykir rétt, að málið hvíli, á meðan kærufrestur líður eða, ef kært verður, kærumál fær afgreiðslu í Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnsök og sakaaukamáli er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður í gagnsök og sakaaukamáli.

Að öðru leyti hvílir málið, meðan kærufrestur líður eða kærumál fær afgreiðslu í Hæstarétti.

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 115/1958. **Ákæruvaldið**
gegn
Thomas R. Roberts.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kært ákvæði héraðsdóms um réttarfarssekt.

Dómur Hæstaréttar:

Guðjón Valgeirsson, fulltrúi lögreglutjórans á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Stefán Guðjohnsen héraðsdómslögmaður hefur með kæru 5. júní 1958, er hingað barst 9. ágúst s. l., kært til Hæstaréttar ákvæði í dómi sakadóms Keflavíkurflugvallar um réttarfarssekt, sem honum var gert að greiða. Hann krefst þess, að sektarákvæðið verði fellt niður og honum endurgreiddur kostnaður af kærumálinu.

Ummæli þau í varnarskjali í héraði um tvo nafngreinda lögreglumenn og héraðsdómarann, sem kæranda er dæmd sekt fyrir, eru mjög meiðandi fyrir þá og hafa ekki verið réttlætt. Er sektin fyrir þau engan veginn of hátt ákveðin. Verður kærunni því ekki sinnt.

Dómsorð:

Hið kærða dómsákvæði á að vera óraskað.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 4. júní 1958.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Thomas Russel Roberts varnarliðsmanni, Brekkustíg 8, Ytri-Njarðvík, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, dagsettu 7. maí s.l., fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, með því að aka bifreiðinni J 02144 eftir vegum á Keflavíkurflugvelli undir áhrifum áfengis föstudaginn 21. febrúar 1958 um kl. 21.45, til vara fyrir að aka nefndri bifreið haldinn slíkri þreytu eða sljóleika sökum undanfarinnar neyzlu áfengis, að hann gat ekki á

tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni, en það varðar við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga.

Ákærist því nefndur Thomas Russel Roberts til refsingar samkvæmt 45. gr. áfengislaga og 38. gr. bifreiðalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur. Hann er fæddur 1. janúar 1914 í Kansas, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og hefur áður, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum hér á landi:

Á Keflavíkurflugvelli:

1956 7/9 Sátt, 400 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
1957 13/5 Sátt, 600 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
— 12/3 Sátt, 400 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

Málavextir eru þeir, að föstudaginn 21. febrúar s.l. kl. 21.45 kom ákærði akandi í bifreiðinni J 02144 í aðalhlið Keflavíkurflugvallar á leið út af flugvallarsvæðinu. Við athugun á ákærða, sem þarna fór fram, vegna þess að lögreglumaður hafði séð bifreiðina renna til á veginum nokkru ofan við hliðið, fannst lögreglumanni nr. 1, vitninu Bjarna Júlíusi, nauðsynlegt, að hann (ákærði) væri færður til blóðtöku vegna alkóhólsrannsóknar, en henni neitaði ákærði.

Vitnið Bjarni Júlíus Gíslason lögregluþjónn ber, að ákærði hafi verið alláberandi undir áhrifum áfengis, er hann kom akandi í flugvallarhliðið umrætt sinn, og nefnir til marks um það, að sterka áfengislykt hafi lagt af vitum hans, hann hafi verið loðmæltur og reikull í spori, og að augu hans hafi verið vot og þrútin.

Vitnið Sigurður Björn Jónsson lögregluþjónn segir, að ákærði hafi verið áberandi ölvaður, er hann kom akandi í flugvallarhliðið umrætt sinn. Byggir vitnið það á því, að sterka áfengislykt hafi lagt af vitum hans, hreyfingar hans hafi verið mjög óvissar, augu hans sljó og litarháttur rauður og málfar drafandi.

Ákærði viðurkenndi í áheyrn beggja þessara vitna að hafa neytt áfengis um kvöldið, en gat ekki um hve mikils.

Vitnið Einar Ingimundarson lögregluþjónn var staddur á hersjúkrahúsi, er komið var með ákærða þangað umrætt sinn. Vitnið segir ákærða hafa þá verið áberandi ölvaðan og telur til marks um það, að greinilega áfengislykt hafi lagt af vitum hans, hreyfingar hans verið allfálmkenndar, málrómur drafandi og ræða samhengislaus.

Öll þessi vitni hafa unnið eið að framburðum sínum.

Vitnið Andrew Joseph Sayers höfuðsmaður var í samkvæmi með ákærða umrætt kvöld, áður en hann var handtekinn. Vitnið getur ekki sagt um, hvort ákærði neytti þarna áfengis eða ekki. Vitnið sá ákærða um það leyti, sem hann fór, og tók þá ekki eftir neinum ölvunarmerkjum á honum. Vitnið kveðst hafa neytt 2—3 glasa af áfengi í samkvæminu á þeim tíma, sem ákærði var þar.

Vitnið Marie Baily sá ákærða neyta einhvers áfengis í samkvæminu, en getur ekki sagt um hve mikils. Þá tók vitnið ekki eftir því, hvort ákærði var drukkinn umrætt sinn eða ekki. Sjálft kvaðst vitnið hafa neytt lítilsháttar víns í samkvæminu.

Vitnið John Imon Baily sá ákærða neyta 2—3 glasa af víni í samkvæminu, en telur, að hann hafi ekki orðið drukkinn af því. Ákærði yfirgaf samkvæmið laust eftir kl. 21.00 um kvöldið.

Ákærði hefur sjálfur komið fyrir dóm og skýrt frá því, að hann hafi í samkvæmi umrætt kvöld neytt þriggja glasa af whiskyblöndu á tímabilinu frá kl. um 19.00 til kl. um 20.30, Um kl. 21.30 kveðst hann hafa yfirgefið samkvæmið og neitar algerlega að hafa fundið til áfengisáhrifa, er hann ók og verið í alla staði vel fyrirkallaður þá.

Með framburði vitnanna Bjarna Júlíusar, Sigurðar Björns og Einars, sem öll hafa unnið eið að framburðum sínum, þrátt fyrir framburð ákærða, þykir sannað, að hann, ákærði, hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni J 02144 eftir vegum á Keflavíkurflugvelli föstudaginn 21. febrúar s.l. um kl. 21.45 og þar með gerzt brotlegur við þau ákvæði laga, sem í aðalkæru ákæruskjals greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 45. gr. áfengislaga og 38. gr. bifreiðalaga, sbr. lög nr. 6/1951, 1600.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Frá sama tíma ber samkvæmt 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða ökuleyfi í 6 mánuði.

Eftir málalokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Guðjohnsens hdl., kr. 600.00.

Í skriflegri vörn sinni hefur skipaður verjandi ákærða, Stefán Guðjohnsen, viðhaft mjög ósæmileg og hneykslanleg ummæli um lögreglumenn þá, sem bera vitni í málinu, svo og dómarann, m. a. svofelld: „Í frumskýrslu lögregluþjónsins Sigurðar B. Jóns-

sonar segir, að skjólst. m. hafi alls ekki talizt ferðafær sökum áberandi ölvunar og telur þar til sönnunar ýms einkenni. Bjarni J. Gíslason lögregluþjónn tekur hins vegar ekki svona mikið upp í sig, en segir, að hann hafi verið alláberandi undir áhrifum áfengis. Hér á er mikill munur, sem bendir til þess, að annar hvor, sennilega sá fyrrnefndi, fari með rangt mál og það vísvitandi, og hafi hann hér því unnið rangan eið". „Sem betur fer kemur ýmislegt fram í þessu máli, sem bendir eindregið til þess að lögreglumennirnir vinni hér eið að meiru en þeir geta staðið við". „En það vill svo til, að þessi maður (herlæknir) er ekki kallaður fyrir dóminn sem vitni. Mér er nær að halda, að rannsóknardómaranum hafi hér ekki yfirsézt, heldur sé þetta gert af ásettu ráði." „Nei, hér ber allt að sama brunni og í nokkrum öðrum málum, sem ég hef haft afskipti af fyrir þessum virðulega dómi. Sjálfsögðum málskjölum er stungið undir stól og maður er síðan vændur um málalengingar og þras, geri maður kröfu um, að sjálfsögð málsmeðferð sé viðhöfð. Vottar eru engir hafðir við réttarhöldin og sakavottorðs er ekki aflað". „Þótt full ástæða væri til framhaldsrannsóknar, geri ég ekki kröfu um hana, svo sem mál þetta er vaxið, en legg málið í dóm . . ."

Ber því samkvæmt 160. gr. sbr. 159. gr. laga nr. 27 frá 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála að dæma hann í 500.00 króna sekt til ríkissjóðs vegna ummæla þessara.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Ákærði, Thomas Russel Roberts, greiði 1600.00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Frá sama tíma er ákærði sviptur ökuleyfi í 6 mánuði. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Guðjohnsens hdl., kr. 600.00.

Stefán Guðjohnsen hdl. greiði kr. 500.00 í réttarfarssekt til ríkissjóðs.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 114/1958. **Ákæruvaldið**
gegn
Lon Midkiff.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kært ákvæði héraðsdóms um réttarfarssekt.

Dómur Hæstaréttar:

Guðjón Valgeirsson, fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Stefán Guðjohnsen héraðsdómslögmaður hefur með kæru 28. maí 1958, er hingað barst 9. ágúst s.l., kært til Hæstaréttar ákvæði í dómi sakadóms Keflavíkurflugvallar um réttarfarssekt, sem honum var gert að greiða. Hann krefst þess, að sektarákvæðið verði fellt niður og honum endurgreiddur kostnaður af kærumálinu.

Ummæli þau í varnarskjali í héraði um héraðsdómarann, sem kæranda er dæmd sekt fyrir, eru mjög meiðandi fyrir dómarann og hafa ekki verið réttlætt. Er sektin fyrir þau engan veginn of hátt ákveðin. Verður kærunni því ekki sinnt.

Dómsorð:

Hið kærða dómsákvæði á að vera óraskað.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 28. maí 1958.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða, Lon Midkiff varnarliðsmanni, Keflavíkurflugvelli, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, dagsettu 16. apríl s.l., fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, með því að aka bifreiðinni VL-E-608 eftir vegum Keflavíkurflugvelli undir áhrifum áfengis föstudaginn 14. marz 1958 um kl. 21.00, til vara fyrir að aka nefndri bifreið haldinn slíkri þreytu eða sljóleika sökum undanfarinnar neyzlu áfengis, að hann gat ekki á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni, en það varðar við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaganna.

Ákærist því nefndur Lon Midkiff til refsingar samkvæmt 45. gr. áfengislaga og 38. gr. bifreiðalaga, sbr. 2. gr. laga 6/1951, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur. Hann er fæddur 26. apríl 1930 í West-Virginia, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og hefur ekki, svo kunnugt sé, áður sætt kærum né refsingum hér á landi.

Málavextir eru þeir, að föstudaginn 14. marz s.l. kl. 21.00 kom bifreiðin VL-E-608 í aðalhlið Keflavíkurflugvallar á leið út af flugvallarsvæðinu og var ökumaður ákærði í máli þessu. Er ákærði var að opna farangursgeymslu bifreiðarinnar þarna í hliðinu vegna tollleitar, kveðast lögrglumenn, sem þar voru, hafa veitt því athygli, að hann riðaði á fótum. Ákærði var nú nánar athugaður, þar sem grunur lá á, að hann gæti verið með áfengisáhrifum. Er ákærði hafði verið fluttur til læknis til blóðtöku vegna alkóhólrannsóknar, þá neitaði ákærði henni.

Ákærði hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því, að hann hafi neytt tveggja glasa af vínblöndu um kl. 18.00 umræddan dag. Annars áfengis kveðst ákærði ekki hafa neytt umræddan dag. Um kl. 21.00 kveðst hann hafa ekið í bifreiðinni VL-E 608 og ætlað niður í Njarðvík, en í flugvallarhliðinu verið stöðvaður og grunaður um ölvun við akstur. Þá kveðst ákærði ekki hafa fundið til áfengisáhrifa af nefndri drykkju og verið vel upplagður, er hann ók umrætt sinn.

Vitnið Ingvi Brynjar Jakobsson varðstjóri talaði við ákærða í flugvallarhliðinu umrætt sinn. Kveðst vitnið hafa fundið greinilega áfengislykt af vitum hans, málfar hans hafi verið drafandi og göngulag nokkuð riðandi. Vitnið telur, að ákærði hafi verið undir greinilegum áfengisáhrifum umrætt sinn.

Vitnið Sigurgeir Þorvaldsson lögregluþjónn var á verði í aðalhliði Keflavíkurflugvallar, er ákærði kom þangað akandi í nefndri bifreið umrætt sinn. Vitnið, sem var inni í varðskúrnum, sá, er ákærði var að opna farangursgeymsluna. Vitnið fannst ákærði óstöðugur og kallaði því í vitnið Ingva Brynjar og bað það að athuga málið nánar með sér, sem það og gerði ásamt vitninu. Vitnið fann greinilegan vínþef af vitum ákærða og málfar hans var nokkuð drafandi. Vitnið telur, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis umrætt sinn.

Bæði þessi vitni hafa unnið eið að framburði sínum.

Vitnið Willis Edward Anderson, læknir í varnarliðinu, hafði tal af ákærða kl. 21.30 umrætt sinn. Vitnið kveðst ekki vera viss

um, hvort áfengislykt hafi verið af honum þá, en segir, að hann (ákærði) hafi verið lítið eitt óviss í hreyfingum og málfar hans lítið eitt hægt. Þá kveðst vitnið ekki þekkja ákærða og því geti þessi einkenni verið eðlileg, hvað hann snerti. Sérlega aðspurt segir vitnið, að það vilji ekki kveða fastar á um ástand ákærða umrætt sinn en það, að hann hafi neytt áfengis áður en hann kom til sín, annaðhvort lítið stuttu áður eða nokkru meira og þá lengra liðið á milli.

Með framburði vitnanna Ingva Brynjars og Sigurgeirs, sem bæði hafa unnið eið að framburðum sínum, svo og með hliðsjón af framburði vitnisins Andersons, sem hafði afskipti af ákærða um hálfri klukkustundu eftir handtöku hans, þrátt fyrir neitun ákærða sjálfs, þykir sannað, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni VL-E 608 að aðalhliði Keflavíkurflugvallar föstudaginn 14. marz 1958 um kl. 21.00 og þar með brotið þau ákvæði laga, sem í aðalkæru greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 45. gr. áfengislaga og 38. gr. bifreiðalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, 1600.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber samkvæmt 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða ökuleyfi í 6 mánuði frá sama tíma.

Eftir málalokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna M. Jónssonar, kr. 600.00.

Í skriflegri vörn sinni hefur lögmaður ákærða, Stefán Guðjohnsen hdl. viðhaft mjög ósæmileg og hneykslanleg ummæli um rannsóknardómarann og embættið, m. a. svofelld: „yfirheyrsla skjólst. m. tekur heilar 8 línur vélritaðar. Hvernig má það eiginlega vera, að það líðist, að hlaupið sé á þvílíku hundavaði, liggur mér við að segja, yfir mál, sem, ef sakfellt er, hafa jafnmikla réttindaskerðingu í för með sér". „Þá er annað atriði, sem ég fæ ekki skilið, hvernig hinn virðulegi rannsóknardómari getur fengið af sér, en það er beinlínis að stinga málsskjali undir stól ... þessa skjals er getið í lögregluskýrslunni, en kemur síðan alls ekki fram í málinu ... en því miður er þetta ekki eindæmi hjá því virðulega embætti, sem fjallar um þetta mál". „Manni verður ósjálfrátt að spyrja, hvort sakborningur sé fyrirfram dæmdur sekur og ekki talið ómaksins vert að láta koma fram það, sem ef til vill gæti orðið honum til málsbóta. Slík meðferð opinbers

máls er að sjálfsögðu með öllu ófær og ekki sæmandi löglærðum rannsóknardómara að láta frá sér fara".

Ber því samkvæmt 160. gr. sbr. 159. gr. laga nr. 27 frá 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála að dæma hann í 500.00 króna sekt til ríkissjóðs vegna ummæla þessara.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Ákærði, Lon Midkiff jr., greiði 1600.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Frá sama tíma er ákærði sviptur ökuleyfi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna M. Jónssonar, kr. 600.00.

Stefán Guðjohnsen hdl. greiði kr. 500.00 í réttarfarssekt til ríkissjóðs.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 30/1958. **Kristinn Indriðason** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Oddi Jónssyni (Benedikt Sigurjónsson hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Mál til heimtu kostnaðar af yfirmatsgerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1958. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 7096.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 28.392.00 frá 14. marz 1956 til 22.

nóvember 1957 og af kr. 7096.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál. Til vara krefst stefndi þess, að honum verði einungis dæmt að greiða áfrýjanda kr. 4296.00 með 6% ársvöxtum frá 24. júlí 1957 til greiðsludags og hvorum aðilja verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu.

Loks krefst stefndi málflutningslauna til handa talsmanni sínum hér fyrir dómi.

Samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eiga fullar bætur að koma fyrir eign, sem tekin er eignarnámi. Réttur til bóta samkvæmt þessu boði stjórnarskrárinnar væri skertur, ef sá, sem eign sinni er sviptur með þessum hætti, ætti sjálfur að bera lögmætan kostnað af ákvörðun bótanna. Af þessu leiðir, að ákvæði 10. gr. laga nr. 113/1952 um greiðslu yfirmatskostnaðar af hendi eignarnámsþolanda samrýmast ekki nefndri grein stjórnarskrárinnar og hafa því ekki lagagildi. Að svo vöxnu máli á stefndi að bera allan kostnað af yfirvirðingu rekaítaks þess, er hann leysti til sín úr hendi áfrýjanda, eins og lýst er í héraðsdómi. Verður krafa áfrýjanda hér fyrir dómi um endurgreiðslu á eftirstöðvum nefnds kostnaðar, kr. 7096.00, því tekin til greina og stefnda dæmt að greiða áfrýjanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 24. júlí 1957 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5000.00.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málflutningslaun talsmanns stefnda í héraði. Málflutningsmanns talsmanns stefnda hér fyrir dómi, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndi, Oddur Jónsson, greiði áfrýjanda, Kristni Indriðasyni, kr. 7096.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24.

júlí 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Ákvæði héraðsdóms um málflutningslaun talsmanns stefnda í héraði staðfestist. Málflutningslaun talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði prófessors Ólafs Jóhannessonar.

Löggjafinn getur ákveðið, þrátt fyrir ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar, að eignarnámsþoli, er krefst yfirmats á eignarnámsbótum, skuli taka þátt í kostnaði, sem af þeirri yfirmatsgerð leiðir. Er með þeim hætti spornað við þarflausu málsskoti á mati dómkvaddra manna, enda er löggjafanum í sjálfsvald sett, hvort hann heimilar yfirmat eða ekki. Ber því í máli þessu að fara eftir skýrum fyrirmælum 10. gr. laga nr. 113/1952, enda hafa svipuð ákvæði verið í lögum hér á landi síðastliðin 40 ár, án þess að gildi þeirra hafi nokkru sinni, svo kunnugt sé, verið véfengt fyrir dómi.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, er þykja hæfilega ákveðin kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Samkvæmt þessu verður dómsorð mitt:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadómþings Strandasýslu 28. janúar 1958.

Ár 1958, þriðjudaginn 28. janúar, var á aukadómþingi Strandasýslu kveðinn upp dómur í málinu nr. 3/1957: Kristinn Indriðason gegn Oddi Jónssyni.

Mál þetta, sem flutt hefur verið skriflega og tekið var til dóms 18. f. m., er höfðað hér fyrir dómi af Kristni hreppstjóra Indriðasyni á Skarði á Skarðsströnd í Dalasýslu með stefnu, útgefinni 25. september s.l. og birtri 26. s. m., á hendur Oddi bónda Jónssyni í Þorpum í Kirkjubólshreppi, hér í sýslunni, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 28.392.00 með 6% ársvöxtum frá 14. marz 1956 til greiðsludags og málskostnaði, þar á meðal dagpeningum og ferðakostnaði, að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Tildrög málsins eru þessi:

Stefnandi er eigandi rekaítaks í landi Þorpa á svæðinu frá Hellnanesi að Grind. Með bréfi, dagsettu 14. marz 1956, og áritun á það, dagsettri 11. desember s. á., beiddist stefndi þess, að dómarinn dómkveddi tvo hæfa og óvilhalla menn til þess að gera mat og álit um ítakið í því skyni, að stefndi leysti það til sín samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum. Hinn 1. febrúar 1957 voru dómkvaddir þeir Alfreð bóndi Halldórsson á Kollafjarðarnesi og Runólfur bóndi Sigurðsson í Húsavík, báðir í Kirkjubólshreppi, til þess að gera umbeðið mat og álit. Hinn 18. marz s. á. gerðu þeir mat sitt og álit um ítakið. Varð niðurstaða þeirra sú, að þeir töldu hagsmuni stefnda af að njóta ítaksins meiri en þau not, sem stefnandi gæti af því haft, og mátu þeir ítakið til peningaverðs á kr. 4.000.00. Þessu vildi stefnandi eigi una. Óskaði því Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius þess fyrir hönd stefnanda í bréfi til dómarans, dagsettu 6. maí s.l., að hann dómkveddi þrjá menn til þess að gera yfirálit og yfirmat á téðu ítaki.

Dómarinn kvaddi 10. s. m. þá Gizur hæstaréttardómara Bergsteinsson, Pálma landnámsstjóra Einarsson, báða í Reykjavík, og Jón hreppstjóra Sigurðsson í Stóra-Fjarðarhorni í Fellshreppi, hér í sýslunni, til þess að gera umbeðið yfirálit og yfirmat. Þeir kváðu upp yfirmat sitt og álit 23. júlí s.l. Álitu þeir á sama hátt og undirmatsmennirnir hagsmuni stefnda meiri af að njóta ítaksins en stefnanda, og mátu þeir ítakið til peningaverðs á kr. 17.000.00. Yfirmatsmennirnir reiknuðu sér hver um sig kr. 2800.00 í þóknun vegna starfs síns, samtals kr. 8400.00. Lögmaður stefnanda, sem viðstaddur var yfirmatið, reiknaði sér í þóknun þess vegna kr. 2800.00. Kostnaður við dómkvaðningu yfirmatsmanna nam kr. 192.00. Telur stefnandi því kostnað vegna yfirmatsins nema alls kr. 11.392.00. Að yfirmatsverðinu, kr.

17.000.00, viðbættu téðum kostnaði, verða um að ræða **kr.** 28.392.00, sem er stefnukrafa í máli þessu.

Meðan rekstur málsins hefur staðið yfir, hefur lögmaður stefnda þann 15. nóvember s.l. lagt yfirmatsverðið kr. 17.000.00, auk 6% ársvaxta frá 23. júlí s.l., sem honum reiknast nema kr. 317.34, samtals kr. 17.317.34, á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands til geymslu og lögmanni stefnanda til ráðstöfunar. Fé þessu kveðst lögmaður stefnanda hafa veitt viðtöku 22. s. m. upp í dómkröfur stefnanda.

Stefndi telur yfirmatskostnaðinn eiga að nema aðeins kr. 8.592.00, þ. e. þóknun til yfirmatsmannanna kr. 8.400.00 og dómkvaðningarkostnað kr. 192.00. Þóknun til lögmanns stefnanda kr. 2.800.00 vegna móts við yfirmatið mótmælir stefndi algerlega að greiða. Téðar kr. 8592.00 telur stefndi sig samkvæmt 10. gr. laga nr. 113/1952 eiga aðeins að greiða að hálfu eða kr. 4.296.00. Þá fjárhæð greiddi lögmaður stefnda 20. nóvember s.l. á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands, auk 6% ársvaxta frá 23. júlí s.l., sem hann telur nema kr. 83.77, samtals kr. 4.379.77, til geymslu og lögmanni stefnanda til ráðstöfunar. Fé þessu kveðst sá lögmaður hafa veitt viðtöku 22. nóvember s.l. upp í dómkröfur stefnanda.

Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru tvíþættar. Annars vegar er um að ræða yfirmatsverðið, kr. 17.000.00, og vexti af þeirri fjárhæð og hins vegar er um að ræða yfirmatskostnaðinn og vexti af honum. Skulu atriði þessi nú tekin til athugunar.

Hvað varðar yfirmatsverðið, þá hefur það, kr. 17.000.00, þegar verið greitt samkvæmt kröfu stefnanda, eins og að framan greinir, og kemur það út af fyrir sig eigi frekar til meðferðar hér fyrir dómi. Hins vegar hefur stefnandi krafizt 6% ársvaxta af téðum kr. 17.000.00 frá 14. marz 1956, er hann telur stefnda hafa hafizt handa um að fá leyst til sín umrætt rekaítak, til greiðsludags. Stefndi hefur neitað að greiða vexti nema frá dagsetningu yfirmatsins 23. júlí s.l. Með því að höfuðstóllinn kr. 17.000.00 myndast ekki fyrr en hann er ákveðinn með yfirmatinu 23. júlí s.l., verður að fallast á það með stefnda, að hann verði eigi skyldaður til að greiða vexti af fjárhæðinni fyrir 23. júlí s.l. Með því ennfremur, að stefndi hefur greitt 6% ársvexti af téðum kr. 17.000.00 frá 23. júlí s.l. til 15. nóvember s.l., er hann greiddi kr. 17.317.34 á bankareikning, lögmanni stefnanda til ráðstöfunar, svo sem að framan greinir, þá ber að sýkna stefnda af frekari vaxtagreiðslu af téðum kr. 17.000.00.

Um síðara atriðið, kostnað af yfirmatinu, er sá ágreiningur, sem að framan greinir, að stefnandi krefst úr hendi stefnda alls yfirmatskostnaðarins, sem hann telur nema kr. 11.392.00 með 6% ársvöxtum frá 14. marz 1956 til greiðsludags, en stefndi telur kostnað þennan nema aðeins kr. 8.592.00 og neitar að greiða hann nema að hálfu eða kr. 4.296.00 með 6% ársvöxtum frá 23. júlí s.l. að telja. — Um kostnað af yfirmati segir í 10. gr. laga nr. 113/1952, að hann skuli greiðast af matsbeiðanda, ef engin breyting á matinu verður honum í vil. Ella greiðist yfirmatskostnaðurinn að hálfu af hvorum aðilja. Þetta ákvæði telur stefnandi brjóta í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 17. júní 1944. Telur hann sig ekki fá fullt verð fyrir eign sína, sem hann er skyldaður til að láta af hendi samkvæmt lögum nr. 113/1952, ef hann á að bera helming kostnaðar af yfirmatinu. Stefndi heldur því hins vegar fram, að téð ákvæði í 10. gr. laga nr. 113/1952 sé í fullu samræmi við 67. gr. stjórnarskrárinnar og beri honum því að greiða aðeins helming yfirmatskostnaðarins. Hefur hann í því sambandi bent á ákvæði laga nr. 61/1917 um framkvæmd eignarnáms máli sínu til stuðnings. Það er rétt, að ákvæði 4. mgr. 6. gr. laga nr. 61/1917 og 2. málsl. 10. gr. laga nr. 113/1952 eru að því leyti samhljóða, að verði engin breyting á mati gerð við yfirmat matsbeiðanda í vil, þá er honum gert að greiða allan kostnað við yfirmatið. Hins vegar segir í 6. gr. laga nr. 61/1917, að breytist mat matsbeiðanda í vil við yfirmat um 10% eða meira, þá skuli hinn aðilinn greiða kostnaðinn. Eigi er vitað, að dómstólar hafi talið ákvæði laga nr. 61/1917 fara í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Það ákvæði í 10. gr. laga nr. 113/1952, að kostnaður við yfirmat skuli skiptast að jöfnu milli aðilja, ef mat breytist við yfirmat matsbeiðanda í vil, er að því leyti nýmæli, að það er á annan veg en ákvæði um sama efni í 6. gr. laga nr. 61/1917, en þar með þarf það ekki að brjóta í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, að „fullt verð" skuli koma fyrir þá eign, sem lögnumin sé. Ákvæðið um „fullt verð" í 67. gr. stjórnarskrárinnar hefur aldrei verið skýrt þröngt í lögfræðinni né í framkvæmd. Þvert á móti finnast þess mörg dæmi, að nærri þessum bókstaf er höggvið í ýmsum lögum, án þess að talið sé brjóta í bága við ákvæðið um „fullt verð" í 67. gr. stjórnarskrárinnar. Það er ekki óeðlilegt, að leggja nokkra fjárhagslega áhættu á þann, sem beiðist yfirmats, enda er það gert í 6. gr. laga nr. 61/1917, þó að í minna mæli sé en

gert er í 10. gr. laga nr. 113/1952. Aðeins er hér um að ræða, hvort of langt sé gengið í þessu efni í síðarnefnda ákvæðinu. Það er vitanlega matsatriði, sem um má deila. En með það fyrir augum, hve rúmt ákvæðið um „fullt verð" í 67. gr. stjórnarskrárinnar hefur almennt verið skilið, lítur dómurinn svo á, að umdeilt ákvæði í 10. gr. laga nr. 113/1952 brjóti ekki í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt því þykir rétt, að yfirmatskostnaður sá, sem um er deilt í máli þessu, skuli samkvæmt 10. gr. laga nr. 113/1952 skiptast að jöfnu milli aðiljanna.

Um fjárhæð yfirmatskostnaðarins er, svo sem að framan greinir, það að segja, að stefnandi telur hann nema kr. 11.392.00, en stefndi telur hann nema kr. 8.592.00, og er mismunurinn, sem á milli ber, kr. 2.800.00, sú þóknun lögmanns stefnanda, sem hann reiknar sér vegna móts við yfirmatið. Spurningin er hér, hvort stefnandi á rétt á að krefjast af stefnda þóknunar handa sér eða umboðsmanni sínum fyrir að mæta við yfirmatið, en engin krafa um slíkt hefur komið fram af hálfu stefnda fyrir sig. Í samræmi við 6. sbr. 3. gr. laga nr. 61/1917 var í dómkvaðningu ákveðið, að yfirmatsmennirnir skyldu gera þeim aðiljum, er yfirmatið varðaði, kost á að vera við það staddir til að gæta réttar síns. Ekki þykir rétt að telja kostnað af slíku til yfirmatskostnaðar. Þykir eðlilegt, að hvor aðili um sig skuli bera kostnað af að mæta eða láta mæta við yfirmatið. Samkvæmt þessu verður að fallast á það með stefnda, að honum beri aðeins að greiða helming af kr. 8.592.00 eða kr. 4.296.00 með 6% ársvöxtum frá 23. júlí s.l. að telja. Fjárhæðina, kr. 4.296.00, hefur lögmaður stefnda greitt á bankareikning, lögmanni stefnanda til ráðstöfunar, 20. nóvember s.l. ásamt 6% ársvöxtum til 20. nóvember s.l., eins og áður greinir. Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi sýknast af frekari kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Stefndi hefur fengið gjafvörn í máli þessu. Ber því að greiða þóknun til skipaðs talsmanns hans, Sveinbjarnar Dagfinnssonar hdl., úr ríkissjóði. Þykir sú þóknun hæfilega ákveðin kr. 2.000.00.

Dráttur á dómsuppsögu stafar af óvenjulega miklu annríki dómarans, sem hefur undanfarið unnið að því að undirbúa brottför sína úr þessu embætti.

Dómsorð:

Stefndi, Oddur Jónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Kristins Indriðasonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Þóknun talsmanns stefnanda, Sveinbjarnar Dagfinnssonar hdl., kr. 2.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 65/1958. **Árnason, Pálsson & Co. h.f.**
gegn
Brandi Brynjólfssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h.f., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 98/1958. **Ruth Einarsdóttir**
gegn
Guðmundi Magnússyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ruth Einarsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 8. október 1958.

Nr. 28/1957. **Magnús Kjartansson**
gegn
Ingvari S. Ingvarssyni og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Máli frestað í Hæstarétti.

Úrskurður Hæstaréttar.

Er mál þetta skyldi flutt munnlega í Hæstarétti 29. f. m., óskaði lögmaður aðaláfrýjanda þess, að málflutningi yrði frestað, þangað til lokið væri rannsókn sakadómara í gjaldþrotamáli h/f Glersteypunnar, en gagnáfrýjandi var forstjóri þess félags.

Af hálfu gagnáfrýjanda var synjað um frekari frest í málinu.

Leitt er í ljós, að nokkur rannsókn hefur þegar farið fram í nefndu gjaldþrotamáli og að rannsókn þeirri á bókhaldi h/f Glersteypunnar, sem gerð er að fyrirlagi sakadómara, muni ljúka í lok þessa mánaðar eða í byrjun nóvember. Þykir eftir atvikum rétt að fresta flutningi máls þessa til nóvembermánaðar næstkomandi, til þess að aðaláfrýjanda veitist færi á að koma gögnum þessum að í málinu.

Ályktarorð:

Máli þessu er frestað til nóvembermánaðar næstkomandi.

Miðvikudaginn 8. október 1958.

Nr. 108/1958. **Sigurbjörn Eyjólfsson**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Albert Bjarnasyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjað um innsetningargerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí þ. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma innsetningargerð þá, sem krafizt er. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Við munnlegan flutning máls þessa í Hæstarétti kom fram, að eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða úrskurðar hafa stefnda verið afhent net þau, sem krafizt er töku á, og ekki er vitað, hvort þau eru lengur sérgreind eða jafnvel, hvort þau eru lengur öll til. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna fógetaúrskurðarins ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurbjörn Eyjólfsson, greiði stefnda, Albert Bjarnasyni, kr. 1500.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hrd. Jóns Ásbjörnssonar og Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Eftir að úrskurður í máli þessu gekk í héraði, hefur stefndi, Albert Bjarnason, lýst sína eign og tekið í sínar vörzlur uppihöld og belgjabönd, sem Höfðavík h/f hafði talið eign áfrýjanda, Sigurbjörns Eyjólfssonar, og merkt skipi hans, v/b Hilmari. Með þessu hefur stefndi samsinnt þeirri staðhæfingu áfrýjanda, að mistök hafi orðið við merkingu veiðarfæranna. Eykur þetta enn hinar sterku líkur, sem áður voru fram komnar fyrir því, að skipzt hafi um netjatrossurnar við merkingu þeirra.

Samkvæmt skoðunargerð á netjum þeim, sem Höfðavík h/f afhenti stefnda, samsvara nokkur þeirra ekki að öllu leyti þeirri lýsingu, sem áfrýjandi hafði áður gefið eftir minni á netjum sínum. Þó að ekki sé fyrir það girt, að þessi frávik kunni að stafa af misminni áfrýjanda, verður samt ekki talið, að komnar séu fram fullnægjandi sannanir um, að hann eigi rétt til að fá umráð netjanna í heild. Erum við því samþykkir meiri hluta dómenda um synjun innsetningargerðar. Hins vegar teljum við svo mikil vafaatriði vera í máli þessu, að rétt sé með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85/1936 að láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómsorð okkar verður því þannig:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Keflavíkur 9. júlí 1958.

..... var í fógetarétti Keflavíkur, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Tómasi Tómassyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður í fógetaréttarmálinu Sigurbjörn Eyjólfsson gegn Albert Bjarnasyni, sem tekið var til úrskurðar 2. júní s.l.

Með beiðni, dagsettri 25. apríl s.l., fór gerðarbeiðandi, Sigurbjörn Eyjólfsson, þess á leit að fá afhenta með beinni fógetagerð netatrossu úr vörzlum gerðarþola, Alberts Bjarnasonar, en netatrossa þessi er nú í geymslu hjá Keflavík h.f. Gerðarþoli mótmælti framgangi gerðarinnar, en aðiljar lögðu síðan ágreining þennan undir úrskurð fógetaréttarins að loknum munnleg-

um málflutningi, sem fram fór hinn 2. f. m. Hvor aðili um sig hefur krafizt greiðslu hæfilegs málskostnaðar úr hendi gagnaðilja. Þá áskilur gerðarþoli sér skaðabætur úr hendi gerðarbeiðanda vegna missis afnota af netum hans, frá því að deila þessi byrjaði.

Málavextir eru þessir:

Er v/b Hilmir, KE 7, eign gerðarbeiðanda, Sigurbjörns Eyjólfssonar, hætti reknetaveiðum í desember 1957, voru net hans, 50 eða 51 að tölu, send til netagerðarinnar Höfðavík h.f. í Reykjavík til afvötnunar og þurrkunar.

Hinn 25. marz 1958 sótti Sigurbjörn netin til Höfðavíkur og varð hann þá strax var við, að 7 eða 8 net vantaði og kvartaði hann yfir því. Síðan kom hann netunum til bætingar hjá Sigurjóni Helgasyni, netamanni í Keflavík. Fljótlega eftir að farið var að bæta netin taldi Sigurbjörn, að hann ætti ekkert í netunum, sem hann fékk frá Höfðavík, heldur hefðu mistök orðið á afhendingu. Höfðavík h.f. taldi, að ef mistök hefðu orðið, lægju þau í því, að Albert Bjarnason, gerðarþoli, hefði fengið net Sigurbjörns. En Albert hafði sent net sín, 50 eða 51, til Höfðavíkur sama dag og Sigurbjörn og komið þeim síðan til viðgerðar hjá Andrési Færseth, netamanni í Keflavík.

Eftir kröfu Sigurbjörns og með samkomulagi aðilja voru báðar reknetatrossurnar teknar úr vörzlum netamannanna og komið fyrir til geymslu annars staðar á meðan á rekstri málsins stæði.

Hinn 10. maí voru dómkvaddir þrír menn til að skoða, lýsa og flokka netatrossurnar í tegundir. Jafnframt lýstu aðiljar þeim netum, sem þeir voru með í trossum sínum. Gerðarbeiðandi kvaðst vera með 12 þýzk net og 10 hollenzk, 28—29 „Gundry" net. Öll netin hafi verið ný eða nýleg, felld með venjulegu teinatógi, tvöföldu í kring, en þrefalt á sumum netunum í efrikló og dálítið út á korkatein og niður á brjóstið. Öll netin með stuttum klóm, og hafi verið stroffur á korkateini flestra netanna. Fjögur af þýzku netunum hafi hann fengið að láni hjá Keflavík h.f., og var frágangur á teinum þeirra ekki sá sami og hinna og felling frábrugðin.

Gerðarþoli upplýsti, að hann hefði s.l. tvö ár keypt „Gundry"-net, „Stuart"-net og net frá Netaverksmiðju Björns Benediktssonar. Hann segir, að mestur hluti netanna hafi verið „Stuart"-net.

Í skoðunargerð hinna dómkvöddu skoðunarmanna er reknetatrossunum lýst þannig:

„Reknetatrossa nr. I lítur þannig út:
19 stk. þýzk net
21 — „Stuart“ net
3 — „Gundry“ net
Reknetatrossa nr. II lítur þannig út:
27 stk. þýzk og hollenzk net
23 — „Gundry“ net
1 — „Stuart“ net“.

Í þessari trossu nr. II voru 37 net með stroffu í korkateini. Þýzku og hollenzku netin voru með tvöföldu sæti í korkahornum. Í þessari trossu voru 3—4 net með einföldu brjósti og „stykkfelld“ allan hringinn.

Það er trossa merkt nr. II, sem gerðarbeiðandi krefst brigða á úr hendi gerðarþola.

Einn hinna dómkvöddu skoðunarmanna, Jónas Jónasson, Reykjavík, gat ekki tekið þátt í skoðuninni. Með samþykki aðilja tók Sigurjón Helgason netamaður, Keflavík, þátt í skoðuninni með hinum tveimur dómkvöddu skoðunarmönnum.

Skoðunarmennirnir hafa allir komið fyrir dóm. Sigurjón Helgason segir, að þýzku og hollenzku netin séu flokkuð saman vegna þess, að erfitt sé að sundurgreina þau, en segir þó, að garnið í hollenzku netunum sé aðeins snarara og kveðst „endilega telja sig hafa þekkt hollenzk net í trossu nr. II á því“. Sigurjón, sem annaðist uppsetningu neta fyrir Keflavík h/f, segist við skoðunina hafa rekizt á og þekkt í trossu nr. II net þau frá h/f Keflavík, sem gerðarbeiðandi hafi fengið að láni, a. m. k. 3 net. Hann segir, að ekkert netanna í trossu I hafi verið með stroffu, en hins vegar telur hann sig hafa séð 1 eða 2 þýzk net í þeirri trossu með tvöföldu garni í korkahornum.

Kristinn Ó. Karlsson netagerðarmeistari, Hafnarfirði, er dómkvaddur var til að skoða netin, hefur skýrt frá því fyrir dómi, að í trossu I hafi ekki verið hægt að sjá neinar stroffur í korkateini, í trossu II hafi verið 3—4 net, sem skoðunarmennirnir töldu allir auðsjáanlega vera hollenzk net, en hann tók þó fram, að mjög svipað garn sé í þýzkum og hollenzkum netum og mjög erfitt að þekkja þau í sundur. Hann segir, að í trossu nr. II hafi þýzku og hollenzku netin verið með tvöfalt net í korkahornum, en þetta hafi ekki verið á öðrum netum í hvorugri trossunni.

Þórður Eiríksson netagerðameistari, Reykjavík, var og dómkvaddur til að skoða netin. Hann hefur og komið fyrir dóm. Hann tekur það fram, að hann treysti sér ekki til þess að þekkja

hollenzk og þýzk net að öllu leyti í sundur, en segir þó, að í trossu nr. II hafi verið nokkur nýleg net, sem skoðunarmennirnir hafi talið öruggt, að væru hollenzk, enda þótt hann treysti sér ekki til þess að vinna eið að því.

Verkstjórinn í netagerðinni Höfðavík h/f, Bjarni J. Fannberg, hefur og verið kvaddur vitnisburðar. Hann segir, að netatrossur frá gerðarbeiðanda og gerðarþola hafi komið sama dag, 30. desember s.l., til netagerðarinnar. Sama dag hafi komið trossur frá allt að 10 öðrum bátum, en þó hafi trossur málsaðilja verið með öðrum umbúnaði en hinar. Í áðurgefnu vottorði, sem vitnið staðfesti fyrir rétti, segir það, að hafi mistök á afhendingu átt sér stað, þá hafi þau verið fólgin í því, að Albert Bjarnason hafi fengið afhent net Sigurbjörns, en hann (Sigurbjörn) aftur net Alberts, en um annan rugling geti ekki verið að ræða milli netatrossa og ekki möguleiki á, að net þessara manna hafi ruglazt saman við net annars staðar frá.

Einar H. Guðmundsson, skipstjóri á báti gerðarbeiðanda, hefur komið fyrir dóm og kveðst það kannast við trossu nr. II sem trossu Sigurbjörns. Kveðst vitnið hafa skoðað netin, þó ekki hvert og eitt, en vitnið kveðst byggja álit sitt á þeirri skoðun sinni svo og á skoðunargerð skoðunarmanna. Vitnið kveðst ekki þekkja net gerðarþola. Vitnið segir, að net gerðarbeiðanda hafi verið með stuttum klóm, en sér hafi verið sagt, að net gerðarþola hafi verið með löngum.

Páll H. Pálsson, stýrimaður á báti gerðarbeiðanda, hefur og komið fyrir dóm. Hann segist álíta, að gerðarbeiðandi eigi trossu nr. II. Vitnið kveðst hafa skoðað trossuna, ekki þó net fyrir net. Vitnið kveðst einkum þekkja net Sigurbjörns á því, að þau hafi verið með stuttum klóm og stroffu í korkateini.

Hallgrímur Sigurðsson netagerðarmaður, Keflavík, hefur og komið fyrir réttinn. Vitnið kveðst hafa fellt net fyrir báða málsaðilja og í báðum tilfellum með stuttum klóm og með sama handbragði. S.l. haust hafi vitnið hætt að fella net fyrir gerðarþola. Vitnið kveðst minnast þess, að hafa séð stroffur í netum frá gerðarbeiðanda, en ekki hjá gerðarþola.

Sigurbjörn Sigurjónsson bifreiðarstjóri hefur gefið vottorð, réttarskjal nr. 18, þar sem hann segist hafa ekið netatrossu fyrir gerðarbeiðanda til Höfðavíkur. Hvorki stertar né belgjabönd voru með á bílnum.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framburðum þeirra Sigurjóns Jónssonar, Einar H. Guðmundssonar, Páls H. Pálssonar

og Björns Fannbergs sem röngum og vilhöllum og vottorði Sigurbjörns Sigurjónssonar sem röngu. Einar H. Guðmundsson hefur staðfest framburð sinn með eiði. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur mótmælt framburði Hallgríms Sigurðssonar sem röngum, en vitnið staðfesti framburð sinn með eiði.

Í skoðunargerð hinna dómkvöddu skoðunarmanna kemur ekkert fram um það, hvort langar eða stuttar klær séu á netunum.

Sigurjón Helgason og gerðarþoli, Albert Bjarnason, fóru yfir netin í báðum trossunum og samkvæmt upplýsingum þeirra utanréttar eru í trossu nr. II:

„Gundry"-net:	2 net	langar klær
	21 —	stuttar —
Hollenzk og þýzk:	7 —	langar —
	20 —	stuttar —
„Stuart"-net:	1 —	langar —

og í trossu nr. I:

„Stuart"-net:	8 net	langar klær
	13 —	stuttar —
Hollenzk og þýzk:	17 —	langar —
	2 —	stuttar —
„Gundry"-net:	3 —	stuttar —

Eins og af málavöxtum er ljóst og þeir hafa nú verið raktir, er auðséð, að lýsing málsaðilja á netatrossum þeim, sem þeir sendu til Höfðavíkur, kemur í hvorugu tilfellinu að öllu leyti heim við skoðunargerð þá, sem fram hefur farið á netatrossum þeim, sem þeir fengu afhentar, og má í því tilfelli bæði benda á, að tala neta í annarri trossunni, sem þeir fengu, er ekki sú sama og send var, skipting netanna eftir tegundum kemur og í hvorugu tilfellinu heim. Talsvert af netum með löngum klóm er í báðum trossunum. Af þessu má það því vera nokkuð ljóst, að einstök net geti hafa ruglazt milli trossa, þrátt fyrir fullyrðingu verkstjóra Netagerðarinnar Höfðavíkur h.f. Þá ber og að hafa það í huga, að Netagerðin Höfðavík getur haft allmikilla hagsmuna að gæta í sambandi við mál þetta, þegar vitnisburður verkstjórans þar er metinn.

Einnig ber að hafa það í huga, þegar vitnisburðir þeirra Einars H. Guðmundssonar og Páls Pálssonar eru metnir, að þeir eru starfsmenn við útgerð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli fær vörzlur netatrossunnar á fullkomlega lögmætan hátt, fær netatrossuna sér merkta frá Höfðavík, og verður

eigi unnt að líta svo á, að það, að gerðarþoli kom trossunni til viðgerðar á netaverkstæði rjúfi vörzlu hans í þessu sambandi. Til þess að gerðarbeiðanda verði unnt að brigða trossuna frá vörzluhafa, gerðarþola, þá lítur rétturinn svo á, að gerðarbeiðandi verði að færa fullar sönnur á eignarrétt sinn að netatrossunni eða svo sterkar líkur, að nálgist fulla sönnun.

Á það má fallast með gerðarbeiðanda, að reknetatrossa nr. II svarar að mörgu leyti miklu betur lýsingu hans á sínum netum en trossa nr. I, og ýms einstök atriði í lýsingu einstakra neta í trossu gerðarbeiðanda svarar til trossu nr. II. Hins vegar er það, að lýsingin kemur alls ekki að öllu leyti heim við trossu nr. II, og rétturinn getur ekki fallizt á það, að útilokað geti verið, að önnur mistök hafi orðið í Netagerðinni Höfðavík en víxl á trossu aðilja, enda önnur skipti á netum, að því er virðist, augljós, og netin af tíu öðrum bátum látin til geymslu þar sama dag og málsaðilja. Svo er það og, að enda þótt telja megi, að gerðarbeiðandi hafi leitt svo sterkar líkur að fulla sönnun nálgist að eignarrétti sínum að sumum netum í trossu nr. II, þá getur rétturinn ekki þar með fallizt á, að það veiti honum brigðarétt að allri trossunni úr hendi gerðarþola, en hins vegar hefur hann ekki beiðzt innsetningar í umráð einstakra neta í trossu nr. II og getur hér ekki ráðið úrslitum, hvort stertar eða belgjubönd hafi fylgt netatrossunum eða ekki. Enda þótt það megi telja nokkurn veginn ljóst, að netatrossa sú, sem Sigurbjörn afhenti til Höfðavíkur, sé ekki sú sama og hann fékk það aftur og sú, sem merkt er nr. I í máli þessu, þá getur rétturinn þó ekki fallizt á, að gerðarbeiðandi hafi fært fulla sönnun á eignarrétt sinn að trossu nr. II í heild sinni eða slíkar líkur, að fulla sönnun nálgist og getur því eigi fallizt á, að hin umbeðna innsetningargerð nái fram að ganga.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem á uppkvaðningu úrskurðar þessa hefur orðið, stafar af önnum vegna sumarleyfa við embættið.

Úrskurður:

Hin umbeðna innsetningargerð skal eigi ná fram að ganga.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 10. október 1958.

Nr. 15/1957. **Halldór Einarsson**
(Guðmundur Ásmundsson hrl.)
gegn
Týli h/f
(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Mál til heimtu skaðabóta fyrir samningsrof.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1957. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Halldór Einarsson, greiði stefnda, Týli h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. október 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., hefur Ágúst Fjeldsted hrl. höfðað fyrir bæjarþinginu fyrir hönd Týli h/f, hér í bæ, með stefnu, útgefinni 29. júlí 1954, gegn Halldóri Einarssyni, Grettisgötu 98, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr.

7.900.00 vegna samningsrofa, auk 6% ársvaxta frá 1. ágúst 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dagsettum 16. september 1952, réðst stefndi sem starfsmaður stefnanda. Skyldi hann vinna í ljósmyndavinnustofu stefnanda hér í bænum og sjá um alla vinnu þar. Í laun fyrir starf sitt skyldi stefndi fá kr. 2.700.00 á mánuði, en innifalin í fjárhæð þessari er uppbót samkvæmt vísitölu, eins og hún var 30. janúar 1952, þannig að kaup þetta var talið samsvara kr. 1.890.00 í grunnkaup á mánuði. Samningurinn var gerður um óákveðinn tíma og uppsegjanlegur af beggja hálfu með mánaðar fyrirvara, miðað við 1. hvers mánaðar. Eftir eitt ár skyldi uppsagnarfresturinn vera 3 mánuðir af hálfu beggja. Ef um veruleg samningsrof yrði að ræða, var þeim aðilja, sem fyrir samningsrofunum varð, heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust. Hinn 31. júlí 1953 fór stefndi fyrirvaralaust úr starfi sínu hjá stefnanda og réðst til annarrar ljósmyndavinnustofu hér í bænum. Skömmu síðar tók annar maður við starfi stefnda hjá stefnanda, en ekki mun hann hafa unnið fullan daglegan vinnutíma.

Stefnandi telur sig eiga rétt til skaðabóta úr hendi stefnda fyrir samningsrof, er nemi eins mánaðar kaupi stefnda, kr. 2.900.00, auk sérstakra bóta að fjárhæð kr. 5.000.00 fyrir tjón, óþægindi og missi viðskipta.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hin fyrirvaralausa brottför stefnda hafi komið sér mjög bagalega fyrir sig, þar sem hún hafi komið á þeim hluta ársins, sem sé mesti annatíminn við störf þau, sem stefndi var ráðinn til. Hafi þetta orðið til þess að vinna hafi stöðvazt um tíma og afgreiðslutími í sambandi við ljósmyndavinnu lengzt í 4 vikur og því margir hætt að skipta við stefnanda. Hann hafi bæði orðið fyrir fjárhagslegu tjóni og miklum óþægindum, þar sem ekki hafi verið hægt að fá starfsmann í stað stefnda á þessum tíma.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að honum hafi verið heimilt að fara fyrirvaralaust úr starfi vegna vanefnda stefnanda á ráðningarsamningi aðilja. Samkvæmt samningi þeirra aðiljanna sé tekið fram, að hann skuli fá 1½ klst. til matar og hafi svo verið til ætlazt, að hálftími sá, sem var umfram venjulegan matartíma, skyldi vera uppbót fyrir það, að stefnandi fékk engan sérstakan kaffitíma, hvorki árdegis né síðdegis, en heimild til

að neyta nestis síðdegis hafi hann notað sér mjög sjaldan. Er stefndi fékk greitt kaup fyrir desember 1952, kveður hann stefnanda hafa dregið frá kaup fyrir 2½ klst. vikulega, þar sem framkvæmdastjóri stefnanda hafi haldið því fram, að hálftími sá, sem stefndi fékk daglega 5 daga vikunnar í viðbót við venjulegan matartíma, ætti að reiknast sem vanunninn tími. Kveðst stefndi hafa mótmælt þessari reikningsaðferð þegar í stað við gjaldkera stefnanda og síðar við framkvæmdastjórann, en enga leiðréttingu fengið, og hafi stefnandi síðan haldið áfram þessum hætti um afdrátt kaups af þessum sökum. Þá kveður stefndi stefnanda einnig hafa vanefnt umræddan samning með því að draga af kaupi hans vegna allra almennra frídaga, annarra en sunnudaga, og hafi stefnandi haldið uppteknum hætti í því efni, þrátt fyrir það að hann hafi kvartað yfir því oftar en einu sinni við framkvæmdastjóra og gjaldkera stefnanda.

Viðurkennt er af hálfu stefnanda, að stefndi hafi eingöngu fengið greitt laun fyrir vinnustundir þær, sem telja verður að hann hafi unnið í þágu stefnanda. Af hálfu stefnda hefur því ekki verið andmælt, að stefndi hafi fengið greitt laun þau, sem stefnandi reiknaði honum á þennan hátt.

Í greindum samningi aðilja segir svo um vinnutíma stefnda: „Vinnutími skal vera 43 tímar á viku. Unnið frá kl. 9 á morgnana til kl. 6 á kvöldin. Til matar 1½ tími frá kl. 12—1½. Til kaffidrykkju reiknast enginn tími, en heimilt er H. E. að hafa kaffi og nesti með sér og neyta þess síðdegis á vinnustaðnum. Mun hæfilegt að álíta til þess 10 mínútur, eins og tíðkast annars staðar.“ Þá segir einnig svo: „Kaupið greiðist fyrir 43 tíma vinnuviku. Sé ekki unnið framangreindan vinnustundafjölda að fullu, reiknast kaupið út eftir þeim tíma, sem unnið er, þannig að stundarfjöldinn á mánuði með 43 tíma vinnuviku sé deilt í mánaðarkaupið, og þannig fengið kaupið fyrir hverja klukkustund og það margfaldað með vinnustundafjöldanum gerir mánaðarkaupið.“

Þegar athuguð eru þessi ákvæði samningsins svo og önnur atvik málsins, þá verður eigi talið, að stefndi hafi fært rök fyrir þeim vanefndum af hálfu stefnanda á ákvæðum samningsins, er heimilað hafi honum að fara fyrirvaralaust úr starfi. Verður sýknukrafa stefnda því eigi tekin til greina.

Þá reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu fjárhagslegu tjóni við það, að hann hætti störfum fyrirvaralaust. Daginn, sem hann hætti störfum, kveðst stefndi

hafa boðið framkvæmdastjóra stefnanda að hafa fyrst um sinn með höndum yfirstjórn ljósmyndastofu stefnanda og koma þar daglega til eftirlits, en því boði hafi framkvæmdastjórinn hafnað. Strax síðdegis hinn 31. júlí kveður svo stefndi ljósmyndara nokkurn hafa verið kominn til starfa í ljósmyndastofu stefnanda. Þá kveður stefndi starfsfólk stefnanda hafa unnið án yfirstjórnar sérkunnáttumanns, er hann, þ. e. stefndi, tók orlof sitt fyrr um sumarið. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að af því sem nú hefur verið rakið sé augljóst, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna brottfarar hans, þar sem ljósmyndastofan hafi verið rekin áfram með sama hætti og áður og algerlega truflunarlaust. Ef um einhverja truflun hafi verið að ræða á rekstrinum, þá hafi það verið sökum þess, að framkvæmdastjóri stefnanda hafi vanrækt að sjá fyrirtækinu fyrir ljósmyndavörum.

Vitnið Óskar Gíslason, sem tók við störfum stefnda, hefur skýrt svo frá, að það hafi fyrst í ágústmánuði tekið til starfa hjá stefnanda. Kvaðst vitnið hafa verið að vinna við önnur störf á þessum tíma og því hafa tjáð framkvæmdastjóra stefnanda, er hann leitaði til þess, að það mundi geta hjálpað honum eitthvað til að byrja með, en óskað hafi verið eftir því, að það starfaði hjá stefnanda allan daginn. Kveður vitnið vinnutíma sinn í ágústmánuði hafi verið óákveðinn og hafi starf hans verið fólgið í því að undirbúa verk fyrir annað starfslið verkstæðisins. Hinn 1. september kveðst vitnið svo hafa byrjað að vinna að staðaldri hálfan daginn, fyrri hluta dagsins á verkstæði stefnanda og hafa unnið þannig til 1. janúar 1956. Var starf þetta aðallega fólgið í því að framkvæma vandasamari verk, t. d. stækkanir, en auk þess þurfti það að sinna ýmsum öðrum störfum og líta eftir starfi annars starfsfólks stefnanda, sem annaðist alla almenna ljósmyndavinnu.

Vitnið Sesselja Margrét Albertsdóttir, sem starfaði á ljósmyndaverkstæði stefnanda á þeim tíma, er stefndi lét af störfum, kveður Óskar Gíslason hafa komið á verkstæðið sama dag og stefndi hætti og hafa hafið vinnu þar á fyrsta eða öðrum degi þar á eftir. Kveður vitnið vitnið Óskar hafa unnið aðallega fyrir hádegi, en stöku sinnum eftir hádegi. Ekki kveður vitnið efnisskort hafa verið hjá verkstæðinu, er það vann þar, að öðru leyti en því, að um tíma hafi staðið á pappír, en til hafi verið annar pappír, sem hægt hafi verið að notast við.

Þegar atriði þessi eru virt og það, hvernig háttað var vinnu stefnda, þá verður að telja, að hin fyrirvaralausa og ólögmæta

brottför hans, er í hönd fór annatími í starfsgrein hans, hafi valdið stefnanda tjóni, enda verður einnig að telja, að stefnanda hafi verið rétt að hafna tilboði stefnda um eftirlit með ljósmyndavinnustofu hans.

Þykir stefnandi eiga rétt á bótum úr hendi stefnda vegna þessa ólögmæta atferlis hans og þykja þær með hliðsjón af ákvæðum 25. gr. laga nr. 22/1928 hæfilega ákveðnar kr. 1350.00. Rétt þykir að reikna vexti frá 29. júní 1954.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1350.00 með 6% ársvöxtum frá 29. júní 1954 til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 550.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Halldór Einarsson, greiði stefnanda, Týli h.f., kr. 1350.00 með 6% ársvöxtum frá 29. júní 1954 til greiðsludags og kr. 550.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. október 1958.

Nr. 129/1958. **Kristján Guðlaugsson,**
Jón Benediktsson,
Sveinn Pálsson,
Guðlaugur Aðalsteinsson
og
Óskar Eyjólfsson
gegn
Jóni E. Waage
og
Þórunni Waage.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kært málskostnaðarákvæði fógetaúrskurðar.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp úrskurð héraðsdóms.

Sóknaraðiljar, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með kærum 17. júlí 1951, gera þær dómkröfur, að varnaraðiljum verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og svo kærumálskostnað.

Varnaraðiljar hafa andmælt kröfum sóknaraðilja og krafizt kærumálskostnaðar.

Eftir málavöxtum er rétt, að varnaraðiljar greiði sóknaraðilja Kristjáni Guðlaugssyni málskostnað í héraði, kr. 1000.00, og kærumálskostnað, kr. 600.00. Að öðru leyti þykja aðiljar sjálfir eiga að bera kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Varnaraðiljar, Jón E. Waage og Þórunn Waage, greiði sóknaraðilja Kristjáni Guðlaugssyni málskostnað í héraði, kr. 1000.00, og kærumálskostnað, kr. 600.00.

Að öðru leyti beri aðiljar kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 11. júlí 1958.

Gerðarbeiðendur, Jón E. Waage, Seyðisfirði, og Þórunn Waage hafa krafizt þess, að þeim verði með beinni fógetagerð afhentar kr. 14.198.36, ásamt áföllnum vöxtum, sem lagðar hafa verið inn á sparisjóðsbók nr. 92021 við Landsbanka Íslands af Kristjáni Guðlaugssyni hrl., hér í bæ, en Kristján hefur neitað að afhenda gerðarbeiðendum bókina. Þeir krefjast solidarisks málskostnaðar úr hendi Kristjáns Guðlaugssonar og meðalgönguaðilja málsins, þeirra Sveins Pálssonar, Guðlaugs Aðalsteinssonar, Jóns Benediktssonar og Óskars Eyjólfssonar.

Meðalgönguaðiljarnir Sveinn Pálsson, Hábæ, Guðlaugur Aðalsteinsson, Nýjabæ, Jón Benediktsson, Suðurkoti og Óskar Eyjólfsson, Tumakoti, allir í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu, hafa krafizt þess, að þeim verði afhent ofannefnd upphæð. Þir krefjast solidarisks málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðenda.

Gerðarþoli Kristján Guðlaugsson hrl. hefur mótmælt kröfum

gerðarbeiðanda og meðalgönguaðiljanna.. Hann hefur krafizt þess, að gerðarbeiðendum verði gert að greiða sér málskostnað in solidum. Með stefnu, útgefinni í apríl 1956, höfðar Kristján Guðlaugsson hrl. f. h. eigenda Stóru-Voga í Vatnsleysustrandarhreppi mál gegn félögunum Metcalfe-Hamilton-Smith-Beck, Keflavíkurflugvelli, til greiðslu fébóta vegna vanefnda á sandsölusamningi, sjá rskj. 17. Stefna þessi hefur verið lögð fram í fógetamáli þessu sem rskj. nr. 7, og greinir þar ekki nöfn eigenda Stóru-Voga. Í greinargerð sinni, sem lögð var fram í aukarétti Keflavíkurflugvallar, getur Kristján Guðlaugsson nafna þessara aðilja, og eru það ábúendur býla þeirra í Vatnsleysustrandarhreppi, sem að framan er getið, svo og er þar til nefndur Stefán Runólfsson, Gunnarsbraut 34 í Reykjavík, en hann hafði þá á leigu sandnám býlisins Stóru-Voga með leigusamningi við gerðarbeiðendur máls þessa. Dómur gekk í máli þessu hinn 7. desember 1956, og eru Kristján Guðlaugssyni f. h. eigenda Stóru-Voga tildæmdar kr. 31.205.00 úr hendi hinna amerísku félaga, auk 6% ársvaxta frá 2. febrúar 1956 til greiðsludags og kr. 5.000.00 í málskostnað. Hafa gerðarbeiðendur lagt fram endurrit dóms þessa, sjá rskj. nr. 2. Ekki greinir endurrit þetta frá nöfnum umbjóðenda Kristjáns Guðlaugssonar. Kristján hefur veitt dómsfjárhæðinni móttöku.

Eftir að gerðarbeiðendur höfðu höfðað innsetningarmál þetta gegn Kristjáni Guðlaugssyni með bréfi til fógetaréttar Reykjavíkur, dagsettu 4. júlí 1957, gerðist framangreindur Stefán Runólfsson meðalgönguaðili í málinu og gerði þær réttarkröfur aðallega, að gerðarþola yrði gert að afhenda sér alla hina dæmdu fjárhæð, en til vara, að honum yrði gert að afhenda sér 56,25% fjárhæðarinnar. Gerði hann og kröfu um málskostnað in solidum úr höndum gerðarbeiðenda. Byggði Stefán kröfur sínar á því, að hann hefði haft á leigu sandnám úr landi Stóru-Voga á þeim tíma, sem viðskiptin við hin erlendu félög áttu sér stað, og vísaði hann um þetta til leigusamnings á rskj. 11 og úrskurðar fógetaréttar á rskj. nr. 12. Varakrafan var á því byggð, að svonefndir smábýlaeigendur Stóru- Voga-torfunnar, sem einnig gerðust meðalgönguaðiljar í málinu, telji sig eiga 43,75% sandnámsins. En í yfirlýsingu sinni, dagsettri í desember 1957, segir Stefán, að hann sé því samþykkur, að umboðsmanni gerðarbeiðanda verði greitt hið umdeilda dómfé og að hann falli frá öllum kröfum, sem hann hafi haft uppi í fógetamáli þessu, sjá rskj. nr. 22.

Undir rekstri málsins eða nánar tiltekið hinn 17. desember

1957 lagði Kristján Guðlaugsson hluta dómfjárins, kr. 14.198.36, inn í sparisjóðsbók nr. 92021 við Landsbanka Íslands. Kveðst Kristján þar hafa haft hliðsjón af dómi Hæstaréttar í málinu nr. 95/1936, en þar er kveðið á um eignarhlutföll eigenda Stóru-Voga-torfunnar, og nemur framangreind upphæð 44% dómfjárins. Hann hefur og lagt fram í máli þessu heildarreikninga vegna sandsölunnar og samkvæmt þeim hefur hann hinn 17. desember 1957 greitt umboðsmanni gerðarbeiðenda kr. 8.963.90, sbr. yfirlýsingu Stefáns Runólfssonar á rskj. nr. 22. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til þess að fara nánar út í reikninga þessa, en þeim er mótmælt af hálfu gerðarbeiðenda, sem hafa gert áskilnað um að krefja Kristján Guðlaugsson um allar eftirstöðvar dómfjárins.

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 95/1936 er staðfestur dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem kveður svo á, að þáverandi eigandi býlisins Stóru-Voga í Vatnsleysustrandarhreppi, Sigurjón J. Waage, eigi 27,45/48.80 hluta Stóru-Voga-torfunnar. Með tilliti til hæstaréttardóms þessa fara fram landskipti Stóru-Voga-torfunnar dagana 4. og 5. júní 1940, sjá rskj. 16 í máli þessu. Segir þar, að þar sem skipti nái til sjávar, séu þau miðuð við stórstraumsflóðmál og skipti komi ekki á vergögn, beitutekju, fasta eða lausa þörunga og fjörubeit.

Gerðarbeiðendur rökstyðja kröfur sínar þannig samkvæmt útlagningu, er fór fram í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 29. desember 1947, sjá rskj. 18, er gerðarbeiðendum lögð út Stóru-Voga-torfan á Vatnsleysuströnd. Vísað er og til veðbókarvottorðs, dagsetts 25. júní 1957, sjá rskj. 3, þar sem segir, að eignin Stóru-Vogar sé þinglesin eign Jóns og Þórunnar Waage. Þessum opinberu skjölum hafi á engan hátt verið hnekkt, og fari ekki á milli mála um eignarrétt að nefndri jörð. Nú liggi fyrir óáfrýjaður dómur aukaréttar Keflavíkurflugvallar, er kveði svo á, að Kristjáni Guðlaugssyni tildæmist þar greind fjárhæð f. h. eigenda Stóru-Voga. Sé því allsendis ótvírætt, að Kristjáni beri skylda til þess að fá gerðarbeiðendum dómfé þetta í hendur. — Aðild meðalgönguaðiljanna að máli þessu er mótmælt, með því að, eins og að framan segir, hafi þeir ekki sannað neinn rétt að því landi, sem sandur var tekinn úr og tilefni varð til dómsmálsins.

Af hálfu meðalgönguaðiljanna er bent sérstaklega á dóm Hæstaréttar um eignarhlutföll Stóru-Voga-torfunnar. Enn fremur á það, að landskiptagerðin taki ekki til fjörunnar frá stórstraumsflóðmáli. Þannig sé ljóst, að fjaran sé óskipt sameign eigenda

Stóru-Voga-torfunnar, þeirra gerðarbeiðenda máls þessa og meðalgönguaðiljanna. En á þeim tíma, sem viðskipti þau, sem urðu tilefni til dómsmálsins, áttu sér stað, hafi Stefán Runólfsson verið aðili að sandnáminu samkvæmt leigusamningi hans við gerðarbeiðendur.

Kristján Guðlaugsson hrl. hefur haldið því fram, að með orðunum Stóru-Vogar í dómsorðinu á rskj. 2 sé átt við Stóru-Voga-torfuna í heild, enda sé glögglega tekið fram í greinargerð þeirri, sem lögð var fram í dómsmálinu, að málið hafi verið höfðað vegna meðalgönguaðilja máls þessa og leigutaka sandnáms sjálfs býlisins Stóru-Voga, Stefáns Runólfssonar. Gerðarbeiðendur hafi engra hagsmuna haft þar að gæta, því að þeir hafi fengið Stefáni þessi sandnámsréttindi. Er þess því krafizt, að synjað verði um innsetningargerð þessa vegna aðildarskorts gerðarbeiðenda. Þá beri einnig á það að líta, að engan veginn sé víst, hver eigi að taka við dómfé þessu. Að vísu séu til eignarhlutföll um Stóru-Voga-torfuna, sjá framangreindan hæstaréttardóm og landskipti á grundvelli hans, en ekki liggi fyrir skiptagerð um fjöru upp að stórstraumsflóðmáli, og neðan þess marks hafi sandur sá verið tekinn, sem seldur hafi verið. Kveðst Kristján hljóta að færast undan að afhenda upphæð þessa, unz dómur liggi fyrir um eignarrétt að fjörunni og á þessum grundvelli mótmælir hann réttarkröfum gerðarbeiðenda og meðalgönguaðiljanna.

Eins og að framan er rakið, hefur gerðarþoli Kristján Guðlaugsson stefnt hinum amerísku félögum til greiðslu skuldar f. h. eigenda Stóru-Voga og í greinargerð sinni í því dómsmáli telur hann þessa aðilja með nöfnum og heimilisföngum. Endurrit dómsins á rskj. 2. greina þessi nöfn hvorki í atvikalýsingu né í dómsorði, heldur tildæmir Kristjáni þar greinda fjárhæð f. h. eigenda Stóru-Voga. Var Kristján Guðlaugsson því réttur aðili til þess að taka við greiðslu dómfjárins úr hendi hinna amerísku félaga, sem hann og gerði. En ekki verður talið, er annars vegar er litið á málatilbúnað Kristjáns, stefnu og greinargerð, og hins vegar á dómsorðið á rskj. 2, að svo örugg vissa sé fengin fyrir rétti þeirra, sem nú sækja fógetamál þetta á hendur Kristjáni, að úr verði skorið með beinni fógetagerð. Verður ekki annað fyrir hendi en að synja um þessa umbeðnu innsetningargerð, bæði samkvæmt kröfu gerðarbeiðenda og meðalgönguaðiljanna. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Umbeðin innsetningargerð skal ekki fara fram, hvorki samkvæmt kröfu gerðarbeiðenda né meðalgönguaðiljanna. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 15. október 1958.

Nr. 132/1957. **Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta** (Jóhann Steinason hdl.) gegn **Síldinni h/f** (Áki Jakobsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Mál til heimtu vátryggingarfjár.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda, en til vara lækkunar dæmdrar tryggingarfjárhæðar og sýknu af málskostnaðarkröfum stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms, sbr. og ákvæði 52. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta, greiði

stefnda, Síldinni h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 9. apríl 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 27. f. m., hefur h.f. Síldin, Hafnarfirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 9. desember 1955, gegn Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu, hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 431.100.00, auk 6% ársvaxta frá 21. júní 1955 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar að skaðlausu, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn niður falla.

Málsatvik eru þessi:

Árla morguns hins 21. júní 1955 var v/s Síldin, GK 140, á siglingu á Faxaflóa á leið til Hafnarfjarðar, en skipið var að koma úr veiðiflutningaferð til nokkurra hafna á vestur- og norðvesturlandi. Um kl. 04.00 um morguninn kom I. vélstjóri, Björgvin Helgi Guðmundsson, á vörð. Fór hann skömmu síðar upp á stjórnpall og hafði tal af skipstjóra, Jóni Guðmundssyni, sem stóð við stýrið. Bað hann vélstjórann að dæla sjó á þilfarið, og fór vélstjóri niður í vélarrúm þeirra erinda. Skömmu síðar kom hann upp á stjórnpall aftur og tjáði skipstjóra, að dælan dældi sjónum ekki upp, enda hefði hún verið í ólagi fyrr í ferðinni. Lét skipstjóri það gott heita. Er vélstjórinn fór niður í vélarrúm til að framkvæma fyrrnefnda skipun skipstjóra, skrúfaði hann stjórnborðsbotnventil lausan, svo að sjór fossaði þar inn í skipið. Þá stillti hann og þrískiptihanann neðan við kælivatnsdælu þannig, að opið var á kælivatnsdælu og austurdælu, en afleiðingin varð sú, að er sjórinn fossaði inn í skipið, dældi austurdælan ekki úr skipinu, heldur einungis í hring. Auk þess var haninn á sogröri að austurdælu frá lestinni opinn, en af því leiddi, að sjór rann inn í lestina, er aðalvél skipsins var stöðvuð. Um kl. 05,00 kom I. vélstjóri upp á stjórnpall og tjáði skipstjóra, að mikill sjór væri kominn í skipið og vélin væri farin að ausa upp á sig sjó. Innti skipstjóri vélstjórann eftir því, hverju það sætti, en hann svaraði því til, að hann vissi það ekki. Skipaði skipstjóri nú vélstjóranum að vekja aðra skipsmenn og byrja

að dæla með þilfarsdælu. Skömmu síðar voru skipsmenn allir komnir á kreik og farnir að dæla. Kveðst skipstjóri nú hafa hlaupið niður og litið inn í vélarrúmið. Var sjór þá kominn upp á vélarhúsgólf og var sýnilegt, að sjórinn hækkaði ört, enda þótt dælt væri bæði með þilfarsdælu og austurdælu. Að sögn II. vélstjóra, fór hann, þegar er hann hafði verið vakinn, ásamt I. vélstjóra niður í vélarrúm. Var sjór þá kominn upp fyrir gólf og var rúmlega í miðja ökla. Tóku þeir upp litla plötu, sem var yfir botnkrananum, og var kranahjólið á burtu, en sjór flæddi inn. Reyndu þeir að setja skaft, vafið tuskum, í gatið, en það tókst ekki. Meðan á þessu stóð, hækkaði sjór mjög ört í skipinu, og er sjórinn var kominn í hné, urðu þeir að hætta tilraunum þessum. Höfðu þeir þá verið í vélarrúmi í mesta lagi í tíu mínútur, að sögn II. vélstjóra. Er hér var komið ferð skipsins, var það statt á svonefndu Sviði, 4—6 sjómílur norðvestur af Gróttu. Að sögn skipstjóra var veður þá gott, SA gola, sólskin og sléttur sjór. Margir bátar voru að handfæraveiðum á þessum slóðum, og var Síldinni siglt að þeim bátnum, sem næstur var. Eftir nokkrar mínútur var Síldin komin að báti þessum, sem reyndist vera v.s. Sísí, RE 266. Um sama leyti stöðvaðist vél Síldarinnar. Var nú mikill sjór kominn í káetu og lest, og rann sjór ört inn í skipið, en eftir að vélin stöðvaðist, virtist lekinn minnka, og virtist sjór ekki hækka verulega í skipinu eftir það. Skipstjóri fór þess nú á leit við skipstjórann á Sísí, að hann léti í té aðstoð, og var það að ráði með þeim, að Sísí tæki Síldina í tog. Gekk greiðlega að koma á dráttarsambandi milli skipanna og var nú haldið áleiðis til Reykjavíkur. Var áhöfn Síldarinnar í fyrstu um kyrrt í skipinu, en er siglt hafði verið nokkurn tíma, yfirgaf áhöfnin skipið og fór um borð í Sísí, þar eð óttazt var, að Síldin væri að því komin að sökkva. Var þá sjór í vélarrúmi kominn það hátt, að vélin var um það bil að fara í kaf og lá skipið mjög aftur, enda rann allur sjór aftur í það. Er enginn var lengur um borð í Síldinni til að stýra henni, reyndist ógerningur að draga hana, vegna þes hve mjög hún „svansaði". Varð því úr, að þrír skipverja fóru aftur um borð í skipið og gekk nú drátturinn vel. Er skipin nálguðust Reykjavíkurhöfn, var haft samband við hafnsögumenn, en þeir töldu óráðlegt, að farið væri með Síldina inn á höfnina. Var því að ráði þeirra haldið inn að Kirkjusandi og þar var Síldinni rennt upp í fjöru um kl. 08,00. Var þá skipið mjög sigið og að því er virtist alveg komið að því að sökkva.

Mál þetta er höfðað til heimtu vátryggingarfjár v/s Síldarinnar, sem stefndi hefur neitað að greiða, en vátryggingarupphæðin nemur fjárhæð stefnukröfunnar. Reisir stefnandi kröfu sína til vátryggingarfjárins á því, að ekki svari kostnaði að gera við skipið, þar sem allar líkur bendi til, að kostnaðurinn við slíka viðgerð myndi nema hærri fjárhæð en vátryggingarverði skipsins nemur. Myndi þá kostnaður við skipið fara langt fram úr verðmæti þess.

Sýknukröfu sína í málinu reisir stefndi á eftirfarandi:

að I. vélstjóri hafi í samráði við eigendur reynt að sökkva skipinu til þess að svíkja út vátrygingarféð,

að skipið hafi verið með vitund eigenda þess óforsvaranlega illa mannað í umræddri ferð,

að skipstjóri og eigendur skipsins hafi, í stað þess að dvelja á strandstað og gera ráðstafanir til að tæma sjó úr skipinu, jafnóðum og undan því fjaraði, ekki nærri því komið og yfirleitt ekki viljað skipta sér af því,

að ekkert sjótjón hafi á skipinu orðið, nema vélin hafi blotnað af sjó, en ráðstafanir hafi þegar verið gerðar til að hreinsa hana. Í hinum munnlega málflutningi féll stefndi frá þessari síðustu varnarástæðu. Jafnframt lýsti lögmaður hans því yfir, að stefndi véfengdi ekki, að skipið sé óbætandi.

Verða nú fyrstgreindar þrjár varnarástæður teknar til athugunar hver fyrir sig.

Um 1.

Sjópróf vegna þessa atburðar hófust í sjódómi Hafnarfjarðar samdægurs og stóðu yfir fram í miðjan júlí, en síðar í sama mánuði var málið rannsakað frekar í sjódómi Reykjavíkur. Hinn 11. júlí játaði I. vélstjóri að hafa gert tilraun til að sökkva Síldinni með þeim hætti, sem hér að framan er lýst. Kvað hann orsakirnar til þessa verknaðar hafa verið þær, að bæði skip og vél hafi verið svo léleg orðin á þessum tíma, að skipið hafi ekki verið sjófært. Þá kvaðst hann hafa vitað, að útgerð skipsins var illa stödd fjárhagslega og eigendurnir myndu fegnir að losna við það. Á hinn bóginn hafi hann enga von gert sér um hagnað eða fríðindi hjá útgerð skipsins, er hann ákvað að sökkva því og aldrei hafi hnan heyrt eigendurna hafa orð á því, að æskilegt væri, að skipið færist. Neitaði hann því og eindregið, að nokkur hefði hvatt hann til að sökkva skipinu eða verið í vitorði með honum um verknað þenna að öðru leyti.

V/s Síldin er eikarskip, 88 brúttólestir að stærð, smíðað árið 1912. Á þeim tíma, er hér um ræðir, var skipið í eign samnefnds hlutafélags í Hafnarfirði, stefnanda máls þessa. Hluthafar í félagi þessu voru Illugi Guðmundsson og Steingrímur Bjarnason, sem mun látinn, konur þeirra og synir. Átti hvor fjölskylda helming hlutafjárins. Höfðu þessir aðiljar orðið eigendur skipsins um áramótin 1951—'52. Illugi og Steingrímur neituðu því eindregið við sjóprófin, að þeir hefðu nokkurn tíma mælzt til þess við I. vélstjóra, að hann grandaði skipinu. Töldu þeir og vafasamt, að það hefði orðið til hagsbóta fyrir eigendurna, að skipið færist, vegna þess hve lágt það var vátryggt. Illugi Guðmundsson kveðst ekkert hafa þekkt I. vélstjóra, áður en hann réðst á Síldina, og ekki hafi hann heldur kynnzt honum persónulega eftir það, einungis talað við hann nokkrum sinnum og þá helzt, meðan skipið stundaði veiðar. Steingrímur Bjarnason kveðst hafa kynnzt vélstjóranum, eftir að hann byrjaði að starfa á skipinu. Hafi þeir átt töluverð skipti saman eftir það, en kunningsskapur hafi þó ekki tekizt með þeim.

Vitnið Sigurður Snædal Júlíusson skýrir svo frá, að í apríl 1955 hafi maður nokkur komið á vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar, hér í bænum, en vitnið er skrifstofustjóri hjá fyrirtæki þessu. Hafi maður þessi sagzt vera vélstjóri á Síldinni frá Hafnarfirði, en ekki sagt til nafns. Hafi hann tjáð vitninu, að hann væri þangað kominn til að athuga um kaup á mælum með svonefndri „öryggissírenu". Í samtali, sem vitnið átti við mann þenna út af nefndum tækjum, hafi það komið fram, að Síldin myndi stranda. Vitnið kveðst hafa spurt mann þenna, hvort til stæði, að Síldin strandaði og hafi hann svarað því játandi. Eitthvað hafi hann rætt um, að hann ætti að fá þóknun fyrir að skipið strandaði, og hafi hann nefnt kr. 10.000.00 í því sambandi. Jafnframt hafi hann haft orð um, áð það væri allt of lítil þóknun og kæmi ekki til mála að láta skipið stranda gegn þeirri þóknun. Vitnið kveður mann þenna hafa verið töluvert ölvaðan og hafi hann virzt verða ölvaðri, meðan samtal þetta fór fram. Vitnið kveðst hafa talið, að maður þessi væri „eitthvað ruglaður", þar eð hann hafi ekki verið mjög ölvaður. Kveðst það hafa viljað losna við hann og í því skyni gengið inn til teiknara fyrirtækisins, Sigurðar Kristjánssonar, og þar hafi skilið með þeim. Sigurður þessi kannast við, að umræddur maður hafi komið á teiknistofu hans í fylgd með Sigurði Júlíussyni og staldrað þar við. Hafi hann verið áberandi ölvaður og tal hans

sundurlaust, en skýrmæltur hafi hann verið. Í samtali þeirra hafi komið fram, að hann væri vélstjóri á skipi frá Hafnarfirði og líklegt væri, að það myndi stranda í vöruflutningum, sem fyrirhugaðir væru. Hafi hann haft við orð, að hægt myndi vera að valda rafmagnstruflun á siglingatækjum skipsins, án þess að skipstjóri hefði hugmynd um það, en afleiðingarnar gætu orðið þær, að skipið strandaði. Ekki minntist vitni þetta þess, að vélstjórinn talaði beinlínis um, að hann hygðist gera þetta sjálfur, en vitninu hafi þó skilizt, að það lægi bak við orðin. Þóknun hafi hann ekki talað um í sambandi við ráðagerð þessa né heldur, að ákveðnir menn ættu þarna hlut að máli.

I. vélstjóri synjaði eindregið fyrir, að hann hefði komið á nefnt vélaverkstæði á umræddum tíma eða átt tal við framangreind vitni. Hafi sér og ekki komið til hugar að sökkva skipinu fyrr en í umræddri ferð. Hinn 11. júlí 1955 fóru sjódómsmenn þeir, er rannsókn málsins höfðu á hendi, á nefnt verkstæði ásamt Bj.örgvin Helga vélstjóra. Var gengið á fund fyrrnefndra vitna, sem bæði fullyrtu, að Björgvin Helgi væri sami maðurinn og komið hefði á verkstæðið í apríl 1955 og kynnt sig sem vélstjóra á Síldinni frá Hafnarfirði.

Opinbert mál var höfðað gegn Björgvin Helga Guðmundssyni vélstjóra vegna umrædds atburðar, og með dómi Siglingadóms, uppkveðnum 4. júlí 1956, var hann m. a. talinn hafa gerzt brotlegur við 165. gr. almennra hegningarlaga, svo og við 248. gr. sbr. 20. gr. sömu laga, þar sem eigi þótti varhugavert að telja sannað, að ásetningur hans með að sökkva skipinu hafi að minnsta kosti öðrum þræði miðað að því að auðga eigendur skipsins á kostnað vátryggjenda þess.

Á hinn bóginn var ekki höfðað opinbert mál gegn neinum af eigendum skipsins vegna meintrar hluttöku þeirra í tilraun vélstjórans til að granda skipinu. Er og með skírskotun til þess, sem fram er komið í málinu um það atriði og rakið er hér að framan, ósannað með öllu, að þeir hafi átt þar nokkurn hlut að. Hefur því þessi fyrsta sýknuástæða stefnda ekki við rök að styðjast.

Um 2.

Áhöfn Síldarinnar í umræddri ferð var 5 manns: skipstjóri, stýrimaður, tveir vélstjórar og háseti. Er ekki annað fram komið en yfirmenn allir hafi haft tilskilin réttindi, hver til síns starfs.

Þegar að svo vöxnu máli hefur málsástæða þessi ekki við rök að styðjast, sbr. VI. kafla laga nr. 66/1946.

Um 3.

Við sjóprófin skýrði Steingrímur Bjarnason svo frá, að kl. á að gizka 6 að morgni hins 21. júní hefði hann fengið skilaboð í síma þess efnis, að mikill leki væri kominn að Síldinni og byrjað væri að draga skipið til lands. Hafi hann þá þegar farið heim til Illuga Guðmundssonar og tilkynnt honum þetta. Þeir hafi síðan hringt í loftskeytastöðina og með aðstoð hennar getað fylgzt með því, hvernig skipinu leið. Um kl. 7 hafi þeir farið til Reykjavíkur, en þeir bjuggu þá báðir í Hafnarfirði, og reynt að fá lánaðar dælur. Hafi þeir fyrst reynt á slökkvistöðinni og síðan í vélsmiðjunni Hamri, en án árangurs. Er hér var komið, hafi klukkan verið um 8 og skipið komið inn á Kirkjusand. Hafi þeir félagar þá tekið Óla Valdimarsson, forstjóra stefnda, upp í bifreið, sem þeir voru í, og ekið inn á Kirkjusand. Hafi Síldin þá legið þar í fjörunni, en skipstjóri og skipshöfn verið farin inn á Reykjavíkurhöfn með v/s Sísí. Hafi skipshöfnin engin afskipti haft af skipinu eftir þetta. Eigendur þessi hafi hins vegar haft samráð við Óla Valdimarsson um ráðstafanir vegna skipsins, og ráðstafanir þær, sem síðar var gripið til, hafi farið fram samkvæmt sameiginlegum ákvörðunum Óla Valdimarssonar og eigenda skipsins.

Í hinum munnlega málflutningi lýsti lögmaður stefnda því yfir að gefnu tilefni, að forráðamönnum stefnda hafi borizt fréttir af því, hvernig komið var fyrir Síldinni, meðan Sísí var að draga skipið til Reykjavíkur.

Vitnið Þorsteinn Daníelsson skipasmiður skýrir svo frá, að það hafi komið inn á Kirkjusand, þar sem Síldin stóð uppi í fjöru, um klukkan 22,30 að kveldi hins 21. júní. Sjór hafi þá enn verið mikill í skipinu og ekki fallið út frá því, en um hálfri klukkustund síðar hafi það staðið á þurru. Skipið hafi legið á stjórnborðssíðunni, sem mikið hafi verið farin að „gefa sig". Markaði vitnið þetta af þilfarslínu skipsins, sem því virtist gengin upp um ca. 15 cm. Kveðst vitnið hafa borað 7—8 göt, þumlungs víð, á byrðing skipsins til að hleypa sjónum úr því, og hafi skipið verið þurrt orðið eftir um 3 klukkustundir. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, hver fól vitni þessu að skoða skipið og hleypa sjónum úr því.

Í gögnum málsins kemur fram, að tveir skoðunarmenn stefnda,

Bárður G. Tómasson og Þorsteinn Loftsson, komu inn á Kirkjusand milli kl. 14 og 15 hinn 21. júní og skoðuðu Síldina. Bera menn þessir, að skipið hafi legið á stjórnborðssíðunni og hafi skipssíðan verið gengin upp um nokkra sentimetra.

Í skýrslu frá Skipaskoðun ríkisins um skoðun á Síldinni, dagsettri 28. september 1955, segir m. a. á þessa leið:

„Sjórinn var ekki losaður úr skipinu fyrr en hægt var að komast að til að bora göt á bolinn, svo sjórinn gæti runnið út. Sökum þess lá skipið að mestu leyti á þurru með öllum sjóþunganum, sem orsakaði það, að síða sú, sem skipið lá á, gekk upp um miðjuna um ca. 15 cm. Hefur af þessari ástæðu óhjákvæmilega orðið tognun á súð og böndum, sem illmögulegt er að gera við."

Að beiðni stefnda voru á bæjarþingi Reykjavíkur 19. júní 1956 dómkvaddir tveir sérfróðir menn til þess að láta uppi álit sitt á tilgreindum atriðum í sambandi við ástand Síldarinnar. Í álitsgjörð þeirra, dagsettri 3. ágúst s. á., segir svo í niðurlagi:

„Almenn regla í dráttarbrautum er sú, að landsetja ekki tréskip, jafnvel þótt þau séu ný, með meira en 30% leyfilegrar hleðslu. Gömul skip eru helzt aðeins landsett tóm, þar sem reynsla sýnir, að annars er hætta á að bolurinn ofreynist. Má því ætla, að vatnsmagn það, sem í skipinu var, þegar því var lent upp í fjöru, hafi getað skekkt skipið, þegar fjaraði undan því."

Eftir að sjór hafði verið tæmdur úr skipinu, var það þéttað til bráðabirgða, en að því búnu tekið upp í dráttarbraut Bátanausts h.f., hér í bænum. Er eigi annað vitað, en skipið standi þar enn óviðgert.

Svo sem að framan greinir, höfðu forráðamenn stefnda haft spurnir af Síldinni, áður en henni var rennt á land á Kirkjusandi. Þá skoðuðu trúnaðarmenn stefnda skipið samdægurs. Hlaut þeim að vera ljóst, hver hætta því var búin að standa á þurru með mikinn sjóþunga innanborðs, enda hafa þessir menn borið, svo sem áður sagði, að stjórnborðssíða skipsins hafi þá verið gengin nokkuð upp. Þrátt fyrir þetta verður eigi séð, að hafizt hafi verið handa um að tæma sjó úr skipinu fyrr en rúmum hálfum sólarhring eftir að því var rennt á land, er göt voru boruð á byrðing þess. Má þó telja vafalaust, að unnt hefði verið að dæla sjónum úr skipinu á skömmum tíma með vélknúnum dælum þegar um morguninn, en að áliti hinna sérfróðu samdómenda eru nokkrar líkur til þess, að með því hefði verið unnt að koma í veg fyrir að skipið reyndist að ráði. Bar stefnda sem

vátryggjanda skipsins að sjálfsögðu að gera þær ráðstafanir, sem tiltækar voru til bjargar því, engu síður en skipshöfn og eigendum skipsins. Á hinn bóginn var þess naumast að vænta, að forráðamenn skipsins hefðu nægjanlega fljótt tiltæk nauðsynleg tæki til slíks, úr því sem komið var.

Með hliðsjón af því, sem nú var rakið, verður eigi talið, að þessi sýknuástæða hafi við rök að styðjast. Verður því ekki unnt að taka sýknukröfu stefnda í málinu til greina. Þess var áður getið, að stefndi krefst þess til vara, að stefnukrafan verði lækkuð. Í greinargerð hans er engin grein gerð fyrir varakröfunni, en í hinum munnlega málflutningi krafðist hann þess, að til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda, yrði hún tekin til greina, kæmi gagnkrafa að fjárhæð kr. 70.372.73. Sundurliðast fjárhæð þessi þannig, að kr. 68.757.73 eru ógreidd iðgjöld af vátryggingu Síldarinnar til ársloka 1955, en kr. 1615.00 eru 1/10 hluti af björgunarlaunum, er stefndi hefur greitt eigendum v/b Sísí fyrir hjálp þá, er hún veitti Síldinni.

Stefnandi véfengir hvorki réttmæti gagnkröfunnar né heldur að hún fái komizt að í málinu. Lækkar því krafa stefnanda, sem henni nemur.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 360.727,27 (kr. 431.100,00 — kr. 70.373,73), auk 6% ársvaxta, sem eftir atvikum öllum þykir rétt að reiknist frá stefnudegi.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 15.000,00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Leifi Grímssyni skipasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta, greiði stefnanda, h/f Síldinni, kr. 360.727,27, auk 6% ársvaxta frá 9. desember 1955 til greiðsludags og kr. 15.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. október 1958.

Nr. 97/1958. **Ákæruvaldið** (Kristján Guðlaugsson hrl.)
gegn
Anton Högnasyni (Guðlaugur Einarsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Sýkna af ákæru um bifreiðalagabrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði er samkvæmt ákæruskjali sakaður um að hafa verið með áhrifum áfengis eða miður sín vegna undanfarinnar neyzlu áfengis, er hann ók bifreiðinni um götur Reykjavíkur og síðan að Sundhöll bæjarins árdegis hinn 12. nóvember 1957. Eigi er fram komið í málinu, að stjórn ákærða á bifreiðinni hafi í neinu verið áfátt. Ákærða var ekki tekið blóð til rannsóknar, sbr. 23. gr. þágildandi bifreiðalaga nr. 23/1941, en sú rannsókn var látin undan falla vegna andmæla ákærða. Fimm vitni úr starfsliði Sundhallarinnar, sem sáu ákærða eða höfðu samskipti við hann þar, hafa komið fyrir dóm. Eins og rakið er í héraðsdómi, segjast þrjú þessara vitna hafa fundið áfengislykt af ákærða og telja þau hann hafa verið með áhrifum áfengis. Eitt vitnið kveður það álit sitt, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum, enda þótt það yrði ekki vart áfengisþefs úr vitum hans eða styddi þetta álit nokkrum öðrum rökum. Fimmta vitnið kveðst ekki hafa orðið vart áfengisþefs af ákærða né neins annars í fari hans, er benti til þess, að hann væri með áhrifum áfengis. Tveir lögreglumenn, sem komu á vettvang, og lögregluvarðstjóri sá, er hafði mál ákærða til meðferðar, eftir að hann hafði verið fluttur á lögreglustöðina, kveða sig eigi hafa greint, að áfengisáhrifa gætti í fari ákærða. Að svo vöxnu máli þykja nægar sannanir eigi komnar fram um sekt ákærða. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins og leggja allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með

talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, og laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00, enda hafði verjandi afsalað sér málsvarnarlaunum í héraði, einungis ef ákærða yrði dæmt áfall.

Dómsorð:

Ákærði, Anton Högnason, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00, og laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3000.00.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Svo sem í héraðsdómi greinir, hefur ákærði viðurkennt, að hafa verið nokkuð undir áhrifum áfengis, er hann skildi við félaga sína, vitnin Jóhannes Pétursson og Elvar S. Haraldsson, um kl. 3 aðfaranótt 12. nóvember 1957. Kveðst hann þá hafa tekið með sér áfengisblöndu á sódavatnsflösku og drukkið hana á heimleiðinni, en farið að sofa um kl. 4 um nóttina. Kveðst hann hafa vaknað kl. að ganga tíu um morguninn, klæðzt og ekið því næst í bifreið sinni heim til Jóhannesar Péturssonar. Telur hann, að þá hafi klukkan verið nálægt 10.00, en vitnið Jóhannes telur, að ákærði hafi komið heim til þess um kl. 9.00 árdegis. Hefur ákærði því eigi notið nema um 5 klst. svefns um nóttina.

Frá Jóhannesi Péturssyni héldu þeir hann og ákærði í bifreiðinni heim til vitnisins Elvars Haraldssonar, og ók ákærði. Því næst ók ákærði þeim öllum þremur upp í Sundhöll og var komið þangað laust eftir hádegi. Hafa vitnin Bergsveinn Jónsson, Björn H. Björnsson, Lilja Kristinsdóttir og Hulda Kristinsdóttir, er starfa í Sundhöllinni, látið í ljós það álit sitt, að ákærði hafi þá verið með áhrif-

um áfengis eða fundið til áfengisáhrifa, svo sem nánar er rakið í héraðsdómi. Þegar ákærði hafði dvalizt í Sundhöllinni og baðazt, lenti hann í deilum við starfsstúlku, er eigi vildi veita honum aðgang að lauginni vegna þess, að hann væri með áhrifum áfengis. Ákærði taldi sig hins vegar þá allsgáðan og kvaddi lögregluþjóna á vettvang til vitnis um það. Telja lögregluþjónarnir Gísli Guðmundsson og Bogi Jóhann Bjarnason, er komu að beiðni hans, svo og Pálmi Jónsson varðstjóri, er ræddi við ákærða á lögreglustöðinni, sig ekki hafa merkt áfengisáhrif á ákærða. Mun þetta hafa verið um kl. 1—2 síðdegis. Hins vegar neitaði hann algerlega að láta rannsaka sýnishorn af blóði sínu og að ganga undir öndunarpróf, svo sem segir í héraðsdómi.

Fallast má á það með héraðsdómara, að eigi sé nægjanlega sannað, að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis, svo að varði við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941, 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 24/1941 og 1 málsgr. 24. gr. laga nr. 58/1954, er hann hóf að aka bifreið sinni kl. um 9 eða á 10. tímanum að morgni 12. nóvember 1957. Á hinn bóginn lít ég svo á, að skýrslur ákærða og félaga hans um áfengisdrykkju hans fram eftir nóttunni og vætti starfsfólks Sundhallarinnar, sem að framan var greint, veiti nægar sannanir fyrir því, að ákræði hafi þá verið svo miður sín vegna undanfarinnar neyzlu áfengis og eins og á stóð ónógs svefns um nóttina, að akstur hans varði við 3. málsgr. 23. gr. laga nr. 23/1941. Tel ég vætti lögregluþjóna þeirra, er komu á vettvang um 3—4 klukkustundum eftir að ákærði hóf aksturinn, ekki nægja til að hnekkja því, enda styrkir synjun hans um nánari rannsókn líkur gegn honum.

Refsingu ákærða tel ég hæfilega ákveðna kr. 1000.00 sekt til ríkissjóðs, en til vara 6 daga varðhald.

Eigi virðist næg ástæða til að svipta ákærða rétti til bifreiðaraksturs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal laun sækanda í Hæstarétti, kr. 2.000.00. Verjandi ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti hefur afsalað sér málsvarnarlaunum úr hendi ákærða.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Ákærði, Anton Högnason, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti til vara 6 daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað málsins, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. maí 1958.

Ár 1958, miðvikudaginn 14. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í lögreglustöðinni af Ólafi Þorlákssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2503/1958: Ákæruvaldið gegn Antoni Högnasyni, sem tekið var til dóms 17/4 s.l.

Mál þetta er með ákæruskjali, dagsettu 24/2 s.l., höfðað gegn Antoni Högnasyni leigubílstjóra, Hjarðarhaga 28, Reykjavík, fyrir að hafa þriðjudagsmorguninn 12. nóvember s.l. ekið bifreiðinni R 4450 frá Hjarðarhaga 28 að Kjartansgötu 7 og síðan að Bragagötu 35 og loks upp að Sundhöll, þótt hann væri undir áhrifum áfengis eða svo miður sín sökum undanfarandi áfengisneyzlu, að hann gat eigi stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt. Telst þetta aðallega varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 1. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, en til vara við 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. síðastnefndra laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 12/3 1928 í Reykjavík.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1948 19/5 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
— 31/8 Reykjavík. Undir rannsókn út af umferðarslysi. Fellt niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins 9/9 1949.
1950 25/3 Reykjavík. Dómur, 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 106. gr. hegningarlaga og 1. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík.
1952 22/7 Reykjavík. Kærður fyrir meint brot á lögum nr. 47/1935. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 19/3 1953.

— 12/5 Reykjavík. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 1282/1950. Fangelsi 4 mánuði, skilorðsbundið í 5 ár.
1954 21/1 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.
1956 5/4 Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
— 4/5 Reykjavík. Áminning fyrir vöntun ökuskírteinis.
1957 30/4 Reykjavík. Veittu handhafar valds forseta Íslands dómfellda uppgjöf sakar, að því er snertir dóm Hæstaréttar frá 12/5 1952, þannig að allar lögfylgjur dómsins falli niður, þar á meðal að dómfelldi njóti allra borgaralegra réttinda og dómurinn hafi ekki ítrekunaráhrif.

Málsatvik eru þau, að hinn 12/11 s.l. kl. 12.55 var hringt á lögreglustöðina frá Sundhöllinni og óskað eftir aðstoð þangað. Til að sinna beiðni þessari fóru lögregluþjónarnir Gísli Guðmundsson og Bogi Jóhann Bjarnason á vettvang. Þar hittu lögreglumennirnir að máli Anton Högnason, Hjarðarhaga 28, ákærða í máli þessu, er ekið hafði þangað skömmu áður á bifreið sinni, R 4450, ásamt félögum sínum, Jóhannesi Péturssyni, Kjartansgötu 7, og Elvari Haraldssyni, Bragagötu 35. Anton kveðst hafa ætlað að fá lánaða sundskýlu í afgreiðslunni, en sér verið neitað um hana sökum þess, að hann væri talinn áberandi ölvaður. Kvaðst hann hafa þá hringt á lögregluna, ef hann með því gæti fengið leiðréttingu á áburði þessum, en Anton kvaðst hafa verið að skemmta sér síðastliðna nótt, en ekki bragðað áfengi síðan.

Varð það síðan úr, að Anton fylgdist með lögreglumönnunum niður á lögreglustöð. Þar fyrir varðstjóra, hr. Pálma Jónssyni, neitaði ákærði eindregið að blása í belg, er sýnir, hvort maðurinn hefur nýlega neytt áfengis. Einnig neitaði ákærði að láta taka sér blóðsýnishorn til alkóhólákvörðunar.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að nóttina fyrir framangreindan atburð hafi hann verið að skemmta sér. Kveðst hann hafa hitt kunningja sína, Elvar Haraldsson og Jóhannes Pétursson, ásamt Gísla Guðmundssyni um miðnætti í bíl Jóhannesar, en bílnum hafi ekið stúlka, Edda að nafni. Ákærði kveðst þá hafa verið allsgáður, en vín hafi verið haft um hönd í bílnum og hann neytt af því. Ákærði kveðst ekki vita, hve mikils vínmagns hann neytti, en segir sig hafa verið nokkuð undir áhrifum áfengis, er hann yfirgaf kunningjafólk sitt um kl. ca. 3 um nóttina. Hafi hann þá tekið með sér áfengisblöndu í sódavatnsflösku og drukkið áfengi áður en hann fór að sofa kl. ca. 4 um morguninn.

Ákærði kveðst hafa vaknað klukkan að ganga 10 um morguninn og ekið þá að heiman frá sér í bíl sínum og heim til Jóhannesar Péturssonar, Kjartansgötu 7, vakið hann og ekið með hann heim til Elvars Haraldssonar, Bragagötu 35. Síðan hafi hann ekið með þá félaga upp í Sundhöll. Þar hafi þeir allir þrír fengið sér bað. Síðan hafi hann gert tilraun til að fá leigðar sundskýlur handa þeim félögum, en verið neitað vegna gruns um ölvun. Þá hafi hann hringt í lögregluna, eins og að framan getur. Ákærði kveðst hafa verið án áfengisáhrifa þarna í Sundhöllinni, enda ekki drukkið áfengi frá því að hann fór á fætur um morguninn.

Vitnið Edda Scheving, er ók bifreið Jóhannesar Péturssonar umrædda nótt, kveður Anton hafa komið í bílinn um miðnætti. Vitnið var þess vart, að Anton neytti áfengis, meðan hann var í bílnum, en telur, að hann hafi ekki verið mikið undir áfengisáhrifum, er hann kvaddi um kl. 2—3 um nóttina. Ekki kveðst vitnið vita, hversu mikið áfengismagn var haft um hönd í bílnum umrætt skipti.

Vitnið Jóhannes Pétursson hefur skýrt svo frá, að ákærði Anton hafi komið í bifreið sína laust eftir miðnætti hinn 12/11 s.l. og neytt þar víns ásamt sér og vitninu Elvari Haraldssyni, þar til kl. 2—3 um nóttina, að Anton fór úr bílnum. Ekki veit vitnið, hversu mikið vín var drukkið, meðan ákærði hafði dvöl í bíl vitnisins, en telur að það hafi verið ca. ein hálfflaska af Vodka. Vitnið segir, að ákærði Anton hafi síðan komið heim til þess um kl. 9 um morguninn eftir akandi í bíl sínum, og síðan hafi ákærði ekið með því heim til vitnisins Elvars og þaðan hafi ákærði ekið upp í Sundhöll. Telur vitnið, að þá hafi klukkan verið um 12 á hádegi. Ekki kveðst vitnið hafa séð áfengisáhrif á ákærða né séð hann neyta víns um morguninn. Hins vegar hafi ákærði gefið vitninu eina flösku af hvítvíni um morguninn, og hafi það drukkið hana ásamt vitninu Elvari, áður en þeir félagar fóru upp í Sundhöll.

Vitnið Elvar Haraldsson, sem var ásamt ákærða og vitnunum Eddu og Jóhannesi í bíl Jóhannesar umrædda nótt, hefur skýrt frá atvikum mjög á sama hátt og framangreind vitni. Vitnið áætlar, að drukkið hafi verið úr 1½ hálfflösku af vodka, meðan ákærði hafði dvöl í bifreið Jóhannesar, og hafi þeir verið alls fjórir, er neyttu af víninu. Vitnið segir, að ákærði Anton hafi komið akandi í bíl sínum heim til þess ásamt vitninu Jóhannesi um kl. 11.30 um morguninn 12/11 s.l., vakið sig og hafi þeir síðan ekið upp í Sundhöll. Hafi þá vitnið Jóhannes verið með hvítvíns-

flösku meðferðis, og hafi það drukkið eitthvað af víninu, en ekki segist vitnið hafa orðið þess vart, að ákærði smakkaði á víninu, og ekki séð á honum áfengiseinkenni.

Er í Sundhöllina kom, segir vitnið, að afgreiðslustúlkurnar hafi sagt við þá félaga, að þeir fengju ekki sundskýlur, þar eð þeir væru undir áhrifum áfengis. Segir þá vitnið, að þeir hafi allir þrír farið í bað, en síðan hafi Anton farið fram og reynt að fá skýlur, og skömmu síðar hafi lögreglan komið á vettvang.

Vitnið Lilja Kristinsdóttir, starfsstúlka í Sundhöllinni, telur ákærða Anton hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis, er hann kom upp í Sundhöll í umrætt sinn kl. 12.10—12.50 hinn 12/11 s.l. Byggir vitnið þá staðhæfingu sína á því, að það hafi fundið greinilegan áfengisþef úr vitum ákærða, auk þess sem hann var óeðlilegur í fasi í umrætt sinn, að því er vitnið segir, en það kveðst vera ákærða málkunnugt.

Vitnið Hulda Kristinsdóttir, starfsstúlka í Sundhöllinni, hefur skýrt svo frá, að það hafi séð ákærða, er hann kom úr baði um kl. 12.45. Vitnið kveðst hafa fundið áfengislykt af ákærða og kveður það vera álit sitt, að ákærði hafi verið eitthvað undir áhrifum áfengis og byggir vitnið þá skoðun sína á áfengislykt af ákærða svo og óeðlilegri framkomu hans.

Vitnið Björn Haraldur Björnsson baðvörður hefur skýrt svo frá fyrir rannsóknarlögreglu þann 12/11, að það hafi ekki tekið eftir því, hvort ákærði væri undir áhrifum áfengis né fundið af honum áfengislykt umrætt sinn í Sundhöllinni. Fyrir dómi 20/11 s.l. hefur vitnið staðfest framburðinn og tekið jafnframt fram, að persónulegt álit sitt hafi verið þó, að ákærði hafi fundið til áfengisáhrifa. Ekki hefur vitnið rökstutt það álit sitt.

Vitnið Bergsveinn Jónsson, umsjónarmaður í Sundhöllinni, kveðst hafa átt nokkurn orðastað við ákærða umrætt sinn og fundið úr vitum hans greinilegan áfengisþef. Er það skoðun vitnisins, að ákærði hafi þá fundið til áfengisáhrifa.

Vitnið Guðmundur Ragnar Jónatansson Sundhallarvörður, er einnig átti orðastað við ákærða umrætt sinn, hefur skýrt frá því, að það hafi ekki fundið úr vitum ákærða áfengislykt né tekið eftir öðru því í fari hans, er bent gæti til þess, að ákærði væri í umrætt sinn undir áhrifum áfengis.

Vitnið Gísli Guðmundsson lögregluþjónn kveðst ekki hafa getað greint merki þess, að ákærði væri undir áfengisáhrifum umrætt sinn.

Vitnið Bogi Jóhann Bjarnason lögregluþjónn kveðst ekki hafa

merkt einkenni þess á ákærða, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Vitnið Pálmi Jónsson, er gengdi starfi varðstjóra á lögreglustöðinni, er framangreind tvö vitni komu með ákærða fyrir það til yfirheyrslu, hefur skýrt frá því, að það hafi ekki merkt einkenni áfengisáhrifa á ákærða, en hann hafi þó virzt æstur í framkomu og neitað eindregið að fara til blóðtöku til alkóhólákvörðunar og neitað sömuleiðis að undirgangast öndunarpróf.

Vitnin úr hópi starfsfólks Sundhallarinnar hafa öll staðfest framburði sína með eiði, enn fremur lögregluþjónar.

Ekki þykir nægilega sannað með vætti vitna, sem að framan eru rakin, að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis við aksturinn í umrætt skipti. Ber því að sýkna ákærða af broti á 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga 24/1941 og 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Með eigin frásögn ákærða um áfengisneyzlu sína umrædda nótt og synjun hans um öndunarpróf og blóðtöku til alkóhólákvörðunar og með hliðsjón af framburðum vitnanna Lilju Kristinsdóttur, Huldu Kristinsdóttur og Bergsveins Jónssonar þykir ljóst, að ákærði hafi verið svo á sig kominn vegna undanfarandi neyzlu áfengis, að akstur hans varði við 3. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Refsing ákærða telst hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga 23/1941 4 mánuði frá birtingu dómsins.

Hinn skipaði verjandi ákærða, hr. hdl. Guðlaugur Einarsson, hefur afsalað sér málsvarnarlaunum í skriflegri málsvörn sinni. Ber því ekki, þegar af þeirri ástæðu, að dæma honum málsvarnarlaun, sbr. 2. mgr. 86. gr. laga 27/1951.

Dómsuppkvaðning hefur dregizt vegna mikilla anna við embættið.

Dómsorð:

Ákærði, Anton Högnason, greiði 1500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi sínu 4 mánuði frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað málsins.
Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. október 1958.

Nr. 95/1957. **Gústaf A. Sveinsson f. h. Kreisjugendamt í E**
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
F (Magnús Thorlacius hrl.)
og gagnsök
og
G og H (Magnús Thorlacius hrl.).
gegn
Gústaf A. Sveinssyni f. h. Kreisjugendamt í E.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Mál um forræði barna.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1957 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 31. maí 1957. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Meðáfrýjendur, hjónin G og H, hafa að fengnu áfrýjunarleyfi 28. október 1957 gengið inn í mál þetta hér fyrir dómi með áfrýjunarstefnu sama dag. Eru kröfur þeirra samhljóða

aðalkröfu og varakröfu gagnáfrýjanda. Þau krefjast og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi gerir þær kröfur á hendur meðáfrýjendum, að meðalgöngusökinni verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að kröfum þeirra verði hrundið. Hann krefst og málskostnaðar af meðáfrýjendum fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hinn 8. júní 1949 kom til Íslands stúlkan A, fædd 30. september 1925, frá E, þar sem foreldrar hennar höfðu tekið sér aðsetur eftir flutning frá Austur-Þýzkalandi. Vistaðist hún til landbúnaðarstarfa að R til meðáfrýjenda, sem þar búa. Dvaldist hún þar og á öðrum stað í I til vors 1951. Á þeim tíma hófst kunningsskapur hennar og gagnáfrýjanda, F, sem er bróðir meðáfrýjanda G. Vorið 1951 fór A aftur til foreldra sinna í Þýzkalandi og dvaldist hjá þeim um 13 mánaða tíma. Hinn 12. júní 1952 kom hún öðru sinni til Íslands og réðst þá að S... Eftir að hún kom aftur til Íslands, hófst að nýju kunningsskapur hennar og gagnáfrýjanda. Hinn 14. apríl 1953 fór hún enn til foreldra sinna í Þýzkalandi, og gekk hún þá með barn gagnáfrýjanda, sem hún ól í fæðingarstofnun í Slesvík 21. nóvember 1953. Var það sveinn, er hlaut nafnið B. Enn kom A til Íslands 27. apríl 1954 með B son sinn. Gagnáfrýjandi, sem var kvæntur maður og átti 4 börn með konu sinni, fluttist nú af sameiginlegu heimili þeirra og tók upp sambúð við A. Var heimili þeirra fyrst að Baldursgötu 18 í Reykjavík, en haustið 1955 fluttust þau að Laugavegi 24 í Reykjavík. Kveður gagnáfrýjandi það hafa verið tilætlun þeirra að ganga í hjónaband, en kona hans hafi verið andvíg skilnaði. Hinn 5. febrúar 1955 fæddist þeim dóttir, er hlaut nafnið C. Hinn 6. júlí 1955 fór í orlofsferð til foreldra sinna og hafði með sér bæði börnin. Kom hún ásamt börnunum aftur úr þeirri för hinn 23. október 1955. Eftir það bjuggu þau, hún og gagnáfrýjandi, ásamt börnum sínum að Laugavegi 24, unz hún réð sér bana hinn 12. maí 1956.

Hinn 19. maí 1956 flutti gagnáfrýjandi börnin B og C að R til meðáfrýjenda. Hafa þau síðan verið í fóstri hjá þeim

hjónum, að því undanteknu, að B dvaldist hjá föður sínum í Reykjavík veturinn 1956—1957.

A var þýzkur ríkisborgari, og svo eru einnig börn hennar og gagnáfrýjanda, þau B og C. Eftir að lát A spurðist til E, skipaði Amtgericht þar hinn 24. maí 1956 aðaláfrýjanda máls þessa, Kreisjugendamt í E, lögráðanda barnanna. Hófst hann þegar handa um að fá börnin send til Þýzkalands, og er því lýst, að tilætlunin sé að vista þau hjá móðurforeldrum sínum. En er gagnáfrýjandi vildi eigi verða við kröfu um afhendingu barnanna, höfðaði aðaláfrýjandi mál þetta í héraði, og lauk því þar með hinum áfrýjaða dómi 25. maí 1957.

Krafa gagnáfrýjanda um ómerkingu dóms og málsmeðferðar í héraði virðist á því reist, að kröfu um afhendingu barnanna hefði ekki átt að beina að honum, með því að börnin væru í fóstri utan heimilis hans. Þessari kröfu verður ekki sinnt, þar sem hún var ekki borin fram í héraði, enda verður að telja málssókninni rétt beint að gagnáfrýjanda.

Aðaláfrýjandi reisir kröfu sína um frávísun meðalgöngusakar frá Hæstarétti á því, að meðáfrýjendur, R-hjónin, hafi engra lagalegra hagsmuna að gæta í málinu, þar sem gagnáfrýjanda hafi brostið heimild til að ráðstafa börnunum til þeirra. Meðáfrýjendur eru barnlaus hjón á góðum aldri og vel efnum búin. Hinn 30. júní 1957 sóttu þau um stjórnarráðsleyfi til að ættleiða börnin, og veitti gágnáfrýjandi sama dag samþykki sitt til þess. Dómsmálaráðuneyti synjaði um leyfið, með því að mál um persónuforráð barnanna væri fyrir dómstólum. Barnaverndarnefnd R . . . hrepps lýsti því hinn 19. september 1957, að ekki væri rétt að taka börnin úr fóstri á R . . . og flytja þau til útlanda, þar sem það mundi vera mjög skaðlegt fyrir andlega heilbrigði þeirra að taka þau frá því fólki, sem þau væru orðin samrýmd og liði vel hjá, og flytja þau þangað, er þau þekktu engan. En hér er þess að geta, að í 16. gr. laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 87/1947 er barnaverndarnefndum veitt heimild til að úrskurða, að óskilgetið barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldri, ef þar fer vel um það,

enda þótt sá, er foreldraráð hefur yfir barninu, kalli eftir því. Þegar litið er til þeirrar afstöðu meðáfrýjenda til barnanna, sem að framan er lýst, þykir þeim hafa verið heimilt að ganga inn í málið og styðja kröfur gagnáfrýjenda, enda er ekki sannað, að þau hafi fyrirfram skuldbundið sig til þess að ganga eigi inn í dómsmálið. Verður því krafa aðaláfrýjanda um frávísun meðalgöngusakar ekki tekin til greina.

Börnin B og C eru þýzkir ríkisborgarar, eins og fyrr var sagt, en tengsl þeirra við Ísland eru þessi: Gagnáfrýjandi, faðir barnanna, er íslenzkur ríkisborgari og búsettur á Íslandi, en í íslenzkum rétti er það grundvallarregla, að náin ættartengsl eru milli óskilgetins barns og föður þess, þannig er m. a. gagnkvæmur erfðaréttur milli óskilgetins barns og föður þess og föðurfrænda samkvæmt 2. gr. erfðalaga nr. 42/1949, og samkvæmt 22. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði hefur faðir óskilgetins barns, að tilteknum skilyrðum fullnægðum, rétt til að fá umráð þess. Sveinninn B fæddist að vísu í Þýzkalandi, en móðir hans fluttist með hann til Íslands og tók þá upp sambúð við gagnáfrýjanda, sem ekki sleit fyrr en við dauða hennar. Og á meðan á þeirri sambúð stóð, fæddist barnið C hér á landi.

Ákvæði 19. gr. laga nr. 87/1947, að afstaða óskilgetins barns færi að íslenzkum lögum, ef móðir þess hafði íslenzkan ríkisborgararétt, kom inn í íslenzka löggjöf 1921, en var illsamrýmanlegt þeirri gömlu meginreglu íslenzks réttar, að persónuleg réttarstaða manns skuli fara að íslenzkum lögum, ef hann á heimilisfang á Íslandi, og hefur eigi verið bent á dæmi þess, að téðri 19. gr. hafi verið beitt um forræði yfir börnum. Með lögum nr. 39 29. maí 1958 hefur 19. gr. verið afnumin, og er því víst, að um forræði yfir óskilgetnum börnum, sem heima eiga nú á Íslandi, fer að íslenzkum lögum. Samkvæmt þessu og með tilvísun til heimilisfangs barnanna B og C hér á landi og tengsla þeirra við íslenzkt fólk og Ísland, sem rakin voru, er ljóst, að 22.—24. gr. laga nr. 95/1947 taka til þeirra.

Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar frá 22. nóvember 1957

hafa tveir dómkvaddir sérfræðingar gefið álitsgerð í máli þessu. Er það álit þeirra, að skilnaður barnanna frá kunnu, ástfólgnu umhverfi og aðlögun að nýju, framandi umhverfi mundi verða þeim langur og harður reynslutími. Telja þeir hag barnanna muni bezt borgið með því, að þau verði kyrr hjá núverandi fósturforeldrum sínum. Barnaverndarráð Íslands hefur lýst því, að gæfurík framtíð barnanna sé bezt tryggð með því, að þau alizt upp hjá meðáfrýjendum, G og H, sem Barnaverndarráðið telur að öllu leyti hæf til að sjá um uppeldi þeirra og menntun. Af framangreindum álitsgerðum er ljóst, að velferð barnanna er vel tryggð í höndum meðáfrýjenda. Er því úrskurður sá, sem Barnaverndarnefnd R.-hrepps kvað upp hinn 19. september 1957 samkvæmt 16. gr. laga nr. 87/1947, um að börnin skuli vera kyrr hjá meðáfrýjendum, á rökum reistur.

Samkvæmt því, sem að framan segir, eru eigi efni til að taka kröfur aðaláfrýjanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, F., á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Gústafs A. Sveinssonar f. h. Kreisjugendamt í E, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. maí 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður, hér í bæ, vegna Kreisjugendamts í E... í Þýzkalandi höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 8. október f. á., gegn F..., hér í bænum, og er það samkomulag aðilja að ganga fram hjá sáttamönnum og leggja málið beint fyrir bæjarþingið.

Málavexti kveður stefnandi þá, að stefndi, F, hafi um skeið búið með þýzkri stúlku, A að nafni, en eigi hafi þau verið gift. Hafi þau stefndi og nefnd stúlka átt saman tvö börn: B, fæddur

í Slesvík 21. nóvember 1953 og C, fædd í Reykjavík 5. febrúar 1955. Þau stefndi og A hafi síðast búið saman að Laugavegi 24, hér í bænum, og þar hafi A andazt hinn 12. maí 1956.

Mun báðum börnunum skömmu síðar hafa verið komið til dvalar hjá F, bónda að R, og konu hans. Stúlkubarnið dvelur þar enn, en drengurinn mun faðirinn hafa tekið til sín haustið 1956 og dvelst hann nú hjá honum.

Stefnandi kveður stefnda hafa verið og vera íslenzkan ríkisborgara. Hins vegar hafi hin látna A verið fædd þýzkur ríkisborgari og haldið þýzkum ríkisborgararétti. Börn hennar hafi og jafnan verið þýzkir ríkisborgarar og sé svo enn, þar sem börnin voru óskilgetin og hlutu þannig ríkisfang móður sinnar. Telur stefnandi þetta leiða af 3. tölulið 1. málsgr. 1. gr. laga um íslenzkan ríkisborgararétt nr. 100 frá 23. desember 1952, e contrario og 19. gr. laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 87 frá 5. júní 1947, einnig e contrario. Samsvarandi ákvæði séu og í þýzkum lögum. Bendir stefnandi í því sambandi á Einführungsgesetz zum Bürgerlichen Gesetzbuch frá 18. ágúst 1896 § 20 og á Bürgerliches Gesetzbuch §§ 1589, 1631, 1632, 1705 og 1800, meðal annarra lagaboða. Af þessu leiði einnig samkvæmt 19. gr. laga nr. 87 frá 1947, að um afstöðu barnanna fari að þýzkum lögum. Þeim hafi og eigi verið skipaður lögráðamaður hér á landi, enda enginn hérlendur maður bær um að ráða dvalarstað barnanna né öðru um uppeldi þeirra. Hins vegar hafi hlutaðeigandi dómur, Amtsgericht E, skipað Kreisjugendamt þess staðar lögráðanda barnanna og hafi nefnt Kreisjugendamt afráðið að taka börnin af stefnda og flytja þau heim til Þýzkalands. Muni umrætt Kreisjugendamt fela föður A, U, að ala börnin upp. Sá maður sé talinn í góðum efnum, hann eigi álitlegar eignir í verðbréfum og fasteignum og reki auk þess arðbæra kolaverzlun í E og í sambandi við hana verzlun með brotamálm og vélaeldsneyti. Framtíð barnanna sé því tryggð með tilkalli þeirra til erfðahluta í eignum afa síns. Þá búi hann með konu sinni, sem sé móðir hinnar látnu A og amma barnanna. Megi því ætla, að ráðstöfun barnanna til afa þeirra og ömmu sé börnunum fyrir beztu. Nú hafi hvað eftir annað verið farið fram á það við stefnda, að hann léti börnin af hendi, en árangurslaust, og sé því mál þetta höfðað.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur,

að stefndi verði dæmdur til að láta af hendi til stefnanda ofangreind börn, B og C, að viðlögðum dagsektum til stefnanda,

eigi undir fimm hundruð krónum fyrir hvern dag, sem líður frá birtingu dóms í máli þessu, unz stefndi fullnægir dómnum þann veg, sem nú var greint, og

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda allan kostnað sakarinnar.

Stefnandi hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Kröfu sína um sýknu styður stefndi í fyrsta lagi þeim rökmu, að bæði börnin hafi erfðarétt eftir hann og séu á framfæri hans, og eigi hann því eftir síðustu málsgr. 22. gr. laga um lögræði nr. 95 frá 1947 rétt til að fá umráð barnanna, þar sem móðir þeirra sé látin.

Þá bendir stefndi í öðru lagi á ákvæði 16. gr. laga nr. 87 frá 1947, en þar segir, að barnaverndarnefnd sé jafnan heimilt að úrskurða, að óskilgetið barn, sem sé í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldri, ef þar fer vel um það, enda þótt sá, er foreldraráð hafi, kalli eftir því. Nú hafi skólanefnd og barnaverndarnefnd í hlutaðeigandi skólahverfi gefið yfirlýsingu, dagsetta 26. október 1956, um það, að heimili bróður stefnda og konu hans, en hjá þeim dvöldu þá bæði börnin, sé hið ágætasta, „enda hafi börnunum liðið þar svo vel sem verða má. Mundi börnum þessum hvergi líða betur í framtíðinni en á þessu heimili". Megi skoða yfirlýsingu þessa sem ákvörðun barnaverndarnefndar um dvalarstað barnanna, þó að hún sé ekki í úrskurðarformi.

Telur stefndi, að það breyti engu um skilning á lagaboðum þeim, er hann vitnar til, þótt móðir barnanna hafi verið þýzkur ríkisborgari, er hún lézt. Dæma eigi málið eftir íslenzkum, en ekki þýzkum lögum.

Loks heldur stefndi því fram, að móðurfaðir barnanna, U, sé við aldur, heilsulítill og eignalaus, a.m.k. hafi hann ekki verið efnaður maður fyrir tæpu 1½ ári síðan. Sama máli muni gegna um konu hans. Verði því að telja þau hjónin ófær til að sjá um uppeldi barnanna, enda megi ætla, að það myndi hafa skaðsamleg áhrif á þroska og sálarlíf þeirra, ef þau yrðu hrakin frá föður sínum og föðurbróður til framandi lands og þjóðar.

Það er óvéfengt, að ríkisfang hinnar látnu móður hinna umdeildu barna hafi verið þýzkt, og með gagnályktun frá 3. tölulið 1. málsgr. 1. gr. laga nr. 100 frá 1952 er sýnt, að börnin öðluðust ekki íslenzkt ríkisfang við fæðingu. Sú regla hefur verið talin gilda hér, að persónuleg réttarstaða manns fari eftir lögum Íslands, ef hann á heimkynni hér á landi, þótt hann sé ríkis-

borgari annars ríkis. Með 19. gr. laga nr. 87 frá 1947 er vikið frá þessari reglu um afstöðu óskilgetins barns, en greinin hljóðar svo: „Afstaða óskilgetins barns fer að íslenzkum lögum, hafi móðir þess íslenzkan ríkisborgararétt. Svo er og, ef ekki verður upplýst um ríkisborgararétt hennar eða barnsins og það dvelur hér á landi". Fram hjá þessu ákvæði er ekki hægt að ganga og leiðir af því með gagnályktun, að afstaða oft nefndra barna fer ekki eftir íslenzkum lögum, og verður því ekki séð, að ákvæði 16. gr. laga nr. 87 frá 1947 og síðustu málsgr. 22. gr. laga nr. 95 frá 1947 eigi hér við.

Þau lagaboð þýzk, sem stefnandi hefur einkum vísað til kröfu sinni til stuðings, hljóða svo í íslenzkri þýðingu löggilts skjalaþýðanda og dómtúlks:

„Óskilgetið barn. a) Óskilgetið barn og móðir. EG 20: Réttarafstaða óskilgetins barns til móður þess dæmist eftir þýzkum lögum, ef móðirin er þýzk. Sama gildir og, þótt ríkisfang móðurinnar sé úr gildi fallið, en ríkisfang barnsins hafi haldizt.

Skyldleiki.

1589. I. Einstaklingar, þar sem einn er af öðrum kominn, eru skyldir í beinan ættlegg. Einstaklingar, sem ekki eru skyldir í beinan ættlegg, en komnir af sama þriðja einstaklingi, eru skyldir í hliðarættlegg. Stig skyldleikans ákvarðast af tölu fæðinganna, er til hans leiða.

II. Óskilgetið barn og faðir þess teljast ekki skyld (teljast ekki vera ættingjar).

Réttarverkanir persónuforsjár.

1631. I. Forsjá með barninu felur í sér rétt og skyldu til að ala barnið upp, hafa umsjá með því og ákvarða dvalarstað þess.

II. Samkvæmt réttinum til að hafa uppeldi með höndum getur faðirinn beitt barnið hæfilegum ögunaraðferðum. Ef hann fer þess á leit, ber lögráðaréttinum að veita honum aðstoð við beitingu viðhlítandi ögunaraðferða.

Krafa um afhendingu.

1632. Forsjá með barninu felur í sér rétt til að krefjast afhendingar þess af hverjum þeim, er ólöglega heldur því fyrir föðurnum.

Afstaða barnsins til móðurinnar.

1705. Óskilgetið barn hefur sömu réttarstöðu til móðurinnar og ættingja hennar, sem væri það skilgetið.

Persónuforsjá.

1800. Réttur og skylda forsjáraðilja til að sjá fyrir skjólstæð-

ingnum ákvarðast af þeim fyrirmælum 1631. gr. til 1633. gr., er varða vald foreldra".

Það verður að fallast á það hjá stefnanda, að eftir því sem málum er háttað og að framan er rakið, gildi framangreind lagaboð um afstöðu hinna umdeildu barna. Nú er það ekki véfengt, að stefnandi, Kreisjugendamt í E, sé réttur lögráðandi barnanna að þýzkum lögum í stað hinnar látnu móður þeirra. Hefur því stofnun þessi rétt til að heimta börnin í sína umsjá, og verður stefndi af þeim sökum dæmdur til að láta börnin af hendi við stefnanda, að viðlögðum dagsektum til hans, er þykja hæfilega ákveðnar kr. 300.00 fyrir hvern dag, sem líður, frá því aðfararfrestur í máli þessu er liðinn og þar til afhending barnanna fer fram.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, F, er skyldur að láta börnin B og C af hendi til stefnanda, Gústafs A. Sveinssonar vegna Kreisjugendamts í E, að viðlögðum þrjú hundruð króna dagsektum til stefnanda fyrir hvern dag, sem líður frá því, að aðfararfrestur í máli þessu er liðinn og þar til afhending barnanna fer fram.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. október 1958.

Nr. 215/1957. **Ákæruvaldið**

gegn

Marteini Jóni Magnússyni Skaftfells, Friðriki Lunddal Baldvinssyni, Jóni Hilmari Norðfjörð, Klemenzi Þorleifssyni, Steindóri Björnssyni og Guðna Sigurði Einarssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðssoin og prófessorarnir Ólafur Jóhannesson og Magnús Þ. Torfason.

Kveðið á um frekari öflun gagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt með skírskotun til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1932 að æskja umsagnar Læknaráðs um eftirgreind atriði:

1. Hver er hin læknisfræðilega skilgreining á orðinu lyf?

2. Umsögn Læknaráðs óskast um álitsgerð Júlíusar Sigurjónssonar prófessors, dagsetta 14. febrúar 1957, og um álitsgerð Kristins Stefánssonar lyfsölustjóra, dagsetta 22. febrúar 1957, sem lagðar hafa verið fram í máli þessu í héraði.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té umsögn um framangreind atriði.

Föstudaginn 31. október 1958.

Nr. 102/1958. **Steingrímur Hermannsson**
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Steingrímur Hermannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 31. október 1958.

Nr. 103/1958. **Árnason, Pálsson & Co. h/f**
gegn
Brandi Brynjólfssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 31. október 1958.

Nr. 104/1958. **Árnason, Pálsson & Co. h/f**
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 300.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. október 1958.

Nr. 111/1958. **Pöntunarfélag Alþýðu, Neskaupstað**
gegn
Ástvaldi Árnasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pöntunarfélag Alþýðu, Neskaupstað, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 31. október 1958.

Nr. 131/1958. **Guðlaug Magnúsdóttir**
gegn
Kvennaheimilinu Hallveigarstaðir h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðlaug Magnúsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 31. október 1958.

Nr. 133/1958. **Guðni Halldórsson**
gegn
Konráði Ó. Sævaldssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðni Halldórsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Konráði Ó. Sævaldssyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 300.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 1. nóvember 1958.

Nr. 138/1957. **Þorsteinn Jafet Jónsson**
(Ágúst Fjeldsted hrl.).
gegn
Jóni Ásgeiri Guðmundssyni
(Magnús Thorlacius hrl.).
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. september 1957, gerir þær dómkröfur, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og hvorum aðilja um sig verið dæmt að bera sjálfur kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 19. júní 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m., krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 158.200.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. desember 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Svo krefst hann og, að viðurkenndur verði lögveðréttur hans í bifreiðinni R 3613 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur Bergþór læknir Smári hinn 14. júní 1958 skoðað gagnáfrýjanda af nýju. Telur læknirinn skoðun þessa ekki leiða neittt nýtt í ljós og örorkumat sitt frá 31. ágúst 1955 því vera óbreytt. Þá hefur endurrit af skattframtali gagnáfrýjanda fyrir árið 1957 verið lagt fram hér fyrir dómi.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdómara, að slys það, sem um ræðir í máli þessu, verði eigi að neinu leyti rakið til óvarkárni gagnáfrýjanda. Ber aðaláfrýjanda því að bæta honum tjón hans að fullu.

Verða nú einstakir kröfuliðir athugaðir:

Um 1. lið, atvinnu- og örorkubætur.

Gagnáfrýjandi virðist lítið hafa getað unnið fyrstu 6—7 mánuði eftir slysið, og hann hefur ekki treyst sér til að taka aftur upp bifreiðarakstur. Hins vegar hefur hann stundað verkamannavinnu síðan 17. júlí 1952, svo sem segir í héraðsdómi, og sýnast tekjur hans af þeirri vinnu hafa verið svipaðar og almennt gerist um verkamenn á sama tíma, en nokkru lægri en tekjur bifreiðarstjóra. Þegar þessa er gætt og jafnframt litið til varanlegrar örorku gagnáfrýjanda, sem talin er 10%, þykja bætur honum til handa samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 50.000.00.

Um 2. lið, þjáningabætur.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta ákvörðun hans um fjárhæð þjáningabóta, kr. 18.000.00.

Hér fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi viðurkennt fjárhæðir 3.—6. liða í kröfu gagnáfrýjanda.

Samkvæmt framanskráðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 50.000.00 + kr. 18.000.00 + kr. 1187.00 + 115.00 + kr. 2322.50 + kr. 750.00, þ. e. samtals kr. 72.374.50, auk 6% ársvaxta frá 27. desember 1951 til greiðsludags. Svo ber aðaláfrýjanda og að greiða gagnáfrýjanda kr. 13.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Viðurkenna ber lögveð gagnáfrýjanda í bifreiðinni R 3613 fyrir framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Þorsteinn Jafet Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Ásgeiri Guðmundssyni, kr. 72.374.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. desember 1951 til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi á lögveð í bifreiðinni R 3613 til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. f. m., hefur Jón Ásgeir Guðmundsson bifreiðarstjóri, Bergstaðastræti 25, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 28. maí 1952, gegn Þorsteini Jafet Jónssyni bifreiðarstjóra, Sörlaskjóli 94, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 19.197.00, auk 6% ársvaxta frá 27. desember 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu svo og til viðurkenningar á lögveðrétti í bifreiðinni R 3613.

Með utanréttarstefnu 16. maí 1956 höfðaði stefnandi framhaldssök gegn stefnda til hækkunar kröfu sinni í frumsök í kr. 158.200.00. Að öðru leyti heldur hann fram kröfum sínum í frumsök óbreyttum.

Stefndi hefur krafizt þess, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður verði látinn niður falla.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f., hér í bæ, er stefnt til að gæta réttar síns í málinu, en engar kröfur eru gerðar á hendur því, og það hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Fimmtudaginn 27. desember 1951, um kl. 09.30, varð árekstur á gatnamótum Njarðargötu og Öskuvegar, hér í bæ. Varð árekstur inn með þeim hætti, að bifreið stefnda, R 3613, sem ekið var austur Öskuveg, rakst á hægri hlið R 116, en þeirri bifreið var ekið suður Njarðargötu. Við árekstur inn valt R 116 og kom niður á þakið í skurð, sem er með fram Njarðargötu austanverðri. Miklar skemmdir urðu á bifreiðinni og bifreiðarstjórinn, stefnandi í máli þessu, slasaðist alvarlega. Ennfremur hlaut eini farþeginn, sem í bifreiðinni var, Ingibjörg Agnars flugþerna, nokkur meiðsli.

Lögreglurannsókn á slysi þessu var framkvæmd þegar næstu dagana eftir slysið. Dómsrannsókn fór og fram nokkru síðar. Verða nú rakin meginatriðin í skýrslum aðilja og sjónarvotta um slysið, svo og önnur þau atriði, sem fram hafa komið og þýðingu verða talin hafa um úrslit málsins.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi í umrætt sinn verið á leið frá Drápuhlíð 26 suður á Reykjavíkurflugvöll, en þangað var heitið ferð farþegans, sem í bifreið hans var. Hafi farþeginn tjáð sér, að hann þyrfti að hraða för sinni og því hafi hann ekið fremur greitt vestur Hringbrautina. Er hann kom að mótum Hringbrautar og Njarðargötu, hafi hann orðið að draga mikið úr ferð bifreiðarinnar um leið og hann sveigði henni til vinstri

inn á Njarðargötu. Er bifreiðin var komin inn á þá götu, hafi hann aftur aukið hraðann og ekið með um 30 km hraða miðað við klukkustund. Er hann nálgaðist umgetin gatnamót, þar sem áreksturinn varð, hafi hann séð til bifreiðar stefnda vestan Öskuvegar og hafi sér virzt bifreiðinni ekið á um 30 km hraða miðað við klukkustund. Er hér var komið, hafi hann slökkt og tendrað ljós bifreiðar sinnar á víxl, til þess að gera ökumanni hinnar bifreiðarinnar aðvart um, að hann nálgaðist gatnamótin. Er hann sá, að ökumaður bifreiðar þessarar hægði ekki ferðina, hafi hann dregið úr hraða sinnar bifreiðar og tengt vél hennar í annað ganghraðastig. Jafnframt hafi hann ekið bifreiðinni út á sína vinstri götubrún. Er hann var að komast móts við hlið, sem er þarna á girðingu, er liggur með fram Njarðargötu austanverðri, gegnt Öskuvegi, hafi bifreið stefnda komið beint út á gatnamótin og hafi hann ekki orðið þess var, að bifreiðinni væri beygt, hvorki til hægri eða vinstri. Hann hafi þá verið búinn að tengja vél bifreiðar sinnar í fyrsta ganghraðastig og talið, að nóg svigrúm væri fyrir ökumann R 3613 að sveigja bifreiðinni til hvorrar handar, sem hann vildi. Það hafi hins vegar engum togum skipt, að bifreið stefnda lenti á hægri hlið R 116 eða nánar tiltekið á afturhurðarstaf, hurð og afturaurhlíf og ýtti henni út af götubrúninni. Hafi bifreiðin í fyrstu runnið á vinstri hliðinni eftir götujaðrinum, en oltið á „toppinn", er í skurðinn kom. Stefnandi kveðst hafa verið með keðjur á báðum afturhjólum bifreiðar sinnar og að auki á hægra framhjóli. Hafi keðjan á því hjóli dregið úr því, að bifreiðin ylti strax. Stefnandi gizkar á, að hraði bifreiðar sinnar hafi verið um 10—15 km miðað við klukkustund, er áreksturinn varð, og leggur áherzlu á, að bifreiðin hafi þá verið fast við götubrún.

Vitnið Ingibjörg Agnars sat í aftursæti R 116. Skýrir vitnið svo frá, að stefnandi hafi alla leiðina frá heimili vitnisins að árekstursstaðnum ekið á mjög „skikkanlegri" ferð. Er bifreið hans var á Njarðargötunni, hafi það veitt bifreið stefnda athygli og hafi því virzt, að henni væri ekið hratt. Stefnandi hafi dregið úr hraða bifreiðar sinnar, er hún nálgaðist mót Njarðargötu og Öskuvegar, en bifreiðarnar hafi komið nokkuð jafnsnemma að gatnamótunum. Er stefnandi ók inn á gatnamótin, hafi hann enn dregið úr hraða bifreiðarinnar og sveigt henni jafnframt út á sína vinstri götubrún. Er bifreið hans var stödd á móts við mið gatnamótin, hafi bifreið stefnda verið ekið á miklum hraða á miðja

hægri hlið hennar. Við það hafi komið mikið högg á bifreiðina, hún hafi lyfzt upp hægra megin og oltið út af veginum.

Stefndi, sem sjálfur ók bifreið sinni í umrætt sinn, skýrir svo frá, að hann hafi ekið austur Öskuveg á um 20 km hraða miðað við klukkustund. Er hann nálgaðist mót hans og Njarðargötu, hafi hann séð til ferða R 116 norðan Njarðargötu og hafi sér virzt, að bifreiðinni væri ekið á talsvert miklum hraða. Hann hafi ekki veitt því athygli, að R 116 væri með ljós tendruð, enda hafi verið bjart orðið. Sjálfur hafi hann ekki ekið með ljósum. Kunni þó að vera, að stöðuljós bifreiðarinnar hafi verið tendruð. Stefndi gizkar á, að er hann kom að gatnamótunum, hafi bifreið stefnanda verið í um 50—60 metra fjarlægð frá þeim. Kveðst hann þá hafa lagt á stýrið til vinstri og ætlað að beygja hiklaust norður Njarðargötu, enda hafi það verið óhætt, hefði allt verið með felldu um bifreið hans, þar sem gatan sé mjög breið þarna og R 116 hafi verið svo langt undan, að bifreið sín hafi ekki á nokkurn hátt hindrað akstur hennar. Hann hafi þá orðið þess áskynja, að stýrið var fast og að bifreiðin lét ekki að stjórn. Hraði bifreiðarinnar hafi verið 20—25 km miðað við klukkustund, er hér var komið, og vélin tengd í þriðja ganghraðastig, en þau séu fjögur áfram. Hafi hann nú hemlað með fóthemli, en sökum hálku á gatnamótunum hafi bifreiðin runnið inn á þau og áreksturinn orðið í sama mund. Hemlar bifreiðarinnar hafi verið góðir og hafi hún verið ferðlaus orðin, er áreksturinn varð. Hafi sér fundizt áreksturinn vægur, þar eð hann haggaðist ekki í sæti sínu, en áreksturinn hafi orðið með þeim hætti, að hægri helmingur framvarans á R 3613, aurhlíf og hægra framhjól lentu á hægri hlið R 116 aftan til. Stefnandi kveðst hafa verið með nýlegar og góðar keðjur á afturhjólum bifreiðar sinnar, en stefnandi staðhæfir hins vegar, að keðjurnar hafi verið gamlar og lélegar, þar eð vantað hafi í þær hlekki. Stefnandi kveður það skoðun sína, að vinstri framfjöður bifreiðar sinnar hafi brotnað á leiðinni niður Öskuveg, þótt hann yrði þess ekki var, en af þeim sökum hafi bifreiðin ekki látið að stjórn, er að gatnamótunum kom.

Í bifreið stefnda var einn farþegi í umrætt sinn, Ingólfur Guðmundsson. Vitnið, sem sat í framsæti bifreiðarinnar við hægri hlið stefnda, skýrir svo frá, að hraði bifreiðarinnar, er hún ók austur Öskuveg, hafi verið 20 km miðað við klukkustund á að gizka. Vitnið kveðst hafa séð til ferða R 116, er bifreið stefnda var stödd um það bil miðju vega frá Háskólanum að Njarðar-

götu. Hafi R 116 þá verið komin stutt inn á Njarðargötu og hafi því virzt bifreiðinni ekið fremur greitt. Bifreið stefnda hafi komið aðeins á undan að gatnamótunum, en er stefndi ætlaði að leggja á stýrið til vinstri, hafi bifreiðin ekki látið að stjórn. Hún hafi þó aðeins sveigzt til vinstri, en runnið síðan beint inn á gatnamótin. Stefndi hafi hemlað og hafi hraði bifreiðarinnar verið lítill orðinn, er hér var komið. Það telji hins vegar, að R 116 hafi verið ekið fremur greitt, er áreksturinn varð. Vitnið kveðst ekki hafa talið neina ástæðu til þess, að stefndi stöðvaði bifreið sína, er hún kom að gatnamótunum í umrætt sinn, þar eð þau séu svo breið og R 116 hafi verið ekið vel á sinni vinstri götubrún. Vitnið kveður árekstrinn hafa verið vægan og hafi það ekki haggazt í sæti sínu.

Vitnið Ingimundur Kristinn Gestsson kveðst hafa aðstoðað við að ná R 116 upp úr skurðinum eftir áreksturinn. Er farið var að draga bifreiðina af árekstursstaðnum, hafi komið í ljós, að afturhjólin voru föst. Þegar aðgætt var, hverju það sætti, hafi orsökin reynzt sú, að vél bifreiðarinnar var tengd í fyrst ganghraðastig.

Skömmu eftir áreksturinn komu tveir löggæzlumenn á vettvang, og gerði annar þeirra uppdrátt af árekstursstaðnum. Á uppdráttur þessi að sýna stöðu bifreiðanna eftir áreksturinn. Samkvæmt honum hefur bifreið stefnda numið staðar þversum á Njarðargötu nokkuð norðan við gatnamótin með framendann alveg við eystri götubrún. Er þar og árekstursstaðurinn markaður á uppdráttinn. Aðiljar málsins eru hins vegar á einu máli um það, að staða bifreiðarinnar sé eigi rétt mörkuð á uppdráttinn. Telja þeir, að bifreiðin hafi staðið 3 metrum sunnar á Njarðargötu, verið meira þversum á götunni en uppdrátturinn gefur til kynna og að framendi hennar hafi verið um 2 metra frá eystri brún Njarðargötu. Löggæzlumaður sá, er uppdráttinn gerði, kveðst ekki hafa notað málband við mælingar á árekstursstaðnum, heldur stikað fjarlægðir allar. Að svo vöxnu máli þótti ekki fært að leggja uppdráttinn til grundvallar um það, hver breidd Njarðargötu og Öskuvegar er við gatnamótin. Af þeim sökum hefur lögreglan að tilhlutun dómarans framkvæmt af nýju mælingar á breidd gatnanna, en hún mun ekkert hafa breytst á þeim tíma, sem liðinn er frá því áreksturinn varð. Hefur lögreglan jafnframt gert nýjan uppdrátt af gatnamótunum, og liggur hann frammi í málinu (dskj. 51). Samkvæmt þeim uppdrætti er Öskuvegur 6 metrar á breidd við gatnamótin, en Njarðargata 7 metrar. Beggja megin akbrautarinnar, sem er malborin, eru malbornir troðning-

ar, sem eigi munu taldir með sjálfri akbrautinni, en virðast vel akfærir, ef því er að skipta. Að þeim meðtöldum er gatan 12 metrar á breidd.

Dómarinn hefur farið á vettvang og kynnt sér staðhætti þarna. Eru gatnamótin, eins og raunar uppdráttur lögreglunnar ber með sér, mjög rúmgóð.

Í skýrslu lögreglunnar um áreksturinn eru skemmdir á bifreið stefnda af völdum árekstursins taldar þær, að framvari hafi beyglazt allmikið svo og hægri framaurhlíf. Enn fremur er þess getið, að vinstri framfjöður muni hafa brotnað. Um skemmdir á R 116 segir hins vegar, að eigi sé hægt að lýsa þeim að svo komnu, en þær séu miklar. Í málinu hafa verið lagðar fram allmargar ljósmyndir af bifreiðinni, eins og hún var eftir áreksturinn. Bera þær greinilega með sér, að svo að segja öll yfirbygging bifreiðarinnar hefur beyglazt og dælzt meira og minna. R 116 var 6 manna fólksflutningabifreið af Chevrolet-gerð.

Sama morgun og áreksturinn varð var bifreið stefnda að tilhlutun lögreglunnar skoðuð og reynd í akstri af Magnúsi Wium bifreiðaeftirlitsmanni. Mun bifreiðin þá enn hafa verið á árekstursstaðnum. Í vottorði skoðunarmanns, dagsettu 27. desember 1957, segir, að bifreið stefnda sé vörubifreið af Dodge-gerð, smíðuð 1942. Kveðst hann ekki hafa getað ekið bifreiðinni hraðar en 15 km miðað við klukkustund, er hann reyndi hana í akstri vegna bilunar í henni. Síðan segir á þessa leið í vottorðinu:

„... Við skoðunina og reynslu í akstri kom eftirfarandi í ljós: Þegar beitt var fullu átaki á fóthemla, gekk hemilsfetillinn að gólfi, en hemlarnir verkuðu þó ekki á vinstra afturhjólið, og snerist bifreiðin til hægri á veginum, þar sem snjór var og hált (keðjur voru þó á afturhjólunum). Handhemill var of slakur. Ljós voru í ólagi, alveg óvirk í hægri framlugt og einnig var styttri geislinn óvirkur í vinstri framlugt.

Við áreksturinn hafði vinstri framfjöður brotnað og stýrisarmur bognað, svo að ekki var hægt að stýra bifreiðinni til vinstri. Að öðru leyti virtist bifreiðin vera í lagi."

Magnús Wium kom fyrir sakadóm, meðan á rannsókn slyssins stóð. Kvað hann hemla bifreiðarinnar hafa verið lélega, þar eð þeir verkuðu ekki á vinstra afturhjól. Sé illmögulegt að aka bifreið með slíka hemla í hálku, þar eð bifreiðin leiti strax til hægri, sé hemlum beitt. Hann skýrði ennfremur svo frá, að þótt vinstri framfjöður bifreiðarinnar hefði verið brotin fyrir áreksturinn, svo sem stefndi getur til, eins og áður var rakið,

hefði allt að einu verið hægt að sveigja bifreiðinni til vinstri, að minnsta kosti eitthvað, þótt hann dragi í efa, að unnt hefði verið að ná beygjunni til fulls.

Vitnið Vilhelm Kristinsson bifvélavirki, sem hafði umsjón með viðgerð á bifreið stefnda eftir áreksturinn, skýrir svo frá, að það viti ekki, hvernig hemlar bifreiðarinnar voru, en hemlun á vinstra afturhjóli hafi þó „að öllu leyti verið léleg".

Vitnið Auðunn Kristján Magnússon, sem framkvæmdi viðgerð á skemmdum þeim, er urðu á bifreið stefnda við áreksturinn, kveður pakkdós á öðru hvoru afturhjóli bifreiðarinnar hafa verið bilaða og því hafi lítil eða engin hemlun verið á því hjóli.

Af hálfu ákæruvaldsins var höfðað opinbert mál gegn stefnda vegna aksturs hans í umrætt sinn og með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 8. maí 1952, var hann talinn hafa gerzt brotlegur við eftirtalin lagaákvæði: 5. gr., 24. gr., 26. gr., 5. mgr., 27. gr. 1. mgr. og 28. gr., 1. mgr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941, 2. gr., 3. gr. 2. mgr., 4. gr. 3. mgr. og 7. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941, 31. gr. 3. mgr., 32. gr. og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 1930, 2. gr. 2. og 3. tl. og 6. gr. 1. tl. reglugerðar um gerð og notkun bifreiða nr. 72 frá 1937 og 219., sbr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Eigi verður séð, að dómi þessum hafi verið áfrýjað.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að stefndi hafi átt alla sök á árekstrinum. Beri hann því óskorað fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi beið.

Stefndi reisir kröfu sína í málinu fyrst og fremst á því, að stefnandi hafi sjálfur átt meginsök á árekstrinum. Hann hafi ekið á vítaverðum hraða og valdið með því árekstrinum og því jafnframt, að afleiðingar hans urðu mun víðtækari en ella hefði orðið. Í annan stað reisir stefndi kröfu sína um lækkun hinnar umstefndu fjárhæðar á því, að hún sé allt of há.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið, þykir nægjanlega í ljós leitt, að áreksturinn megi rekja til skorts á aðgæzlu af hendi stefnda og þess jafnframt, að bifreið hans var ekki í fullkomu lagi. Bifreiðarnar virðist hafa borið að gatnamótunum nokkuð jafnsnemma. Átti því stefndi, sem hafði R 116 á vinstri hönd sér, að vægja við gatnamótin, ef þess var þörf. Þegar þess á hinn bóginn er gætt, að gatnamót þessi eru mjög rúmgóð og að eigi er annað fram komið en R 116 hafi verið alveg á yztu brún akbrautarinnar, þykir sýnt, að stefndi hefði átt að geta beygt bifreið sinni klakklaust inn á Njarðargötu, svo sem hann

ætlaði, enda þótt R 116 væri ekið þarna hjá um leið, hefði hann sýnt næga aðgæzlu og bifreið hans verið í fullkomnu lagi.

Með hliðsjón af þessu og þar eð eigi verður séð, að stefnanda verði á nokkurn hátt um slysið kennt, ber að fallast á það með honum, að stefndi beri óskorað ábyrgð til fébóta á tjóni því, er stefnandi beið.

Kröfu sína í málinu sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Atvinnutjón	kr. 93.326.00
2.	Þjáningar o. fl.	— 60.000.00
3.	Ýmiss útlagður kostnaður (dskj. 2) ..	— 1.187.00
4.	Myndataka	— 115.00
5.	Læknisvottorð	— 2.322.50
6.	Útreikningar tryggingafræðings	— 750.00
	Samtals	kr. 158.200.50

Um 1.

Þegar eftir slysið fór stefnandi í Landspítalann til skoðunar. Var þá jafnframt tekin röntgenmynd af mjóhrygg hans og spjaldhrygg, og reyndist hún eðlileg. Fór stefnandi síðan heim til sín. Mun hann hafa verið við rúmið í næstu 3 til 4 daga, en ekki legið að öðru leyti rúmfastur vegna slyssins. Í vottorði Bergþórs Smára læknis, dagsettu 29. desember 1951, er áverkum þeim, er stefnandi hlaut við slysið lýst þannig:

„Ca. 5×5 cm stórt mar ofan og utan til á læri, dálítið mar á v. úlnlið . . . . Sjúkl. hefur sennilega fengið snert af heilahristing. Missti meðvitund augnablik. Kvartar um eymsli í nefndum marblettum. Dál. tilkenning í mjóbaki við hreyfingar. Gengur eðlilega. Er mjög órólegur og eftir sig eftir slysið.

Sjúkl. er sem stendur ekki vinnufær, aðallega vegna taugaáfalls þess, sem hann hefur fengið og máske snerts af heilahristing".

Hinn 28. marz 1952 var stefnandi skoðaður af sama lækni. Í vottorði læknisins um þá skoðun, dagsettu þann dag, segir m. a. á þessa leið:

„Sjúkl. hefur síðan slysið varð kvartað um þyngsli í höfði og þreytu í höfði, sérstaklega við akstur og áreynslu. Segist aldrei hafa kennt þessara óþæginda fyrr. Að öðru leyti kvartar hann ekki um neitt . . . . Við obj. skoðun í dag er þannig ekkert sérstakt að finna (fyrir utan blóðþrýstingshækkun), en vegna umgetinna kvartana sjúkl. tel ég hann ekki vinnufæran nema við létta vinnu."

Hinn 7. maí 1952 var stefnandi skoðaður af heimilislækni sínum, Valtý Albertssyni. Í vottorði um þá skoðun, dagsettu þann dag, segir á þessa leið:

„Hann kvartar stöðugt um þreytu og þyngsli í höfði, einkum eftir áreynslu og telur sig ekki geta ekið nema „„smátúra“ og það ekki nema nokkurn hluta dagsins. Reyni hann meira á sig, fær hann höfuðverk, sem varnar honum svefns. Ástand yfirleitt óbreytt frá því, sem segir í vottorði B. Smára 28. marz 1952. Ég hef um mörg undanfarin ár verið læknir Jóns, og hefur hann ekki kvartað um höfuðverk fyrr og tel ég víst, að hann sé afleiðing slyssins.“

Í vottorði Bergþórs læknis Smára, dagsettu 15. október 1952, segir m. a. svo um heilsufar stefnanda:

„Slasaða hefur verið að skána smátt og smátt, kvartanir hans eru sams konar og áður, en hann tekur fram, að minna kveði nú að óþægindunum en fyrr. Hann byrjaði að vinna almenna verkamannavinnu 17. júlí s.l., og hefur unnið þau störf síðan, en treystir sér, eins og áður er sagt, ekki til bifreiðaaksturs.

Skoðun 30. september 1952: Útlit virðist eðlilegt. Slasaði segir skilmerkilega frá, man vel.

Höfuð: Ekkert athugavert að sjá. Engin andlitslömun.

Augu: Virðast eðlileg. Svara eðlilega við ljósi.

Háls: Ekkert athugavert.

Hlustun á lungum: Eðlileg.

Hlustun á hjarta: Eðlileg.

Kviður: Eðlilegur.

Útlimir: Hreyfingar eðlilegar, kraftar góðir, jafnir. Hnéhælraun og fingur-nefraun gengur eðlilega. Romberg ÷. Reflexar fremur daufir, en jafnir. Babinski reflex ÷ báðum megin . . . .

Niðurstaða: Óþægindi slasaða og kvartanir eftir slysið 27. des. 1951 eru þannig enn til staðar, en hafa farið minnkandi. Hve mikil varanleg örorka slasaða muni reynast, er algerlega ótímabært að meta að svo stöddu, þar eð reynslan sýnir, að við áverka á höfuð þurfa oft að líða nokkur ár, áður en slíkt verði unnt að meta til fullnustu.“

Í vottorði Kristjáns Þorvarðarsonar læknis, dagsettu 18. apríl 1954, segir, að stefnandi hafi verið hjá honum til athugunar frá 6. nóvember 1953 til þess tíma. Í vottorðinu segir m. a. á þessa leið:

„. . . . Hann (stefnandi) telur sig enn hafa þyngsli í höfði og svima, ef hann reynir nokkuð á sig, einnig fær hann svimatilfinningu við bílaakstur. Hann kveðst hafa unnið létta vinnu síð-

an 17. júní 1952. Hefur hann unnið í vörugeymsluhúsi og orðið að hlífa sér við allri líkamlegri áreyslu, svo sem að taka þungt upp. Einnig fær hann svima við að ganga upp háa stiga . . . . Kvartanir slasaða eru sem fyrr segir: Svimi og höfuðþyngsli við líkamlega áreynslu. Einnig hjartasláttur við áreynslu, auk þess telur hann sig viðbrigðinn. Hann telur minnið hafa sljóvgazt nokkuð. Ekki telur hann sig þora að aka bíl vegna svimatilkenningar.

Við rannsóknir mínar virtist hann eðlilegur og skýr í svörum, ekki virtist mér hann áberandi minnissljór ....

Konklusion: Kvartanir hins slasaða eru þess eðlis, að þær virðast afleiðingar slyss þess, er hann lenti í. Einkennin komu strax fram eftir slysið og hafa farið smá rénandi, þótt enn séu afleiðingar slyssins ekki að fullu horfnar. Blóðþrýstingshækkunin stendur sennilega ekki í sambandi við slysið. Og sennilegt er, að hún hafi staðið mörg ár, enda er hún þess eðlis (góðkynja) að hún gæti trauðla gefið nefnd einkenni, og er ekki sennilegt, að nefndar kvartanir hefðu farið minnkandi með hækkandi blóðþrýstingi, ef samband væri milli blóðþrýstingshækkunar og afleiðinga slyssins."

Í málinu liggur frammi annað ýtarlegt vottorð frá Kristjáni lækni Þorvarðarsyni um heilsufar stefnanda. Í vottorði þessu, sem dagsett er 30. maí 1955, segir m. a.:

„.... Síðasta árið hefur heilsa Jóns farið stöðugt batnandi, hann hefur nú engin aðsvif, en aðeins aðkenning af svima við að lúta og við að ganga upp bratta stiga, einnig þolir hann ekki að fara upp í háar stíur. Hann hefur ekki höfuðverk .... Ég tel því, að hann muni nú geta tekið upp sína fyrri vinnu sem bifreiðarstjóri .... Ég tel sennilegt, að hann nái sér að fullu, og byggi ég þá skoðun mína á því, hversu mjög heilsa hans hefur farið batnandi síðasta ár."

Hinn 31. ágúst 1955 var stefnandi enn skoðaður af Bergþóri lækni Smára, er mat nú jafnframt örorku hans vegna slyssins. Í vottorði læknisins um skoðun þessa, dagsettu 9. september 1955, segir m. a. á þessa leið:

„.... Heilsa Jóns hefur farið smábatnandi, einkum síðasta árið. Nú fær hann engin aðsvif, en fær dofatilfinningu í höfuðið, er hann þreytist, svo og hljóm fyrir eyru. Hann hefur ekki höfuðverk, en fær aðkenningu af svima, er hann lútir. Hann kveðst vera mæðinn eftir að slysið varð og þreytast mjög fljótt við alla áreynslu.

Niðurstaða.. Ekki verður annað séð, en að Jón hafi verið hraustur og vinnufær fyrir nefnt slys. Þá hefur hann hlotið heilahristing og voru afleiðingar hans miklar fyrstu mánuðina, þar eð hann gat ekkert unnið í 7 mán. eftir slysið, en hafa síðan farið minnkandi.

Þó hefur hann ekki virzt fær um bifreiðaakstur.

Blóðþrýstingur er hækkaður, en óvíst, hvort það stendur í sambandi við áverka þá, er hann fékk á höfuðið, þótt vel geti það verið.

Slasaði hefur nú náð sér að miklu leyti, eins og af framansögðu sést, en líklegt þykir mér, að hann muni tæplega ná sér til fulls.

Örorka Jóns af völdum nefnds slyss telst hæfilega metin sem hér segir:

Frá slyssdegi til 30. júní '52	100%
— 1. júlí '52 til 31. des. '52	70%
— 1. jan. '53 til 31. des. '53	50%
— 1. jan. '54 til 31. des. '54	30%
— 1 jan. '55 til 31. ágúst '55	20%

Úr því varanleg örorka *10%*."

Í greinargerð sinni í framhaldssök vefengir stefndi, að örorkumat þetta fái staðizt. Af þeim sökum var Bergþór læknir Smári fenginn til að endurskoða mat sitt á örorku stefnanda. Var stefnandi af því tilefni skoðaður af lækninum 9. marz 1957. Í vottorði um þá skoðun, dagsettu 12. marz 1957, segir svo m. a.:

„.... Eins og áður kvartar Jón um hljóm fyrir eyrum, nokkurn svima, einkum ef hann lútur, og hefur stundum fengið aðsvif undanfarin ár. Einnig kveðst hann hafa fengið verkjaköst í höfuðið og þreytist mjög fljótt við alla áreynslu. Er mæðinn eins og áður.

Við skoðun kemur ekkert nýtt í ljós, frá því sem var við skoðun undirritaðs á slasaða 31. ágúst 1955 ...., nema hvað blóðþrýstingurinn reynist nú 200/100 (en var þá 180/100).

Ég get ekki séð, að nein sú breyting hafi orðið á ástandi slasaða, síðan ég framkvæmdi örorkumat á honum 31. ágúst 1955, að niðurstaða mín og örorkumat það verði ekki að teljast áfram í fullu gildi."

Með skírskotun til þessa vottorðs læknisins þykir bera að leggja framangreint mat hans á örorku stefnanda til grundvallar að fullu.

Stefnandi er talinn fæddur 18. júní 1895 og hefur því verið

56 ára gamall, er hann varð fyrir umræddu slysi. Hann stundaði akstur á leigubifreið til mannflutninga. Hafði hann bifreiðina á leigu. Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum stefnanda voru nettó-atvinnutekjur hans næstu árin fyrir og eftir slysið þessar: Árið 1949 kr. 20.265.00, árið 1950 kr. 16.035.00, árið 1951 kr. 25.061.00, árið 1952 kr. 23.407.00, árið 1953 kr. 39.366.00, árið 1954 kr. 44.861.00, árið 1955 kr. 42.964.61 og árið 1956 kr. 50.685.00.

Hinn 12. maí 1956 gerði Árni Björnsson cand. polit. áætlun um atvinnutjón stefnanda, miðað við framangreinda örorku. Leggur hann nettó-atvinnutekjur stefnanda árin 1949 og 1951 til grundvallar útreikningnum, en á skattframtali stefnanda fyrir árið 1950 er þess getið, að hann hafi verið frá vinnu í 2 mánuði vegna veikinda það ár og haft jafnframt aðrar tekjur en tekjur af bifreiðaakstri. Þá kveðst hinn sérfróði maður og taka tillit til breytinga, sem orðið hafa á gjaldskrám bifreiðastjórafélagsins Hreyfils á árabilinu 1949—1956. Upplýsingar vanti þó um gjaldskrárbreytingu, sem muni hafa átt sér stað á árinu 1953. Reiknað á þennan hátt, telst honum atvinnutjón stefnanda, miðað við framangreinda örorku, nema kr. 59.574.00 tímabilið frá slysdegi til 31. ágúst 1955, en kr. 34.252.00 frá þeim tíma og til rúmlega 70 ára aldurs stefnanda, en gert er ráð fyrir, að stefnandi haldi starfskröftum til þess aldurs. Kveðst hinn sérfróði maður þá reikna með innlendri reynslu um langlífi eingöngu. Útreikningur þessi er miðaður við 4% ársvexti. Fjárhæð þessa kröfuliðs, sem byggð er á nefndum útreikningi, er 500.00 kr. lægri en niðurstöðutala hans.

Að tilhlutun dómarans hefur atvinnutjón stefnanda verið reiknað út af nýju. Er sá útreikningur, sem dagsettur er 5. júní 1957, einnig gerður af Árna Björnssyni cand. polit. Er nú reiknað með 6% ársvöxtum og miðað við vísitöluhækkun í stað gjaldskrárhækkunar. Þá er ennfremur gerður sérstakur útreikningur á atvinnutjóninu, miðaður við verkamannakaup.

Eins og áður er byggt á framtöldum aksturstekjum stefnanda árin 1949 og 1951. Samsvarandi árstekjur frá slysdegi til útreikningsdags eru ákvarðaðar samkvæmt kaupgjaldsvísitölum, eins og þær hafa reynzt vera til þess tíma. Síðan er atvinnutjónið reiknað sem hundraðshlutur af hinum vísitöluákvörðuðu tekjum samkvæmt örorkumatinu. Atvinnutjónið eftir 27. desember 1956 er kapitaliserað með 6% ársvöxtum ásamt aktívtöflu, sem samræmd er innlendri reynslu um manndauða á árunum

1941—1950, en sú aktívtafla mun svara til þess, að menn á aldri stefnanda hinn 27. desember 1956 (61 árs) haldi starfskröftum til 72,6 ára aldurs. Reiknað á þenna hátt, telst hinum sérfróða manni, að atvinnutjón stefnanda frá slyssdegi til 27. desember 1956 nemi kr. 59.124.00 og heildarverðmæti þess eftir það kr. 24.685.00, eða samtals kr. 83.809.00.

Sé á hinn bóginn miðað við verkamannakaup samkvæmt Dagsbrúnartaxta, 2400 dagvinnustundir á ári með 5% orlofsfé, en aðrar forsendur útreikningsins hinar sömu og áður, þá verður niðurstaðan sú, að atvinnutjónið frá slyssdegi til 27. desember 1956 nemur kr. 71.128.00, en heildarverðmæti þess eftir það kr. 32.715.00 eða samtals kr. 103.843.00.

Stefnandi mun engar bætur hafa fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyss þessa.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem órökstuddum og fjarri lagi.

Með hliðsjón af þeim atriðum, sem að framan eru rakin, og öðru því, sem hér telst skipta máli, ákveðast bætur til stefnanda samkvæmt þessum kröfulið kr. 70.000.00.

Um 2.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum og órökstuddum.

Með hliðsjón af sjúkrasögu stefnanda, sem rakin er ýtarlega hér að framan, ákveðast bætur til hans samkvæmt þessum kröfulið kr. 18.000.00.

Um 3.

Kröfuliður þessi greinist í 5 undirliði, og er þá sundurliðun að finna á dskj. 2. Af þeim eru fjórir viðurkenndir af stefnda, en einum mótmælt sem of háum og órökstuddum. Er það liðurinn föt kr. 841.00. Stefnandi hefur lagt fram reikning frá fataverzlun einni hér í bænum, dagsettan í júlí 1951. Er reikningur þessi fyrir föt og nemur greindri fjárhæð. Þá hefur hann ennfremur lagt fram vottorð, undirritað af þrem aðiljum, þess efnis, að vottorðsgjafarnir hafi séð stefnanda í fötum þeim, er hann var í, er hann slasaðist. Hafi buxurnar verið rifnar á vinstri skálm og jakkinn óhreinn og saumspretta á boðnungnum.

Telja verður, að nægileg rök hafi verið að því leidd, að föt stefnanda hafi skemmzt við slysið. Að því athuguðu og þar eð fjárhæð sú, sem krafizt er af þeim sökum, þykir við hóf, verður

hún tekin tekin til greina að fullu. Verður því kröfuliður þessi lagður til grundvallar óbreyttur.

Um 4., 5. og 6.

Í hinum munnlega málflutningi féll stefndi frá mótmælum þeim, er hann hafði áður haft uppi gegn kröfuliðum þessum. Verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 70.000.00 + kr. 18.000.00 + kr. 1.187.00 + kr. 115.00 + kr. 2.322.50 + kr. 750.00 eða alls kr. 92.374.50, auk vaxta, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 10.000.00. Er þar með talinn kostnaður við nýjan útreikning á atvinnutjóni, kr. 750.00.

Að lokum ber að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á lögveðrétti honum til handa í bifreið stefnda, R 3613.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm, en uppsaga hans hefur dregizt nokkuð vegna mikilla dómsanna í sambandi við þingleyfi, er hófust 1. þ. m., svo og vegna þess, að málið er allviðamikið.

Dómsorð:

Stefndi, Þorsteinn Jafet Jónsson, greiði stefnanda, Jóni Ásgeiri Guðmundssyni, kr. 92.374.50 auk 6% ársvaxta frá 27. desember 1951 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað. Á stefnandi lögveðrétt í bifreiðinni R 3613 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. nóvember 1958.

Nr. 147/1958. **Elís Gunnarsson**
gegn
Ragnari Jónassyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Frávísun frá héraðsdómi. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 4. f. m., sem barst Hæstarétti 13. f. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð upp kveðinn á aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 29. september þ. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði úr hendi varnaraðilja svo og kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Varnaraðili sækir sóknaraðilja í héraði til greiðslu skaðabóta „fyrir rof á samningi um kaup á jörðinni" Ögri í Stykkishólmshreppi „ásamt húsum og mannvirkjum og nokkrum nánar tilgreindum búsmunum". Slíkt mál verður ekki gegn andmælum sóknaraðilja sótt á varnarþingi nefndrar fasteignar samkvæmt 78. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vísa aukadómþingsmálinu frá héraðsdómi og dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja málskostnað í héraði, kr. 1000.00, svo og kærumálskostnað, kr. 600.00.

Dómsorð:

Framangreindu aukadómþingsmáli er vísað frá héraðsdómi.

Varnaraðili, Ragnar Jónasson, greiði sóknaraðilja, Elís Gunnarssyni, kr. 1000.00 í málskostnað í héraði

og kr. 600.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 29. september 1958.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms þann 20. september s.l., hefur Halldór Jónsson lögfræðingur, f. h. Ragnars Jónassonar, bónda í Ögri, Stykkishólmshreppi, höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu með stefnu, útgefinn 13. maí 1958, gegn Elís Gunnarssyni sjómanni, Grafarnesi, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 20.000.00, auk vaxta og málskostnaðar, vegna samningsrofa á kaupsamningi um jörðina Ögur í Stykkishólmshreppi.

Stefndi, sem er ólöglærður maður, mætti ekki við þingfestingu málsins þann 6. júní s.l., en réttinum barst bréf frá honum, meðan á þinghaldinu stóð, og var þar lagt fram sem greinargerð frá hans hendi með samþykki umboðsmanns stefnanda. Við aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur mætti stefndi ekki heldur, og var það ekki fyrr en í þinghaldi þann 21. júlí, þá er sækjandi skyldi skila frumsókn, að hann lét mæta. Umboðsmaður stefnda, sem einnig er ólöglærður, fór þess þá á leit, að málinu yrði frestað til 20. september sökum fjarveru stefnda, þar eð hann teldi nauðsynlegt að mæta sjálfur fyrir rétti og gefa aðiljaskýrslu svo og afla gagna, ef þess væri kostur.

Umboðsmaður stefnanda varð við þessum tilmælum.

Í þinghaldi þann 20. september skilar umboðsmaður stefnda, hrl. Sigurður Ólason, greinargerð í málinu og gerir hann þær réttarkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá sökum þess, að stefnt hafi verið fyrir rangt varnarþing. Byggir hann frávísunarkröfuna á því, að þar sem hér sé um almennt skaðabótamál að ræða, út af meintu samningsrofi um áformuð kaup á fasteign, en hins vegar alls ekki um „réttindi yfir fasteign, innihald eða sliti slíkra réttinda" í merkingu 78. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, þá sé heimildarlaust að stefna málinu fyrir fasteignarvarnarþing. Umboðsmaður stefnanda mótmælti þessum sjónarmiðum umboðsmanns stefnda.

Réttarkröfur stefnanda í máli þessu eru, svo sem áður segir, þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur vegna samningsrofa á kaupsamningi um jörðina Ögur í Stykkishólmshreppi.

Að vísu virðist þetta tilvik ekki eiga beinlínis undir 78. gr. einkamálalaga, en þegar litið er á tilgang reglunnar um fasteignavarnarþing og það, að aðalsönnunarþáttur málsins snýst um það, hvort samningur hafi verið kominn á um kaup á téðri fasteign, þá verður að telja, að réttilega sé stefnt í máli þessu.

Ber því að hrinda frávísunarkröfunni.

Haraldur Jónasson, fulultrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda skal ekki tekin til greina.

Mánudaginn 3. nóvember 1958.

Nr. 148/1958. **Jón Gíslason**
gegn
Þorsteini Jónssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Frávísunarkröfu hrundið. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson sýslumaður hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð ásamt samdómsmönnunum Þóri Steinþórssyni og Þorvaldi T. Jónssyni.

Með kæru 4. f. m., sem barst Hæstarétti 15. f. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð upp kveðinn á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 30. september þ. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði úr hendi varnaraðilja og kærumálskostnaðar úr hendi hans að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, en til vara, að málinu verði vísað heim

í hérað. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati Hæstarétar.

Eigi voru efni til að vísa héraðsdómsmáli aðilja frá dómi, þótt varnaraðili legði eigi þegar við þingfestingu málsins fram dómsgerðir lögbannsmálsins fyrir fógetadómi. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað af kærumáli þessu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 30. september 1958.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 18. f. m., af hálfu Þorsteins Jónssonar, bónda í Efri-Hrepp, á hendur Jóni Gíslasyni, bónda á Innri-Skeljabrekku, til staðfestingar lögbannsgerð, er fram fór í fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 12. f. m.

Krefst stefnandi þess, að staðfest verði lögbann við lax- og silungsveiði stefnda í Andakílsá fyrir landi, er stefnandi telur sig eiga á Suðurengjum í Andakílshreppi.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að honum verði veittur viku frestur til að leggja fram greinargerð í málinu.

Aðalkröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi hafi eigi, þrátt fyrir áskorun hans, lagt fram dómsgerðir í lögbannsmálinu.

Stefnandi telur sér eigi skylt að leggja fram dómsgerðir lögbannsmálsins.

Að réttarins áliti ræður stefnandinn því, hvaða skjöl hann leggur fram í réttinum. Hann hefur lagt fram útskrift úr fógetabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af lögbannsúrskurði þeim, er hann krefst, að staðfestur verði, og einnig útskrift úr veðmálabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af afsali því, er hann styður réttarkröfur sínar með. Hafa því komið fram í staðfestingarmálinu öll þau skjöl, er lögð voru fram af hans hálfu í fógetaréttinum, nema fáorð lögbannsbeiðni og greinargerð og afrit nokkurra bréfa, er hann ritaði fógetanum áður en lögbannið var framkvæmt.

Þar sem dómarinn hefur afhent stefnda þrjár útskriftir úr landamerkjabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, er hann lagði fyrir fógetaréttinn, hefur hann átt þess kost að leggja þær fyrir réttinn nú. Auk þess gat hann að sjálfsögðu lagt fram afrit af greinargerð þeirri, er hann lagði fram í fógetaréttinum, og væru þá komin fram í staðfestingarmálinu öll þau skjöl, er lögð voru fram af hans hálfu í fógetaréttinum.

Samkvæmt framansögðu lítur dómurinn svo á, að vísa beri á bug frávísunarkröfu stefnda í málinu.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa umboðsmanns stefnda, Jóns Gíslasonar, bónda á Innri-Skeljabrekku, verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 3. nóvember 1958.

Nr. 168/1957. **Jón E. Waage og Þórunn Waage**
(Páll S. Pálsson hrl.).
gegn
Jóni Benediktssyni,
Sveini Pálssyni,
Guðlaugi Aðalsteinssyni og
Óskari Eyjólfssyni.
(Gunnar A. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Krafa um brottnám girðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið, máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1957 og krefjast þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og þeim dæmdur málskostn-

aður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda eftir mati dómsins.

Land það, sem Stóru-Vogum var með landskiptagerð 5. júní 1940 úthlutað norðan í og norðan við Vogastapa, var takmarkað „af flóðmálslínu sjávarins". Í vottorði 12. júní 1958 hefur Pálmi Einarsson landnámsstjóri, formaður landskiptanefndar, lýst því, að skiptin hafi eigi tekið til fjörugagna fyrir neðan stórstraumsflóðmálslínu, þ. e. línu, þar sem séð varð, að sjór hafði gengið hæst á land við stórstraum, og sé því sandtekja neðan stórstraumsflóðmálslínu samkvæmt skiptagerðinni sameign aðilja í hlutfalli við landstærðir. Að svo vöxnu máli mega áfrýjendur eigi með sjálftekt tálma frjálsa för stefndu um nefnda fjöru. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta ákvörðun fógeta um brottnám girðingar þeirrar, sem í málinu greinir, og svo málskostnaðarákvæði fógetaúrskurðarins.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Jón Waage og Þórunn Waage, greiði stefndu, Jóni Benediktssyni, Sveini Pálssyni, Guðlaugi Aðalsteinssyni og Óskari Eyjólfssyni, málskostnað í Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 20. júlí 1957.

Með bréfi, dagsettu 3. júlí 1957, sneri sér til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu Gunnar A. Pálsson hrl., f. h. bændanna Jóns Benediktssonar, Suðurkoti, Sveins Pálssonar, Hábæ, Guðlaugs Aðalsteinssonar, Nýjabæ, og Óskars Eyjólfssonar, Tumakoti, allra í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi, og fór þess á leit, að numinn yrði brott með beinni fógetagerð hluti af nánar

tilgreindri girðingu, sem Jón E. Waage, Stóru-Vogum, hefði sett upp ólöglega til stórkostlegs óhagræðis og fjárhagstjóns fyrir framangreinda bændur.

Af hálfu gerðarþola, Jóns E. Waage, hefur verið mótmælt framgangi gerðarinnar, en báðir aðiljar hafa lagt ágreining þennan undir úrskurð fógetaréttarins, að lokinni gagnasöfnun og munnlegum málflutningi, og var málið tekið til úrskurðar 18. þ. m. Hvor aðilja um sig krafðist málskostnaðar úr hendi gagnaðilja.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að 27. maí 1957 hafi verið gert bráðabirgðasamkomulag um, að Jón E. Waage, Stóru-Vogum, setti upp girðingu á tiltekin landamerki milli lands síns og framangreindra bænda og jafnframt verið ákveðið, hvar endastólpi þeirrar girðingar skyldi vera, þ. e. hve langt í áttina til sjávar girðingin skyldi ná. Síðan hafi gerðarþoli sett upp fyrirhugaða girðingu, en þó þannig, að hún hafi verið látin ná miklu lengra en ákveðið var og nokkur heimild var til eða allt út í merkjaskerið fyrir sunnan Brimarhólma, sem er örnefni á þessum slóðum.

Til stuðnings kröfu sinni bendir gerðarbeiðandi sérstaklega á landskiptagerð, er fram fór 5. júní 1940, en þar segir svo um þetta atriði:

„Þá er Stóru-Vogum afhent 33.40 ha. af landi innan girðingar norðan í og norðan við Vogastapa.

Að norðan takmarkast land þetta af hornlínu (90°) frá girðingunni frá merkjavörðu við girðinguna bein sjónhending í nyrzta skerið suður af Brimarhólma, þar sem hæst ber skerið, er það kemur úr hálf-föllnum sjó. Að austan og sunnan ræður girðingin mörkum, þar til hún kemur í sjó á Skollanefi. Að öðru takmarkast landið af flóðmálslínu sjávarins."

Samkvæmt þessu segir gerðarbeiðandi, að öll fjaran frá flóðmáli til fjörumáls og svo langt í sjó út, sem eignarréttur nær til, sé óskipt sameign gerðarbeiðanda og gerðarþola. En flóðmálslína sé þar, sem land og sjór mætast við flóð.

Af hálfu gerðarþola er mótmælt framgangi gerðarinnar og til stuðnings því færð fram eftirfarandi rök:

Gerðarþoli, eigandi Stóru-Voga, hefði orðið fyrir svo stórfelldum ágangi og tjóni undanfarin ár vegna heimildarlausrar sandtöku í landi jarðarinnar, að honum sé meiri þörf á því en jafnvel nokkrum öðrum landeigendum, er lögfræðingur gerðarþola þekkir, að hafa landsvæði sitt vel varið og girt. Gerðarþoli hafi því ekki séð sér annað fært en fara í lögbannsmál við gerðarbeiðendur og fór lögbannsgerð sú fram 27. maí s.l. Krafan hafi

verið, að fyrrgreindir landeigendur láti ekki bifreiðar eða önnur tæki fara yfir land jarðarinnar Stóru-Voga til sandnáms og sandflutnings án leyfis landeiganda og landamerkin í þessu tilliti miðuð við niðurstöður dómkvaddra mælingamanna frá 1954.

Landamerkin að norðan, sem hér koma til greina, séu samþykkt af öllum aðiljum og dregin á kort, sem lagt var fram í fyrrgreindu lögbannsmáli. Að vísu hefðu gerðarþolar í því máli óskað bókað í fógetaréttinum 27. maí s.l., að þeir mótmæltu, að girðing, sem Jón E. Waage ætlaði að setja upp til tryggingar lögbanninu, yrði látin ná lengra fram í fjöru en á grasbakkann. Gegn þessu hefði Jón E. Waage ekki látið bóka mótmæli, þar eð „gerðarþolar hefðu ekki farið fram á neina tilslökun á sjálfu lögbanninu, þ. e. banni við umferð tækja til sandnáms og sandflutninga". Við munnlegan flutning málsins upplýsti lögmaður Jóns E. Waage ennfremur, að hann hefði borið sig saman við Jón um þetta í réttinum, meðan lögbannsgerðin fór fram og hann hefði talið, að flutningabílar gætu ekki ekið fjöruna fyrir neðan bakkann og þá ekki ástæða fyrir hendi til bókunar mótmæla.

Það sé gersamlega andstætt almennri reglu og heilbrigðri skynsemi, að landeiganda sé óheimilt að setja upp girðingu á landamerkjum sínum og gerðarþoli hafi því rétt til að girða út í nyrzta skerið sunnan Brimarhólma, enda sýni reynslan, að lögbanninu frá 27. maí s.l. verði ekki haldið uppi, nema það sé gert.

Þá er því sérstaklega mótmælt af hálfu gerðarþola, að fjaran frá flóðmáli til fjörumáls sé óskipt sameign gerðarbeiðenda og gerðarþola og skorar á gerðarbeiðendur að leggja fram óyggjandi gögn fyrir því.

Að lokum fullyrðir gerðarþoli, að enginn löglegur grundvöllur sé fyrir því, að gerðarbeiðendur geti varnað eigendum Stóru-Voga að afgirða land jarðarinnar á viðurkenndum landamerkjum jarðarinnar og þegar af þeim ástæðum sé ekki hægt að leyfa framgang gerðarinnar.

Með landskiptagerð þeirri, sem fram fór 5. júní 1940, eignuðust Stóru-Vogar land það, sem er innan girðingar, sem deilt er um í máli þessu. Af landskiptagerðinni er augljóst, að skipting á fjöru neðan flóðsmálslínu fer þar ekki fram. Rétturinn fellst á skýringu gerðarbeiðanda, að flóðmálslína sé, þar sem sjór og land mætast við flóð. Að öðru leyti er ekki þörf að fara nánar út í skýrgreiningu á því hér. Rétturinn vill benda á, að girðing mun aldrei, svo vitað sé, hafa náð niður í fjöru á þess-

um stað, og fjaran þarna því ekki girt, fyrr en gerðarþoli gerði það nú.

Rétturinn getur ekki fallizt á, að gerðarþoli hafi haft heimild til að girða fjöruna nema niður að flóðmálslínu, enda virðist hafa verið litið þannig á, er girðing var sett niður á bakkanum.

Með vísun til landskiptagerðarinnar frá 5. júní 1940 og þess, sem hér hefur verið rakið, telur rétturinn gerðarþola, Jón E. Waage, hafa brostið heimild til að girða fjöruna, eins og hann hefur gert, og beri því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að gera gerðarþola að greiða gerðarbeiðanda málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 2000.00.

Því úrskurðast:

Umbeðin fógetagerð skal ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Jón E. Waage vegna eigenda Stóru-Voga, greiði Gunnari A. Pálssyni f. h. eigenda jarðanna Suðurkots, Nýjabæjar, Hábæjar og Tumakots kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. nóvember 1958.

Nr. 91/1957. **Jón Rögnvaldsson**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Shell á Íslandi h.f.
(Gunnar Þorsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og prófessorarnir Ólafur Jóhannesson og Theódór B. Líndal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1957, krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 43.055.55 með 6% ársvöxtum frá 1.

janúar 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eigi er nægilega í ljós leitt, hverjar orsakir lágu til uppskerubrests áfrýjanda, þess er í málinu greinir. Þegar af þessari ástæðu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Jón Rögnvaldsson, Skrúð í Borgarfirði, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 1. september 1954, gegn h.f. Shell á Íslandi til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 57.262.95, auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við dómtöku málsins bar stefnandi fram varakröfu um lægri bætur að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem á og hefur starfrækt gróðurhús að Skrúð, keypti hjá stefnda efni til sótthreinsunar á gróðurmoldinni í húsi þessu. Efni þetta er nefnt Shell D-D Soil Fumigant og er ætlað til eyðingar rótaráls (rótorma: Heterodera Marioni). Er rótarálslyfi þessu dælt í jarðveginn með sérstökum tækjum, er stefnandi fékk hjá stefnda ásamt leiðarvísi um notkun lyfsins. Dagana 6.—10. desember 1951 var lyfinu dælt í jarðveginn í tómatagróðurhúsi stefnanda svo og í litlu gróðurhúsi, sem áfast var við uppeldishús hans, en í jarðveg uppeldishússins var lyfinu dælt. Stefnandi vann ekki sjálfur að framkvæmdum þessum, heldur Kristinn Guðjónsson, sem á gróðurhús áfast húsum stefnanda. Hinn 6. janúar 1952 pældi Kristinn jarðveginn í litla húsinu og kom þá upp mikill þefur af lyfinu. Lét hann húsið þá standa opið og setti í það mikinn

hita næstu 10 daga, en síðan sáði hann í uppeldishúsið. Um mánaðamótin janúar—febrúar hóf Kristinn undirbúning að flutningi tómatplantna þeirra, sem sáð hafði verið til, og stóðu dyrnar milli húsanna opnar á meðan. Var þá enn þefur af lyfinu og dreyfðist hann milli húsanna. Skýrir Kristinn svo frá, að þrem dögum síðar hafi plönturnar í uppeldishússinu drepizt, vegna þess að stönglar og blöð þeirra brunnu. Taldi hann þetta stafa af gufunum frá rótarálslyfinu, enda hafi ekkert verið athugavert við plönturnar fram til þess tíma né nokkur sjúkdómseinkenni sýnileg á þeim. Vegna þessa þótti honum ráðlegra að pæla jarðveg tómatagróðurhússins fyrr en hann hafði ráðgert, til þess að flýta fyrir uppgufun lyfsins og framkvæmdi hann það 10. febrúar. Dagana 7.—10. marz 1952 voru tómatplöntur settar niður í húsinu, og döfnuðu vel fyrst í stað, en að 4—6 vikum liðnum hljóp í þær kyrkingur og tók fyrir vöxt þeirra. Hinn 20. maí þótti sýnt, að þær myndu ekki bera ávöxt og var þeim því fleygt og plöntur settar í húsið af nýju hinn 17. júní 1952. Uppskera stefnanda varð aðeins 1.665 kg af tómötum í stað 7.500 kg, er hann taldi að eðlilegt hafi átt að vera, miðað við það magn af plöntum, sem var sett niður. Hann taldi, að uppskerubresturinn, plöntudauðinn, sem fyrr getur, svo og ýmis kostnaður í þessu sambandi, ættu rót sína að rekja til eitrunar í jarðveginum af völdum rótarálslyfsins og fór fram á bætur úr hendi seljanda þess, stefnda í máli þessu. Að tilhlutan stefnda athuguðu tveir kunnáttumenn, þeir Björn Jóhannesson og Jóhann Kr. Jónsson, allar aðstæður, og er álitsgerð þeirra, dagsett 27. nóvember 1952, lögð fram í máli þessu. Skoðun þeirra fór fram 8. september 1952. Þykir rétt að taka hér upp nokkra kafla úr álitsgerðinni: „.... Tómatuppskeran hafði brugðizt að verulegu leyti í húsum Jóns Rögnvaldssonar og Kristins Guðjónssonar, sem eru samstæð og höfðu að sögn hlotið mjög áþekka meðferð. Sumarið 1952 var þriðja sumarið, sem ræktað var í gróðrarmold húsanna, er flutt var samtímis í húsin og var öll sömu tegundar. Uppskeran 1951 var talin hafa verið ágæt. Í stuttu máli sagðist þeim Kristni og Jóni svo frá um meðferð jarðvegsins og ræktunarárangur s.l. ár: Sjötta til tíunda desember 1951 var D-D dælt í húsin. Jarðvegurinn var svo pældur um 10. febrúar og tómatplötur settar í húsin 7.—10. marz. Döfnuðu þær vel til að byrja með, en eftir 4—6 vikur hljóp í þær kyrkingur og stöðvaðist vöxtur að mestu. Varð þessa vart nokkru fyrr í húsi Jóns, og þann 20. maí var

öllum plöntum fleygt úr því húsi, en látnar standa áfram í húsi Kristins. Í húsi Jóns voru aftur settar tómatplöntur 17. júní.

Þeir félagar telja, að jarðvegurinn í húsunum hafi lyktað allsterkt af DD, þegar pælt var í febrúar, og að þann 17. júní hafi enn fundizt greinileg DD-lykt af moldinni. Þeir segja og þessa sögu:

Dælt var í jarðveg 50 m² húss 6/12 '51. Mánuði síðar var moldin stungin upp og hafður fullur hiti í húsinu í viku. Ungplöntur, sem stóðu í aðliggjandi húsi, dóu, að því er þeir telja vegna DD-gufu, er bárust í gegnum dyr á skilvegg húsanna. Moldinni úr húsinu var kastað út á haug, og telja þeir félagar, að kálplöntur, er settar voru í hana í maí, hafi beðið hnekki við. Er þetta í stórum dráttum frásögn Jóns og Kristins.

Uppkera úr umræddum húsum varð rýr, bæði þar sem plönturnar voru látnar standa í húsunum og eins þar, sem skipt var um plöntur. Þann 8. september litu tómatplönturnar illa út, þó að tillit væri tekið til þess, að áliðið var gróðurtímans. Rótarkerfi var lélegt og tómatarnir bentu til þess að jurtirnar hefðu m. a. átt óhægt með að draga til sín nægilegt vatn." . . .

„Við athugun kom þegar í ljós, að jarðvegurinn var mjög illa ræstur. Framræsla virtist þó verst vestast í húsunum (í blokk Jóns Rögnvaldssonar), en ekki eins afleit í húsi Kristins. Gróðurhúsin eru reist í leirborinni mýri, sem ennþá er mjög lítið ræst. Efsta moldarlag húsanna (gróðurmoldin), tæp skóflustunga, hefur allgóða eðliseiginleika (rotnuð mýrajörð), en fyrir neðan það tekur við svo þétt lag, að um það loftar að kalla ekkert og engar rætur þurrlendisjurta vaxa niður í það. Á meðan hægt er að halda hagstæðum gróðurskilyrðum í efsta laginu, er mögulegt að fá góða uppskeru. En við skilyrði sem þessi tekst það sjaldan nema tiltölulega stuttan tíma (fá ár), því að of mikið of söltum og jafnvel skaðleg sölt, safnast tiltölulega fljótt í jarðveginum. Svo getur farið, að jurtirnar þjáist af af vatnsskorti og loftleysi, ef varúð er ekki viðhöfð við vökvun. Í umræddum gróðurhúsum hefur verið skipt um mold á fárra ára fresti, að sögn núverandi eigenda þeirra, og er það í samræmi við ofangreindar athugasemdir, að svo hefur orðið að gera."

Næst er lýst töku jarðvegssýnishorna og efnagreiningu þeirra og segir síðan: „Um sýrustigið er það að segja, að það er að vísu of lágt í flestum sýnishornunum, en engan veginn getur það eitt hafa valdið umræddum vanþrifum í tómatplöntunum. Hin háa leiðslutala sýnir hátt saltinnihald, svo sem vænta mátti

með svo illa ræstan jarðveg. Af um 70 ákvörðunum á leiðslutölu gróðurhúsajarðvegs, er gerðar hafa verið við Atvinnudeildina, er aðeins eitt sýnishorn, sem hefur álíka háa leiðslutölu og sýnishornin frá Skrúð. Við Atvinnudeild voru og fyrir nokkru síðan ákvörðuð vatnsleysanleg sölt í 26 sýnishornum af gróðurhúsamold. Meðaltal þessara ákvarðana var 0,49%, en mesta saltinnihald 1,29% eða allmiklu lægra en í Skrúðsýnishornunum þrem. Að vísu liggja ekki fyrir tilraunir um það, hve mikil sölt megi vera í íslenzkri gróðurhúsamold, án þess að tómatplöntur saki, en af framangreindum samanburði má ályktа, að þann 8. september hafi saltinnihald umræddra jarðvegssýnishorna frá Skrúð ekki verið „normalt", heldur allmiklu hærra. Þannig benda sterkar líkur til þess, að þetta háa saltinnihald hafi átt þátt í misþrifum tómatplantnanna, en því miður er ekki fyrir hendi grundvöllur til þess að dæma um, hversu saknæm söltin hafi verið. Það torveldar nokkuð mat á þessu atriði, að gera má ráð fyrir lægra saltinnihaldi að vorinu, með því að áburður hefur verið gefinn nokkrum sinnum yfir sumartímann, en útskolun salta úr moldinni að kalla engin í svo illa ræstum jarðvegi.

Kristinn Guðjónsson hefur sýnt okkur niðurstöður hinna hollenzku rannsókna. Saltinnihald í húsi Jóns reyndist 1,54%, en 1,45% í húsi Kristins. Hollenzka rannsóknarstofan segir, að saltinnihald í svipuðum jarðvegi og hér um ræðir eigi ekki að vera meir en 0,65%. Mun þar átt við, að draga fari úr sprettu, eftir að sölt jarðvegsins nema meir en þessu magni. Hins vegar er ekki sagt, hve mikið af söltum þarf að vera í jarðveginum til þess að stöðva vöxt tómatplantna. Hinar hollenzku niðurstöður eru því áþekkar niðurstöðum okkar: Þann 8. september var of mikið af söltum í jarðvegi umræddra gróðurhúsa."

Loks fer hér á eftir umsögn um rótarálslyfið og ályktun skoðunarmannanna: „Við gengum úr skugga um, að notað hefur verið álíka magn af DD og ráðlegt er og að því hefur verið dælt í jarðveginn eftir forskrift, er fylgdi efninu. Samkvæmt þessum leiðarvísi hefði DD-vökvinn átt að vera horfinn úr moldinni nokkru áður en tómataplönturnar voru settar í húsin, svo fremi sem hæfilegt rakastig hefur verið í jarðveginum. Hitastig mun hafa verið jafnhátt eða hærra en tilskilið lágmark í leiðarvísinum. Þann 8. september var ekki hægt að dæma um það af útliti tómatanna eða jarðvegsins, hvort DD-eitrun hafi valdið umræddum uppskerubresti. Hér verður því að leitast við að

draga ályktanir af umsögn og líkum. Vísast í þessu sambandi til umsagnar Jóns og Kristins hér að framan.

Ekki er ósennilegt, að jarðvegur, sem inniheldur mikið af lífrænum efnum, eins og mýrajörð, bindi DD að öðru jöfnu fastar en steinefnajarðvegur, er hefur minna yfirborð á hverja rúmeiningu af jarðvegi. Hins vegar teljum við engin líkindi til þess, að yfirborðslag jarðvegsins í gróðurhúsunum að Skrúð bindi DD fastar en mýrarmold í öðrum gróðurhúsum hérlendis eða lífrænn jarðvegur annars staðar. Ef DD hefur tollað mikið lengur í jarðveginum en leiðarvísirinn gerir ráð fyrir, þá er skýringarinnar naumast að leita í efnaeiginleikum jarðvegsins, heldur í raka-, loftræstingar- og hitaskilyrðum. Nú telja þeir Jón og Kristinn, að raki yfirborðslagsins (gróðrarmoldarinnar) hafi verið hæfilegur og að hiti hafi sízt verið lægri en lágmarkshiti sá, er nefndur er í leiðarvísinum (4,4°—7,2°C). Að vísu hefur verið bent á, að t. d. Hollendingar krefjist hærra hitastigs og gefi það nokkra ástæðu til þess að taka með varúð leiðarvísi Shell-félagsins. Á það má benda í þessu sambandi, að eins líklegt er, að hitastigið sé sett með tilliti til sótthreinsunareiginleika efnisins, en ekki vegna þess fyrst og fremst að tryggja að það gufi burt nægilega hratt. Innlend reynsla um þetta efni liggur ekki fyrir, en ganga verður út frá því, að svo sé þetta efni reynt erlendis, að forskriftir Shell-félagsins geti ekki verið stórlega rangar, miðað við „normal" ástand jarðvegsins og meðferð.

Og hin lélega framræsla á undirlagi gróðurhúsanna getur hafa verkað þann veg, að DD hafi haldizt í jarðveginum lengur en almennt mætti vænta. DD-gufur eru þungar og leita djúpt í jarðveginn. Er það talinn einn af kostum þess, að það drepur rótarál í meiri dýpt en sum önnur efni, sem notuð eru í sama tilgangi. Og enda þótt leiðin hafi verið torfær, er ekki ósennilegt, að eitthvað af DD hafi sigið niður í hið þétta undirlag. En jafnörðugt hefur reynzt að sleppa þaðan, og þannig er hugsanlegt, að nokkuð af DD hafi smám saman verið að berast til yfirborðsins. Í bandarískri grein frá 1946 um eyðingu rótaráls segir svo um efni, sem notað er nákvæmlega á sama hátt og DD: „Vitað er um tilfelli, þar sem eiturverkana frá chloropikrin gætti að vori, þar sem því var dælt í haustið áður í þunnt lag af mýrarjörð, er hvíldi á þéttu og blautu leirundirlagi." Ekki er hér getið um vetrarhita, en af greininni er ljóst, að hér var um að ræða bersvæði.

Sú reynsla, sem hér er drepið á, styður þann möguleika, að

DD hafi tollað í jarðvegi Skrúðhúsanna allmiklu lengur en forskriftin gerir ráð fyrir.

Ályktun.

Að öllu athuguðu virðist okkur sú tilgáta sennilegust, að vanþrif tómatanna hafi átt tvær meginorsakir:

1) Of mikil sölt í jarðveginum, svo sem fyrr er að vikið.
2) DD-gufur, er borizt hafa niður í hið þétta undirlag og vegna eiginleika þess ekki losnað úr jarðveginum fyrr en eftir útplöntun tómatanna.

Þó er eitt atriði, er við fyrstu athugun varpar nokkrum efa á líkindin fyrir því, að seinna atriðið geti staðizt, sem sé það, að tómatplönturnar döfnuðu að sögn Kristins vel fyrstu 4—6 vikurnar, eftir að þær voru settar. Og þá vaknar spurningin: Hvernig má það vera, að eiturverkanir vegna DD komi svo seint í ljós? Eina hugsanlega skýringin á slíku fyrirbæri yrði eitthvað á þessa leið:

Þegar yfirborðslagið var stungið upp eða pælt fyrir útplöntun, hafa DD-gufurnar að mestu rokið úr því, en DD, er ennþá var í undirlaginu, hefur síðan smám saman borizt upp í gróðrarmoldarlagið, unz það olli kyrkingu í vexti. Það virðist þannig mega ganga út frá því, að DD hafi ekki verið til staðar í skaðlegu magni í gróðurmoldarlaginu, þegar plönturnar voru settar. Ella hefðu þær ekki dafnað með eðlilegum hraða til að byrja með. Þetta bendir raunar til þess, að gróðurmoldarlag húsanna hafi ekki sérstaka efnaeiginleika, er gætu verið þess valdandi, að DD bindist fastar í þessarri mold en almennt á sér stað um jarðveg.

Á líkan hátt mætti raunar ályktа, að magn salta hafi ekki verið skaðsamlega mikið á fyrsta aldursskeiði tómatplantnanna í húsunum, en því miður verður ekki sagt, hve mikið það hefur hækkað frá því í maí og þar til 8. september. Því miður skortir okkur grundvöll til að leiða að því líkur, hvor þátturinn, DD eða söltin, hafi verið stærri meinvaldur, og verður það að virðast, þar sem meira að segja fyrrnefndar höfuðályktanir eru aðeins tilgátur, er þykja sennilegastar."

Er álitsgerð þessi lá fyrir, mun stefndi hafa vísað á bug bótakröfu stefnanda, og höfðaði hann síðan mál þetta. Eru bótakröfur hans sundurliðaðar sem hér segir:

1. Mismunur á 7500 kg eðlilegri uppskeru og 1665 kg raunverulegri uppskeru = 5.835 kg á kr. 8.77 kr. 51.172.95

2. Andvirði 2.250 tómatplantna, er gufur af rótarálslyfi drápu ..... — 4.500.00
3. Vinna við flutning ónýtra plantna úr gróðurhúsi, 4 dagsverk ..... — 480.00
4. Vinna við að plægja og undirbúa gróðursetningu af nýju ..... — 390.00
5. Vinna við gróðursetningu af nýju, 6 dagsverk — 720.00

Alls kr. 57.262.95

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að með öllu sé ósannað, að rótarmálslyfið hafi valdið uppskerubresti í gróðurhúsi stefnanda. Bendir stefndi á, að reynsla sú, sem fengizt hefur um notkun lyfs þessa, bæði hér á landi og erlendis, sanni það, að lyfið sé gagnlegt og hættulaust bæði í gróðurhúsum og á ekrum úti, svo fremi rétt sé farið með það. Heldur stefndi og fram því, að hafi lyfið átt einhvern þátt í tjóni því, sem stefnandi kunni að hafa beðið, stafi það af rangri meðferð stefnanda eða starfsmanna hans á lyfinu. Þá hefur stefndi og véfengt, að uppskera stefnanda hafi brugðizt, a.m.k. svo verulega sem stefnandi hermir.

Í skýrslu skoðunarmannanna, sem rakin var hér að framan, er rætt um að sölt safnist tiltölulega fljótt í jarðveginum og að stefnandi hafi því orðið að skipta um gróðurmold á fárra ára fresti. Mold sú, er um ræðir í þessu máli, hafði verið sett í gróðurhúsin á árinu 1949. Af skýrslum stefnanda og Kristins Guðjónssonar er ljóst, að moldin í gróðurhúsum þessum var a.m.k. að jafnaði „soðin“ á ári hverju, en með því er átt við það, að sjóðandi hveravatni er veitt yfir jarðveginn þar til flýtur yfir moldina. Er vatnið sígur niður í jarðlagið undir gróðurmoldinni, tekur það með sér sölt þau, er það hefur leyst upp og þykir þetta nægja í bili til að tryggja það, að saltmagn í jarðveginum verði ekki skaðlegt fyrir plöntur þær, sem gróðursetja skal. Það er viðurkennt af hálfu stefnanda, að þessari ráðstöfun var ekki beitt, þegar rótarálslyfið var notað, en hins vegar „sauð“ hann moldina í desembermánuði 1952, og var þá um að ræða sömu moldina sem árið áður. Uppskeran 1953 varð eðlileg að sögn hans, ca. 6.500 kg af 2.200 plöntum. Er af skýrslu skoðunarmannanna ljóst, að saltmagn jarðvegsins var mjög mikið, þegar skoðun þeirra fór fram, þótt af skýrslu þeirra verði að sjálfsögðu ekki ráðið með neinni vissu um magn saltanna um vorið, þegar gróðursetning fór fram.

Stefndi hefur, eins og fyrr greinir, véfengt, að rétt hafi verið að farið um notkun lyfsins. Kristinn Guðjónsson hefur komið fyrir dóm og borið það, að hann hafi farið nákvæmlega eftir leiðarvísi þeim, sem fylgdi lyfinu um notkun þess, án þess þó að lýsa nánar aðgerðum sínum. Af hálfu stefnda hefur vætti Kristins verið mótmælt sem röngu og vilhöllu, þar eð hann hafi einnig bótakröfur uppi á hendur stefnanda vegna áhrifa lyfsins.

Þegar virt er það, sem rakið hefur verið hér að framan, og þess gætt, að allmikið brestur á, að lögfull sönnun sé fengin um rétta notkun lyfsins af hálfu stefnanda, þykir verða að telja ósannað, að rótarálslyfið hafi valdið uppskerubresti stefnanda þannig, að telja megi stefnda bótaskyldan. Til álita virðist helzt koma að telja mætti stefnda bótaskyldan, að því er varðar plöntur þær, sem stefnandi telur hafa drepizt af gufum af lyfinu, en þegar þess er gætt, að í leiðarvísinum er nægjanlega varað við eituráhrifum af gufunum af lyfinu, að bent er þar á þörf góðrar uppgufunar þess áður sáð sé eða gróðursett og loks, að greinilegur þefur af lyfinu var í gróðurhúsunum, þegar plöntur þessar voru fluttar inn í þau, þykja ekki efni standa til að gera stefnda ábyrgan fyrir þessu tjóni.

Úrslit málsins verða því þau, að sýknukrafa stefnda verður til greina tekin, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Ingólfi Davíðssyni mag. scient. og Sturlu Friðrikssyni mag. scient.

Dómsorð:

Stefndi, h.f. Shell á Íslandi, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Rögnvaldssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 7. nóvember 1958.

Nr. 149/1958. **Karólína Jósefsson**
gegn
Bjarna K. Bjarnasyni borgardómarafulltrúa,
Einari Arnalds borgardómara,
Jóhannesi Jósefssyni,
Pétri Daníelssyni og
Ragnari Guðlaugssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Kærð málsmeðferð héraðsdómara.

Dómur Hæstaréttar.

Með stefnu 2. júlí 1958 höfðaði sóknaraðili mál, sem þingfest var á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 9. september s. á., á hendur Jóhannesi Jósefssyni gestgjafa og til réttargæzlu þeim Pétri Daníelssyni og Ragnari Guðlaugssyni veitingamönnum, öllum í Reykjavík, til ógildingar yfirlýsingu, sem tjáist vera undirrituð af Jóhannesi og varðar fyrirhugaða sölu eigna úr félagsbúi hans og sóknaraðilja. Í stefnu kveðst sóknaraðili munu gera þær dómkröfur, „að svokölluð yfirlýsing Jóhannesar Jósefssonar, dags. 4. júní 1958, verði dæmd ógild og óskuldbindandi fyrir félagsbúið og að Jóhannesi verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu". Í greinargerð sinni í héraði mótmælti lögmaður sóknaraðilja, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, yfirlýsingu þessari „sem rangri, óstaðfestri og óskuldbindandi fyrir umbjóðandi mína og félagsbú aðilja". Hinn 11. f. m. sótti stefndi í héraði dómþing og óskaði að gefa skýrslu fyrir dómi varðandi yfirlýsinguna. Lögmaður sóknaraðilja krafðist þess þá, að þeirri aðiljayfirheyrslu yrði frestað eina viku. Lögmenn stefnda og réttargæzlustefndu mótmæltu þeirri frestun. Héraðsdómari, Bjarni K. Bjarnason borgardómarafulltrúi, felldi þann úrskurð um ágrein-

ing þenna, að yfirheyrsla skyldi þegar fara fram. Lögmaður sóknaraðilja kvaðst mundu segja til þess innan viku, hvort hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar eða ekki. Var málinu því næst frestað um stund, en þingað í því af nýju seinna sama dag. Lýsti héraðsdómari því þá, að aðiljayfirheyrsla yfir stefnda færi fram. Lögmaður sóknaraðilja kvaðst „kæra ákvörðun þessa til breytingar", en af hendi dómara var bókað, að atriði þetta sætti ekki kæru. Fór aðiljayfirheyrsla því næst fram. Að henni lokinni lét lögmaður sóknaraðilja færa til þingbókar: „Ég mótmæli þeirri lögleysu, sem ég tel, að dómarinn hafi hér í frammi, og vil ekki taka þátt í henni. Ég kæri framkomu dómarans sem réttarneitun".

Borgardómari sendi Hæstarétti skjöl málsins með bréfi 15. f. m., er barst dóminum sama dag.

Í greinargerð sinni til Hæstaréttar telur sóknaraðili, að greindur úrskurður bæjarþings hafi mátt sæta kæru til æðra dóms. Sama gildi samkvæmt eðli máls um þá ákvörðun héraðsdómara að framfylgja úrskurði sínum þegar í stað, áður en kærufrestur samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936 var liðinn. En með þeirri framkvæmd úrskurðarins hafi héraðsdómari svipt hana færi á að kæra úrskurðinn. Í þessari málsmeðferð héraðsdómara felist réttarneitun, sem kæra megi samkvæmt 4. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 til refsingar samkvæmt 3. mgr. sömu lagagreinar. Krefst sóknaraðili þess, að Bjarna K. Bjarnasyni borgardómarafulltrúa eða til vara Einari Arnalds borgardómara verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, sem lög leyfa, og að greiða henni kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljarnir Bjarni K. Bjarnason og Einar Arnalds krefjast sýknu af kröfum sóknaraðilja og kærumálskostnaðar. Þá hafa stefndi og réttargæzlustefndu í héraði krafizt þess, að kröfum sóknaraðilja verði hrundið og að þeim verði dæmdur kærumálskostnaður.

Héraðsdómara bar að taka við aðiljaskýrslu stefnda í héraði, sbr. 115. gr. laga nr. 85/1936, og var honum, eins og á stóð, rétt að láta yfirheyrsluna fara fram eftir úrskurði

sínum þegar í stað. Samkvæmt þessu er kæra sóknaraðilja rakalaus, og verða kröfur hennar eigi teknar til greina.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðiljunum Bjarna K. Bjarnasyni og Einari Arnalds kærumálskostnað, kr. 1000.00 hvorum. Eigi þykja efni til að dæma stefnda og réttargæzlustefndu í héraði kærumálskostnað, þar sem kröfur eru eigi gerðar á hendur þeim né til breytingar dómsathafnar í héraði.

Kæra máls þessa til Hæstaréttar, sem var bersýnilega ófyrirsynju, er vítaverð.

Dómsorð:

Varnaraðiljar, Bjarni K. Bjarnason og Einar Arnalds, eiga að vera sýknir af kröfum sóknaraðilja, Karólínu Jósefsson, í máli þessu, og greiði sóknaraðili hvorum þeirra kærumálskostnað, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. nóvember 1958.

Nr. 9/1958. **Ákæruvaldið** (Guðmundur Ásmundsson hrl.)
gegn
Gizuri Karli Guðmundssyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og er háttsemi ákærða færð þar til réttra ákvæða laga, er þá giltu. Eftir uppsögn héraðsdóms hafa lög nr. 23/1941 um bifreiðar og lög nr. 24/1941 um umferð verið numin úr gildi. Brot

ákærða gegn þeim lögum varða samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1940 nú við 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. og 81. gr umferðarlaga nr 26/1958. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Gizur Karl Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guðmundar Ásmundssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 3500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. desember 1957.

Ár 1957, þriðjudaginn 3. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5657/1957: Ákæruvaldið gegn Gizuri Karli Guðmundssyni, sem dómtekið var 16. nóvember s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 19. september s.l., gegn Gizuri Karli Guðmundssyni bifreiðarstjóra, Vatnsendablletti 163, hér í bæ, fyrir líkamsmeiðingu af gáleysi og ógætilegan bifreiðarakstur samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, 46. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930 og 1. tl. 7. gr., sbr. 9. gr. reglugerðar um gerð og notkun bifreiða nr. 72/1937. Þykir ákærði hafa orðið brotlegur við téð lagaákvæði, með því að hafa: 1. um kl. 14.00 föstudaginn 22. marz s.l. ekið vörubifreiðinni R 6985 norður Rauðarárstíg og vestur Flóka-

götu, án þess að sýna nægilega aðgæzlu við aksturinn með þeim afleiðingum, að tengivagn, sem festur var aftan í bifreiðina, rakst í dreng á reiðhjóli, Leif Jónsson, á mótum Rauðarárstígs og Flókagötu, og slasaðist hann við ákeyrsluna, hlaut m. a. höfuðkúpubrot.

2. mánudaginn 2. september s.l. um kl. 17.00 ekið bifreiðinni R 6985 austur Skúlagötu og sveigt henni í átt að innkeyrslu Landsmiðjunnar, án þess að huga nægjanlega áður að umferð eftir Skúlagötunni, með þeim afleiðingum, að bifreiðin rakst á bifreiðina R 524, sem í þessu var ekið fram úr bifreið hans.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. júlí 1931 í Reykjavík. Árið 1950 hlaut hann áminningu fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga og frá árinu 1954 til ársloka 1956 hefur hann verið sektaður með dómsáttum 6 sinnum fyrir brot gegn umferðarreglum, frá 50—800 kr. í hvert sinn. Loks hefur hann verið sektaður 4 sinnum fyrir ölvun og fleira á árinu 1950 frá 100—200 kr. í hvert sinn.

Málavextir eru þessir:

I.

Föstudaginn 22. marz s.l. kl. 14.00 var lögreglunni tilkynnt, að þá skömmu áður hefði orðið umferðarslys á gatnamótum Rauðarárstígs og Flókagötu. Er lögreglan kom á vettvang, var búið að færa Leif Jónsson, 10 ára að aldri, er slasazt hafði, á sjúkrahús. Sömuleiðis hafði reiðhjól það, sem hann hafði verið á, verið flutt burt. Slysið hafði orðið með þeim hætti, að tveir drengir höfðu komið akandi á reiðhjólum norður Rauðarárstíg. Í sömu átt á eftir þeim norður götuna hafði komið stór, græn vörubifreið með vagni aftan í. Er að gatnamótum Flókagötu kom, hafði bifreiðinni verið beygt vestur Flókagötu, en þá hafði vagninn, sem var aftan í bifreiðinni, rekizt á þann drenginn, sem hjólaði á undan, með þeim afleiðingum, að hann skall í götuna. Bifreiðinni var ekið áfram vestur Flókagötu og töldu sjónarvottarnir, að bifreiðarstjórinn hefði ekki orðið var við slysið. Ekki sáust nein vegsummerki eftir slysið á götunni. Lögreglan hafði tal af ákærða í vörugeymslu Landssímans við Íþróttavöllinn skömmu eftir slysið. Viðurkenndi ákærði að hafa ekið umræddа leið á þeim tíma, er slysið varð, en kvaðst ekki hafa tekið eftir drengjunum á reiðhjólunum, er farið var fram

hjá þeim, en aftur á móti hefði farþegi í bifreið hans gert það. Greinilegt far sást á vinstra hjólbarða umræddsvagns, sem gat verið eftir reiðhjólið, þar sem sami litur var á málningunni, sem var á farinu á hjólbarðanum og á reiðhjólinu, sem drengurinn var á. Við nánari athugun á tengivagninum kom í ljós, að á hjólbarða hans fannst grænn málningarlitur á upphleyptum tigli, sem var á utanverðum hjólbarðanum. Á þessum sama tigli fannst einnig rauður málningarblettur. Við smásjárathugun á tiglinum kom í ljós, að bronz var í græna litnum. Við skoðun á reiðhjólinu kom í ljós, að það er dökkgrænt að lit með bronsi í litnum. Varð ekki annað séð en liturinn á reiðhjólinu væri eins og sá, sem fannst á hjólbarðanum. Við nánari athugun á reiðhjólinu kom í ljós, að farangursgrind, sem er yfir afturhlíf hjólsins, er töluvert skröpuð hægra megin. Gæti það verið verið eftir hjólbarða hins margnefnda tengivagns, er var aftan í bifreiðinni R 6985.

Er slysið varð, var bjart veður og færi blautt. Yfirborð vegarins á slysstaðnum er malbikað. Bifreiðin R 6985 er 14 farþega vörubifreið og er af Chevrolet gerð, eign bæjarsímans hér í bæ. Bifreiðin er 2,35 metrar á breidd og er það hámarksbreidd, sem leyfð er án undanþágu. Breidd tengivagnsins er 2,42 metrar, og hafði undanþágu fyrir notkun hans ekki verið fengin hjá bifreiðaeftirlitinu. Tenging vagnsins við bifreiðina var óaðfinnanleg. Bifreiðin var í lagi að öðru leyti en því, að handhemill var slakur og afturljós í ólagi. Stýrið er vinstra megin á bifreiðinni og hún er með vökvaþrýstihemlum.

Ákærði hefur skýrt svo frá matsatvikum, að hann hafi verið að koma utan af Seltjarnarnesi á bifreiðinni R 6985, er umrætt slys varð. Vagn með jarðkabalsrúllu hafði verið tengdur aftan í bifreiðina og átti ákærði að fara með rúlluna að afgreiðslu símans við Loftskeytastöðina. Áður átti hann að koma við á gatnamótum Gunnarsbrautar og Flókagötu og taka tvo menn, sem áttu að aðstoða hann við að skipta um aftanívagn. Ákærði ók af Miklubraut norður Rauðarárstíg. Telur hann sig hafa ekið með 20—30 km hraða norður götuna. Kvað hann hér vera um ágizkun hjá sér að ræða, þar sem hann hafi ekki gáð á hraðamælinn. Þegar ákærði nálgaðist gatnamót Flókagötu, hægði hann ferðina og skipti niður í þriðja gír. Er hann ók út í gatnamótin og beygði vestur Flókagötu, tók hann beygjuna víða vegna aftanívagnsins. Ákærði varð ekki var við neinn hjólreiðamann þarna við gatnamótin og hann varð ekki var

við, að neitt óvenjulegt kæmi fyrir. Stýri bifreiðarinnar er vinstra megin og var ákærði að tala við Gunnar Björgvinsson, er sat hægra megin við hann í framsætinu. Ákærði kvaðst hafa samtímis verið að skima eftir mönnum þeim, er hann átti að ná í. Að öðru leyti var ekkert, sem truflaði hann við aksturinn. Ákærði kvaðst oft gá í spegil, sem er á vinstri hlið stýrishússins, er hann tekur beygjur, en í þetta skipti telur hann sig ekki hafa gert það, vegna þess að athygli hans beindist að gatnamótunum, er hann beygði. Ákærði neitaði því alveg að hafa orðið var við það, að nokkuð kæmi utan í vagninn eða bifreiðina þarna á gatnamótunum og félagi hans hafði ekki orð á því. Ákærði kvað skrölta mikið í vagninum, er hann er dreginn. Ákærði beygði af Flókagötu norður Gunnarsbraut og ók síðan vestur Njálsgötu og svo, er á Laugaveg kom, áleiðis vestur þá götu. Á móts við Stjörnubíó við Laugaveg tók hann upp í bifreiðina menn þá, er hann hafði verið að leita að og ók að því búnu að afgreiðslu símans við Loftskeytastöðina á Melunum. Er skipt hafði verið þar um aftanívagn, kom lögreglumaður á vettvang. Við athugun á vinstra afturhjóli vagnsins kom í ljós, að græn málning var á hjólbarðanum. Ákærði kvaðst ekki vita, hvernig eða hvenær málningin hefði komizt á hjólbarðann. Ákærði kvaðst ekki geta gert nánari grein fyrir umræddu slysi, en hann kvaðst enga ástæðu hafa að draga í efa, að slys þetta hafi átt sér stað í sambandi við farartæki sitt. Ákærði kvaðst hafa verið vel fyrirkallaður að öllu leyti við aksturinn Hann vissi ekki annað en bifreið sín væri í lagi að öðru leyti en því, að á hana vantaði afturljós.

Vitnið Gunnar Björgvinsson verkamaður, Vífilsgötu 15, hér í bæ, er var með ákærða í bifreiðinni R 6985, hefur skýrt frá í verulegum atriðum á sama hátt og ákærði. Vitnið kvað ákærða hafa ekið hægt í umrætt skipti, en hann eigi vanda til að aka nokkuð hratt. Vitnið kvaðst ekki treysta sér til að segja til um, með hvaða hraða ákærði hafi ekið norður Rauðarárstíg. Vitnið taldi, að ákærði hefði ekið það hægt norður Rauðarárstíg, að hann hafi ekki hægt ferðina, er hann beygði vestur Flókagötu. Er ákærði var um það bil að beygja af Rauðarárstíg vestur Flókagötu, kvaðst vitnið hafa veitt tveimur drengjum athygli, er óku á reiðhjólum norður Rauðarárstíg eða héldu í sömu átt og þeir ákærði. Drengir þessir óku hægt og eðlilega í alla staði og voru á sínum vinstri vegjaðri. Drengirnir hjóluðu hvor á eftir öðrum og var stutt á milli þeirra. Vitnið kvaðst ekki geta

sagt um það, hve langt ákærði átti ófarið að gatnamótunum, er það kom auga á þá. Vitnið veitti drengjunum ekki athygli, er ákærði ók fram hjá þeim. Er ákærði beygði af Rauðarárstíg inn á Flókagötu, varð vitnið ekki vart við annað en allt gengi með felldu. Vissi vitnið ekki um það þá, að slys hefði orðið þarna á gatnamótunum. Var það ekki fyrr en komið var vestur að Loftskeytastöð. Frá slysstaðnum ók ákærði að sögn vitnisins leið þá, er að framan hefur verið skýrt frá í framburði ákærða, og voru menn þeir, er ákærði átti að sækja, teknir upp í bifreiðina á Laugavegi við Stjörnubíó. Vitnið kvað sér ekki hafa dottið annað í hug en ákærði tæki eftir drengjunum á Rauðarárstíg og vakti það því ekki athygli hans á þeim. Ákærði hafði ekki orð á því við vitnið, að hann hefði orðið var við drengina og varð vitnið ekki vart við það á neinn hátt, að hann yrði slyssins var. Ákærði og vitnið voru að tala saman, er slysið varð. Vitnið kvað nokkurt skrölt hafa verið í vagni þeim, er bifreiðin dró.

Vitnið Garðar Svavarsson, Skúlagötu 54, 10 ára að aldri, hefur skýrt frá því, að þeir Leifur Jónsson hafi verið að koma á reiðhjólum frá Rauðará eða nyrzt af Rauðarárstíg, er umrætt slys varð. Þeir höfðu ekið suður Snorrabraut upp á Miklatorg, beygt austur Miklubraut og ekið svo af henni norður Rauðarárstíg. Voru þeir á leið heim til Leifs. Vitnið kvað þá hafa hjólað hægt norður Rauðarárstíg og var vitnið skamman spöl á eftir Leifi. Er Leifur var að koma að gatnamótum Rauðarárstígs og Flókagötu, sá vitnið stóra tvílita vörubifreið með vagni aftan í, sem á var kabalrúlla, aka fram með hægri hlið þess. Ökumaður bifreiðarinnar gaf ekki hljóðmerki. Vörubifreiðinni var beygt til vinstri vestur Flókagötu fyrir Leif. Við það snerist vagninn um leið og skipti engum togum, að vinstri hlið hans lenti á framhjólinu á reiðhjóli Leifs. Við það féll Leifur ásamt hjólinu í götuna, frá vagninum eða á vinstri hliðina. Vitnið kvaðst hafa séð örugglega, að vagninn lenti hvorki á Leifi eða hjólinu. Vörubifreiðinni var ekið hægt að sögn vitnisins, og að slysinu afstöðnu var henni ekið hiklaust brott. Vitnið sá ekki skrásetningarmerki bifreiðarinnar, en kvaðst hafa þekkt, að hún var frá símanum. Leifur lá í götunni meðvitundarlaus, að slysinu afstöðnu, á suðvesturhorni gatnamótanna. Lá hann á hliðinni og sneru fætur hans í suðurátt, en höfuðið í norður og vísaði andlit hans að gangstéttinni, sem hann lá við. Vitnið varð ekki vart við, að Leifur hemlaði reiðhjólinu fyrir slysið.

Vitnið Leifur Jónsson, Rauðarárstíg 7, fæddur 8. marz 1947, er fyrir slysinu varð, hefur skýrt frá því, að þeir Garðar Svavarsson hafi hjólað leið þá, er framangreint vitni hefur skýrt frá, áður en á Rauðarárstíg kom. Voru þeir á leið heim til vitnisins. Vitnið hjólaði á undan norður Rauðarárstíg, en Garðar rétt á eftir. Vitnið hélt sér alveg á sínum vinstri vegarhelmingi og fór frekar hægt, enda kvaðst það ekkert hafa verið að flýta sér. Bifreiðum hafði verið ekið fram hjá vitninu um Rauðarárstíg, en vitnið varð ekki fyrir neinum truflunum af þeim. Er vitnið var alveg að aka út í gatnamót Flókagötu, kom stór vörubifreið fram með hægri hlið þess. Allt gekk með felldu, þar til bifreiðinni var beygt allt í einu til vinstri inn í Flókagötu. Hemlaði þá vitnið, en þá lenti eitthvað á því og féll það ásamt reiðhjóli þess í götuna. Eftir þetta man vitnið ekkert eftir sér, fyrr en uppi á Landspítala.

Vitnið Christian Harald Hyldal Christensen, Klömbrum við Rauðarárstíg, hefur skýrt frá því, að það hafi verið á leið vestur Flókagötu á bifreiðinni R 6603, er umrætt slys varð. Vitnið kvaðst hafa komið auga á vörubifreið með vagni aftan í, er kom norður Rauðarárstíg. Var hún komin að gatnamótum Flókagötu, en vitnið átti 50—100 metra ófarna að þeim. Í því er vitnið kom auga á bifreiðina, sá það eitthvað fljúga aftur af henni og falla í götuna. Hélt hann fyrst, að eitthvað, sem það vissi ekki hvað var, hefði fallið af bifreiðinni. Taldi vitnið, að vörubifreiðin hefði eitthvað verið farin að beygja, er þetta gerðist. Vörubifreiðinni var svo ekið áfram vestur Flókagötu. Vitnið gat ekki sagt fyrir víst um hraða vörubifreiðarinnar, en hann var ekki óeðlilegur, að vitninu fannst. Vitnið hafði ætlað að veita vörubifreiðinni eftirför, en er það kom á slysstaðinn, sá það dreng liggja í götunni. Vitnið nam staðar og hélt að drengnum. Lá hann á grúfu rétt við vesturhorn gatnamótanna, aðeins inni á Rauðarárstíg. Hann lá næstum þvers um miðað við Rauðarárstíg, sneru fætur hans að vestari gangstétt Rauðarárstígs, en höfuðið út á götuna. Drengurinn, er var meðvitundarlaus, hélt höndunum undir andlitinu. Reiðhjól lá hjá drengnum, en hvar það lá, kvaðst vitnið ekki geta tilgreint nánar. Vitnið hafði farið á brott af slysstaðnum, en er það kom aftur, var búið að færa drenginn til. Vitnið kvaðst hafa þekkt strax, að umrædd bifreið var frá bæjarsímanum.

Vitnið Gísli Guðmundsson, Flókagötu 58, kom á slysstaðinn

rétt eftir að slysið varð, en það hafði verið á gangi vestur Flókagötu. Vitnið var komið nærri umræddum gatnamótum, er það sá dreng liggja í götunni og reiðhjól hjá honum. Vitnið hraðaði sér á sjálfan slysstaðinn ásamt síðastnefndu vitni. Alveg í því að vitnið kom auga á drenginn, sá það stóra vörubifreið á leið vestur Flókagötu, og var hún komin að gatnamótum Gunnarsbrautar, er vitnið kom auga á hana. Vitnið sá ekki skrásetningarmerki bifreiðarinnar og kvaðst ekki geta borið um ökuhraða hennar fyrir víst. Vitninu fannst þó bifreiðinni ekið greitt, sakir þess hve fljótt hún hvarf fyrir hornið norður Gunnarsbraut. Drengur sá, sem fyrir slysinu varð, hreyfði sig fyrst á eftir og umlaði í honum, en svo missti hann meðvitund. Vitnið kvað drenginn hafa legið alveg á vesturhorni Rauðarárstígs og Flókagötu. Taldi það hann hafa lagzt á hægri hliðina. Drengurinn sneri næstum þvers um miðað við Rauðarárstíg og höfuð hans sneri í norðvestur.

Vitnið Hjörtur Guðmundsson, Mávahlíð 10, kom á slysstaðinn, eftir að slysið var orðið. Lá drengurinn þá hreyfingarlaus í götunni, en svo fór hann að brjótast um. Reiðhjól lá fyrir vestan drenginn, fast við hann. Drengurinn lá hreyfingarlaus ofan í polli við gangstéttarhornið á hægri hliðinni, krepptur, og vísaði höfuð hans út á götuna. Drengurinn virtist koma til meðvitundar og tók þá að hreyfa sig og hljóða. Vitnið færði drenginn upp úr pollinum og upp á klakahrygg, og var hann þar, þar til sjúkrabifreið kom á vettvang.

Samkvæmt vottorði Friðriks Einarssonar læknis, dagsettu 8. maí s.l., hlaut Leifur Jónsson þessi meiðsli:

„Hinn 22. marz 1957, kl. 14.35, var komið á Handlæknisdeild Landspítalans með sjúkling, sem sagður var heita Leifur Jónsson, vera fæddur 8. marz 1947 og eiga heima að Rauðarárstíg 7, Reykjavík.

Svo var frá skýrt, að sjúklingurinn hefði orðið fyrir bíl um kl. 14.00, þar sem hann hafi verið hjólandi á götu, en a.ö.l. liggja ekki fyrir upplýsingar um tildrög slyssins. Sjúklingurinn var fluttur á Slysavarðstofuna, en þaðan á Handlæknisdeild Landspítalans.

Við komu hingað var drengurinn við meðvitund og svaraði, ef á hann var yrt, en mundi ekki eftir slysinu.

Við skoðun fannst 1) höfuðkúpubrot, 2) smá sár á höfði, 3) blæðing undir höfuðleður og 4) glóðarauga h. megin.

Sjúklingurinn var nokkuð sljór fyrstu 1—2 sólarhringana, en fór síðan batnandi. Hann hafði væga lömun á vinstri hendi og fleiri einkenni, sem bentu á mar á heila.

Honum leið vel, er hann útskrifaðist af spítalanum 6/4. 1957."

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir ákærði hafa sýnt óvarfærni í akstri, er hann beygði af Rauðarárstíg vestur Flókagötu. Hefði ákærða borið að sýna sérstaka varfærni, þar sem hann var með vagn aftan í bifreiðinni, sem hætta var samfara. Þykir ákærði með þessari óaðgæzlu sinni hafa átt sinn þátt í slysinu og þannig gerzt brotlegur gegn 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, 46. gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Ekki verður hins vegar séð, að 1. tl. 7. gr., sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937 eigi við um atferli ákærða.

Hefur ákærði þannig unnið til refsingar og sviptingar ökuleyfis samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga.

II.

Mánudaginn 2. september s.l. kl. 17.00 varð árekstur á Skúlagötu, hér í bæ, á móts við Landssmiðjuna. Tildrög árekstrarins höfðu verið þau, að ákærði hafði ekið bifreiðinni R 6985 austur Skúlagötu. Er hann kom að innkeyrslunni að Landssmiðjunni, beygði hann inn að henni. Bar þá að bifreiðina R 524, er var á leið austur götuna og átti að aka fram úr bifreiðinni R 6985. Skipti engum togum, að árekstur varð á milli bifreiðanna. Skall vinstri framaurhlíf R 524 á framvara R 6985 hægra megin. Urðu sjáanlegar skemmdir á R 524 þær, að vinstri afturaurhlíf rifnaði og beyglaðist og hjólbarði skemmdist, en á R 6985, að framvari beyglaðist. Samkvæmt uppdrætti stendur bifreiðin R 6985 á nyrðri helmingi Skúlagötu eða sínum vinstri vegarhelmingi, nokkuð á ská í götunni, þannig að framhlutinn snýr inn að miðju götunnar. Bifreiðin er nokkra metra fyrir vestan innkeyrsluna að Landssmiðjunni. Hemlaför aftur af bifreiðinni eru 4 metrar. Fyrir austan innkeyrsluna, talsvert fyrir framan bifreiðina R 6985, er bifreiðin R 524 á sínum vinstri vegarhelmingi nokkuð inni á götunni. Bjartviðri var, er árekstur inn varð, og færi þurrt. Yfirborð vegarins á árekstrarstaðnum er malbikað. Bifreiðin R 524 er 6 manna fólksflutningabifreið.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi ekið hægt austur Skúlagötu, er umræddur árekstur varð. Taldi hann sig hafa ekið

með um 20 km hraða. Loftpressa var tengd aftan í bifreið hans. Er ákærði nálgaðist innkeyrsluna að birgðahúsi Landssmiðjunnar bak við Áfengisverzlun ríkisisns, dró hann úr ferðinni og leit í spegil, sem er yfir mælaborði bifreiðarinnar. Sá hann ekkert farartæki nálgast. Beygði ákærði nú til hægri inn að áðurnefndri innkeyrslu og leit um leið aftur með bifreiðinni hægra megin. Heyrði hann þá, að stjórnandi bifreiðarinnar R 524 gaf hljóðmerki og kom hann um leið auga á bifreið þessa, er komin var á hlið við bifreið hans. Ákærði hemlaði strax, og þegar bifreið hans var að stöðvast, varð árekstur inn. Rákust bifreiðarnar saman með þeim hætti, að vinstri afturhlíf bifreiðarinnar R 524 lenti á hægra framvarahorni bifreiðar ákærða. Sprakk á hjólbarða bifreiðarinnar R 524 við árekstur inn. Ákærði kvað bifreiðinni R 524 ekki hafa verið ekið hratt, en hún var ekki stöðvuð, fyrr en hún var komin talsvert austur fyrir bifreið ákærða. Ákærði kvað stefnuljós ekki vera á bifreið sinni.

Vitnið Anna Ingólfsdóttir, Bakkastíg 8, ökumaður R 524, hefur skýrt frá því, að það hafi ekið á eftir bifreið ákærða austur Skúlagötu með 25—30 km. hraða. Taldi vitnið, að ákærði hefði ekið með svipuðum hraða. Á móts við Áfengisverzlun ríkisins hugðist vitnið aka fram úr bifreið ákærða og hafði farið yfir á hægri vegarhelming í því skyni. Vitnið gaf hljóðmerki tvisvar og taldi, að ákærði hefði orðið var við bifreið þess. Vitnið hafði aukið ferðina til að komast fram hjá bifreið ákærða. Vitnið vissi svo ekki fyrr til en högg kom á bifreið þess aftan til. Kom vitninu það svo á óvart, að það hemlaði ekki strax, en ók áfram nokkurn spöl. Vitnið kvað ákærða ekki hafa gefið neitt merki um, að hann ætlaði að beygja þarna. Stefnuljós voru ekki á bifreið ákærða, að því er vitnið bezt vissi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þá þykir ákærði ekki hafa sýnt nægilega aðgæzlu í akstri, er hann beygði að margnefndri innkeyrslu, án þess að gefa nokkurt merki um það né huga nægilega að umferðinni um Skúlagötu á eftir sér, með þeim afleiðingum, að árekstur varð við bifreiðina R 524.

Þykir ákærði með þessu atferli sínu hafa gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 46 gr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Hefur ákærði þannig unnið til refsingar.

III.

Frá 24/7 1953 til 23/9 1957, er ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, hefur hann lent í 17 umferðarslysum, þar af 7 það sem af er þessu ári. Í þessum slysum hefur fólk meiðzt þrisvar sinnum, þar af í tveimur alvarlega. Svo virðist, sem gálauslegur akstur ákærða sé orsök flestra slysanna. Með þessu atferli sínu þykir ákærði hafa sýnt, að það sé varhugavert með tilliti til öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi.

IV.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 2000.00 sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykir rétt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá 23. september 1957.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hrl., kr. 1500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gizur Karl Guðmundsson, greiði 2000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal frá 23. september 1957 sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hrl., kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. nóvember 1958.

Nr. 152/1958. **Karl Jónsson**
gegn
Guðrúnu Oddsdóttur.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Kært málskostnaðarákvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 10. október þ. á., er barst Hæstarétti 23. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð upp kveðinn í fógetadómi Reykjavíkur 29. september s.l. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Sóknaraðilja barst eigi vitneskja um úrskurð þenna fyrr en 5. október s.l.

Sóknaraðili krefst málskostnaðar í héraði úr hendi varnaraðilja og kærumálskostnaðar að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að hvor aðilja beri málskostnað sinn í héraði. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir og, að hvor aðilja beri kostnað sinn af kærumáli þessu.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 29. september 1958.

Þær kröfur voru uppi hafðar af hálfu gerðarbeiðanda, Guðrúnar Oddsdóttur, Rauðarárstíg 34, að gerðarþoli, Karl Jónsson, yrði borinn út úr húsnæði því, sem hann hafði á leigu í ofannefndu húsi. Enn fremur var þess krafizt, að gerðarþola yrði gert að greiða gerðarbeiðanda málskostnað.

Gerðarþoli mótmælti framgangi hinnar umbeðnu útburðargerðar og krafðist málskostnaðar sér til handa.

Mál þetta var í fyrsta sinn tekið fyrir hinn 18. apríl s.l. Gerðarþoli flutti úr húsnæðinu hinn 14. maí s.l. Í réttarhaldi í máli þessu hinn 8. september s.l. kom umboðsmönnum aðiljanna saman um, að mál þetta skyldi falla niður að aðalefni til, en fram komnar málskostnaðarkröfur eru hér til úrskurðar.

Eftir því, sem fram hefur komið í máli þessu, mun gerðarþoli, Karl Jónsson, hafa tekið á leigu 3 herbergi og eldhús og salerni á 2. hæð hússins nr. 38 við Rauðarárstíg í árslok 1956, en leigusali var Guðrún Oddsdóttir, gerðarbeiðandi máls þessa. Skriflegur leigusamningur var ekki gerður.

Bréf gerðarbeiðanda, þar sem útburðar er krafizt, er dagsett hinn 28. marz s.l. Þar segir, að gerðarbeiðandi hafi sagt gerðarþola upp húsnæði til rýmingar hinn 14. maí s.l. Hafi þá brugðið svo við, að gerðarþoli hafi hætt að greiða leigu og skuldi leigu fyrir mánuðina febrúar og marz, en venja hafi verið, að leiga væri greidd fyrirfram. Var krafizt útburðar vegna leiguvanskila þessara. Gerðarbeiðandi gat þess, að mánaðarleiga hafi verið umsamin kr. 800.00.

Gerðarþoli segir í greinargerð sinni, að gerðarbeiðandi hafi sett upp 1.700.00 kr. mánaðarlega, en áskilið, að aðeins kr. 800.00 skyldu færðar á mánaðarlegar kvittanir. Þegar sér hafi nú borizt uppsögn gerðarbeiðanda hinn 11. febrúar s.l., kveðst gerðarþoli hafa farið að hugleiða skipti sín við hana og komizt að þeirri niðurstöðu, að hann myndi eiga hjá henni fjárhæðir vegna ofgreiddrar húsaleigu. Þannig kveðst hann hafa talið sér óhætt að fella niður húsaleigugreiðslur framvegis.

Gerðarþoli óskaði leigumats húsaleigunefndar hinn 23. apríl 1958, og matsgerðin er dagsett hinn 12. maí. Leiga er metin kr. 460.00 á mánuði án húsaleiguvísitölu, sjá rskj. nr. 7, og er því nú haldið fram af hálfu gerðarþola, að því fari fjarri, að um vanskil sé að ræða af hans hálfu og hafi útburðarbeiðnin komið fram algerlega að ófyrirsynju.

Sú skoðun gerðarþola, að hann hafi ofgreitt gerðarbeiðanda húsaleigu, réttlætir út af fyrir sig ekki greiðsludrátt þann, sem orðinn var af hans hálfu, þá er útburðarbeiðni kom fram. Gerðarþola bar að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningi aðiljanna, þar til hann hafði aflað sér leigumatsgerðar, og var honum auðvitað alltaf innan handar að greiða áfallandi húsaleigu með fyrirvara um endurheimtu að hluta. Hann óskaði ekki eftir

leigumatsgerð fyrr en hinn 23. apríl s.l. Jafnvel eftir að útburðarmál var höfðað vegna þessa greiðsludráttar, lét gerðarþoli undan fallast að greiða leigu. Eins og málum var háttað, þá er útburðarmál þetta var tekið fyrir, verður að telja, að gerðarþoli hafi gerzt sekur um miklar vanefndir leigumála síns við gerðarbeiðanda.

Af matsgerð húsaleigunefndar, sem réttinum vitanlega hefur ekki verið hrundið, virðist á hinn bóginn ljóst, að gerðarbeiðandi geti ekki haldið því fram, að hún hafi ekki fengið þá leigu, sem leyfilegt var að taka fyrir húsnæði þetta.

Með hliðsjón af málavöxtum þykir því rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1958.

Nr. 60/1958. **Reimar Stefánsson** (Jóhann Steinason hdl.)
gegn
Gunnari Þorsteinssyni hrl. f. h. Gerðar Sigfúsdóttur persónulega og fyrir hönd dóttur hennar, Gunnrúnar, (sjálfur)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1958. Krefst hann lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjanda og að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 2. maí 1958. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði

dæmt að greiða Gerði persónulega kr. 447.404.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins, auk 6% ársvaxta frá 13. október 1956 til greiðsludags. Þá krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni fyrir hönd dóttur hennar, Gunnrúnar, kr. 41.955.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins, auk 6% ársvaxta frá 13. október 1956 til greiðsludags. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti var því lýst af hálfu aðaláfrýjanda, að viðurkennd væri óskoruð fébótaábyrgð hans vegna slyss þess, sem í málinu greinir.

Eftir þeim gögnum, er fyrir liggja um samband gagnáfrýjanda og Gunnars heitins Gizurarsonar, þykja ekki efni standa til að taka til greina kröfur hennar um bætur fyrir missi framfæranda. Hins vegar þykir eftir atvikum rétt, að aðaláfrýjandi bæti henni þá röskun á stöðu og högum, sem telja verður, að andlát Gunnars heitins hafi valdið henni. Þykja þær bætur hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00, sem aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Krafa gagnáfrýjanda um bætur vegna Gunnrúnar dóttur hennar og Gunnars heitins er svo lág, að hún verður tekin til greina að fullu, en vextir af þeirri fjárhæð reiknast frá 23. marz 1957.

Þá verður aðaláfrýjanda og dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 11.000.00. Af þeirri fjárhæð hljóti talsmaður gagnáfrýjanda í héraði kr. 6000.00 fyrir málflutning þar og ríkissjóður kr. 200.00, en gagnáfrýjanda hafði verið veitt gjafsókn í héraði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Reimar Stefánsson, greiði gagnáfrýjanda, Gunnari Þorsteinssyni f. h. Gerðar Sigfúsdóttur persónulega kr. 20.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags og vegna dóttur henn-

ar, Gunnrúnar, kr. 41.955.00 með 6% ársvöxtum frá 23. marz 1957 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 11.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Af þeirri fjárhæð hljóti talsmaður gagnáfrýjanda í héraði, Gunnar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 6000.00 og ríkissjóður kr. 200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. febrúar 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 31. f. m., hafa Gizur Sveinn Sveinsson trésmiður, Fjölnisvegi 6, hér í bæ, vegna sín og Gerður Sigfúsdóttir, Raufarhöfn, vegna sín og ófjárráða dóttur sinnar, Gunnrúnar, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. janúar 1957, gegn Reimari Stefánssyni, Lokastíg 11, hér í bæ. Stefnandinn Gizur Sveinn Sveinsson krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 6.700.00, auk 6% ársvaxta frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómarans.

Stefnandinn Gerður Sigfúsdóttir, sem veitt var gjafsókn í málinu með bréfi dómsmálaráðherra, dagsettu 29. marz 1957, krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni persónulega kr. 447.404.00, auk 6% ársvaxta frá 13. október 1956 til greiðsludags, en vegna ófjárráða dóttur hennar, Gunnrúnar, kr. 41.995.00, auk 6% ársvaxta frá 1. marz 1957 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hún málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi hefur krafizt þess, að kröfur stefnenda verði lækkaðar mjög verulega og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Vátryggingarfélaginu h/f, hér í bæ, er stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur því eru þó engar kröfur gerðar, og það hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 13. október 1956, nokkru fyrir miðnætti, ók stefndi bifreið sinni R 3555 austur Njarðargötu, hér í bæ. Að sögn hans voru aksturskilyrði slæm, þéttur rigningarúði og mjög vont skyggni. Er stefndi átti ófarinn nokkurn spöl að mót-

um Njarðargötu og svonefnds Öskuvegar, hliðargötu, sem liggur frá Njarðargötu til norðurs, sá hann til ferða manns, er gekk austur Njarðargötu á vinstra helmingi götunnar. Var hann klæddur dökkum jakkafötum, frakkalaus og herhöfðaður. Skipti það engum togum, að stefndi ók aftan á mann þennan með þeim afleiðingum, að hann hlaut slík lemstur, að hann mun að öllum líkindum hafa látizt þegar í stað. Hinn látni reyndist vera Gunnar Gizurarson iðnnemi, Fjölnisvegi 6, hér í bæ. Skömmu eftir slysið komu löggæzlumenn á vettvang, og gerðu þeir athuganir á slysstaðnum, meðan ummerkjum öllum var þar enn óraskað. Slysið mun hafa orðið um 44 metrum vestan nefndra gatnamóta. Njarðargata er um 9 metrar á breidd á þessum slóðum. Engar afmarkaðar gangbrautir eru með fram götunni, en vestan megin hennar er 3 metra breiður skurður, sem liggur með fram götunni endilangri. Götulýsing var, er þetta gerðist, ófullkomin á þessum slóðum. Voru ljóskersstaurar einungis norðan megin götunnar, og var langt bil á milli þeirra. Samkvæmt uppdrætti lögreglunnar af slysstaðnum hafa hemlaför eftir bifreið stefnda mælzt um 17 metrar. Bifreiðinni hefur verið ekið á sínum vinstra helmingi götunnar, og hún hefur numið staðar í þeirri stöðu, að rúmur ½ metri hefur verið frá vinstra afturhorni að götujaðri, en tæpir 2 metrar frá vinstra framhorni að götujaðri. Samkvæmt uppdrættinum hefur Gunnar heitinn legið á hægri hliðinni við vinstri afturaurhlíf bifreiðarinnar eftir slysið, alveg við götujaðarinn. Hefur höfuð hans verið á móts við mitt afturhjólið, en efri hluti líkamans aftur með bifreiðinni. Fæturnir hafa snúið beint út að götujaðrinum og náð nokkuð út fyrir hann. Er lýsing þessi á verksummerkjum í samræmi við skýrslu stefnda, sem rakin verður hér á eftir. Bifreið stefnda var ekki í ökufæru ástandi eftir slysið. Hafði vatnskassahlíf hennar brotnað og vélarhlífin færzt aftur og dældazt. Á ljósmynd af bifreiðinni, sem tekin var af lögreglunni skömmu eftir slysið, sjást glöggt skemmdir þær, er á bifreiðinni urðu. Virðist auðsætt af skemmdunum á vélarhlífinni, að Gunnar heitinn hafi kastazt upp á hana, er bifreiðin rakst á hann, þótt stefndi yrði þess eigi var, eins og greinir í skýrslu hans hér á eftir.

Daginn eftir var bifreiðin skoðuð og reynd í akstri af tveim bifreiðaeftirlitsmönnum. Í skýrslu þeirra, dagsettri 15. október 1956, segir m. a. á þessa leið:

„Bifreiðina gátum við ekki reynt fullkomlega í akstri, vegna þess að vatnskassinn hafði gengið aftur að blævængsspöðunum

og þeir skekkzt. Þá hafði kælivatnið runnið af kerfinu. Eftir smálagfæringu settum við vélina í gang og reyndum hemla á 10—15 km hraða og stöðvaðist bifreiðin á 2 metrum, greinileg hemlaför eftir öll hjól. Handhemill, stýrisbúnaður, ljós, flauta og glerþurrkur voru einnig í lagi. Bifreiðin R 3555 er Nash-fólksbifreið, smíðaár 1953, með vinstri hliðar stýri."

Hinn 15. október, á öðrum degi eftir slysið, var lík Gunnars heitins krufið af Níels Dungal prófessor. Liggur fyrir í málinu ýtarleg skýrsla hans um krufninguna. Í niðurlagi hennar segir á þessa leið:

„Ályktun: Við krufningu fanst, að efsti hálsliður hafði farið úr lið, kramið mænuna og blætt út frá liðhlaupinu niður með mænu og upp í heilahimnur. Maðurinn hefur dáið strax af áverkanum á mænuna. Hann hefur verið töluvert ölvaður."

Sjónarvottar munu engir hafa verið að slysinu. En nokkrir menn, er hitt höfðu Gunnar heitinn umrætt kvöld, hafa borið vitni í málinu, svo og bifreiðarstjóri einn, er átti leið um slysstaðinn í þann mund, er slysið varð. Verða nú rakin höfuðatriðin úr skýrslum stefnda og vitna þessara.

Stefndi skýrir svo frá, að á þessum tíma hafi hann verið atvinnubifreiðarstjóri og ekið bifreið sinni frá Bifreiðastöð Reykjavíkur. Er slysið varð, hafi hann verið á leið niður í miðbæ, eftir að hafa ekið fólki suður í Skerjafjörð. Hafi hann verið einn í bifreiðinni. Er hann ók framhjá „Vetrargarðinum", hafi eitthvað af fólki verið þar utan dyra. Hafi hann því dregið úr hraða bifreiðarinnar. Eigi hafi fólk þetta þó verið á neinn hátt til trafala umferðinni um götuna. Hann hafi síðan ekið áfram austur Njarðargötu og haldið bifreiðinni á sínum vinstra götujaðri. Báðar rúðuþurrkur bifreiðarinnar hafi verið í gangi og lægri ökuljósin tendruð. Nokkru áður en slysið varð hafi bifreið komið á móti honum. Hafi það verið eina bifreiðin, er hann mætti á leið sinni austur Njarðargötu. Bifreið þessi, er reyndist vera leigubifreiðin R 7322, hafi einnig verið með lægri ökuljósin tendruð. Hafi hann ekki orðið þess var, að hann yrði fyrir sérstökum óþægindum af ljósum þessarar bifreiðar. Er bifreiðarnar voru í þann veginn að mætast, hafi hann allt í einu komið auga á Gunnar heitinn fyrir framan bifreið sína. Er þetta varð, hafi Gunnar heitinn verið um eina bíllengd fram undan bifreiðinni, á móts við miðja bifreiðina, að því er honum virtist, þó meira til vinstri, þ. e. nær götubrún. Stefndi kveðst telja, að hraði bifreiðarinnar hafi þá verið 35—40 km miðað við klukkustund, en

hraðamælirinn hafi þá verið í ólagi. Er hann kom auga á Gunnar heitinn fram undan bifreiðinni, hafi hann strax hemlað, en bifreiðin hafi runnið áfram allt að einu, enda hafi gatan verið nýhefluð og blaut. Það hafi svo engum togum skipt, að bifreiðin lenti aftan á Gunnar heitnum. Framendi bifreiðarinnar vinstra megin hafi skollið á honum og hafi höggið verið talsvert. Hafi Gunnar heitinn borizt með bifreiðinni um eina bíllengd á að gizka, en kastazt þá út fyrir framaurhlíf hennar. Eftir það hafi bifreiðin runnið nokkuð áfram, unz hún staðnæmdist til fulls. Stefndi kveður sér hafa virzt Gunnar heitinn sitja á vatnskassahlíf bifreiðarinnar þann spöl, er hann barst með henni. Aftur á móti hafi hann ekki orðið þess var, að hann lenti upp á vélarhlífinni.

Vitnið Ragnar Björnsson skýrir svo frá, að það hafi hitt Gunnar heitinn af tilviljun á Laugavegi um kl. 21.00 framangreint kvöld. Hafi þeir báðir verið undir áhrifum áfengis. Vitnið hafi verið með hálfa flösku að ákavíti meðferðis og úr henni hafi þeir drukkið saman um kvöldið. Ætlun þeirra hafi verið að fara á dansleik og í því skyni hafi þeir farið að nokkrum danshúsum, en hvergi fengið aðgöngumiða. Um kl. 23.30 hafi þeir látið aka sér suður að „Vetrargarði", en er þangað kom, hafi verið búið að loka húsinu, svo að þeir hafi ekki komizt inn. Utan við skemmtistaðinn hafi þeir hitt kunningja sína og gefið sig á tal við þá. Gunnar heitinn hafi síðan horfið á brott frá samkomuhúsinu, en eigi hafi því til hugar komið, að hann væri alfarinn, þar eð hann hafi ekki kvatt. Það hafi svo ekki vitað frekar um ferðir hans, fyrr en það heyrði það skömmu síðar, að slys hefði orðið skammt austar á Njarðargötunni. Vitnið kveður Gunnar heitinn hafa verið eitthvað undir áhrifum áfengis í umrætt sinn, þó alls ekki áberandi ölvaðan. Þannig hafi það ekki getað séð, að hann reikaði í spori.

Vitnið Kristinn Karlsson skýrir svo frá, að það hafi verið statt við „Vetrargarðinn" um kl. 23.45 umrætt kvöld, er Gunnar heitinn og Ragnar Björnsson komu þangað. Ragnar hafi gefið sig á tal við það, en Gunnar heitinn ekki. Hafi það álasað Ragnari fyrir að taka Gunnar heitinn með sér að „Vetrargarðinum" sakir þess, hve mikið ölvaður Gunnar heitinn var. Hafi Gunnar heitinn reikað í spori, er hann steig út úr bifreiðinni, sem flutt hafði þá félaga að „Vetrargarðinum".

Vitnið Tómas Karlsson, bróðir síðastnefnds vitnis, sem einnig var statt við „Vetrargarðinn" á þessum tíma, skýrir svo frá, að

Gunnar heitinn hafi verið ölvaður og reikað lítils háttar í spori, er hann gekk. Það kveður bróður sinn hafa haft orð á því við Ragnar, að hann hefði ekki átt að koma með Gunnar heitinn með sér sakir þess, hve ölvaður hann var.

Vitnið Kristján H. Benjamínsson, sem ók fyrrgreindri bifreið, R 7322, tekur undir það með stefnda, að úrkoma hafi verið, er slysið varð, og skyggni slæmt. Að öðru leyti kemur ekkert það fram í framburði vitnis þessa, er hér geti skipt máli.

Af hálfu ákæruvaldsins var höfðað opinbert mál á hendur stefnda vegna umrædds dauðaslyss. Var hann með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 24. apríl 1957, talinn hafa gerzt brotlegur við eftirtalin lagaákvæði með akstri sínum: 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 9. gr., 1., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 46. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Dómi þessum mun ekki hafa verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Kröfur sínar í málinu reisa stefnendur á því, að vafalaust sé, að stefndi hafi átt alla sök á slysi því, sem málið fjallar um. Beri hann því óskipta fébótaábyrgð á tjóni þeirra, er af slysinu hlauzt.

Stefndi reisir kröfu sína í málinu á því, að skipta beri fébótaábyrgð á slysinu, þar eð Gunnar heitinn hafi verið áberandi ölvaður og slangrað fyrir bílinn. Beri og að hafa það í huga, að myrkur var, en Gunnar heitinn dökkklæddur og gekk undan umferðinni.

Af atvikalýsingunni hér að framan er ljóst, að stefndi hefur valdið slysi því, sem málið fjallar um, með óhæfilega hröðum og að öðru leyti ógætilegum akstri. Eins og aðstæður eru fyrir gangandi vegfarendur á Njarðargötu á þeim slóðum, þar sem slysið varð, átti Gunnar heitinn eigi annars kost en ganga á akbrautinni. Að vísu er gangandi vegfarendum, þegar svo er, að jafnaði minni hætta búin, sé gengið á móti umferðinni. En hér er þess að gæta, að götulýsingin er á þeim jaðri götunnar, sem Gunnar heitinn gekk eftir. Með hliðsjón af þessu, og þar sem eigi er fram komið, að Gunnar heitinn hafi gengið óhæfilega langt inni á akbrautinni eða hagað sér að öðru leyti óvarlega, þótt leitt sé í ljós, að hann var töluvert ölvaður, þá þykja ekki efni til að skipta sök á slysinu. Verður stefnda því gert að bæta stefnendum að fullu tjón þeirra af völdum slyssins.

Eins og getið var í upphafi, eru sóknaraðiljar máls þessa þrír. Verða nú kröfur hvers aðilja um sig teknar til athugunar.

I. Krafa Gizurar Sveins Sveinssonar.

Faðir Gunnars heitins krefst hér endurgreiðslu á útlögðum kostnaði vegna jarðarfarar Gunnars heitins. Sætir krafa þessi ekki andmælum og verður tekin til greina óbreytt.

II. Krafa Gerðar Sigfúsdóttur.

Krafa þessi sundurliðast þannig:

1. Bætur vegna missis framfæranda ..... kr. 397.404.00
2. Bætur vegna röskunar á stöðu og högum .. — 50.000.00

Alls kr. 447.404.00

Um 1. og 2.

Kröfu þá, sem hér er uppi höfð, reisir stefnandinn Gerður á því, að hún og Gunnar heitinn hafi verið heitbundin hvort öðru. Eigi hún því vegna fráfalls hans rétt á bótum fyrir missi hans sem framfæranda, sem og bótum fyrir röskun á stöðu og högum. Skírskotar hún í þessu efni til 264. gr. laga nr. 19/1940 og 58. gr. laga nr. 50/1946.

Er Gunnar heitinn lézt, var hann 22 ára gamall, fæddur 23. janúar 1934, en Gerður 17 ára, fædd 6. janúar 1939. Gunnar heitinn stundaði nám í bifvélavirkjun, og voru 45 dagar eftir af námstímanum, er hann lézt. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur reiknað út áætlað tjón Gerðar vegna missis Gunnars heitins sem framfæranda og byggt þann útreikning á sömu forsendum og gert hefði verið, ef hún og Gunnar heitinn hefðu verið gift, er hann féll frá. Eru henni samkvæmt því reiknaðar hálfar áætlaðar atvinnutekjur hans, eins langt fram í tímann og ætla má, að henni endist líf og honum hefðu enzt starfskraftar. Reiknað er með meðaltekjum bifvélavirkja og 6% vöxtum p. a. Reiknast hinum sérfróða manni með þessu móti, að tjón Gerðar við að missa helming áætlaðra vinnutekna Gunnars heitins vegna fráfalls hans nemi kr. 397.404.00. Er það sú fjárhæð, sem krafizt er undir 1. lið. Fjárhæðin undir 2. lið er á hinn bóginn áætluð.

Í greinargerð sinni í málinu mótmælti stefndi því, að Gerður og Gunnar heitinn hafi verið heitbundin hvort öðru, er hann féll frá. Taldi hann, að af því leiddi, að henni bæri engar bætur vegna fráfalls hans. Við munnlegan flutning málsins hinn 28. f. m. var á hinn bóginn viðurkennt af hálfu stefnda, að festar hafi stofnazt með þeim, er Gunnar heitinn lézt. Var því jafn-

framt haldið fram, að sambandi þeirra yrði á engan hátt jafnað til hjúskapar. Gæti því alls ekki orðið um aðrar bætur til hennar að ræða en fyrir röskun á stöðu og högun, en þeim lið kröfunnar var mótmælt sem of háum.

Auk þess að vera heitbundin Gunnari heitnum, er hann lézt, var Gerður þá þunguð af hans völdum. Á hinn bóginn höfðu þau þá hvorki hafið sambúð né stofnað heimili, en tveir samstarfsmenn Gunnars heitins hafa skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi haft orð á því við þá, að hann hyggðist stofna til hjúskapar með Gerði, er hann hefði lokið námi sínu. Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, þykir stefnandinn Gerður eiga nokkurn rétt til bóta fyrir missi framfærslu vegna dauða Gunnars samkvæmt 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hefur sú niðurstaða og stoð í ákvæðum laga nr. 50/1946. Hins vegar verður fallizt á það með stefnda, að sambandi Gerðar og Gunnars heitins verði ekki jafnað til hjúskapar. Er því eigi unnt að leggja útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar við ákvörðun bóta samkvæmt 1. lið, en nokkur hliðsjón verður af honum höfð.

Eftir öllum atvikum þykja bætur til Gerðar samkvæmt báðum þessum kröfuliðum hæfilega ákveðnar í einu lagi kr. 100.000.00.

III. Krafa Gerðar Sigfúsdóttur vegna ófjárráða dóttur sinnar, Gunnrúnar.

Þess er áður getið, að stefnandinn Gerður var þunguð, er Gunnar heitinn lézt. Ól hún hinn 23. marz 1957 meybarn, sem hlaut nafnið Gunnrún. Er það ekki véfengt, að Gunnar heitinn hafi verið faðir telpunnar. Krafa sú, sem hér er uppi höfð hennar vegna, er á því byggð, að telpan eigi rétt á bótum fyrir missi framfæranda vegna láts föður síns. Hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út áætlað tjón telpunnar vegna missis föðurins sem framfæranda, og telst honum það nema þeirri fjárhæð, sem hér er krafizt. Er þá reiknað með 6% vöxtum p. a. og miðað við, að framfærslualdurinn sé 16 ár. Við munnlegan flutning málsins fékk stefnandi komið því að með samþykki stefnda, að auk bóta fyrir missi fyrirvinnu verði telpunni einnig dæmdar bætur fyrir röskun á stöðu og högum samkvæmt þessum sama lið.

Stefndi hefur mótmælt því, að telpan Gunnrún eigi rétt á nokkrum bótum vegna dauða föður síns. Hefur hann í því efni vakið á því athygli, að telpan muni fá greitt meðlag frá Trygg-

ingastofnun ríkisins, í stað þess framfærslueyris, sem komið hefði frá föðurnum.

Á þetta þykir ekki verða fallizt með stefnda. Að vísu greiðir Tryggingastofnun ríkisins lögum samkvæmt barnalífeyri með telpunni, en eigi verða þær lífeyrisgreiðslur taldar hagga rétti telpunnar til fébóta úr hendi stefnda.

Samkvæmt framanskráðu og öðrum atriðum, er máli verða talin skipta, þykir fjárhæðin, sem hér er krafizt, við hóf sem bætur til Gunnrúnar fyrir missi fyrirvinnu og röskun á stöðu og högum. Verður krafa þessi því tekin til greina að fullu.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnandanum Gizuri Sveini Sveinssyni kr. 6.700.00 auk ársvaxta frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags, stefnandanum Gerði Sigfúsdóttur vegna hennar sjálfrar kr. 100.000.00 auk 6% ársvaxta frá 13. október 1956 til greiðsludags, en vegna dóttur hennar, Gunnrúnar, kr. 41.955.00 auk 6% ársvaxta frá fæðingardegi hennar, 23. marz 1957, til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnandanum Gizuri Sveini Sveinssyni kr. 1000.00 í málskostnað, en málskostnaður til stefnandans Gerðar Sigfúsdóttur vegna hennar og Gunnrúnar ákveðst kr. 11.200.00. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður talsmaður þeirra, Gunnar Þorsteinsson hrl., kr. 11.000.00 í málssóknarlaun, en ríkissjóður kr. 200.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Reimar Stefánsson, greiði stefnandanum Gizuri Sveini Sveinssyni kr. 6.700.00 auk 6% ársvaxta frá 1. nóvember 1956 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað.

Stefndi greiði stefnandanum Gerði Sigfúsdóttur vegna hennar sjálfrar kr. 100.000.00 auk 6% ársvaxta frá 13. október 1956 til greiðsludags og henni vegna ófjárráða dóttur hennar, Gunnrúnar, kr. 41.955.00 auk 6% ársvaxta frá 23. marz 1957 til greiðsludags svo og kr. 11.200.00 í málskostnað. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður talsmaður þeirra, Gunnar Þorsteinsson hrl., kr. 11.000.00 í málssóknarlaun, en ríkissjóður kr. 200.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1958.

Nr. 26/1958. **Ákæruvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Svani Jónssyni (Lárus Jóhannesson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Fiskveiðibrot. Hvatning til rangs framburðar fyrir dómi.

Dómur Hæstaréttar.

Gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því, er héraðsdómur var upp kveðinn.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsing ákærða fyrir fiskveiðibrot það, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 5000 króna sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi fangelsi 20 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá verður ákærða og dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Svanur Jónsson, greiði 5000 króna sekt til Fiskveiðisjóðs Íslands, og komi fangelsi 20 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. september 1957.

Ár 1957, þriðjudaginn 10. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrasyni sem dómsformanni ásamt samdómsmönnunum Pétri Björnssyni og Jónasi Jónassyni, skipstjórum, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3420/1957: Ákæruvaldið gegn Svani Jónssyni, en mál þetta var tekið til dóms hinn 5. september s.l.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 19. september 1956, er Svanur Jónsson skipstjóri, til heimilis í Skaptahlíð 40, hér í bænum, ákærður fyrir að vera á veiðum á v.b. Hilmi, GK. 88, með dragnót 17. júlí s.l. og fram á aðfaranótt 18. júlí s.l. við Reykjanes innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 1952, sbr. lög nr. 44 1948. Brot ákærða þykja varða við reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland nr. 21 1952, 1. gr., sbr. 5. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 45 1937, sbr. 1. gr. laga nr. 31 1951.

Með framhaldsákæruskjali, dagsettu 9. maí 1957, er hann ennfremur ákærður fyrir að fá þá Rafn Reyni Bjarnason og Óskar Svan Gíslason til að bera rangt í rétti í rannsókn á fiskveiðibroti ákærða til þess að leyna brotinu.

Þykir brot þetta varða við 142. gr. sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt framansögðu, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna, til að þola upptöku afla og veiðarfæra samkvæmt 4. gr. laga nr. 45/1937 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Hafnahreppi 28. ágúst 1923. Hann hefur áður sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1946 26/3 Keflavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óeirðir.
1948 9/1 Reykjavík. Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 5. gr. bifreiðalaga.
1950 12/9 Reykjavík. Dómur 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1951 6/2 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt, 575 kr. skaðabætur fyrir ölvun, óspektir og spellvirki.
1953 10/12 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. áfengislaga.
1954 20/7 Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málsatvik eru þessi:

Miðvikudaginn 18. júlí 1956 var varðskipið Óðinn í gæzluferð suður með Hafnabergi. Kl. 01.10 sást grunsamlegur ljóslaus bátur á Sandvík vestan við Reykjanes. Var þá þegar haldið í áttina til hans. Báturinn stefndi inn í víkina upp undir land, sneri þar við, en hélt síðan suður á bóginn. Var haldið með fullri ferð á eftir bátnum og að honum skotið tveimur lausum skotum og stöðvaði hann þá. Reyndist þetta vera dragnótabáturinn Hilmir, GK. 88, skipstjóri Svanur Jónsson, ákærði í máli þessu. Engin veiðarfæri voru sjáanleg á þilfari bátsins, en þegar skipstjóri var inntur eftir því, hvernig á því stæði, að hann væri þarna við landsteina veiðarfæralaus, svaraði hann því til, að hann hefði misst dragnót sína vegna bilunar á dragnótarvindu utan fiskveiðitakmarkanna suður af Reykjanesi. Var þá haldið á Sandvík, en þar kom ákærði í varðskipið til frekari yfirheyrzlu. Honum var bent á það, að hann væri grunaður um fiskveiðabrot, en hann neitaði því að hafa verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Varðskipsmenn athuguðu nú lestar v.b. Hilmis og fundu þar nokkuð af fiski, óaðgerðum og óblóðguðum, sýnilega nýveiddum, þótt dauður væri. Ákærði kvað vindu bátsins hafa bilað í drætti milli klukkan 2200 og 2300 áður um kvöldið, er hann var að veiðum utan fiskveiðitakmarkanna. Hann hefði farið inn á Sandvík til þess að gera við vinduna, því væri nú lokið og væri hann nú á leið út aftur til þess að finna nótina. Varðskipsmenn veittu ákærða kost á því að finna nótina, og fylgdist varðskipið með bát ákærða á meðan hann leitaði nótarinnar með slæðara. Gerðu varðskipsmenn staðarákvarðanir meðan leit fór fram, en ákærði fór aldrei út fyrir fiskveiðitakmörkin í leit sinni. Kvaðst hann þó fullviss, að hann hefði misst voðina á því svæði, er hann leitaði. „Leitaði" ákærði síðan í rúmlega 10 klukkustundir, en án árangurs. Var ákærða þá gefin skipun um að fylgjast með varðskipinu á Sandvík á þann stað, er varðskipsmenn urðu varir ferða hans fyrst um nóttina. Slæddu varðskipsmenn þar og fundu brátt dragnót með dragnótastrengjum, sem sýnilega höfðu ekki slitnað frá skipi, heldur verið sleppt með vilja. Var þar í lifandi fiskur. Nótin fannst 0,5 sjómílu frá landi. Ákærði neitaði því, að þar væri um nót v. b. Hilmis að ræða. Ákærða var nú tilkynnt, að hann yrði færður til Reykjavíkur til dómsrannsóknar.

Við dómsrannsókn, sem hófst þegar næsta dag, bar ákærði svo og skipverjar hans, þeir Óskar Svan Gíslason og Rafn Reynir

Bjarnason, sem þó náðist ekki til fyrr en degi síðar, allir á sama veg og ákærði áður hjá varðskipsmönnum. Þeir héldu því fram, að þeir hefðu verið að veiðum utan fiskveiðitakmarkanna suður af Reykjanesi. Þeir hefðu verið búnir að kasta einu sinni um kvöldið, en hvert kast tekur 1⅓—1½ klukkustund, að þeirra sögn. Í öðru kastinu hafi þeir misst nótina vegna bilunar í spili rétt eftir að byrjað var að draga. Þeir hafi síðan viðstöðulaust og án þess að reyna að ná voðinni siglt til lands, Rafn Reynir farið í koju, ekki skeytt um að blóðga eða gera að aflanum, heldur haldið á Sandvík. Þar kveðst ákærði hafa gert við pall í spilinu og síðan haldið á brott aftur til þess að leita nótarinnar. Sjómenn úr Höfnum, sem verið höfðu að veiðum á trillum sínum miðvikudaginn 18. júlí, voru kvaddir til vættis í málinu. Báru þeir, að v.b. Hilmir hefði verið á Sandvík hreyfingarlaus um kvöldið klukkan að ganga níu. Vél Hilmis er með glóðarhaus, sem þarf að hita fyrir gangsetningu. Ganghraði bátsins að sögn ákærða var 7—7½ sjómíla, miðað við klukkustund. Dómkvaddir skoðunarmenn töldu, að engin bilun hefði orðið á spilinu og engin merki þess, að viðgerð hefði farið fram á því. Engu að síður hélt ákærði og skipverjar hans, sem mættu sem vitni í málinu, fast við framburði sína.

Í þinghaldinu hinn 15. og 18. marz s.l. viðurkenndu vitnin og ákærði þó, að þau hefðu skýrt rangt frá staðreyndum og ákærði viðurkenndi að hafa verið að dragnótaveiðum í landhelgi á Sandvík á þeim stað, sem varðskipið sá þá fyrst og nótin fannst síðan á, enda hefðu þeir sleppt nótinni viljandi, til þess að komast hjá því að verða staðnir að ólöglegum veiðum.

Brot ákærða að þessu leyti er því rétt lýst í ákæruskjalinu og það fært til réttra lagaboða.

II.

Við rannsókn framanritaðs máls mættu vitnin Óskar Svan Gíslason, til heimilis á Grundarstíg 2, og Rafn Reynir Bjarnason, Framnesvegi 13, skipverjar á v.b. Hilmi. Þau voru rækilega brýnd á vitnaskyldunni. Engu að síður gáfu þau skýrslu fyrir dóminum um ferðir bátsins og athafnir alveg á sama veg og ákærði eða eins og lýst hefur verið hér að framan. Þrátt fyrir það, að dómurinn benti þeim á, að skýringar þeirra fengju naumast staðizt vegna staðreynda þeirra, er fram væru komnar í málinu, enda voru framburðir þeirra með ólíkindum, héldu vitni

þessi fast við framburði sína og kváðust reiðubúnir að staðfesta þá með eiði.

Eftir að ákæruskjal var gefið út, drógst það um nokkurn tíma, að það væri birt, enda mun ákærði þá ekki hafa verið í bænum. Dómurinn taldi og rétt að freista þess að frekara samræmi fengist í framburðum vitna, áður en dómur væri lagður á málið. Hinn 15. marz s.l. kom vitnið Rafn Reynir aftur fyrir dóminn. Skýrði vitnið þá frá því, að það hefði áður skýrt rangt frá fyrir dóminum. Sannleikurinn í málinu væri sá, að voð sú, er varðskipsmenn fundu í umrætt skipti, hafi verið þeirra voð og að þeir hefðu verið að dragnótaveiðum á þeim slóðum, er voðin fannst, er varðskipið kom fyrst á vettvang, en voðinni hafi verið sleppt til þess að freista þess að komast hjá því að verða staðnir að broti og teknir fyrir það.

Skýrði vitni þetta jafnframt frá því, að áður en þingað hafi verið í máli þessu, hafi ákærði skýrt vitninu og vitninu Óskari Svan frá því, hvað það ætlaði að segja um ferðir þeirra, og þá jafnframt beðið þá um að skýra á sama veg frá, ef þeir yrðu kvaddir fyrir dóm. Vitnið kveðst þá þegar hafa sagt ákærða að það vildi ekki haga sér þannig og vildi ekki standa í slíku. Hafi ákærði þá brugðizt reiður reiður við, og spurt vitnið, hvort það ætlaði að fara bera á móti ákærða. Kveðst vitnið hafa verið mótfallinn því að skýra rangt frá fyrir dóminum, en kveðst þó á hinn bóginn hafa verið háð kærða með atvinnuna og kveðst því hafa verið jafnilla við að skýra rétt frá, með því að það yrði til þess að sakfella ákærða. Kveðst vitnið hafa reynt að koma sér hjá að mæta fyrir dóminum, með því að koma ekkert heim daginn, sem þingað var í málinu, en áður en hann fengi boð um að mæta þar. En dómarinn vottar, að ástæðan fyrir því, að vitni þetta kom eigi fyrir dóm um leið og skipsfélagar þess, hafi verið sú, að ekki hafi náðzt til þess til að kveðja það fyrir dóminn, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Eftir að ákærði og vitnið Óskar Svan höfðu mætt fyrir dóminum, fóru þeir um kvöldið heim til vitnisins Rafns Reynis. Segir vitnið, að þeir hafi þá skýrt því nákvæmlega frá því, hvað þeir hefðu sagt fyrir dóminum og jafnframt brýnt það á því að haga framburði sínum til samræmis þar við og hafi ákærði þá sagt, að ef vitnið og Óskar Svan stæðu ekki fast með honum, yrði hann sektaður.

Kveðst vitnið fyrir þrábeiðni ákærða hafa skýrt upphaflega

frá, svo sem raun varð á, og kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir þeim afleiðingum, sem þetta gæti haft fyrir hann. Kveðst vitnið hafa verið í uppnámi og í hálfgerðri leiðslu, er það mætti í dóminum og það hafi þá ekki gert sér fulla grein fyrir mikilvægi framburðar síns, þrátt fyrir aðvaranir dómsins. Kveðst vitnið hafa iðrazt tiltækis síns, sem það segir eingöngu hafa verið gert til þess að forða ákærða frá refsingu og fyrir þrábeiðni hans.

Í þinghaldi 18. marz skýrir ákærði frá því, að hann og skipverjar hans hafi skýrt rangt frá atvikum í fyrri þinghöldum og viðurkenndi þá fiskveiðabrot sitt. Hann var um það spurður, hvers vegna þeir hefðu allir skýrt frá ferðum þeirra svo sem raun varð á. Kvaðst hann ekki geta gefið á því neina skýringu og ekki geta sagt um það nákvæmlega, hvenær ákveðið var að skýra þannig frá. Hins vegar sagði hann, að þeir hefðu allir verið sammála um að skýra frá atvikum á þann veg, er þeir gerðu, þar sem þeir hafi séð fyrir, að ella yrði ákærði sektaður. Ákærði staðhæfir þó, að hann hafi á engan hátt reynt að hafa áhrif á skipfélaga sína í þá átt, að þeir höguðu framburðum sínum á sama hátt og hann. Hitt segir ákærði að sé rétt, að hann hafi sagt skipverjum sínum, að hann ætlaði sér aldrei að meðganga brotið, en halda fast við þá skýrslu, sem hann hafði gefið yfirmönnum varðskipsins og vera megi, að hann hafi skýrt þeim á hvern hátt hann hafi skýrt ferðir þeirra hjá varðskipsmönnunum, en ákærði neitaði því að hafa beðið skipverja sína eða skipað þeim að haga framburðum sínum á einn eða annan máta. Aðspurður tók ákærði fram, að Rafn Reynir hafi neitað því að mæta fyrir dóminum til þess að bera vitni og viðurkennir jafnframt, að það sé rétt, að hann, þ. e. ákærði, hafi komið heim til Rafns kvöldið áður en vitnið mætti í dóminum, en eingöngu til þess að skýra vitninu frá því, að það yrði að mæta fyrir dóminum eins og þeir hinir, en ekki gefið vitninu nein fyrirmæli um það, hvernig það skyldi haga framburði sínum. Þeir ákærði og Óskar Svan hafi þá í aðalatriðum skýrt vitninu frá því, hvernig þinghaldið hafi farið fram, hvernig spurt hafi verið og hverju þeir hafi svarað. Kveðst ákærði þá hafa sagt vitninu, að það skyldi ekkert vera hrætt við að mæta fyrir dóminum, því hvernig svo sem allt færi, þá yrði það ákærði, sem yrði sektaður, ef illa tækist til, en aldrei vitnið, þar sem það væri aðeins háseti á bátnum.

Við samprófun vitnisins og ákærða tók vitnið fram, að ákærði

hafi aldrei beðið sig berum orðum um að haga framburði sínum svo sem raun varð á. Ákærði hafi bent honum á, að hann væri skyldugur að mæta. Kveðst ákærði þá hafa sagt vitninu sem fyrr segir, að vitnið gæti verið óhrætt, því að það væri einungis ákærði, sem gæti fengið sekt eða farið í fangelsi vegna brotsins, en ekki vitnið. Hann neitar því að hafa sagt vitninu, hvernig það skyldi haga framburði sínum. Vitnið kvaðst hins vegar ekki hafa getað skoðað heimsókn þeirra ákærða og Óskars Svans á annan veg en þann, að þeir ætluðust til að hann hagaði framburði sínum á sama veg og þeir, enda hefðu þeir skýrt vitninu nákvæmlega frá þinghaldinu og segir vitnið, að sér hafi skilizt á þeim, að nauðsynlegt væri, að framburður þess væri í samræmi við framburð ákærða og Óskars, ef þeir ættu ekki að lenda í slæmri klípu. Um þetta atriði sagði ákærði í sama þinghaldi, að hér væri ekki um neitt óvanalegt atriði að ræða, heldur væri það algengt og mannlegt, að skipverjar geri það, sem þeir telji sér fært að komast hjá því að haga framburði sínum þannig, að það geti orðið skipstjóra þeirra til sakfellingar.

Vitnið Óskar Svan segir, að ákærði hafi að vísu aldrei beðið þá Rafn Reyni berum orðum um að skýra rangt frá fyrir dóminum, svo sem þeir gerðu, hins vegar hafi hann þegar lýst því yfir, að hann myndi aldrei viðurkenna brot sitt og hann jafnframt skýrt frá því, á hvern hátt hann mundi sjálfur haga framburði sínum, og kveðst vitni þetta ekki hafa getað skilið þessar yfirlýsingar ákærða á annan veg en þann, að með því væri hann að gefa í skyn, að hann vildi, að þeir skipverjar hans skýrðu á sama veg frá atvikum. Segir vitnið þó, að aðalástæðan fyrir því, að það skýrði sjálft rangt frá atvikum hafi verið sú, að með því vildi það forða ákærða frá refsingu og hafi það ef til vill ráðið nokkru um, að því hafi fundizt það nokkuð samsekt ákærða, þar sem það var með ákærða, er hann framdi fiskveiðibrotið.

Kveðst vitnið ekki hafa gert sér fulla grein fyrir þeim afleiðingum, sem brotið gæti haft haft fyrir það sjálft, enda bjóst vitnið við því, að með því yrði hægt að komast hjá sakfellingu yfir ákærða með framburðum þeirra og það yrði ekki talið sannað, að þeir hefðu borið rangt fyrir dóminum.

Þegar virt eru framanskráð atriði, er ljóst, að ákærði hafði fulla ástæðu til að ætla, að skipverjar hans fyndu til nokkurrar samsektar með honum vegna hinna ólöglegu fiskveiða og að þeir óskuðu þess, að hann yrði ekki staðinn að veiðum eða sak-

felldur fyrir þær. Ákærða mátti einnig vera það ljóst sem yfirmanni vitnanna, að hann gæti haft áhrif á þau í því skyni að leyna broti hans. Yfirlýsing ákærða, að hann myndi aldrei játa sök sína, frásögn hans við skipverja sína um það, á hvern hátt hann hefði skýrt ferðir sínar hjá varðskipsmönnum og yfirlýsing hans um, að hann myndi halda fast við þá skýringu fyrir dómi, heimsókn ákærða til vitnisins Rafns Reynis kvöldið áður en það vitni mætti í dóminum, skýringar hans við vitnið á því, hvernig þinghald hefði fram farið, hvernig spurt hefði verið og hver svör hann hafi gefið við þeim spurningum, svo og sú staðhæfing hans við vitni þetta, að hvernig svo sem allt færi, þá yrði það bara hann, sem yrði sektaður eða fangelsaður, ef illa tækist til, en aldrei vitnið, eru staðreyndir, sem ótvírætt benda til þess, að sá hafi verið vilji ákærða, að skipverjar hans höguðu sínum framburði í dóminum á sama veg og hann sjálfur gerði svo og, að ákærði hafi á þennan máta haft þau áhrif á vitnið og þó sérstaklega á vitnið Rafn Reyni, að þau skýrðu rangt frá atvikum fyrir dómi til þess að reyna að koma í veg fyrir að ákærði yrði sakfelldur. Þegar þar að auki er virt sú staðhæfing ákærða, að þeir skipsfélagar hafi allir verið sammála um að skýra svo frá sem þeir gerðu, þá þykir hann með hlutdeild í því samkomulagi ótvírætt hafa sýnt vilja sinn til þess, að skipverjar hans fremdu brotið og hlutdeild hans í samkomulaginu einnig verið þeim hvatning til að fremja brotið.

Dómurinn telur því sannað, að ákærði hafi með framangreindu atferli sínu fengið vitnin Rafn Reyni Bjarnason og Óskar Svan Gíslason til þess að bera rangt fyrir dóminum við rannsókn á fiskveiðibroti því, er greinir í I hér að framan, og varðar sú háttsemi ákærða við 1. mgr. 142. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

III.

Gullgildi íslenzku krónunnar er hið sama í dag og hinn 19. júlí 1956, þannig að 738.95 pappírskrónur jafngilda 100 gullkrónum. Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 4. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og samkvæmt 142. gr. 1. mgr. sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, að því er brot á síðast nefndum lagagreinum varðar, en auk þess ber að dæma ákærða samkvæmt 5. gr. reglugerðar um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sbr. lög 44/1948, sbr. 4. gr. laga nr. 45/1937 sbr. 1. gr. laga nr. 31/1951, til 3.700 króna

sektar til Fiskveiðasjóðs Íslands, og þykir vararefsing sektarinnar með hliðsjón af 2. mgr. 54. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 20 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 45/1937 ber að gera upptæk til Fiskveiðasjóðs Íslands veiðarfæri v.b. Hilmis, þau, sem varðskipið Óðinn fann miðvikudaginn 18. júlí 1956 kl. 20.20 í Sandvík á Reykjanesi, svo og afla þann, er var um borð í v.b. Hilmi, er varðskipið tók bátinn í umrætt sinn.

Eftir þessum málalokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Lárusar Jóhannessonar hrl., kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Svanur Jónsson, sæti fangelsi í 3 mánuði og greiði auk þess 3.700 króna sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti hann í stað sektarinnar fangelsi í 20 daga.

Ákærði er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Afli og veiðarfæri v.b. Hilmis, þau er hann var með hinn 18. júlí 1956, skulu upptæk ger til Fiskveiðasjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Lárusar Jóhannessonar hrl., kr. 1.500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 14. nóvember 1958.

Nr. 121/1958. **Ákæruvaldið** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Þórði Péturssyni (Áki Jakobsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögn héraðsdóms hafa komið fyrir dóm Pétur Jónsson, skipstjóri á varðskipinu Óðni, og Kristján Sveinsson, stýrimaður á sama skipi. Staðfestu þeir staðarákvörðun varðskipsins, sem getið er í héraðsdómi. Þá hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir gæzlumanna hinn 8. og 9. apríl s.l. Staður gæzluflugvélarinnar hinn 8. apríl kl. 21.36 reyndist um 3,6 sm, staður hennar kl. 21.52 og kl. 21.58 sama dag um 3,8 sm. og staður varðskipsins Óðins árdegis hinn 9. apríl um 3,5 sm. innan fiskveiðimarkanna. Gullgengi krónunnar hefur ekki breytzt eftir uppsögn héraðsdóms, og jafngilda 100 gullkrónur 738,95 pappírskrónum. Samkvæmt þessu og forsendum héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að refsing ákærða ákveðst 100.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Þórður Pétursson, greiði 100.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 8 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar og Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 7000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 11. apríl 1958.

Ár 1958, föstudaginn 11. apríl, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem háður var í skrifstofu embættisins, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 163/1958: Ákæruvaldið gegn Þórði Péturssyni, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er af hálfu ákæruvaldsins með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu í dag, höfðað gegn Þórði Péturssyni, skipstjóra á b.v. Júlí, G.K. 21, til heimilis Grænuhlíð 8, Reykjavík, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82 8. desember 1952 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara milli kl. 21 og 22 þriðjudagskvöldið 8. apríl 1958, utarlega á Faxaflóa suður af Malarrifsvita innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44 1948 og lög nr. 82 1952.

Ákærist því nefndur Þórður Pétursson til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5 1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5 1951 og 1. gr. laga nr. 81 1952, til upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Hafnarfirði 29. okt. 1916, og hefur sætt eftirtöldum ákærum og refsingum, svo kunnugt sé:

1939	7/6	Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
1947	6/3	— 150 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
1950	8/7	— 75 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
1953	26/11	Reykjavík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1956	18/6	Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktarinnar.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 8. apríl s.l. var gæzluflugvél landhelgisgæzlunnar Rán á eftirlitsflugi við Snæfellsnes. Í flugvélinni voru Guðmundur Kjærnested skipstjóri, Þorfinnsgötu 8, Reykjavík, Guðjón Benedikt Jónsson flugstjóri, Rauðalæk 57, Reykjavík, Þröstur Sigtryggsson siglingafræðingur, Miðtúni 30, Reykjavík, Garðar Ingi Jónsson loftskeytamaður, Snorrabraut 33, Reykjavík, Ásgeir Þorleifsson flugmaður, Bólstaðahlíð 36, Reykjavík, og Ingi Loftur Loftsson vélamaður, Eskihlíð 23, Reykjavík.

Um kl. 21.18, er flugvélin var yfir Malarrifsvita, sást í radar flugvélarinnar skip í 12—13 sjómílna fjarlægð í stefnu 169° r/v. Þar sem umrædd athugun sýndi, að skipið mundi vera innan fiskveiðimarkanna, var þegar haldið í áttina að því. Þegar komið var á staðinn, sást að þarna var um togara að ræða, sem hélt kyrru fyrir. Veður var stillt, hægviðri, skýjað, skúrir, skyggni 10—20 sjómílur og myrkur að skella á. Kl. 21.27 var flogið lágt yfir togarann og lýst á hann með ljóskastara frá flugvélinni, og mátti þá greina einkennisstafi skipsins G.K. 21 á bógi þess og skorsteinsmerkið stórt H, sem er einkenni bæjarútgerðar Hafnarfjarðar. Reyndist þetta því vera togarinn Júlí, G.K. 21, eign fyrrgreinds félags, en ákærði í máli þessu var skipstjóri á togaranum. Menn af áhöfn flugvélarinnar töldu sig sjá vörpu togarans á bakborðshlið hans og menn á þilfari, en hvorki greindu þeir með neinni nákvæmni fisk í vörpunni né á þilfari.

Kl. 21.29 var kastað út ljósdufli, sem kom í sjóinn rétt aftan við togarann eða 1—2 skipslengdir, að upplýst er í málinu. Þegar flugvélin kom að togaranum, lá hann kyrr, en kl. 21.33 setti hann á ferð og hélt um 320° r/v stefnu.

Kl. 21.36 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun úr flugvélinni yfir ljósduflinu: Malarrifsviti — Radíóviti miðast r/v 350°, fjarlægð 13.0 sjómílur, sem gefur stað togarans 3.6 sjómílur innan við fiskveiðitakmörkin á þessum slóðum.

Kl. 21.39 var kastað út ljósbauju ásamt línubelg og akkeri með um 280 metra bólfæri, og féll hún í sjóinn við hliðina á ljósduflinu, sem áður um getur. Samkvæmt framburði Guðmundar Kjærnested skipstjóra var bólfærið úr fjórþættum trolltvinna, belgurinn var mjög sterkur, en í stað akkeris voru vélahlutar úr flugvél, um 20 kg. að þyngd.

Kl. 21.52 var varpað út annarri ljósbauju, sem kom í sjóinn við hliðina á hinni. Var bauja þessi með um 200 metra bólfæri

úr sisal-línu og patent-akkeri, tæp 10 kg. að þyngd. Var síðan gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir duflunum:

Malarrifsviti — Radíóviti miðast 349° r/v fjarlægð 13.0 sjóm., sem gefur stað togarans 3,6 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna á þeim slóðum.

Kl. 21.59 var loks gerð enn ein staðarákvörðun yfir duflunum, sem voru þá hvort við hliðina á öðru, og reyndist hún:

Malarrifsviti — Radíóviti 349° r/v fjarlægð 13.0 sjómílur, sem gefur stað togarans um 3,8 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum.

Allar framangreindar mælingar voru gerðar í 600—800 feta hæð, en þegar skipið sjálft var athugað, var flogið niður í allt að 100 feta hæð, en hraði flugvélarinnar var um 105 sjómílur miðað við klst. Mælingar þessar voru framkvæmdar af Guðmundi Kjærnested, Guðjóni Jónssyni, Þresti Sigtryggssyni og Garðari I. Jónssyni.

Mælingarnar voru þannig framkvæmdar, að þegar flugvélin var beint yfir duflunum, gáfu flugstjórinn eða skipstjórinn merki, sem heyrðist í innanvélarsíma flugvélarinnar, sem allir fyrrgreindir menn hlustuðu í, og lásu þeir þá samtímis af mælingatækjum flugvélarinnar.

Í flugvélinni eru tvær radarskífur. Las Guðmundur Kjærnested af annarri þeirra, en þeir Þröstur Sigtryggsson og Garðar Jónsson báðir af hinni. Hafa vitni þessi öll borið, að fjarlægð duflanna frá landi hafi í öll skiptin reynzt 13,0 sjómílur. Mælingarnar voru gerðar ýmist með 40 eða 15 mílna „range" á radar flugvélarinnar.

Aðrar mælingar flugvélarinnar eru byggðar á radíó- og áttavitamiðunum, og á landi er miðað við radíóvitann og ljósvitann á Malarrifi, en sá síðarnefndi sást úr flugvélinni.

Kl. 23.28 hafði flugvélin samband við varðskipið Óðin og var hann beðinn að leita að ljósduflum þeim, sem varpað var út við b/v Júlí.

Hóf varðskipið leit og fann morguninn eftir milli kl. 9—10 ljósbauju þá, er kastað hafði verið út flugvélinni kl. 21.39 kvöldið áður. Gerðu Óðinsmenn eftirfarandi þríhyrningamælingu við baujuna:

Hólahólar		
Stapafell	>	23°43′
Skarðsheiði,	>	86°40′

og gefur það hér um bil alveg sama stað og staðarákvarðanir flugvélarinnar kvöldið áður.

Kl. 9.40 á miðvikudagsmorguninn var flugvélin Rán stödd yfir v/s Óðni, þegar hann var að innbyrða umrætt ljósdufl og gerði þá staðarákvörðun, sem bar heim við staðarákvarðanir þær, sem gerðar voru kvöldið áður.

Allar staðarákvarðanir frá flugvélinni og varðskipinu Óðni eru settar út af landhelgisgæzlumönnum á sjókort, sem lagt er fram í málinu.

Framanritað er byggt á framburðum áhafna flugvélarinnar, sem öll hefur mætt fyrir dóminum og staðfest framburði sína með eiði.

Ekki hefur náðzt til skipverja af v/s Óðni vegna fjærveru skipsins, en staðarákvörðun skipstjórans liggur fyrir í símskeyti frá honum.

Ákærði Þórður Pétursson hefur skýrt svo frá, að hann hafi haldið á veiðar á togaranum Júlí 28. marz s.l. Næstu daga var hann að veiðum á ýmsum stöðum við Vestur- og Suðvesturland. Kl. 16 á þriðjudag hafi skipið verið statt 2 sjómílur frá Karlinum á Reykjanesi á norðurleið. Síðan segist hann hafa haldið áfram N 3/4 V 36 sjóm. Kl. 19.05 hafi stefnan verið sett VNV og farið 5 sjóm. Kl. 19.30 stefna sett N og farið 5 sjóm. og þá kastað vörpu kl. 20.20. Síðan hafi hann togað N 1/2 V á 96—102 faðma dýpi og híft upp kl. 21.10. Hafi lítill fiskur þá verið í vörpunni. Rétt á eftir kveðst ákærði hafa séð flugvél, sem flaug yfir og kringum togarann nokkra stund. Kveðst hann hafa verið að enda við að hífa inn vörpuna, þegar flugvélin kom að og hafi varpan verið á bakborðssíðunni og hlerar í gálgunum.

Ákærði þóttist þekkja, að þarna væri flugvél frá landhelgisgæzlunni, enda hefði verið beint ljóskastara að togaranum og skömmu síðar hefði verið varpað út ljósdufli frá flugvélinni, sem lent hefði í sjónum rétt aftan við skipið.

Í sama mund og ljósduflinu var varpað niður, var skipið sett á ferð og haldið í stefnuna NNV. Var þá kl. 21.30 samkvæmt dagbók skipsins. Ákærði kveðst hafa talið, að skip hans væri örugglega utan fiskveiðitakmarkanna og markaði hann það bæði af stefnu þeirri, sem hann hafði siglt, og lauslegri staðarákvörðun, sem hann kveðst hafa gert með radíómiðunum af Malarrifs- og Stafnesvitunum, áður en hann fór að toga. Hornamæl-

ingar milli staða í landi kveðst hann ekki hafa gert vegna þess, að ekki sást til lands vegna móðu og fjarlægðar.

Í tilefni af komu flugvélarinnar kveðst ákærði nú hafa til öryggis, eftir að skipið var komið á ferð, tekið eftirfarandi radíómiðanir:

Stafnes í mv. SSA
Suðurnes í mv. SA
Malarrif í mv. NNA,

og gefa þessar mælingar stað, sem afmarkast af þríhyrningi, og nær lítill hluti af honum inn fyrir fiskiveiðitakmörkin.

Radíómiðanir þessar voru framkvæmdar af loftskeytamanni togarans, en áttavitastefnu og útreikning staðarákvörðunarinnar annaðist ákærði sjálfur. Telur ákærði, að staðarákvörðunin hafi ekki tekið nema 3—4 mínútur og skipið hafi ekki verið komið á fulla ferð, þegar þeim lauk.

Ákærði skýrir frá því, að miðunin á Malarrifsvitann hefði verið tekin fyrst, síðan Stafnes og loks Suðurnes.

Samkvæmt þessari staðarákvörðun telur ákærði, að skip hans hafi verið örugglega utan fiskveiðitakmarkanna.

Loftskeytamaðurinn á togaranum, Hörður Kristinsson, hefur borið mjög á sama veg og skipstjórinn um þessi atriði, að öðru leyti en því, að hann telur, að þeir hefðu byrjað á að taka umræddar miðanir um það bil, sem togarinn var kominn á fulla ferð, og að þær hefðu tekið allt að fimm mínútum.

Hann skýrir svo frá, að hans þáttur hafi aðeins verið sá að gefa ákærða upp horn skipsins við radíóvitana. Vitnið hefur staðfest þennan framburð sinn með eiði.

Að tilhlutun dómsins var Ingólfur Þórðarson, siglingafræðikennari við Stýrimannaskólann, fenginn til að marka á sjókortið leið togarans samkvæmt dagbók skipsins frá Reykjanesi og ennfremur staðarákvörðun þá, sem ákærði framkvæmdi eftir að flugvélin hafði flogið yfir skip hans. Einnig markaði siglingafræðingurinn á sjókortið staðarákvarðanir landhelgisgæzlumannanna og ber þar heim við útsetningar þeirra á dómskj. 2. Kort þetta er lagt fram í dóminum sem dómskjal nr. 4.

Siglingafræðingurinn hefur gefið álitsgerð fyrir dóminum og segir hann þar meðal annars, að samkvæmt kennslubókum í siglingafræði séu líkur fyrir, að skipið hafi verið einhversstaðar innan þríhyrningsins, sem miðanirnar mynduðu, en þó séu möguleikar á, að það geti verið utan hans.

Með hliðsjón af þessum framburði siglingafræðingsins verður að telja, að staðarákvörðun ákærða sé svo ónákvæm, að hún sanni á engan hátt, að togarinn hafi verið utan fiskveiðimarkanna, enda gæti togarinn samkvæmt henni eins vel hafa verið innan þeirra.

Hins vegar verður að telja, að hinar margendurteknu staðarákvarðanir, sem áhöfn gæzluflugvélarinnar gerði í umrætt skipti og ber svo til alveg saman, studdar svo sterkum rökum, meðal annars með eiðfestum framburðum allrar áhafnar flugvélarinnar, veiti fullkomna sönnun fyrir því, að togarinn Júlí, G.K. 21, hafi verið um 3,6 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna í umrætt skipti. Er þá einnig höfð hliðsjón af því, að v/s Óðinn fann morguninn eftir aðra ljósbaujuna, sem flugvélin hafði kastað út, og bar staðarákvörðun varðskipsins á baujunni saman við staðarákvörðun flugvélarinnar.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum er sannað, að ákærði var að fiskveiðum innan fiskveiðitakmarkanna í umrætt skipti. Varðar þessi verknaður ákærða við þau ákvæði, sem í ákæru eru talin. Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem í ákæru greinir, og með tilliti til stærðar togarans, 657 rúmlestir, og núverandi gullgengis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Júlí, G.K. 21, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, hdl. Kristjáns Eiríkssonar, kr. 800.00.

Dóm þennan kváðu upp Björn Sveinbjörnsson, settur bæjarfógeti, og meðdómsmennirnir Sigurður Guðnason skipstjóri og Guðmundur Sigurjónsson skipstjóri.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þórður Pétursson, greiði 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Júlí, G.K. 21, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Kristjáns Eiríkssonar hdl., kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. nóvember 1958.

Nr. 21/1958. **Bæjarstjórinn í Siglufjarðarkaupstað f. h. kaupstaðarins** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Ármanni Jakobssyni (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Hrundið kröfu um þóknun til undirkjörstjórnarmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1958 og krafizt aðallega, að honum verði dæmd sýkna, en til vara, að honum verði dæmt að greiða stefnda kr. 1200.00 án vaxta. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Um langan aldur hefur viðtaka við nefnu til undirkjörstjórnarstarfa við kosningar til Alþingis verið þegnkvöð, sbr. nú 12. gr. laga nr. 80/1942. Lög hafa almennt kveðið á um greiðslu ýmiss kostnaðar af kosningunum, en látið þóknunar fyrir starfa undirkjörstjórnarmanna eigi getið, sjá 16. gr. tsk. 8. marz 1843, 3. gr. opbr. 6. júlí 1848, 38. gr. laga nr. 16/1877, 57. gr. laga nr. 18/1903, 56. gr. laga nr. 28/1915, sbr. þó 77. gr. sömu laga, 145. gr. laga nr. 18/1934 og nú 145. gr. laga nr. 80/1942. Þögn laganna um þóknun til undirkjörstjórnarmanna hefur verið skilin í framkvæmd þannig,

að eigi væri um að tefla lögvarða kröfu til þóknunar fyrir starfann. Með skírskotun til þessarar lögvenju og svo til þess, að starfinn er eigi svo tímafrekur, að krafa til launa fyrir hann sé varin af 67. gr. stjórnarskrárinnar, verða kröfur stefnda í málinu eigi til greina teknar.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, bæjarstjórinn í Siglufjarðarkaupstað f. h. kaupstaðarins, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ármanns Jakobssonar, í máli þessu.

Hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 28. desember 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m. og eftir upptöku þess aftur 21. þ. m.., hefur Ármann Jakobsson héraðsdómslögmaður, hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. september s.l., gegn bæjarstjóranum í Siglufirði f. h. Siglufjarðarkaupstaðar til greiðslu kaups til undirkjörstjórnar fyrir störf við alþingiskosningar 24. júní 1956, kr. 3300.00, auk 6% ársvaxta frá 24. júní 1956 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa. Til vara krefst hann sýknu gegn greiðslu á kr. 1200.00 og krefst málskostnaðar sér til handa og til þrautavara lækkunar á stefnukröfunni að mati dómara og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Í febrúar 1956 voru þeir Jóhann Jóhannsson skólastjóri, Kristján Sigtryggsson húsgagnasmiður og Sigurður Njálsson skrifstofustjóri, allir héðan úr bænum, kosnir sem aðalmenn í undirkjörstjórn hér og sem varamenn Hjörleifur Magnússon fulltrúi, Benedikt Sigurðsson kennari og Stefán Friðbjarnarson skrifstofumaður, einnig héðan. Við kosningar til Alþingis 24. júní 1956 sátu fyrrnefndir aðalmenn í undirkjörstjórn, en tveir þeirra voru öðru hvoru leystir frá störfum af varamönnunum.

Stefnandi telur, að nefndin hafi setið á fundum 25¼ tíma eða 75¾ tíma fyrir þrjá menn, en launa krefjast kjörstjórnarmennirnir fyrir samtals 60 tíma starf, kr. 55.00 á tímann. Hinn 9. september s.l. hafa kjörstjórnarmennirnir framselt stefnanda kröfur sínar.

Svo sem áður getur, var kjördagur á sunnudegi, og segir stefnandi, að undirkjörstjórnarmennirnir hafa miðað kaupkröfur sínar við helgidagakaup lögregluþjóna bæjarins, en þá var helgidagakaup þeirra kr. 51,26 á tímann, nema hjá varðstjóra kr. 64,08 á tímann. Þá segir hann dyraverði á kjörstað hafa haft kr. 36,56 á tímann auk orlofsfjár. Segir hann, að með tilliti til þessara kaupgreiðslna telji undirkjörstjórnarmennirnir kröfur sínar reistar á fullri sanngirni. Þá hefur stefnandi lagt fram vottorð bæjargjaldkerans hér, er sýnir, að kjörstjórnmönnum hafa verið greidd laun fyrir störf þeirra á undanförnum árum. Samkvæmt þessu vottorði fékk hver maður í undirkjörstjórn kr. 581.12 árið 1952, árið 1953 fékk einn maður kr. 730,00, en tveir kr. 500,00 hvor og árið 1954 fékk hver maður í yfirkjörstjórn kr. 500,00. Segir stefnandi, að launin 1953 hafi verið greidd eftir reikningi undirkjörstjórnarmanna.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að það sé borgaraleg skylda að taka sæti í undirkjörstjórn og sé því skyldustarf, sem leysa beri af hendi án þóknunar. Telur hann fráleitt að greiða þóknun fyrir slík skyldustörf. Þessum skilningi á borgaralegri skyldu hefur stefnandi mótmælt. Til að forðast illdeilur, kveður stefndi bæjarstjórn Siglufjarðar hafa boðið undirkjörstjórnarmönnum kr. 1200,00 alls (kr. 400,00 til hvers), og er það varakrafa hans að vera sýknaður gegn greiðslu á þeirri fjárhæð. Telur hann kjörstjórnarmennina aldrei geta átt rétt á hærri þóknun, jafnvel þótt svo yrði litið á, að þeir ættu rétt á einhverri þóknun fyrir starfa sinn. Hann tók það fram, að þrátt fyrir þetta boð og þrátt fyrir það, að bæjarsjóður hafi greitt undirkjörstjórnarmönnum þóknun fyrir störf þeirra við kosningar 1952, 1953 og 1954, hafi hann ekki viðurkennt skyldu sína til að greiða kjörstjórnum laun og benti á,að yfirkjörstjórn hafi ekki fengið nein laun fyrir störf við kosningar 1952 og 1953. Reikningur undirkjörstjórnarmanna fyrir störf við kosningar á árinu 1954 (bæjarstjórnarkosningar) hafi einungis verið greiddur vegna þess að jafnframt bæjarstjórnarkosningum hafi farið fram kosning um það, hvort loka skyldi útsölu áfengisverzlunar ríkisins hér og starf undirkjörstjórnar hafi því orðið meira en ella.

Segir stefndi, að yfirleitt hafi hvergi tíðkazt að greiða undirkjörstjórnarmönnum laun. Lagði hann fram vottorð frá nokkrum bæjarstjórum um þetta efni. Fyrir utan Siglufjörð virðist aðeins einn kaupstaður hafa greitt þóknun fyrir þetta starf, Akureyrarkaupstaður.

Um undirkjörstjórnir segir í 2. tl. 145. gr. laga um kosningar til Alþingis, að hreppsjóðir eða bæjarsjóðir greiði framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er undirkjörstjórnir láti í té. Ræða lögin það ekki, hvort þeim mönnum, sem sitja í undirkjörstjórn, skuli greidd þóknun fyrir störf við kosningar eða eigi, enda verður vart talið, að þóknun til undirkjörstjórnarmanna geti fallið undir „framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna". Hins vegar verður heldur eigi hægt að telja, að þögn laganna um þetta atriði skuli skýrð á þann veg, að kjörstjórnir skuli vinna störf sín án þóknunar. Ákvæðin í 145. gr. kosningalaga nr. 80/1942 eru tekin óbreytt úr eldri kosningalögum (lög nr. 18/1934). Þegar þau lög voru sett, sagði framsögumaður fyrir frumvarpinu, að það væri látið óákveðið, hvort kjörstjórnir fengu laun fyrir ómak sitt. Verður með hliðsjón af þessu að telja, að lögin taki ekki afstöðu til þess, hvort kjörstjórnum skuli greidd laun fyrir störf við kosningar og að við úrlausn máls þessa verði að fara eftir venju og almennum reglum um launagreiðslur fyrir störf, sem borgaraleg skylda er að vinna.

Lagaákvæði um borgaraskyldu eiga fyrst og fremst að tryggja, að góðir menn fáist til starfa, er almenningsþörf heimtar, að unnin séu, en yfirleitt ekki jafnframt að tryggja, að störf þessi séu unnin án þóknunar. Virðist það aðalregla samkvæmt íslenzkum lögum, að störf, sem borgaraleg skylda er að vinna, eru launuð, ef starfið tekur nokkurn tíma að ráði eða ef þeim fylgir einhver sérstök ábyrgð.

Með skírskotun til þessa og með tilliti til þess, að undirkjörstjórnarmönnum hér hefur verið greidd þóknun fyrir störf við kosningar árin 1952, 1953 og 1954, verður að telja þá eiga rétt til launa við störf við kosningar 1956. Með framlagningu útdrátta úr gerðabók undirkjörstjórnar og öðrum gögnum hefur stefnandi sannað, að undirkjörstjórn hefur setið á fundum allt að 25 tímum, en þessum skjölum hefur stefnandi ekki mótmælt.

Með hliðsjón af greiðslum fyrir helgidagavinnu almenni verður að telja, að tímakaup það, sem undirkjörstjórnarmennirnir reikna sér, sé ekki ósanngjarnt.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð, kr. 3.300.00, auk 6% ársvaxta frá 24. júní 1956 til greiðsludags.

Þá ber að dæma hann til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 650.00.

Ófeigur Eiríksson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn í Siglufirði f. h. Siglufjarðarkaupstaðar, greiði stefnanda, Ármanni Jakobssyni héraðsdómslögmanni, Siglufirði, kr. 3300.00, auk 6% ársvaxta frá 24. júní 1956 til greiðsludags og kr. 650,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. nóvember 1958.

Nr. 72/1958. **Hreppsnefnd Miðnesshrepps f. h. hreppsins** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Sveini Jónssyni (Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Mál til heimtu útsvars og annarra gjalda til hreppsfélags.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 19.592.00, auk dráttarvaxta samkvæmt útsvarslögum og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Leitt er í ljós, að stefndi á íbúð að Grenimel 1 í Reykjavík. Þar dvaldist fjölskylda hans og einnig hann sjálfur, þeg-

ár hann var í Reykjavík, á þeim tíma, er gjöld þau voru lögð á, sem um er deilt í máli þessu. Hins vegar hafði hann aðeins eitt herbergi til afnota í húseign h/f Miðness í Sandgerði, þegar hann dvaldist þar við störf sín í þágu félagsins. Samkvæmt þessu verður að telja, að heimilisfang hans hafi verið í Reykjavík. Gat hvorki dvöl hans í Sandgerði né störf hans í þjónustu h/f Miðness bakað honum útsvarsskyldu í Miðnesshreppi og þá eigi heldur skyldu til greiðslu annarra þeirra gjalda, sem hann er krafinn um í máli þessu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Miðnesshrepps f. h. hreppsins, greiði stefnda, Sveini Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. október 1957.

Mál þetta, sem var dómtekið 18. f. m., hefur hreppsnefnd Miðnesshrepps höfðað á bæjarþinginu gegn Sveini Jónssyni framkvæmdastjóra, töldum til heimilis að Tjarnargötu 3, Sandgerði, til greiðslu á útsvari og fleiri vangoldnum gjöldum til hreppsins, samtals að fjárhæð kr. 19.592.20, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt útsvarslögum og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að árin 1953 og 1954 var stefnda gert að greiða til Miðnesshrepps þessi gjöld:

Útsvar 1953	kr.	7.000.00
Vegagjald 1953	—	50.00
Kirkjugarðsgjald 1953	—	140.00
Útsvar 1954	—	12.110.00
Vegagjald 1954	—	50.00
Kirkjugarðsgjald	—	242.20
Alls kr.		19.592.20

Stefnandi telur stefnda eiga lögheimili í Miðnesshreppi svo og

fjölskyldu hans, enda eigi stefndi þar allumfangsmikið atvinnufyrirtæki, h/f Miðnes, og sé annar framkvæmdastjóri þess og muni laun hans fyrir það starf vera aðaltekjur hans. Stefndi hafi og talið fram til skatts þar í hreppnum og það framtal hafi verið lagt til grundvallar við álagningu útsvars hans.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi fyrir mörgum árum flutt til Reykjavíkur, haft þar búsetu síðan ásamt fjölskyldu sinni, þar hafi hann skrifstofu og skrifstofusíma. Fyrst eftir að hann fluttist til Reykjavíkur hafi verið lagt á hann útsvar bæði í Reykjavík og Miðnesshreppi og hafi hann leitað úrskurðar skattyfirvalda. Hafi ríkisskattanefnd kveðið upp úrskurð um, að stefndi væri útsvarsskyldur í Reykjavík, að því er varðaði útsvar lagt á hann þar árið 1952. Enn leitaði hann úrskurðar nefndarinnar um útsvar, er lagt var á hann 1953, og fór á sömu leið, að því viðbættu, að nefndin úrskurðaði, að niður skyldi falla útsvar það, er lagt var á stefnda í Miðnesshreppi það ár. Byggjast úrskurðirnir á því, að stefndi sé búsettur í Reykjavík. Síðan hefur stefndi neitað að greiða útsvar til stefnanda, en greitt útsvör til Reykjavíkurborgar.

Það er óvéfengt, að stefndi hafði heimilisfang í Reykjavík, þegar lögð voru á hann þau gjöld, sem um ræðir í máli þessu. Starf hans hjá h/f Miðnesi breytir engu um þetta, þótt hann hafi á stundum þurft að dvelja í húsakynnum félagsins dögum saman og gista þar. Samkvæmt ákvæðum 8. gr. útsvarslaga nr. 66 frá 1945 bar því að leggja útsvar á stefnda í Reykjavík, og brast stefnanda því heimild til álagningar framangreindra gjalda. Sýknukrafa stefnda verður því tekin til greina, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Sveinn Jónsson, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, hreppsnefndar Miðnesshrepps í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 18. nóvember 1958.

Nr. 73/1958. **Hreppsnefnd Miðnesshrepps f. h. hreppsins** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Ólafi Jónssyni (Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Mál til heimtu útsvars og annarra gjalda til hreppsfélags.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m., hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómi með leyfisbréfi, dagsettu 11. nóvember þ. á. og sér skipaðan málflutningsmann. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 18.704.60 auk dráttarvaxta samkvæmt útsvarslögum og málskostnað í héraði svo og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Leitt er í ljós, að stefndi á íbúð að Úthlíð 12 í Reykjavík. Þar dvaldist fjölskylda hans og einnig hann sjálfur, þegar hann var í Reykjavík, á þeim tíma, er gjöld þau voru lögð á, sem um er deilt í máli þessu. Hins vegar hafði hann aðeins eitt herbergi til afnota í húseign h/f Miðness í Sandgerði, þegar hann dvaldist þar við störf sín í þágu félagsins. Samkvæmt þessu verður að telja, að heimilisfang hans hafi verið í Reykjavík. Gat hvorki dvöl hans í Sandgerði né störf hans í þjónustu h/f Miðness bakað honum útsvarsskyldu í Miðnesshreppi og þá eigi heldur skyldu til greiðslu annarra þeirra gjalda, sem hann er krafinn um í máli þessu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 2500.00. Laun skipaðs málflutningsmanns áfrýjanda kr. 2000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Miðnesshrepps f. h. hreppsins, greiði stefnda, Ólafi Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns áfrýjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. október 1957.

Mál þetta, sem var dómtekið 18. f. m., hefur hreppsnefnd Miðnesshrepps höfðað á bæjarþinginu gegn Ólafi Jónssyni framkvæmdastjóra, töldum til heimilis að Tjarnargötu 3, Sandgerði, til greiðslu á útsvari og fleiri vangoldnum gjöldum til hreppsins, samtals að fjárhæð kr. 18.704,60, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt útsvarslögum og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að árin 1953 oð 1954 var stefnda gert að greiða til Miðnesshrepps þessi gjöld:

Útsvar 1953	kr.	8.660.00
Vegagjald 1953	—	50.00
Kirkjugarðsgjald	—	173.20
Útsvar 1954	—	9.580.00
Vegagjald 1954	—	50.00
Kirkjugarðsgjald	—	191.60
Alls	kr.	18.704.60 (sic)

Stefnandi telur stefnda eiga lögheimili í Miðnesshreppi svo og fjölskyldu hans, enda eigi stefndi þar allumfangsmikið atvinnufyrirtæki, h/f Miðnes, og sé annar framkvæmdastjóri þess og muni laun hans fyrir það starf vera aðaltekjur hans. Stefndi hafi og talið fram til skatts þar í hreppnum og það framtal hafi verið lagt til grundvallar við álagningu útsvars hans.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi fyrir mörgum árum flutt til Reykjavíkur, haft þar búsetu síðan ásamt fjölskyldu sinni, þar hafi hann og skrifstofu og skrifstofusíma. Fyrst eftir að hann fluttist til Reykjavíkur hafi verið lagt á hann útsvar bæði í Reykjavík og Miðnesshreppi og hafi

hann leitað úrskurðar skattayfirvalda. Hafi ríkisskattanefnd kveðið upp úrskurð um, að stefndi væri útsvarsskyldur í Reykjavík, að því er varðaði útsvar lagt á hann þar árið 1952. Enn leitaði hann úrskurðar nefndarinnar um útsvar, er lagt var á hann 1953, og fór á sömu leið, að því viðbættu, að nefndin úrskurðaði, að niður skyldi falla útsvar það, er lagt var á stefnda í Miðnesshreppi það ár. Byggjast úrskurðirnir á því, að stefndi sé búsettur í Reykjavík. Síðan hefur stefndi neitað að greiða útsvar til stefnanda, en greitt útsvör til Reykjavíkurborgar.

Það er óvéfengt, að stefndi hafði heimilisfang í Reykjavík, þegar lögð voru á hann þau gjöld, sem um ræðir í máli þessu. Starf hans hjá h/f Miðnesi breytir engu um þetta, þótt hann hafi á stundum þurft að dvelja í húsakynnum félagsins dögum saman og gista þar. Samkvæmt ákvæðum 8. gr. útsvarslaga nr. 66 frá 1945 bar því að leggja útsvar á stefnda í Reykjavík, og brast stefnanda því heimild til álagningar framangreindra gjalda. Sýknukrafa stefnda verður því tekin til greina, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, hreppsnefndar Miðnesshrepps, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1958.

Nr. 140/1958. Þ (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
M og J (Guðmundur Pétursson hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Héraðsdómara bar að víkja sæti. Ómerking dóms og málsmeðferðar.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg sýslumaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu hefur verið skotið til Hæstaréttar af hálfu aðilja með stefnum 25. september og 30. október þ. á.

Sonur dómarans, Jón Ísberg lögfræðingur, benti gagnáfrýjandanum M á, að þau B...hjón þyrftu að fá ættleiðingu á barni aðaláfrýjanda. Leiðbeindi Jón Ísberg M um öflun gagna í þessu skyni og samdi því næst beiðni þeirra hjóna um ættleiðinguna. Þegar litið er á þessara afskipta Jóns Ísbergs af öflun ættleiðingarleyfis þess, sem krafizt er ógildingar á, þykir hinn reglulegi dómari samkvæmt 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 hafa átt að víkja sæti í málinu, áður en munnlegur málflutningur í því hófst. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi 1. september þ. á. og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Rétt þykir, að aðiljar beri sjálfir kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Málflutningslaun talsmanns hennar, kr. 4000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Héraðsdómur í máli þessu og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi 1. september 1958 eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 19. september 1958.

Mál þetta, sem var þingfest 25. júlí þ. á. og tekið til dóms 1. þ. m., er höfðað af Þ..... gegn M..... o. fl, með stefnu, útgefinni 21. júlí þ. á.

Gerir stefnandi þær dómkröfur, að ættleiðing barns hennar,

fædds á Ó 28. janúar þ. á., af hendi stefndu, M og konu hans, J, er fram fór með ráðuneytisbréfi í umboði forseti, dagsettu 9. maí þ. á., verði ógilt með dómi og þau dæmd til að skila barninu aftur í hendur stefnanda og loks, að þau verði dæmd til að greiða málskostnað eftir mati dómarans.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að „afsal" hennar fyrir barninu í hendur stefndu hafi verið gefið í ráðleysi og vonleysi. Enn fremur sé „afsalið" ódagsett, óvottfest og ekki tekið fram, hverjum barnið sé „afsalað". Loks hafi barninu verið „afsalað", áður en það varð til sem lifandi einstaklingur. Þá hafi og aldrei verið á ættleiðingu minnzt og ættleiðingin farið fram án vitundar stefnanda og án þess að leitað væri umsagnar föður barnsins og barnavarnarnefndar.

Stefndu krefjast aðallega frávísunar málsins, en til vara algerrar sýknu með þeim rökum, að engar af tilfærðum ógildingarástæðum stefnanda hafi við nægileg rök að styðjast.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum málsins virðast málsatvik í aðalatriðum vera þessi:

Snemma í októbermánuði f. á. kom stefnandinn, Þ, sunnan frá R norður að L....., en þar býr bróðir hennar, H. Þar var þá og stödd systir þeirra, D. Þóttist H sjá þess merki, að Þ væri ófrísk. Litlu síðar barst ástand Þ í tal á milli þeirra systkinanna, og segir Þ þá samkvæmt vitnisburði H, að hún hafi hugsað sér að gefa barnið. Gat H þess samtímis, að D væri fráskilin og hafi gefið barn, er hún átti. Síðan fóru þær systur suður. Litlu síðar hringir svo D til H og flytur hún þau tilmæli frá Þ, að hann færði það í tal við stefnda og konu hans, hvort þau mundu vilja fá barnið. Varð H við þessum tilmælum og gerði sér ferð til B.....hjónanna og ræddi málið við þau. Stefndu tóku sér umhugsunarfrest, en létu svo H fljótlega vita, að þau vildu taka barnið, en þó því aðeins, að þau fengju það að gjöf sem eigið barn. Nokkru síðar kemur Þ aftur norður að L. En áður en hún fór að sunnan, skrifar hún foreldrum sínum bréf og segir þar, hversu ástatt sé fyrir sér og að nú fari hún norður til að ala þar barn sitt. Gat hún þess jafnframt, að hún væri búin að ráðstafa barni sínu til hjónanna í B. Vegna tafar á för Þ að sunnan náðu foreldrar hennar tali af henni og tjáðu henni, að heimili þeirra stæði henni opið, ef hún kynni að breyta ákvörðun sinni, en Þ kvað þess enga von, þetta væri afráðið. Snemma í desember komu svo stefndu að L að finna Þ, og átti þá frú J tal við hana og fékk svohljóðandi yfirlýsingu frá henni, sem nokkuð oft í

skjölum málsins er kallað „afsal“: „Ég undirrituð afsala mér móðurrétt (sic) yfir barni mínu.

Þ, L.“

Jafnframt sagði Þ J, hver væri faðir að barni því, er hún gengi með, en J skildi það svo, að henni væri sagt þetta í trúnaði og faðernið væri ekki opinbert. Þann 28. janúar s.l. ól Þ svo barn sitt á ...spítalanum á Ó. Var þá algerlega ófært með bifreiðum milli Ó og B, en það er 30 km vegalengd. Á 3. degi þar á eftir er talið, að vegurinn hafi verið ruddur, og sóttu þá stefndu barnið og fluttu það heim til sín með samþykki móðurinnar, sem fór fram að L, er hún kom á fætur eftir barnsburðinn. Litlu síðar kemur barnsfaðir Þ, S, fram að L og leggur að Þ að rifta ákvörðun sinni á barninu og taka það frá B...hjónunum, en Þ tók þá þvert fyrir það. Þann 18. apríl sóttu svo stefndu (B...hjónin) um ættleiðingu barnsins og fengu hana með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 9. maí. Um næstu mánaðamót fá svo stefndu bréf frá Þ, dagsett 22. maí, þar sem hún segir, að þau S ætli nú að sækja stúlkuna sína og ala hana upp í „sameiningu“. Síðan kom Þ að sækja barnið, en fékk það ekki og segist hafa fengið mjög óvingjarnlegar móttökur. Hóf hún svo mál þetta til ógildingar á ættleiðingunni og viðurkenningar á rétti sínum til að fá barnið aftur.

Stefndu í máli þessu hafa krafizt frávísunar þess, en sú krafa þykir ekki vera studd nægum rökum og verður því ekki tekin til greina.

Eins og áður segir, er krafan um ógildingu ættleiðingarinnar byggð á því, að „afsalið“ fyrir barninu sé óformlegt, þ. e. ódagsett, óvottfest, viðtakendur ekki greindir og hvorki sé leitað umsagnar barnaverndarnefndar né barnsföður og loks, að barnsmóðirin hafi ekki verið fyllilega með sjálfri sér, er hún gaf barn sitt.

Í fyrsta lagi er að lögum ekki krafizt neins ákveðins forms fyrir samþykki til ættleiðingar. Virðist því jafnvel geta staðizt, að slíkt samþykki verði gefið munnlega í viðurvist 2 lögfullra votta og hafi þó fullt gildi. Staðreynd er, að með skriflegri yfirlýsingu er barnið gefið, þ. e. móðirin afsalar sér móðurrétti yfir því og ritar nafn sitt undir yfirlýsinguna, og ekki er skuggi af efa um það, hverjum barnið sé gefið né hvenær, enda viðurkennt í málinu af stefnanda. Hálfyrði í þá átt, að Þ hafi varla vitað hvað hún var að gera, er hún lét afsalið af hendi, er ekki unnt að taka alvarlega, þegar þess er gætt, að Þ

hafði sagt foreldrum sínum löngu áður, að barninu væri ráðstafað til stefndu, og þegar barnsfaðir hennar kemur eftir fæðingu barnsins og vill fá hana til að rifta þeirri ráðstöfun, þá neitar hún því og hefur jafnvel í hótunum um að neita, að hann sé faðir barnsins, en þau ummæli eru höfð eftir S af vitninu K, og svipað kemur fram í framburði vitnisins H, bróður Þ, ómótmælt af henni. Og hvað snertir reynsluleysi Þ á þessu sviði ber að sama brunni. Systir hennar hefur gefið barn sitt og Þ hlýtur því að vera ljóst, velgefinni stúlku, sem hún er talin vera, hvað í slíkri gjöf felst. Er það og fyrst, er Þ er komin suður til Reykjavíkur í nágrenni við barnsföður sinn, sem vildi fá hana til að rifta samningnum um barnið, að henni snýst hugur í afstöðu hennar til afhendingar barnsins.

Umsögn barnaverndarnefndar (skólanefndar) var gefin af sóknarprestinum einum sem formanni hennar. Virðist ekki ástæða til að véfengja, að hún hafi verið gefin í umboði nefndarinnar, enda viðurkennt í málinu, það sem vottorð nefndarinnar átti að tryggja, að verðandi kjörforeldrum væri fyllilega trúandi fyrir uppeldi barnsins.

Þá er á það bent, að umsagnar föður barns Þ var ekki leitað á undan ættleiðingunni. Hér er ekki samþykkis þörf, heldur aðeins umsagnar, ef vitað er, hver maðurinn er og til hans næst. Nú var stefndu sagt nafn barnsföður sem trúnaðarmál, að því er þau fullyrða. Þessu er að vísu neitað af Þ, en stefndu hafa ekki eins og hún breytt afstöðu sinni í málinu, að því er séð verður, og verður því ekki minna lagt upp úr þeirra orðum en orðum stefnanda. Hér við bætast svo framburðir vitna, er nálgast mjög fulla sönnun þess, að Þórdís hafi haft í hótunum við S að neita því að hann væri faðir barns hennar heldur en láta hann telja sig á að rifta gerðum samningum. Slík ummæli liggja sjaldan lengi í þagnargildi, ef fleiri en tveir vita, og var þá ekki lengur á föstu að byggja um faðernið, nema samkomulag næðist síðar. Þannig stóð málið, er um ættleiðinguna var sótt. Og þar sem hér er um að ræða hreint formsatriði, mjög þýðingarlítið í eðli sínu, þar sem ekkert mark þurfti á umsögninni að taka, þykir eigi fært að láta sniðgöngu þess valda ógildingu ættleiðingarinnar, ekki sízt vegna þess, að barnsfaðirinn hafði ærinn tíma áður en ættleiðingin fór fram til þess að hreyfa mótmælum, ef hann hefði óskað, enda beinlínis verið til þess hvattur af lögfræðingi, er hann leitaði til. Mátti honum og vera ljóst, að „gjöf“ barns hlaut að

réttum rökum að leiða til ættleiðingar þess og þess vegna ráð að hefjast handa fyrr en síðar.

Í máli þessu liggur það því fyrir samkvæmt framangreindu, að móðir lýsir því skriflega yfir, að hún afsali sér móðurrétti yfir barni sínu, ófæddu, og af öllum aðstæðum verður ekki annað séð, en að hún geri það allsgáð og af fúsum og frjálsum vilja, samanber yfirlýsingu hennar gagnvart foreldrum sínum og afstöðu hennar til málaleitunar barnsföður síns, er hann heimsækir hana eftir barnsburðinn. Það, að barnið er ófætt, virðist ekki eiga að skipta máli í þessu sambandi. Það liggur glöggt fyrir, hverjum barnið er „afsalað" og hvenær. Allt virðist og benda til þess, að sú fullyrðing stefndu sé rétt, að þau hafi gert það að skilyrði fyrir töku barnsins í sínar hendur, að þeim væri það gefið sem þeirra eigið barn og þá vitanlega með ættleiðingu fyrir augum. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem bendir til þess, að minnzt hafi verið á meðgjöf með barninu sem fósturbarni, fyrr en í bréfi Þ frá 22. maí þ. á., og stefnda J lagði til allan fatnað ungbarnins, en slíkt væri, vægast sagt, fágæt tilhögun, ef aðeins hefði verið um fósturbarn að ræða. Þá er og ekkert, að því er séð verður, er bendir til þess, að stefndu hafi ekki verið í góðri trú varðandi rétt sinn, er þau sóttu um ættleiðinguna, en vonbirgði þeirra skiljanlega orðið mikil og sár, er þau svo á eftir fengu bréfið frá Þ, vonbrigði, er koma fram í bituryrðum stefnda, M, er Þ kemur að B.... að sækja barnið. Hér við bætist svo það, að nú er það ekki hún ein, móðirin, sem vill fá aftur hinn afsalaða móðurrétt. Barnið á líka að alast upp af föðurnum, án þess að nokkuð hafi komið fram í málinu, er bendi til þess, að hjúskapur foreldranna sé líklegur, hvað þá fyrirhugaður, heldur hið gagnstæða. Mörg vottorð hafa verið lögð fram í málinu, er hníga í þá átt, að uppeldi barnsins væri vel borgið í höndum móðurinnar. Samskonar vottorð liggja ekki fyrir varðandi föðurinn, og var þess þó eigi síður þörf.

Þegar allt þetta er tekið til athugunar: Gjöf barnsins, sem telja verður jafngilda samþykki til ættleiðingar þess af hendi móðurinnar (þ. e. afsal móðurréttar), vitandi vits og af frjálsum vilja; grandleysi móttakenda, þ. e. stefndu, og óvissa um framtíð barnsins í höndum foreldra þess, þykir of viðurhlutamikið með tilliti til velferðar barnsins og tilfinninga kjörforeldranna, sem ekkert virðast hafa af sér brotið, að láta óverulega formgalla valda ógildingu ættleiðingarinnar, sem er afgreidd af rétt-

um og löglegum aðiljum, og þykir því verða að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Dómsorð:

Stefndu, M, og kona hans, J, eiga að vera sýkn af kröfum stefnandans Þ, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 28. nóvember 1958.

Nr. 66/1958. **Eyvindur Wiese**
gegn
Bæjarsíma Reykkjavíkur og ríkissjóði.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Eyvindur Wiese, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. nóvember 1958.

Nr. 124/1958. **Trausti Jónsson**
gegn
Guðmundi Ibsen og til réttargæzlu Oddi Helgasyni og Sigurjóni Sigurðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Trausti Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. nóvember 1958.

Nr. 125/1958. **Trausti Jónsson**
gegn
Hilmari Péturssyni og til réttargæzlu Oddi Helgasyni og Sigurjóni Sigurðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Trausti Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Laugardaginn 29. nóvember 1958.

Nr. 116/1958. **Guðmundur Guðmundsson**
og
Trésmiðjan Víðir h/f
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Stóreignaskattsmál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. ágúst 1958. Þeir gera þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að niður verði felldur skattur, er þeim hefur verið gert að greiða samkvæmt lögum nr. 44/1957 um skatt á stóreignir, samtals að fjárhæð kr. 704.348.00, þar af vegna

hlutafjáreignar aðaláfrýjanda Guðmundar Guðmundssonar í Trésmiðjunni Víði h/f kr. 139.900.00.

Varakrafa: Að greind hlutafjáreign verði við ákvörðun skatts samkvæmt nefndum lögum metin aðaláfrýjanda Guðmundi Guðmundssyni til eignar á nafnverði, kr. 52.000.00, sbr. e-lið 19. gr. laga nr. 46/1954, og skattfjárhæð lækkuð samkvæmt því.

Þrautavarakrafa: Að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um ógildi skattálagningar vegna sömu hlutafjáreignar og um skyldu skattstjórnarvalda til ákvörðunar skatts af henni af nýju, miðað við sannvirði hlutabréfanna.

Loks krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 18. ágúst þ. á. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti af aðaláfrýjendum eftir mati Hæstaréttar.

Í héraði kröfðust aðaláfrýjendur niðurfellingar skattfjárhæðar, er nam alls kr. 656.505.00. Hér fyrir dómi verður að miða við þá fjárhæð.

Þótt ríkisskattanefnd hafi ekki enn fjallað um skattkæru aðaláfrýjenda, þykja ákvæði 10. gr. 1. málsgr. laga nr. 44/1957, sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 95/1957, ekki vera málsókn þessari til fyrirstöðu, enda er í máli þessu eingöngu fjallað um skattskyldu aðaláfrýjenda og mat á tilteknum skattandlögum.

I. Um aðalkröfuna.

Með 12. gr. laga nr. 22/1950 var lögfestur sérstakur eignaskattur. Skattur þessi skyldi goldinn á 20 árum, og er leitt í ljós, að um það bil þriðjungur hans er nú goldinn, en um tveir þriðju ógoldnir, og á þetta m. a. við aðaláfrýjendur, sem einnig voru gjaldendur stóreignaskatts samkvæmt lögum nr. 22/1950.

Með lögum nr. 44/1957 um skatt á stóreignir er lagður á svipaður eignarskattur. Þar sem mismunandi reglur gilda um mat á verðmætum þeim, sem sæta skattinum samkvæmt

þessum tvennum lögum, er örðugt að bera skattstigana saman. Hins vegar er leitt í ljós, að skatturinn samkvæmt lögum nr. 22/1950 muni hafa numið um 48 millj. kr. Álagður skattur samkvæmt lögum nr. 44/1957 mun hafa numið röskum 136 millj. kr., en gagnáfrýjandi hefur skýrt svo frá, að eftir afgreiðslu skattstjóra á kærum út af skattinum hafi hann lækkað niður í röskar 125 millj. kr.

Lög nr. 44/1957 eru sérstæð og óvenjuleg skattalög, m. a. að því leyti, að þau leggja á sérstakan eignarskatt til viðbótar við hinn almenna eignarskatt samkvæmt lögum nr. 46/1954. Skattgjaldendur eru heldur ekki hinir sömu og þeir, sem eru skattaðiljar samkvæmt hinum almennu eignarskattslögum, þar sem skýra verður lögin svo, eins og síðar verður rakið nánar, að einstaklingar, en ekki félög, séu skattgjaldendur. Þá gilda og sérstæðar reglur um skattmat verðmæta svo og um greiðslu skattsins og ábyrgð á greiðslu hans. Eru reglur þessar svipaðar þeim, sem greinir í 12. gr. laga nr. 22/1950. Þess er að geta, að gjaldandi nýtur að flestu leyti lakari kjara um greiðslu skattsins samkvæmt lögum nr. 44/1957 en samkvæmt lögum nr. 22/1950. Er ástæða til að benda á það sérstaklega, að samkvæmt lögum nr. 59/1950 var gjaldanda stóreignaskatts heimilt að afhenda fasteignir til greiðslu skattsins með því matsverði, sem ákveðið var í lögum nr. 22/1950. Slíkt ákvæði er ekki í lögum nr. 44/1957, en hins vegar getur hluthafi, sem hlutafélag krefur um greiðslu á skatti, er það hefur þurft að svara til samkvæmt 7. gr. laga nr. 44/1957, afhent hlutafélaginu hlutabréf sín til greiðslu þessarar á því verði, sem hlutabréfin eru metin til skattsins.

Ákvæði laga nr. 22/1950 um stóreignaskatt voru að nokkru leyti reist á þeirri röskun á efnahagskerfi íslenzks þjóðfélags, sem varð á styrjaldarárunum. Að nokkru leyti átti skatturinn rót sína að rekja til gengislækkunar þeirrar, sem framkvæmd var með þeim lögum, en þá var gengi íslenzkrar krónu fellt um 42,6%. Atvik að setningu laga nr. 44/1957 og hagrænar forsendur þeirra eru að ýmsu leyti aðrar en laga nr. 22/1950, en þessum atriðum svo og

tengslum laga nr. 44/1957 við aðra löggjöf um efnahagsmál er lýst rækilega í héraðsdómi.

Af hálfu aðaláfrýjenda er því haldið fram, að skattastefna laga nr. 44/1957 sé með þeim hætti, að lögin gangi í frumatriðum og í heild sinni í berhögg við 67. gr. stjórnarskrárinnar og þann jafnréttisgrundvöll, sem markaður sé með því ákvæði. Beri því að virða lögin að vettugi og fella niður skatta aðaláfrýjenda. Hafa aðaláfrýjendur síðan sérgreint það, hvaða atriði í lögunum þeir telji einkum varða því, að lögin séu andstæð stjórnarskrá, og eru þau sjónarmið flest og andsvör gagnáfrýjanda reifuð skilmerkilega í héraðsdómi. Samt sem áður þykir rétt að fara nokkrum orðum um hvert þessara atriða, og taka afstöðu til þeirra hvers út af fyrir sig og allra saman.

1. Mismunun félagsforma.

Samkvæmt 4. gr. 1. málsgr. laga nr. 44/1957 skal skipta hreinum eignum félaga, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laganna, niður á „eigendur félaganna", í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu. Sá fyrirvari er þó gerður í 4. gr. 2. málsgr., að ekki skuli telja með eign félags sameignarsjóði, sem samkvæmt landslögum er óheimilt að skipta milli félagsmanna við félagsslit, og er um það efni vísað til laga nr. 46/1937 um samvinnufélög. Fallast verður á þá skoðun aðaláfrýjenda, að með þessari tilhögun séu varasjóðir og aðrir óskiptilegir sameignarsjóðir samvinnufélaga algerlega þegnir undan skatti samkvæmt lögum nr. 44/1957, en ljóst er, að hinn almenni eignarskattur samkvæmt lögum nr. 46/1954 er lagður á slíka sjóði. Samkvæmt gögnum málsins eiga hlutafélög eftir lögum nr. 44/1957 að svara til skatts, sem nemur röskum 81 millj. kr., en samvinnufélög skulu standa skil á sköttum, sem nema 312.000 kr. Ekki hefur verið leitt í ljós, hverju óskiptilegir sameignarsjóðir samvinnufélaga hafi numið miðað við 31. desember 1956. Með ákvæði 4. gr. 2. málsgr. laga nr. 44/1957 er að vísu vikið frá þeim

grundvelli, sem eignarskatturinn almenni er reistur á, og verður því ekki neitað, að þessum félagsformum er gert mishátt undir höfði með þessum skattháttum. Allt að einu er ekki unnt að telja lög nr. 44/1957 ógilda réttarheimild af þeim sökum, enda ber, svo sem greint verður í II hér á eftir, að skýra 4. gr. þeirra laga svo, að eign félagsmanna í hlutafélagi sé miðuð við sannvirði hlutabréfs hans.

2. Ákvæði 3. gr. laga nr. 44/1957.

Samkvæmt þessari grein eru innstæður þær í lánsstofnunum, er greinir í 3. kafla laga nr. 46/1954, undanþegnar stóreignaskatti. Auk þess eru ríkisskuldabréf og skuldabréf með ríkisábyrgð undanþegin skattinum eftir sömu reglum. Er fjallað nánar um þessa skattundanþágu í 55. gr. reglugerðar nr. 147/1955 og 7. gr. reglugerðar nr. 95/1957. Ákvæði þetta getur leitt til mismununar milli skattgjaldenda, og gerir það hlut þess manns betri, sem t. d. á ríkisskuldabréf, en hins, sem á skuldabréf óveðtryggt, tryggt með veði í fasteign án ríkisábyrgðar. Allt að einu þykir ekki unnt að hnekkja lögunum í heild sinni vegna þessa ákvæðis.

3. Verðmætismat við skattákvörðun samkvæmt lögum nr. 44/1957.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, er því haldið fram af hendi aðaláfrýjenda, að skatturinn sé að ýmsu leyti ekki lagður á raunverulegar eignir skattgjaldenda, enda sé mat skattandlaga handahófskennt. Auk þess sé skattgjaldendum mismunað, með því að sumar skattskyldar eignir eru ekki taldar við ákvörðun skattsins með fullu matsverði.

Þess er fyrr getið, að í reglum laga nr. 44/1957 er hvikað í veigamiklum atriðum frá verðmætisreglum hinna almennu eignarskattslaga og nýjar reglur settar að stofni til. Um skattmat á hlutabréfum verður fjallað sérstaklega í II hér á eftir, en að mati á nokkrum öðrum verðmætum verður vikið hér á eftir.

Samkvæmt 2. gr. 1. tölulið laga nr. 44/1957 skal landsnefnd sú, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 33/1955, end-

urskoða mat á lóðum og hækka það, ef henni lízt svo, en við þá hækkun á síðan að bæta 200% álagi samkvæmt 3. málsgr. 1. töluliðs 2. gr. Endurskoðunarstarf landsnefndar er hér einskorðað við eina tegund eigna, lóðir. Þá er það ákvæði 2. gr. 1. tölulið, að draga skuli 20% frá fasteignamatsverði frystihúsa, sláturhúsa „og annarra húseigna, sem notaðar eru fyrir vinnslustöðvar sjávarafurða og landbúnaðarafurða", en bæta síðan 200% álagi á það verð, sem þannig er fundið. Samkvæmt 2. gr. 2. tölulið skulu fiskiskip og flugvélar teljast til skatts með vátryggingarverði, að frádregnum 40%, en önnur skip en fiskiskip skulu talin á vátryggingarverði, að frádregnum 25%.

Um lóðarmatið er þess að geta, að ekki hafa verið lögð fram gögn um framkvæmd þess, og er því ekki unnt að taka tillit til þessa atriðis að svo vöxnu máli. Um hin atriðin er það sýnilegt, að með ákvæðum 2. gr. er verið að koma í veg fyrir, að skatturinn lendi með fullum þunga sínum á tilteknum eignum, sem notuð eru við atvinnustarfsemi, sem ríkisvaldið vill hlynna að. Með þessu ákvæði er verið að gera skattgjaldendum mishátt undir höfði. Því hefur ekki verið hnekkt, að ákvæði þetta hvíli á málefnislegu löggjafarmati, og er ekki unnt að telja lögin ógilda réttarheimild vegna þessarar tilhögunar á ákvörðun verðmæta, sem sæta sköttum. Þessar almennu athugasemdir girða hins vegar ekki fyrir, að unnt sé að bera undir dómstóla skattmat á einstökum verðmætum, sem skattur er á lagður og um er fjallað í 2. gr. laganna.

4. Skatthæð og fjöldi skattgreiðenda. Tengsl laga nr. 22/1950 og laga nr. 44/1957.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 44/1957 greiðist skattur sá, sem lögin mæla um, af hreinni eign gjaldanda, svo sem hún er talin eftir lögunum, umfram 1 millj. kr. Nemur skatturinn 15% af eign, sem er umfram 1 millj. kr. allt að 1½ millj. kr. Af 1½—3 millj. kr. eign greiðist 75 þús. kr. af 1½ millj. kr. og 20% af afgangi. Af 3 millj. kr. eign og þar yfir greiðist 375 þús. kr. af 3 millj. kr. og 25% af afgangi. Hámarksskattur nemur því 25% af eign.

Samkvæmt skýrslu löggilts endurskoðanda, sem er meðal gagna málsins og er óvéfengd að þessu leyti, hefur stóreignaskattur samkvæmt lögum nr. 44/1957 verið lagður í 604 einstaklinga og 5 erlend hlutafélög, en alls verða 674 hlutafélög að svara til skattsins og 20 samvinnufélög.

Af hálfu aðaláfrýjenda hefur því verið haldið fram, að skattur samkvæmt lögum nr. 44/1957 lendi á svo fáum skattaðiljum, að við hann væri ekki hlítandi fyrir þá sök vegna ákvæða 67. gr. stjórnarskrárinnar, með því að hér væri í raun og veru um eignarnám eða eignarupptöku að tefla. Væri þetta enn ljósara, þegar virt væri, hve skammt væri milli þessara tveggja stóreignaskattslaga, sem hér hefur verið vikið að, enda ættu aðaláfrýjendur enn ógoldinn um það bil tvo þriðju hluta skatts samkvæmt lögum nr. 22/1950, svo sem áður greinir.

Þótt skattgjald samkvæmt lögum nr. 44/1957 sé allhátt í sjálfu sér, verður að fallast á þá skoðun héraðsdómara, að rök bresti til þess að hrinda lögunum samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar af þeim sökum, enda er skattgjaldið ekki svo hátt, að lagt verði á borð við upptöku fjár. Með því að leggja háa eignarskatta á eignir manna með stuttu árabili er hins vegar að sjálfsögðu unnt að fara á svig við greint ákvæði stjórnarskrárinnar. Eins og hér stendur á, þykja aðaðáfrýjendur samt ekki hafa sýnt fram á, að skattur samkvæmt lögum nr. 44/1957 feli í sér slíka eignartöku, sem 67. gr. stjórnarskrárinnar tekur til, þótt fyrri stóreignarskattur sé ógoldinn.

5. Ákvæði 9. gr. laga nr. 44/1957.

Í þessu ákvæði segir svo, að skatti, sem innheimtist samkvæmt lögunum, skuli skipt þannig, að þriðjungur renni til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands, en tveir þriðju hlutar til byggingarsjóðs ríkisins. Af hendi aðaláfrýjenda er því haldið fram, að í ákvæði þessu felist það, að ekki sé verið að afla ríkissjóði tekna með framlögum gjaldenda samkvæmt lögum nr. 44/1957, heldur sjóðum með sjálfstæðu verksviði, og helgist eignartaka í þarfir sjóða þessara ekki af almennum reglum um heimild til skattlagningar. Eigi

þetta að leiða til ógildis laga nr. 44/1957 samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Af ákvæði 6. gr. 2. málsgreinar laga nr. 44/1957 er það þegar sýnt, að ríkissjóður er skattkrefjandi. Verður að skýra ákvæði 9. gr. laganna svo, að með því sé löggjafinn að ráðstafa fyrirfram skatttekjum ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum. Ákvæði 9. gr. laga nr. 44/1957 varða því ekki ógildi laganna.

Svo sem greint er hér að framan, fela ýmsar reglur laga nr. 44/1957 það í sér, að þeim skattaðiljum, sem greindir eru í hinni almennu eignarskattslöggjöf, einstaklingum og félögum, er gert mishátt undir höfði, og auk þess er hér um sérstaka skattlagningu að ræða á eignum, sem framkvæmd er, þótt fá ár séu liðin frá því að hliðstæður skattur var á lagður. Þótt atriði þessi séu virt í heild sinni, þykir ekki alveg fullnægjandi ástæða til að telja, að skattastefna laga nr. 44/1957 sé andstæð 67. gr. stjórnarskrárinnar. Aðalkrafa aðaláfrýjenda verður því ekki tekin til greina.

II. Um varakröfuna.

Samkvæmt ákvæðum 1. og 4. gr. laga nr. 44/1957 svo og vegna ákvæðis 7. gr. um endurkröfurétt hlutafélaga á hendur hluthöfum, verður að fallast á þann skilning héraðsdómara, að skattskylda samkvæmt lögunum hvíli á hluthöfum, en ekki hlutafélögum. Ennfremur ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdómara, að skatt af hlutafjáreign skuli miða við sannvirði hlutabréfa, enda samrýmast reglur 4. gr. 1. málsgr. um skattmat á eign hluthafa í hlutafélagi ekki 67. gr. stjórnarskrárinnar. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta úrlausn héraðsdómara um varakröfuna.

Eftir atvikum er rétt, að hver aðilja beri sjálfur kostnað af máli þessu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hver aðili beri sjálfur kostnað af máli þessu fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Jónatans Hallvarðssonar og Þórðar Eyjólfssonar.

Eigi verður talið, að annmarkar á lögum nr. 44/1957 séu svo miklir, að lögin í heild séu ógild samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Verður aðalkrafa aðaláfrýjenda því eigi tekin til greina.

Samkvæmt því ákvæði 7. gr. laga nr. 44/1957, að félög hafi „rétt til þess að endurkrefja félagsmenn eða hluthafa um þær skattupphæðir, er þau þurfa að greiða vegna eigna þeirra í félögunum", er ótvírætt, að við ákvörðun slíks skatts ber, svo sem í héraðsdómi greinir, að líta á umrædda einstaklinga, en eigi félögin, sem skattgjaldendur. Þá er og rétt sú úrlausn héraðsdómara, að skatt af hlutafjáreign skuli miða við sannvirði hlutabréfanna, enda geta skattmatsreglur 1. mgr. 4. gr. nefndra laga eigi, að því er hlutafjáreign varðar, samrýmzt ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. ágúst 1958.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. f. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Guðmundi Guðmundssyni húsgagnasmið, Víðimel 31, og Trésmiðjunni Víði h.f., báðum hér í bæ, með stefnu, dagsettri 16. maí þ. á., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Stefnendur gera þessar dómkröfur:

I. Aðallega, að skattur sá að fjárhæð samtals kr. 656.505.00, sem stefnendum hefur verið gert að greiða samkvæmt lögum nr. 44 3. júní 1957 um skatt á stóreignir, verði með öllu felldur niður.

II. Til vara:

1. Að hlutabréf stefnanda, Guðmundar Guðmundssonar, í Trésmiðjunni Víði h.f., verði reiknuð honum til eignar á nafnverði, kr. 52.000.00, samkvæmt ákvæði e-liðar 19. gr. laga nr. 46/1954 og að skattur hans verði lækkaður samkvæmt því. Verði ekki fallizt á þessa kröfu, krefjast stefnendur þess, að skattur af hlutabréfaeign Guðmundar verði felldur niður og lagt fyrir skattstjórnarvöld að ákveða skattinn af nýju samkvæmt sannvirði hlutabréfanna.

2. Að framangreind skattfjárhæð verði að öðru leyti lækkuð til mikilla muna eftir mati dómsins.

Loks krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostntaðar úr hendi þeirra eftir mati dómarans.

Samkvæmt ósk aðilja hefur sakarefni verið skipt samkvæmt heimild í 71. gr. laga nr. 85/1936, og verður í þessum þætti málsins einungis fjallað um þá kröfuliði stefnenda, sem greinir í I og II, þ.e.a.s. aðalkröfuna og fyrri lið varakröfunnar.

Tildrög málsins eru þessi:

Með lögum nr. 44 frá 3. júní 1957 um skatt á stóreignir var lagður sérstakur skattur á eignir allra einstaklinga, sem áttu meira en eina milljón króna í hreinni eign, og geyma lögin ýmis fyrirmæli um það, hvernig sá skattstofn skuli fundinn. Meðal annars er svo mælt í 1. mgr. 4. gr. laganna, að hreinum eignum félaga — en verðmæti eignanna er ákveðið samkvæmt fyrirmælum sömu laga — skuli skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hluta- eða stofnfjáreign hvers eiganda um sig, og skuli þessi eignarhluti hinna einstöku félagsmanna eða hluthafa teljast með öðrum eignum skattþegns við ákvörðun skattfjárhæðar. Skattstjórinn í Reykjavík ákveður skattinn samkvæmt 10. gr. laganna, en ákvörðunum hans má skjóta til ríkisskattanefndar. Loks má áfrýja úrskurðum ríkisskattanefndar til dómstólanna.

Skattstjórinn í Reykjavík mat grunnskatteign stefnanda, Guðmundar Guðmundssonar, alls kr. 4.126.024.00. Fékkst sú fjárhæð með þeim hætt, að hlutabréfaeign hans í Trésmiðjunni Víði h.f., að nafnverði kr. 52.000.00 — alls var hlutaféð að nafnverði kr. 60.000.00 — var metin honum til eignar samkvæmt reglu 1. mgr. 4. gr. laga nr. 44/1957 á kr. 563.474.00, en aðrar eignir hans voru taldar nema kr. 3.562.550.00. Samkvæmt 5. gr. sömu

laga varð skattur Guðmundar þannig samtals kr. 656.505.00. Þegar skattinum hafði verið skipt með þeim hætti, sem boðið er í 7. gr. laganna, varð skattfjárhæð stefnanda Guðmundar af annarri eign en hlutabréfum kr. 515.637.00, en skattur vegna hlutabréfaeignar kr. 140.868.00. Þar af átti stefnandi Trésmiðjan Víðir h.f. að annast greiðlsu á kr. 140.733.00 samkvæmt ákvæði 7. gr. laganna um greiðslur félaga. Tilkynningar um skattinn voru sendar stefnendum með ábyrgðarbréfi, dagsettu 15. febr. þ. á., og hafa þeir kært skattálagninguna til skattstjóra samkvæmt 1. mgr. 10. gr. sömu laga og munu kærurnar vera enn til athugunar hjá honum. Jafnframt því hafa stefnendur höfðað mál þetta til ógildingar á skattálagningunni í heild eða að hluta og gert þær dómkröfur, sem að framan greinir.

Aðalkrafan:

Þessi krafa stefnenda er á því byggð, að skattstefna laga nr. 44/1957 brjóti í bág við 67. gr. stjórnarskrárinnar nr.33 frá 1944 og beri því að fella skatt þeirra að öllu leyti niður. Í nefndri grein sé svo mælt, að eignarrétturinn skuli vera friðhelgur og að enginn verði skyldaður til þess að láta af hendi eign sína nema almennings þörf krefji, enda komi fullt verð fyrir. Þetta fyrirmæli sé þannig einn af hornsteinum þjóðskipulags íslenzka ríkisins og sá grundvöllur, sem þjóðhagskerfið sé byggt á. Eigi að síður megi að sjálfsögðu leggja skatta á þegnana, til þess að standa straum af þeim kostnaði, sem leiðir af opinberum rekstri. Skattálagning sú, sem lög nr. 44/1957 mæli fyrir um, gangi hins vegar langt út yfir þau takmörk, sem ákvæði stjórnarskrárinnar heimili, því auk gífurlegrar skattfjárhæðar feli ákvæði laganna bæði í sér misrétti og óréttlæti gagnvart þegnum ríkisins.

Til stuðnings þessum fullyrðingum benda stefnendur í fyrsta lagi á það, að samkvæmt viðurkenndum skýringarreglum sé skattur gjald til hins opinbera, sem fengið sé með því að leggja jafna og almenna fjárhagsbyrði á alla þá, sem eins séu settir fjárhagslega. Fullnægi lagaákvæði um fjárhagsálögur hins opinbera ekki þessum skilyrðum, sé ekki um skatt að ræða, heldur eignarnám, er óheimilt sé samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem ekki komi á móti endurgjald. Nú sé það að vísu svo samkvæmt ákvæðum laga nr.44/1957 um skatt á stóreignir, að skatturinn sé lagður á einstaklinga. Eigi að síður lendi hann með öllum þunga sínum á hlutafélögum, en samvinnufélög eða félagsmenn þeirra sleppi aftur á móti raunverulega við skattgreiðslu. Þetta sjáist glöggt á því, að af heildarskattfjárhæð-

inni, sem talin sé vera um það bil 136 millj. króna, greiði hlutafélögin raunverulega rúmlega 81 millj. króna, en samvinnufélögin hins vegar aðeins 312 þús. krónur. Þetta ósamræmi verði þó enn skýrara, þegar þess er gætt, að samvinnufélögin muni vera, þegar allt kemur til alls, stærsti atvinnurekandinn á landi hér og eiga mestar eignir. Þá beri og að líta á það, að síðastnefnd félög hafi einnig sloppið við stóreignaskatt þann, sem á var lagður samkvæmt lögum nr. 22 frá 1950 og sé því enn aukið á það misræmi milli hlutafélaga og samvinnufélaga, sem þá hafi verið látið viðgangast. Þessi mismunur leiði til þess, að rekstri hlutafélaga og einstaklinga verði ekki haldið uppi í samkeppni við samvinnufélögin, ef þau síðarnefndu eigi ætíð að sleppa við alla skatta af sömu verðmætum, sem aðrir aðiljar verði að greiða hátt skattgjald af. Ákvæði laga nr. 44/1957 mismuni þannig hliðstæðum gjaldendum á hinn herfilegasta hátt, þar sem lögin fylgi ekki þeirri höfuð skattreglu að leggja jafna og almenna fjárhagsbyrði á alla þá, sem séu jafnt settir fjármunalega séð, og brjóti skattstefna laganna þannig í bág við það jafnrétti, sem skylt sé að halda í heiðri samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Í öðru lagi reisa stefnendur rök sín fyrir ógildi skattálagningarinnar á því, að skattfjárhæðir þær, sem lagðar eru á gjaldendur, séu hærri en nokkur dæmi séu til í íslenzkri skattalöggjöf, því að alls nemi stóreignaskaturinn, svo sem greint var, um 136 millj. króna, en gjaldendur séu 609. Hér verði því ekki talið, að um skattgjald sé að ræða, heldur upptöku eigna, sem óheimil sé að stjórnskipunarlögum. Komi þetta enn betur í ljós, þegar þess sé gætt, að eigi séu nema 7 ár síðan stóreignaskatturinn samkvæmt lögum nr. 22/1950 var lagður á, en sá skattur sé enn ógoldinn að ⅔ hlutum samkvæmt ákvæðum sömu laga, enda hafi sú skattlagning m. a. verið réttlætt með því, að slíkur skattur yrði aðeins lagður á í þetta eina sinn. Þá telja stefnendur, að það sé hrein fjarstæða, sem byggt sé á í greinargerðinni fyrir frumvarpi að lögum nr. 44/1957, að skattálagningin muni sporna við verðbólgu. Þvert á móti telja þeir, að skatturinn á stóreignir, sem ganga á til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og í byggingasjóð ríkisins, muni stuðla að aukinni verðbólgu, þar sem skattfé gangi beint til fjárfestingar.

Loks halda stefnendur því fram, að í mörgum tilfellum sé skatturinn ekki lagður á raunverulegar eignir skattgreiðanda. Eignir þeirra séu bæði hækkaðar í mati af hreinu handahófi

og auk þess sé eign eins aðilja notuð sem skattstofn við skattálagningu á annan aðilja.

Af hálfu stefnda er því eindregið mótmælt, að skattstefna laga nr. 44/1957 eða einstök ákvæði þeirra brjóti á nokkurn þann hátt í bága við fyrirmæli 67. gr. stjórnarskrárinnar, að valdið geti ógildingu laganna, sem sett séu á fullkomlega stjórnskipulegan hátt. Það hafi aldrei verið talið vafamál, að löggjafarvaldinu væri heimilt, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar, að skylda þegna ríkisins til þess að leggja fram verðmæti til þarfa þess og opinbers reksturs. Ákvæðin um þær álögur séu hins vegar með ýmsum hætti, svo sem skattar, tollar eða útsvör. Flestir séu þessir skattar lagðir á eftir efnahagslegum mælikvarða og föstum reglum, sem löggjafarvaldið setji, þannig, að þeir leggist jafnt á þá hópa þjóðfélagsþegnanna, sem séu svipað settir fjárhagslega, en þó feli löggjafarvaldið stundum öðrum aðiljum að ákveða álagningarreglurnar og þá skattfjárhæðina, samanber lög um útsvör, og geti þá þannig farið, að menn með jafna fjárhagsstöðu greiði mishá opinber gjöld einungis vegna þess, hvernig búsetu þeirra kann að vera háttað. Enginn hafi þó dregið í efa gildi slíkra skattálagningar. Í nútíma þjóðfélagi sé það ein af skyldum ríkisvaldsins að hafa sem bezta gát á heildarrekstri þjóðarbúsins. Af því leiði, að löggjafarvaldinu sé heimilt að gera margvíslegar efnahagsráðstafanir, sem hafi í för með sér flutning fjármagns milli þegna þjóðfélagsins. Hafi þetta ætíð verið talið gilt, þrátt fyrir ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar og ríkisvaldinu þá jafnframt talið heimilt og rétt að taka til sín nokkurn hluta þess óeðlilega hagnaðar, sem myndaðist hjá sumum þegnunum við slíkar aðgerðir. Þannig hafi verið farið að með ákvæðum laga nr. 128/1947 um eignaaukaskatt og lögum nr. 22/1950 um stóreignaskatt. Þetta sé enn gert með lögum nr. 44/1957 um skatt á stóreignir, en þau séu liður í víðtækum ráðstöfunum stjórnvalda til úrbóta á fjárhagskerfi ríkisins og liggi sömu ástæður til grundvallar þeim og lögunum frá 1950. Þessum ráðstöfunum hafi verið hleypt af stokkunum með lögum nr. 86/1956 um útflutningssjóð o. fl. og enn haldið áfram með hinum nýju lögum um sama efni nr. 36/1958. Hér sé þannig um fullkomlega heimila gjaldaálagningu að ræða, sem aðeins teljist til hinna almennu takmarkana á eignarrétti manna, en eigi til eignaupptöku í skilningi 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá mótmælir stefndi því, að ógilding skattálagningar samkvæmt lögum nr. 44/1957 verði byggð á því, að lögin mismuni svo mjög

skattþegnum, þ. e. samvinnufélögum og hlutafélögum. Skatturinn sé að vísu lagður á einstaklinga, en hvort tveggja félögin taki þátt í greiðslu hans, þótt á sérstakan hátt sé. Eignir beggja séu metnar eftir sömu reglum og félögin hafi öll saman rétt til þess að endurkrefja skatt þann, sem þau eigi að standa skil á. Þó verði hlutur samvinnufélaganna að því leyti verri, að þau geti aðeins endurheimt hluta af skatti þeim, er þau annist greiðslu á. Þá falli skatturinn fjárhagslega jafnt á alla þá, sem skattskyldir séu og búi við sama fjárhag, en ástæðan til þess, að hærri skattfjárhæðir komi á hluthafa í hlutafélögum en félagsmanna í samvinnufélögum sé aðeins sú, að hinir fyrrnefndu eigi meiri eignir.

Enn andmælir stefndi því, að skattgjaldið sé svo hátt, að það geti eigi af þeim sökum talizt skattur. Bendir hann í því sambandi á það, að samkvæmt álagningu skattstjórans í Reykjavík hafi skattfjárhæðin alls numið um 135 millj. króna. Gera megi hins vegar ráð fyrir því, að sú fjárhæð lækki um 15 til 20%, þegar allar skattkærur hafi verið úrskurðaðar. Verði skattfjárhæðin þá eigi miklu hærri en tekju- og eignarskattur ársins 1958, sem áætlaður hafi verið um 118 millj. króna, en söluskatturinn einn þetta sama ár 115 millj. króna. Þetta fé verði skattþegnarnir að greiða á einu ári auk allra útsvaranna, sem numið hafi í Reykjavík einni um 200 millj. króna árið 1957. Skatt samkvæmt lögum nr. 44/1957 eigi hins vegar að greiða á 10 árum og skipti hér engu máli, hversu háttað sé greiðslum á stóreignaskattinum samkvæmt lögum nr. 22/1950, enda geti sú skattálagning eigi á neinn hátt valdið ólögmæti þeirra skatta, sem hér sé um að ræða. Þvert á móti liggi að mörgu leyti sömu ástæður til grundvallar lögum nr. 44/1957 og lögum nr. 22/1950 og algerlega haldlaus sú staðhæfing stefnenda, að stóreignaskatturinn samkvæmt fyrrnefndu lögunum leiði aðeins til verðbólgu og tjóns fyrir allan almenning. Þá skipti það eigi máli að lögum til hverra nota skattféð eigi að renna, enda sé ráðstöfun sú, sem lögin mæla fyrir um, í fullu samræmi við hagsmuni þjóðarinnar. Loks mótmælir stefndi því eindregið, að skatturinn sé eigi lagður á raunverulegar eignir þeirra, sem skattinn eiga að greiða, enda geymi lögin skýr ákvæði um það, á hvaða eignir skuli leggja skatt og hvernig grunnskatteignirnar skuli metnar til peningaverðs.

Í 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 frá 1944 er svo mælt, að eignarrétturinn sé friðhelgur og að ekki megi skylda neinn til þess að láta eign sína af hendi, nema almenningsþörf krefji, enda sé fyrir hendi lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir eign þá,

sem tekin er. Þetta ákvæði er þó ekki því til fyrirstöðu, að þegnar ríkisins séu krafðir um skatta og önnur gjöld til opinberra þarfa, svo sem útsvör o. fl., enda gera 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar ráð fyrir því, að skattar séu lagðir á þegnana, en mæla aðeins svo fyrir, að það skuli gert með lögum. Um hámark skattfjárhæðar eru hins vegar engin ákvæði í stjórnskipunarlögum og verður að telja, að almenni löggjafinn hafi nokkuð frjálsar hendur í mati sínu á skattþörf ríkisins, og geti lagt allverulegar skattkvaðir á almenning til þess að standa straum af og mæta þeim útgjöldum, sem heildarrekstur þjóðarbúsins hefur í för með sér, eins og hlutdeild ríkisvaldsins í þjóðarbúskapnum er nú háttað. Verður eigi talið, að ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar skjóti loku fyrir það, að menn verði að þola slíkar álögur, svo sem er um ýmsar aðrar takmarkanir á eignarréttinum, enda séu skattarnir lagðir á eftir almennum efnahagslegum mælikvarða, en ekki á einstaka aðilja af handahófi.

Ágreiningslaust er, að lög nr. 44 frá 3. júní 1957 um skatt á stóreignir séu sett á stjórnskipulegan hátt og er skattálagning samkvæmt þeim því byggð á formlega löglegri heimild.

Með lögum nr. 86/1956 um útflutningssjóð o. fl. voru lögteknar ýmsar ráðstafanir, sem ætlað var að tryggja rekstur þeirra atvinnuvega, sem framleiddu vörur til útflutnings, og koma í veg fyrir verðbólgu þá, sem stöðugt átti sér stað. Meðal annars var breytt verðgildi íslenzkrar krónu að því leyti, að sett var 16% yfirfærslugjald á söluverð alls erlends gjaldeyris með þeim undantekningum þó, sem greint er í 16. gr. laganna. Höfðu ákvæði laga þessara í för með sér ýmsar breytingar á fjárhagskerfi ríkisins. Þessi lagasetning svo og lög nr. 85 frá 22. desember 1956 um festingu verðlags og kaupgjalds átti, svo sem greint var, að miða að því að stöðva verðbólguna og koma efnahagsmálum ríkisins á traustari grundvöll, með því að afla fjármagns til þess að jafna halla þann, sem orðinn var á útflutningsframleiðslunni. Þegar nefnd löggjöf var sett, var því lýst, að hún væri í víðtækari ráðstöfunum, sem gera ætti, og yrði m. a. síðar borið fram frumvarp til laga um skatt á stóreignir. Spruttu lög nr. 44/1957 um skatt á stóreignir síðan upp úr þessum sama jarðvegi. Í framhaldi af nefndum ráðstöfunum hafa nú á þessu ári verið sett ný lög, nr. 36 frá 1958 um útflutningssjóð o. fl. Með þeim lögum er enn haldið áfram stefnu laga nr. 86/1956 og nú gerðar enn víðtækari breytingar á raunverulegu verðgildi íslenzkrar krónu, þar sem yfirfærslugjaldið er bæði hækkað til mikilla muna og

mjög dregið úr undanþágum þeim, sem heimilar voru samkvæmt lögum nr. 86/1956. Má ætla, að þessar ráðstafanir leiði til þess, að verð eigna í krónutali hækki að mun. Með þessari löggjöf allri telja stjórnvöldin og löggjafinn sig stefna að því að koma meira jafnvægi á fjárhagskerfi ríkisins, er komi þjóðinni í heild að gagni. Öll þau atriði, er nú hafa verið rakin, þykir bera að hafa í huga, þegar meta skal lögmæti skattstefnu þeirrar, er felst í lögum nr. 44 frá 1957, og skattálagningu samkvæmt ákvæðum þeirra.

Svo sem að hefur verið vikið, verða skattar og opinber gjöld að miðast við það, að fjármunalega hliðstæðir aðiljar séu látnir njóta þess jafnræðis, sem unnt er og náð verður með lagafyrirmælum og skynsamlegri framkvæmd þeirra.

Eigi verður litið svo á, að rannsókn á ákvæðum laga nr. 44/1957 leiði til þeirrar niðurstöðu, að talið verði, að sú regla sé sniðgengin með ákvæðum laganna. Samkvæmt 5. grein þeirra er sama skattgjald lagt á sömu hreina eign hjá hverjum skattskyldum einstaklingi, en svo sem nánar verður rakið síðar verður að skýra ákvæði laganna á þá lund, að það séu aðeins einstaklingar, sem skattinn greiða, enda þótt félögum sé lögð sú skylda á herðar að annast greiðslu á nokkrum hluta hans. Þá verður eigi annað séð, en beitt sé hliðstæðri reglu gagnvart báðum, hlutafélögum og samvinnufélögum, þegar ákveðið er verðmæti eignarhlutdeildar einstakra hluthafa eða félagsmanna samkvæmt ákvæðum 4. gr. Er því ekki hægt að fallast á þá skoðun stefnenda, að ákvæði nefndra laga mismuni skattgreiðendum í heild í þeim mæli, að valda eigi ógildingu skattálagningarinnar. Skiptir eigi máli í þessu sambandi, þótt stefnendur kunni af öðrum ástæðum að geta véfengt verðmætisreglu 4. gr. laga nr. 44/1957, svo sem rætt verður nánar í sambandi við varakröfu þeirra.

Telja verður, að almenna löggjafanum sé frjálst að ákveða, hvernig tekjum ríkissjóðs er ráðstafað og þá einnig að ákveða, að þær skuli renna til þeirra nota, sem lög nr. 44/1957 mæla fyrir um, og getur það eigi ráðið úrslitum í þessu sambandi, hvort unnt reynist að ná þeim þjóðhagsmunalega árangri, sem löggjafinn telur sig stefna að.

Eigi verður því neitað, að skattstigi sá, sem lög nr. 44/1957 leggja til grundvallar skattálagningu, leiðir til þess, að skattgjaldið verður, í krónum talið, nokkuð hátt. En þegar virtar eru ástæður þær, sem að framan greinir, fyrir því að lögin voru sett, og í huga hafðar heimildir almenna löggjafans til skattálagningar al-

mennt, verður þó eigi talið, að skattstigi laganna sé með þeim hætti, að skattálagning samkvæmt þeim hafi í för með sér þá skerðingu á eignarrétti skattþegnanna, er brjóti í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Að vísu er tiltölulega skammur tími liðinn frá því, að lagður var stóreignaskattur á einstaklinga og félög með lögum nr. 22/1950, en sú skattálagning þykir þó eigi nægur grundvöllur til þess, að haggað verði í heild ákvæðum oftnefndra laga nr. 44/1957, og fær það eigi breytt þeirri niðurstöðu, þótt skattgjaldið samkvæmt fyrrnefndu lögunum sé eigi enn að fullu goldið.

Loks verður eigi talið, að verðmætisgrundvöllur sá, sem lög nr. 44/1957 mæla fyrir um, sé í heimild með þeim hætti, að óheimilt sé að nota hann sem skattgrundvöll og að skattur verði eigi að þeim sökum lagður á eftir ákvæðum laganna. Skiptir þar eigi máli, þótt einstök ákvæði laganna, er lúta að því, hversu finna skuli hreina eign skattgreiðanda, kunni að verða vefengd.

Með vísun til allra þeirra atviða, sem nú hafa verið rakin, verður niðurstaða dómsins sú, að ákvæði laga nr. 44/1957 brjóti hvorki í heild né að meginstefnu í bága við eignarréttarákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar, og verður aðalkrafa stefnenda samkvæmt því ekki tekin til greina.

Varakrafan:

Stefnendur styðja þann lið kröfu sinnar, sem nú verður dæmt um, þeim rökum, að skattur samkvæmt lögum nr. 44/1957 sé ótvírætt lagður á einstaklinga, en ekki félög. Það sé þess vegna með öllu óheimilt að skipta eignum hlutafélaga niður á hluthafana, svo sem boðið sé í 1. mgr. 4. gr. laganna og telja þær því næst með öðrum eignum hluthafans. Með þessum hætti sé verið að nota eign eins aðilja — hlutafélagsins — sem gjaldstofn fyrir skattgjaldi annars aðilja — hluthafans. Þá verði og að hafa það í huga, að eignir hlutafélagsins séu ekki nema að nokkru leyti mælikvarði á raunverulegt verðgildi hlutabréfanna og geti regla nefndrar 1. mgr. 4. gr. því leitt til þess, að hlutabréf verði ofmetin til eignar að miklum mun. Ákvæði hennar fái þannig eigi staðizt og verði því samkvæmt 1. mgr. 2. gr. sömu laga að beita ákvæði e-liðar 19. gr. laga nr. 46/1954 um tekju- og eignaskatt og leggja nafnverð hlutabréfa til grundvallar mati á verðmæti þeirra við skattálagningu. Telja stefnendur, að samkvæmt þessu beri að leggja nafnverð þeirra hlutabréfa, sem stefnandi Guðmundur Guðmundsson á í Trésmiðjunni Víði h.f., til grundvallar

mati á þeim hluta eignar hans og reikna skattinn samkvæmt því, bæði heildarskatt Guðmundar og þann hluta hans, sem Trésmiðjan Víðir h.f. á samkvæmt 7. gr. laga nr. 44/1957 að annast greiðslu á. Fallist dómurinn ekki á þessa skoðun, telja stefnendur, að meta beri, hvert sé sannvirði bréfanna og leggja skattinn á af nýju samkvæmt þeirri niðurstöðu, er þá fengist.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið stefnanda. Telur hann, að með ákvæðum 4. gr. laga nr. 44/1957 sé algerlega vikið til hliðar ákvæðum e-liðar 19. gr. laga nr. 46/1954 og sett fram ný og eðlileg regla um verðmætismat á hlutafjáreign í sambandi við skattálagningu eftir lögunum frá 1957 um skatt á stóreignir. Bendir hann í því sambandi á það, að samkvæmt lögum nr. 6/1935 um tekju- og eignaskatt hafi hlutabréf átt að metast til skatts með söluverði, ef sala hefði farið fram á árinu, en annars með áætluðu söluverði, og skyldi þá höfð hliðsjón af síðustu hlutabréfasölu, arðsúthlutun og efnahagsreikningi. Hafi það og verið mjög algengt, meðan nefnd regla var í gildi, að hlutabréfaeign manna væri metin á margföldu nafnverði og enginn talið það brjóta í bága við friðhelgi eignarréttarins. Verðgildisregla sú, sem sett sé í 4. gr. laga nr. 44/1957 sé þannig í alla staði réttmæt. Þá sé það fjarri því, að skattálagningin á hluthafann miðist við eign annars aðilja, hlutafélagsins. Samkvæmt 7. gr. laganna eigi hlutafélög sem önnur félög að standa skil á þeim hluta skatts, sem lagður sé á eign hluthafans í félaginu, og sé ljóst af ákvæðum laganna, að verið sé að skattleggja hlutafélagið, þótt með sérstökum hætti sé, þrátt fyrir ákvæði sömu greinar um endurheimturétt hlutafélagsins. Af þessum sökum komi ekki til álita að hagga að þessu leyti við verðmætisákvæðum 4. gr. laganna, enda hafi ekki verið sýnt fram á, að hlutabréf stefnenda hafi verið megin of hátt til skatts þess, sem þeim hafi verið gert að greiða samkvæmt nefndum lögum.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 44/1957 skal á árinu 1957 „leggja sérstakan skatt á eignir allra einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. og 2. kafla laga nr. 46/1954, og skal skattálagningin miðuð við eignir þeirra hinn 31. desember 1956".

Í 1. mgr. 4. gr. laganna segir svo: „Hreinum eignum félaga, reiknuðum samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu. Gildir þetta einnig um eign-

ir félaga, sem njóta undanþágu frá skatti samkvæmt sérstökum lögum".

Þá segir í 5. gr., að „af 1 milljón kr. hreinni eign hjá hverjum einstaklingi greiðist ..."

Upphaf 7. greinar sömu laga kveður svo á: „Félög skulu annast greiðslu á þeim hluta skatts, sem lagður er á félagsmenn þeirra eða hluthafa vegna eigna í félögum, þar með taldar hlutafjár- og stofnfjáreignir. Skal sá hluti skattsins innheimtur hjá félögunum. Slík útborgun frá félögum vegna félagsmanna eða hluthafa telst ekki skattskyld, hvorki sem arður til hluthafa né ráðstöfun á varasjóði. Félögin hafa rétt til þess að endurkrefja félagsmenn eða hluthafa um þær skattupphæðir, er þeir þurfa að greiða vegna eignar þeirra í félögunum, en eigi sæti þeir lakari greiðslukjörum en ákveðin eru samkvæmt 6. gr. ..."

Þegar virt eru ákvæði þau, er nú hafa verið rakin, verður, þrátt fyrir upphafsorð 7. gr., að skýra lög n. 44/1957 á þá lund, að skattur samkvæmt þeim sé lagður á einstaklinga, en eigi á félögin sjálf, þar sem þau samkvæmt öðrum ákvæðum 7. gr. geta endurheimt úr hendi hluthafa eða félagsmanna skattgjald það, sem þau eiga að standa skil á. Af verðmætisreglu 1. mgr. 4. gr. laganna leiðir hins vegar það, að eignir aðilja, sem ekki er skattskyldur, þ. e. a. s. hlutafélags, eru gerðar að beinum mælikvarða á verðmæti þeirra réttinda, sem hlutafjáreignin skapar hluthafanum, eins og um hreina eignarhlutdeild í sameignarfélagi væri að ræða. Nú þarf sannvirði hlutabréfs engan veginn að standa í réttu hlutfalli við nafnverð þess og hreina eign hlutafélagsins. Þar koma ýmis önnur sjónarmið til greina, svo sem arðgreiðsla, rekstur félagsins, lög þess og landslög. Má þar m. a. benda á ákvæði 7. gr. laga nr. 46/1954 um skattgreiðslur hluthafa við félagsslit. Geta ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 44/1957 þannig leitt til þess, að skattmat á hlutabréfum verði miklum mun hærra en sannvirði þeirra nemur. Slík skattregla fær samkvæmt grundvallarreglum laga eigi staðizt. Og þar sem henni hefur verið beitt við ákvörðun á verðmæti hlutabréfaeignar stefnanda Guðmundar Guðmundssonar í Trésmiðjunni Víði h.f., skattur lagður á samkvæmt þeim grundvelli og greiðsluskil hlutafélagsins við hann miðuð, þykir bera að fella skattálagninguna að því leyti úr gildi og leggja fyrir skattyfirvöld að ákveða skattinn af nýju. Er eðlilegast, enda í beztu samræmi við önnur verðgildisákvæði laga nr. 44/1957, að sannvirði hlutabréfanna sé lagt til grundvallar skattálagningu, en eigi nafnverð þeirra, svo sem stefnendur hafa gert kröfu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í þessum hluta málsins falli niður.

Hákon Guðmundsson kvað upp dóm þenna sem setuborgardómari samkvæmt umboðsskjali, dagsettu 17. júlí þ. á., en hinn reglulegi dómari, Einar Arnalds borgardómari, hafði með úrskurði, uppkveðnum 27. maí s.l., vikið sæti í málinu.

Dómsorð:

I. Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af aðalkröfu stefnenda, Guðmundar Guðmundssonar og Trésmiðjunnar Víðis h.f., í máli þessu.

II. Felld er niður framangreind skattálagning vegna hlutabréfaeignar Guðmundar Guðmundssonar í Trésmiðjunni Víði h.f., og ber skattyfirvöldum að ákveða skattinn af nýju og sé þá miðað við sannvirði hlutabréfa hans.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 5. desember 1958.

Nr. 77/1958. **Egill Vilhjálmsson h/f**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Samvinnutryggingum
(Vilhjálmur Jónsson hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1958 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1798.20 með 6% ársvöxtum frá 2. október 1956 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og að áfrýjanda

verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ef stefndi hefði bætt eiganda R 6631 með vátryggingarfé tjón það, sem varð á bifreiðinni af völdum starfsmanns áfrýjanda á atvinnustöð hans, hefði stefndi átt framkröfu á hendur áfrýjanda til greiðslu þess, samanber 25. gr. laga nr. 20/1954, og hefðu eigi verið efni til að fella þá bótaskyldu áfrýjanda niður. Áfrýjandi, sem bætt hefur tjónþolanda skaðann ,á því eigi kröfu á hendur stefnda vegna hans. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdómsins.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Egill Vilhjálmsson h/f, greiði stefnda, Samvinnutryggingum, málskostnað í Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. apríl 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., hefur Egill Vilhjálmsson h.f., Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. október 1956, gegn Samvinnutryggingum, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1798.20 með 6% ársvöxtum frá 2. október 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi rekur smurstöð á atvinnustöð sinni við Laugaveg hér í bænum. Hinn 29. ágúst 1956 bað verkstjóri smurstöðvarinnar starfsmanninn Tómas Hjaltason að fara út á bifreiðastæðið fyrir utan smurstöðina og aka jeppabifreiðinni R 5195, sem stóð þar til hliðar við innkeyrsluna, inn á smurlyftuna. En bifreið þessi var eign Rafmagnseftirlits ríkisins og skylduvátryggð hjá stefnda. Hefur nefndur Tómas komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann hafi farið upp í bifreiðina og stigið á „kúplinguna". Við það hafi bifreiðin runnið aftur á bak. Hafi hann litið út til að aðgæta, hvort nokkuð væri fyrir aftan, en kveðst ekkert hafa séð athuga-

vert. Á meðan bifreiðin var að renna aftur á bak, hafi hann ræst vélina, og um leið og hún fór í gang, hafi bifreiðin stöðvazt á einhverju. Kveðst hann þá hafa litið aftur út um afturrúðu bílsins, en ekkert séð. Taldi hann, að bifreiðin hefði stoppað á tunnu eða einhverju slíku, og kveðst því ekki hafa um það hirt að gæta frekar að því og ekið bifreiðinni inn á smurlyftuna. Er Tómas leit út á stæðið að því loknu, kveðst hann hafa séð bifreið standa á þeim stað, sem jeppinn stöðvaðist áður. Kveðst hann hafa farið að aðgæta bifreið þessa, sem reyndist vera R 6631, og komst að raun um, að vatnskassahlífin var brotin. Taldi hann líklegast, að krókur, sem var aftan á jeppanum, hefði rekizt í vatnskassahlífina, þegar jeppinn stöðvaðist á bifreiðinni.

Ekki er kunnugt um sjónarvotta að árekstri þessum. Samkvæmt skýrslu Tómasar Hjaltasonar mun bifreiðastjóri R 6631, hafa verið inni í smurstöðinni, er árekstur inn varð, og því heldur ekki séð, þegar hann átti sér stað. Við hinn munnlega málflutning upplýsti umboðsmaður stefnanda, að maður þessi, Karl Guðmundsson, væri erlendis og því ekki náðst skýrslur af honum. Hvorki skýrsla eða uppdráttur af árekstrinum hafa verið gerðar af hálfu lögreglunnar. Vitnið Tómas Hjaltason hefur hins vegar markað á blað stöðu bifreiðanna, eins og hann telur þær hafa verið, áður en hann hreyfði jeppann. Hvorugur málsaðilja hefur mótmælt uppdrætti þessum eða skýrslu vitnisins.

Stefnandi lét gera við skemmdirnar, sem urðu á bifreiðinni R 6631, sem var eign Árna Hallgrímssonar, Ásborg á Seltjarnarnesi. Er viðgerðinni var lokið, kveðst stefnandi hafa krafið stefnda um greiðslu á viðgerðarkostnaðinum, sem nam kr. 1.798.20. Stefndi hafi andmælt greiðsluskyldu sinni og neitað að greiða. Kveðst stefnandi þá hafa beint kröfu sinni gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f., en hjá því tryggingarfélagi hafði stefnandi keypt ábyrgðartryggingu vegna starfrækslu sinnar, en það félag hafi einnig neitað að greiða viðgerðarkostnaðinn með tilvísan í vátryggingarsamning þeirra. Er svo var komið, kveðst stefnandi ekki hafa séð sér fært annað en að afhenda eigandanum Árna Hallgrímssyni bifreiðina, enda þótt hann fengi ekki viðgerðarkostnaðinn greiddan um leið. Tók Árni Hallgrímsson því við bifreiðinni, en stefnandi höfðaði mál þetta á hendur stefnda til greiðslu viðgerðarkostnaðarins.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 36. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941 séu bifreiðaeigendur skyldir að vátryggja bifreiðar sínar fyrir ákveðna fjárhæð og

skuli með því tryggð greiðsla að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, sem gerð kann að vera á hendur ökumanni bifreiðar eða þeim, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slys eða tjón ber að höndum. Þessa vátryggingu hafi stefndi tekið að sér og þar með tekið á sig þá áhættu, sem þessi lagaákvæði leggja á þá, sem ábyrgð bera á bifreið. Óheimilt sé að skerða þessa ábyrgð vátryggingarfélagsins með ákvæðum í vátryggingarsamningi. Í umrætt sinn hafi bifreiðin R 5195 verið í umráðum hans samkvæmt 1. mgr. 35. gr. bifreiðalaganna. Hann hafi því verið ábyrgur gagnvart eiganda R 6631 fyrir tjóninu og því orðið að greiða viðgerðarkostnaðinn, sem í framkvæmd hafi verið hagað á þann hátt, að eigandanum hafi verið afhent bifreiðin viðgerð, þar sem stefnandi hafi sjálfur viðgerðarverkstæði. Við þetta hafi hann öðlazt kröfu á hendur stefnda, sem sé vátryggjandi bifreiðarinnar R 5195 samkvæmt lögum og vátryggingarskírteini stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína nú fyrst og fremst á því, að stefnandi sé ekki aðili að vátryggingarsamningi þeim, sem gerður hafi verið um skylduvátryggingu bifreiðarinnar R 5195, og sé stefnandi því ekki réttur aðili máls þessa. Í öðru lagi hefur hann mótmælt því, að stefnandi, sem beri ábyrgð á tjóninu, geti byggt rétt sinn á 1. mgr. 36. gr. bifreiðalaga. Það ákvæði sé sett til hagsbóta fyrir þá, er verða fyrir tjóni af völdum bifreiða, til þess að þeir fái tjón sín bætt. Hins vegar sé það ekki til þess sett að tryggja þeim, er tjóni valda, skaðleysi af skaðaverki, enda myndi slíkt leiða til óréttlátrar niðurstöðu. Að lokum er því haldið fram af hálfu stefnda, að starfsmaður stefnanda, Tómas Hjaltason, hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í akstrinum, er árekstrinum varð. Samkvæmt 8. mgr. 36. gr. bifreiðalaga svo og eftir a-lið 9. gr. vátryggingarskilyrða vátryggingarsamningsins um skylduvátrygginguna á R 5195 eigi stefndi í því tilviki, sem hér um ræðir, endurkröfu á hendur stefnanda, ef stefndi hefði bætt eiganda bifreiðarinnar R 6631 tjónið. Hljóti ákvæði þessi því einnig að leiða til sýknu.

Þessum sjónarmiðum hefur stefnandi mótmælt og jafnframt bent á, að krafa á hendur sér af hálfu stefnda myndi hafa verið felld niður samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954, ef stefndi hefði greitt tjónbæturnar og síðan sótt hann til endurgreiðslu, en af því leiði, að stefndi eigi í máli þessu að endurgreiða honum bæturnar.

Samkvæmt nefndu ákvæði öðlast vátryggingarfélag rétt vá-

tryggðs á hendur hinum bótaskylda, að svo miklu leyti, sem það hefur greitt vátryggðum bætur. Kjósi tryggður að beina kröfu sinni beint gegn hinum bótaskylda og fái bætur frá honum, er ábyrgð félagsins endanlega fallin niður. Stefnandi var bótaskyldur gagnvart eiganda R 6631 og einnig gagnvart eiganda R 5195 að svo miklu leyti, sem hann hefði greitt tjónið á R 6631. Þetta tjón hefur stefnandi sjálfur bætt að fullu án aðgerða stefnda, og koma því ákvæði 25. gr. laga nr. 20/1954 hér ekki til álita. Stefnandi var ekki aðili að skylduvátrygingarsamningi þeim, sem gerður var um bifreiðina R 5195. Og engin rök hníga að því, að hann geti byggt rétt á hendur stefnda á samningnum, þótt bifreiðin væri í vörzlum hans, er áreksturinn skeði, enda er löggjöfin um skyldutryggingar bifreiða aðallega eða eingöngu sett til þess að gæta hagsmuna tjónþola.

Samkvæmt þessu hafa kröfur stefnanda ekki við rök að styðjast og ber að sýkna stefnda, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Egils Vilhjálmssonar h.f,, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 5. desember 1958.

Nr. 105/1958. **Kristján Þorsteinsson** (Jóhann Steinason hdl.)
gegn
Þorsteini Jónssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1958. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 22. september þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 163.120.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. október 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Kristján Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Þorsteini Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júní 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. f. m., hefur Þorsteinn Jónsson lögregluþjónn, Karlagötu 21, hér í bæ, höfðað á bæjar-

þinginu með stefnu, útgefinni 4. desember 1957, gegn Kristjáni Þorsteinssyni, Seljavegi 23, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 163.120.000, auk 6% ársvaxta frá 22. október 1955 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Stefndi hefur í greinargerð sinni krafizt sýknu og málskostnaðar að skaðlausu, en við munnlegan flutning málsins gerði hann þá varakröfu, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð.

Vátryggingarfélaginu h/f, hér í bæ, hefur verið stefnt til að gæta réttar síns í málinu, en bifreið stefnda, R 3866, er síðar verður frá greint, var í lögboðinni tryggingu hjá því vátryggingarfélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Nokkru fyrir miðnætti föstudaginn 21. október 1955 var Kjartan Sveinsson byggingafræðingur, Blönduhlíð 28, hér í bæ, á ferð í bifreið sinni vestur Reykjanesbraut hér í bænum. Er hann átti skammt ófarið að Miklatorgi, sá hann til ferða jeppabifreiðarinnar R 3866, er ekið var vestur Miklubraut og inn á Miklatorg á mjög miklum hraða, að því er hann skýrir frá. Þegar bifreið þessi var komin inn á torgið og bifreiðarstjórinn hugðist sveigja henni til vinstri inn á Hringbraut, valt hún á vinstri hliðina og nam þannig staðar, eftir að hafa runnið nokkurn spöl. Bifreið þessari, sem er eign stefnda, eins og áður getur, ók sonur hans, Þorsteinn, þá 19 ára gamall. Var einn farþegi í bifreiðinni, Ragnar Þór Guðmundsson að nafni. Hvorugur þeirra félaga meiddist, er bifreiðin valt og komust þeir hjálparlaust út úr henni. Bar þarna brátt að tvo menn, er hjálpuðu til við að koma bifreiðinni á hjólin aftur. Að því búnu ók Þorsteinn Kristjánsson bifreiðinni niður að svonefndum Pólum, sem eru austast við Laufásveg skammt sunnan Miklatorgs, til þess að hyggja að skemmdum á henni eftir veltuna. Kjartani Sveinssyni virtist, að eigi væri allt með felldu um akstur bifreiðarinnar. Ók hann því á eftir henni og hugðist hafa tal af þeim, er í henni voru. Kveðst hann hafa ávarpað þann, er í hægra framsæti bifreiðarinnar sat og innt hann skýringar á gálauslegum akstri bifreiðarinnar. Maður þessi hafi svarað illu einu til. Kveðst Kjartan þá hafa vakið máls á því, að rétt væri að sækja lögregluna. Festi hann sér í minni skrásetningarnúmer jeppans og ók við svo búið áleiðis niður í bæ. Á Sóleyjargötu ók hann fram á lögreglubifreið og gaf stjórnanda hennar merki um að nema staðar. Tilkynnti hann lögregluþjónum, sem í bifreiðinni voru, hvers hann hefði

orðið áskynja um ferðir R 3866 og lét þess jafnframt getið, að honum virtist akstur bifreiðarinnar benda til þess, að bifreiðarstjórinn væri drukkinn, þótt sjálfur hefði hann ekki orðið þess var. Er og ekkert komið fram í málinu um, að svo hafi verið. Er Kjartan hafði skýrt frá málavöxtum, var lögreglubifreiðinni þegar í stað snúið við og ekið áleiðis að Miklatorgi. Fylgdi Kjartan á eftir í bifreið sinni. Er komið var á Miklatorg, varð að ráði, að tveir af lögregluþjónunum fóru yfir í bifreið Kjartans. Var stefnandi annar þeirra. Settust þeir í aftursæti bifreiðarinnar, stefnandi vinstra megin. Var síðan ekið af stað aftur og haldið austur Reykjanesbraut. Ók Kjartan á undan, en lögreglubifreiðin var í humátt á eftir. Er ekið hafði verið skamman spöl, sást til ferða jeppa, sem sveigt var af Laufásvegi til vinstri inn á Reykjanesbraut. Þekkti Kjartan þegar, að þar fór bifreið stefnda og skýrði lögregluþjónunum frá því. Báðu þeir hann að sveigja bifreið sinni í veg fyrir R 3866, en hann kvað þess ekki kost, þar sem hann hafði orðið þess var, að stórri bifreið var ekið rétt á eftir hans bifreið. Aftur á móti stöðvaði Kjartan bifreið sína á vinstra jaðri götunnar. Jafnsnemma opnaði stefnandi vinstri afturhurð bifreiðarinnar og snaraðist út úr henni. Skundaði hann fram fyrir bifreiðina og gekk út á götuna. Skeði það þá um leið, að bifreið sú, er ekið hafði verið á eftir bifreið Kjartans og reyndist vera R 4705, stór áætlunarbifreið á leið í Kópavog, og jeppinn komu þarna aðvífandi. Komst stefnandi naumlega undan stóru bifreiðinni, sem þó var snögghemlað, en tókst eigi að forða sér undan bifreið stefnda. Varð hann fyrir hægra framhorni bifreiðarinnar. Við árekstur inn kastaðist stefnandi frá bifreiðinni og lá, að því er virðist, þvers um á götunni fyrir framan hana, er að var komið. Hlaut stefnandi opið brot á vinstra fæti af slysi þessu, auk annarra smærri meiðsla.

Slys þetta var rannsakað af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og einnig að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins í sakadómi Reykjavíkur. Verða nú raktir í megindráttum framburðir þeirra, er um slysið hafa borið.

Stefnandi skýrir svo frá, að er hann fór út á götuna, hafi hann haldið á vasaljóskeri í annarri hendi, en ætlun sín hafi verið að gefa jeppanum stöðvunarmerki með því. Er hann var kominn út á miðja götuna, hafi hann orðið áætlunarbifreiðarinnar var. Hafi hann þá hlaupið áfram og komizt undan henni í sama mund og hún var að stöðvast. Um leið hafi hann gefið jeppanum stöðvunarmerki, en þrátt fyrir það hafi hann ekið viðstöðulaust áfram. Er

hann sá, að hann myndi verða fyrir bifreiðinni, hafi hann stokkið upp og ætlað að koma fyrir sig höndum ofan á vélarhúsi hennar, en í sama andartaki hafi framvari hennar lent á fótum hans.

Ökumaður R 3866 kveðst hafa ekið hægt, er hann beygði af Laufásvegi inn á Reykjanesbraut. Og er hann var kominn inn á Reykjanesbraut, hafi hann ekið utarlega á syðra götuhelmingi. Hann hafi séð, að strætisvagni var ekið á móti honum, en eftir fleiri bifreiðum hafi hann ekki tekið. Er strætisvagninn og bifreið hans voru að mætast, hafi Ragnar Þór hrópað upp. Um leið hafi hann séð stefnanda skella framan á hægri framaurhlíf bifreiðarinnar. Hafi hann þá stöðvað bifreiðina „á punktinum", eins og hann kemst að orði. Er hann kom út úr bifreiðinni, hafi stefnandi legið á hliðinni á götunni þvert framan við hana með fæturna í átt að strætisvagninum, en hann hafi numið staðar á móts við bifreið hans, þannig að um hálfur metri hafi verið á milli bifreiðanna.

Vitnið Kjartan Sveinsson skýrir svo frá, að R 4705 hafi verið ekið fram með bifreið þess samtímis því, að stefnandi hljóp út á götuna. Virtist vitninu bifreið þessi stöðvast á augabragði. Vitnið kveður bifreið stefnda hafi verið ekið mjög hægt, er hún var komin inn á Reykjanesbraut. Kveðst það hafa veitt því athygli, að einungis hafi verið ljós á vinstra framljóskeri bifreiðarinnar. Vitnið kveðst hafa látið bifreið sína renna lítið eitt áfram, eftir að stefnandi var kominn út úr henni. Hafi það því ekki séð til ferða hans yfir götuna. Eigi kveðst það heldur hafa séð, er slysið varð, en það hafi orðið með mjög skjótri svipan. Kveðst vitnið telja, að erfitt hafi verið fyrir stjórnanda R 3866 að varna slysinu sakir þess, hve snögglega stefnandi hljóp í veg fyrir bifreið hans.

Vitnið Ragnar Þór Guðmundsson skýrir svo frá, að bifreið stefnda hafi verið ekið mjög hægt og henni hafi aðeins verið ekið stuttan spöl eftir Reykjanesbraut, er það veitti R 4705 athygli. Þeirri bifreið hafi verið ekið að nokkru leyti yfir á götuhelmingi Þorsteins Kristjánssonar, sem af þeim sökum hafi orðið að sveigja bifreið sinni mjög út á vinstri götubrún. Vitnið kveður ökuljós strætisvagnsins hafa verið svo skær, að það telur sig hafa blindazt af þeim. Það kveðst hafa beint athygli sinni að strætisvagninum og skyndilega hafi það séð stefnanda bregða fyrir í hægri ljósgeisla hans. Hafi svo verið að sjá, að hann kæmi hlaupandi fyrir framan vagninn. Kveðst vitnið hafa hrópað upp, er

það varð stefnanda vart, því að það hafi séð fram á, að hann myndi lenda á jeppanum. Hafi það og samtímis gerzt, að stefnandi hafi skollið á hægri framhlið bifreiðarinnar. Alveg í þessum svifum hafi Þorsteinn hemlað og hafi bifreiðin numið staðar þegar í stað. Vitnið kveðst ekki hafa orðið þess vart, að stefnandi gæfi stöðvunarmerki, enda hafi slysið borið mjög brátt að. Á hinn bóginn kveðst vitnið hafa orðið þess vart, að stefnandi var með vasaljósker í hendinni. Vitnið getur þess, að skyggni hafi verið slæmt í umrætt sinn.

Vitnið Kristján Jóhannsson ók áætlunarbifreiðinni R 4705. Kveðst það hafa numið staðar á Miklatorgi til þess að taka farþega. Skömmu eftir að það ók af stað aftur, hafi það séð lögreglubifreið og aðra bifreið framundan henni. Hafi báðar þessar bifreiðar staðið kyrrar. Er hér var komið, hafi hraði R 4705 verið um 20—25 km, miðað við klst. Vitnið kveðst nú hafa sveigt bifreið sinni út á götuna til þess að komast fram hjá fyrrgreindum bifreiðum. Er framendi bifreiðar þess var kominn alveg á móts við fremri bifreiðina, hafi það séð, hvar stefnandi kom hlaupandi út á götuna fyrir framan þá bifreið. Hafi hann hlaupið hiklaust í veg fyrir R 4705. Er þetta varð, hafi R 4705 verið komin að stefnanda. Vitnið kveðst hafa snögghemlað, þegar er það varð stefnanda vart. Hafi bifreiðin stöðvazt svo til strax. Telur vitnið, að hún hafi naumast runnið lengra en 30—40 cm, eftir að það hemlaði. Stefnandi hafi þá verið kominn á móts við hægra framhorn bifreiðarinnar, en þar hvarf hann sjónum vitnisins. Fullyrðir vitnið, að ekki komi til mála, að bifreið þess hafi snert stefnanda. Vitnið kveðst hafa séð til ferða R 3866. Hafi bifreiðinni verið ekið hiklaust áfram, en ekki hratt, að því er vitninu virtist. Eigi hafi það tekið eftir öðru en bæði framljósker bifreiðarinnar væru í lagi. Er bifreið þessi var komin á móts við R 4705, hafi það séð, að stefnandi lenti á hægra framhorni hennar. Hafi hann fyrst kastazt upp í loftið, en fallið svo á götuna. Kveðst vitnið hafa séð þetta mjög greinilega, en það hafi setið hægra megin í bifreiðinni við glugga, er að slysstaðnum vissi. Vitnið kveðst ekki hafa orðið þess vart, að stefnandi gæfi ökumanni R 3866 stöðvunarmerki, hvorki með ljóskeri eða á annan hátt. Jafnframt tekur vitnið þó fram, að um slíkt hafi getað verið að ræða, þótt það veitti því ekki athygli. Vitnið tekur fram, að lægri ökuljósin á bifreið þess, er það hafi notað í umrætt sinn, séu mjög góð og þannig úr garði gerð, að þau geti ekki blindað stjórnendur farartækja, er á móti bifreiðinni aka.

Að lokum getur vitnið þess, að skyggni hafi verið slæmt í umrætt sinn og mjög erfitt að sjá vel umhverfið framundan sér.

Vitnið Árni Ingvar Vigfússon skýrir svo frá, að það hafi ekið á eftir R 4705 á um 15—20 km hraða, miðað við klukkustund. Ætlun þess hafi verið að aka fram úr bifreið þessari, en þá hafi það séð til ferða R 3866. Hafi sú bifreið aðeins verið með ljósi á vinstra framljóskeri. Skyndilega hafi strætisvagninn numið staðar og um leið hafi það stöðvað bifreið sína. Hafi það þá séð, hvar stefnandi var kominn á móts við hægra framhorn strætisvagnsins. Hafi hann verið með vasaljósker í uppréttri hendinni og verið að gefa ökumanni R 3866 stöðvunarmerki. Alveg í sömu andrá og stefnandi kom fyrir hornið á strætisvagninum hafi hann orðið fyrir bifreið stefnda, er eigi hafi stöðvazt, fyrr en slysið var orðið. Hafi stefnandi um leið tekið um höfuðið og kastazt út á götuna. Vitnið kveðst ekki geta sagt með vissu um hraða R 3866, en það haldi, að bifreiðin hafi verið á nokkurri ferð, sakir þess hve hvinið hafi í hemlum hennar. Vitnið telur, að alveg sé öruggt, að R 4705 hafi ekki komið við stefnanda. Vitnið hefur lýst þeirri skoðun sinni, að það hafi ekki verið á færi ökumanns R 3866 að varna slysinu við þær aðstæður, sem þarna hafi verið.

Vitnið Tómas Sigurpáll Jónsson lögregluþjónn sat við hlið stefnanda í bifreið Kjartans Sveinssonar. Kveðst vitni þetta hafa litið aftur með bifreiðinni, áður en það steig út úr henni á eftir stefnanda. Hafi það þá séð til ferða strætisvagnsins, er nálgaðist, og því hinkrað við. Vitnið kveðst í fyrstu ekkert hafa vitað um, hvað af stefnanda varð. Er það heyrði ískur í hemlum, hafi það stigið út úr bifreiðinni til þess að svipast um eftir stefnanda. Hafi það þá komið auga á húfu hans undir miðjum strætisvagninum. Er það gætti betur að, hafi það séð, hvar stefnandi lá þvers um á götunni fyrir framan R 3866. Vitnið kveður sér hafa virzt R 3866 ekið greitt. Ljós hafi ekki verið á hægra ljóskeri bifreiðarinnar.

Lögregluþjónn sá, er stýrði lögreglubifreiðinni, hefur borið vitnið í málinu, en hann varð ekki sjónarvottur að slysinu, og er ekkert það í framburði hans, sem hér virðist geta skipt máli.

Tómas Sigurpáll Jónsson, sem áður er nefndur, gerði uppdrátt af slysstaðnum. Sýnir uppdrátturinn, hvernig bifreiðarnar R 3866 og R 4705 stóðu eftir slysið, en hvorki er þar sýnd bifreið Kjartans Sveinssonar né lögreglubifreiðin. Samkvæmt uppdrættinum hefur bifreið stefnda numið staðar yzt á syðri jaðri götunnar. Hemlaför eftir þá bifreið eru mörkuð á uppdráttinn. Virðast þau

hafa verið stutt, en um nákvæma lengd þeirra verður ekkert sagt með vissu, þar sem mælikvarði er enginn tilgreindur á uppdrættinum. Af sömu ástæðu er ekki hægt að ráða með vissu af uppdrættinum, hver breidd akbrautarinnar er á þessum slóðum, en við lauslega mælingu dómarans á vettvangi reyndist hún vera um 7 metrar. Er yfirborð akbrautarinnar malbikað, en meðfram henni sitthvoru megin eru malbornir stígar. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar hefur götulýsing verið slæm á þessum slóðum, er slysið varð.

Sérfróðir menn virðast ekki hafa verið fengnir til að skoða bifreið stefnda eftir slysið, en að tilhlutun rannsóknarlögreglunnar skoðuðu tveir lögregluþjónar bifreiðina næsta dag, þar sem hún var geymd í porti lögreglustöðvarinnar. Er skýrsla þeirra um skoðun þessa svohljóðandi:

„. . . Við athugun kom í ljós, að hægra ljós vantaði, en við ljósaskiptingu kom ljós á hægra ljóskerið, en slokknaði á því vinstra. Þá veittum við því einnig athygli, að á vélarhúsi hægra megin var 50 cm löng rák, ca. 2 cm breið, sem bifreiðarstjórinn kannaðist ekki við að hefði verið á bifreiðinni. Þá athugaði lögregluþjónn nr. 84 hemla bifreiðarinnar og virtust þeir í sæmilegu lagi (fóthemlar), en handhemill var óvirkur."

Af hálfu ákæruvaldsins mun ekki hafa verið fyrirskipuð opinber málshöfðun af tilefni slyss þessa.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að ljóst sé af atvikum að slysinu, að ökumaður R 3866 hafi einn átt sök á því. Beri því eigandi bifreiðarinnar, stefndi í málinu, óskipta fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlauzt. Vekur stefnandi sérstaklega athygli á eftirfarandi atriðum í þessu sambandi: Í fyrsta lagi hafi ekki verið tendrað ljós á hægra framljóskeri bifreiðarinnar; í öðru lagi hafi fóthemlar verið í sæmilegu lagi, en handhemill óvirkur; í þriðja lagi hafi bifreiðarstjórinn viðurkennt, að hann hafi ekki veitt stefnanda athygli, fyrr en farþeginn við hlið hans rak upp óp, en um leið hafi slysið orðið; og í fjórða lagi sé það fram komið, að stefnandi hafi hvorki orðið var við bifreið Kjartans Sveinssonar né lögreglubifreiðina, sem þó hafi báðar verið skammt þarna undan. Bendi þetta síðasta atriði til þess, að athygli hans hafi verið mjög slæm. Atriði þau, sem nú hafa verið rakin, telur stefnandi, að gefi órækt til kynna, að bifreiðarstjórinn hefði getað komið í veg fyrir slysið, ef hann hefði sýnta fulla aðgæzlu og bifreiðin verið í fullkomnu lagi.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að ökumaður bifreiðar

hans hafi ekið í alla staði varlega og sé við stefnanda einan um slysið að sakast. Bendir hann einkum á eftirfarandi atriði þessu til sönnunar: Í fyrsta lagi sé leitt í ljós, að bifreið hans hafi verið ekið hægt; í annan stað sé það fram komið, að stefnandi hafi hlaupið þvert fyrir strætisvagninn og fyrir eða á bifreið hans, sem í þann mund hafi verið komin á móts við strætisvagninn; í þriðja lagi sé leitt í ljós, að ökumaður bifreiðar hans hafi stöðvað bifreiðina, þegar er hann sá stefnanda, en það hafi ekki getað orðið, fyrr en stefnandi birtist fyrir framan strætisvagninn. Við svo búið hafi bifreiðarstjórinn alls ekki haft ráðrúm til að varna slysinu. Við munnlegan flutning málsins var þeirri málsástæðu hreyft af hálfu stefnda, að sterkar líkur séu til þess, að strætisvagninn hafi rekizt á stefnanda. Var í því efni skírskotað til þess, að húfa stefnanda lá undir miðjum vagninum eftir slysið, eins og áður var frá greint. Þá var og um þetta atriði vitnað til framburðar lögregluþjóns þess, er ók lögreglubifreiðinni, en í framburði hans um þetta atriði er aðeins um tilgátu að ræða, enda var hann, svo sem þegar er tekið fram, ekki sjónarvottur að slysinu. Verður ekki séð, að þessi málsástæða stefnda hafi við nein haldbær rök að styðjast.

Hér að framan hefur ýtarlega verið lýst atvikum að slysi því, sem mál þetta fjallar um. Af því, sem þar kemur fram, virðist mega ráða með vissu, að á það hafi skort, að ökumaður R 3866 beitti nægri athygli við aksturinn, þar sem hann sá ekki stefnanda fyrr en raun varð. Þá þykir nægilega í ljós leitt, að hægra ökuljós bifreiðarinnar hafi ekki verið tendrað, en líkur eru til þess, að það hafi átt þátt í því, að bifreiðarstjórinn sá ekki stefnanda, fyrr en um seinan. Þykja sterk rök hníga að því, að hvort tveggja þetta hafi valdið nokkru um slysið. Að því athuguðu og með tilvísun til 1. mgr. 34. gr. sbr. 35. gr. laga nr. 23/1941 ber að leggja á stefnda að nokkru fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi telst hafa beðið af völdum slyssins.

Það er á hinn bóginn augljóst, að stefnandi hefur sjálfur átt meginsök á slysinu með því óhæfilega fljótræði sínu að skunda á þann hátt, sem að framan er lýst, út á fjölfarna akbraut, án þess að hyggja áður hið minnsta að umferð ökutækja um akbrautina. Verður hann af þessum sökum að bera tjón sitt af völdum slyssins að allverulegu leyti sjálfur.

Eins og atvikum var hér háttað, þykir rétt að líta svo á, að stefnandi hafi átt sök á slysinu að ⅔ hlutum, en ökumaður R

3866 að ⅓ hluta. Ber stefndi að því leyti fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína í málinu þannig:

1. Örorkutjón	kr.	142.320.00
2. Þjáningar og lýti	—	20.000.00
3. Útlagður kostnaður	—	800.00
	Alls kr.	163.120.00

Um 1.

Eftir slysið var stefnandi settur á sjúkrabörur, sem til taks voru í lögreglubifreiðinni, en að því búnu var hann fluttur á Landakotsspítala. Meðan stefnandi lá þar, mun hann hafa verið undir læknishendi dr. Bjarna Jónssonar. Liggur fyrir í málinu stutt vottorð læknisins, dagsett 16. maí 1956, en þar segir á þessa leið:

„. . . Sjúkl. lá í spítalanum til 23/11 1955, en fór þá heim í gipsumbúðum. Umbúðir hafa verið teknar nú, og gengur sjúkl. um með stuðningi.

Ekki verður sagt að svo stöddu, hvort sjúkl. verður jafngóður eða hvenær hann hefur fengið þann bata, sem hann fær."

Hinn 8. nóvember 1956 var stefnandi skoðaður af Þórarni Sveinssyni lækni. Mat læknirinn þá jafnframt örorku stefnanda af völdum slyssins. Í örorkumatinu, sem dagsett er 12. október 1956, er meiðslum stefnanda lýst og sjúkrasaga hans rakin ýtarlega. Fer meginefni þess hér á eftir:

„. . . Í fyrsta lagi voru meiðslin fótleggjarbrot vinstra megin. Þar að auki mikið mar á baki og einnig segist hann muni hafa hlotið höfuðáverka, því að hann hlaut smásmár á hnakka. Var hann mjög slæmur í höfði fyrst á eftir og er enn með köflum. Ætlar oft að líða yfir hann, svo að hann verður að gæta sín. Ber einkum á þessu að morgninum.

Slasaði var lagður í gibsumbúðir í Landakotsspítala strax eftir slysið og dvaldi hann í sjúkrahúsinu fram til 23. nóvember 1955. Fékk hann þá að fara heim í gibsumbúðum. Beinefni myndaðist mjög seint á brotstaðnum. Samkvæmt röntgenmyndum, teknum 15. febrúar 1955 er fyrst talið, að beinsambreyskja sé greinanleg á brotstaðnum. Því miður er nokkur skekkja á brotendum, þar sem mjög erfiðlega gekk að koma brotendum í góða stillingu. Dr. med. Bjarna Jónssyni, sem hafði slasaða til meðferðar, þótti þó ekki ráðlegt að gera skurðaðgerð til að festa

beinendunum saman. Um miðjan maí voru umbúðir teknar af og gekk slasaði þá fyrst í stað um við staf og hækju, en í júlíbyrjun gat hann sleppt hækjunni og fór að ganga um við stafinn einan. Hann fór þó að dútla lítið eitt fyrr. Til að byrja með fór hann í júní að vinna lítið eitt við símastörf á lögreglustöðinni. Hefur hann gegnt því starfi síðan, en lítið sem ekkert staðið vakt, enda telur hann sig ekki fullfæran til þess starfa enn sem komið er.

Skoðun: Hár og grannur maður, vel vaxinn. Skýrir skipulega frá atburðum. Ekki er unnt að sjá merki um ör í hnakka nú, því að svo vel hefur sárið gróið. Sjón og heyrn eru eins og fyrir slysið, að því er slasaði telur. Við háls og brjóstkassa var ekkert athugavert. Blóðþrýstingurinn mældist 120/80. Hjartsláttur var reglulegur, en mjög hægur (brady cardia).

Vinstri ganglimur: Við mælingu reyndist fótleggurinn 1 cm styttri en hægra megin. Þegar slasaði gengur eða stendur beinn, sést, að um hnéliðinn er ganglimurinn örlítið sveigður inn á við (genu valgum). Hreyfing í hnéliðnum er aftur á móti góð. Við athugun á fótleggnum finnst greinilegur stallur á sköflungnum um miðjan fótlegginn. Skagar efri brotendinn inn fyrir þann neðri. Fótleggsvöðvarnir virðast þarna greinilega fastir við bein, þegar slasaði hreyfir fótinn, og myndast þá gúlpar á vöðvunum framan á leggnum. Slasaði segist líka þreytast fljótt við göngur. Samkvæmt röntgenmyndum má segja, að báðar leggpípurnar séu til hálfs í snertingu við brotflötinn, því að efri brotin hafa runnið til hálfs inn af neðri brotendunum. Eftir myndunum að dæma virðist beinfesta þó vera orðin alltraust. Hreyfingar í öklaliðnum eru eðlilegar. Reflexar eru normal. Neðan brotsins er mjóaleggurinn örlítið gildari en hægra megin. Slasaði segir, að stöðugt sígi á fótinn yfir daginn.

Ályktun: Um er að ræða fótleggjarbrot, sem gróið hefur mjög seint og með dálítilli skekkju á brotstaðnum og 1 cm. styttingu. Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir	2 mán.	fyrst eftir slysið	100%	örorka
—	3 —	þar á eftir	80%	—
—	2 —	— - —	60%	—
—	2 —	— - —	40%	—
—	2 —	— - —	30%	—

Úr því 25% örorka um 4 mánaða skeið og 18% varanleg örorka."

Stefnandi er sagður fæddur 15. febrúar 1924. Hefur hann því

verið 31 árs gamall, er hann varð fyrir slysi þessu. Hann er kvæntur og mun hafa 3 börn á framfæri sínu. Er stefnandi slasaðist, hafði hann um nokkurt árabil verið lögregluþjónn hér í bænum, og gegnir því starfi áfram. Tekur hann hámarkslaun samkvæmt X. flokki launalaga og hefur haldið föstum tekjum sínum óskertum frá slysinu og allt til þessa. Við munnlegan flutning málsins kom það fram, að stefnandi hefur einungis gegnt starfi sínu í lögreglunni á daginn, eftir að hann kom til starfa eftir slysið. Hefur hann því ekki fengið greitt svonefnt næturálag, en það er kaupbót, sem greiðist aðeins fyrir næturvinnu og nemur 6% af þriðjungi hinna föstu launa.

Hinn 22. desember 1956 var verðmæti áætlaðs atvinnutjóns stefnanda, miðað við 18% varanlega örorku eingöngu, reiknað út af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Getur hann þess í forsendum útreikningsins, að hann hafi undir höndum upplýsingar um næturálag á tekjur manns í sama launaflokki og stefnandi fyrir tímabilið 1. nóvember 1955 til 31. október 1956. Auk þess kveðst hann hafa gögn um greiðslu til fjögurra ríkislöreglumanna fyrir aukavinnu við lögreglustjóraembættið fyrir tímabilið 1. október 1955 til 1. október 1956. Kveðst hann hafa reiknað aukavinnutekjur sem meðaltal hjá þessum fjórum mönnum og umreiknað þær til tímabilsins 1. nóvember 1955 til 31. október 1956. Við umreikning til kauplags á þeim tíma, er útreikningurinn er gerður, kveðst hann hafa gert ráð fyrir, að næturálag og aukavinnutekjur hækki í hlutfalli við föst laun. Reiknað á þennan hátt telst honum, að atvinnutekjur manns í stöðu stefnanda séu sem hér segir:

	1. ár eftir slys	Eftirleiðis
Föst laun	52.927.00	55.002.00
Næturálag	6.816.00	7.083.00
Aukavinna	8.204.00	8.526.00
Alls á ári	67.947.00	70.611.00

Verðmæti atvinnutjóns stefnanda, miðað við slysdag og reiknað með kauplagsbreytingum eftir það, nemur þá eftir útreikningi hins sérfróða manns fyrsta árið eftir slysið kr. 11.853.00, en eftir það kr. 164.912.00, eða alls kr. 176.765.00. Reiknað er með 6% ársvöxtum.

Stefnandi leggur fjárhæð þessa til grundvallar kröfu sinni samkvæmt þessum lið, en dregur frá henni örorkubætur, sem hann

hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt. Eru það heildarbætur og nema kr. 34.445.00.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem of háum.

Þegar litið er til þess, hvernig högum stefnanda er háttað, að hann er fastur starfsmaður í ríkislögreglunni, mun að líkindum geta gegnt því starfi áfram og heldur eftir sem áður föstum tekjum sínum, þá þykir ekki unnt að leggja útreikning tryggingafræðingsins á atvinnutjóni hans til grundvallar. Verður þó höfð hliðsjón af honum. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af bótunum frá Tryggingastofnun ríkisins og öðrum atriðum, sem hér þykja skipta máli, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 75.000.00.

Um 2.

Við munnlegan flutning málsins samþykkti lögmaður stefnda að stefnanda verði dæmdar bætur fyrir röskun á stöðu og högum undir þessum lið. Mótmælti hann jafnframt fjárhæð þeirri, sem hér er krafizt, sem of hárri.

Varðandi bætur þær, sem hér er krafizt, tekur stefnandi fram, að hann hafi mjög góða menntun sem lögregluþjónn. Hafi hann starfað sem slíkur á vegum Sameinuðu þjóðanna um tæplega eins árs skeið fyrir nokkrum árum. Hafi hann talið sér mikla framavon í starfi sínu, en meiðsli þau, er hann hlaut við slysið, girði fyrir þann möguleika.

Með hliðsjón af meiðslum stefnanda og öðrum atriðum, sem hér þykja skipta máli, þykir kröfulið þessum stillt í hóf. Verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Um 3.

Fjárhæð þessa kröfuliðs sætir ekki andmælum, og verður hann lagður til grundvallar óbreyttur.

Samkvæmt framanskráðu nemur sá hluti af kröfu stefnanda, sem hér verður talinn eiga rétt á sér, kr. 95.800.00 (75.000.00 + kr. 20.000.00 + kr. 800.00). Í samræmi við áðurgreinda skiptingu fébótaábyrgðar ber stefnda að bæta honum ⅓ þeirrar fjárhæðar eða kr. 31.933.33. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda þessa fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Í samræmi við þessi úrslit málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem eftir atvikum ákveðst kr. 4.100.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Þorsteinsson, greiði stefnanda, Þorsteini Jónssyni, kr. 31.933.33 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. október 1955 til greiðsludags og kr. 4.100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudagurinn 10. desember 1958.

Nr. 183/1958. **Haukur Kristjánsson**
gegn
Valdstjórninni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Um skyldu læknis til blóðtöku. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 26. nóvember 1958, sem Hæstarétti barst 28. s. m., hefur kærandi skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt 2. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og kærumálskostnaður dæmdur á hendur ríkissjóði.

Hvorki kröfur né greinargerð hafa borizt Hæstarétti frá fyrirsvari valdstjórnarinnar.

Tilefni var til að taka sökunaut þeim, sem í málinu greinir, blóð til ákvörðunar á áfengismagni í því. Var honum skylt að hlíta þeirri aðgerð, enda hefur eigi verið í ljós leidd nein ástæða til, að eigi hafi mátt slíka rannsókn á leggja, sbr. 7. mgr. 25. gr. laga nr. 26/1958. Samkvæmt 41. gr. laga nr. 27/1951 var kæranda skylt að framkvæma nefnda læknisrannsókn og blóðtöku. Ber því að staðfesta úrskurð sakadómara.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. nóvember 1958.

Ár 1958, miðvikudaginn 26. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið var í Heilsuverndarstöðinni af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp úrskurður um skyldu yfirmanns slysavarðstofunnar til að taka manni blóð.

Mál þetta er þannig vaxið, að kl. 04.25 í nótt var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um bifreiðaárekstur á Suðurlandsbraut móts við Bílasmiðjuna. Þarna hafði valdið harkalegum árekstri Björn nokkur Kjartansson, Suðurlandsbraut 94, fæddur 23. maí 1932 í Reykjavík. Lögreglan í Reykjavík telur kærða vera með áfengisáhrifum. Kærði neitar blóðtöku. Það leiddi til þess, að læknir slysavarðstofunnar synjaði um að taka kærða blóð.

Í 41. gr. laga nr. 27/1951 eru ákvæði um skyldu manna, að viðlögðum sektum, að veita rannsóknardómara og lögreglumönnum lið í þarfir opinberrar rannsóknar.

Það má segja, að öll ákvæði umferðarlaga nr. 26/1958 um ölvun við akstur byggist fyrst og fremst á því, að fyrir liggi rannsókn á blóði þess manns, sem grunaður er um ölvun við akstur, og samkvæmt 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga eru menn, sem þannig stendur á fyrir, skyldir til að hlíta þeirri meðferð, sem læknir telur nauðsynlega til rannsóknar á þeim, þ. á m. blóðrannsókn, og er tekið fram, að lögreglan geti fært þá til læknis í þessu skyni. Með öðrum orðum, ákvæði umferðarlaga um vernd þjóðfélagsins gegn ölvunarakstri manna byggist á niðurstöðum blóðrannsókna að langmestu leyti.

Með skírskotun til alls þess, sem hér hefur verið sagt, og sérstaklega með vísan til 41. gr. laga nr. 27/1951 er yfirmanni slysavarðstofunnar, Hauki lækni Kristjánssyni, skylt að taka kærða blóð til rannsóknar á áfengismagni í blóði hanus.

Ályktarorð:

Haukur Kristjánsson læknir, forstöðumaður slysavarðstofunnar, er skyldur til að taka kærða, Birni Kjartansssyni, blóð til áfengisrannsóknar.

Miðvikudaginn 10. desember 1958.

Nr. 28/1957. **Magnús Kjartansson** (Ragnar Ólafsson hrl.)
gegn
Ingvari S. Ingvarssyni
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Meiðyrða- og skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1957. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 9. september 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. ágúst s. á. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmd þyngsta refsing, sem lög leyfa, að ummæli, sem í héraðsdómi greinir, verði dæmd ómerk og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum fébætur, kr. 75.000.00, hæfilega fjárhæð til að standast kostnð af birtingu dóms í málnu, sbr. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hin saknæmu ummæli, sem rakin eru í héraðsdómi, eru færð þar til réttra refsiákvæða að öðru en því, að orðin „ræðst hann með ofstopa“ þykja varða við 234. gr. laga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu, ómerkingu ummæla og skaðabætur þykir mega staðfesta, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Fjárhæð til greiðslu kostnaðar gagnáfrýjanda af birtingu dóms ákveðst kl. 500.00.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði

gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu, ómerkingu ummæla og skaðabætur eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi, Magnús Kjartansson, greiði gagnáfrýjanda, Ingvari S. Ingvarssyni, birtingarkostnað, kr. 500.00, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ósannað er, að gagnáfrýjandi hafi átt sök á fjárþroti Glersteypunnar h/f, og eigi eru meinyrði þau og aðdróttanir á hendur honum, sem um er stefnt og rakin eru í héraðsdómi, heldur réttlætt á annan hátt, að öðru en því að leitt er í ljós, að allmikill misbrestur hefur orðið á kaupgreiðslum til verkamanna. Sum meinyrðin eru mjög meiðandi, einkum þessi:

„hefur nú fengið fjóra þeirra“ (þ. e. verkamanna) „til að kæra Dagsbrún fyrir Félagsdómi á upplognum forsendum“ ...

„hinum ósvífnustu fjárglæfrum Ingvars Ingvarssonar“ ...

„hefur gabbað og svikið fjölda fyrirtækja og einstaklinga“ og „Ingvar Ingvarsson, er ... hreinn glæframaður í fjármálum“. Þegar litið er til þessa og gætt er ákvæða laga nr. 14/1948, tel ég refsingu aðaláfrýjanda hæfilega ákveðna 2000 króna sekt í ríkissjóð, en til vara 12 daga varðhald.

Bætur gagnáfrýjanda til handa samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga tel ég hæfilegar kr. 3000 ásamt vöxtum, svo sem segir í héraðsdómi.

Að öðru leyti er ég samþykkur forsendum og dómsorði meirihluta dómenda.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjandi, Magnús Kjartansson, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 12 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, Ingvari Ingvarssyni, kr. 3000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1955 til greiðsludags, kr. 500.00 til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. desember 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Ingvar Ingvarsson framkvæmdastjóri, Efstasundi 49, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, útgefinni 21. febrúar 1956, gegn Magnúsi Kjartanssyni ritstjóra, Háteigsvegi 42, hér í bænum, vegna ummæla um stefnanda í grein, sem birtist í „Þjóðviljanum", sem út kom 11. febrúar 1956.

Stefnandi telur efni greinar þessarar með öllu rangt og stórlega meiðandi fyrir sig. Sækir hann í máli þessu eftirfarandi undirstrikuð ummæli:

„SVÍKUR VERKAMENN UM KAUP" ...

„*Herfileg framkoma* Glersteypu-forstjórans" ...

„hefur glerverksmiðjan *komið mjög herfilega fram* við verkamenn" ... „*brotið á þeim loforð og svikið af þeim kaup.* Hefur þar fyrst og fremst verið að verki framkvæmdastjóri verksmiðjunnar, Ingvar Ingvarsson, ... Hann *hefur nú bætt gráu ofan á svart*" ... „og *hefur nú fengið fjóra þeirra til að kæra Dagsbrún fyrir félagsdómi á upplognum og hlægilegum forsendum*" ...

„Þjóðviljinn hefur skýrt frá fjárhagsörðugleikum verksmiðjunnar, sem stafa ... sumpart af *hinum ósvífnustu fjárglæfrum Ingvars Ingvarssonar,* sem *hefur gabbað og svikið fjölda fyrirtækja og einstaklinga*" ... „*svíkja kaupið af verkamönnum*" — „*enn sveik* Ingvar" ... „*með loforðum og hótunum*" ... „*þetta er*

ófögur saga, og þess skal getið, að hluti af stjórn glerverksmiðjunnar hefur viljað beita siðaðra manna vinnubrögðum og standa í skilum við verkamenn. En Ingvar Ingvarsson er *Heimdallarhrokinn uppmálaður* og auk þess *hreinn glæframaður í fjármálum" ...„ræðst hann með ofstopa" ... Á sama hátt hefur hann leikið fjölda manna og fyrirtækja, haft út úr þeim fé, narrað þá til að kaupa hlutabréf eftir að allt var komið í óefni" ...*

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur:

að stefndi verði fyrir hin tilgreindu meiðandi og móðgandi ummæli dæmdur til refsingar samkvæmt 234.—236. grein almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940,

að hin óviðurkvæmilegu ummæli verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga,

að stefndi verði dæmdur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga til þess að greiða stefnanda bætur fyrir hneisu og fjártjón, er stefnandi hefur beðið og bíða kann af umræddu efni, með kr. 75.000.00, auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi sáttakæru, 18. febrúar 1956, til greiðsludags,

að stefndi verði samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga dæmdur til að greiða hæfilega fjárhæð að mati dómarans til stefnanda til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum, og

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda allan kostnað málsins að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómarans.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hin umstefndu ummæli séu rétt í öllum aðalatriðum. Hér sé um að ræða stórfyrirtæki, stutt af opinberri fjármálastofnun ríkisins. Fyrirtækið hafi ekki getað staðið í skilum með kaupgreiðslur. Hafi stefndi talið eigi hjá því komizt að skýra opinberlega frá því, að eigi væri allt með felldu í rekstri þess. Hafi hann talið nauðsynlegt í því sambandi að geta forstjóra fyrirtækisins, stefnanda í máli þessu, að nokkru og segja ýmislegt, sem stefndi hafi talið sig vita um hann, þar sem fjárhagsvandræði fyrirtækisins yrðu ekki almenningi skiljanleg með öðru móti. Fyrrgreind blaðagrein hafi því verið almenn gagnrýni á fyrirtækið og ummælin um stefnanda alls ekki meiðandi.

Stefndi hefur að nokkru fært líkur að reksturserfiðleikum fyrirtækisins. Hins vegar hefur hann ekki réttlætt ummæli sín um stefnanda persónulega.

Fallast má á það með stefnanda, að framangreind tilvitnuð ummæli séu móðgandi og meiðandi fyrir hann, og verða þau nú athuguð hver um sig.

Ummælin „hefur nú bætt gráu ofan á svart", „ófögur saga" og „Heimdallarhrokinn uppmálaður" verða talin móðgandi fyrir stefnanda. Þykja þau varða við 234. gr. almennra hegningarlaga og ber að refsa stefnda fyrir þau.

Ummælin: „svíkur verkamenn um kaup", „Herfileg framkoma", „komið mjög herfilega fram", „brotið á þeim loforð og svikið af þeim kaup", „hefur nú fengið fjóra þeirra til að kæra Dagsbrún fyrir félagsdómi á upplognum og hlægilegum forsendum", „hinum ósvífnustu fjárglæfrum Ingvars Ingvarssonar", „hefur gabbað og svikið fjölda fyrirtækja og einstaklinga", „svíkja kaupið af verkamönnum", „enn sveik", „með loforðum og hótunum", „hreinn glæframaður í fjármálum", „ræðst hann með ofstopa", og „á sama hátt hefur hann leikið fjölda manna og fyrirtækja, haft út úr þeim fé, narrað þá til að kaupa hlutabréf eftir að allt var komið í óefni", verða talin vera meiðandi fyrir stefnanda. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga og ber að refsa stefnda fyrir þau.

Refsing stefnda þykir hæfilega ákveðin 1000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Þá ber að ómerkja hin tilvitnuðu ummæli með vísan til 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

Fallast má á það með stefnanda, að ummælin séu til þess fallin að valda honum hneisu og álitshnekki. Með vísan til 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga þykir bera að dæma stefnda til að greiða stefnanda bætur af þeim sökum, sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 1.500.00 með vöxtum, eins og krafizt er í stefnu.

Þá þykir samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga bera að dæma stefnda til greiðslu kostnaðar við birtingu dómsins í opinberu blaði. Þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn kr. 100.00.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Magnús Kjartansson, greiði 1000 króna sekt í

ríkissjóð, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda, Ingvari S. Ingvarssyni, fébætur að fjárhæð kr. 1.500.00 með 6% ársvöxtum frá 18. febrúar 1956 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 100.00 til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði og kr. 800.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. desember 1958.

Nr. 109/1958. **Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Stefáni Sigurðssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Um rétt barnakennara til ellilífeyris.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. ágúst þ. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn hér fyrir dómi, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál. Þá krefst og málflutningsmaður stefnda þess, að honum verði dæmd málflutningslaun úr ríkissjóði, hvernig sem málið fer.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra nr. 102/1943 gátu barnakennarar öðlazt rétt til árlegs ellilífeyris úr sjóðnum með tvennum hætti: 1) með því að hafa verið sjóðfélagar í 10 ár, vera orðn-

ir 65 ára að aldri og hafa greitt iðgjöld í sjóðinn til þess tíma, og 2) með því að hafa verið sjóðfélagar í 10 ár, að samanlagður aldur þeirra og þjónustutími næmi 95 árum og að þeir hefðu greitt iðgjöld til þess tíma.

Með 7. gr. laga nr. 35/1955 var úr lögum numin hin síðargreinda regla um rétt til ellilífeyris, þegar sjóðfélagi hefði náð 95 ára samanlögðum aldri og þjónustutíma. Með 6. gr. sömu laga, sbr. nú 4. mgr. 8. gr. laga nr. 66/1955, var ákveðið, að iðgjaldagreiðslur skyldu falla niður, þegar sjóðfélagi hefði greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár. Þeir sjóðfélagar, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt eldri lögum, öðlast þau réttindi, sem hin nýju lög veita, enda greiði þeir iðgjöld samkvæmt ákvæðum þeirra, sbr. 16. gr. laga nr. 66/1955.

Áðurgreint nýmæli í 6. gr. laga nr. 35/1955, nú 4. mgr. 8. gr. laga nr. 66/1955, verður eigi skýrt öðruvísi en svo, að það sé bundið við rétt þann til árlegs ellilífeyris að fullnuðum 65 ára aldri, sem um ræðir í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 66/1955, en að það taki ekki til hinnar eldri reglu um samanlagðan 95 ára aldur og þjónustutíma, sem numin var úr lögum samtímis því sem greint nýmæli var lögtekið. Er þessi skilningur á lögunum eðlilegastur, enda styðst hann við greinargerð um 7. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 35/1955. Þeir sjóðfélagar, sem skipaðir höfðu verið barnakennarar fyrir gildistöku laga nr. 35/1955, þar á meðal stefndi, halda að sjálfsögðu áunnum rétti til ellilífeyris, þegar samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, ef þeir fullnægja þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu eftir eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn, unz greindu tímamarki er náð.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 5000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Laun skipaðs málflutningsmanns stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eru ákveðin samtals kr. 8000.00, og ber að greiða þau úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Stefáns Sigurðssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 5000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Laun skipaðs málflutningsmanns stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 8000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júlí 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Stefán Sigurðsson, Hjallavegi 31, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. marz 1958, gegn Lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra og haft uppi þessar kröfur: „Að viðurkennt verði að honum sé óskylt að greiða iðgjöld til stefnda eftir 1. október 1955, en eigi samt rétt til að hætta störfum og njóta hæstu eftirlauna samkvæmt reglum 10. gr. laga nr. 66 frá 1955, er samanlagður aldur hans og þjónustutími sé orðinn 95 ár, ... að stefndi verður dæmdur til að endurgreiða honum ofgreidd iðgjöld að fjárhæð kr. 4.709.36 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til greiðsludags.“ Ennfremur krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómarans, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 16. apríl s.l., var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem kveðst vera fæddur 14. marz 1901, telur sig hafa starfað sem barnakennara frá því um haustið 1923 og greitt iðgjöld til stefnda síðan, þó þannig að úr hafi fallið einhver tími. Hinn 30. september 1955 hafði stefnandi greitt iðgjöld til stefnda í 30 ár. Er stefnandi hóf kennarastarfið, giltu um Lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra lög nr. 33 frá 1921. Í 3. gr. þeirra laga var ákveðið, að hver kennari skyldi kaupa lífeyri í sjóðnum og verja til þess 7% af árslaunum sínum, en í 3. mgr. 4. gr. laganna var sagt, að þegar barnakennari væri orðinn 70 ára að aldri eða samanlagður aldur

hans og þjónustutími væri 95 ár, ætti hann rétt á að leggja kennslustarf sitt niður og taka lífeyri samkvæmt lögunum. Þessi lög voru numin úr gildi með lögum nr. 102 frá 1943, en í 8. gr. þeirra segir, að sjóðfélagar, þ. e. allir barnakennarar, sem laun taki eftir launalögum barnakennara, skuli greiða ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins og í 10. gr. 1. mgr. segir svo: „Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og annað hvort er orðinn fullra 65 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum". Í 15. gr. laganna var þess getið, að þeir, sem keypt hefðu sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 33 frá 1921, skyldu öðlast réttindi samkvæmt nýrri lögunum, ef þeir greiddu iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá gildistöku þeirra (þ. e. 1. júlí 1944). Á Alþingi 1954 kom fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 102 frá 1943, og segir í upphafi athugasemda við lagafrumvarp þetta, að meiri hluti stjórnar stefnda hafi tjáð sig samþykkan breytingartillögunum. Í 6. gr. frumvarpsins var gert ráð fyrir, að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga féllu niður, þegar hann hefði greitt iðgjöld í 30 ár. Í athugasemdum segir svo um þessa tillögu: „Samkvæmt 10. gr. laga nr. 102/1953 er hámarkseftirlaunarétti náð, þegar iðgjöld hafa verið greidd í 30 ár. Nú getur staðið svo á, að sjóðfélagi hafi lokið 30 ára iðgjaldagreiðslum nokkrum árum áður en hann öðlast rétt til þess að hætta störfum og fá eftirlaun. Engin réttindi fást fyrir þau iðgjöld, sem greidd eru eftir að 30 ára iðgjaldagreiðslu er lokið. Iðgjaldagreiðsla, sem engin réttindi veitir, er óréttlát, og er því lagt til, að iðgjaldagreiðslur standi ekki lengur en 30 ár." Í 7. gr. frumvarpsins var gert ráð fyrir, að niður félli ákvæðin um það, að sjóðfélagar ætti rétt á ellilífeyri úr sjóðnum, þegar samanlagður aldur sjóðfélaga og þjónustutími væri 95 ár. Um þessa grein frumvarpsins segir m. a. svo í athugasemdunum: „Hér er gert ráð fyrir að fella niður ákvæðið um, að sjóðfélagi, sem hefur náð 95 ára samanlögðum aldri og þjónustíma, megi hætta störfum og taka eftirlaun. Breyting þessi getur þó ekki tekið til þeirra, sem orðnir eru sjóðfélagar fyrir gildistöku hennar."

Frumvarp þetta varð að lögum (nr. 35 frá 1955) og ákvæði þeirra voru síðan felld inn í lög nr. 102 frá 1943 og þau gefin út af nýju sem lög nr. 66 frá 1955. Ekki voru allir á einu máli um það, hvernig beita skyldi hinum nýju lagaákvæðum, og í

fundargerðabók Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hinn 9. janúar 1956 er það bókað, að meiri hluti stjórnar þess sjóðs og öll stjórn stefnda samþykki að beita 4. mgr. 8. gr. laganna um stefnda, að því er varðar greiðslu iðgjalda (þ. e. að greiðslur hætti eftir 30 ár), en gefa jafnframt sjóðfélaga kost á að greiða áfram, vilji hann njóta réttar þess, sem 95 ára samanlagður aldur og þjónustutími veitir samkvæmt 10. gr. laga nr. 102 frá 1943. Stefnandi hafði, þegar þetta gerðist, greitt iðgjöld til stefnda í 30 ár og taldi sér heimilt að hætta greiðslum, en þegar hann varð þess vísari, að stjórn stefnda taldi hann verða að halda þeim áfram, ef hann vildi halda rétti til að notfæra sér margnefnda 95 ára reglu, hélt hann áfram greiðslum með fyrirvara um endurheimtu, enda vildi hann ekki eiga á hættu réttindamissi. Hins vegar bar hann málið undir Samband íslenzkra barnakennara, sem skrifaði stjórn stefnda um það hinn 9. maí 1957. Tryggingastofnun ríkisins svaraði bréfinu f. h. stefnda hinn 2. júlí 1957 og segir m. a. svo í svarinu:

„Samkvæmt hinu nýja ákvæði í 6. gr. laga nr. 35 frá 14. maí 1955 falla iðgjaldagreiðslur niður eftir 30 ár, og er það skoðun sjóðsstjórnarinnar, að þá fari um rétt til að hætta störfum og eftirlaun eftir þeim sömu lögum. Hins vegar telur stjórnin, að þeim sjóðfélögum, sem þess óska, sé heimilt að njóta réttar þess, sem 95 ára samanlagður aldur og starfsaldur veitti samkvæmt 10. gr. laga nr. 102/1943, enda greiði þeir þá iðgjald eins og áður var samkvæmt þeim lögum."

Höfðaði stefnandi síðan mál þetta.

Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hann hafi frá upphafi greitt iðgjöld til stefnda á þeim forsendum, að hann ætti rétt á að hætta störfum og taka lífeyri, þegar samanlagður aldur hans og þjónustutími væri orðinn 95 ár. Telur hann, að þessi réttur verði ekki af sér tekinn bótalaust, enda sé ótvírætt gert ráð fyrir því í fyrrgreindu lagafrumvarpi, að þeir menn haldi rétti þessum, sem voru orðnir sjóðfélagar fyrir gildistöku laga nr. 35 frá 1955. Stefnandi kveður hámarkseftirlaunarétti náð, þegar greidd hafi verið iðgjöld til stefnda í 30 ár, sbr. 10. gr. laga nr. 66 frá 1955 og með ákvæðum 6. gr. laga nr. 35 frá 1955 hafi verið ákveðið, að enginn sjóðfélagi þyrfti að greiða iðgjöld lengur en 30 ár. Ákvæðið um niðurfellingu iðgjaldagreiðslu sé skilyrðislaust, enda byggt á því, að iðgjaldagreiðsla, sem engin réttindi veiti, sé óréttlát. Telur hann af þessu ljóst, að með öllu sé heimildarlaus framangreind samþykkt stefnda um að gera fram-

hald iðgjaldagreiðslu af hans hálfu skilyrði þess, að hann haldi rétti sínum, er miðaður sé við 95 ára samanlagðan aldur og þjónustutíma. Á tímabilinu frá 1. október 1955 til 31. desember 1957 hefur stefnandi greitt stefnda iðgjöld að fjárhæð samtals kr. 4.709.36 og er á því byggð endurgreiðslukrafan.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að rétt sé og eðlilegt, að þeir menn, sem njóta vilja hlunninda 95 ára reglunnar samkvæmt hinum eldri lögum (nr. 33 frá 1921 og 102 frá 1943), efni þær skyldur, er sömu lög lögðu þeim á herðar, þ. e. að greiða iðgjöld sín þar til 95 ára markinu sé náð, enda geti þeir ekki vænzt þess að njóta að auki hlunninda nýrri laga, sem veitt séu öðrum þræði til þess að vega upp á móti afnámi hinna fyrri. Bendir hann á það, að margir þeirra manna, er njóta réttar 95 ára reglunnar, muni eiga kost á að hætta störfum og taka lífeyri löngu áður en þeir verða 65 ára að aldri og á meðan starfsfjör þeirra sé óskert. Kjósi þeir þá að fresta heimtu lífeyris og starfa áfram, taki lífeyrisréttur þeirra þá þegar að hækka um 2% á ári hverju, þótt aðrir sjóðfélagar verði að bíða eftir hvoru tveggja til 65 ára aldurs síns. Þessar aðstæður telur stefndi ganga í berhögg við yfirlýstan tilgang laganna frá 1955, en þar segir m. a. í athugasemdum við 7. gr. frumvarps til laga nr. 35 frá 1955: „En það er alls ekki tilgangur laganna um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra að skapa starfshæfu fólki aðstöðu til að hætta störfum og taka eftirlaun, heldur hitt, að tryggja þeim mönnum lífeyri, sem vegna elli eða örorku verða að hætta störfum og missa þar með vinnutekjur sínar.“ Einnig bendir stefndi á það, að fram kom á Alþingi 1953 frumvarp um að fella niður greiðslu iðgjalda hjá þeim, sem greitt hefðu í 30 ár svo og um 2% árlega aukningu lífeyris, samkynja þeirri, er nefnd var hér að framan. Þetta frumvarp var til breytinga á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (nr. 101 frá 1943) og var síðari tillagan samþykkt þá, en hin fyrri felld, en jafnframt samþykkt svohljóðandi bráðabirgðaákvæði: „Ríkisstjórnin lætur fara fram endurskoðun á lögum nr. 101 30. desember 1943 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins í samráði við stjórn sjóðsins. Verði m. a. athugað, hvort ekki sé rétt með hliðsjón af breyttum aðstæðum að hækka aldurstakmark frá því, sem nú er um rétt til fullrar lífeyrisgreiðslu, svo og annað það, sem af slíkri breytingu kann að leiða. Skal endurskoðuninni lokið á þessu ári.“ Telur stefndi, að hér sé átt við hækkun á aldurstakmarki þeirra manna, sem njóta hagræðis 95 ára reglunnar, enda hafi sú regla verið úr gildi felld á næsta þingi og jafnframt

ákveðið 30 ára hámarkið um iðgjaldagreiðslur. Stefndi telur framangreinda endurskoðun hafa verið framkvæmda á lögum beggja sjóða, enda séu þeir hliðstæðir í öllum aðalatriðum og því gildi hið sama um niðurstöður endurskoðunarinnar, að því er báða varðar. Loks fullyrðir stefndi, að víðtæka röskun á fjárhag sjóðanna muni leiða af því, að kröfur stefnanda verði til greina teknar.

Mál þetta var flutt og dómtekið hinn 10. maí s.l. og með dómi 24. s. m. var vísað sjálfkrafa frá dómi kröfu stefnanda um það, að viðurkennt verði, að hann eigi rétt til að hætta störfum og njóta hæstu eftirlauna samkvæmt reglum 10. gr. laga nr. 66 frá 1955, er samanlagður aldur hans og þjónustutími sé orðinn 95 ár. Var sá dómur byggður á fyrirmælum 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85 frá 1936, en hann var felldur úr gildi með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 23. f. m. Var það talið skipta stefnanda miklu að fá þegar dómsúrlausn um, hver sé réttur hans á hendur stefnda og hver séu skilyrði þess réttar og bæri því að leggja dóm á efniskröfur hans. Málið var því flutt af nýju og dómtekið í dag, svo sem fyrr var sagt.

Af því, sem rakið var hér að framan um frumvarpið og meðferð þess, þykir verða að ráða það, að ætlun löggjafans hafi verið sú, að þeir menn, sem voru orðnir sjóðfélagar fyrir gildistöku laga nr. 35 frá 1955 skyldu halda rétti sínum til að láta af störfum og taka lífeyri, er aldur þeirra og starfstími samanlagt væri 95 ár. Hið nýja ákvæði um, að iðgjaldagreiðslur falli niður eftir 30 ár, er ekki háð fyrirvara um þessa menn og stefnda er ekki í lögunum veitt heimild til að áskilja sér endurgjald frá þeim fram yfir þann tíma. Samkvæmt þessu var stefnanda óskylt að greiða stefnda iðgjöld eftir 1. október 1955 til þess, að hann fengi haldið framangreindum réttindum og verður tekin til greina krafa hans um viðurkenningu á því. Einnig ber að dæma stefnda til endurgreiðslu á fyrrgreindum kr. 4.709.36 með vöxtum, eins og krafizt var, enda hefur stefnandi greitt fjárhæð þessa með fyrirvara um endurheimtu.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Málflutningsþóknun hins skipaða talsmanns stefnanda, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnanda, Stefáni Sigurðssyni, er óskylt að greiða stefnda,

Lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra, iðgjöld eftir 1. október 1955. Stefnandi skal halda óskertum framangreindum rétti sínum til lífeyris.

Stefndi greiði stefnanda kr. 4.709.36 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Málflutningsþóknun skipaðs talsmanns stefnanda, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. desember 1958.

Nr. 31/1936. **Guðmundur H. Kristjánsson f. h. Vörumarkaðarins s/f**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Ólafi Þorgrímssyni (sjálfur).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór B. Líndal.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því er það varðar hann, með stefnu 27. febrúar 1956. Krefst hann sýknu af kröfu stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Guðmundur H. Kristjánsson hefur fyrir sakadómi Reykjavíkur hinn 18. október 1954 lýst yfir því, að hann hafi verið einn af stofnendum Vörumarkaðarins s/f og lagt fé í fyrirtæki þetta, sem aldrei var skráð í firmaskrá. Hins vegar hefur hann í máli þessu andmælt því, bæði í héraði og hér

fyrir dómi, að Sigurður A. Jónsson, sem samþykkti f. h. Vörumarkaðarins s/f víxil þann, sem mál þetta er af risið, hafi haft heimild til að binda fyrirtækið með þeim hætti, og hefur stefndi ekki fært nægar sönnur á, að slík heimild hafi verið fyrir hendi. Ber því að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðmundur H. Kristjánsson f. h. Vörumarkaðarins s/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ólafs Þorgrímssonar, í máli þessu.

Málskostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur Ólafur Þorgrímsson hrl., hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 4. febrúar s.l., gegn Sigurði Jónssyni, Hörpugötu 1, Guðmundi H. Þórðarsyni, Spítalastíg 5, Snorra Gunnarssyni, Bollagötu 2, Guðjóni Símonarsyni, Framnesvegi 5, Halldóri Eyþórssyni, Laugavegi 126, Guðmundi H. Kristjánssyni, Vesturgötu 35 og Runólfi Ó. Ólafssyni, Vesturgötu 16, öllum vegna Vörumarkaðarins s/f, Hverfisgötu 74, til greiðslu á víxilskuld að fjárhæð kr. 8.783.00 með 7% ársvöxtum frá 24. nóvember 1954 til greiðsludags, 1⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 21.00 í stimpilkostnað og málskostnað eftir mati dómarans.

Stefndi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt víxli að fjárhæð kr. 8.783.00, útgefnum 12. ágúst 1954 af Magnúsi Haraldssyni, en samþykktum af Sig. A. Jónssyni vegna Vörumarkaðarins s/f til greiðslu 24. nóvember 1954.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndu hafi verið fullábyrgir sameigendur Vörumarkaðarins s/f, sem var óskrásett fyrirtæki.

Stefndu Halldór Eyþórsson, Runólfur Ó. Ólafsson, Snorri Gunnarsson og Guðmundur H. Kristjánsson hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Stefndi Gujón Símonarson hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndu Sigurður Jónsson og Guðmundur H. Þórðarson hafa látið sækja þing, en engum andmælum hreyft gegn dómkröfum stefnanda, sem verða því teknar til greina að öllu leyti, að því er þá varðar.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnanda fallið frá öllum kröfum á hendur stefndu Halldóri Eyþórssyni, Runólfi Ó. Ólafssyni og Guðjóni Símonarsyni, en þess jafnframt krafizt, að málskostnaður, að því er þessa stefndu varðaði, yrði látinn falla niður.

Af hálfu stefndu Halldórs, Runólfs og Guðjóns var við munnlegan flutning málsins krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefndu Halldóri Eyþórssyni, Runólfi Ó. Ólafssyni og Guðjóni Símonarsyni málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00 til hvors þeirra.

Við munnlegan flutning málsins var ekki sótt þing af hálfu stefnda Snorra og ber því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framkomnum skjölum og skilríkjum að því er hann varðar.

Stefndu Snorri og Guðmundur H. Kristjánsson reisa kröfur sínar á því, að þeir séu hvergi nefndir á nafn á víxli þeim, sem mál þetta er risið af, og jafnframt á því, að þeir hafi ekki gefið samþykkjanda umræddS víxils neitt umboð til að samþykkja víxilinn. Þá er því og haldið fram af þeirra hálfu, að ekkert sé leggjandi upp úr upplýsingu stefnda Guðmundar H. Þórðarsonar í máli þessu.

Í októbermánuði 1954 var hafin opinber rannsókn á starfsemi verzlunarinnar Vörumarkaðurinn s/f, hér í bæ, fyrir sakadómi Reykjavíkur og sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur. Í réttarhaldi fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur hinn 18. október 1954 lýsti stefndi Guðmundur H. Þórðarson því yfir, að auk hans sjálfs væru stefndu Snorri Gunnarsson, Guðjón Símonarson, Halldór Eyþórsson, Runólfur Ó. Ólafsson og Guðmundur H. Kristjánsson eigendur Vörumarkaðarins s/f. Ekki kvað stefndi Guðmundur H. Þórðarson umrætt fyrirtæki þá hafa verið skrásett. Í réttarhaldi fyrir sakadómi Reykjavíkur hinn 16. október 1954 lýsti stefndi Guðmundur H. Þórðarson því yfir, að hann sjálfur, Snorri Gunnarsson, Guðjóns Símonarson og Guðmundur H. Kristjánsson væru eigendur Vörumarkaðarins s/f auk fleiri manna, sem hann taldi ekki þörf að tilgreina. Ekki kvað stefndi Guðmundur H. Þórðarson umrætt fyrirtæki þá hafa verið skrásett.

Við réttarhald hinn 18. október 1954 fyrir sakadómi Reykjavíkur við framangreinda rannsókn lýsti stefndi Guðmundur H. Kristjánsson því yfir, að hann ætti um 15 þúsund krónur í Vörumarkaðinum s/f, en einnig kvað hann stefndu Snorra Gunnarsson, Guðjón Símonarson og Guðmund H. Þórðarson eiga í verzluninni ásamt fleiri mönnum, en stefndi Guðmundur H. Kristjánsson vissi ekki hverjir það væru. Við framangreinda opinbera rannsókn komu ekki aðrir fyrir dóm af hinum stefndu í máli þessu en þeir Guðmundur H. Þórðarson og Guðmundur H. Kristjánsson. Stefndu Snorri Gunnarsson og Guðjón Símonarson munu á þessum tíma ekki hafa verið staddir í bænum.

Stefndu Halldór, Runólfur og Guðjón hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur í máli þessu. Hafa þeir allir neitað því að hafa verið meðal eigenda Vörumarkaðarins s/f.

Stefndi Guðmundur Kristjánsson hefur einnig komið fyrir dóm og gefið skýrslu í málinu. Kveðst hann ásamt stefndu Snorra og Guðmundi H. Þórðarsyni hafa stofnað fyrirtækið Jólamarkaðinn fyrir jólin 1953. Fyrirtæki þetta kveður hann síðar hafa leystst upp og hafi fullt uppgjör farið fram varðandi það. Varðandi framangreindan framburð sinn fyrir sakadómi Reykjavíkur hefur stefndi Guðmundur H. Kristjánsson skýrt svo frá, að hann hafi lagt vörur til Jólamarkaðarins fyrir tæpar kr. 15.000.00. Hann kveðst síðan hafa tekið ýmsar vörur hjá Jólamarkaðinum, en ekki hafa komið neitt nálægt rekstri fyrirtækisins. Hann kveður stefnda Guðmund H. Þórðarson síðar hafa sagt sér, að hann, þ. e. stefndi Guðmundur H. Þórðarson, væri búinn að breyta fyrirtækinu í Vörumarkaðinn s/f og jafnframt, að fleiri væru eigendur þess.

Þegar virtur er framburður stefnda Guðmundar H. Kristjánssonar fyrir sakadómi Reykjavíkur svo og skýrsla hans í máli þessu, þá verður að telja, að hann hafi verið einn af eigendum Vörumarkaðsins s/f og beri því ábyrgð á skuldbindingum þeim, sem stofnað hefur verið til vegna þess fyrirtækis. Þykir því bera að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, að því er stefnda Guðmund H. Kristjánsson varðar.

Við framangreinda opinbera rannsókn hafa stefndu Guðmundur H. Þórðarson og Guðmundur H. Kristjánsson lýst því yfir, að stefndi Snorri væri einn af eigendum Vörumarkaðarins s/f. Stefndi Snorri hefur ekki komið fyrir dóm og gefið skýrslu í máli þessu, þrátt fyrir áskorun um það frá stefnanda og lögmanni þeim, er sótt hefur þing fyrir hann, þ. e. stefnda Snorra í málinu. Þykir

því verða að leggja umrædda framburði Guðmundar H. Þórðarsonar og Guðmundar H. Kristjánssonar til grundvallar um það, að stefndi Snorri hafi verið einn eigenda Vörumarkaðarins s/f og beri því ábyrgð á skuldbindingum þeim, sem stofnað hefur verið til vegna þess fyrirtækis. Þykir því bera að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti, að því er stefnda Snorra varðar.

Við munnlegan flutning málsins var þess krafizt af hálfu stefnanda, að stefndu Snorri, Sigurður, Guðmundur H. Þórðarson og Guðmundur H. Kristjánsson allir in solidum vegna Vörumarkaðarins s/f verði dæmdir til að greiða stefnukröfurnar. Þessi breyting frá stefnukröfum þykir ekki koma til álita, þar eð hún hefur ekki verið samþykkt af varnaraðiljum þessum.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verða stefndu Sigurður Jónsson, Guðmundur H. Þórðarson, Guðmundur H. Kristjánsson og Snorri Gunnarsson allir vegna Vörumarkaðarins s/f dæmdir til að greiða stefnanda hina umstefndu víxilfjárhæð, vexti, þóknun og stimpilkostnað, eins og krafizt er, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.350.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan, en uppsaga hans hefur dregizt vegna anna við önnur störf í þágu borgardómaraembættisins.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Jónsson, Guðmundur H. Þórðarson, Snorri Gunnarsson og Guðmundur H. Kristjánsson allir vegna Vörumarkaðarins s/f, greiði stefnanda, Ólafi Þorgrímssyni, kr. 8.783.00 með 7% ársvöxtum frá 24. nóvember 1954 til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 21.00 í stimpilkostnað og kr. 1.350.00 í málskostnað.

Stefnandi, Ólafur Þorgrímsson, greiði stefndu Halldóri Eyþórssyni, Runólfi Ó. Ólafssyni og Guðjóni Símonarsyni, kr. 500.00 í málskostnað hverjum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. desember 1958.

Nr. 16/1958. **Johan Rönning h/f**
og
Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Ingu Herbertsdóttur f. h. sjálfrar sín, sonar síns Einars Ingþórs Einarssonar og dánarbús Einars Lúðvíkssonar (Ragnar Ólafsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. janúar 1958. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjenda, en til vara, að lækkaðar verði fjárhæðir þær, sem dæmdar voru í héraði. Svo krefjast þeir og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 30. janúar 1958. Þeir krefjast þess aðallega, að aðaláfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur vegna hennar sjálfrar kr. 442.258.00, vegna ólögráða sonar hennar Einars Ingþórs Einarssonar kr. 92.560.00 og vegna dánarbús Einars Lúðvígssonar kr. 84.019.00 ásamt 7% ársvöxtum af hverri fjárhæð frá 18. marz 1955 til greiðsludags og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, eins og málið hefði ekki verið gjafsóknarmál í héraði. Til vara krefjast gagnáfrýjendur staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda hér fyrir dómi.

I. Bótaábyrgð.

Telja verður, eins og lýst er í héraðsdómi, að öryggisbúnaði við framkvæmd verks þess, sem Einar Lúðvíkssyni var falið, hafi verið áfátt, einkum á byssu þeirri, sem slysið hlauzt af. Styðst þetta og við álitsgerð Þórðar Runólfssonar öryggismálastjóra, dags. 3. desember 1958, sem fram hefur verið lögð í Hæstarétti. Kveðst hann vera sammála héraðsdómendum um, „að með nægilega stórri og rétt lagaðri endurkastshlíf hefði mátt koma í veg fyrir slysið, en slík hlíf hefði þurft að ná vel út fyrir dósina og umlykja hana að fullu". Þá telur hann og vera „miklar líkur fyrir því, að viðeigandi höfuðhlíf hefði komið í veg fyrir slysið". Hins vegar muni hvorki atvinnurekendum né verkamönnum hafa verið almennt ljóst, að hér var um verkfæri að ræða, sem mikil hætta gat stafað af og krafðist fullkominnar aðgæzlu í notkun, enda hafi þá ekki enn verið fyrir hendi opinber ákvæði um öryggisráðstafanir við notkun á naglabyssu, sbr. nú reglur nr. 154 frá 6. nóvember 1956.

Gegn andmælum gagnáfrýjanda hefur ekki verið leitt í ljós, að Einari Lúðvíkssyni hafi verið veittar nauðsynlegar leiðbeiningar um notkun byssunnar og hverra öryggisaðgerða hann þyrfti að gæta við starf sitt. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að Einari hafi mátt vera ljóst, hversu mikil hætta gat stafað af meðferð byssunnar, né að hann hafi hagað sér óvarlegar við starf sitt en við mátti búast eftir aðstæðum. Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að aðaláfrýjendur beri óskipta bótaábyrgð á slysinu, enda leysir það þá ekki undan ábyrgð, þó að þeim hafi ekki verið nægilega kunn hættan af byssunni, þar sem þeir höfðu tekið hana í notkun í atvinnurekstri sínum.

II. Krafa Ingu Herbertsdóttur vegna sjálfrar sín.

Svo sem fyrr var greint, nemur þessi krafa kr. 442.258.00. Greinist hún í tvo liði, þ. e. bætur fyrir missi framfæranda, kr. 382.258.00, og fyrir röskun á stöðu og högun, kr. 60.000.00.

Í Hæstarétti hefur verið lagður fram nýr útreikningur

Guðjóns Hansens tryggingafræðings, dags. 28. nóvember 1958, um innstæðu tjónbóta vegna missis framfæranda með tilliti til breytinga á kjörum rafvirkja, eftir að gerður var útreikningur sá, sem lýst er í héraðsdómi. Samkvæmt hinum nýja útreikningi nemur verðmæti tapaðra tekna gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur á slysdegi kr. 409.649.00.

Gagnáfrýjandi Inga Herbertsdóttir gekk í hjónaband af nýju hinn 7. júní 1958. Hefur fyrrgreindur tryggingafræðingur einnig reiknað út, hvert tap hennar væri, ef eingöngu er miðað við tímabilið frá slysdegi til 7. júní 1958, og telst honum svo til, að tjónið mundi nema kr. 70.975.00.

Þegar litið er til þess, að gagnáfrýjandi Inga Herbertsdóttir hefur þegar fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins og aðaláfrýjendum kr. 19.490.00, að dæmdar fébætur verða ekki taldar hennar tekjur við álagningu tekjuskatts og útsvars og að hún hefur af nýju gengið í hjónaband, þá þykja fébætur henni til handa vegna missis framfæranda og röskunar á stöðu og högum hæfilega ákveðnar samtals kr. 170.000.00.

III. Krafa um bætur til Einars Ingþórs Einarssonar.

Þessi krafa nemur kr. 92.560.00, og er hún einnig í tveimur liðum, þ. e. kr. 42.560.00 vegna missis framfæranda og kr. 50000.00 vegna röskunar á stöðu og högum. Aðaláfrýjendur hafa ekki krafizt niðurfærzlu á fyrra kröfuliðnum, en bætur samkvæmt síðari kröfuliðnum þykja hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00. Ber aðaláfrýjendum því að greiða gagnáfrýjanda Einari Ingþóri Einarssyni kr. 62.560.00.

IV. Krafa dánarbús Einars Lúðvíkssonar.

Með skírskotun til raka héraðsdóms verða dánarbúinu ekki dæmdar þjáningabætur vegna slyss þess, sem málið er af risið, en að öðru leyti er krafa dánarbúsins, þ. e. kr. 4.019.00 vegna útfararkostnaðar, samþykkt af aðaláfrýjendum. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdómsins um bætur til handa dánarbúinu.

V. Niðurstaða.

Samkvæmt framansögðu ber aðaláfrýjendum að greiða in solidum gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur vegna sjálfrar hennar kr. 170.000.00, vegna sonar hennar Einars Ingþórs Einarssonar kr. 62.560.00 og vegna dánarbús Einars Lúðvíkssonar kr. 4.019.00 ásamt 6% ársvöxtum af fjárhæðum þessum frá 18. marz 1955 til greiðsludags, enda hefur upphafstíma vaxta ekki verið andmælt sérstaklega. Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms á að vera óraskað. Aðaláfrýjendum ber að greiða in solidum gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Johan Rönning h/f og Rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka, greiði in solidum gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur vegna hennar sjálfrar kr. 170.000.00, vegna Einars Ingþórs Einarssonar, kr. 62.560.00 og vegna dánarbús Einars Lúðvíkssonar kr. 4.019.00 ásamt 6% ársvöxtum af fjárhæðum þessum frá 18. marz 1955 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað. Aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Þá er slysið varð, voru engar reglur hér á landi um meðferð naglabyssna. Nú eru reglur nr. 154/1956 um þær. Vitni telur, að Einar heitinn Lúðvíksson hafi vanizt notkun slíkra byssna á Keflavíkurflugvelli og hann hafi verið búinn að nota naglabyssu mikið á Stokksnesi, áður en slysið varð, Eigi er vitað, að Einar hafi lesið leiðarvísi, sem byssunni fylgdi og er á ensku.

Meðferð Einars á byssunni var mjög hættuleg af þessum sökum: Hann var að festa raftengidós neðan á loftplötu yfir dyraskýli og hafði byssuskeftið í andlitshæð, þá er hann bar byssuhlaupið að dósinni. Hann skaut í gegnum dósarbotninn á höggsteypuplötu, sem er miklu harðari en venjuleg steypa. Endurkastshlífin á hlaupi naglabyssunnar nam eigi við loftplötuna, sem skjóta skyldi naglanum inn í, heldur lá á tengidósaropinu, þannig að fremsti hluti hlaupsins var við dósarbotninn, en endurkastshlífin var hvorki svo gerð né svo stór, að hún umlyki dósina. Hann skaut gegnum dósina á holu eftir nagla, sem hafði heykzt í næsta skoti áður. Síðari naglinn gekk eigi inn í loftplötuna, heldur geigaði milli hennar og dósarbotnsins og í höfuð Einari. Hlaut hann af því þann áverka, er dró hann til dauða. Er augljóst, að Einar heitinn hefur hagað sér gálauslega, er hann beitti naglabyssunni með téðum hætti og kynnti sér eigi betur en raun ber vitni hættur þær, sem notkun hennar eru samfara. Verður því eigi séð, að efni séu til að leggja alla sök af slysinu á aðaláfrýjendur.

Af gögnum málsins þykir mega ráða, að hvorki fyrirsvarsmönnum né verkstjóra aðaláfrýjenda hafi verið ljóst, hversu varasöm og hættuleg í notkun naglabyssa er. En gera verður þá kröfu til þeirra, að þeir leggi eigi slíka byssu upp í hendur starfsmönnum sínum, fyrr en þeir hafa kynnt sér rétta notkun hennar, brýnt hana fyrir starfsmönnum sínum og gert nauðsynlegar varúðarráðstafanir gegn slysahættu. Vangæzla á þessum nauðsynlegu aðgerðum hefur orðið af hendi aðaláfrýjenda, og verða þeir að bera fjárhagsábyrgð af þeim sökum.

Með tilvísun til þess, sem að framan er rakið, þykir hæfilegt að dæma aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjendum fébætur að ⅔ hlutum.

1. Með tilvísun til röksemda héraðsdóms þykja fullar bætur til dánarbús Einars Lúðvíkssonar vera kr. 4019.00. Ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða ⅔ þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 2679.33.

2. Fullar bætur handa Ingu Herbertsdóttur fyrir missi

framfæranda og röskun á stöðu og högum má ákveða kr. 170.000.00. Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða henni ⅔ hluta þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 113.333.33.

3. Fallast má á, að fullar bætur til Einars Ingþórs Einarssonar séu ákveðnar kr 62.560.00. Ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða ⅔ hluta fjárhæðarinnar, þ. e. kr. 41.706.67.

4. Loks ber að dæma aðaláfrýjendur til greiðslu 6% ársvaxta af dæmdum fjárhæðum frá 18. marz 1955.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum kr. 19.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflytjandi gagnáfrýjenda í héraði kr. 12.000.00. Auk þess greiðist téðum málflytjanda kr. 6.000.00 úr ríkissjóði.

Dómsorð mitt verður því:

Aðaláfrýjendur, Johan Rönning h/f og Rafvirkjadeild sameinaðra verktaka, greiði in solidum gagnáfrýjendum, Ingu Herbertsdóttur vegna dánarbús Einars Lúðvíkssonar, kr. 2679.33, henni sjálfri kr. 113.333.33 og vegna Einars Ingþórs Einarssonar kr. 41.706.67, ásamt 6% ársvöxtum af hinum dæmdu fjárhæðum frá 18. marz 1955.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 19.000.00. Af þeirri fjárhæð hljóti málflytjandi gagnáfrýjenda í héraði, Sigurður Baldursson héraðsdómslögmaður, kr. 12.000.00. Auk þess greiðist málflutningsmanni þessum kr. 6000.00 úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Svo sem frá er greint í dómi meiri hluta Hæstaréttar, hefur sú breyting orðið á högum gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur eftir að dómur gekk í héraði, að hún hefur gengið í hjónaband af nýju. Krefjast aðaláfrýjendur þess til vara, að bætur henni til handa verði lækkaðar m. a. af þessum sökum.

Ávallt má telja talsverðar líkur fyrir því, að ung ekkja giftist aftur, fyrr eða síðar, en að hún að öðrum kosti geti séð sér farborða með einhverju starfi, er fram líða stundir.

Verður að líta til þessa við ákvörðun fébóta fyrir missi fyrirvinnu, er þannig er ástatt. Hins vegar get ég ekki fallizt á, að fjárhæð dánarbóta beri að lækka sökum þess, að sú breyting varð á högum gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur, eftir að dómur gekk í héraði, en áður en málinu er lokið í Hæstarétti, að hún staðfesti ráð sitt af nýju. Að öðru leyti er ég sammála meiri hluta dómenda um þau atriði, sem fjárhæð dánarbóta er miðuð við, svo og um það, að eigi sé í ljós leitt, að Einar heitinn Lúðvíksson hafi átt þann þátt í slysinu með ógætni að lækka beri fjárhæð bóta af þeim sökum.

Bætur gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur til handa af hálfu aðaláfrýjenda fyrir missi fyrirvinnu tel ég hæfilega ákveðnar kr. 200.000.00, en fyrir röskun á stöðu og högum kr. 30.000.00. Frá þessum fjárhæðum ber að draga kr. 5000.00, sem þegar hafa verið greiddar. Ber því að dæma aðaláfrýjendur in solidum til að greiða gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur vegna hennar sjálfrar kr. 225.000.00 ásamt vöxtum, eins og segir í héraðsdómi.

Um önnur atriði er ég sammála atkvæði meiri hluta dómenda.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Aðaláfrýjendur, Johan Rönning h/f og Rafvirkjadeild sameinaðra verktaka, greiði in solidum gagnáfrýjanda Ingu Herbertsdóttur vegna hennar sjálfrar kr. 225.000.00, vegna Einars Ingþórs Einarssonar kr. 62.560.00 og vegna dánarbús Einars Lúðvíkssonar kr. 4.019.00 ásamt 6% ársvöxtum af fjárhæðum þessum frá 18. marz 1955 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað. Aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. desember 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. f. m., hefur Inga Herbertsdóttir, Laugavegi 86, hér í bæ, vegna sín og dánarbús eiginmanns síns, Einars Lúðvíkssonar, höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 18. apríl 1956, gegn Johan Rönning rafvirkjameistara, hér í bæ, vegna firmans Johan Rönning og Johan Rönn-

ing vegna rafvirkjadeildar Sameinaðra verktaka til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 528.092.45, auk 7% ársvaxta frá 18. marz 1955 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Með stefnu, útgefinni 28. febrúar 1957, höfðaði stefnandi meðalgöngusök vegna ófjárráða sonar síns, Einars Ingþórs, gegn báðum stefndu til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 94.687.55, auk 7% ársvaxta frá 18. marz 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Í aðalsök hafa stefndu hvor í sínu lagi aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður falli niður. Í meðalgöngusök hafa stefndu krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Við munnlegan málflutning hinn 22. f. m. gerði stefnandi nokkrar breytingar á kröfum sínum. Krefst hún þess nú í aðalsök, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða henni persónulega og vegna dánarbúsins kr. 521.277.00, en að meðalgöngusök verði stefndu dæmdir til að greiða henni in solidum vegna sonar hennar kr. 92.560.00. Af fjárhæðum þessum krefst hún vaxta, eins og að framan greinir. Við málflutning var lagt fram af hendi stefnanda bréf dómsmálaráðherra, dagsett 22. júlí 1957, þar sem stefnanda er veitt gjafsókn bæði í aðalsök og meðalgöngusök. Í samræmi við gjafsóknarleyfið krefst stefnandi nú málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Við málflutning höfðu stefndu að öllu uppi sameiginlegar varnir í málinu, bæði að því er tekur til aðalsakar og meðalgöngusakar. Véfengja þeir ekki solidariska fébótaábyrgð sína, ef talið yrði, að stefnandi eigi rétt á fébótum vegna slyss þess, sem málið fjallar um. Annars eru endanlegar kröfur þeirra í málinu nú þær, að þeim verði dæmd sýkna og málskostnaður eftir mati dómsins, en að öðrum kosti verði kröfur stefnanda lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Vátryggingarfélaginu h/f og Tryggingu h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu bæði í aðalsök og meðalgöngusök, en stefndu voru ábyrgðartryggðir hjá tryggingarfélögum þessum. Á hendur réttargæzlustefndu eru engar kröfur gerðar, og þeir hafa heldur engar kröfur gert. Á hinn bóginn hafa báðir réttargæzlustefndu tekið undir varnarástæður þær, er stefndu hafa haft uppi, og við málflutning voru sjónarmið þeirra í málinu reifuð.

Málsatvik eru þessi:

Í janúar 1955 hóf eiginmaður stefnanda, Einar Lúðvíksson, að vinna við raflagnir að Stokksnesi í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu á vegum rafvirkjadeildar Sameinaðra verktaka, en Einar var starfsmaður firmans John Rönning h/f, sem er aðili að atvinnurekendasamtökum þessum. Þar eystra stóð þá yfir bygging ýmissa mannvirkja fyrir varnarliðið. Voru hús öll byggð úr svonefndri höggsteypu, en hún mun vera miklu harðari en venjuleg steinsteypa. Við notkun þessa byggingarefnis er ekki hægt að hafa raflagnir inni í loftum og veggjum, svo sem annars tíðkast í steinhúsum, heldur verður að staðsetja rafmagnsrör og raftengidósir utan á veggjum og loftum. Til þess að festa raftengidósirnar, sem voru að því er virðist af venjulegri stærð og gerð, var notuð kraftmikil byssa, sem stálnöglum var skotið úr í gegnum dósarbotnana inn í steypuna. Skal nú leitazt við að lýsa gerð og notkun samskonar byssu og hér var notuð. Byssan er vinkillaga, um 18 þumlungar á lengd. Framan á byssuhlaupinu er málmplata, 10×10 cm, sem lögð er að þeim fleti, sem skjóta á í. Er platan þannig útbúin, að hægt er að færa hana til á hlaupinu eftir því, sem við á hverju sinni. Platan er til varnar því, að nagli, sem skotið er eða steinflísar úr því, sem í er skotið, valdi þeim slysum, sem byssuna notar. Verður platan hér eftir nefnd endurkastshlíf. Þegar raftengidós er fest með byssunni, er framlengingu bætt við hlaup byssunnar, en síðan er hún borin að dósinni þannig, að endurkastshlífin leggst sem lok yfir dósina, og er hún þá í fjarlægð frá steinfletinum, sem nemur dýpt dósarinnar. Byssan er óvirk, nema því aðeins að endi hlaupsins eða framlengingarinnar, sé hún notuð, liggi að þeim fleti, sem skotið er í. Skot þau, sem notuð voru til að skjóta nöglunum úr byssunni, voru fernskonar að styrkleika, og munu sterkustu skotin hafa verið notuð, er skotið var í höggsteypu, svo sem hér var gert. Naglarnir, sem voru notaðir, voru um 6 cm á lengd. Var sá endi þeirra, sem inn í steypuna átti að ganga, oddlaga, en afturendinn var með skrúfgangi, og stóð skrúfgangurinn út í gegnum dósarbotninn, er naglanum hafði verið skotið föstum. Var ró skrúfuð á þann endann og hert að dósarbotninum, og var þá dósin föst orðin.

Að morgni hins 18. marz stóð til að festa raftengidós neðan á loftplötu yfir dyraskýli, sem reist hafði verið framan við útidyr eins hússins, sem þarna var í byggingu. Dyraskýli þetta var um 1 m^2 að flatarmáli og rúmir 2 metrar á hæð. Var það af höggsteypu gert, og bjó Einar Lúðvíksson sig undir að festa

dósina með samskonar byssu og lýst er hér að framan. Stóð hann uppi á 18 þumlunga háum hnalli, og mun byssuskeftið hafa verið honum í andlitshæð, er hann bar hlaupið að dósinni. Einari til aðstoðar var maður að nafni Óskar Hansson. Stóð hann í tröppu inni í húsinu og hélt við rafmagnsrör, sem þeir félagar voru búnir að leggja í gegnum húsvegginn yfir útidyrunum. Átti annar endi rörs þessa að tengjast í nefnda dós, og hafði Einar fest dósinni við þann enda rörsins. Er Einar hafði staðsett dósina, skaut hann nagla í hana. Tjáði hann Óskari strax á eftir, að skotið hefði ekki heppnazt. Og við athugun kom í ljós, að naglinn hafði að vísu festst í dósinni, en ekki gengið nógu langt inn í steininn, heldur bognað. Dró Einar því naglann út aftur. Að því búnu brjóst hann til að skjóta nýjum nagla í dósina. Fór þá Óskar aftur inn í húsið, en hann hafði gengið fram í dyraskýlið til Einars eftir fyrra skotið. Heyrði Óskar nú, að Einar skaut á dósina, en jafnframt sá hann, að hnallurinn, sem Einar stóð á, féll um koll og að Einar steyptist til jarðar. Brá Óskar þegar við og skundaði til Einars, sem lá hreyfingarlaus og í roti, að því er honum virtist. Brátt komu fleiri menn á vettvang, meðal annars Kristinn Einarsson verkstjóri. Urðu menn þess brátt áskynja, að nagli sá, er Einar hafði skotið úr byssunni í síðara skiptið, hefði kastazt til baka og inn í höfuð hans, því að naglinn fannst ekki þótt hans væri leitað, en blóð var á höfði Einars. Var nú Einari lyft á sjúkrabörur og hann borinn inn í hús. Jafnframt var læknir kvaddur á vettvang, og kom hann rúmri hálfri klukkustund síðar. Þá var og hringt til Reykjavíkur og beðið um sjúkraflugvél til að flytja Einar í sjúkrahús. Kom flugvélin þangað austur um kl. 14.00 samdægurs, en slysið hafði orðið kl. 9.20. Var Einar fluttur með flugvélinni til Reykjavíkur, og um kl. 17.00 var hann lagður inn á handlæknisdeild Landspítalans. Samkvæmt vottorði Friðriks Einarssonar deildarlæknis, dagsettu 17. janúar 1957, reyndust sjáanlegir áverkar á Einari við skoðun þeir, að sár var á höfuðkúpunni með nokkurri blæðingu í kringum. Ennfremur blæddi úr munni hans. Vinstri andlitstaug var lömuð og eins virtist allur vinstri helmingur líkamans lamaður, en hægri fót og hægri handlegg hreyfði hann. Einar dvaldi um sólarhring í Landspítalanum, en var síðan fluttur með sérstakri flugvél til Kaupmannahafnar. Var hann lagður inn á heilaskurðdeild Ríkisspítalans, þar sem höfuð hans var skorið upp og naglinn fjarlægður. En nokkrum dögum síðar lézt hann.

Sjónarvottar voru engir að slysinu, en svo sem áður er getið, var Óskar Hansson nærstaddur, og er atvikalýsingin hér að framan byggð á frásögn hans og Kristins Einarssonar verkstjóra, en skýrslur voru teknar af þeim hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík um 2½ mánuði eftir slysið. Hafa bæði vitnin staðfest þessar skýrslur sínar fyrir dómi. Að kveldi slysdagsins kom Ari Hálfdánarson, vélstjóri frá Höfn í Hornafirði, að Stokksnesi og framkvæmdi þar rannsókn á tildrögum slyssins að tilhlutun öryggiseftirlits ríkisins. Liggja fyrir í málinu allýtarleg skýrsla hans um niðurstöður rannsóknar þessarar, dagsett samdægurs, og bréf hans til öryggiseftirlitsins, dagsett tveim dögum síðar, með ýmsum athugasemdum og frekari upplýsingum. Þá liggja og frammi í málinu ljósmyndir, er Ari Hálfdánarson hefur tekið og sýna eiga aðstæður við verk það, er Einar heitinn vann í umrætt sinn. Að lokum hefur dómurinn haft undir höndum byssu sömu tegundar og hér var notuð. Eru gögn þessi mjög til skýringar málsatvikum.

Í skýrslu sinni getur skoðunarmaðurinn til um orsakir til slyssins. Segir þar, að greinilegt sé af útliti holunnar, sem eftir var í loftplötunni eftir skottilraunir Einars heitins svo og útliti dósarbotnsins, að síðari naglinn, sem skotið var, hafi farið í gegnum sama gatið á dósarbotninum og hinn fyrri, þó aðeins til hliðar, þannig að það hafi orðið ílangt. Er naglinn lenti í steypunni, hafi hann kastazt til baka utanvert við dósina og myndað um leið smárispu utan á lögg hennar. Holan, sem eftir var í loftinu, hafi verið ílöng og botn hennar eins og hálfmáni að lögun. Hún hafi verið 12 mm á dýpt, þar sem hún var dýpzt, og kvarnað út frá henni á 15—20 mm radíus. Þessi tilgáta skoðunarmannsins kemur alveg heim við álit vitnanna Óskars og Kristins. Þannig segir Kristinn verkstjóri um þetta atriði í framburði sínum:

„Hann (þ. e. Einar heitinn) hleður byssuna aftur og skýtur nýjum nagla eins nákvæmlega á sama stað og mögulegt var, þar sem hann gat ekki séð naglagatið, eftir að hann var búinn að setja hlaupið upp í dósina. Sá nagli gengur heldur ekki inn, en geigar og gengur út á milli dósarinnar og loftsins, eins og áverkinn á dósinni bar með sér, og lendir í höfðinu á Einari, því útilokað er, að naglinn hafi getað kastazt til baka niður úr dósinni, þar sem hlífin á byssuhlaupinu hefur lokað henni. Dós þessari var ætlaður ákveðinn staður, og þar sem þetta á að vera

vatnsþéttur lampi, er mikið atriði að gera ekki fleiri göt en nauðsynlegt var."

Í fyrrnefndu bréfi Ara Hálfdánarsonar til öryggiseftirlitsins segir m. a. á þessa leið:

„Um hina augljósu hættu má nefna þetta tvennt:

1. Byssan sjálf (fyrirkomulag hennar) ber það með sér, að ómögulegt er að telja hana örugga fyrir endurkasti naglans, ef skotið er í efni, þar sem hann getur breytt um stefnu. Á ég við það, hversu lítil öryggisplatan er. Þá er og auðsætt, hversu hættan eykst, þegar skotið er í dós, þar eð öryggisplatan verður í fjarlægð frá steinfletinum, eins og í skýrslunni segir.

2. Þeir, sem gáfu upplýsingar varðandi skýrslugerðina, vöktu sérstaka athygli á því, að mjög sé algengt, að flísar hrökkvi undan öryggisplötunni. Á Stokksnesi var mér og sýndur staður (auk slysstaðarins), þar sem skotið hafði verið í steypu og naglar endurkastazt. Var þar um að ræða steypu, blandaða fjörumöl af staðnum, þ. e. sléttum, hörðum og afrúnnuðum steinum.

Rétt er að taka fram, að barmarnir á gatinu á dósinni (skurðurinn eftir naglann) mynda um 90° horn við dósarbotninn. Sést þannig, að byssan hefur verið borin rétt að dósinni (hallalaust)."

Vitnið Kristinn Einarsson kveður Einar heitinn hafa unnið mikið með byssu sams konar og hér ræðir um á Keflavíkurflugvelli, áður en hann hóf að vinna austur á Stokksnesi, en þar eystra hafi hann einnig mikið notað byssuna. Ekki kveðst vitnið geta um það sagt, hvort Einar hafi fengið nokkra tilsögn um meðferð byssunnar, áður en hann hóf að vinna þar eystra. Hins vegar tekur vitnið fram, að Einar hafi verið sérstaklega aðgætinn við öll sín störf og hafi það talið hann sýna mikla aðgætni við notkun byssunnar. Áður en slysið varð, hafi verið búið að skjóta mörg þúsund nöglum í höggsteypuna, án þess að nokkurt slys hlytist af, en oft hafi það komið fyrir, að naglarnir, sem skotið var, festust ekki í steypunni sökum þess, hve hörð hún var. Kveðst vitnið telja slíkar byssur varhugaverðar í notkun, þegar um höggsteypu er að ræða. Vitnið kvaðst hafa tekið byssuna í sínar vörzlur strax eftir slysið og rannsakað hana, en eigi fundið henni áfátt í neinu. Hafi hún og verið mikið notuð eftir slysið, þó ekki við höggsteypu, og ávallt reynzt í lagi. Vitnið kveður byssuna hafa verið geymda í kassa, er hún var ekki í notkun. Innan í loki kassans hafi verið leiðarvísir á ensku og hafi byssan verið notuð samkvæmt honum. Vitnið kveður

rafvirkjana, sem þarna unnu, hafa rætt um það í sinn hóp, að glannalegt væri að nota byssuna, án þess að jafnframt væri notaður höfuðhjálmur eða annar öryggisútbúnaður. Hafi aðalverkstjórinn á staðnum vafalaust heyrt þær samræður. Ekki kveðst vitnið Óskar Hansson minnast þess, að um þetta væri rætt. Að sögn vitnisins voru ekki til öryggishjálmar þar eystra, en voru sendir austur eftir slysið og notaðir þar upp frá því.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi í fyrsta lagi á því, að stefndu beri sem umráðamenn byssunnar fébótaábyrgð á tjóni því, er af notkun hennar hlauzt í umrætt sinn, þar sem hvorki hafi byssan verið í fullkomnu lagi né heldur hafi verið fullnægt þeim öryggisráðstöfunum, sem gera verði til svo hættulegs tækis. Í annan stað eru kröfur stefnanda á því reistar, að hér hafi verið um hættulegt starf að ræða, sem unnið hafi verið í þágu stefndu og þeir notið hagnaðar af. Þá er á það bent, að höggsteypa sé sérstaklega viðsjárvert efni í þessu sambandi svo og það, að engir öryggishjálmar hafi verið notaðir og skort hafi fullnægjandi leiðbeiningarreglur um notkun byssunnar.

Sýknukröfurnar reisa stefndu í fyrsta lagi á því, að byssan, sem um ræðir, hafi verið í fullkomnu lagi svo og allur öryggisútbúnaður og umbúnaður á vinnustað. Í öðru lagi er því mótmælt, að um fébótaábyrgð á slysinu geti verið að ræða á þeim grundvelli, að notkun slíkrar byssu sé hættulegt starf. Er þessi varnarástæða á því byggð, hve algengt tæki þetta sé nú orðið. Á hinn bóginn er því haldið fram, að óumdeilanleg orsök slyssins hafi verið það gáleysi Einars heitins að skjóta nagla í sama gat og hinn fyrri hafði bognað í. Með skírskotun til framangreindra atriða telja stefndu, að eigi sé unnt að gera þá að neinu leyti fébótaábyrga á afleiðingum slyssins. Varakröfurnar reisa stefndu á því í fyrsta lagi, að Einar heitinn hafi með óaðgætni sinni a. m. k. átt nokkra sök á slysinu og beri því að skipta tjóninu. Í öðru lagi er varakrafan á því reist, að kröfur stefnanda séu allt of háar. Að lokum hafa stefndu sérstaklega mótmælt því, að stefnandi eigi rétt á 7% vöxtum af dæmdum fjárhæðum, eins og krafizt er.

Á þeim tíma, er slys þetta varð, höfðu byssur sams konar og hér ræðir um verið notaðar um alllangt skeið á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, og munu ýmsir Íslendingar þar hafa lært meðferð þeirra. Eftir að slysið varð, hófust afskipti opinberra aðilja af notkun slíkra byssa. Var m. a. sett reglugerð um notkun þeirra. Eru nú og gerðar kröfur um ákveðin

skilyrði, er þeir verða að fullnægja, sem réttindi öðlast til að fara með þessar byssur.

Það er álit meðdómendanna, sem báðir hafa lært meðferð slíkrar byssu, að alveg sé tvímælalaust, að réttar séu tilgátur þær, sem raktar eru hér að framan um það, með hverjum hætti slysið varð, enda virðast ekki bornar brigður á það af hálfu stefndu. Telja meðdómendurnir, að endurkastshlífin framan á hlaupi byssunnar hafi verið alls ófullnægjandi, eins og notkun byssunnar hér var háttað, vegna fjarlægðar hlífarinnar frá steinfletinum. En mjög áríðandi, öryggis vegna, að endurkastshlífin liggi fast að fleti þeim, sem í er skotið, þar sem þá er tryggt svo sem framast er kostur, að naglinn, sem skotið er, endurkastist ekki fram hjá hlífinni, eins og hér varð raunin á. Eru og framleiddar ýmsar gerðir þessara hlífa og fer það alveg eftir notkun byssunnar, hvaða gerð af hlíf á við hverju sinni. Við þá notkun byssunnar, sm hér var um að ræða, var þannig mjög áríðandi, að notuð væri hlíf, sem ekki einasta legðist sem lok yfir op raftengidósarinnar, sem í var skotið, eins og hlíf sú gerði, sem notuð var, heldur umlykti hana gersamlega og næmi við steinflötinn. Þykir mega telja fullvíst, að slysið hefði ekki orðið, ef öryggisbúnaður byssunnar hefði verið í fullkomnu lagi að þessu leyti. Þegar skotið er úr byssunni í loft, eins og hér var gert, er og nauðsynleg öryggisráðstöfun, að skyttan hafi hjálm á höfði, en svo sem áður er fram komið, var slíku öryggistæki ekki til að dreifa þar eystra, fyrr en eftir að slysið varð. Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið um hættueiginleika byssunnar, sem aldrei verður hægt að byggja út að fullu, ófullnægjandi öryggisútbúnað hennar og skort á fullnægjandi öryggisbúnaði skyttunni til handa, þykir sýnt að leggja verði á atvinnurekandann fébótaábyrgð á slysi sem þessu, er rekja má til allra þessara atriða. Hefur því aðalkrafa stefnda ekki við rök að styðjast.

Er þá komið að þeim þætti varakröfunnar, sem fyrst kemur til álita, þ. e. hvort rök hnígi að því að skipta fébótaábyrgð á slysinu. Það er álit meðdómendanna, að óvarlegt og hættulegt sé að skjóta öðru sinni í gat, sem myndazt hefur í stein eftir nagla, er fjarlægður hefur verið sökum ónógrar festu, þar sem við það eykst hættan á endurkasti naglans. En telja verður nægilega fram komið, að Einar heitinn hafi farið svo að, er slysið varð. Á hinn bóginn er á það að líta, að með öllu er ósannað, að Einar heitinn hafi verið varaður við hættunni, sem

þessu er samfara, eða að hún hafi verið honum kunn, en þess var naumast að vænta, að hann gerði sér fulla grein fyrir hættunni af eigin reynd. Ber að hafa það í huga í þessu sambandi, að mjög virðist hafa á það skort, að látnar væru í té þar eystra og brýndar fyrir mönnum nauðsynlegar varúðar- og öryggisreglur varðandi notkun byssunnar, en leiðarvísir sá, sem henni fylgdi, var á ensku. Með skírskotun til þessa og þar sem ekki er fram komið, að Einar heitinn hafi að öðru leyti farið rangt að við notkun byssunnar, þá þykir ekki vera fyrir hendi grundvöllur til skiptingar tjónsins, sem af slysinu hlauzt. Verður því stefndu in solidum gert að bæta það að fullu.

Koma nú kröfur stefnanda í aðalsök og meðalgöngusök til athugunar, en þær eru sundurliðaðar þannig:

A. Krafa dánarbúsins.

1. Bætur fyrir þjáningar	kr.	80.000.00
2. Útfararkostnaður	—	4.019.00
	Kr.	84.019.00

B. Krafa Ingu Herbertsdóttur.

1. Bætur fyrir missi framfæranda	kr.	382.258.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	60.000.00
	Kr.	442.258.00
	÷ —	5.000.00
	Kr.	437.258.00

C. Krafa Einars Ingþórs.

1. Bætur fyrir missi framfæranda	kr.	42.560.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	—	50.000.00
	Kr.	92.560.00

Um A 1.

Stefndu hafa mótmælt kröfulið þessum á þeim grundvelli, að með öllu bresti lagaheimild til að dæma dánarbúi slíkar bætur, sem hér er krafizt, enda séu skilyrði 3. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 ekki fyrir hendi.

Er krafa þessi var uppi höfð með höfðun þessa máls, var

Einar heitinn löngu látinn. Að því athuguðu og með skírskotun til nefnds lagaákvæði brestur skilyrði til að taka kröfulið þenna til greina að neinu leyti.

Um A 2.

Kröfuliður þessi sætir ekki andmælum, og verður hann tekinn til greina óbreyttur.

Um B 1.

Einar heitinn Lúðvíksson var kvæntur stefnandanum, Ingu Herbertsdóttur. Höfðu þau stofnað hjúskap hinn 8. nóvember 1953 og höfðu því verið gift í tæplega 2½ ár, er Einar féll frá. Var hann þá 21 árs að aldri, fæddur 9. janúar 1934, en hún 19 ára gömul, fædd 6. nóvember 1935. Þau hjónin höfðu eignazt eitt barn, Einar Ingþór. Er hann fæddur 14. desember 1954 og hefur því verið rúmlega 3 mánaða gamall, er faðir hans lézt. Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur hinn 3. október 1957 reiknað út áætlað tjón Ingu vegna missis framfæranda. Er Einar lézt, var hann fyrir nokkru orðinn fullnuma rafvirki, og hefur hinn sérfróði maður því lagt til grundvallar útreikningum sínum vikukaup rafvirkja með þeim breytingum, sem á því hafa orðið frá slysdegi til þessa dags, er útreikningurinn er gerður. Reiknað er með 48 vinnuvikum á ári og 5% orlofsfé fram til 12. júní 1955, en 6% orlofsfé eftir það. Ekki er gert ráð fyrir yfirvinnu. Auk þess, sem nú var greint, er útreikingurinn miðaður við 6% ársvexti, hérlenda reynslu af langlífi karla frá árunum 1941—50 og lífslíkum íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu frá sama tímabili. Reiknað á þenna hátt nema árstekjur á slysdegi kr. 44.156.00, en 12. júní 1955 hækka þær í kr. 49.172.00, fara eftir það hækkandi og nema, er útreikningurinn er gerður, kr. 55.891.00. Kveðst tryggingafræðingurinn hafa reiknað með þeim tekjum til frambúðar. Sé Ingu reiknaður helmingur þessara tekna svo langt fram í tímann, sem ætla má, að hún lifi og starfskraftar Einars heitins hefðu enzt. Reiknast hinum sérfróða manni, að verðmæti þess hluta teknanna nemi á slysdegi kr. 396.748.00. Frá þessari fjárhæð hefur stefnandi dregið kr. 14.490.00, sem eru heildarbætur, er hún hefur fengið greiddar hjá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt, svo og kr. 5.000.00, er hún hefur fengið greiddar frá stefndu. Mismunurinn, kr. 377.258.00, er þá krafa hennar samkvæmt þessum lið.

Stefndu hafa mótmælt kröfulið þessum sem allt of háum.

Vekja þeir athygli á því, að í útreikningi tryggingafræðingsins sé reiknað með fullri vinnu árið um kring, án þess tekið sé tillit til veikinda eða hugsanlegs tímabundins atvinnuleysis. Samkvæmt gildandi lögum séu vinnulaun eiginmanns hjúskapareign hans. Konan eigi rétt á framfærslueyri úr hendi hans, en réttur hennar til helmings úr nettóhjúskaparteign mannsins verði ekki virkur fyrr en við slit hjúskapar. Fari þannig eftir atvikum, að hve miklu leyti þessi réttur hennar verði virkur. Með bótum í eitt skipti fyrir öll fái stefnandi fé það, sem um ræðir, fyrr en ella hefði mátt reikna með. Þá er á það bent, að mikið hagræði sé að því að fá bætur sem fúlgufé svo og það, að slíkar bætur séu undanþegnar tekjuskatti og útsvari. Jafnframt öllu þessu beri að hafa í huga, að stefnandi hafi jafnvel meiri möguleika til öflunar tekna utan heimilis en hefði manni hennar enzt líf, þar eð ætla mætti, að að hún hefði þá orðið bundnari við heimilið en ella.

Við málflutninginn var því sérstaklega mótmælt af hálfu réttargæzlustefndu, að í útreikningi tryggingafræðingsins er áætlað verðmæti framfærslueyris Einars Ingþórs, sem hann hefur einnig reiknað út, ekki dregið frá áætluðum vinnutekjum föður hans. Telja þeir, að það beri að gera, áður en tekjunum sé skipt til helminga. Samkvæmt upplýsingum, sem aflað hefur verið hjá tryggingafræðingnum, myndi hlutur Ingu af áætluðum atvinnutekjum lækka um fjárhæð, sem næmi helmingi barnalífeyrisins, eða kr. 21.280.00, væri þetta gert.

Með hliðsjón af þeim atriðum, sem hér verða talin skipta máli, ákveðast bætur til Ingu Herbertsdóttur fyrir missi framfæranda kr. 280.000.00. Hafa þá verið dregnar frá fjárhæðir þær, sem hún samkvæmt því er áður getur, hefur fengið greiddar upp í tjón sitt, samtals kr. 19.490.00.

Um B 2.

Stefndu hafa mótmælt kröfulið þessum sem of háum.

Einsýnt er, að stefnandi hefur orðið fyrir mikilli röskun á stöðu og högum við fráfall manns síns. Þykja bætur til hennar fyrir þá röskun hæfilega ákveðnar kr. 40.000.00.

Um C 1 og 2.

Svo sem vikið er að undir B 1 hér að framan, hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út áætlað verðmæti framfærslueyris Einars Ingþórs. Er þar reiknað með lögmæltum

barnalífeyri, eins og hann er nú, þ. e. 200 króna greiðslu á mánuði, auk verðlagsuppbótar frá slysdegi til 16 ára aldurs drengsins. Reiknast hinum sérfróða manni verðmæti lífeyrisins nema kr. 42.560.00. Er þá reiknað með 6% vöxtum p. a. og dánarlíkum barns. Hefur stefnandi lagt þessa fjárhæð til grundvallar fyrra kröfuliðnum, sem hér er fjallað um.

Stefndu halda því fram, að fyrri kröfuliðurinn eigi engan rétt á sér, þar sem Einar Ingþór fái greiddan barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, meðan hann er á ómagaaldri. Þá er því mótmælt, að drengurinn eigi rétt á bótum fyrir röskun á stöðu og högum, en til vara er þeim lið mótmælt sem of háum.

Lögum samkvæmt greiðir Tryggingarstofnun ríkisins óendurkræfan barnalífeyri til Einars Ingþórs eftir lát föður hans. Haldast þær greiðslur til fullnaðs 16 ára aldurs drengsins. Bætur til Einars Ingþórs vegna missis fyrirvinnu og vegna röskunar á stöðu og högum þykja hæfilega ákveðnar í einu lagi kr. 55.000.00.

Samkvæmt framanskráðu verða þá úrslit aðalsakar og meðalgöngusakar þau, að stefndu verða dæmdir in solidum til að greiða stefnanda Ingu Herbertsdóttur vegna dánarbúsins kr. 4.019.00, vegna hennar sjálfrar kr. 320.000.00 (kr. 280.000.00 + kr. 40.000.00) og vegna Einars Ingþórs kr. 55.000.00.

Fallast verður á mótmæli stefndu gegn því, að 7% ársvextir verði dæmdir af fjárhæðum þessum, þar sem til slíks brestur lagaheimild. Verða því 6% vextir p. a. dæmdir af fjárhæðunum frá slysdegi, eins og krafizt er, til greiðsludags.

Með hliðsjón af málalokum ber að dæma stefndu in solidum til greiðslu málskostnaðar. Þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 18.300.00. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflytjandi sóknaraðilja, Sigurður Baldvinsson hdl., kr. 18.000.00 í málssóknarlaun.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómurunum Hákoni Þorsteinssyni öryggiseftirlitsmanni og Hilmari H. Friðrikssyni verkstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, firmað Johan Rönning h/f og rafvirkjadeild Sameinaðra verktaka, greiði in solidum stefnanda, Ingu Herbertsdóttur vegna dánarbús Einars Lúðvíkssonar kr. 4.019.00, vegna hennar sjálfrar kr. 320.000.00 og vegna Einars Ingþórs Einarssonar kr. 55.000.00.

Af dæmdum fjárhæðum greiði stefndu in solidum 6% ársvexti frá 18. marz 1955 til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnendum in solidum kr. 18.300.00 í málskostnað. Af þeirri fjárhæð hljóti skipaður málflytjandi sóknaraðilja, Sigurður Baldursson hdl., kr. 18.000.00 í málssóknarlaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. desember 1958.

Nr. 38/1956. **Bjarni Jóhannesson**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Hóteli Borgarness h/f
(Sigurður Reynir Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna riftunar á leigusamningi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið málið þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz 1956. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi riftaði leigusamningi aðilja án lögmætra ástæðna, og hefur stefndi ekki firrt sig öllum rétti til að krefja hann skaðabóta af þeim sökum. Þegar litið er til samnings þess í heild, er stefndi gerði við Steinunni Hafstað og lýst er í héraðsdómi, og að sá samningur var ekki borinn undir áfrýjanda, þykja bætur hans til stefnda vegna riftunar leigusamningsins hæfilega ákveðnar kr. 19.000.00. Frá fjárhæð þessari ber að draga ógoldna leigu eftir herbergi í gistihúsinu, sem viðurkennt er, að stefndi átti að greiða áfrýjanda umsamið leigutímabil, kr. 500.00 á mán-

uði, eða alls kr. 6.000.00. Verður áfrýjanda því dæmt að greiða stefnda kr. 13.000.00 með vöxtum, eins og segir í héraðsdómi, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bjarni Jóhannesson, greiði stefnda, Hóteli Borgarness h/f, kr. 13.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1955 til greiðsludags og kr. 3500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. febrúar 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Hótel Borgarness h.f., Borgarnesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. nóvember 1954, gegn Bjarna Jóhannessyni veitingamanni, til heimilis að Stórholti 31, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 30.500.00 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómarans.

Málavexti kveður stefnandi þá, að um vorið 1954 seldi hann stefnda á leigu húsnæði og húsbúnað í húsi sínu „Hótel Borgarnes" til veitinga- og hótelreksturs. Var gerður munnlegur samningur fyrir maíbyrjun 1954, og var sá leigumáli með þeim hætti, að stefndi tók húsnæðið á leigu í eitt ár frá 1. maí 1954 til 30. apríl 1955. Leigugjaldið var ákveðið þannig, að fyrir tímabilið 1. maí 1954 til 1. október s. á. skyldi mánaðarleiga vera kr. 6.000.00, en fyrir tímabilið frá 1. október 1954 til 30. apríl 1955 skyldi mánaðarleiga vera kr. 3.500.00. Þessi munnlegi samningur aðiljanna var staðfestur með undirskriftum þeirra í fundargerðarbók Hótel Borgarness h.f. hinn 19. ágúst 1954. Á þeim sama fundi tjáði stefndi stjórn stefnanda, að hann hyggðist hætta veitinga- og hótelrekstrinum frá 1. sept. 1954 og vildi ekki greiða leigugjald nema til þess tíma. Stjórn félags stefnanda seldi hótelið síðan á leigu öðrum aðilja frá 1. september 1954 til 1. október 1955. Samningur við hinn nýja leigutaka var þannig, að

hann greiddi enga leigu frá 1. september 1954 til 1. maí 1955, en eftir það skyldi mánaðarleigan vera kr. 7.000.00, en kr. 9.000.00, ef veitingasalur, eldhús með tilheyrandi, yrðu fullbúin á tímabilinu eftir 1. maí 1955, frá næstu mánaðamótum þar á eftir. Ennfremur skyldi leigusali, stjórn félags stefnanda, greiða hinum nýja leigutaka kr. 1.000.00 á mánuði í hitakostnað tímabilið 1. október 1954 til 1. apríl 1955.

Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að leigusamningur aðiljanna hafi verið óuppsegjanlegur. Ekki hafi fengizt nýr leigutaki, nema gegn því að greiða enga leigu fyrir tímabilið frá 1. september 1954 til 1. maí 1955. Af þeim sökum hafi stefnandi orðið fyrir tjóni, er nemur leigufjárhæðinni fyrir þann tíma, og beri stefnda að bæta stefnanda það tjón.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að samningur í upphafi hafi aðeins verið til reynslu, og hafi honum því verið heimilt að hætta rekstrinum, hvenær sem var. Ennfremur hafi stjórn félags stefnanda ekki gert neinar athugasemdir eða fyrirvara við því, að hann hætti við rekstur hótelsins, er fundur var haldinn í félaginu hinn 19. ágúst 1954 og uppsögn stefnda var tekin fyrir. Þá hafi stefndi greitt leigugjald fyrir júlímánuð hinn 28. ágúst 1954 og fyrir ágústmánuð hinn 5. september 1954 og hafi stefnandi kvittað fyrir þær fjárhæðir án fyrirvara. Einnig mótmælir stefndi því, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna þessa. Hinn nýi leigutaki hafi tekið við rekstrinum um leið og stefndi hætti og ennfremur hafi stefnandi á kostnað stefnda samið svo við hinn nýja leigutaka, að hann skyldi undanþeginn leigugreiðslu þann tíma, er stefndi átti samkvæmt samningum að vera, en náð með því hagstæðari leigukjörum eftir þann tíma, sem jafnar upp leigugjaldið fyrir allt tímabilið.

Á fundi stjórnar félags stefnanda hinn 5. september 1954, er stefndi sat, var borin fram skaðabótakrafa á hendu stefnda vegna riftunar leigusamningsins, en stefndi neitaði þá öllum kröfum um skaðabætur.

Á fundi hinn 16. september 1954 var gengið frá leiguskilmálum við hinn nýja leigutaka. Segir í fundargerðinni, að viðræður hafi átt sér stað undanfarið milli stjórnar félags stefnanda og hins nýja leigutaka, og var ákveðið, að leigutími hans hæfist frá 1. september 1954. Segir ennfremur í fundargerðinni, að stjórnin ákvæði að leita til lögfræðings varðandi samningsrof stefnda við stjórnina um leigu á hótelinu.

Vitnið Finnbogi Guðlaugsson og Sigurþór Halldórsson, stjórnar-

menn félags stefnanda, hafa skýrt svo frá fyrir dómi, að aldrei hafi verið gert ráð fyrir því, að stefndi hæfi rekstur hótelsins til reynslu, heldur hafi verið um eins árs leigusamning að ræða. Vitnið Sigurþór kveðst muna eftir því, að óformlegar viðræður hafi átt sér stað með stjórninni og stefnda um miðjan júlí 1954. Hafi stefndi þá látið orð falla í þá átt, að rekstur hótelsins væri sér erfiður. Kveður vitnið stjórnina hafa svarað því til, að ef stefndi hyggðist hætta rekstrinum, yrði hann að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt leigusamningnum. Vitnið Finnbogi kveðst ekki muna eftir slíkum fundi, en kveðst minnast þess, að stefndi hafi viljað losna frá leigumálanum, en því hafa svarað, að stefnda bæri að standa við samninginn.

Vitnið Friðrik Þórðarson, stjórnarmaður félags stefnanda, kvaðst hafa heyrt á skotspónum, ekki löngu áður en það kom fyrir á formlegum fundi, að stefndi vildi segja lausum leigumálanum. Vitnið kvaðst hafa aðvarað stefnda á fundinum hinn 19. ágúst 1954 að ganga ekki frá samningum, þar sem stjórnin myndi verða hörð í kröfum við hann út af því.

Stefndi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi sagt hótelinu lausu um miðjan júlí 1954. Hafi það farið fram á fundi með stjórn félags stefnanda, en kvaðst ekki muna, hvort fundargerð var rituð á fundinum. Kvað stefndi aldrei hafa verið orðað við sig, að hann greiddi stjórn hótelsins skaðabætur fyrr en á fundi hinn 5. september 1954.

Af framanröktu er ljóst, að samningur var kominn á um leiguna með aðiljunum fyrir tímabilið 1. maí 1954 til 30. apríl 1955, enda er ekki umdeilt, að svo hafi verið né um efni hans. Á fundi aðiljana hinn 19. ágúst 1954 er samningurinn staðfestur með undirskriftum þeirra í fundargerðabók félags stefnanda. Þegar á þeim sama fundi var ákveðið að auglýsa hótelið til leigu, þar sem stefndi hafði þá tilkynnt stjórn félags stefnanda, að hann hætti rekstri hótelsins frá 1. september 1954 að telja. Stefnandi þykir ekki hafa fallið frá kröfu um bætur úr hendi stefnda fyrir að standa ekki við leigumálann, með því að gera þá ekki kröfu í þá átt. Mælir og gegn því, að á þeim fundi er samningurinn skriflega staðfestur. Þá verður heldur ekki talið, að stefnandi hafi firrt sig rétti til bóta, með því að taka við leigugreiðslum 19. ágúst og 5. september 1954 án fyrirvara, þar sem greiðslur þessar voru fyrir tímabil, er stefndi þegar hafði haft hótelið á leigu. Stefnandi hafði uppi bótakröfu á fundi aðiljanna hinn 5. september, og samkvæmt því, er sagt hefur verið

hér að framan, þykir ekki hafa liðið svo langur tími, frá því stefndi tilkynnir, að hann muni hætta rekstrinum og þar til stefnandi hefur uppi bótakröfu, að það firri stefnanda bótarétti. Samkvæmt þessu ber stefndi fébótaábyrgð á tjóni, er stefnandi varð fyrir vegna þess, að stefndi stóð ekki við framangreindan leigumála.

Samkvæmt leigumálanum var mánaðarleiga kr. 6.000.00 til 1. október 1954, en kr. 3.500.00 frá þeim tíma til loka tímabilsins, 30. apríl 1955, og er ósannað gegn mótmælum stefnanda, að um nokkurn reynslutíma hafi verið að ræða. Hinn nýi leigutaki greiddi, eins og áður segir, enga leigu fyrir tímabilið 1. september 1954 til 1. maí 1955, en eftir það kr. 7.000.00 á mánuði, þó með þeim fyrirvara, að leigan hækkaði um kr. 2.000.00 á mánuði, er tilteknar lagfæringar á húsnæðinu hefðu átt sér stað. Er ekki upplýst í málinu, að stefandi hefði getað fengið betri kjör við nýjan leigutaka, enda byggist rekstur hótelsins að mestu á starfrækslu þess yfir sumarmánuðina. Stefnandi varð því af leigugreiðslum, frá því stefndi hætti afnotum sínum eða frá 1. september 1954 til 30. apríl 1955. Varð tjón stefnanda af þeim sökum því kr. 30.500.00, og verður stefndi samkvæmt framansögðu dæmdur til að greiða honum þá fjárhæð með 6% ársvöxtum, er eftir atvikum þykir rétt að reikna frá 1. maí 1955.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.200.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bjarni Jóhannesson, greiði stefnanda, Hóteli Borgarness h.f., kr. 30.500.00 með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1955 til greiðludags og kr. 3.200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. desember 1958.

Nr. 167/1958. **Jóhanna Bjarney Júníusdóttir Rise** (Geir Hallgrímsson hrl.) gegn **Guðmundi Jónassyni og Þórunni Tómasdóttur** (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Synjað kröfu um töku barns úr fóstri.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1958 og krafizt þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir fógeta að taka barn hennar, Kolbrúnu Þórunni, af stefndu og fá henni umráð þess. Hún krefst og, að stefndu verði dæmt að greiða henni in solidum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Því hefur verið lýst hér fyrir dómi, að áfrýjandi, sem gift er bandarískum atvinnuhermanni, hafi öðlazt bandarískt ríkisfang. Eigi hefur verið borið undir Dómmálaráðuneyti, hvort hinar breyttu ástæður áfrýjanda skuli hafa áhrif á foreldravaldið yfir barninu Kolbrúnu Þórunni, sbr. 2. mgr. 78. gr. laga nr. 39/1921. Barnaverndarráð hefur í umsögn 3. október þ. á lagt eindregið til, að Kolbrún Þórunn verði látin dveljast fyrst og sinn hjá ömmu sinni, stefndu Þórunni Tómasdóttur. Með tilvísun til atriða þessara þykja eigi vera efni til að svo stöddu að taka kröfu áfrýjanda í málinu til greina. Ber því að staðfesta úrskurð fógeta.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Árnessýslu 1. nóvember 1958.

Ár 1958, laugardaginn 1. nóvember, var í fógetadómi Árnessýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Selfossi af hinum reglulega fógeta, Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. 4/1957: Jóhanna Bjarney Júníusdóttir Rise gegn Þórunni Tómasdóttur og Guðmundi Jónassyni.

Mál þetta var tekið til úrskurðar eftir munnlegan flutning þess hinn 18. október s.l. Gerðarbeiðandi, Jóhanna Bjarney Júníusdóttir Rise, Birkiteig 14 í Keflavík, krefst þess, að henni verði með beinni fógetagerð fengin umráð dóttur hennar, Kolbrúnar Þórunnar Guðmundsdóttur, sem dvelur hjá föðurömmu sinni, Þórunni Tómasdóttur, Garðhúsum á Stokkseyri. Jafnframt er gerðinni beint að föður barnsins, Guðmundi Jónassyni, Njálsgötu 52 A í Reykjavík. Þá krefst gerðarbeiðandi einnig málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþolar krefjast þess, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar og að gerðarbeiðandi verði dæmd til greiðslu málskostnaðar.

Málsatvik eru þau, að gerðarbeiðandi og gerðarþoli Guðmundur Jónasson stofnuðu til hjúskapar á árinu 1950, en höfðu þá búið saman um hríð. Hinn 30. desember 1950 fæddist þeim dóttir, sem hlaut nafnið Kolbrún Þórunn. Hjónin bjuggu næstu ár á nokkrum stöðum í Reykjavík, að því er virðist við lélegan húsakost. Þau virðist hafa slitið samvistum á árinu 1954, og fylgdi barnið Kolbrún Þórunn þá móður sinni, unz það varð að samkomulagi með þeim hjónunum haustið 1955 að koma barninu til dvalar hjá móður Guðmundar, gerðarþola Þórunni Tómasdótur, sem þá bjó og býr enn í Garðhúsum á Stokkseyri.

Hinn 22. desember 1955 veitti dómsmálaráðuneytið þeim gerðarbeiðanda og gerðarþola Guðmundi leyfi til lögskilnaðar. Sótti maðurinn um skilnaðinn vegna hjúskaparbrots konunnar, en hún viðurkenndi brotið. Ákveðið var, að gerðarbeiðandi hefði forræði einkadóttur þeirra, Kolbrúnar Þórunnar, en engin breyting varð við það á dvalarstað barnsins. Hinn 14. febrúar 1956 giftist gerðarbeiðandi varnarliðsmanninum Richard Rise og fluttist með honum vestur um haf 8. apríl sama ár. Um sumarið

1956 virðast þau hjónin, gerðarbeiðandi og eiginmaður hennar, hafa leitað upplýsinga um hvaða formsatriðium þyrfti að fullnægja til þess að barnið fengi að flytjast til Bandaríkjanna til þeirra og í ársbyrjun 1957 virðast þau hafa sótt til yfirvalda í Bandaríkjunum um nauðsynlegt leyfi til þess að barnið fengi að fara þangað. Svo virðist, að þau leyfi hefðu getað fengizt á miðju því ári. Gerðarbeiðandi kom síðan hingað itl lands í ágústbyrjun 1957 til þess að sækja barnið.

Gerðarþoli Guðmundur virðist hafa eindregið lagzt gegn því að barnið yrði afhent gerðarbeiðanda, og gerðarþoli Þórunn neitaði að afhenda það.

Með bréfi, dagsettu 8. ágúst 1957, fór gerðarbeiðandi þess þá á leit, að barnið yrði tekið úr umsjá gerðarþola Þórunnar og afhent henni með beinni fógetagerð.

Málið var sent Barnaverndarráði Íslands til umsagnar hinn 14. ágúst 1957. Í umsögn ráðsins, sem er dagsett 19. september 1957, segir svo: „Ráðið hefur kynnt sér mál þetta og telur rétt, að Kolbrún Þórunn Guðmundsdóttir dveljist áfram hjá Þórunni Tómasdótur, ömmu sinni, og verði ekki skipt um dvalarstað Kolbrúnar án samþykkis ráðsins."

Gerðarbeiðandi og eiginmaður hennar fluttu hingað til lands, að því er virðist í byrjun marzmánaðar 1958, og stofnuðu heimili að Kirkjuvegi 36 í Keflavík, en maðurinn er í þjónustu varnarliðs Bandaríkjanna hér á landi. Barnaverndarnefnd Keflavíkur skoðaði heimili þeirra nokkru síðar, og segir svo í vottorði nefndarinnar, dagsettu 8. apríl 1958: „Heimilið er snyrtilegt og hreinlegt, en ekki ríkmannlegt, enda eru þau hjónin nýkomin frá Bandaríkjunum og hafa lítið fengið sér af húsgögnum ennþá. Íbúðin er rúmgóð og björt, tvær stórar stofur, svefnherbergi og eldhús. Þau hjónin eru reglusöm og samkvæmt eigin umsögn neytir hvorugt ánfengis."

Í sambandi við beiðni eiginmanns gerðarbeiðanda um að fá heimild til þess að ættleiða son gerðarbeiðanda, fæddan á árinu 1946, segir barnaverndarnefnd Keflavíkur í öðru vottorði, dagsettu sama dag: „Nefndin hefur kynnt sér hag umsækjanda og komizt að raun um, að hann muni vel fær um að veita drengnum gott uppeldli og leggur því til, að leyfi til ættleiðingar verði honum veitt."

Málið var að nýju hinn 22. marz 1958 sent Barnaverndarráði til umsagnar. Ráðið kynnti sér málið rækilega, rannsakaði aðstæður og ræddi við alla aðilja. Þann 11. júní 1958 var gerð

svohljóðandi samþykkt á fundi ráðsins: „Barnaverndarráð samþykkir, að Kolbrún Guðmundsdóttir fari til móður sinnar, svo framarlega að það getur orðið án þvingunar fyrir hana. — Til þess að svo megi verða, telur ráðið nauðsynlegt, að nú þegar sé unnið að endurnýjuðum kynnum móður og barns, t. d. með gagnkvæmum heimsóknum, enda sé fullnaðarúrskurður ekki felldur í málinu fyrr en ráðið telur sig hafa glögga hugmynd um, hvert verði muni samband þeirra."

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og milligöngu Barnaverndarráðs, tókst ekki að ná neinu samkomulagi um samskipti gerðarbeiðanda og barnsins og heimsóknir til barnsins höfðu ekki æskilegan árangur.

Barnaverndarráð leitaði álits skólanefndar Stokkseyrarhrepps, og segir svo í skýrslu nefndarinnar, dagsettri 9. september 1958: „Skólaefndin hefur kynnt sér aðstæður Þórunnar Tómasdóttur til að fóstra sonurdóttur sína. Eftir þá athugun telur nefndin, að barninu líði mjög vel hjá ömmu sinni. Allur aðbúnaður í bezta lagi, reglusemi, hreinlæti og gott atlæti og hverskonar móðurleg umhyggja er henni veitt. — Telpan hefur notið svo mikils ástríkis og umönnunar á heimili ömmu sinnar þau þrjú ár bernskunnar, sem hún hefur dvalizt þar, sem bezt sýnir í þeim þroska, sem hún hefur öðlazt til líkama ag sálar. Lestrarnám sækist henni vel og prúð er hún í skólanum. Telpan er vel klædd og frjálsleg í fasi, enda er sýnilegt, að barnið skortir ekkert það, sem börnum á þessum aldri er nauðsynlegt og hollt til þroska. — Þeir, sem þekkja Þórunni Tómasdóttur bezt, telja hana merkiskonu, sem óhætt er að treysta og trúa fyrir barni. Þó húsakynni séu ekki stór í Garðhúsum, er birta og ylur kringum barnið. Þórunn Tómasdóttir er vel gefin og þrekmikil kona og mun ekki liggja á liði sínu að hlynna að litlu telpunni, sem má ekki af ömmu sinni sjá. — Skólanefndin telur eftir ýtarlega athugun mjög vafasamt að jafn skýrt og tilfinningaríkt barn, sem Kolbrún litla er, myndi þola það að vera flutt nauðug burt úr þessu góða skjóli."

Hinn 3. október 1958 gaf Barnaverndarráð síðan álit sitt í málinu, og segir þar á þessa leið: „Skemmst er af því að segja, að allar tilraunir til þess að koma nánu sambandi milli móður og barns hafa mistekizt. Ráðið hefur gert sér far um að kynnast sem bezt hugsun, tilfinningum og vilja barnsins sjálfs og hefur komizt að raun um, að það elur með sér mikinn ótta við að verða tekið frá ömmu sinni og flutt til móður sinnar og

manns hennar. Magnaðist þessi ótti við tilraun þá, sem móðir hennar gerði í sumar til þess að nema hana á brott í bíl með sér. Þykir ráðinu sennilegt, að ótti Kolbrúnar eigi einnig rót sína að rekja til minningar hennar frá þeim tíma, er hún dvaldist með móður sinni, þegar heimili hennar var í upplausn og óreiðu og erlendir menn voru þar tíðir gestir. — Það er þó skoðun ráðsins, að góð kynni geti tekizt með þeim mæðgum með tímanum, ef Kolbrún þarf ekki framar að óttast, að móðir hennar heimti hana til sín, enda virðist Kolbrún bera hlýjan hug til móður sinnar, þótt hún vilji ekki flytjast til hennar. Komi það í ljós með tíð og tíma, að Kolbrún vilji fara til móður sinnar óþvingað og fúslega, sér ráðið ekkert því til fyrirstöðu. — Með hliðsjón af framansögðu leggur Barnaverndarráð eindregið til, að barnið Kolbrún Guðmundsdóttir hafi fyrst um sinn dvalarstað hjá ömmu sinni, Þórunni Tómasdóttur á Stokkseyri, og sé ekki flutt þaðan án vitundar og samþykkis Barnaverndarráðs."

Eiginmaður gerðarbeiðanda mun hafa sótt um leyfi til að ættleiða barnið. Í því sambandi segir í vottorði barnaverndarnefndar Keflavíkur frá 2. október 1958 á þessa leið: „Samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér, vottar hún, að umsækjandi er í alla staði heiðvirður, vandaður og reglusamur maður og heimilishagur þeirra hjóna með ágætum."

Gerðarþoli Þórunn Tómasdóttir er ekkja, fædd 20. júlí 1889. Hún hefur fyrir fógetadóminum lýst yfir því, að hún sé reiðubúin, á meðan henni endist líf og heilsa, til þess að fóstra Kolbrúnu Þórunni.

Kröfur sínar í máli þessu byggir gerðarbeiðandi á því, að með lögskilnaðarleyfi hennar og gerðarþola Guðmundar Jónassonar hafi henni verið fengið forræði barnsins. Hún ráði því persónulegum högum þess samkvæmt ákvæðum 1. mgr. sbr. niðurlag 2. mgr. 22. gr. laga nr. 95/1947. Barninu hafi verið komið til gerðarþola Þórunnar aðeins til skammrar dvalar og gerðarþolum hafi báðum verið kunnugt um, að hún ætlaði að taka barnið til sín, eins fljótt og hún gæti. Hún hafi bæði aðstæður og vilja til að veita barninu gott uppeldi og eiginmaður hennar sé því algerlega sammála, að hún taki barnið til þeirra og sé reiðubúinn að ættleiða það.

Gerðarþolar byggja kröfur sínar á því, að ófært sé að taka barnið nauðugt frá ömmu sinni, sem hafi alið það upp um langt skeið og hafi bæði vilja og heilsu til að láta fara vel um

það. Brotttaka barnsins mundi hafa stórskaðleg áhrif á sálarlíf þess. Hafa gerðarþolar í því sambandi bent á ákvæði 23. gr. lögræðislaganna. Þá hafa gerðarþolar vefengt, að gerðarbeiðandi geti veitt barninu svo gott uppeldi sem æskilegt væri.

Fógetadómurinn telur ljóst, að gerðarbeiðandi hafi að lögum forræði barnsins og ekki verður annað séð en að hún og eiginmaður hennar hafi aðstæður til að veita barninu gott uppeldi. Þegar hins vegar er virt álit Barnaverndarráðs frá 3. október 1958, verður að telja, að það kunni að hafa óheppileg áhrif á sálarlíf barnsins að taka það nauðugt frá ömmu sinni, gerðarþola Þórunni. Þykir því ekki rétt að taka barnið frá henni með beinni fógetagerð, enda fram komið í málinu, að hún hefur enn bæði getu og vilja til að ala barnið vel upp.

Samkvæmt þessu verður synjað um framgang hinnar umbeðnu fógetagerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fógetagerð skal ekki fara fram. — Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. desember 1958.

Nr. 102/1957. **Skarphéðinn Jóhannsson**
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík, f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi felllur niður.

Áfrýjandi, Skarphéðinn Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 19. desember 1958.

Nr. 84/1958. **Helgi Benediktsson**
gegn
Almennum Tryggingum h/f

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi felllur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 19. desember 1958.

Nr. 169/1958. **Árnason, Pálsson & Co. h/f**
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík, f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 1500.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.
